— fyrir skráartengingar,

27. „innlestur“: ferlið þar sem samansöfnuðum gögnum er breytt þannig að þau eru færð í tölvulesanlegt form,

28. „skráarritfærsla“: ferli þar sem farið er yfir gagnaskrár og þeim breytt til að gera þær tækar um leið og stærstu hlutar þessara skráa eru varðveittir,

29. „tegund heimilis“: auðkenning einkaheimilis samkvæmt hugtakinu heimilisstaður eins og það er skilgreint í viðauka við reglugerð (EB) nr. 1201/2009 undir efnisþættinum „Staða heimilis“,

30. „fjölskyldugerð“: auðkenning fjölskyldu byggð á upplýsingum um hvort einstaklingarnir búi á sama heimili en án upplýsinga um eða með ófullnægjandi upplýsingar um fjölskyldutengsl á milli þeirra. Hugtakið „fjölskylda“ er skilgreint sem „kjarnafjölskylda“ í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1201/2009 undir efnisþættinum „Fjölskyldustaða“,

31. „brottfall einingar“: engum gögnum hefur verið safnað frá hagskýrslueiningu sem er í rannsóknarþýðinu,

32. „brottfall einingar að hluta til“: engum gögnum hefur verið safnað um einn eða fleiri tilgreinda efnisþætti fyrir hagskýrslueiningu sem er í rannsóknarþýðinu, þó að hægt sé að safna gögnum um a.m.k. einn annan efnisþátt fyrir þá hagskýrslueiningu,

33. „eftirlit með upplýsingagjöf úr hagskýrslum“: aðferðir og ferli sem beitt er til að draga úr áhættu á birtingu upplýsinga um stakar hagskýrslueiningar þó að veittar séu eins miklar tölfræðilegar upplýsingar og hægt er,

34. „mat“: útreikningur á hagskýrslum eða áætlunum þar sem notast er við stærðfræðilegar formúlur og/eða reiknirit sem notað er á tiltæk gögn,

35. „frávíksstuðull“: staðalskekkja (kvaðratrót af dreifni metils) deilt með væntigildi metilsins,

36. „skekkja í forsendum líkana“: skekkja vegna undirliggjandi forsenda á mati, innbyggðrar óvissu eða ónákvæmra upplýsinga,

37. „skilgreining á gagnaskipan“: safn skipulagðra lýsigagna sem tengjast gagnasafni sem inniheldur upplýsingar um hvernig hugtök tengjast ráðstöfunum, viðmiðunum og eigindum ofurtenings (e. hypercube), ásamt upplýsingum um framlagningu gagna og tengdum lýsigögnum til útskýringar.

3. gr.

Lýsigögn og gæðaskýrslur

1. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins), ekki seinna en 31. mars 2014, um þær bakgrunnsupplýsingar sem tilgreindar eru í I. viðauka við þessa reglugerð og einnig gæðatengd gögn og lýsigögn sem tilgreind eru í II. og III. viðauka við þessa reglugerð, með tilliti til manntals og húsnæðistals fyrir viðmiðunarárið 2011 og gagna og lýsigagna sem send eru framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) eins og krafist er í reglugerð (ESB) nr. 519/2010.

2. Til að mæta kröfum 1. mgr. skulu aðildarríki meta þekju manntals og húsnæðistals síns fyrir viðmiðunarárið 2011 og meta tilreikninga og eyðingu gagnaskráa.

3. Reglugerð (EB) nr. 223/2009 ([1]) og skipan lýsigagna fyrir evrópska SDMX-sniðið (e. the Euro SDMX Metadata Structure) eins og hún er skilgreind í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2009/498/EB ([2]) um gerð og miðlun á viðmiðunarlýsigögnum (þ.m.t. gæði), skulu gilda í tengslum við þessa reglugerð.

([1]) Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 164.
([2]) Stjtíð. ESB L 168, 30.6.2009, bls. 50.

4. gr.

Gagnalindir

Í allar gagnalindir skal vera hægt að sækja upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að uppfylla kröfur reglugerðar (EB) nr. 763/2008, einkum til að:

— mæta þeim frumþáttum sem skráðir eru í i-lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 763/2008 og skilgreindir í 2.–6. mgr. 2. gr.,

— sýna markþýðið,

— virða viðeigandi tækniforskriftir sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1201/2009 og

— stuðla að afhendingu gagna fyrir áætlun um hagskýrslugögn sem sett er fram í reglugerð (ESB) nr. 519/2010.

5. gr.

Aðgangur að viðeigandi upplýsingum

Að beiðni framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins) skulu aðildarríki veita framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) aðgang að öllum upplýsingum sem skipta máli við mat á gæðum sendra gagna og lýsigagna, eins og krafist er í reglugerð (ESB) nr. 519/2010, að undanskildum sendingum á einstaklingsbundnum gögnum og trúnaðargögnum til framkvæmdastjórnarinnar og geymslu þeirra hjá henni.

6. gr.

Tæknilegt snið gagnasendinga

Það tæknilega snið, sem nota skal fyrir sendingar á gögnum og lýsigögnum fyrir viðmiðunarárið 2011, skal vera SDMX-snið (e. Statistical Data and Metadata eXchange). Aðildarríki skulu afhenda umbeðin gögn sem eru í samræmi við skilgreiningar gagnaskipana og tengdra tækniforskrifta sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) kveður á um. Aðildarríkin skulu geyma tilskilin gögn og lýsigögn til 1. janúar 2025 ef framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skyldi krefjast þeirra seinna.

7. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. desember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

Bakgrunnsupplýsingar

Uppbygging bakgrunnsupplýsinga um manntal og húsnæðistal sem gert er í aðildarríkjunum fyrir viðmiðunarárið 2011 samanstendur af eftirtöldum liðum:

1. YFIRLIT

1.1. **Lagalegur bakgrunnur**

1.2. **Aðilar sem bera ábyrgð**

1.3. **Tilvísanir í önnur viðeigandi skjöl (t.d. innlendar gæðaskýrslur) (valkvætt)**

2. GAGNALINDIR ([1])

2.1. **Flokkun gagnalinda skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 763/2008**

2.2. **Skrá yfir gagnalindir sem notaðar eru fyrir manntalið 2011** ([2])

2.3. **Tafla „gagnalindir x efnisþættir“**

2.4. **Að hve miklu leyti gagnalindirnar mæta frumþáttunum (4. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 763/2008)**

2.4.1. *Talning einstaklinga*

2.4.2. *Framkvæmt samtímis*

2.4.3. *Einsleitur háttur innan skilgreinds yfirráðasvæðis*

2.4.4. *Tiltækileiki gagna á litlum svæðum*

2.4.5. Skilgreind tíðni

3. ENDINGARTÍMI MANNTALS

3.1. **Viðmiðunardagsetning skv. 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 763/2008**

3.2. **Undirbúningur og framkvæmd gagnaöflunar**

3.2.1. *Gögn byggð á spurningalistum*

3.2.1.1. Hönnun og prófun á spurningalistum (þ.m.t. afrit af öllum endanlegum spurningalistum)

3.2.1.2. Gerð skráa yfir heimilisföng, undirbúningur vettvangsrannsókna, kortlagning, kynning

3.2.1.3. Gagnaöflun (þ.m.t. vettvangsrannsóknir)

3.2.2. *Gögn byggð á skrám*

3.2.2.1. Gerð nýrra skráa frá og með árinu 2001 (eftir atvikum)

3.2.2.2. Breytingar á skrám sem hafa verið til frá árinu 2001 (þ.m.t. breytingar á efni skráa, aðlögun á rannsóknarþýðinu, aðlögun á skilgreiningum og/eða tækniforskriftum) (eftir atvikum)

3.2.2.3. Viðhald á skrám (fyrir hverja skrá sem notuð var fyrir manntalið 2011), þ.m.t.:

— efni skrárinnar (skráðar hagskýrslueiningar og upplýsingar um þær, allar skráarritfærslur og/eða tilreikningar á liðum í skránni)

— stjórnsýsluábyrgð

— lagaskylda til að skrá upplýsingar, hvati til að leggja fram réttar upplýsingar eða mögulegar ástæður fyrir að veita rangar upplýsingar

([1]) Skýrslugjöf fyrir 2. þátt verður að vera yfirgripsmikil og laus við skörun í þeim skilningi að aðeins sé hægt að ráðstafa hverjum efnisþætti til einnar gagnalindar.

([2]) Skráin hefur að geyma upplýsingar um nýju gagnalindina fyrir gagnalindir sem koma til vegna skráartenginga og einnig allar upprunalegar gagnalindir sem nýja gagnalindin er leidd af.

— tafir í skýrslugjöf, einkum lagalegar/opinberar tafir, tafir við gagnaskráningu, síðbúin skráning

— mat og heimildir fyrir því að skráning fari ekki fram, afskráning fari ekki fram eða margfaldri skráningu

— allar umtalsverðar endurskoðanir á skrám sem hafa áhrif á gögn úr manntalinu 2011, hversu oft skrár eru endurskoðaðar

— stöðugleiki (samanburðarhæfi upplýsinga um skráð þýði yfir lengri tíma) (valkvætt)

— notkun, þ.m.t. „önnur tölfræðileg notkun á skránni en fyrir manntalið“ og „önnur notkun á skránni en vegna hagskýrslugerðar (t.d. í þágu stjórnsýslunnar)“

3.2.2.4. Samsvörun skráa (þ.m.t. auðkenningarbreytur sem notaðar er fyrir skráartengingar)

3.2.2.5. Gagnaútdráttur

3.3. **Vinnsla og mat**

3.3.1. *Gagnavinnsla (þ.m.t. innlestur, kóðun, auðkenningarbreytur, skráarritfærslur, tilreikningar á skrám, skráareyðing, mat, skráartengingar, þ.m.t. auðkenningarbreytur sem eru notaðar fyrir skráartengingar, tegund heimilis og fjölskyldugerð)*

3.3.2. *Gæðamat og mat á þekju, kannanir eftir talningu (eftir atvikum), lokafullgilding gagna*

3.4. **Miðlun (miðlunarleiðir, trygging trúnaðarkvaða í hagskýrslum, þ.m.t. eftirlit með upplýsingagjöf úr hagskýrslum)**

3.5. **Ráðstafanir til að tryggja kostnaðarhagkvæmni**

II. VIÐAUKI

Gæðatengd gögn og lýsigögn

Gæðatengd gögn og lýsigögn um gagnalindir og efnisþætti samanstanda af eftirtöldum liðum:

1. MIKILVÆGI

1.1. Hentugleiki gagnalinda

Aðildarríki verða að gefa skýrslu um hentugleika gagnalinda og einkum greina frá áhrifum allra umtalsverðra frávika frá frumþáttum manntals og húsnæðistals og/eða frá þeim skilgreiningum og hugtökum sem krafist er, þar sem þetta dregur verulega úr fullnægjandi notkun sendra gagna.

1.2. **Heildstæðni**

Eftirtalin gögn verður að leggja fram fyrir:

— öll landfræðileg svæði á eftirtöldum þrepum: landsstigi, flokkun hagskýrslusvæða 1, flokkun hagskýrslusvæða 2,

— alla ofurteninga ([1]) og alla jaðardreifingu ([1]):

1) fjöldi allra sérstakra gilda í gagnareit „ekki fyrir hendi“,

2) fjöldi allra sérstakra gilda í gagnareit „ekki fyrir hendi“ merkt sem „óáreiðanleg“,

3) fjöldi allra sérstakra gilda í gagnareit „ekki fyrir hendi“ merkt sem „trúnaðarkvöð“,

4) fjöldi allra tölugilda í gagnareit merkt sem „óáreiðanleg“.

2. NÁKVÆMNI

Eftirfarandi upplýsingar:

verður að láta í té fyrir hverja gagnalind (liður 2.1.) og hvern efnisþátt (liður 2.2.) sem vísa til talninga á einstaklingum ([2]) og

má láta í té fyrir gagnalindir (liður 2.1.) og efnisþætti (liður 2.2.) sem vísa til talninga á öðrum hagskýrslueiningum en einstaklingum (valkvætt).

2.1. **Gagnalindir** ([3])

Gögnin, sem krafist er samkvæmt lið 2.1.1., verður að leggja fram fyrir öll landfræðileg svæði á eftirtöldum þrepum: landsstigi, flokkun hagskýrslusvæða 1, flokkun hagskýrslusvæða 2. Skýr-ingarlýsigögnin, sem krafist er samkvæmt lið 2.1.2., verður að leggja fram á landsstigi.

2.1.1. Gögn

1) Rannsóknarþýði: algildi og hundraðshluti af áætluðu markþýði.

2) Áætlað markþýði ([4]): algildi,

3) Vanþekja (áætluð): algildi og hundraðshluti af rannsóknarþýðinu.

4) Ofþekja (áætluð): algildi og hundraðshluti af rannsóknarþýðinu.

5) Fjöldi alls tilreiknings á skrám ([5]): algildi og hundraðshluti af rannsóknarþýðinu.

6) Fjöldi allra skráareyðinga ([6]): algildi og hundraðshluti af rannsóknarþýðinu.

7) Að auki fyrir úrtök: viðbótarsafn hagskýrslueininga ([7]): algildi.

8) Fjöldi skráa sem ekki eru tilreiknaðar í gagnalindinni fyrir hagskýrslueiningar sem tilheyra markþýðinu: algildi ([8]), hundraðshluti rannsóknarþýðisins ([8]), hundraðshluti áætlaðs markþýðis ([9]), og hundraðshluti allra skráa sem ekki eru tilreiknaðar í gagnalindina (fyrir alla eyðingu skráa) ([10]),

9) Að auki, fyrir gögn byggð á spurningalistum í gagnalindinni: ([11]) brottfall eininga (fyrir tilreikninga á skrám): algildi og hundraðshluti af rannsóknarþýðinu.

2.1.2. *Skýringarlýsigögn*

Skýringarlýsigögnin fela í sér lýsingu á:

— ferlinu til að meta vanþekju og ofþekju, þ.m.t. upplýsingar um gæði áætlana fyrir van- og ofþekju,

— öllum aðferðum sem notaðar eru til að tilreikna skrár eða eyða skrám fyrir hagskýrslueiningar,

— öllum aðferðum sem beitt er til að vega gagnaskrár fyrir hagskýrslueiningar,

— að auki fyrir gögn í gagnalindinni sem byggð eru á spurningalistum: ([11]) allar aðferðir til að greina og takmarka brottfall eininga eða aðrar aðferðir til að leiðrétta skekkjur.

2.2. **Efnisþættir**

Gögnin, sem krafist er samkvæmt lið 2.2.1., þarf að leggja fram fyrir öll landfræðileg svæði á eftirtöldum þrepum: landsstigi, flokkun hagskýrslusvæða 1, flokkun hagskýrslusvæða 2. Skýr-ingarlýsigögnin, sem krafist er samkvæmt lið 2.2.2., skal leggja fram á landsstigi.

2.2.1. *Gögn*

1) Rannsóknarþýði ([12]): algildi.

2) Fjöldi gagnaskráa ([13]) sem innihalda upplýsingar um efnisþáttinn: ekki vegið ([14]) algildi, ekki veginn ([14]) hundraðshluti rannsóknarþýðisins.

3) Fjöldi tilreiknaðra gagnaskráa ([13]), ([15]) sem innihalda upplýsingar um efnisþáttinn: ekki vegið ([14]) algildi, ekki veginn ([14]) hundraðshluti rannsóknarþýðisins.

4) Tilreikningur á liðum ([13]) ([15]) fyrir efnisþáttinn: ekki vegið ([14]) algildi, ekki veginn ([14]) hundraðshluti rannsóknarþýðisins.

5) Brottfall eininga að hluta til ([13]) (áður en gerðir eru tilreikningar á liðum) fyrir efnisþáttinn: ekki vegið ([14]) algildi, ekki veginn ([14]) hundraðshluti rannsóknarþýðisins.

6) Fjöldi athugana sem ekki eru tilreiknaðar í efnisþættinum: ([13]), ([16]) ekki vegið ([14]) algildi, ekki veginn ([14]) hundraðshluti rannsóknarþýðisins.

7) Send gögn ([17]) fyrir ofurteninginn sem settur er fram í töflunni í III. viðauka fyrir viðkomandi efnisþátt ([18]): algildi, hundraðshluti rannsóknarþýðisins.

8) Fjöldi gagnaskráa, sem ekki eru tilreiknaðar ([13]) og innihalda ótilreiknaðar upplýsingar um efnisþáttinn, sundurliðaðar samkvæmt ofurteningnum sem settur er fram í töflunni í III. viðauka fyrir viðkomandi efnisþátt ([18]): ekki vegið ([14]) algildi, ekki veginn ([14]) hundraðshluti rannsóknarþýðisins.

9) Að auki fyrir efnisþætti, sem upplýsingum hefur verið safnað um með úrtaki: frávikssstuðull ([19]) fyrir deildirnar í ofurteningnum sem skráðar eru í III. viðauka fyrir viðkomandi efnisþátt ([18]).

2.2.2. *Skýringarlýsigögn*

Skýringarlýsigögnin lýsa aðferðunum sem notaðar eru til að fjalla um brottfallslið fyrir viðkomandi efnisþátt.

Lýsigögnin skulu, fyrir efnisþætti sem upplýsingum hefur verið safnað um með úrtaki, einnig geyma lýsingu á:

— úrtakssniðinu,

— mögulegri bjögun í matinu vegna skekkju í forsendum líkana,

— formúlum og reikniritum sem notuð eru til að reikna út staðalskekkju.

3. TÍMANLEIKI OG RÉTT TÍMASETNING

Eftirfarandi upplýsingar skal leggja fram fyrir landsstigið:

1) Almanaksdags. gagnasendinga til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins), sundurliðaðar eftir ofurteningum ([1]).

2) Almanaksdags. umtalsverðra endurskoðana á gagnasendingum, sundurliðaðar eftir ofurteningum ([1]).

3) Almanaksdags. sendinga á lýsigögnum ([20]).

Aðildarríki verða að skýra framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) frá hverjum almanaksdögum sérstaklega innan einnar viku frá hverri umtalsverðu endurskoðun, ef um er að ræða umtalsverðar endurskoðanir frá og með 1. apríl 2014.

4. AÐGENGI OG SKÝRLEIKI (VALKVÆTT)

Aðildarríki mega greina frá skilyrðum um aðgang að gögnum og lýsigögnum sem þau gera aðgengileg úr manntali og húsnæðistali sínu fyrir 2011, þ.m.t. þau sem varða fjölmiðla, stuðning, gögn, stefnu í verðlagsmálum og/eða takmarkanir.

5. SAMANBURÐARHÆFI

Fyrir hvern efnisþátt skulu aðildarríki greina frá öllum skilgreiningum eða aðferðum í aðildarríkinu sem gætu dregið úr samanburðarhæfi gagnanna innan ESB.

6. SAMRÆMI

Fyrir hvern efnisþátt sem vísar til talninga á einstaklingum ([2]), skulu aðildarríki leggja fram meðal-tal raunfrávika ([21]) fyrir gildi gagnareita í ofurteningunum sem settir eru fram í III. viðauka ([18]).

([1]) Eins og skráð er í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 519/2010.

([2]) Efnisþættir eða gagnalindir til handa efnisþáttum fyrir hverja heildin, sem sýnd er í töflunni í III. viðauka, er heildarþýðið.

([3]) Skýrslugjöf fyrir gagnalindirnar verður að vera yfirgripsmikil og laus við skörun í þeim skilningi að aðeins sé hægt að ráðstafa hverjum efnisþætti til einnar gagnalindar sem veittar eru upplýsingar um í þessum þætti. Hafi skráartenging leitt til tilurðar á nýrri gagnalind verða aðildarríkin að meta nýju gagnalindina frekar en upprunalegu gagnalindirnar sem hin nýja er leidd af.

([4]) (1) + 3) – 4)), vísa til gagnanna í lið 2.1.1. í þessum viðauka, gefnum upp í algildum.

([5]) Allur tilreikningur á skrám eykur stærð rannsóknarþýðisins. Í gagnalind sem kemur til vegna skráartenginga þarf aðeins að telja skrárnar, sem hafa verið tilreiknaðar í einhverja af upprunalegu gagnalindunum og þannig aukið við stærð rannsóknarþýðisins, undir tilreiknaðar skrár í nýju gagnalindinni. Ef gagnaskrá er með vægi $w_{upprunaleg}$ stærri en 1, í því ferli að gera hagskýrslurnar sem krafist er fyrir markþýðið, skal telja hana sem tilreiknaða skrá með væginu $w_{tilreiknuð} = w_{upprunaleg} – 1$. Viðmiðunarofurteningurinn (e. reference hypercube) fyrir vægið $w_{upprunaleg}$ er sá sem skráður er á eftir töflunni í III. viðauka fyrir hagskýrslueiningarnar sem gagnalindin greinir frá.

([6]) Öll skráareyðing dregur úr stærð rannsóknarþýðisins. Í gagnalind sem kemur til vegna skráartenginga þarf aðeins að telja skrárnar, sem hafa verið tilreiknaðar í einhverja af upprunalegu gagnalindunum og þannig aukið við stærð rannsóknarþýðisins, undir tilreiknaðar skrár í nýju gagnalindinni.Ef gagnaskrá er með vægi $w_{upprunaleg}$ minni en 1, í því ferli að gera hagskýrslurnar sem krafist er fyrir markþýðið, skal telja hana sem eydda skrá með væginu $w_{eydd} = 1 – w_{upprunaleg}$. Viðmiðunarofurteningurinn (e. reference hypercube) fyrir vægið $w_{upprunaleg}$ er sá sem skráður er á eftir töflunni í III. viðauka fyrir hagskýrslueiningarnar sem gagnalindin greinir frá.

([7]) Hafi gagnalind að geyma, vegna aðferðafræðilegrar meginreglu, gagnaskrár einungis fyrir úrtak hagskýrslueininganna í áætluðu markþýði sínu, er stærð viðbótarsafns hagskýrslueininga reiknað út samkvæmt úrtakssniðinu.

([8]) (1) – 4) – 5) – 7)), vísa til gagnanna í lið 2.1.1. í þessum viðauka, gefin upp sem algildi, 100 * (1) – 4) – 5) – 7)) / 1) eftir því sem við á.
([9]) 100 * (1) – 4) – 5) – 7)) / (1) + 3) – 4)), vísa til gagnanna í lið 2.1.1. í þessum viðauka.
([10]) 100 * (1) – 4) – 5) – 7)) / (1) – 5) + 6) – 7)), vísa til gagnanna í lið 2.1.1. í þessum viðauka.
([11]) Í gagnalind, sem kemur til vegna skráartenginga fleiri en einnar gagnalinda sem byggðar eru á spurningalistum, þarf leggja fram upplýsingar um allar upprunalegar gagnalindir sem byggðar eru á spurningalistum.
([12]) Eins og fram kemur í lið 2.1.1. (1) í þessum viðauka fyrir gagnalindina þaðan sem manntalsupplýsingarnar um efnisþáttinn fyrir markþýðið eru fengnar.
([13]) Fyrir rannsóknarþýðið í gagnalindinni, þaðan sem manntalsupplýsingarnar um efnisþáttinn eru fengnar.
([14]) „Veginn“ merkir að nota skal vægið á gagnaskrárnar í tengslum við talninguna ef gagnaskrárnar eru vegnar í því ferli að gera hagskýrslurnar sem krafist er fyrir viðkomandi efnisþátt, „ekki veginn“ merkir að ekki skal nota vægið á gagnaskrárnar í tengslum við talninguna. Viðmiðunarofurteningarnir fyrir vægið eru þeir sem skráðir eru fyrir efnisþættina í töflunni í III. viðauka.
([15]) Tilreikningur á liðum hefur engin áhrif á stærð rannsóknarþýðisins. Fyrir efnisþátt sem tilheyrir gagnalind og kemur til vegna skráartenginga eru allar skrár, sem innihalda upplýsingar um þann efnisþátt vegna tilreikninga á skrám í hverri af upprunalegu gagnalindunum, taldar sem tilreikningur á skrám ef tilreikningurinn eykur stærð rannsóknarþýðisins og tilreikningur á liðum fyrir þann efnisþátt ef tilreikningurinn eykur ekki stærð rannsóknarþýðisins.
([16]) (2) – 3) – 4)), vísa til gagnanna í þætti 2.2.1. í þessum viðauka.
([17]) Gögnin sem eru send á grundvelli reglugerðar (ESB) nr. 519/2010 í ofurteninginn sem skráður er fyrir viðkomandi efnisþátt í töflunni í III. viðauka.
([18]) Landsvæðið, sem veita þarf upplýsingar um, er sýnt í töflunni í III. viðauka.
([19]) Hægt er að skipta frávikstuðlinum út fyrir sérstaka gildið „er ekki fyrir hendi“ þegar tölugildi gagnareits er lægra en 26.
([20]) Eins og skráð er í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 519/2010.
([21]) „Veginn“ merkir að nota skal vægið á gagnaskrárnar í tengslum við talninguna ef gagnaskrárnar eru vegnar í því ferli að gera hagskýrslurnar sem krafist er fyrir viðkomandi efnisþátt, „ekki veginn“ merkir að ekki skal nota vægið á gagnaskrárnar í tengslum við talninguna. Viðmiðunarofurteningarnir fyrir vægið eru þeir sem skráðir eru fyrir efnisþættina í töflunni í III. viðauka.

III. VIÐAUKI

Töfluþversnið fyrir gæðamatið

Leggja skal fram eftirfarandi gögn fyrir ofurteningana sem settir eru fram hér á eftir:

— alla efnisþætti sem krafist er í 7. og 8. undirlið í lið 2.2.1. í II. viðauka,

— efnisþættina sem upplýsingum hefur verið safnað um með úrtaki, eins og krafist er í 9. undirlið í lið 2.2.1. í II. viðauka og

— samræmi milli ofurteninganna ([1]) eins og krafist er í 6. lið II. viðauka.

Efnisþættir	Númer viðmiðunarofurtenings (*), (**)	Töfluþversnið fyrir gæðamatið	
		Samtala	Sundurliðun (***)
Kyn, aldur	42	Heildarmannfjöldi	GEO.L. SEX. AGE.H.
Núverandi atvinnustaða	18	Heildarmannfjöldi	GEO.L. SEX. AGE.M. CAS.L.
Staðsetning vinnustaðar	22	Heildarmannfjöldi	LPW.L. SEX. AGE.M.
Staður	4	Heildarmannfjöldi	GEO.L. SEX. AGE.M. LOC.
Hjúskaparstaða að lögum	18	Heildarmannfjöldi	GEO.L. SEX. AGE.M. LMS.
Starf	13	Heildarmannfjöldi	GEO.L. SEX. AGE.M. OCC.
Atvinnugrein	14	Heildarmannfjöldi	GEO.L. SEX. AGE.M. IND.H.
Staða á vinnumarkaði	12	Heildarmannfjöldi	GEO.L. SEX. AGE.M. SIE.
Menntunarstig	14	Heildarmannfjöldi	GEO.L. SEX. AGE.M. EDU.
Fæðingarland/-staður	45	Heildarmannfjöldi	GEO.L. SEX. AGE.M. POB.M.
	26		GEO.N. SEX. AGE.M. POB.H.
Ríkisfang	45	Heildarmannfjöldi	GEO.L. SEX. AGE.M. COC.M.
	27		GEO.N. SEX. AGE.M. COC.H.
Komuár í land	25	Heildarmannfjöldi	GEO.L. SEX. AGE.M. YAE.L.
Vanalegur búsetustaður einu ári fyrir manntal	17	Heildarmannfjöldi	GEO.L. SEX. AGE.M. ROY.
Staða á heimili	1	Heildarmannfjöldi	GEO.L. SEX. AGE.M. HST.H.
Staða í fjölskyldu	6	Heildarmannfjöldi	GEO.L. SEX. AGE.M. FST.H.
Gerð kjarnafjölskyldu, stærð kjarnafjölskyldu (valfrjálst)	52	Fjöldi allra fjölskyldna	GEO.L. TFN.H. SFN.H.
Gerð einkaheimilis, stærð einkaheimilis (valfrjálst)	5	Fjöldi allra einkaheimila	GEO.L. TPH.H. SPH.H.
Umráð húsnæðis (valfrjálst)	5	Fjöldi allra einkaheimila	GEO.L. TSH. SPH.H.
Húsnæðiskostur	38	Heildarmannfjöldi	GEO.L. SEX. AGE.M. HAR.L.
Gerð híbýla (valfrjálst)	59	Fjöldi allra vistarvera	GEO.L. TLQ.
Nýting íbúðarhúsnæðis (valfrjálst)	53	Fjöldi alls hefðbundins íbúðarhúsnæðis	GEO.L. OCS.

([1]) Eins og skráð er í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 519/2010.

Efnisþættir	Númer viðmiðunarofurteningsins (*), (**)	Töfluþversnið fyrir gæðamatið	
		Samtala	Sundurliðun (***)
Eignarhaldsform (valfrjálst)	41	Fjöldi alls hefðbundins íbúðarhúsnæðis í notkun	GEO.L. OWS.
Fjöldi íbúa, nýtanlegur gólffflötur og/eða fjöldi herbergja í íbúð (valfrjálst)	41	Fjöldi alls hefðbundins íbúðarhúsnæðis í notkun	GEO.L. NOC.H. (UFS. eða NOR.)
Fjöldi íbúa, þéttleiki byggðar (valfrjálst)	41	Fjöldi alls hefðbundins íbúðarhúsnæðis í notkun	GEO.L. NOC.H. (DFS. eða DRM.)
Vatnsveita (valfrjálst)	41	Fjöldi alls hefðbundins íbúðarhúsnæðis í notkun	GEO.L. WSS.
Salernisaðstaða (valfrjálst)	41	Fjöldi alls hefðbundins íbúðarhúsnæðis í notkun	GEO.L. TOI.
Baðaðstaða (valfrjálst)	41	Fjöldi alls hefðbundins íbúðarhúsnæðis í notkun	GEO.L. BAT.
Upphitun (valfrjálst)	41	Fjöldi alls hefðbundins íbúðarhúsnæðis í notkun	GEO.L. TOH.
Húsnæði eftir tegund byggingar (valfrjálst)	53	Fjöldi alls hefðbundins íbúðarhúsnæðis	GEO.L. TOB.
Íbúðir eftir byggingartíma (valfrjálst)	53	Fjöldi alls hefðbundins íbúðarhúsnæðis	GEO.L. POC.

(*) Eins og skráð er í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 519/2010.
(**) Fyrir efnisþætti þar sem gagnaskrár eru vegnar í því ferli að gera hagskýrslurnar sem krafist er, skal vægið sem notað er fyrir viðmiðunarofurteninginn hér á eftir vera grunnurinn fyrir þau gæðatengdu gögn sem kveðið er á um í 7, 8 og 9. undirlið í lið 2.2.1. í II. viðauka.
(***) Kóðinn auðkennir hverja sundurliðun, eins og tilgreint er samkvæmt þessum kóða í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1201/2009.

Viðmiðunarofurteningarnir ([1]) fyrir vægið $w_{upprunaleg}$ sem um getur í 5. og 6. undirlið í lið 2.1.1. í II. viðauka eru:

— ofurteningur ([1]) nr. 42 fyrir einstaklinga ([2]),

— ofurteningur ([1]) nr. 52 fyrir fjölskyldur ([2]),

— ofurteningur ([1]) nr. 5 fyrir einkaheimili ([2]),

— ofurteningur ([1]) nr. 59 fyrir vistarverur ([2]),

— ofurteningur ([1]) nr. 53 fyrir hefðbundið íbúðarhúsnæði ([2]).

([1]) Eins og skráð er í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 519/2010.
([2]) Hagskýrslueiningar sem gagnalindin veitir upplýsingar um.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2016/EES/27/03**

frá 24. mars 2011

um breytingu á ákvörðun 2010/221/ESB að því er varðar samþykki fyrir landsráðstöfunum til að koma í veg fyrir að herpesveira 1 µvar í ostrum (OsHV-1 µvar) berist til tiltekinna svæða við Írland og í Breska konungsríkinu

(tilkynnt með númeri C(2011) 1825)

(2011/187/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum ([1]), einkum 2.mgr. 43. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/221/ESB frá 15. apríl 2010 um samþykki á landsráðstöfunum til að takmarka áhrif tiltekinna sjúkdóma í lagareldisdýrum og villtum lagardýrum í samræmi við 43. gr. tilskipunar ráðsins 2006/88/EB ([2]) er tilteknum aðildarríkjum heimilað að beita takmörkunum varðandi setningu á markað og innflutningstakmörkunum á sendingar af þessum dýrum til að koma í veg fyrir að tilteknir sjúkdómar berist til yfirráðasvæðis þeirra, að því tilskildu að þau hafi annaðhvort sýnt fram á að yfirráðasvæði þeirra, eða tiltekin afmörkuð svæði á yfirráðasvæði þeirra, séu laus við slíka sjúkdóma, eða komið á útrýmingaráætlun til að verða laus við slíka sjúkdóma.

2) Síðan 2008 hefur aukinnar dánartíðni hjá risaostrum (*Crassostrea gigas*) orðið vart á ýmsum svæðum á Írlandi, í Frakklandi og Bretlandi. Faraldsfræðilegar rannsóknir sem gerðar voru 2009 bentu til þess að nýlega uppgötvaður stofn ostruherpesveiru-1 (OsHV-1), nánar tiltekið OsHV-1 µvar, væri mikilvægur orsakaþáttur í auknu dánartíðninni.

3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 175/2010 frá 2. mars 2010 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2006/88/EB að því er varðar ráðstafanir til að hamla gegn aukinni dánartíðni hjá ostrum af tegundinni *Crassostrea gigas* í tengslum við greiningu herpesveiru 1 µvar í ostrum (OsHV-1 µvar) ([3]) var samþykkt með það að markmiði að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu OsHV-1 µvar. Með reglugerðinni voru innleiddar ráðstafanir til að hamla gegn útbreiðslu þess sjúkdóms og hún gildir til 30. apríl 2011.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) samþykkti 27. október 2010 vísindalegt álit um aukna dánartíðni hjá risaostrum, *Crassostrea gigas* ([4]) (álit Matvælaöryggisstofnunarinnar). Í því áliti komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að OsHV-1, bæði viðmiðunarstofninn og nýja µ afbrigðið (µvar), tengist hárri dánartíðni hjá lirfum og ungviði risaostra og að fyrirliggjandi vísbendingar bendi til þess að sýking af OsHV-1 sé nauðsynleg forsenda en nægi e.t.v. ekki í sjálfu sér því aðrir þættir virðast einnig hafa vægi. Í áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar er einnig komist að þeirri niðurstöðu að OsHV-1 µvar virðist vera ríkjandi veirustofninn í uppkomu aukinnar dánartíðni á árunum 2008–2010, þó það sé ekki ljóst hvort þetta er afleiðing aukinnar meinvirkni eða annarra faraldsfræðilegra þátta.

5) Árið 2010 komu Írland, Spánn, Holland og Bretland á fót áætlunum til snemmgreiningar á OsHV-1 µvar og beittu viðeigandi takmörkunum á tilflutningi sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) Nr. 175/2010. Niðurstöður úr eftirlitinu sem þau aðildarríki framkvæmdu innan ramma þeirra áætlana benda til þess að hlutar Sambandsins séu lausir við OsHV-1 µvar.

6) Írland og Bretland hafa lagt fyrir framkvæmdastjórnina eftirlitsáætlanir til samþykkis í samræmi við tilskipun 2006/88/EB. Með eftirlitsáætlununum er stefnt að því að sýna fram á að þau svæði þar sem OsHV-1 µvar hefur ekki greinst séu laus við þá veiru og að því að hindra að hún berist til þessara svæða.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 80, 26.3.2011, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 15, 15.3.2012, bls. 1.

([1]) Stjtíð. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14.

([2]) Stjtíð. ESB L 98, 20.4.2010, bls. 7.

([3]) Stjtíð. ESB L 52, 3.3.2010, bls. 1.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(11), 1894.

7) Samkvæmt eftirlitsáætlununum myndu Írland og Bretland beita grunnráðstöfunum til smitvarna gegn OsHV-1 µvar, sem samsvara þeim sem mælt er fyrir um í tilskipun 2006/88/EB, ásamt markvissu eftirliti. Þar að auki myndu þau setja takmarkanir á tilflutning á risaostrum inn á öll svæði sem falla undir eftirlitsáætlanirnar.

8) Þær takmarkanir á tilflutningi sem settar eru fram í eftirlitsáætlununum næðu eingöngu yfir risaostrur ætlaðar til eldis eða á umlagningarsvæði og í afgreiðslustöðvar, hreinsunarstöðvar eða áþekk fyrirtæki sem eru ekki búin frárennslishreinsunarkerfum sem draga úr áhættu á að sjúkdómar berist í náttúrulegt vatn þannig að viðunandi teljist.

9) Niðurstöðurnar úr áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar og faraldsfræðileg gögn frá 2010 benda til þess að útbreiðsla OsHV-1 µvar til veirulausra svæða leiði að öllum líkindum til aukinnar dánartíðni og þar af leiðandi mikils tjóns fyrir fyrirtæki í risaostrueldi.

10) Af þessum sökum þykir rétt að beita takmörkunum á tilflutning á risaostrum inn á svæði sem falla undir eftirlitsáætlanirnar, til að koma í veg fyrir að OsHV-1 µvar berist til þessara svæða. Til glöggvunar og einföldunar á löggjöf Sambandsins skal fella þær kröfur um setningu á markað sem við eiga inn í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1251/2008 frá 12. desember 2008 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2006/88/EB að því er varðar skilyrði og kröfur um útgáfu heilbrigðisvottorða við setningu lagareldisdýra og afurða þeirra á markað og innflutning þeirra í Bandalagið og um skrá yfir tegundir smitferja ([1]).

11) Því ber að samþykkja eftirlitsáætlanirnar.

12) Þar eð OsHV-1 µvar er nýtilkominn sjúkdómur, sem enn ríkir mikil óvissa um, skal endurmeta þær takmarkanir á tilflutningi sem settar eru fram í eftirlitsáætlununum, sem samþykktar eru með þessari ákvörðun, og endurmeta skal tímanlega hvort þær eru viðeigandi og nauðsynlegar. Því gilda kröfurnar varðandi setningu á markað, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, einungis í takmarkaðan tíma. Þar að auki skulu Írland og Bretland senda framkvæmdastjórninni ársskýrslur um framkvæmd þessara takmarkana á tilflutningi og eftirliti sem þeim tengist.

13) Leiki grunur á að OsHV-1 µvar sé að finna á svæðum, sem falla undir eftirlitsáætlanirnar, ber að rannsaka það og á meðan á rannsókn stendur skal beita takmörkunum á tilflutningi sem kveðið er á um í tilskipun 2006/88/EB til að vernda önnur aðildarríki sem samþykkt hafa landsráðstafanir að því er varðar OsHV-1 µvar. Auk þess skal tilkynna framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum um öll síðari sjúkdómstilfelli sem eru staðfest til að auðvelda endurmat á samþykktum landsráðstöfunum.

14) Því ber að breyta ákvörðun 2010/221/ESB til samræmis við það.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2010/221/ESB er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. gr. komi eftirfarandi:

„*1. gr.*

Efni og gildissvið

Með þessari ákvörðun eru samþykktar landsráðstafanirnar aðildarríkja, sem eru skráð í I., II. og III. viðauka við hana, til að takmarka áhrif og útbreiðslu tiltekinna sjúkdóma í lagareldisdýrum og villtum lagardýrum í samræmi við 2. mgr. 43. gr. tilskipunar 2006/88/EB.“

2. Eftirfarandi 3. gr. a bætist við:

„*3. gr. a*

Samþykki fyrir landsbundnum eftirlitsáætlunum varðandi ostruherpesveiru 1 µvar (OsHV-1 µvar)

1. Þær eftirlitsáætlanir varðandi ostruherpesveiru 1 µvar (OsHV-1 µvar), sem eru samþykktar af þeim aðildarríkjum sem eru skráð í annan dálk töflunnar í III. viðauka, að því er varðar þau svæði sem eru skráð í fjórða dálk töflunnar (eftirlitsáætlanir), eru samþykktar.

2. Á tímabili sem stendur til 30. apríl 2013 er þeim aðildarríkjum sem eru skráð í töfluna í III. viðauka heimilt að krefjast þess að eftirfarandi sendingar sem eru fluttar inn á svæði sem er skráð í fjórða dálk þessa viðauka uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) sendingar risaostra, sem senda á til eldis- eða umlagningarsvæða, þurfa að uppfylla kröfurnar varðandi setningu á markað sem mælt er fyrir um í 8. gr. a í reglugerð (EB) nr. 1251/2008,

([1]) Stjtíð. ESB L 337, 16.12.2008, bls. 41.

b) sendingar risaostra þurfa að uppfylla kröfurnar varðandi setningu á markað, sem mælt er fyrir um í 8. gr. b í reglugerð (EB) nr. 1251/2008, þegar senda á slíkar sendingar, fyrir neyslu, til afgreiðslustöðva, hreinsunarstöðva eða áþekkra fyrirtækja, sem búa ekki yfir frárennslishreinsunarkerfi sem lögbært yfirvald hefur vottað að:

i. geri hjúpaðar veirur óvirkar eða

ii. dragi svo að viðunandi teljist úr áhættu á því að sjúkdómar breiðist út í náttúrulegt vatn.“

3. Í stað 4. gr. komi eftirfarandi:

„4. gr.

Skýrslugjöf

1. Eigi síðar en 30. apríl ár hvert skulu aðildarríkin, sem eru skráð í I. og II. viðauka, leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um samþykktu landsráðstafanirnar sem um getur í 2. og 3. gr.

2. Eigi síðar en 31. desember ár hvert skulu aðildarríkin, sem eru skráð í III. viðauka, leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um samþykktu landsráðstafanirnar sem um getur í 3. gr. a.

3. Skýrslurnar, sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr., skulu a.m.k. innihalda uppfærðar upplýsingar um:

a) verulega áhættu sem sjúkdómarnir, sem falla undir landsráðstafanirnar, hafa í för með sér fyrir heilbrigðisástand lagareldisdýra eða villtra lagardýra og hvort þessar ráðstafanir séu nauðsynlegar og viðeigandi,

b) landsráðstafanir sem gerðar eru í því skyni að viðhalda sjúkdómslausri stöðu, þ.m.t. allar framkvæmdar prófanir, og veita skal upplýsingar varðandi slíkar prófanir með því að nota fyrirmynd að eyðublaði sem sett er fram í VI. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/177/EB (*),

c) þróun útrýmingar- eða eftirlitsáætlunarinnar, þ.m.t. allar framkvæmdar prófanir, og veita skal upplýsingar varðandi slíkar prófanir með því að nota fyrirmynd að eyðublaði sem sett er fram í VI. viðauka við ákvörðun 2009/177/EB.

(*) Stjtíð. ESB L 63, 7.3.2009, bls. 15.“

4. Eftirfarandi 5. gr. a bætist við:

„5. gr. a

Grunur um og greining á ostruherpesveiru1 µvar (OsHV-1 µvar) á svæðum með eftirlitsáætlanir

1. Ef grunsemdir vakna í aðildarríki, sem er skráð í III. viðauka, um að OsHV-1 µvar sé fyrir hendi á svæði, sem er skráð í fjórða dálk í þeim viðauka, skal aðildarríkið grípa til ráðstafana sem eru a.m.k. jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í 28. gr., 29. gr. (2., 3. og 4. mgr.) og 30. gr. tilskipunar 2006/88/EB.

2. Ef dýrafarsóttarrannsóknir staðfesta greiningu OsHV-1 µvar á svæðum sem um getur í 1. mgr. skal hlutaðeigandi aðildarríki upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um það og um allar ráðstafanir sem gripið er til í því skyni að stöðva útbreiðslu þessa sjúkdóms.“

5. Nýr III. viðauki bætist við og texti hans kemur fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. maí 2011.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. mars 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John DALLI

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

„*III. VIÐAUKI*

Aðildarríki og svæði þar sem í gildi eru eftirlitsáætlanir að því er varðar ostruherpesveiru 1 µvar (OsHV-1 µvar) og þar sem landsráðstafanir til að verjast þessum sjúkdómi hafa verið samþykktar í samræmi við 2. mgr. 43. gr. tilskipunar 2006/88/EB

Sjúkdómur	Aðildarríki	Kóði	Landfræðileg afmörkun svæða sem hafa innleitt samþykktar landsráðstafanir (aðildarríki, svæði og hólf)
Ostruherpesveira 1 µvar (OsHV-1 µvar)	Írland	IE	Hólf 1: Sheephaven Bay og Gweedore Bay. Hólf 2: Gweebara Bay. Hólf 3: Drumcliff Bay, Killala Bay, Broadhaven Bay og Blacksod Bay. Hólf 4: Ballinakill Bay og Streamstown Bay. Hólf 5: Bertraghboy Bay og Galway Bay. Hólf 6: Minni Shannon-ár og Poulnasharry Bay, Askeaton Bay og Ballylongford Bay. Hólf 7: Kenmare Bay. Hólf 8: Dunmanus Bay. Hólf 9: Kinsale Bay og Oysterhaven Bay.
	Breska konungsríkið	UK	Allt yfirráðasvæði Stóra-Bretlands að undanskildum Whitstable Bay, Kent. Allt yfirráðasvæði Norður-Írlands, að undanskildum Killough Bay, Lough Foyle og Carlingford Lough.“

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2016/EES/27/04**

frá 21. apríl 2009

um breytingu á ákvörðun 2007/131/EB um að heimila samræmda notkun í Bandalaginu á tíðnirófi fyrir þráðlausar sendingar að því er varðar búnað sem notast við ofurvíðbandstækni

(tilkynnt með númeri C(2009) 2787)

(2009/343/EB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 676/2002/EB frá 7. mars 2002 um regluramma um stefnu Evrópubandalagsins varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar (ákvörðun um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar) ([1]), einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/131/EB frá 21. febrúar 2007, um að heimila samræmda notkun í Bandalaginu á tíðnirófi fyrir þráðlausar sendingar að því er varðar búnað sem notast við ofurvíðbandstækni ([2]) samræmir tæknileg skilyrði fyrir þráðlausan fjarskiptabúnað sem notar ofurvíðbandstækni í Bandalaginu, tryggir að fjarskiptatíðnirófið (áður tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar) sé tiltækt í öllu Evrópubandalaginu samkvæmt samræmdum skilyrðum, afnemur hindranir fyrir upptöku ofurvíðbandstækni og skapar skilvirkan innri markað fyrir slík kerfi sem síðan fylgir stærðarhagkvæmni og ávinningur fyrir neytendur.

2) Örar breytingar á tækni og á notkun fjarskiptatíðnirófsins þurfa að endurspeglast á viðunandi hátt í reglusetningu um ofurvíðbandstækni, til þess að evrópskt samfélag njóti ávinnings af tilkomu nýjunga sem byggir á þessari tækni, um leið og komið er í veg fyrir að aðrir notendur tíðnirófs verði fyrir neikvæðum áhrifum. Því ber að breyta ákvörðun 2007/131/EB til samræmis við það.

3) Af þessum sökum gaf framkvæmdastjórnin Samtökum póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu frekara umboð samkvæmt ákvörðun nr. 676/2002/EB til að gera frekari samhæfisprófanir á ofurvíðbandstækni með þráðlausri fjarskiptaþjónustu.

4) Í skýrslum Samtaka póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu, sem lagðar voru fram sem svör við umboðinu, lögðu samtökin til við framkvæmdastjórnina að hún breytti vissum tæknilegum atriðum í ákvörðun 2007/131/EB.

5) Frekari prófanir Samtaka póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu skýrðu tæknileg skilyrði þar sem tilteknar mildandi aðferðir, einkum aðferð sem byggir á því að greina og forðast tíðnir sem þegar eru í notkun, *DAA-aðferð (e. detect and avoid*) og aðferð sem notast við lágt vinnuferli LDC-aðferð (e. *low duty cycle*), gera notkun ofurvíðbandsbúnaðar mögulega með hærri sendingarstyrk, en veita um leið jafngilda vernd og núverandi almenn mörk ofurvíðbands.

6) Prófanir Samtaka póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu sýndu einnig að unnt er að nota ofurvíðbandsbúnað við strangari skilyrði en almennu mörkin í ökutækjum og járnbrautarvögnum. Draga má úr slíkum skilyrðum svo lengi sem mildandi aðferðum, sem getið er hér að framan, er beitt varðandi ökutækin.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 105, 25.4.2009, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2011 frá 30. september 2011 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 65, 1.12.2011, bls. 8.

([1]) Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 55, 23.2.2007, bls. 33.

7) Myndkerfum til byggingarefnisgreiningar er hægt að beita á ýmsa nýstárlega vegu við að finna eða mynda pípulagnir, rafmagnsvíra og aðrar huldar lagnir í veggjum íbúðar- og viðskiptahúsnæðis. Sameiginleg skilyrði fyrir aðgangi búnaðar til byggingarefnisgreiningar að tíðnirófi ættu að styðja þau fyrirtæki sem óska eftir því að veita tengda faglega þjónustu með slíkum búnaði yfir landamæri í Bandalaginu.

8) Samtök póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu hafa tilkynnt framkvæmdastjórninni að vægari notkunarskilyrði en almennu mörkin séu möguleg fyrir byggingarefnisgreiningarkerfi vegna þess að starfræksluháttur þeirra, ásamt því hversu lítil útbreiðsla þeirra og virkni er, dregur enn frekar úr möguleikanum á skaðlegum truflunum á þráðlausri fjarskiptaþjónustu.

9) Tæknilegar prófanir Samtaka póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu á byggingarefnisgreiningarbúnaði samkvæmt umboði framkvæmdastjórnarinnar gerðu ráð fyrir notkun í mannvirkjum sem eru nægilega þétt og þykk til að gleypa flest merki sem myndkerfið sendir. Þessar samhæfisprófanir miðast m.a. við þá forsendu að byg gingarefnisgreiningarbúnaðurinn hætti sendingu innan 10 sekúndna frá því að venjuleg vinnsla hans er rofin. Ennfremur er gert ráð fyrir við athuganir á samanlögðum truflunum að hámarksþéttni verði 6,7 einingar byggingarefnisgreiningartækja á km^2, þó að selja megi byggingarefnisgreiningartæki sem neysluvöru.

10) Samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999 um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra ([3]) (R&TTE-tilskipunin), hefur framkvæmdastjórnin gefið evrópskum staðlastofnunum umboð (M/329 og M/407) til að setja samhæfða staðla sem taka til ofurvíðbandsbúnaðar sem viðurkenna á með þessari tilskipun og verða til þess að ganga megi út frá samræmi við kröfur hennar. Sem svar við umboði M/329 og M/407 frá EB, hefur Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu þróað samhæfðan staðal EN 302 065 um almennan ofurvíðbandsbúnað, samhæfðan staðal EN 302 500 um staðsetningarbúnað sem notar ofurvíðband og samhæfðan staðal EN 302 435 um byggingarefnisgreiningarbúnað.

11) Þessir samhæfðu staðlar lýsa í smáatriðum hvernig búnaður sem vinnur á tíðnisviðum sem úthlutað er með þessari ákvörðun skal starfa og hvernig unnt er að meta hvort þessi búnaður sé í samræmi við mörkin sem sett eru fram í samræmdu stöðlunum.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um fjarskiptatíðnirófið.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2007/131/EB er breytt sem hér segir:

1. Viðaukinn við þessa ákvörðun kemur í stað viðaukans við ákvörðun 2007/131/EB.

2. Eftirfarandi 10. og 11. liðir bætist við 2. gr.:

„10. „byggingarefnisgreining“: sviðstruflananemi sem er hannaður til að nema staðsetningu hluta innan byggingar eða að ákvarða efnislega eiginleika byggingarefnis,

11. „geislað út í loftið“: þeir hlutar merkisins sem sendir eru út með sértækri ofurvíðbandstækni sem hvorki hlífðarbúnaður né efnið sem er til rannsóknar gleypa.“

2. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 30. júní 2009.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. apríl 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Viviane REDING

framkvæmdastjóri.

([3]) Stjtíð. EB L 91, 7.4.1999, bls. 10.

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

Hámarksþéttni skilvirkrar, einsátta útgeislunar og viðeigandi mildandi aðferðir

1. **ALMENN NOTKUN OFURVÍÐBANDS**

1.1. ***Hámarksþéttni skilvirkrar, einsátta útgeislunar***

Tíðnisvið (GHz)	Hámarksmeðalþéttni skilvirkrar, einsátta útgeislunar (dBm/MHz)	Hámarkstoppþéttni skilvirkrar einsátta útgeislunar (dBm/50MHz)
Lægra en 1,6	–90,0	–50,0
1,6 til 2,7	–85,0	–45,0
27 til 34	–70,0	–36,0
3,4 til 3,8	–80,0	–40,0
3,8 til 4,2	–70,0	–30,0
4,2 til 4,8	–41,3 (fram til 31. desember 2010) –70,0 (frá 31. desember 2010)	0,0 (fram til 31. desember 2010) –30,0 (frá 31. desember 2010)
4,8 til 6,0	–70,0	–30,0
6,0 til 8,5	–41,3	0,0
8,5 til 10,6	–65,0	–25,0
Hærra en 10,6	–85,0	–45,0

1.2. ***Viðeigandi, mildandi aðferðir***

Einnig skal heimilt að búnaður sem notar ofurvíðbandstækni noti fjarskiptatíðnirófið með hærri mörk skilvirkrar, einsátta útgeislunar en tekið er fram í töflunni í lið 1.1 þegar frekari mildandi aðferðum er beitt eins og lýst er í viðeigandi samhæfðum stöðlum sem samþykktir eru samkvæmt tilskipun 1999/5/EB eða öðrum mildandi aðferðum með því skilyrði að a.m.k. jafngild vernd náist og sú sem mörkin í töflunni í lið 1.1 veita. Eftirfarandi mildandi aðferðir teljast veita slíka vernd:

1.2.1. *Mildandi aðferð sem notast við lágt vinnuferli LDC-aðferð (e. low duty cycle)*

Hámarksmeðalþéttni skilvirkrar, einsátta útgeislunar sem nemur – 41,3 dBm/MHz og hámarkstoppgildi skilvirkrar, einsátta útgeislunar sem nemur 0 dBm mælt í 50 MHz skal vera leyfilegt á tíðnisviðinu 3,1-4,8 GHz, svo fremi að beitt sé takmörkun á vinnuferli sem felur í sér að samtala allra sendra merkja sé lægri en 5% af hverri sekúndu og lægri en 0,5% af hverri klukkustund og svo fremi að hvert sent merki sé ekki lengra en 5 millisekúndur.

1.2.2. *Mildandi aðferð sem byggir á því að greina og forðast tíðnir sem þegar eru í notkun, DAA-aðferð (e. Detect and avoid)*

Hámarksmeðalþéttni skilvirkrar, einsátta útgeislunar sem nemur – 41,3 dBm/MHz og hámarkstoppgildi skilvirkrar, einsátta útgeislunar sem nemur 0 dBm mælt í 50 MHz skal vera leyfilegt á tíðnisviðunum 3,1-4,8 GHz og 8,5-9,0 GHz, svo fremi að beitt sé mildandi DAA-aðferð eins og lýst er í viðeigandi samhæfðum stöðlum sem samþykktir eru samkvæmt tilskipun 1999/5/EB.

1.3. ***Starfræksla búnaðar sem notar ofurvíðbandstækni í vélknúnum ökutækjum og járnbrautarvögnum***

Þrátt fyrir 3. gr. þessarar ákvörðunar, skal notkun ofurvíðbandsbúnaðar einnig heimiluð í bifreiðum og járnbrautarvögnum þegar hún er í samræmi við eftirfarandi breytur.

1.3.1. *Hámarksþéttni skilvirkrar, einsátta útgeislunar við notkun ofurvíðbandstækni í vélknúnum ökutækjum og járnbrautarvögnum.*

Heimila skal að búnaður sem notar ofurvíðbandstækni í vélknúnum ökutækjum og járnbrautarvögnum noti fjarskiptatíðnirófið með þeim mörkum skilvirkrar, einsátta útgeislunar sem gefin eru upp í lið 1.1 að því tilskildu að eftirfarandi breytur séu notaðar hvað varðar tíðnisviðin 4,2–4,8 GHz og 6,0–8,5 GHz :

Tíðnisvið (GHz)		Hámarksmeðalþéttni skilvirkrar, einsátta útgeislunar (dBm/MHz)
4,2 til 4,8	*fram til 31. desember 2010*	–41,3 að því tilskildu að notaðar séu aðferðir við að draga úr truflunum sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum sem samþykktir eru samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Þessar aðferðir kalla á stýringu á sendiafli upp á a.m.k. 12 dB. –53,3 (annars)
	frá 31. desember 2010	–70,0
6,0 til 8,5		–41,3 að því tilskildu að notaðar séu aðferðir við að draga úr truflunum sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum sem samþykktir eru samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Þessar aðferðir kalla á stýringu á sendiafli upp á a.m.k. 12 dB. –53,3 (annars)

1.3.2. *Viðeigandi mildandi aðferðir í vélknúnum ökutækjum og járnbrautarvögnum*

Starfræksla búnaðar sem notar ofurvíðbandstækni í vélknúnum ökutækjum og járnbrautarvögnum skal einnig leyfð með öðrum mörkum skilvirkrar, einsátta útgeislunar en nefnd eru í lið 1.3.1, þegar frekari mildandi aðferðum er beitt eins og lýst er í viðeigandi samhæfðum stöðlum sem samþykktir eru samkvæmt tilskipun 1999/5/EB, eða öðrum mildandi aðferðum með því skilyrði að a.m.k. jafngild vernd náist og sú sem mörkin í fyrri töflum veita. Eftirfarandi mildandi aðferðir teljast veita slíka vernd:

1.3.2.1. Mildandi aðferð sem notast við lágt vinnuferli LDC-aðferð (e. low duty cycle)

Starfræksla búnaðar sem notar ofurvíðbandstækni í vélknúnum ökutækjum og járnbrautarvögnum og beitir mildandi LDC- aðferðinni á 3,1-4,8 GHz tíðnisviðinu eins og lýst er í lið 1.2.1, skal leyfð með sömu mörkum skilvirkrar, einsátta útgeislunar og nefnd eru í lið 1.2.1. Mörk skilvirkrar, einsátta útgeislunar sem nefnd eru í lið 1.1 skulu gilda um önnur tíðnisvið.

1.3.2.2. Mildandi aðferð sem byggir á því að greina og forðast tíðnir sem þegar eru í notkun, DAA-aðferð (e. Detect and avoid)

Starfræksla búnaðar sem notar ofurvíðbandstækni í bifreiðum og járnbrautarvögnum og beitir mildandi DAA-aðferðinni á 3,1-4,8 GHz og 8,5-9,0 GHz tíðnisviðunum skal leyfð með skilvirkri einsátta útgeislun sem nemur – 41,3 dBm/MHz að því tilskildu að notaðar séu aðferðir til að draga úr truflun sem eru a.m.k. jafnáhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum sem samþykktir eru samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Þessar aðferðir kalla á stýringu á sendiafli upp á a.m.k. 12 dB. Í öðrum tilvikum gilda mörk skilvirkrar einsátta útgeislunar sem nema – 53,3 dBm/MHz.

2. SÉRTÆK NOTKUN OFURVÍÐBANDS

Merki, sem er geislað út í loftið og fara ekki yfir mörkin í töflunni hér að neðan, skulu leyfð.

2.1. ***Byggingarefnisgreining***

Tíðnisvið (MHz)	Hámarksmeðalþéttni skilvirkrar, einsátta útgeislunar (dBm/MHz)	Hámarkstoppþéttni skilvirkrar einsátta útgeislunar (dBm/50 MHz)
Lægra en 1730	–85	–45
1730 til 2200	–65	–25

Tíðnisvið (MHz)	Hámarksmeðalþéttni skilvirkrar, einsátta útgeislunar (dBm/MHz)	Hámarkstoppþéttni skilvirkrar einsátta útgeislunar (dBm/50 MHz)
2200 til 2500	–50	–10
2500 til 2690	–65	–25
2690 til 2700	–55	–15
2700 til 3400	–82	–42
3400 til 4800	–50	–10
4800 til 5000	–55	–15
5000 til 8000	–50	–10
8000 til 8500	–70	–30
Hærra en 8500	–85	–45

Starfræksla byggingarefnisgreiningarbúnaðar sem notar mildandi aðferðir sem eru a.m.k. jafnáhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í viðkomandi samhæfðum stöðlum sem samþykktir eru samkvæmt tilskipun 1999/5/EB, skal leyfð á tíðnisviðunum 1,215 til 1,73 GHz, með hámarksmeðalþéttni skilvirkrar einsátta útgeislunar sem nemur – 70 dBm/MHz, og á tíðnisviðunum 2,5 til 2,69 GHz og 2,7 til 3,4 GHz með hámarksmeðalþéttni skilvirkrar einsátta útgeislunar sem nemur – 50 dBm/MHz með því skilyrði að a.m.k. jafngild vernd náist og sú sem mörkin í töflunni hér að framan veita.

Í því skyni að vernda útvarpsstjörnufræðiþjónustu á tíðnisviðinu 2,69 GHz til 2,70 GHz og á tíðnisviðinu 4,8 til 5 GHz þarf heildarþéttni útgeislaðs afls að vera undir – 65 dBm/MHz eins og lýst er í viðeigandi samhæfðum stöðlum sem samþykktir eru skv. tilskipun 1999/5/EB.“

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2016/EES/27/05**

frá 13. maí 2009

um breytingu á ákvörðun 2006/771/EB um samhæfingu tíðnirófsins fyrir þráðlausar sendingar til notkunar fyrir skammdrægan búnað

(tilkynnt með númeri C(2009) 3710)

(2009/381/EB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 676/2002/EB frá 7. mars 2002 um regluramma um stefnu Evrópubandalagsins varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar (ákvörðun um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar) ([1]), einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/771/EB ([2]) samhæfir tækniskilyrðin fyrir tíðnirófsnotkun ýmiss konar skammdrægs búnaðar, þ.m.t. viðvörunarbúnaðar, staðbundins fjarskiptabúnaðar, dyraopnara og læknisfræðilegra ígræða. Skammdrægur búnaður er yfirleitt fjöldaframleidd og/eða færanleg vara sem auðvelt er að taka með sér og nota yfir landamæri, mismunur á skilyrðum fyrir aðgangi að tíðnirófi hindrar því frjálsa för hans, eykur framleiðslukostnað og skapar hættu á skaðlegum truflunum gagnvart öðrum búnaði og þjónustu sem notar fjarskiptatíðni.

2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/432/EB ([3]) breytti samhæfðum tækniskilyrðum fyrir skammdrægan búnað sem fjallað er um í ákvörðun 2006/771/EB með því að skipta út viðauka hennar.

3) Þó er hugsanlegt, að vegna örra tæknilegra breytinga og krafna frá samfélaginu komi nýir notkunarmöguleikar fyrir skammdrægan búnað fram á sjónarsviðið, sem hafi það í för með sér að uppfæra þurfi skilyrðin fyrir samhæfingu tíðnisviða reglulega.

4) Hinn 5. júlí 2006 gaf framkvæmdastjórnin út varanlegt umboð ([4]) til Samtaka póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu (CEPT) skv. 2. mgr. 4. gr. ákvörðunar nr. 676/2002/EB, til að uppfæra viðaukann við ákvörðun 2006/771/EB til að bregðast við tækni- og markaðsþróun á sviði skammdrægs búnaðar.

5) Í skýrslu sinni frá nóvember 2008 ([5]) sem lögð var fram sem svar við því umboði, ráðlögðu Samtök póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu framkvæmdastjórninni að breyta nokkrum tæknilegum atriðum í viðaukanum við ákvörðun 2006/771/EB.

6) Því ber að breyta ákvörðun 2006/771/EB til samræmis við það.

7) Búnaður sem starfar innan þeirra skilyrða sem sett eru með þessari ákvörðun skal einnig vera í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999 um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra ([6]) til þess að tryggja skilvirka notkun tíðnirófs og til þess að komast hjá skaðlegum truflunum, annað hvort með því að vera í samræmi við samhæfða staðla eða með því að fullnægja öðrum samræmismatsaðferðum.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um fjarskiptatíðniróf.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukinn við þessa ákvörðun kemur í stað viðaukans við ákvörðun 2006/771/EB.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. maí 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Viviane REDING

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 119, 14.5.2009, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2011 frá 30. september 2011 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 65, 1.12.2011, bls. 8.

([1]) Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 312, 11.11.2006, bls. 66.

([3]) Stjtíð. ESB L 151, 11.6.2008, bls. 49.

([4]) Varanlegt umboð til Samtaka póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu varðandi árlega uppfærslu tæknilegs viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um tæknilega samhæfingu fjarskiptatíðnirófs til notkunar fyrir skammdrægan búnað (5. júlí 2006).

([5]) Skýrsla Samtaka póst- og fjarskiptastjórna nr. 26, RSCOM 08-88.

([6]) Stjtíð. EB L 91, 7.4.1999, bls. 10.

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

Samhæfð tíðnisvið og tæknilegar breytur fyrir skammdrægan búnað

Gerð skamm-drægs búnaðar	Tíðnisvið	Aflviðmiðunarmörk/sviðs-styrksmörk/aflþéttnimörk ([1])	Viðbótarreytur/kröfur um aðgang að tíðnirófi og aðgerðir til að milda truflanir ([2])	Aðrar notkunartakmarkanir ([3])	Framkvæmdar-frestur
Almennur skammdrægur búnaður ([4])	6765–6795 kHz	42 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. október 2008
	13,553–13,567 MHz	42 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. október 2008
	26,957-27,283 MHz	10mW virkt, útgeislað afl (e.r.p.), sem samsvarar 42 dBµA/m í 10 metra fjarlægð		Myndbúnaður er undanskilinn	1. júní 2007
	40,660-40,700 MHz	10 mW e.r.p.		Myndbúnaður er undanskilinn	1. júní 2007
	433,050–434,040 ([5]) MHz	1 mW e.r.p. og – 13dBm/10 kHz aflþéttni fyrir bandbreiddarmótun yfir 250 kHz		Hljóð- og raddmerki, ásamt myndbúnaði, eru undanskilin	1. október 2008
		10 mW e.r.p.	Vinnuferli ([6]): 10%	Hljóð- og raddmerki, ásamt myndbúnaði, eru undanskilin	1. júní 2007
	434,040-434,790 ([5]) MHz	1 mW e.r.p. og – 13dBm/10 kHz aflþéttni fyrir bandbreiddarmótun yfir 250 kHz		Hljóð- og raddmerki, ásamt myndbúnaði, eru undanskilin	1. október 2008
		10 mW e.r.p.	Vinnuferli ([6]): 10%	Hljóð- og raddmerki, ásamt myndbúnaði, eru undanskilin	1. júní 2007
			Vinnuferli ([6]): 100% með fyrirvara um að bil milli rása sé allt að 25 kHz	Hljóð- og raddmerki, ásamt myndbúnaði, eru undanskilin	1. október 2008
	863,000-868,000 MHz	25 mW e.r.p.	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Að öðrum kosti er hægt að nota vinnuferli ([6]) sem er 0,1%	Hljóð- og raddmerki, ásamt myndbúnaði, eru undanskilin	1. október 2008

Gerð skamm-drægs búnaðar	Tíðnisvið	Aflviðmiðunarmörk/sviðs-styrksmörk/aflþéttnimörk ([1])	Viðbótarreytur/kröfur um aðgang að tíðnirófi og aðgerðir til að milda truflanir ([2])	Aðrar notkunartakmarkanir ([3])	Framkvæmdar-frestur
Almennur skammdrægur búnaður ([4]) (*frh.*)	868,000-868,600 ([5]) MHz	25 mW e.r.p.	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Að öðrum kosti er hægt að nota vinnuferli ([6]) sem er 1%	Myndbúnaður er undanskilinn	1. október 2008
		25 mW e.r.p.	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Að öðrum kosti er hægt að nota vinnuferli ([6]) sem er 0,1%	Hljóð- og raddmerki, ásamt myndbúnaði, eru undanskilin	1. október 2008
	868,700–869,200 ([5]) MHz	25 mW e.r.p.	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Að öðrum kosti er hægt að nota vinnuferli ([6]) sem er 0,1%	Myndbúnaður er undanskilinn	1. október 2008
		25 mW e.r.p.	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Að öðrum kosti er hægt að nota vinnuferli ([6]) sem er 0,1%	Hljóð- og raddmerki, ásamt myndbúnaði, eru undanskilin	1. október 2008

Gerð skamm-drægs búnaðar	Tíðnisvið	Aflviðmiðunarmörk/sviðs-styrksmörk/aflþéttnimörk ([1])	Viðbótarreytur/kröfur um aðgang að tíðnirófi og aðgerðir til að milda truflanir ([2])	Aðrar notkunartakmarkanir ([3])	Framkvæmdar-frestur
Almennur skammdrægur búnaður ([4]) (*frh.*)	869,400-869,650 ([5]) MHz	500 mW e.r.p.	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Að öðrum kosti er hægt að nota vinnuferli ([6]) sem er 10% Bil milli rása skal vera 25 kHz, en nota má allt tíðnisviðið sem eina rás fyrir háhraða gagnaflutning	Myndbúnaður er undanskilinn	1. október 2008
		25 mW e.r.p.	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Að öðrum kosti er hægt að nota vinnuferli ([6]) sem er 0,1%	Hljóð- og raddmerki, ásamt myndbúnaði, eru undanskilin	1. október 2008
	869,700-870,000 ([5]) MHz	5 mW e.r.p.	Raddbúnaður er heimill með þróuðum mildandi aðferðum	Hljóð- og myndbúnaður er undanskilinn	1. júní 2007
		25 mW e.r.p.	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Að öðrum kosti er hægt að nota vinnuferli ([6]) sem er 0,1%	Hljóð- og raddmerki, ásamt myndbúnaði, eru undanskilin	1. október 2008
	2400-2483,5 MHz	10 mW virkt, einsátta útgeislað afl (e.i.r.p.)			1. júní 2007
	5725-5875 MHz	25 mW e.i.r.p.			1. júní 2007
	24,150-24,250 GHz	100 mW e.i.r.p.			1. október 2008
	61,0-61,5 GHz	100 mW e.i.r.p.			1. október 2008

Gerð skamm-drægs búnaðar	Tíðnisvið	Aflviðmiðunarmörk/sviðs-styrksmörk/aflþéttnimörk ([1])	Viðbótarreytur/kröfur um aðgang að tíðnirófi og aðgerðir til að milda truflanir ([2])	Aðrar notkunartakmarkanir ([3])	Framkvæmdar-frestur
Breiðbands-gagnaflutnings-kerfi	2400-2483,5 MHz	100 mW e.i.r.p. og 100mW/100 k Hz e.i.r.p. þéttleiki á við þegar tíðniflöktmótun er notuð, 10 mW/MHz e.i.r.p. þéttleiki á við þegar annars konar mótun er notuð	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir, sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB.		1. nóvember 2009
	57,0–66,0 ([5]) GHz	40 dBm e.i.r.p. og 13 dBm/MHz þéttni skilvirkrar, einsátta útgeislunar (e.i.r.p.)		Utanhússnotkun er undanskilin	1. nóvember 2009
		25 dBm e.i.r.p. og – 2 dBm/MHz þéttni skilvirkrar, einsátta útgeislunar (e.i.r.p.)		Fastur búnaður utandyra er undanskilinn	1. nóvember 2009
Viðvörunar-búnaður	868,600-868,700 MHz	10 mW e.r.p.	Bil milli rása: 25 kHz Einnig má nota allt tíðnisviðið sem eina rás fyrir háhraða gagnaflutning Vinnuferli ([6]): 1,0%		1. október 2008
	869,250-869,300 MHz	10 mW e.r.p.	Bil milli rása: 25 kHz Vinnuferli ([6]): 0,1%		1. júní 2007
	869,300-869,400 MHz	10 mW e.r.p.	Bil milli rása: 25 kHz Vinnuferli ([6]): 1,0%		1. október 2008
	869,650-869,700 MHz	25 mW e.r.p.	Bil milli rása: 25 kHz Vinnuferli ([6]): 10%		1. júní 2007
Neyðarboð ([7])	869,200-869,250 MHz	10 mW e.r.p.	Bil milli rása: 25 kHz Vinnuferli ([6]): 0,1%		1. júní 2007
Spanbúnaður ([8])	20,050-59,750 kHz	72 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júní 2007
	59,750-60,250 kHz	42 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júní 2007
	60,250-70,000 kHz	69 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júní 2007
	70-119 kHz	42 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júní 2007
	119-127 kHz	66 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júní 2007

Gerð skamm-drægs búnaðar	Tíðnisvið	Aflviðmiðunarmörk/sviðs-styrksmörk/aflþéttnimörk ([1])	Viðbótarreytur/kröfur um aðgang að tíðnirófi og aðgerðir til að milda truflanir ([2])	Aðrar notkunartakmarkanir ([3])	Framkvæmdar-frestur
Spanbúnaður ([8]) *(frh.)*	127-140 kHz	42 dBμA/m í 10 metra fjarlægð			1. október 2008
	140-148,5 kHz	37,7 dBμA/m í 10 metra fjarlægð			1. október 2008
	148,5-5000 kHz Á þeim tíðnisviðum sem nefnd eru hér á eftir, eiga hærri sviðsstyrkur og frekari notkunar-takmarkanir við:	– 15 dBμA/m í 10 metra fjarlægð á allri 10 kHz bandbreidd Ennfremur er heildarsviðsstyrkur – 5 dBμA/m í 10 m fjarlægð í kerfum sem nota bandbreiddir yfir 10 kHz			1. október 2008
	400-600 kHz	– 8 dBμA/m í 10 metra fjarlægð		Þessi notkunarskilyrði eiga aðeins við um auðkenningu með fjarskiptatíðni ([9])	1. október 2008
	3155-3400 kHz	13,5 dBμA/m í 10 metra fjarlægð			1. október 2008
	5000-30 000 kHz Á þeim tíðni-sviðum sem nefnd eru hér á eftir, eiga hærri sviðsstyrkur og frekari notkunar-takmarkanir við:	– 20 dBμA/m í 10 metra fjarlægð á allri 10 kHz bandbreidd Ennfremur er heildarsviðs-styrkur – 5 dBμA/m í 10 m fjarlægð í kerfum sem nota bandbreiddir yfir 10 kHz			1. október 2008
	6765-6795 kHz	42 dBμA/m í 10 metra fjarlægð			1. júní 2007
	7400-8800 kHz	9 dBμA/m í 10 metra fjarlægð			1. október 2008
	10 200-11 000 kHz	9 dBμA/m í 10 metra fjarlægð			1. október 2008
	13 553–13 567 kHz	42 dBμA/m í 10 metra fjarlægð			1. júní 2007
		60 dBμA/m í 10 metra fjarlægð		Þessi notkunarskilyrði eiga aðeins við um auðkenningu með fjarskiptatíðni ([9]) og rafrænt eftirlit með vörum ([10])	1. október 2008
	26 957-27 283 kHz	42 dBμA/m í 10 metra fjarlægð			1. október 2008

Gerð skamm-drægs búnaðar	Tíðnisvið	Aflviðmiðunarmörk/sviðs-styrksmörk/aflþéttnimörk ([1])	Viðbótarreytur/kröfur um aðgang að tíðnirófi og aðgerðir til að milda truflanir ([2])	Aðrar notkunartakmarkanir ([3])	Framkvæmdar-frestur
Virk læknis-fræðileg ígræði ([11])	9-315 kHz	30 dBµA/m í 10 m fjarlægð	Vinnuferli ([6]): 10%		1. október 2008
	402-405 MHz	25 µW e.r.p.	Bil milli rása: 25 kHz Einstakir sendar geta tengt saman aðliggjandi rásir til þess að auka bandbreidd allt að 300 kHz. Nota má aðrar aðferðir við að fá aðgang að tíðnirófi eða draga úr truflunum, þ.m.t. bandbreiddir yfir 300 kHz, svo framarlega sem árangurinn verður a.m.k. samsvarandi og með þeim aðferðum sem lýst er í samhæfðum stöðlum sem teknir voru upp samkvæmt tilskipun 1999/5/EB til að tryggja öðrum notendum samhæfðan rekstur, einkum við veðurkanna.		1. nóvember 2009
Þráðlaus hljóð-búnaður ([12])	87,5-108,0 MHz	50 nW e.r.p.	Bil milli rása allt að 200 kHz		1. október 2008
	863-865 MHz	10 mW e.r.p.			1. júní 2007
Þráðlaus stað-setningar-búnaður ([13])	2400-2483,5 MHz	25 mW e.i.r.p.			1. nóvember 2009
	17,1-17,3 GHz	26 dBm e.i.r.p.	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB.	Þessi notkunarskilyrði eiga eingöngu við um kerfi á jörðu niðri	1. nóvember 2009
Ratsjá sem mælir magn í geymum (e. Tank Level Probing Radar, TLPR) ([14])	4,5-7,0 GHz	24 dBm e.i.r.p. ([15])			1. nóvember 2009
	8,5-10,6 GHz	30 dBm e.i.r.p. ([15])			1. nóvember 2009
	24,05-27,0 GHz	43 dBm e.i.r.p. ([15])			1. nóvember 2009
	57,0-64,0 GHz	43 dBm e.i.r.p. ([15])			1. nóvember 2009
	75,0-85,0 GHz	43 dBm e.i.r.p. ([15])			1. nóvember 2009

Gerð skamm-drægs búnaðar	Tíðnisvið	Aflviðmiðunarmörk/sviðs-styrksmörk/aflþéttnimörk ([1])	Viðbótarreytur/kröfur um aðgang að tíðnirófi og aðgerðir til að milda truflanir ([2])	Aðrar notkunartakmarkanir ([3])	Framkvæmdar-frestur
Stjórn fjarstýrðra líkana ([16])	26 990–27 000 kHz	100 mW e.r.p.			1. nóvember 2009
	27 040-27 050 kHz	100 mW e.r.p.			1. nóvember 2009
	27 090-27 100 kHz	100 mW e.r.p.			1. nóvember 2009
	27 140-27 150 kHz	100 mW e.r.p.			1. nóvember 2009
	27 190-27 200 kHz	100 mW e.r.p.			1. nóvember 2009
Auðkenning með fjarskiptatíðni	2446-2454 MHz	100 mW e.i.r.p.			1. nóvember 2009

([1]) Aðildarríkin skulu heimila notkun tíðnirófsins að því afli, sviðsstyrk eða aflþéttni sem tilgreind er í töflunni. Í samræmi við 3. mgr. 3. gr. ákvörðunar 2006/771/EB, er þeim heimilt að setja rýmri skilyrði, þ.e. að heimila notkun tíðnirófs með meira afli, sviðsstyrk eða aflþéttni.

([2]) Aðildarríkjunum er aðeins heimilt að leggja á þessar „viðbótarbreytur/kröfur um aðgang að tíðnirófi og aðgerðir til að milda truflanir“, og er ekki heimilt að bæta við öðrum breytum eða kröfum fyrir aðgang að tíðnirófi eða aðgerðum til að milda truflanir. Með rýmri skilyrðum, í þeirri merkingu sem fram kemur í 3. mgr. 3. gr. ákvörðunar 2006/771/EB er átt við að aðildarríki geti alfarið sleppt breytum/kröfum um aðgang að tíðnirófi og til að milda truflanir í tilteknum reit eða leyft hærri gildi.

([3]) Aðildarríkjunum er aðeins heimilt að leggja á þessar „aðrar notkunartakmarkanir“, og er ekki heimilt að bæta við frekari notkunartakmörkunum. Þar sem heimilt er að innleiða rýmri skilyrði í skilningi 3. mgr. 3. gr. ákvörðunar 2006/771/EB, er aðildarríkjunum heimilt að sleppa einni eða fleiri af þessum takmörkunum.

([4]) Þessi flokkur er opinn fyrir hvers konar búnað sem uppfyllir tæknilegu skilyrðin (dæmigerð notkun er t.d. fjarmæling, fjarskipun, viðvörun, gögn almennt og annar svipaður búnaður).

([5]) Á þessu tíðnisviði skulu aðildarríkin gera öll önnur mengi notkunarskilyrða möguleg.

([6]) „Vinnuferli“: hlutfall virks sendingartíma búnaðar af hverri klukkustund sem búnaðurinn sendir. Rýmri skilyrði í skilningi 3. mgr. 3. gr. ákvörðunar 2006/771/EB hafa í för með sér að aðildarríkin geta leyft hærra gildi fyrir „vinnuferli“.

([7]) Neyðarboðabúnaður er notaður til að aðstoða aldraða og fatlaða í nauð.

([8]) Þessi flokkur nær t.d. yfir ræsivarnarbúnað í bílum, auðkenningu dýra, viðvörunarkerfi, kapalleit, meðhöndlun úrgangs, persónuleg auðkenni, þráðlaust talsamband, aðgangsstýringar, nándarnema, þjófavarnarkerfi þ.á. m. spankerfi á útvarpstíðni, gagnaflutning í lófabúnað, sjálfvirka auðkenningu á vörum, þráðlaus stjórnkerfi og sjálfvirka greiðslu vegatolla.

([9]) Þessi flokkur tekur til spanbúnaðar sem notaður er til auðkenningar með fjarskiptatíðni.

([10]) Þessi flokkur tekur til spanbúnaðar sem notaður er við rafrænt eftirlit með vörum (EAS).

([11]) Þessi flokkur nær yfir virk ígræðanleg lækningatæki sem nota útvarpsbylgjur, eins og þau eru skilgreind í tilskipun ráðsins 90/385/EB frá 20. júní 1990 um samræmingu laga aðildarríkjanna um virk, ígræðanleg lækningatæki (Stjtíð. EB L 189, 20.7.1990, bls. 17).

([12]) Búnaður fyrir þráðlaus hljóðkerfi, þ.á m.: þráðlausa hátalara, þráðlaus heyrnartól, þráðlaus heyrnartól til notkunar með ferðatækjum, t.d. ferðageislaspilurum, kassettutækjum eða útvörpum sem notendur bera á sér, þráðlaus heyrnartól til notkunar í ökutækjum, t.d. með útvarpi eða farsíma o.s.frv., hlustunarbúnað í eyra fyrir tónleika eða aðrar sviðsuppfærslur.

([13]) Þessi flokkur nær yfir búnað sem notaður er til að ákvarða stöðu, hraða og/eða aðra eiginleika hlutar, eða til að fá upplýsingar sem tengjast slíkum breytum.

([14]) Ratsjár sem mæla magn í geymum er tiltekin gerð staðsetningarákvörðunarbúnaðar, sem notaðar eru til mælinga á yfirborðshæð í tönkum og settar upp í málmtönkum, styrktum steyputönkum eða svipuðum mannvirkjum úr efni með sambærilega deyfingareiginleika. Tankurinn er ætlaður fyrir efni.

([15]) Aflviðmiðunarmörkin eiga við inni í lokuðum tanki og samsvara litrófsþéttleika – 41,3 dBm/MHz e.i.r.p. fyrir utan 500 lítra prófunartank.

([16]) Þessi flokkur tekur til búnaðar sem notaður er til að stýra hreyfingu líkana (aðallega minnkaðra eftirlíkinga af farartækjum) í lofti, á landi eða á eða undir vatnsyfirborði.“

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2016/EES/27/06**

frá 28. maí 2014

um breytingu á ákvörðunum 2011/263/ESB, 2011/264/ESB, 2011/382/ESB, 2011/383/ESB, 2012/720/ESB og 2012/721/ESB til að taka tillit til þróunar í flokkun efna

(tilkynnt með númeri C(2014) 3468)

(2014/313/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 6. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010 má ekki veita vörum sem innihalda efni eða efnablöndur/blöndur [áður samsett efni] sem uppfylla viðmiðanir til flokkunar sem eitruð, hættuleg umhverfinu, krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða með eiturhrif á æxlun, umhverfismerki ESB, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([2]) eða vörum sem innihalda efni sem um getur í 57. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([3]). Í samræmi við 7. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010, að því er varðar tiltekna flokka vara sem innihalda þessi efni, má framkvæmdastjórnin samþykkja ráðstafanir um að veita megi undanþágur frá 6. mgr. 6. gr. þeirrar reglugerðar þegar ekki er tæknilega mögulegt að skipta þessum vörum út sem slíkum eða með notkun staðgönguefna eða breyttri hönnun, eða þegar um er að ræða vörur sem eru umtalsvert vistvænni í heild miðað við aðrar vörur í sama flokki.

2) Með ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar 2011/263/ESB ([4]), 2011/264/ESB ([5]), 2011/382/ESB([6]), 2011/383/ESB ([7]), 2012/720/ESB ([8]) og 2012/721/ESB ([9]) var komið á vistfræðilegum viðmiðun fyrir veitingu umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni fyrir uppþvottavélar, þvottaefni, handuppþvottaefni, alhliða hreinsiefni og hreinsiefni fyrir hreinlætisaðstöðu, þvottaefni fyrir uppþvottavélar til notkunar í iðnaði og á stofnunum og þvottaefni til notkunar í iðnaði og á stofnunum. Eftir að þessar ákvarðanir voru samþykktar var reglugerð (EB) nr. 1272/2008 breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 286/2011 ([10]). Breytingarnar á reglugerð (EB) nr. 1272/2008 tóku gildi að því er varðar efni frá 1. desember 2012 og munu taka gildi að því er varðar blöndur frá 1. júní 2015. Með reglugerð (ESB) nr. 286/2011 var bætt við nýjum flokkunarviðmiðunum fyrir langvinna hættu fyrir vatnsumhverfi á grundvelli

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 164, 3.6.2014, bls. 74. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 118/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

([4]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/263/ESB frá 28. apríl 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni fyrir uppþvottavélar (Stjtíð. ESB L 111, 30.4.2011, bls. 22).

([5]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/264/ESB frá 28. apríl 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni (Stjtíð. ESB L 111, 30.4.2011, bls. 34).

([6]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/382/ESB frá 24. júní 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir handuppþvottaefni (Stjtíð. ESB L 169, 29.6.2011, bls. 40).

([7]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/383/ESB frá 28. júní 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir alhliða hreinsiefni og hreinsiefni fyrir hreinlætisaðstöðu (Stjtíð. ESB L 169, 29.6.2011, bls. 52).

([8]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/720/ESB frá 14. nóvember 2012 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni fyrir uppþvottavélar til notkunar í iðnaði og á stofnunum (Stjtíð. ESB L 326, 24.11.2012, bls. 25).

([9]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/721/ESB frá 14. nóvember 2012 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni til notkunar í iðnaði og á stofnunum (Stjtíð. ESB L 326, 24.11.2012, bls. 38).

([10]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 286/2011 frá 10. mars 2011 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að tækniframförum (Stjtíð. ESB L 83, 30.3.2011, bls. 1).

gagna um langvinn eiturhrif á vatnsumhverfi og lífbrjótanleika. Á grundvelli nýju viðmiðananna hefur meirihluti yfirborðsvirkra efna, sem brotna auðveldlega niður og eru nú notuð í þvotta- og hreinsiefni og hreingerningavörur, verið flokkaður í 3. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif (H412) og í sumum tilvikum, sérstaklega að því er varðar handuppþvottaefni, í 2. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif (H411), og notkun þeirra þar af leiðandi bönnuð í vörum sem bera umhverfismerki ESB. Þetta torveldar samsvörun þeirra vistfræðilegu viðmiðana sem þegar hefur verið komið á vegna veitingar umhverfismerkis ESB, fyrir þvottaefni fyrir uppþvottavélar, þvottaefni, handuppþvottaefni, alhliða hreinsiefni og hreinsiefni fyrir hreinlætisaðstöðu, þvottaefni fyrir uppþvottavélar til notkunar í iðnaði og á stofnunum og þvottaefni til notkunar í iðnaði og á stofnunum, við þau 10-20% þvotta- og hreinsiefna og hreingerningavara sem fáanleg eru á markaði Sambandsins og eru best með tilliti til vistvænleika á líftíma þeirra, þar sem ekkert bendir til þess að önnur yfirborðsvirk efni séu tiltæk. Í því skyni að veita umsækjendum leiðsögn og auðvelda þeim að sanna að nýja krafan sé uppfyllt hefur texti mats og sannprófunar verið uppfærður.

3) Afleiðingar af innleiðingu nýrra flokkunarviðmiðana lágu ekki fyrir við endurskoðunina á viðmiðununum við veitingu umhverfismerki ESB fyrir þvottaefni fyrir uppþvottavélar, þvottaefni, handuppþvottaefni, alhliða hreinsiefni og hreinsiefni fyrir hreinlætisaðstöðu, sem settar eru fram í ákvörðunum 2011/263/ESB, 2011/264/ESB, 2011/382/ESB og 2011/383/ESB, og við þróun viðmiðana við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni fyrir uppþvottavélar til notkunar í iðnaði og á stofnunum og þvottaefni til notkunar í iðnaði og á stofnunum og athugunarefna varðandi undanþágur fyrir yfirborðsvirk efni sem eru sett fram í ákvörðunum 2012/720/ESB og 2012/721/ESB.

4) Þessari breytingu er beitt afturvirkt frá 1. desember 2012 í því skyni að tryggja samfelldan gildistíma viðmiðana umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni fyrir uppþvottavélar, þvottaefni, handuppþvottaefni, alhliða hreinsiefni og hreinsiefni fyrir hreinlætisaðstöðu, þvottaefni fyrir uppþvottavélar til notkunar í iðnaði og á stofnunum og þvottaefni til notkunar í iðnaði og á stofnunum.

5) Því ætti að breyta ákvörðunum 2011/263/ESB, 2011/264/ESB, 2011/382/ESB, 2011/383/ESB, 2012/720/ESB og 2012/721/ESB til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum viðaukans við ákvörðun 2011/263/ESB er breytt eins og fram kemur í I. viðauka við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvæðum viðaukans við ákvörðun 2011/264/ESB er breytt eins og fram kemur í II. viðauka við þessa ákvörðun.

3. gr.

Ákvæðum viðaukans við ákvörðun 2011/382/ESB er breytt eins og fram kemur í III. viðauka við þessa ákvörðun.

4. gr.

Ákvæðum viðaukans við ákvörðun 2011/383/ESB er breytt eins og fram kemur í IV. viðauka við þessa ákvörðun.

5. gr.

Ákvæðum viðaukans við ákvörðun 2012/720/ESB er breytt eins og fram kemur í V. viðauka við þessa ákvörðun.

6. gr.

Ákvæðum viðaukans við ákvörðun 2012/721/ESB er breytt eins og fram kemur í VI. viðauka við þessa ákvörðun.

7. gr.

Þessi ákvörðun kemur til framkvæmda frá og með 1. desember 2012 að því er varðar efni.

8. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. maí 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Viðaukanum við ákvörðun 2011/263/ESB er breytt sem hér segir:

1) Í stað töflunnar yfir undanþágur í fimmtu málsgrein b-liðar í 2. viðmiðun komi eftirfarandi tafla:

„Súbtilisín	H400: Mjög eitrað líf í vatni	H50
Yfirborðsvirk efni í heildarstyrk < 25% í fullunnu vörunni	H400: Mjög eitrað lífi í vatni	H50
Yfirborðsvirk efni í heildarstyrk < 25% í fullunnu vörunni (*)	H412: Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H52-53
Sæfiefni notuð í því skyni að rotverja (**)	H410: Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H50-53
	H411: Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H51-53
	H412: Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H52-53
Ilmefni	H412: Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H52-53
Ensím (***)	H334: Getur valdið ofnæmis- eða asmaeinkennum eða öndunarerfiðleikum við innöndun	H42
	H317: Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð	H43
Nítríltríasetat (NTA) sem óhreinindi í MGDA og GLDA (****)	H351: Grunað um að valda krabbameini	H40

(*) Þessi undanþága gildir að því tilskildu að efnin brotni auðveldlega niður og einnig við loftfirrðar aðstæður.
(**) Sjá e-lið 2. viðmiðunar. Þessi undanþága gildir að því tilskildu að log Pow (log af deilistuðli oktanóls/vatns) < 3,0 eða líffléttnistuðull, sem er ákvarðaður út frá tilraunum, sem er ≤ 100 lýsi getu sæfiefna til uppsöfnunar í lífverum.
(***) Þ.m.t. stöðgarar og önnur hjálparefni í efnablöndunum.
(****) Í styrk sem er minni en 1,0% í hráefninu að því tilskildu að heildarstyrkurinn í fullunni vörunni sé minni en 0,10%“,

2) Í b-lið 2. viðmiðunar bætist eftirfarandi málsgrein við textann í *Mat og sannprófun*:

„Umsækjandinn skal leggja fram gögn um auðlífbrjótanleika með tilvísun í DID-skrána vegna yfirborðsvirkra efna sem uppfylla viðmiðanir fyrir flokkun í hættuflokka H412. Vísað skal í upplýsingar sem skipta máli, fengnar úr fræðiritum eða öðrum heimildum, eða viðeigandi niðurstöður prófana, eins og lýst er í I. viðbæti, fyrir yfirborðsvirk efni sem ekki eru tilgreind í DID-skránni.“

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við ákvörðun 2011/264/ESB er breytt sem hér segir:

1) Í stað töflunnar yfir undanþágur í fimmtu málsgrein b-liðar í 4. viðmiðun komi eftirfarandi tafla:

„Súbtilisín	H400: Mjög eitrað líf í vatni	H50
Yfirborðsvirk efni í heildarstyrk < 25% í fullunnu vörunni	H400: Mjög eitrað lífi í vatni	H50
Yfirborðsvirk efni í heildarstyrk < 25% í fullunnu vörunni (*)	H412: Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H52-53
Sæfiefni notuð í því skyni að rotverja (**)	H410: Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H50-53
	H411: Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H51-53
	H412: Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H52-53
Ilmefni	H412: Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H52-53
Ensím (***)	H334: Getur valdið ofnæmis- eða asmaeinkennum eða öndunarerfiðleikum við innöndun	H42
	H317: Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð	H43
Bleikingarhvatar (***)	H334: Getur valdið ofnæmis- eða asmaeinkennum eða öndunarerfiðleikum við innöndun	H42
	H317: Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð	H43
Nítríltríasetat (NTA) sem óhreinindi í MGDA og GLDA (****)	H351: Grunað um að valda krabbameini	H40
Ljósvirk bleikiefni (eingöngu í þvottaefni fyrir mjög óhreinan þvott)	H413: Getur valdið langvinnum áhrifum á líf í vatni	H53

(*) Þessi undanþága gildir að því tilskildu að efnin brotni auðveldlega niður og einnig við loftfirrðar aðstæður.
(**) Sjá e-lið 4. viðmiðunar. Þessi undanþága gildir að því tilskildu að log Pow (log af deilistuðli oktanóls/vatns) < 3,0 eða líffþéttnistuðull, sem er ákvarðaður út frá tilraunum, sem er ≤ 100 lýsi getu sæfiefna til uppsöfnunar í lífverum.
(***) Þ.m.t. stöðgarar og önnur hjálparefni í efnablöndunum.
(****) Í styrk sem er minni en 1,0% í hráefninu að því tilskildu að heildarstyrkurinn í fullunni vörunni sé minni en 0,10%“,

2) Í b-lið 4. viðmiðunar bætist eftirfarandi málsgrein við textann í *Mat og sannprófun*:

„Umsækjandinn skal leggja fram gögn um auðlífbrjótanleika með tilvísun í DID-skrána vegna yfirborðsvirkra efna sem uppfylla viðmiðanir fyrir flokkun í hættuflokka H412. Vísað skal í upplýsingar sem skipta máli, fengnar úr fræðiritum eða öðrum heimildum, eða viðeigandi niðurstöður prófana, eins og lýst er í I. viðbæti, fyrir yfirborðsvirk efni sem ekki eru tilgreind í DID-skránni.“

III. VIÐAUKI

Viðaukanum við ákvörðun 2011/382/ESB er breytt sem hér segir:

1) Í stað töflunnar yfir undanþágur í fjórðu málsgrein c-liðar í 3. viðmiðun komi eftirfarandi tafla:

„Yfirborðsvirk efni í heildarstyrk < 25% í fullunnu vörunni (*)	H400: Mjög eitrað lífi í vatni	H50
Yfirborðsvirk efni í heildarstyrk < 25% í fullunnu vörunni (**)	H412: Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H52-53
Yfirborðsvirk efni í heildarstyrk < 2,5% í fullunnu vörunni (**)	H411: Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H51-53
Ilmefni	H412: Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H52-53
Ensím (***)	H334: Getur valdið ofnæmis- eða asmaeinkennum eða öndunarerfiðleikum við innöndun	H42
	H317: Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð	H43
Nítríltríasetat (NTA) sem óhreinindi í MGDA og GLDA (****)	H351: Grunað um að valda krabbameini	H40

(*) Deila skal í hundraðshlutann með margföldunarstuðlinum sem er fenginn í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.
(**) Þessi undanþága gildir að því tilskildu að efnin brotni auðveldlega niður og einnig við loftfirrðar aðstæður.
(***) Þ.m.t. stöðgarar og önnur hjálparefni í efnablöndunum.
(****) Í styrk sem er minni en 1,0% í hráefninu að því tilskildu að heildarstyrkurinn í fullunni vörunni sé minni en 0,10%“,

2) Í c-lið 3. viðmiðunar bætist eftirfarandi málsgrein við textann í *Mat og sannprófun*:

„Umsækjandinn skal leggja fram gögn um auðlífbrjótanleika með tilvísun í DID-skrána vegna yfirborðsvirkra efna sem uppfylla viðmiðanir fyrir flokkun í hættuflokka H412 og/eða H411. Vísað skal í upplýsingar sem skipta máli, fengnar úr fræðiritum eða öðrum heimildum, eða viðeigandi niðurstöður prófana, eins og lýst er í I. viðbæti, fyrir yfirborðsvirk efni sem ekki eru tilgreind í DID-skránni.“

IV. VIÐAUKI

Viðaukanum við ákvörðun 2011/383/ESB er breytt sem hér segir:

1) Í stað töflunnar yfir undanþágur í fjórðu málsgrein c-liðar í 3. viðmiðun komi eftirfarandi tafla:

„Yfirborðsvirk efni í heildarstyrk < 25% í fullunnu vörunni (*)	H400: Mjög eitrað lífi í vatni	H50
Yfirborðsvirk efni í heildarstyrk < 25% í fullunnu vörunni (**)	H412: Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H52-53
Ilmefni	H412: Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H52-53
Ensím (***)	H334: Getur valdið ofnæmis- eða asmaeinkennum eða öndunarerfiðleikum við innöndun	H42
	H317: Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð	H43
Nítríltríasetat (NTA) sem óhreinindi í MGDA og GLDA (****)	H351: Grunað um að valda krabbameini	H40

(*) Deila skal í hundraðshlutann með margföldunarstuðlinum sem er fenginn í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.
(**) Þessi undanþága gildir að því tilskildu að efnin brotni auðveldlega niður og einnig við loftfirrðar aðstæður.
(***) Þ.m.t. stöðgarar og önnur hjálparefni í efnablöndunum.
(****) Í styrk sem er minni en 1,0% í hráefninu að því tilskildu að heildarstyrkurinn í fullunni vörunni sé minni en 0,10%“,

2) Í c-lið 3. viðmiðunar bætist eftirfarandi málsgrein við textann í *Mat og sannprófun*:

„Umsækjandinn skal leggja fram gögn um auðlífbrjótanleika með tilvísun í DID-skrána vegna yfirborðsvirkra efna sem uppfylla viðmiðanir fyrir flokkun í hættuflokka H412. Vísað skal í upplýsingar sem skipta máli, fengnar úr fræðiritum eða öðrum heimildum, eða viðeigandi niðurstöður prófana, eins og lýst er í I. viðbæti, fyrir yfirborðsvirk efni sem ekki eru tilgreind í DID-skránni.“

V. VIÐAUKI

Viðaukanum við ákvörðun 2012/720/ESB er breytt sem hér segir:

1) Í stað töflunnar yfir undanþágur í sjöttu málsgrein b-liðar í 3. viðmiðun komi eftirfarandi tafla:

„Yfirborðsvirk efni í heildarstyrk < 15% í fullunnu vörunni	H400: Mjög eitrað lífi í vatni	H50
Yfirborðsvirk efni í heildarstyrk < 25% í fullunnu vörunni	H412: Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H52-53
Sæfiefni í því skyni að rotverja (*) (aðeins fyrir vökva með pH-gildi á bilinu 2 og 12 og virkt efni að hámarki 10% af þyngd)	H331: Eitrað við innöndun	H23
	H334: Getur valdið ofnæmis- eða asmaeinkennum eða öndunarerfiðleikum við innöndun	H42
	H317: Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð	H43
	H400: Mjög eitrað lífi í vatni	H50
Ensím (**)	H334: Getur valdið ofnæmis- eða asmaeinkennum eða öndunarerfiðleikum við innöndun	H42
	H317: Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð	H43
	H400: Mjög eitrað lífi í vatni	H50
Nítríltríasetat (NTA) sem óhreinindi í MGDA og GLDA (***)	H351: Grunað um að valda krabbameini	H40

(*) Undanþágan er einungis fyrir b-lið 3. viðmiðunar. Sæfiefni skulu vera í samræmi við d-lið 3. viðmiðunar.
(**) Þ.m.t. stöðgarar og önnur hjálparefni í efnablöndunum.
(***) Í styrk sem er minni en 1,0% í hráefninu að því tilskildu að heildarstyrkurinn í fullunni vörunni sé minni en 0,10%“,

2) Í b-lið 3. viðmiðunar bætist eftirfarandi málsgrein við textann í *Mat og sannprófun*:

„Umsækjandinn skal leggja fram gögn um auðlífbrjótanleika með tilvísun í DID-skrána vegna yfirborðsvirkra efna sem uppfylla viðmiðanir fyrir flokkun í hættuflokka H412. Vísað skal í upplýsingar sem skipta máli, fengnar úr fræðiritum eða öðrum heimildum, eða viðeigandi niðurstöður prófana, eins og lýst er í I. viðbæti, fyrir yfirborðsvirk efni sem ekki eru tilgreind í DID-skránni.“

VI. VIÐAUKI

Viðaukanum við ákvörðun 2012/721/ESB er breytt sem hér segir:

1) Í stað töflunnar yfir undanþágur í sjöttu málsgrein b-liðar í 4. viðmiðun komi eftirfarandi tafla:

„Yfirborðsvirk efni í heildarstyrk < 20% í fullunnu vörunni	H400: Mjög eitrað lífi í vatni	H50
Yfirborðsvirk efni í heildarstyrk < 25% í fullunnu vörunni (*)	H412: Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H52-53
Sæfiefni í því skyni að rotverja (**) (aðeins fyrir vökva með pH-gildi á bilinu 2 og 12 og virkt efni að hámarki 10% af þyngd)	H331: Eitrað við innöndun	H23
	H334: Getur valdið ofnæmis- eða asmaeinkennum eða öndunarerfiðleikum við innöndun	H42
	H317: Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð	H43
	H400: Mjög eitrað lífi í vatni	H50
Ensím (***)	H400: Mjög eitrað lífi í vatni	H50
	H334: Getur valdið ofnæmis- eða asmaeinkennum eða öndunarerfiðleikum við innöndun	H42
	H317: Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð	H43
Bleikingarhvatar (***)	H400: Mjög eitrað lífi í vatni	H50
Nítríltríasetat (NTA) sem óhreinindi í MGDA og GLDA (****)	H351: Grunað um að valda krabbameini	H40

(*) Þessi undanþága gildir að því tilskildu að yfirborðsvirk efni séu í samræmi við a-lið 3. viðmiðunar og að þau séu niðurbrjótanleg við loftfirrðar aðstæður.
(**) Undanþágan er einungis fyrir b-lið 4. viðmiðunar. Sæfiefni skulu vera í samræmi við e-lið 4. viðmiðunar.
(***) Þ.m.t. stöðgarar og önnur hjálparefni í efnablöndunum.
(****) Í styrk sem er minni en 1,0% í hráefninu að því tilskildu að heildarstyrkurinn í fullunni vörunni sé minni en 0,10%“,

2) Í b-lið 4. viðmiðunar bætist eftirfarandi málsgrein við textann í *Mat og sannprófun*:

„Umsækjandinn skal leggja fram gögn um auðlífbrjótanleika með tilvísun í DID-skrána vegna yfirborðsvirkra efna sem uppfylla viðmiðanir fyrir flokkun í hættuflokka H412. Vísað skal í upplýsingar sem skipta máli, fengnar úr fræðiritum eða öðrum heimildum, eða viðeigandi niðurstöður prófana, eins og lýst er í I. viðbæti, fyrir yfirborðsvirk efni sem ekki eru tilgreind í DID-skránni.“

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2016/EES/27/07**

frá 5. júní 2014

um breytingu á ákvörðunum 2006/799/EB, 2007/64/EB, 2009/300/EB, 2009/894/EB, 2011/330/ESB, 2011/331/ESB og 2011/337/ESB í því skyni að lengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir tilteknar vörur

(tilkynnt með númeri C(2014) 3674)

(2014/336/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB ([1]), einkum c-lið 3. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvörðun 2006/799/EB ([2]) fellur úr gildi 31. desember 2014.

2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/64/EB ([3]) fellur úr gildi 31. desember 2014.

3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/300/EB ([4]) fellur úr gildi 31. október 2014.

4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/894/EB ([5]) fellur úr gildi 31. desember 2014.

5) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/330/ESB ([6]) fellur úr gildi 6. júní 2014.

6) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/331/ESB ([7]) fellur úr gildi 31. desember 2014.

7) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/337/ESB ([8]) fellur úr gildi 9. júní 2014.

8) Unnið hefur verið mat til að leggja mat á mikilvægi núverandi vistfræðilegu viðmiðananna, og hve viðeigandi þær eru, sem og kröfurnar um mat og sannprófun sem til heyra, sem komið var á með ákvörðunum 2006/799/EB, 2007/64/EB, 2009/300/EB, 2009/894/EB, 2011/330/ESB, 2011/331/ESB og 2011/337/ESB. Þar eð núverandi vistfræðilegar viðmiðanir og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun, sem eru settar fram í þessum ákvörðunum, eru enn í endurskoðun er rétt að framlengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun til 31. desember 2015.

9) Því ætti að breyta ákvörðunum 2006/799/EB, 2007/64/EB, 2009/300/EB, 2009/894/EB, 2011/330/ESB, 2011/331/ESB og 2011/337/ESB til samræmis við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 168, 7.6.2014, bls. 112. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 118/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 3. nóvember 2006 um endurskoðaðar, vistfræðilegar viðmiðanir og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun við veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir jarðvegsbæti (Stjtíð. ESB L 325, 24.11.2006, bls. 28).

([3]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 15. desember 2006 um endurskoðaðar, vistfræðilegar viðmiðanir og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir vaxtarefni (Stjtíð. ESB L 32, 6.2.2007, bls. 137).

([4]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. mars 2009 um endurskoðaðar vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir sjónvörp (Stjtíð. ESB L 82, 28.3.2009, bls. 3).

([5]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/894/EB frá 30. nóvember 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir viðarhúsgögn (Stjtíð. ESB L 320, 5.12.2009, bls. 23).

([6]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/330/ESB frá 6. júní 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir fistölvur (Stjtíð. ESB L 148, 7.6.2011, bls. 5).

([7]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/331/ESB frá 6. júní 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir ljósgjafa (Stjtíð. ESB L 148, 7.6.2011, bls. 13).

([8]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/337/ESB frá 9. júní 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir einkatölvur (Stjtíð. ESB L 151, 10.6.2011, bls. 5).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 6. gr. ákvörðunar 2006/799/EB komi eftirfarandi:

„6. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „jarðvegsbætir“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2015.“

2. gr.

Í stað 5. gr. ákvörðunar 2007/64/EB komi eftirfarandi:

„5. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „vaxtarefni“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2015.“

3. gr.

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2009/300/EB komi eftirfarandi:

„3. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „sjónvarpstæki“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2015.“

4. gr.

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2009/894/EB komi eftirfarandi:

„3. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „viðarhúsgögn“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2015.“

5. gr.

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2011/330/ESB komi eftirfarandi:

„3. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „fistölvur“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2015.“

6. gr.

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2011/331/ESB komi eftirfarandi:

„3. gr.

Viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „ljósgjafar“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2015.“

7. gr.

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2011/337/ESB komi eftirfarandi:

„4. gr.

Viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „einkatölvur“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2015.“

8. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 5. júní 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2016/EES/27/08**

frá 6. júní 2014

um breytingu á ákvörðun 2012/481/ESB um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir prentefni

(tilkynnt með númeri C(2014) 3590)

(2014/345/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/481/ESB ([2]) falla undirstöðuefni úr pappa með þyngd yfir 400 g/m^2 utan gildissviðsins vegna þess að með þeirri ákvörðun er gerð sú krafa að prentefnisvörur séu eingöngu prentaðar á pappír með umhverfismerki ESB eins og fastsett er í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/333/ESB ([3]) eða ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/448/ESB ([4]). Tilteknir vöruflokkar sem falla undir gildissvið ákvörðunar 2012/481/ESB, s.s. blokkir, minnisbækur, stílabækur, minnisbækur með gormi og innbundin dagatöl, fela þó í sér notkun á undirstöðuefni úr pappa með þyngd yfir 400 g/m^2. Beiting viðmiðananna fyrir tilteknar vörur hefur því verið ógerleg.

2) Undir gildissvið ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2014/256/ESB ([5]) falla ritföng úr pappír sem eru hið minnsta 70%, miðað við þyngd, úr pappír, pappa, eða undirstöðuefni sem er að stofni til úr pappír og þar eru fastsettar kröfur vegna undirstöðuefna úr pappa, með pappírsþyngd yfir 400 g/m^2.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

4) Því ætti að breyta ákvörðun 2012/481/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2012/481/ESB er breytt sem hér segir:

1) Í stað 1. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„1. Undir vöruflokkinn „prentefni“ falla allar prentefnisvörur sem eru hið minnsta 90%, miðað við þyngd, úr pappír, pappa eða undirstöðuefni sem er að stofni til úr pappír, að undanskildum bókum, skrám, bæklingum eða eyðublöðum sem skulu vera hið minnsta 80%, miðað við þyngd, úr pappír eða pappa eða undirstöðuefni sem er að stofni til úr pappír. Innskotssíður, kápur og allir prentefnishlutar endanlega prentefnisins skulu teljast hluti af prentefnisvörunni.“

([1]) Stjtíð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.
([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/481/ESB frá 16. ágúst 2012 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir prentefni (Stjtíð. ESB L 223, 21.8.2012, bls. 55).
([3]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/333/ESB frá 7. júní 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir afritunarpappír og grafiskan pappír (Stjtíð. ESB L 149, 8.6.2011, bls. 12).
([4]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/448/ESB frá 12. júlí 2012 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir dagblaðapappír (Stjtíð. ESB L 202, 28.7.2012, bls. 26).
([5]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/256/ESB frá 2. maí 2014 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir umbreyttar pappírsafurðir (Stjtíð. ESB L 135, 8.5.2014, bls. 24).

2) Í stað c-liðar 3. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„c) möppur, umslög, lausblaðamöppur með hringjum og ritföng úr pappír.“

3) Í stað 1. liðar 2. gr. komi eftirfarandi:

„1) „Bækur“: prentefnisvörur sem eru innbundnar með garni og/eða límí með harðri eða mjúkri kápu, s.s. skólabækur, bækur – skáldrit og ekki skáldrit, skýrslur, handbækur og pappírskiljur. „Bækur“ nær ekki yfir dagblöð, bæklinga, tímarit, skrár sem eru útgefnar reglulega og ársskýrslur.“

4) Í stað 9. liðar 2. gr. komi eftirfarandi:

„9) „Prentefnisvara“: vara sem verður til við vinnslu prentefnis. Vinnslan felur í sér prentun á pappír. Auk prentunar getur vinnslan falið í sér frágang, t.d. brot (e. *folding*), stimplun og skurð eða samsetningu þar sem notað er lím, innbinding, innbinding með garni. Til prentefnisvara teljast dagblöð, auglýsingaefni og fréttabréf, tímarit, skrár, bækur, dreifibréf, bæklingar, plaköt, nafnspjöld og merkimiðar.“

5) Viðmiðun 3 í viðaukanum við ákvörðun 2012/481/ESB er breytt:

„Viðmiðun 3 — Endurvinnanleiki

Prentefnisvaran skal vera endurvinnanleg. Hreinsun prentsvertu af prentefninu skal vera möguleg og auðvelt skal vera að fjarlægja þá efnisþætti prentefnisvörunnar sem eru ekki úr pappír til að þeir hindri ekki endurvinnsluferlið.

a) Styrktarefni til varnar gegn vætu má eingöngu nota ef sýna má fram á endurvinnanleika fullunnu vörunnar.

b) Límefni má eingöngu nota ef sýna má fram á að mögulegt sé að fjarlægja þau.

c) Yfirborðslökk og samlímingarefni, þ.m.t. pólýeten og/eða pólýeten/pólýprópýlen, má eingöngu nota í kápur bóka, tímarita og skráa.

d) Sýna skal fram á að hreinsun prentsvertu sé möguleg.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram niðurstöður úr prófun á endurvinnanleika styrktarefnis til varnar gegn vætu og hvort mögulegt sé að fjarlægja límið. Viðmiðunarprófunaraðferðirnar eru PTS-aðferð PTS-RH 021/97 (fyrir styrktarefni til varnar gegn vætu), INGEDE Method 12 (til að prófa hvort mögulegt sé að fjarlægja óleysanlegt lím), eða jafngildar prófunaraðferðir. Sýna skal fram á að hreinsun prentsvertu sé möguleg með því að nota „Deinking Scorecard“(*) frá Evrópuráðinu um endurheimtan pappír (e. *European Recovered Paper Council*) eða sambærileg próf. Prófanir skulu framkvæmdar á þremur tegundum pappírs: óhúðuðum, húðuðum og pappír með límsterkju á yfirborðinu. Ef tegund prentbleks er eingöngu seld fyrir eina eða tvær tilteknar tegundir pappírs nægir að prófa pappírstegundina, eða tegundirnar, sem um er að ræða. Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að húðaðar og samlímdar prentefnisvörur séu í samræmi við ákvæði c-liðar 3. liðar. Ef auðvelt er að fjarlægja efnisþátt prentefnisvöru (t.d. plastkápu) er leyfilegt að framkvæma prófun á endurvinnanleika án þessa efnisþáttar. Staðfesta skal hve auðvelt er að fjarlægja þá efnisþætti sem eru ekki úr pappír með yfirlýsingu frá pappírssöfnunarfyrirtækinu, endurvinnslufyrirtækinu eða jafngildri stofnun. Einnig má notast við prófunaraðferðir sem lögbær og óháður þriðji aðili sýnir fram á að gefi jafngildar niðurstöður.

(*) Assessment of Print Product Recyclability — Deinkability Score — User's Manual, www.paperrecovery.org, Publications.“

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. júní 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/345 **2016/EES/27/09**

frá 2. mars 2015

um breytingu á ákvörðunum 2009/563/EB, 2009/564/EB, 2009/578/EB, 2010/18/EB, 2011/263/ESB, 2011/264/ESB, 2011/382/ESB og 2011/383/ESB í því skyni að lengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir tilteknar vörur

(tilkynnt með númeri C(2015) 1286) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB ([1]), einkum c- lið 3. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/563/EB ([2]) fellur úr gildi 30. júní 2015.

2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/564/EB ([3]) fellur úr gildi 30. nóvember 2015.

3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/578/EB ([4]) fellur úr gildi 30. nóvember 2015.

4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/18/EB ([5]) fellur úr gildi 31. desember 2015.

5) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/263/ESB ([6]) fellur úr gildi 28. apríl 2015.

6) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/264/ESB ([7]) fellur úr gildi 28. apríl 2015.

7) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/382/ESB ([8]) fellur úr gildi 24. júní 2015.

8) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/383/ESB ([9]) fellur úr gildi 28. júní 2015.

9) Unnið hefur verið mat til að leggja mat á mikilvægi núverandi vistfræðilegu viðmiðananna, og hve viðeigandi þær eru, sem og kröfurnar um mat og sannprófun sem til heyra, sem komið var á með ákvörðunum 2009/563/EB, 2009/564/EB, 2009/578/EB, 2010/18/EB, 2011/263/ESB, 2011/264/ESB, 2011/382/ESB og 2011/383/ESB. Þar eð núverandi vistfræðilegar viðmiðanir og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun, sem eru settar fram í þessum ákvörðunum, eru enn í endurskoðun er rétt að framlengja þennan gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna og þessara tilheyrandi krafna um mat og sannprófun. Vegna mismunandi stiga endurskoðunarferlisins ætti að framlengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun, sem settar eru fram í ákvörðun 2009/563/EB, til 31. desember 2015 og framlengja ætti gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun, sem settar eru fram í ákvörðunum 2009/564/EB, 2009/578/EB, 2010/18/EB, 2011/263/ESB, 2011/264/ESB, 2011/382/ESB og 2011/383/ESB, til 31. desember 2016.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 170, 11.6.2014, bls. 64. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 118/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/563/EB frá 9. júlí 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir skófatnað (Stjtíð. ESB L 196, 28.7.2009, bls. 27).

([3]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/564/EB frá 9. júlí 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir tjaldstæði (Stjtíð. ESB L 196, 28.7.2009, bls. 36).

([4]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/578/EB frá 9. júlí 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir gistiaðstöðu í ferðaþjónustu (Stjtíð. ESB L 198, 30.7.2009, bls. 57).

([5]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/18/EB frá 26. nóvember 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir gólfklæðningar úr viði (Stjtíð. ESB L 8, 13.1.2010, bls. 32).

([6]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/263/ESB frá 28. apríl 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni fyrir uppþvottavélar (Stjtíð. ESB L 111, 30.4.2011, bls. 22).

([7]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/264/ESB frá 28. apríl 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni (Stjtíð. ESB L 111, 30.4.2011, bls. 34).

([8]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/382/ESB frá 24. júní 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir handuppþvottaefni (Stjtíð. ESB L 169, 29.6.2011, bls. 40).

([9]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/383/ESB frá 28. júní 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir alhliða hreinsiefni og hreinsiefni fyrir hreinlætisaðstöðu (Stjtíð. ESB L 169, 29.6.2011, bls. 52).

10) Því ætti að breyta ákvörðunum 2009/563/EB, 2009/564/EB, 2009/578/EB, 2010/18/EB, 2011/263/ESB, 2011/264/ESB, 2011/382/ESB og 2011/383/ESB til samræmis við það.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2009/563/EB komi eftirfarandi:

„3. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „skófatnaður“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2015.“

2. gr.

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2009/564/EB komi eftirfarandi:

„4. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „tjaldstæði“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2016.“

3. gr.

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2009/578/EB komi eftirfarandi:

„4. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „gistiaðstaða í ferðaþjónustu“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2016.“

4. gr.

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2010/18/EB komi eftirfarandi:

„3. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „gólfklæðningar úr viði“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2016.“

5. gr.

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2011/263/ESB komi eftirfarandi:

„4. gr.

Viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „þvottaefni fyrir uppþvottavélar“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2016.“

6. gr.

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2011/264/ESB komi eftirfarandi:

„*4. gr.*

Viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „þvottaefni“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2016.“

7. gr.

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2011/382/ESB komi eftirfarandi:

„*4. gr.*

Viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „handuppþvottaefni“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2016.“

8. gr.

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2011/383/ESB komi eftirfarandi:

„*4. gr.*

Viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „alhliða hreinsiefni og hreinsiefni fyrir hreinlætisaðstöðu“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2016.“

9. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 2. mars 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karmenu VELLA

framkvæmdastjóri.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1322/2014 **2016/EES/27/10**

frá 19. september 2014

um viðbætur og breytingar við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2003 að því er varðar kröfur um smíði ökutækja og almennar kröfur vegna viðurkenningar á ökutækjum fyrir landbúnað og skógrækt (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 frá 5. febrúar 2013 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með ökutækjum fyrir landbúnað eða skógrækt ([1]), einkum 18. gr. (4. mgr.), 20. gr. (8. mgr.), 27. gr. (6. mgr.), 28. gr. (6. mgr.), 49. gr. (3. mgr.) 53. gr. (12. mgr.), 60. gr. (1. mgr.) og 61. gr. og 70. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Markmiðið með þessari reglugerð er að setja fram tæknilegar kröfur og prófunaraðferðir sem krafist er vegna smíði ökutækja fyrir landbúnað og skógrækt í því skyni að draga úr hættu á meiðslum einstaklinga sem starfa á ökutækinu eða með það.

2) Með ákvörðun ráðsins 97/836/EB ([2]) gerðist Sambandið aðili að samningi efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um samþykkt samræmdra tækniforskrifta fyrir ökutæki á hjólum, búnað og hluta sem heimilt er að festa og/eða nota í ökutæki á hjólum og gekk að skilyrðunum fyrir gagnkvæmri viðurkenningu viðurkenninga sem eru veittar á grundvelli þessara forskrifta (endurskoðaður samningur frá 1958). Í orðsendingu sinni CARS 2020: aðgerðaáætlun um samkeppnishæfan og sjálfbæran bílaiðnað í Evrópu lagði framkvæmdastjórnin áherslu á að samþykkt á alþjóðareglum samkvæmt samningi efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu frá 1958 sé besta leiðin til að fjarlægja viðskiptahindranir aðrar en tolla.

3) Í reglugerð (ESB) nr. 167/2013 er kveðið á um möguleikann á að beita reglugerðum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu að því er varðar ESB-gerðarviðurkenningu ökutækja. Það að reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu teljist til krafna fyrir ESB-gerðarviðurkenningu ökutækja stuðlar að því að draga úr tvíverknaði, ekki aðeins hvað varðar tæknilegar kröfur heldur einnig vottun og stjórnsýslumeðferð. Að auki ætti gerðarviðurkenning, sem með beinum hætti byggist á stöðlum sem hafa verið samþykktir á alþjóðavettvangi, að bæta markaðsaðgang í þriðju löndum, einkum þeim sem eru aðilar að endurskoðaða samningnum frá 1958, og auka þannig samkeppnishæfni iðnaðar í Sambandinu.

4) Í þágu skýrleika, fyrirsjáanleika, skynsemi og einföldunar og til að draga úr álagi á ökutækjaframleiðendur, tækniþjónustur og gerðarviðurkenningaryfirvöld er í reglugerð (ESB) nr. 167/2013 kveðið á um viðurkenningu á prófunarskýrslum sem útbúnar eru samkvæmt reglum sem Efnahags- og framfarastofnunin hefur komið á hvað varðar ESB-gerðarviðurkenningu í stað prófunarskýrslna sem eru gerðar samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 167/2013 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem eru samþykktar samkvæmt þeirri reglugerð. Því er rétt að taka saman skrá yfir þær reglur Efnahags- og framfarastofnunarinnar sem hafa viðfangsefni sem fellur undir gildissvið þessarar reglugerðar og sem geta verið grundvöllur fyrir prófunarskýrslur sem viðurkenndar eru að því er varðar ESB-gerðarviðurkenningu.

([1]) Stjtíð. ESB L 60, 2.3.2013, bls. 1.

([0]) Ákvörðun ráðsins 97/836/EB frá 27. nóvember 1997 með hliðsjón af aðild Evrópubandalagsins að samningi efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um samþykkt samræmdra tækniforskrifta fyrir ökutæki á hjólum, búnað og hluta sem heimilt er að festa og/eða nota í ökutæki á hjólum og með hliðsjón af aðild að samningnum og skilyrðunum um gagnkvæma viðurkenningu á viðurkenningum sem eru veittar á grundvelli þessara forskrifta („endurskoðaður samningur frá 1958“) (Stjtíð. EB L 346, 17.12.1997, bls. 78).

5) Með það að markmiði að aðlaga ákvæði um smíði ökutækja fyrir landbúnað og skógrækt að tækniframförum ættu nýjustu útgáfur af stöðlum Staðlasamtaka Evrópu/Rafstaðlasamtaka Evrópu eða ISO-stöðlum sem eru aðgengilegir almenningi að gilda að því er varðar tilteknar kröfur.

6) Í ljósi þess að draga úr kostnaði framleiðenda með því að gera þeim ekki lengur skylt að smíða frumgerðir til að fá ESB-gerðarviðurkenningu eru í þessari reglugerð sett fram ítarleg skilyrði um sýndarprófanir og sjálfsprófanir sem framleiðandinn framkvæmir. Framleiðendum sem ekki vilja nýta sýndarprófunaraðferðir ætti að vera heimilt að notast áfram við núverandi aðferðir sem fela í sér raunverulegar prófanir.

7) Sýndarprófunaraðferðin ætti að tryggja jafn áreiðanlegar niðurstöður og raunverulega prófunin. Því þykir rétt að mæla fyrir um viðeigandi skilyrði til að tryggja að framleiðendur eða tækniþjónusta geti á tilhlýðilegan hátt vottað reiknilíkön sem notast er við.

8) Athugun á samræmi ökutækja, íhluta eða aðskildra tæknieininga í framleiðsluferlinu er mikilvægur hluti ESB-gerðarviðurkenningarferlisins. Aðferðir að því er varðar samræmi framleiðslu fyrir ökutæki fyrir landbúnað og skógrækt ætti að bæta frekar og samræma sambærilegum aðferðum sem gilda um fólksbifreiðar.

9) Sýndaraðferðir ættu ekki að vera leyfilegar að því er varðar samræmisprófanir framleiðslu, jafnvel þegar þær eru notaðar vegna gerðarviðurkenninga, vegna þess að á því stigi felur raunveruleg prófun á ökutæki sem fyrir er ekki í sér óþarfa byrði fyrir framleiðandann.

10) Ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald eru að miklu leyti byggðar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009([3]). Í því skyni að samþykkja samhæfðu nálgunina fyrir aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald sem kveðið er á um í þessari reglugerð er rétt að flytja yfir í þessa reglugerð ákvæðin um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald sem sett eru fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 582/2011([4]) og aðlaga hana að sérstökum eiginleikum geirans fyrir ökutæki fyrir landbúnað og skógrækt.

11) Einkum er viðeigandi að samþykkja sérstakar kröfur og verklagsreglur fyrir aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja ef um er að ræða framleiðslu í litlu magni til að koma í veg fyrir óhóflega byrði. Einnig er rétt að mæla fyrir um sérstakar verklagsreglur fyrir aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja ef um er að ræða fjölþrepa gerðarviðurkenningu til að taka til greina að fleiri en einn framleiðandi á hlut að máli.

12) Að því er varðar gerðir ökutækja í flokkum R og S ættu tölurnar sem eru teknar upp til að flokka smærri framleiðendur að taka tillit til þeirrar staðreyndar að í reglugerð (ESB) nr. 167/2013 er ekki kveðið á um landsbundna gerðarviðurkenningu fyrir litla framleiðsluröð á slíkum gerðum ökutækja og ekki er hægt að undanþiggja slíka ökutækjaflokka að öllu leyti frá skyldunni að veita upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækja samkvæmt þeirri reglugerð. Ef II. viðauka við þá reglugerð er breytt í því skyni að rýmka möguleikann á að veita landsbundna gerðarviðurkenningu fyrir litlar framleiðsluraðir fyrir flokka R og S ætti framkvæmdastjórnin að íhuga að lækka þessar tölur.

13) Samræmd ákvæði um aðgang að upplýsingum úr innbyggðu greiningarkerfi ökutækja og upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja eru nauðsynleg til að bæta virka samkeppni innan innri markaðarins og starfsemi hans, einkum að því er varðar frjálsa vöruflutninga, staðfesturétt og frelsi til að veita þjónustu fyrir sjálfstæða rekstraraðila sem sjá um viðgerðir og viðhald ökutækja. Stór hluti þessara upplýsinga varðar innbyggða greiningarkerfið og samspil þess og annarra kerfa í ökutækinu. Rétt er að mæla fyrir um tækniforskriftirnar sem vefsetur framleiðenda ættu að fara eftir, auk markvissra ráðstafana til að tryggja sanngjarnan aðgang lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

14) Sameiginlegir staðlar til endurforritunar á rafstýrieiningunum sem samþykktar eru af hlutaðeigandi hagsmunaaðilum geta auðveldað upplýsingaskipti milli framleiðenda og þjónustuveitenda. Því er rétt að framleiðendur noti sameiginlega staðla. Til að draga úr álagi á framleiðendur ætti að kveða á um viðeigandi frest til framkvæmdar þeirra í þessari reglugerð.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 frá 18. júní 2009 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja og hreyfla með tilliti til losunar frá þungum ökutækjum (Euro VI) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 715/2007 og tilskipun 2007/46/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 80/1269/EBE, 2005/55/EB og 2005/78/EB (Stjtíð. ESB L 188, 18.7.2009, bls. 1).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 582/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd og breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 að því er varðar losun frá þungum ökutækjum (Euro VI) og um breytingu á I. og III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB (Stjtíð. ESB L 167, 25.6.2011, bls. 1).

15) Í því skyni að halda tækilegu kröfunum, sem eru fluttar yfir í þessa framseldu reglugerð framkvæmdastjórnarinnar, samræmdum við kröfurnar í sértilskipununum sem voru felldar niður með reglugerð (ESB) 167/2013 og við kröfurnar í stöðluðum reglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar ætti að halda viðmiðunarpunkti sætis og málpunkti sætis óbreyttum.

16) Til að geta ESB-gerðarviðurkennt sömu gerðir af dráttarvélum samkvæmt hverjum þeirra viðauka sem skráðir eru í II. viðauka eins og þær sem viðurkenndar eru samkvæmt samsvarandi reglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar og til að geta með skilvirkum hætti viðurkennt prófunarskýrslur Efnahags- og framfarastofnunarinnar að því er varðar ESB-gerðarviðurkenningu ætti gildissvið krafna ESB að vera í samræmi við gildissvið staðlaðra reglna Efnahags- og framfarastofnunarinnar.

17) Til að gera ljóst að tilteknar kröfur löggjafar Sambandsins séu í fullu samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í stöðluðum reglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar ætti texti krafnanna og númeraröðin sem sett eru fram í tilteknum viðaukum að vera samhljóma textanum og númeraröðinni í samsvarandi stöðluðum reglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar.

18) Til að draga úr fjölda meiðsla og banaslysa sem verða vegna þess að framanásettur, fellanlegur veltivarnarbúnaður fyrir dráttarvélar með lítilli sporvídd, er ekki settur upp við aðstæður sem kunna að vera hættulegar ætti að skrá nýjar kröfur sem byggjast á vinnuvistfræðilegri nálgun í IX. viðauka til að auðvelda og hvetja til þess að veltivarnarbúnaðurinn sé settur upp þegar þörf er á.

19) Þar sem dráttarvélar sem eru í notkun í skógrækt eiga á hættu að verða fyrir hlutum sem falla eða smjúga í gegn úr meiri hæð en þegar þær eru í notkun í landbúnaði ætti að gera strangari kröfur um veltigrindur til að verjast þessum hlutum að því er varðar dráttarvélar sem búnar eru til notkunar í skógrækt.

20) Þar sem stórir hlutar krafnanna sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð hafa verið fluttir yfir úr niðurfelldum tilskipunum ætti að taka upp mikilvægar breytingar ef nauðsyn krefur til að uppfæra í takt við tækniframfarir, víkka út gildissviðið þannig að það taki til frekari ökutækjaflokka eða til að auka öryggi að því er varðar, t.d.: aðgang að ökumannssæti, neyðarútganga, stjórnbúnað og staðsetningu hans, notendahandbókina, viðvaranir, tákn og skýringarmyndir, vörn gegn snertingu við heita fleti, smurkoppa, lyftistaði, vélarhlíf, brunahraða smíðaefnis stýrishúss, einangrunarkassa rafgeyma, o.s.frv.,

21) Þar sem gildissvið tilskipunar ráðsins 80/720/EBE([5]) tók ekki til dráttarvéla í flokki T2 og dráttarvéla í flokki T.4.3 sem eru með stýrishús sem er hliðrað um meira en 100 mm ætti að aðlaga kröfurnar um athafnarými og fjölda neyðarútganga til að þær taki til allra flokka dráttarvéla.

22) Þar sem margar af kröfunum og prófunaraðferðunum sem fluttar eru úr niðurfelldu tilskipununum gilda einungis um dráttarvélar sem eru búnar loftfylltum hjólbörðum, ætti að koma á sértækum kröfum og prófunaraðferðum fyrir beltadráttarvélar. Þetta á við um: hávaðamörk fyrir ökumenn dráttarvéla, aðgang að ökumannssæti, stjórnbúnað, o.s.frv.

23) Það sama gildir um ökutæki í R- og S-flokki en mæla ætti fyrir um kröfur og prófunaraðferðir fyrir þau að því er varðar hlífar og varnarbúnað, upplýsingar í notendahandbók, viðvaranir og merkingar og varnir gegn hættum af völdum annars konar vélrænna hreyfinga, s.s. þegar sturtað er af eftirvagni.

24) Auk þess ættu ökutæki í flokkum R og S að uppfylla kröfur tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/42/EB([6]), eftir því sem við á.

25) Svo fremi að öryggisstiginu sé viðhaldið ætti að leyfa annars konar kröfur og prófunaraðferðir fyrir dráttarvélar, sem eru búnar sæti sem setið er klofvega á og stýrishandfangi, til að taka tillit til sértækra tæknilegra eiginleika þeirra. Þetta er tilfellið hvað varðar sumar kröfurnar og prófunaraðferðirnar fyrir: ökumannssæti, stjórnbúnað og verndun aflrásaríhluta.

26) Tilvísuninni í kröfurnar í löggjöfinni um farþegabifreiðar fyrir öryggisbeltafestingar og öryggisbelti sem settar eru fram í niðurfelldu tilskipuninni 2003/37/EB([7]) ætti að skipta út fyrir kröfurnar sem voru aðlagaðar að sérstökum eiginleikum dráttarvéla fyrir landbúnað og skógrækt.

([5]) Tilskipun ráðsins 80/702/EBE frá 24. júní 1980 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi athafnarými, aðgang að ökumannssæti og dyr og glugga á landbúnaðardráttarvélum á hjólum (Stjtíð. EB L 194, 28.7.1980, bls. 1).

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/42/EB frá 17. maí 2006 um vélarbúnað og um breytingu á tilskipun 95/16/EB (Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 24).

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB frá 26. maí 2003 um gerðarviðurkenningu á dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt, eftirvögnum þeirra og útskiptanlegum, dregnum tækjum ásamt kerfum þeirra, íhlutum og aðskildum tæknieiningum og um niðurfellingu á tilskipun 74/150/EBE (Stjtíð. ESB L 171, 9.7.2003, bls. 1.).

27) Í því skyni að gera gerðarviðurkenningaryfirvöldum kleift að meta samræmi við kröfurnar um vernd gegn hættulegum efnum sem settar eru fram í þessari reglugerð, ættu kröfurnar að byggjast á þeirri vernd sem gerð dráttarvélar veitir í stað mögulegrar notkunar tiltekins ökutækis. Verndin sem krafist er fyrir hverja tiltekna notkun hvers hættulegs efnis ætti að ákvarðast í samræmi við viðeigandi löggjöf ESB og/eða landslöggjöf.

28) Til að tryggja að tækniþjónustur uppfylli sömu ströngu staðla um frammistöðu í öllum aðildarríkjum ætti í þessari reglugerð að setja fram staðlana sem tækniþjónusturnar þurfa að uppfylla, sem og aðferðina til að meta hvort þær uppfylli kröfurnar og faggildingu slíkra þjónusta.

29) Að því er varðar landsbundna gerðarviðurkenningu sem veitt er í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 167/2013 ætti aðildarríkjum að vera frjálst að setja kröfur um smíði sem eru frábrugðnar þeim sem kveðið er á um í þessari reglugerð. Þau ættu hins vegar að hafa þá skyldu að viðurkenna gerðir ökutækja, kerfa, íhuta og aðskilinna tæknieininga sem eru í samræmi við kröfurnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

30) Breyta ætti nokkrum færslum í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 167/2013 til að mögulegt sé að mæla fyrir um kröfur fyrir viðbótarflokka ökutækja ef nauðsyn krefur.

31) Þessi reglugerð gildir frá og með gildistökudegi reglugerðar (ESB) nr. 167/2013.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

VIÐFANGSEFNI OG SKILGREININGAR

1. gr.

Viðfangsefni

Í reglugerð þessari er komið á ítarlegum tæknilegum kröfum og prófunaraðferðum að því er varðar hönnun, smíði og samsetningu ökutækja vegna viðurkenningar á ökutækjum fyrir landbúnað og skógrækt og kerfum þeirra, íhlutum og aðskildum tæknieiningum, ítarlegu fyrirkomulagi og kröfum að því er varðar gerðarviðurkenningaraðferðir, sýndarprófanir og samræmi framleiðslu, tæknilegum forskriftum að því er varðar aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald og stöðlum og viðmiðunum um frammistöðu vegna mats á tækniþjónustum í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 167/2013.

2. gr.

Skilgreiningar.

Eftirfarandi skilgreiningar skulu gilda:

1) „Viðmiðunarpunktur sætis (S)“: punkturinn í miðju lengdarplani sætisins þar sem snertiflötur neðri hluta bakstoðar og lárétt plan skerast. Þetta lárétta plan sker burðarflöt sætisins að neðanverðu 150 mm fyrir framan viðmiðunarpunkt sætisins (S) eins og ákvarðað er í 8. viðbæti við XIV. viðauka.

2) „Stjórnbúnaður“: allur búnaður sem gerir kleift, þegar hann er virkjaður, að breyta ástandi eða notkun dráttarvélarinnar eða þess búnaðar sem við hana er tengdur.

3) „Hlíf“: hlífðarbúnaður sem er staðsettur beint framan við hættulega hlutann og annaðhvort einn og sér eða ásamt öðrum hlutum vélarinnar, er vörn gegn snertingu við hættulega hlutann frá öllum hliðum.

4) „Varnargrind“: hlífðarbúnaður sem með grindum, grillum eða áþekkum búnaði heldur hættulega hlutanum í öruggri fjarlægð þannig að komið er í veg fyrir snertingu við hann.

5) „Skermur“: hlífðarbúnaður sem er staðsettur beint framan við hættulega hlutann og er vörn gegn snertingu við hann frá þeirri hlið.

6) Með „tryggilega festur“ er átt við að einungis er unnt að fjarlægja slíkan búnað með verkfærum.

7) „Heitur flötur“: málmflötur dráttarvélarinnar sem nær, við venjulega notkun eins og hún er fyrirhuguð af framleiðanda, hitastigi sem er hærra en 85 °C eða plastflötur sem nær hitastigi sem er hærra en 100 °C.

II. KAFLI

SMÍÐI ÖKUTÆKIS OG ALMENNAR GERÐARVIÐURKENNINGARKRÖFUR

3. gr.

Almennar skyldur framleiðanda að því er varðar smíði ökutækis

1. Framleiðendur skulu búa ökutæki fyrir landbúnað og skógrækt með kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem hafa áhrif á öryggi á vinnustað, sem eru hönnuð, smíðuð og sett saman þannig að ökutæki við eðlilega notkun sem viðhaldið er í samræmi við forskriftir framleiðanda uppfylli ítarlegar tæknilegar kröfur og prófunaraðferðir sem settar eru fram í 4. til 32. gr.

2. Framleiðendur skulu með raunverulegri sýniprófun sýna viðurkenningaryfirvaldi fram á að ökutæki fyrir landbúnað og skógrækt sem sett eru á markað, skráð eða tekin í notkun í Sambandinu uppfylli ítarlegar tæknilegar kröfur og prófunaraðferðir sem mælt er fyrir um í 4. til 32. gr. þessarar reglugerðar.

3. Framleiðendur skulu tryggja að varahlutir og búnaður sem boðnir eru fram á markaði eða teknir í notkun í Sambandinu uppfylli ítarlegar tæknilegar kröfur og prófunaraðferðir sem um getur í þessari reglugerð. Viðurkennt ökutæki fyrir landbúnað og skógrækt sem búið er slíkum varahlutum eða búnaði skal uppfylla sömu prófunarkröfur og viðmiðunarmörk vegna notkunar og ökutæki sem búið er upprunalegum hlut.

4. Framleiðendur skulu tryggja að farið sé að gerðarviðurkenningaraðferðum til að sannprófa samræmi framleiðslu, að því er varðar ítarlegar kröfur um smíði ökutækis sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

4. gr.

Beiting reglugerða efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu

Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu og breytingar á henni sem settar eru fram í I. viðauka við þessa reglugerð gilda um gerðarviðurkenningu ökutækis fyrir landbúnað og skógrækt með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

5. gr.

Viðurkenning prófunarskýrslna sem gefnar eru út á grundvelli reglna Efnahags- og framfarastofnunarinnar að því er varðar ESB-gerðarviðurkenningar

Í samræmi við 50. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skulu prófunarskýrslurnar sem gefnar eru út á grundvelli reglna Efnahags- og framfarastofnunarinnar sem settar eru fram í II. viðauka við þessa reglugerð viðurkenndar að því er varðar ESB gerðarviðurkenningu í stað prófunarskýrslunnar sem gefin er út á grundvelli þessarar reglugerðar.

6. gr.

Fyrirkomulag að því er varðar gerðarviðurkenningaraðferðir, þ.m.t. kröfur varðandi sýndarprófun

Í III. viðauka við þessa reglugerð skal mæla fyrir um fyrirkomulagið að því er varðar gerðarviðurkenningaraðferðirnar sem um getur í 8. mgr. 20. gr. í reglugerð (ESB) nr. 167/2013 og kröfurnar varðandi sýndarprófun sem um getur í 6. mgr. 27. gr. í þeirri reglugerð.

7. gr.

Fyrirkomulag að því er varðar framleiðslusamræmi

Í IV. viðauka við þessa reglugerð skal mæla fyrir um fyrirkomulagið að því er varðar framleiðslusamræmi sem um getur í 6. mgr. 28. gr. í reglugerð (ESB) nr. 167/2013.

8. gr.

Kröfur að því er varðar aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald

Í V. viðauka við þessa reglugerð skal mæla fyrir um fyrirkomulagið að því er varðar aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald sem um getur í 12. mgr. 53. gr. í reglugerð (ESB) nr. 167/2013.

9. gr.

Kröfur sem gilda um veltivarnarbúnað (hreyfiprófun)

Prófunaraðferðir og kröfur sem gilda um veltivarnarbúnað að því er varðar hreyfiprófun fyrir ökutæki í flokkum T1, T4.2 og T4.3 sem um getur í a-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við VI. viðauka við þessa reglugerð.

10. gr.

Kröfur sem gilda um veltivarnarbúnað (beltadráttarvélar)

Prófunaraðferðir og kröfur sem gilda um veltivarnarbúnað að því er varðar beltadráttarvélar fyrir ökutæki í flokkum C1, C2, C4.2 og C4.3 sem um getur í a-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við VII. viðauka við þessa reglugerð.

11. gr.

Kröfur sem gilda um veltivarnarbúnað (kyrrstöðuprófun)

Í stað krafnanna sem mælt er fyrir um í 9. og 10. gr. mega framleiðendur velja að uppfylla kröfurnar í þessari grein ef gerð ökutækisins fellur innan notkunarsviðsins sem sett er fram í VII. viðauka við þessa reglugerð. Prófunaraðferðir og kröfur sem gilda um veltivarnarbúnað að því er varðar kyrrstöðuprófun fyrir ökutæki í flokkum T1/C1, T4.2/C4.2 og T4.3/C4.3 sem um getur í a-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við VIII. viðauka við þessa reglugerð.

12. gr.

Kröfur sem gilda um veltivarnarbúnað (framanásettan veltivarnarbúnað á dráttarvélum með lítilli sporvídd)

Prófunaraðferðir og kröfur sem gilda um framanásettan veltivarnarbúnað á dráttarvélum með lítilli sporvídd fyrir ökutæki í flokkum T2, T3 og T4.3 sem um getur í a-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við VII. viðauka við þessa reglugerð.

13. gr.

Kröfur sem gilda um veltivarnarbúnað (aftanásettan veltivarnarbúnað á dráttarvélum með lítilli sporvídd)

Prófunaraðferðir og kröfur sem gilda um aftanásettan veltivarnarbúnað á dráttarvélum með lítilli sporvídd fyrir ökutæki í flokkum T2/C2, T3/C3 og T4.3/C4.3 sem um getur í a-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við X. viðauka við þessa reglugerð.

14. gr.

Kröfur sem gilda um fallvarnargrindur

Prófunaraðferðir og kröfur sem gilda um fallvarnargrindur fyrir ökutæki í flokkum T og C sem um getur í b-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XI. viðauka við þessa reglugerð.

15. gr.

Kröfur sem gilda um farþegasæti

Prófunaraðferðir og kröfur sem gilda um farþegasæti fyrir ökutæki í flokkum T og C sem um getur í c-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XII. viðauka við þessa reglugerð.

16. gr.

Kröfur sem gilda um váhrif sem ökumaður verður fyrir vegna hávaðastigs

Prófunaraðferðir og kröfur sem gilda um váhrif sem ökumaður verður fyrir vegna hávaðastigs fyrir ökutæki í flokkum T og C sem um getur í d-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XIII. viðauka við þessa reglugerð.

17. gr.

Kröfur sem gilda um ökumannssætið

Prófunaraðferðir og kröfur sem gilda um ökumannssætið fyrir ökutæki í flokkum T og C sem um getur í e-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XIV. viðauka við þessa reglugerð.

18. gr.

Kröfur sem gilda um athafnarými og aðgang að ökumannssæti

Prófunaraðferðir og kröfur sem gilda um athafnarými og aðgang að ökumannssæti fyrir ökutæki í flokkum T og C sem um getur í f-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XV. viðauka við þessa reglugerð.

19. gr.

Kröfur sem gilda um aflúttök

Prófunaraðferðir og kröfur sem gilda um aflúttök fyrir ökutæki í flokkum T og C sem um getur í g-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XVI. viðauka við þessa reglugerð.

20. gr.

Kröfur sem gilda um verndun aflrásaríhluta

Prófunaraðferðir og kröfur sem gilda um verndun aflrásaríhluta fyrir ökutæki í flokkum T og C sem um getur í h-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XVII. viðauka við þessa reglugerð.

21. gr.

Kröfur sem gilda um öryggisbeltafestingar

Prófunaraðferðir og kröfur sem gilda um öryggisbeltafestingar fyrir ökutæki í flokkum T og C sem um getur í i-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XVII. viðauka við þessa reglugerð.

22. gr.

Kröfur sem gilda um öryggisbelti

Prófunaraðferðir og kröfur sem gilda um öryggisbelti fyrir ökutæki í flokkum T og C sem um getur í j-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XIX. viðauka við þessa reglugerð.

23. gr.

Kröfur sem gilda um vernd gegn hlutum sem smjúga í gegn

Prófunaraðferðir og kröfur sem gilda um vernd gegn hlutum sem smjúga í gegn fyrir ökutæki í flokkum T og C sem um getur í k-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XX. viðauka við þessa reglugerð.

24. gr.

Kröfur sem gilda um útblásturskerfi

Prófunaraðferðir og kröfur sem gilda um útblásturskerfi fyrir ökutæki í flokkum T og C sem um getur í l-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XXI. viðauka við þessa reglugerð.

25. gr.

Kröfur sem gilda um notendahandbókina

Í XXII. viðauka við þessa reglugerð skal mæla fyrir um kröfurnar sem gilda um notendahandbókina, þ.m.t þætti varðandi vörn gegn hættulegum efnum og starfrækslu og viðhald ökutækisins, fyrir ökutæki í flokkum T, C, R og S sem um getur í l-, n- og q-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013.

26. gr.

Kröfur sem gilda um stjórntæki, þ.m.t. öryggi og áreiðanleika stjórnkerfa og neyðarhemlabúnaðar og sjálfvirks hemlabúnaðar

Prófunaraðferðir og kröfur sem gilda um stjórntæki, þ.m.t. öryggi og áreiðanleika stjórnkerfa og neyðarhemlabúnaðar og sjálfvirks hemlabúnaðar fyrir ökutæki í flokkum T og C sem um getur í o-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XXIII. viðauka við þessa reglugerð.

27. gr.

Kröfur sem gilda um varnir gegn hættum af völdum vélrænna hreyfinga

Prófunaraðferðir og kröfur sem gilda um varnir gegn hættum af völdum vélrænna hreyfinga, þ.m.t þættir varðandi vörn gegn grófri áferð, hvössum köntum og hornum, rofi í leiðslum sem flytja vökva og stjórnlausri hreyfingu ökutækisins, aðrar en þær sem um getur í 9. til 14. gr., 19. gr. og 23. gr. fyrir ökutæki í flokkum T, C, R og S sem um getur í p-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XXIV. viðauka við þessa reglugerð.

28. gr.

Kröfur sem gilda um hlífar og varnarbúnað

Prófunaraðferðir og kröfur sem gilda um hlífar og varnarbúnað fyrir ökutæki í flokkum T, C, R og S sem um getur í t-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XXV. viðauka við þessa reglugerð.

29. gr.

Kröfur sem gilda um upplýsingar, viðvörunarmerki og merkingar

Prófunaraðferðir og kröfur sem gilda um upplýsingar, viðvörunarmerki og merkingar, þ.m.t. viðvörunarmerki að því er varðar hemlun og notkun og viðhald ökutækis, fyrir ökutæki í flokkum, T, C, R og S sem um getur í s-lið 2. mgr. 18. gr. í reglugerð (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XXVI. viðauka við þessa reglugerð.

30. gr.

Kröfur sem gilda um smíðaefni og vörur

Prófunaraðferðir og kröfur sem gilda um smíðaefni og vörur fyrir ökutæki í flokkum T og C sem um getur í t-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XXVII. viðauka við þessa reglugerð.

31. gr.

Kröfur sem gilda um rafgeyma

Prófunaraðferðir og kröfur sem gilda um rafgeyma fyrir ökutæki í flokkum T og C sem um getur í u-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XXVIII. viðauka við þessa reglugerð.

32. gr.

Kröfur sem gilda um vörn gegn hættulegum efnum

Prófunaraðferðir og kröfur sem gilda um vörn gegn hættulegum efnum fyrir ökutæki í flokkum T og C sem um getur í l-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XXIX. viðauka við þessa reglugerð.

III. KAFLI

KRÖFUR VARÐANDI TÆKNIÞJÓNUSTU

33. gr.

Staðlar um frammistöðu sem og mat á tækniþjónustu

Tækniþjónusta skal uppfylla staðla um frammistöðu og verklag vegna mats á þeim sem um getur í 61. gr. í reglugerð (ESB) nr. 167/2013 sem skal staðfest í samræmi við XXX. viðauka við þessa reglugerð.

34. gr.

Að hvaða marki sjálfsprófun er heimiluð

Sjálfsprófun innri tækniþjónustu sem um getur í 1. mgr. 60. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 má aðeins framkvæma þegar þær eru heimilar skv. III. viðauka við þessa reglugerð.

IV. KAFLI

LANDSBUNDIN GERÐARVIÐURKENNING ÖKUTÆKJA, KERFA, ÍHLUTA EÐA AÐSKILINNA TÆKNIEININGA

35. gr.

Landsbundin gerðarviðurkenning ökutækja, kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga

Landsyfirvöld skulu ekki synja um veitingu landsbundinnar gerðarviðurkenningar fyrir gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar á grundvelli krafna um smíði ef ökutækið, kerfið, íhluturinn eða aðskilda tæknieiningin uppfyllir þær kröfur sem settar eru fram í þessari reglugerð:

V. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

36. gr.

Breytingar á I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 167/2013

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 167/2013 er breytt sem hér segir:

1) í röð nr. 39 komi „X“ í stað færslnanna sem samsvara ökutækjaflokkum Ca og Cb,

2) í röð nr. 41 komi „X“ í stað færslnanna sem samsvara ökutækjaflokkum T2a og T2b,

3) í röð nr. 43 komi „X“ í stað færslnanna sem samsvara ökutækjaflokkum Ca og Cb,

4) í röð nr. 44 komi „X“ í stað færslnanna sem samsvara ökutækjaflokkum Ca og Cb.

37. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. september 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

SAMANTEKT

Númer viðauka	Heiti viðauka	Bls.
Smíði ökutækis og almennar gerðarviðurkenningarkröfur		
I	Beiting reglugerða efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu	12
II	Viðurkenning prófunarskýrslna sem gefnar eru út á grundvelli reglna Efnahags- og framfarastofnunarinnar að því er varðar ESB-gerðarviðurkenningar	13
III	Fyrirkomulag að því er varðar gerðarviðurkenningaraðferðir, þ.m.t. kröfur varðandi sýndarprófun	14
IV	Fyrirkomulag að því er varðar framleiðslusamræmi	18
V	Kröfur að því er varðar aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald	22
VI	Kröfur sem gilda um veltivarnarbúnað (hreyfiprófun)	30
VII	Kröfur sem gilda um veltivarnarbúnað (beltadráttarvélar)	51
VIII	Kröfur sem gilda um veltivarnarbúnað (kyrrstöðuprófun)	78
IX	Kröfur sem gilda um veltivarnarbúnað (framanásettan veltivarnarbúnað á dráttarvélum með lítilli sporvídd)	105
X	Kröfur sem gilda um veltivarnarbúnað (aftanásettan veltivarnarbúnað á dráttarvélum með lítilli sporvídd)	182
XI	Kröfur sem gilda um fallvarnargrindur	214
XII	Kröfur sem gilda um farþegasæti	223
XIII	Kröfur sem gilda um váhrif sem ökumaður verður fyrir vegna hávaðastigs	224
XIV	Kröfur sem gilda um ökumannssætið	228
XV	Kröfur sem gilda um athafnarými og aðgang að ökumannssæti	265
XVI	Kröfur sem gilda um aflúttök	275

Númer viðauka	Heiti viðauka	Bls.
XVII	Kröfur sem gilda um verndun aflrásaríhluta	276
XVIII	Kröfur sem gilda um öryggisbeltafestingar	288
XIX	Kröfur sem gilda um öryggisbelti	292
XX	Kröfur sem gilda um vernd gegn hlutum sem smjúga í gegn	293
XXI	Kröfur sem gilda um útblásturskerfi	294
XXII	Kröfur sem gilda um notendahandbókina	295
XXIII	Kröfur sem gilda um stjórntæki, þ.m.t. öryggi og áreiðanleika stjórnkerfa og neyðarhemlabúnaðar og sjálfvirks hemlabúnaðar	300
XXIV	Kröfur sem gilda um varnir gegn hættum af völdum vélrænna hreyfinga	308
XXV	Kröfur sem gilda um hlífar og varnarbúnað	310
XXVI	Kröfur sem gilda um upplýsingar, viðvörunarmerki og merkingar	311
XXVII	Kröfur sem gilda um smíðaefni og vörur	312
XXVIII	Kröfur sem gilda um rafgeyma	313
XXIX	Kröfur sem gilda um vörn gegn hættulegum efnum	314

Kröfur varðandi tækniþjónustu

XXX	Staðlar um frammistöðu sem og mat á tækniþjónustu	315

I. VIÐAUKI

Beiting reglugerða efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu

Reglugerð efnahags-nefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr.	Viðfangsefni	Röð breytinga	Tilvísun í Stjtíð.	Gildissvið
14	Öryggisbeltafestingar, Isofix-festibúnaður og festingar fyrir efri Isofix-reim	1. viðbót við röð breytinga nr. 07	Stjtíð. ESB L 109, 28.4.2011, bls. 1.	T og C
16	Öryggisbelti, aðhaldsbúnaður og aðhaldsbúnaður fyrir börn	1. viðbót við röð breytinga nr. 06	Stjtíð. ESB L 233, 9.9.2011, bls. 1.	T og C
43	Rúður úr öryggisgleri	12. viðbót við röð breytinga nr. 00	Stjtíð. ESB L 230, 31.8.2010, bls. 119.	T og C
60	Stjórntæki sem ökumaður stjórnar — auðkenning stjórntækja, gaumbúnaðar og merkjabúnaðar (létt bifhjól/bifhjól)		Stjtíð. ESB L 95, 31.3.2004, bls. 10.	T og C
79	Stýrisbúnaður	3. viðbót við röð breytinga nr. 01 og leiðrétting 20. janúar 2006	Stjtíð. EB L 137, 27.5. 2008, bls. 25.	T og C

Til skýringar:

Það að íhlutur sé talinn upp í þessari skrá þýðir ekki að uppsetning hans sé lögboðin. Hvað varðar tiltekna íhluti er þó mælt fyrir um lögboðnar kröfur í öðrum viðaukum við þessa reglugerð.

II. VIÐAUKI

Viðurkenning prófunarskýrslna sem gefnar eru út á grundvelli reglna Efnahags- og framfarastofnunarinnar að því er varðar ESB-gerðarviðurkenningar

Prófunar-skýrsla á grundvelli reglna Efnahags- og framfara-stofnunar-innar nr.	Viðfangsefni	Útgáfa	Gildissvið	Í stað prófunarskýrslu ESB á grundvelli
3	Opinberar prófanir á veltigrindum á dráttarvélum fyrir landbúnað og skógrækt (hreyfiprófun)	Útgáfa 2015-júlí 2014-	T1, T4.2 og T4.3	IV. viðauki og XVIII. viðauki (ef öryggisbeltafestingar hafa verið prófaðar)
4	Opinberar prófanir á veltigrindum á dráttarvélum fyrir landbúnað og skógrækt (kyrrstöðuprófun)	Útgáfa 2015-júlí 2014-	T1/C1, T4.2/C4.2 og T4.3/C4.3	VIII. viðauki og XVIII. viðauki (ef öryggisbeltafestingar hafa verið prófaðar)
5	Opinberar mælingar á hávaða við ökumannssæti dráttarvéla fyrir landbúnað og skógrækt	Útgáfa 2015-júlí 2014-	T og C	XIII. viðauki
6	Opinberar prófanir á framanásettum veltivarnarbúnaði dráttarvéla fyrir landbúnað og skógrækt á hjólum með lítilli sporvídd	Útgáfa 2015-júlí 2014-	T2, T3 og T4.3	IX. viðauki og XVIII. viðauki (ef öryggisbeltafestingar hafa verið prófaðar)
7	Opinberar prófanir á aftanásettum veltivarnarbúnaði dráttarvéla fyrir landbúnað og skógrækt á hjólum með lítilli sporvídd	Útgáfa 2015-júlí 2014-	T2/C2, T3/C3 og T4.3/C4.3,	X. viðauki og XVIII. viðauki (ef öryggisbeltafestingar hafa verið prófaðar)
8	Opinberar prófanir á veltigrindum á beltadráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt	Útgáfa 2015-júlí 2014-	C1, C2, C4.2 og C4.3	VII. viðauki og XVIII. viðauki (ef öryggisbeltafestingar hafa verið prófaðar)
10	Opinberar prófanir á fallvarnargrindum á dráttarvélum fyrir landbúnað og skógrækt	Útgáfa 2015-júlí 2014-	T og C	XI. viðauki C-hluti

III. VIÐAUKI

Fyrirkomulag að því er varðar gerðarviðurkenningaraðferðir, þ.m.t. kröfur varðandi sýndarprófun

1. **Gerðarviðurkenningarferli**

Þegar viðurkenningaryfirvald tekur á móti umsókn um gerðarviðurkenningu ökutækis skal það:

1.1. sannprófa að öll ESB-gerðarviðurkenningarvottorð sem gefin eru út og prófunarskýrslur sem eru gerðar samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 167/2013 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir sem samþykktar eru samkvæmt þeirri reglugerð sem gilda um gerðarviðurkenningu ökutækis taki til gerðar ökutækisins og samsvari þeim kröfum sem mælt er fyrir um,

1.2. ganga úr skugga um, með því að athuga skjölin, að forskriftir og gögn í upplýsingaskjalinu um ökutækið séu í gögnunum í upplýsingasöfnunum og ESB-gerðarviðurkenningarvottorðunum sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 167/2013 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir sem samþykktar eru samkvæmt þeirri reglugerð,

1.3. skoða eða láta skoða hluti og kerfi úr ökutækjum úr völdu úrtaki ökutækja af þeirri gerð sem á að viðurkenna til að sannprófa að ökutækið eða ökutækin séu smíðuð í samræmi við viðkomandi gögn í viðurkenndu upplýsingasafni varðandi reglugerð (ESB) nr. 167/2013 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir sem samþykktar eru samkvæmt þeirri reglugerð,

1.4. athuga eða láta viðeigandi athuganir fara fram á uppsetningu aðskildra tæknieininga þar sem það á við,

1.5. hafa eftirlit með eða sjá til þess að eftirlit sé haft með því að viðfangsefnin sem kveðið er á um í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 167/2013 séu fyrir hendi,

2. **Samsetning tækniforskrifta**

Fjöldi ökutækja, sem leggja skal fram, skal vera nægilega mikill til að unnt sé að hafa fullnægjandi eftirlit með ólíkum samsetningum sem eiga að fá gerðarviðurkenningu í samræmi við eftirfarandi viðmiðanir:

2.1. knúningseining,

2.2. gírkassi,

2.3. aflásar (fjöldi, staðsetning og samtenging)

2.4. stýriásar (fjöldi og staðsetning),

2.5. hemlakerfi og hemlaðir ásar (fjöldi),

2.6. veltivarnarbúnaður,

2.7. vörn gegn hættulegum efnum.

3. **Sértæk ákvæði**

Ef engin viðurkenningarvottorð eða prófunarskýrslur að því er varðar viðfangsefnin sem reglugerð (ESB) nr. 167/2013 eða framseldu gerðirnar eða framkvæmdagerðirnar sem samþykktar eru samkvæmt þeirri reglugerð eru til staðar, skal viðurkenningaryfirvaldið:

3.1. framkvæma eða láta framkvæma nauðsynlegar prófanir og athuganir eins og krafist er í reglugerð (ESB) nr. 167/2013 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru samkvæmt þeirri reglugerð,

3.2. sannprófa að ökutækið sé í samræmi við atriðin í upplýsingamöppu ökutækisins og að það standist tæknikröfur reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 og framseldra gerða og framkvæmdargerða sem samþykktar eru samkvæmt þeirri reglugerð,

3.3. athuga eða láta viðeigandi athuganir fara fram á uppsetningu íhluta og aðskildra tæknieininga þar sem það á við,

4. **Aðferðir sem beita skal við fjölþrepa ESB-gerðarviðurkenningu**

4.1. Almenn atriði

4.1.1. Fullnægjandi árangur fjölþrepa ESB-gerðarviðurkenningar næst einungis með samvinnu allra framleiðenda sem hlut eiga að máli. Í þessu augnamiði skulu yfirvöld sem annast gerðarviðurkenningar ganga úr skugga um, áður en þau veita viðurkenningu á fyrsta þrepi eða hærri þrepum, að viðeigandi fyrirkomulag sé til staðar varðandi framsetningu og skipti á skjölum og upplýsingum milli viðkomandi framleiðenda þannig að fullbúin ökutækjagerð í áföngum standist tæknikröfur reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 og framseldra gerða og framkvæmdargerða sem samþykktar eru samkvæmt þeirri reglugerð. Í þeim upplýsingum skal lýsa viðkomandi viðurkenningum á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum, svo og á þeim hlutum ökutækisins sem eru hlutar hins ófullbúna ökutækis en hafa ekki enn fengið viðurkenningu.

4.1.2. ESB-gerðarviðurkenningar í samræmi við 4. lið eru veittar á grundvelli þess smíðaþreps sem ökutækjagerðin er á og skulu innihalda allar viðurkenningar sem veittar hafa verið á fyrri þrepum.

4.1.3. Sérhver framleiðandi, sem tekur þátt í ferli fjölþrepa ESB-gerðarviðurkenningar, er ábyrgur fyrir viðurkenningu og framleiðslusamræmi allra kerfa, íhluta eða aðskildra tæknieininga sem hann framleiðir eða sem hann bætir við það smíðaþrep sem fyrir er. Hann er ekki ábyrgur fyrir viðfangsefnum sem voru viðurkennd á fyrri þrepum nema hann hafi breytt viðkomandi hlutum á þann veg að fyrri viðurkenning, sem veitt hefur verið, hafi fallið úr gildi.

4.2. Aðferðir

Viðurkenningaryfirvald skal:

4.2.1. sannprófa að öll ESB-gerðarviðurkenningarvottorð sem gefin eru út og prófunarskýrslur sem eru gerðar samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 167/2013 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir sem samþykktar eru samkvæmt þeirri reglugerð sem gilda um gerðarviðurkenningu ökutækis taki til gerðar ökutækisins á smíðastigi þess og samsvari þeim kröfum sem mælt er fyrir um,

4.2.2. ganga úr skugga um að öll gögn, sem máli skipta, séu í upplýsingamöppunni, að teknu tilliti til smíðaþreps ökutækisins,

4.2.3. ganga úr skugga um, með því að athuga skjölin, að forskriftir og gögn í upplýsingamöppunni um ökutækið séu í gögnunum í upplýsingasafninu og/eða ESB-gerðarviðurkenningarvottorði í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 167/2013 eða framseldar gerðir og framkvæmdargerðir sem samþykktar eru samkvæmt þeirri reglugerð með skírskotun til viðurkenninga á grundvelli viðkomandi stjórnvaldsfyrirmæla og, þegar um er að ræða fullbúið ökutæki í áföngum, og lið í upplýsingamöppu vantar í upplýsingasafn, staðfesta að viðkomandi hluti eða eiginleiki sé í samræmi við atriðin í upplýsingamöppunni,

4.2.4 skoða eða láta skoða hluti og kerfi úr ökutækjum úr völdu úrtaki ökutækja af þeirri gerð sem á að viðurkenna til að sannprófa að ökutækið eða ökutækin séu smíðuð í samræmi við viðkomandi gögn í viðurkenndu upplýsingasafni varðandi reglugerð (ESB) nr. 167/2013 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir sem samþykktar eru samkvæmt þeirri reglugerð,

4.2.5. athuga eða láta viðeigandi athuganir fara fram á uppsetningu aðskildra tæknieininga þar sem það á við,

4.3. Fjöldi ökutækja sem skoða á í samræmi við lið 4.2.4 skal vera nægilega mikill til að unnt sé að hafa fullnægjandi eftirlit með ólíkum samsetningum sem eiga að fá ESB-gerðarviðurkenningu í samræmi við smíðastig ökutækis og viðmiðanir sem settar eru fram í lið 2.

5. **Skilyrði fyrir framkvæmd sýndarprófana og kröfur sem má gera til sýndarprófana**

5.1. *Markmið og gildissvið*

Í þessum 5. lið er mælt fyrir um viðeigandi ákvæði er varða sýndarprófun í samræmi við 6. mgr. 27. gr. í reglugerð (ESB) nr. 167/2013. *Hann gildir ekki um annan undirlið 3. mgr. 27. gr. þeirrar reglugerðar.*

5.2. *Skrá yfir kröfur sem má gera í sýndarprófunum*

Tafla 1

Skrá yfir kröfur sem má gera í sýndarprófunum

Tilvísun í framselda gerð	Viðauki nr.	Krafa	Takmarkanir/ athugasemdir
Reglugerð um kröfur varðandi smíði ökutækja	IX	áframhaldandi veltur eða stöðvaðar veltur ef um er að ræða dráttarvél með litla sporvídd í hliðarveltu með hlífðargrind sem er fest framan við ökumannssætið	Liður B4

6. **Skilyrði fyrir framkvæmd sýndarprófana**

6.1. Sýndarprófunarmynstur

Eftirfarandi kerfi skal nota sem grunn að lýsingu og framkvæmd sýndarprófanna:

6.1.1 tilgangur,

6.1.2 tegund burðarvirkis,

6.1.3. jaðarskilyrði,

6.1.4. álagsforsendur,

6.1.5. útreikningar,

6.1.6. mat,

6.1.7. skjöl.

6.2. Grunnatriði tölvuhermunar og útreikninga

6.2.1. Reiknilíkan

Framleiðandi skal leggja fram reiknilíkan. Það skal endurspegla hversu flókið burðarvirki ökutækis, kerfi og íhlutir sem á að prófa eru í tengslum við kröfur. Sömu ákvæði skulu eiga við að breyttu breytanda um prófanir íhluta eða tæknieininga óháð ökutækinu.

6.2.2 Fullgildingarferli reiknilíkans

Fullgilda skal reiknilíkanið með samanburði við raunveruleg prófunarskilyrði. Raunveruleg prófun skal framkvæmd í þeim tilgangi að bera saman niðurstöður sem fást þegar reiknilíkanið er notað við niðurstöður raunverulegrar prófunar. Sýna skal fram á samanburðarhæfi niðurstaðna úr prófunum. Framleiðandi eða tækniþjónusta skal semja fullgildingarskýrslu og leggja fyrir viðurkenningaryfirvald. Athygli viðurkenningaryfirvalds skal vakin á sérhverri breytingu sem gerð er á reiknilíkani eða hugbúnaði sem líklegt er að ógildi fullgildingarskýrslu sem kann að krefjast þess að nýtt fullgildingarferli fari fram. Flæðirit fullgildingarferlis er sýnt á mynd 1 í lið 7.

6.2.3 Skjöl

Gögn og hjálpartæki sem notuð eru við hermunina og útreikninginn skal framleiðandi gera tiltæk og skjalfesta á viðeigandi hátt.

6.2.4 Tæki og aðstoð

Framleiðandi skal, að beiðni tækniþjónustu, veita aðgang að nauðsynlegum tækjum, þ.m.t. viðeigandi hugbúnaði,


6.2.5 Að auki skal framleiðandinn veita tækniþjónustunni viðeigandi stuðning.

6.2.6 Að veita aðgang og aðstoð dregur ekki úr skyldum tækniþjónustu að því er varðar færni starfsfólks, greiðslu leyfisréttinda og virðingu við trúnað.

7. **Fullgildingarferli sýndarprófunar**

Mynd 1

Flæðirit fyrir fullgildingarferli sýndarprófunar



IV. VIÐAUKI

Fyrirkomulag að því er varðar framleiðslusamræmi

1. **Skilgreiningar**

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1.1. „gæðastjórnunarkerfi“: safn tengdra eða samverkandi þátta sem stofnanir nota til að stjórna og hafa eftirlit með því hvernig gæðastefnum er framfylgt og gæðamarkmiðum náð,

1.2. „úttekt“:ferlið við að safna vísbendingum sem notaðar eru til að meta hversu vel úttektarviðmiðunum er beitt, það skal vera hlutlægt, óhlutdrægt og óháð, og úttektarferlið skal vera bæði kerfisbundið og skjalfest,

1.3. „aðgerðir til úrbóta“: ferli til úrlausna vandamála þar sem skref eru tekin til að fjarlægja ástæður fyrir frávikum eða óæskilegum aðstæðum og er þannig hannað að það komi í veg fyrir að þær endurtaki sig,

2. **Tilgangur**

2.1. Aðferðin til að tryggja samræmi framleiðslu miðar að því að tryggja að sérhvert ökutæki, kerfi, íhlutur og aðskilin tæknieining, hluti eða búnaður sem framleiddur er sé í samræmi við forskriftar-, afkasta- og merkingakröfur viðurkenndu gerðarinnar.

2.2. Aðferðin tekur alltaf til mats á gæðastjórnunarkerfum, sem lýst er í „Frummati“ og sett fram í lið 3 og til sannprófunar og eftirlits með framleiðslu sem lýst er í „Fyrirkomulag varðandi samræmi framleiðslunnar“ og sett er fram í lið 4.

3. **Frummat**

3.1. Áður en gerðarviðurkenning er veitt skal viðurkenningaryfirvald sannprófa að fyrir hendi séu fullnægjandi vinnutilhögun og aðferðir sem framleiðandi hefur komið á til að tryggja skilvirkt eftirlit þannig að ökutæki, kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar séu framleidd í samræmi við viðurkennda gerð.

3.2. Leiðbeiningar um úttekt á gæða- og/eða umhverfisstjórnunarkerfum sem settar eru fram í EN ISO-staðli 19011:2011 skulu gilda um frummatið.

3.3. Sýna skal viðurkenningaryfirvaldinu, sem veitir gerðarviðurkenninguna, fram á að kröfurnar sem um getur í lið 3.1 séu uppfylltar. Frummatið og fyrirkomulag til að tryggja samræmi framleiðslu sem um getur í 4. lið í þessum viðauka skulu vera fullnægjandi að mati sömu yfirvalda, að teknu tilliti, eftir því sem þurfa þykir og við á, til eins eða fleiri þátta þess fyrirkomulags sem lýst er í liðum 3.3.1-1.3.3 hér á eftir.

3.3.1 Framkvæmd frummatsins og/eða sannprófun á samræmi framleiðslunnar getur hvort heldur sem er verið í höndum viðurkenningaryfirvaldsins eða tilnefnds aðila sem starfar í umboði viðurkenningaryfirvaldsins.

3.3.1.1. Þegar viðurkenningaryfirvald metur umfang frummatsins sem gera þarf getur það stuðst við fyrirliggjandi upplýsingar um eftirfarandi atriði:

3.3.1.1.1. vottun framleiðandans, sem lýst er í lið 3.3.3, hafi hann ekki fengið réttindi eða viðurkenningu samkvæmt þeim lið,

3.3.1.1.2. þegar um er að ræða gerðarviðurkenningu íhluta eða aðskilinna tæknieininga, mat á gæðaeftirlitskerfi sem ökutækjaframleiðandi/-framleiðendur framkvæmir/-kvæma á athafnasvæði framleiðanda íhluta eða aðskilinna tæknieininga í samræmi við eina eða fleiri af forskriftum iðngreinarinnar og sem uppfyllir kröfur samræmds staðals EN ISO 9001:2008.

3.3.2 Framkvæmd frummatsins og/eða sannprófun á samræmi framleiðslunnar getur einnig verið í höndum gerðarviðurkenningaryfirvalds annars aðildarríkis eða tilnefnda aðilans sem gerðarviðurkenningaryfirvaldið tilnefnir í þessu skyni.

3.3.2.1. Í slíku tilviki skal viðurkenningaryfirvaldið í síðarnefnda aðildarríkinu gefa yfirlýsingu þar sem fram kemur hvaða svið og framleiðsluaðstaða var talin skipta máli að því er varðar ökutæki, kerfi, íhluti eða aðskildar tæknieiningar sem á að gerðarviðurkenna.

3.3.2.2. Viðurkenningaryfirvaldið skal, þegar umsókn um framangreinda samræmisyfirlýsingu berst frá yfirvaldi annars aðildarríkis sem veitir gerðarviðurkenningu, þegar í stað senda yfirlýsinguna eða lýsa yfir að þau geti ekki gefið út slíka yfirlýsingu.

3.3.2.3. Í yfirlýsingunni skulu a.m.k. koma fram upplýsingar um eftirfarandi:

3.3.2.3.1. hóp fyrirtækja eða fyrirtæki (t.d. XYZ bifreiðar),

3.3.2.3.2. sérstaka deild (t.d. Evrópudeild)

3.3.2.3.3. verksmiðjur/framleiðslustaði (t.d. hreyflaverksmiðja 1 (Breska konungsríkið) — ökutækjaverksmiðja 2 (Þýskaland))

3.3.2.3.4. svið ökutækja/íhluta (t.d. allar tegundir í flokki T1)

3.3.2.3.5. atriði sem metin eru (t.d. samsetning hreyfils, mótun og samsetning yfirbyggingar, samsetning ökutækis),

3.3.2.3.6. skoðuð skjöl (t.d. handbækur fyrirtækis og framleiðslustaðar um gæði og starfsaðferðir),

3.3.2.3.7. dagsetningu mats (t.d. úttekt fór fram frá 18. til 30.5.2013),

3.3.2.3.8. fyrirhugaða eftirlitsferð (t.d. október 2014).

3.3.3 Viðurkenningaryfirvald skal einnig líta svo á að krafan um frummat í lið 3.3. hafi verið uppfyllt ef framleiðandi hefur fengið viðeigandi vottun í samræmi við staðalinn EN ISO 9001:2008 eða jafngildan samræmdan staðal. Framleiðandi skal láta í té upplýsingar um vottunina og skuldbinda sig til að upplýsa viðurkenningaryfirvald um allar breytingar sem kunna að verða gerðar að því er varðar gildistíma hennar eða gildissvið.

3.4. Þegar um er að ræða gerðarviðurkenningu ökutækis, þarf ekki að endurtaka frummatið vegna gerðarviðurkenningar kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga heldur nægir mat sem tekur til framleiðslustaðar og starfsemi sem tengist samsetningu ökutækisins í heild og fyrrnefnda matið nær ekki yfir.

4. **Fyrirkomulag varðandi samræmi framleiðslunnar**

4.1. Ökutæki, kerfi, íhluti eða aðskildar tæknieiningar, sem viðurkenndar eru í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 167/2013 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir sem samþykktar eru samkvæmt þeirri reglugerð, samkvæmt reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu sem fylgir með í viðauka við endurskoðaða samkomulagið frá 1958, eða fullgerðri prófunarskýrslu sem er gefin út á grundvelli reglna Efnahags- og framfarastofnunarinnar sem tilgreindar eru í II. viðauka við þessa reglugerð, skal framleiða í samræmi við þá gerð sem viðurkennd er og fullnægir kröfum þessa viðauka, reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru samkvæmt þeirri reglugerð, sem og öllum viðeigandi reglugerðum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna og reglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar.

4.2. Áður en gerðarviðurkenning er veitt samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 167/2013 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru samkvæmt þeirri reglugerð, reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu sem fylgir með í viðauka við endurskoðaða samkomulagið frá 1958 eða reglu Efnahags- og framfarastofnunarinnar skal viðurkenningaryfirvald aðildarríkis staðfesta að fullnægjandi fyrirkomulag og skjalfestar eftirlitsáætlanir séu til staðar sem framleiðandi skal samþykkja fyrir hverja viðurkenningu, til að framkvæma, með tilteknu millibili, þær prófanir eða tilheyrandi athuganir sem nauðsynlegar eru til að staðfesta áframhaldandi samræmi við viðurkennda gerð, þ.m.t., eftir atvikum, prófanir sem tilgreindar eru í reglugerð (ESB) nr. 167/2013, reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu og reglu Efnahags- og framfarastofnunarinnar.

4.3. Handhafi gerðarviðurkenningar skal einkum:

4.3.1 ganga úr skugga um að fyrir hendi séu aðferðir til að hafa skilvirkt eftirlit með samræmi framleiðslunnar (ökutækjum, kerfum, íhlutum eða aðskildum tæknieiningum) við viðurkennda gerð,

4.3.2 hafa aðgang að þeim prófunarbúnaði eða öðrum búnaði sem viðeigandi og nauðsynlegur er til að hafa eftirlit með samræmi við hverja viðurkennda gerð,

4.3.3 ganga úr skugga um að niðurstöður prófana og athugana séu skráðar og að meðfylgjandi skjöl séu tiltæk yfir tímabil sem má ná allt að 10 árum en er ákveðið með samkomulagi við viðurkenningaryfirvöld,

4.3.4 sundurgreina niðurstöður hverrar prófunar eða athugunar til að sannprófa og ganga úr skugga um stöðugleika að því er lýtur að eiginleikum vörunnar, að teknu tilliti til frávika vegna fjöldaframleiðslu,

4.3.5 tryggja að fyrir hverja vörutegund séu a.m.k. framkvæmdar þær athuganir og prófanir sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 167/2013 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum hennar, sem samþykktar eru samkvæmt þeirri reglugerð sem og þær sem settar eru fram í viðeigandi reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu eða reglu Efnahags- og framfarastofnunarinnar,

4.3.6 ganga úr skugga um að frekari sýnishorn séu tekin og frekari prófanir eða athuganir gerðar ef þær prófanir sem gerðar eru sýna að einhverjar sýnishorna- eða prófunarhlutasamstæður eru í ósamræmi við viðkomandi gerð. Öll nauðsynleg skref skulu tekin til að koma framleiðsluferli á og til að tryggja samræmi við viðurkennda gerð,

4.3.7 ef um er að ræða gerðarviðurkenningu ökutækis, skulu athuganirnar sem um getur í lið 4.3.5 samanstanda hið minnsta af því að sannprófa réttar forskriftir að því er varðar smíði í tengslum við viðurkenninguna og þær upplýsingar sem krafist er fyrir samræmisvottorð.

4.4. Ef um er að ræða gerðarviðurkenningu í áföngum, blandaða gerðarviðurkenningu og fjölþrepa gerðarviðurkenningu getur viðurkenningaryfirvald sem veitir heildargerðarviðurkenningu farið fram á að önnur viðurkenningaryfirvöld sem veita gerðarviðurkenningu fyrir viðeigandi kerfi, íhlut eða aðskilda tæknieiningu, veiti tilgreindar upplýsingar varðandi það að farið sé að ákvæðum um samræmi framleiðslu sem sett eru fram í þessum viðauka.

4.5. Telji viðurkenningaryfirvald sem veitir heildargerðarviðurkenningu ökutækis upplýsingarnar sem um getur í lið 4.4 og því eru sendar ekki fullnægjandi og það hefur tilkynnt það skriflega þeim framleiðanda sem um er að ræða og viðurkenningaryfirvaldi sem veitir gerðarviðurkenningu fyrir kerfi, íhlut eða aðskilda tæknieiningu skal viðurkenningaryfirvaldið sem veitir heildargerðarviðurkenningu fara fram á að viðbótarúttektir eða -skoðanir á samræmi framleiðslu verði framkvæmdar á athafnasvæði framleiðanda þessara kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga og skulu þessar niðurstöður gerðar aðgengilegar viðkomandi viðurkenningaryfirvaldi, án tafar.

4.6. Ef ákvæði liða 4.4 og 4.5 eiga við og niðurstöður frekari úttektar eða skoðunar teljast ekki fullnægjandi að áliti viðurkenningaryfirvalds sem veitir heildargerðarviðurkenningu ökutækis skal framleiðandinn tryggja að samræmi framleiðslu sé komið á eins fljótt og auðið er með aðgerðum til úrbóta sem viðurkenningaryfirvaldið sem veitir heildargerðarviðurkenningu ökutækis og viðurkenningaryfirvaldið sem veitir gerðarviðurkenningu fyrir kerfi, íhlut eða aðskilda tæknieiningu telja fullnægjandi.

5. **Fyrirkomulag við áframhaldandi sannprófun**

5.1. Yfirvaldi sem veitt hefur gerðarviðurkenningu er hvenær sem er heimilt að sannprófa eftirlitsaðferðir með samræmi framleiðslu sem beitt er í hverri framleiðsluaðstöðu, með reglulegum úttektum. Í þeim tilgangi skal framleiðandi leyfa aðgang að athafnasvæði til framleiðslu, skoðunar, prófunar, geymslu og dreifingar og skal veita allar nauðsynlegar upplýsingar að því er varðar skjöl og gögn um gæðastjórnunarkerfið.

5.1.1. Að öðru jöfnu ber að nálgast slíkar reglulegar úttektir með því að fylgjast með því að ráðstafanirnar sem mælt er fyrir um í 3. og 4. lið (frummat og fyrirkomulag varðandi samræmi framleiðslunnar) í þessum viðauka verði áfram skilvirkar.

5.1.1.1. Líta ber svo á að eftirlit, sem tækniþjónusta (sem hefur réttindi eða er viðurkennd í samræmi við kröfurnar í lið 3.3.3) sinnir, uppfylli kröfurnar í lið 5.1.1 að því er varðar þær aðferðir sem ákveðnar eru við frummat.

5.1.1.2. Eðlileg tíðni þessara sannprófana sem viðurkenningaryfirvaldið framkvæmir (annarra en þeirra sem um getur í lið 5.1.1.1) skal vera þannig að tryggt sé að viðkomandi eftirlitsaðgerðir með samræmi framleiðslu, sem beitt er skv. 3. og 4. lið, séu endurskoðaðar eftir hæfilega langan tíma miðað við það hve mikið traust ríkir milli framleiðanda og viðurkenningaryfirvalds.

5.2. Í hverri endurskoðun skulu skýrslur um prófanir, athuganir og framleiðsluskýrslur vera skoðunarmanni tiltækar, einkum þær skýrslur um prófanir eða athuganir sem skjalfestar eru samkvæmt því sem krafist er í lið 4.2.

5.3. Skoðunarmaður má taka slembiúrtak til prófunar á rannsóknarstofu framleiðanda eða á athafnasvæði tækniþjónustu en þá skal aðeins framkvæma raunverulegar prófanir. Lágmarksfjölda sýnishorna er heimilt að ákvarða í samræmi við niðurstöður í sannprófun framleiðanda sjálfs.

5.4. Þar sem eftirlitsstig virðist ófullnægjandi, eða þegar það virðist nauðsynlegt að staðfesta gildi þeirra prófana sem framkvæmdar eru með beitingu liðar 5.2, skal eftirlitsmaður velja sýni til að senda tækniþjónustu til að framkvæma raunverulegar prófanir í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í 4. lið og í reglugerð (ESB) nr. 167/2013, framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru samkvæmt þeirri reglugerð, viðeigandi reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu eða reglu Efnahags- og framfarastofnunarinnar.

5.5. Ef niðurstöður skoðunar eða endurskoðunar eru ófullnægjandi skal viðurkenningaryfirvaldið gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma samræmi framleiðslunnar á að nýju svo fljótt sem verða má.

5.6. Ef í reglugerð (ESB) nr. 167/2013 er krafist samræmis við reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu eða leyft er að nota fullgerðar prófunarskýrslur sem gefnar eru út á grundvelli staðlaðra reglna Efnahags- og framfarastofnunarinnar í stað krafnanna sem settar eru fram í framseldum gerðum sem samþykktar eru samkvæmt þeirri reglugerð, getur framleiðandi valið að beita ákvæðum þessa viðauka í stað krafnanna um samræmi framleiðslu í viðkomandi reglugerðum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu eða reglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Ef liðir 4.5 eða 4.6 eiga við þarf þó að fara að öllum aðskildum kröfum um samræmi framleiðslu í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu eða reglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar þannig að viðurkenningaryfirvald telji það fullnægjandi þar til það telur að samræmi framleiðslu hafi verið komið á.

V. VIÐAUKI

Kröfur að því er varðar aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald

SKRÁ YFIR VIÐBÆTA

Númer viðbætis	Heiti viðbætis	Bls.
1	Aðgangur að upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis	26
2	Upplýsingar sem gera kleift að þróuð verði almenn greiningartæki.	28

1. **Skilgreining**

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaks sem hér segir: „aðgangur að upplýsingum um innbyggð greiningarkerfi ökutækja og um viðgerðir og viðhald ökutækja “: aðgangur að öllum upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi og upplýsingum um viðgerðir og viðhald sem nauðsynlegar eru vegna skoðunar, greiningar, viðhalds eða viðgerða ökutækisins,

2. Kröfur um að aðgangur sé veittur að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald ökutækis eru uppfylltar í gerðarviðurkenningarferlinu

2.1. Framleiðandi skal tryggja að farið sé að tæknilegum kröfum í þessum viðauka varðandi aðgang að upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og að upplýsingum um viðgerðir og viðhald.

2.2. Viðurkenningaryfirvöld skulu veita gerðarviðurkenningu aðeins eftir að hafa fengið í hendur frá framleiðanda vottorð um aðgang að upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi og um viðgerðir og viðhald ökutækis.

2.3. Vottorðið um aðgang að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald ökutækis skal teljast sönnun þess að farið sé að XV. kafla reglugerðar (ESB) nr. 167/2013.

2.4. Vottorðið um aðgang að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald ökutækis skal útbúið í samræmi við fyrirmyndina sem um getur í 3. og 8. mgr. 53. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013.

3. **Gjöld fyrir aðgang**

Til viðbótar við aðgang sem miðast við tíma, skv. 55. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013, mega framleiðendur bjóða aðgang sem miðast við færslur, en þá er gjaldfært fyrir hverja færslu í staðinn fyrir þann tíma sem aðgangur er veittur. Ef framleiðandi býður bæði aðgangskerfi sem miðast við tíma og færslur skulu óháð viðgerðarverkstæði velja hvort þau kjósi frekar aðgang miðað við tíma eða færslur.

4. **Varahlutir, greiningartæki og prófunarbúnaður**

4.1. Með tilliti til 6. mgr. 53. gr. í reglugerð (ESB) nr. 167/2013 skal framleiðandi gera eftirfarandi upplýsingar aðgengilegar hagsmunaaðilum á grundvelli einstaklingsbundins fyrirkomulags sem 55. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 gildir um og gefa upp samskiptaupplýsingar á vefsetri sínu:

4.1.1 viðeigandi upplýsingum sem gera kleift að þróaðir verði íhlutir til endurnýjunar sem skipta miklu máli fyrir rétta virkni innbyggða greiningarkerfisins,

4.1.2 upplýsingum sem gera kleift að þróuð verði almenn greiningartæki, eins og tilgreint er í 2. viðbæti.

4.2. Að því er varðar lið 4.1.1 skal þróun íhluta til endurnýjunar ekki vera takmörkuð af neinu eftirfarandi:

4.2.1 skorti á viðeigandi upplýsingum,

4.2.2 tæknikröfunum varðandi það hvernig fara skuli með vísbendingar um bilun ef farið er yfir viðmiðunarmörk innbyggða greiningarkerfisins eða ef innbyggða greiningarkerfið uppfyllir ekki grundvallarkröfur þessarar reglugerðar um vöktun,

4.2.3 tilteknum breytingum á meðferð upplýsinga um innbyggða greiningarkerfið svo að hægt sé að meðhöndla sérstaklega ökutæki sem eru knúin fljótandi eldsneyti annars vegar og loftkenndu eldsneyti hins vegar,

4.2.4 gerðarviðurkenningu gasknúinna ökutækja með tiltölulega fáum, minniháttar ágöllum.

4.3. Að því er varðar lið 4.1.2 þar sem framleiðendur nota greiningar- og prófunartæki í samræmi við staðlana ISO 22900 varðandi Modular Vehicle Communication Interface (MVCI) og ISO 22901-2:2011 um Open Diagnostic Data Exchange (ODX) í sérleyfiskerfum sínum, skulu ODX-skrárnar vera aðgengilegar sjálfstæðum rekstraraðilum á vefsetri framleiðandans.

5. **Fjölþrepa gerðarviðurkenning**

5.1. Ef um er að ræða fjölþrepa gerðarviðurkenningu, eins og hún er skilgreind í 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal endanlegur framleiðandi vera ábyrgur fyrir því að veita aðgang að upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi og um viðgerðir og viðhald ökutækis að því er varðar eigin framleiðsluþrep og tengingu við fyrri þrep.

5.2. Að auki skal endanlegur framleiðandi veita óháðum rekstraraðilum eftirfarandi upplýsingar á vefsetri sínu:

5.2.1 vefföng framleiðenda sem eru ábyrgir fyrir fyrri þrepum,

5.2.2 nöfn og heimilisfang allra framleiðenda sem eru ábyrgir fyrir fyrri þrepum,

5.2.3 gerðarviðurkenningarnúmer fyrri þrepa,

5.2.4 númer hreyfils.

5.3. Framleiðendur sem eru ábyrgir fyrir tilteknu þrepi eða þrepum gerðarviðurkenningar skulu ábyrgjast aðgang á vefsetrum sínum að upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi og upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis að því er varðar þau þrep gerðarviðurkenningar sem þeir bera ábyrgð á og tengingu við fyrri þrep.

5.4. Framleiðandi sem er ábyrgur fyrir tilteknu þrepi eða þrepum gerðarviðurkenningar skal veita framleiðandanum sem er ábyrgur fyrir næsta þrepi eftirfarandi upplýsingar:

5.4.1 samræmisvottorðið að því er varðar þrepið/þrepin sem þeir eru ábyrgir fyrir,

5.4.2 vottorðið um aðgang að upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi og um viðgerðir og viðhald ökutækis ásamt viðbætum þess,

5.4.3 gerðarviðurkenningarnúmer að því er varðar þrepið/þrepin sem þeir eru ábyrgir fyrir,

5.4.4 skjölin sem um getur í liðum 5.4.1, 5.4.2 og 5.4.3 sem lögð eru fram af framleiðanda/framleiðendum á fyrri stigum.

5.5. Hver framleiðandi skal veita framleiðanda sem er ábyrgur fyrir næsta þrepi heimild til að afhenda skjölin áfram til framleiðenda sem eru ábyrgir fyrir næstu þrepum og lokaþrepinu.

5.6. Að auki skal framleiðandi sem er ábyrgur fyrir tilteknu þrepi eða þrepum gerðarviðurkenningar, á grundvelli samninga:

5.6.1 veita framleiðandanum sem er ábyrgur fyrir næsta þrepi aðgang að upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi og um viðgerðir og viðhald og upplýsingum um skilfleti sem svara til þreps/þrepa sem hann er ábyrgur fyrir,

5.6.2 veita framleiðanda sem er ábyrgur fyrir síðara þrepi gerðarviðurkenningar aðgang, þegar hann óskar þess, að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald ökutækis og upplýsingum um skilfleti sem svara til þreps/þrepa sem hann er ábyrgur fyrir.

5.7. Framleiðanda, þ.m.t. endanlegum framleiðanda, er aðeins heimilt að innheimta gjöld í samræmi við 55. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 vegna tiltekinna þrepa sem hann er ábyrgur fyrir.

5.8. Framleiðandi, þ.m.t. endanlegur framleiðandi, skal ekki innheimta gjöld fyrir veitingu upplýsinga að því er varðar veffang eða samskiptaupplýsingar annars framleiðanda.

6. **Smærri framleiðendur**

6.1. Framleiðendur skulu veita greiðan og skjótan aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja, án mismununar gagnvart viðurkenndum seljendum og viðgerðarverkstæðum að því er varðar þjónustu og aðgang, í samræmi við 13. mgr. 53. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013, ef ársframleiðsla þeirra á heimsmarkaði af gerð ökutækis sem fellur undir þá reglugerð er minni en:

a) fyrir flokk T: 200 ökutæki,

b) fyrir flokk C: 80 ökutæki,

c) fyrir flokk R: 400 ökutæki,

d) fyrir flokk S: 200 ökutæki,

Fyrir gerð kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem fellur undir þessa reglugerð er viðkomandi tala í merkingu þessa ákvæðis 250 einingar.

6.2. Ökutæki, kerfi, íhlutir og aðskildar tæknieiningar sem falla undir 1. lið. skal skrá á vefsetri framleiðandans fyrir upplýsingar um viðgerðir og viðhald.

6.3. Viðurkenningaryfirvald skal tilkynna framkvæmdastjórninni um hverja gerðarviðurkenningu sem veitt er smærri framleiðendum.

7. **Uppfylling skuldbindinga varðandi aðgang að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald ökutækis**

7.1. Viðurkenningaryfirvald getur hvenær sem er, að eigin frumkvæði, á grundvelli kvörtunar eða mats frá tækniþjónustu, athugað hvort framleiðandi uppfyllir skuldbindingar sínar samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 167/2013, þessari reglugerð og skilmálum vottorðsins um aðgang að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald ökutækis.

7.2. Komist viðurkenningaryfirvald að því að framleiðandinn hafi ekki uppfyllt skuldbindingar sínar varðandi aðgang að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækis skal viðurkenningaryfirvaldið sem veitti viðeigandi gerðarviðurkenningu grípa til viðeigandi ráðstafana til að ráða bót á ástandinu.

7.3. Slíkar ráðstafanir geta m.a. verið afturköllun eða tímabundin niðurfelling gerðarviðurkenninga, sektir eða aðrar ráðstafanir sem samþykktar eru í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 167/2013.

7.4. Ef viðurkenningaryfirvaldi berst kvörtun frá óháðum rekstraraðila eða atvinnugreinasamtökum skal viðurkenningaryfirvaldið gera úttekt til að sannprófa hvort framleiðandi fer að skuldbindingum er varða aðgengi að innbyggðu greiningarkerfi ökutækis og upplýsingum um viðgerðir og viðhald.

7.5. Viðurkenningaryfirvaldinu er heimilt við framkvæmd úttektarinnar að biðja tækniþjónustu eða annan óháðan sérfræðing að framkvæma mat til að staðfesta hvort farið sé að skuldbindingunum.

7.6. Séu upplýsingar um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og viðgerðir og viðhald ekki aðgengilegar þegar sótt er um gerðarviðurkenningu skal framleiðandi veita þær upplýsingar innan sex mánaða frá dagsetningu gerðarviðurkenningar.

7.7. Ef ökutækið er sett á markað meira en sex mánuðum eftir gerðarviðurkenningu skulu upplýsingarnar veittar daginn sem ökutækið er sett á markað.

7.8. Viðurkenningaryfirvald má ganga út frá því, á grundvelli fullkláraðs vottorðs um aðgang að innbyggðu greiningarkerfi ökutækisins og upplýsingum um viðgerðir og viðhald, að framleiðandi hafi gripið til fullnægjandi ráðstafana að því er varðar aðgang að innbyggðu greiningarkerfi ökutækisins og upplýsingum um viðgerðir og viðhald, að því tilskildu að engar kvartanir hafi borist og að framleiðandi veiti vottorðið innan þess frests sem um getur í lið 7.7.

7.9. Ef samræmisskírteinið er ekki lagt fram innan þess tíma skal gerðarviðurkenningaryfirvaldið grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að ákvæðin séu uppfyllt.

8. **Kröfur um upplýsingar til að veita óháðum rekstraraðilum aðgang að óöruggum hlutum**

8.1. Að því er varðar aðgang að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald, aðrar en þær sem tengjast öruggum hlutum ökutækis, skulu kröfur varðandi skráningu vegna notkunar óháðra rekstraraðila á vefsvæðum framleiðenda aðeins ná til upplýsinga, sem nauðsynlegar eru vegna staðfestingar á hvernig greiða skuli fyrir upplýsingarnar.

9. **Kröfur um upplýsingar til að veita sjálfstæðum rekstraraðilum aðgang að öruggum hlutum**

9.1. Til að fá aðgang að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald sem varða örugga hluta ökutækis skal óháður rekstraraðili samþykktur og hafa leyfi í þessu skyni á grundvelli gagna sem sýna fram á að hann stundi lögmæta starfsemi og hafi ekki verið sakfelldur fyrir glæpastarfsemi sem tengist þessu sviði.

9.2. Óháðum rekstraraðilum skal veittur aðgangur að öryggisþáttum ökutækis sem viðurkenndir seljendur og viðgerðarverkstæði nota undir vernd öruggrar tækni varðandi gagnaskipti til að tryggja trúnað, heilleika og verndun gegn endurtekningu.

9.3. Samráðsvettvangurinn um aðgang að upplýsingum um ökutæki sem kveðið er á um í 56. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 mun tilgreina mæliþætti, að því er varðar að kröfurnar séu uppfylltar.

9.4. Hvað varðar upplýsingar varðandi aðgang að öruggum hlutum ökutækis skal sjálfstæður rekstraraðili leggja fram vottorð í samræmi við ISO-staðal 20828:2006 til að gera grein fyrir sér og þeirri stofnun sem hann tilheyrir. Framleiðandi skal svara með eigin vottorði í samræmi við ISO-staðal 20828:2006 til að staðfesta fyrir sjálfstæðan rekstraraðila að hann hafi aðgang að réttmætum svæðum þess framleiðanda sem um er að ræða. Báðir aðilar skulu halda skrá yfir þessar færslur sem gefa til kynna ökutækin og breytingar á þeim samkvæmt þessu ákvæði.

1. viðbætir

Aðgangur að upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis

1. **Inngangur**

1.1. Í þessum viðbæti er mælt fyrir um tæknilegar kröfur um aðgang að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald ökutækis.

2. **Kröfur**

2.1. Framleiðandi skal veita upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækis og skal aðeins nota opið texta- og myndsnið eða snið sem hægt er að skoða og prenta með hjálp staðlaðra hugbúnaðarviðbóta, sem hægt er að fá ókeypis, er auðvelt að setja upp og sem keyra á tölvustýrikerfum sem eru í almennri notkun.

2.1.1 Upplýsingar um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis sem tiltækar eru á vefsetrum skulu fylgja sameiginlegum staðli sem um getur í 2. mgr. 53. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013.

2.1.2 Þar sem því verður við komið skulu lykilorð í lýsigögnum vera í samræmi við ISO-staðal 15031-2:2010. Þessar upplýsingar skulu ávallt vera aðgengilegar, nema þegar sinna þarf nauðsynlega viðhaldi vefseturs.

2.1.3 Þeir sem óska eftir að afrita eða endurbirta upplýsingarnar skulu semja beint við viðkomandi framleiðanda.

2.1.4 Upplýsingar sem varða efni til þjálfunar skulu einnig vera aðgengilegar, en heimilt er að setja þær fram með öðrum miðlum en vefsetrum.

2.2. „Upplýsingar um alla hluti sem ökutækið er búið af framleiðandanum, eins og auðkennt er með tegundar og raðnúmeri, eða með verksmiðjunúmeri ökutækisins og öðrum viðmiðunum, svo sem hjólhafi, hreyfilafköstum, búnaðarstigi eða valkostum, og sem hægt er að skipta út fyrir varahluti sem framleiðandinn hefur á boðstólum fyrir viðurkennda viðgerðar- eða söluaðila eða þriðju aðila, með vísun í hlutanúmer upprunalegs búnaðar eða hlutar, skulu veittar í gagnagrunni með greiðum aðgangi fyrir óháða rekstraraðila.

2.3. Í gagnagrunninum eða á öðru aðgengilegu sniði skulu vera verksmiðjunúmer ökutækis, hlutanúmer upprunalegra hluta eða búnaðar, heiti upprunalegra hluta eða búnaðar, upplýsingar um gildistíma (í gildi frá dagsetningu og til dagsetningar), eiginleikar m.t.t. ísetningar og eiginleikar uppbyggingar, þar sem það á við.

2.4. Upplýsingar í gagnagrunni eða sem eru aðgengilegar á öðru aðgengilegu formi skulu uppfærðar reglulega. Uppfærslurnar skulu einkum ná til allra breytinga á einstökum ökutækjum eftir framleiðslu þeirra ef þær upplýsingar eru aðgengilegar viðurkenndum seljendum.

2.5. Endurforritun stýribúnaðar að því er varðar t.d. endurkvörðun að lokinni viðgerð eða hleðslu hugbúnaðar fyrir rafstýringareiningu til endurnýjunar eða endurkóðunar- eða endurframstillingarhlutum til endurnýjunar, verður að vera möguleg með vélbúnaði sem er óháður einkaleyfi.

2.5.1 Endurforritun skal gerð í samræmi við annað hvort ISO-staðal 22900-2, SAE J2534 eða TMC RP1210 eigi síðar en 1.1.2018,

þessi dagsetning er 1.1.2020

— fyrir framleiðendur ökutækja í R- og S-flokki,

— fyrir framleiðendur ökutækja í T- og C-flokki en framleiðsla þeirra er undir mörkunum sem sett eru fram lið 6.1. í þessum viðauka,

— fyrir framleiðendur kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga en framleiðsla þeirra er undir mörkunum sem sett eru fram í lið 6.1. í þessum viðauka.

2.5.2 Einnig má nota skilflöt fyrir íðnet (Ethernet), raðtengiskapal eða staðarnet og annars konar miðla á borð við geisladiska, stafræna mynddiska eða hálfleiðaraminni fyrir upplýsinga- og afþreyingarkerfi (t.d. leiðsögukerfi, síma), en með þeim skilyrðum að ekki þurfi neinn einkaleyfisbundinn samskiptahugbúnað (t.d. rekla eða hugbúnaðarviðbætur) eða vélbúnað. Að því er varðar fullgildingu á samhæfi sérhugbúnaðar framleiðandans og samskiptaskilflötum ökutækisins (vehicle communication interfaces, VCI) sem eru í samræmi við ISO 22900, SAE J2534 eða TMC RP1210, skal framleiðandinn annað hvort bjóða fullgildingu á samskiptaskilflötum ökutækisins frá óháðum aðilum eða láta í té upplýsingar og lána sérhæfðan vélbúnað sem þarf til að framleiðandi samskiptaskilflata ökutækisins geti framkvæmt fullgildinguna sjálfur. Skilyrði 55. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skulu gilda um gjald fyrir slíka fullgildingu eða upplýsingar og vélbúnað.

2.5.3 Þar til ökutækjaframleiðandi hefur innleitt þessa staðla skal hann gera tiltækar upplýsingar sem á er einkaréttur (þ.e. samskiptareglur, vinnsluaðferðir, auðkenniskóðun) um hvernig eigi að endurforrita stýrieiningu.

2.5.4 Til að tryggja samskipti inni í ökutækinu og samskipti milli rafstýringareininga og verkfæra greiningarþjónustu skulu eftirfarandi staðlar gilda: SAE J1939, ISO 11783, ISO 14229 eða ISO 27145. ISO 27145 skal beitt með annað hvort ISO 15765-4 eða ISO 13400.

2.5.5 Ef framleiðandi mælir með að tengja saman tiltekna gerð af dráttarvél og tiltekna gerð ökutækis i R eða S flokki eða öfugt, skal hann veita sjálfstæðum rekstraraðilum upplýsingarnar um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis sem varða samtengjanleika beggja ökutækja. Einnig er hægt að veita þessar upplýsingar á vefsetri sem er sett upp sameiginlega af nokkrum framleiðendum eða samtökum framleiðenda ef vefsetrið er í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar, eins og tilgreint er í 23. forsendu reglugerðar (ESB) nr. 167/2013.

2.6. Gerðarviðurkenningarnúmer eftir tegundum skulu gefin upp á vefsetrum framleiðenda með viðgerðar-upplýsingum.

2.7. Framleiðendur skulu ákvarða hóflegt og hlutfallslegt gjald fyrir aðgang að vefsetrum sínum með viðgerðar-upplýsingum, miðað við klukkustund, dag, mánuð, ár og, ef við á, hverja færslu.

2. viðbætir

Upplýsingar sem gera kleift að þróuð verði almenn greiningartæki.

1. **Upplýsingar sem eru nauðsynlegar vegna framleiðslu á greiningartækjum**

Til að auðvelda útvegun á almennum greiningartækjum fyrir viðgerðarverkstæði, sem gera við fleiri en eina gerð ökutækja, skulu framleiðendur ökutækja veita aðgang að upplýsingunum, sem um getur í liðum 1.1, 1.2 og 1.3, á vefsetrum sínum um viðgerðarupplýsingar. Þar skulu vera upplýsingar um allar aðgerðir greiningartækisins og allir tenglar við viðgerðarupplýsingar og leiðbeiningar um bilanaleit. Heimilt er að leggja hóflegt gjald á aðgang að upplýsingunum.

1.1. Upplýsingar um samskiptareglur

Veita skal eftirfarandi upplýsingar, sem skulu vera flokkaðar samkvæmt tegund ökutækis, gerð og afbrigði eða annarri nothæfri skilgreiningu, eins og t.d. verksmiðjunúmer ökutækis eða auðkenni ökutækis og kerfis:

a) öll viðbótarupplýsingakerfi um samskiptareglur sem eru nauðsynleg fyrir fullnaðargreiningu til viðbótar við staðlana sem mælt er fyrir um í lið 4.7.3 í viðauka 9B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49, þ.m.t. allur viðbótarvélbúnaður eða upplýsingar um hugbúnaðarsamskiptareglur, auðkenning mæliþátta, færsluaðgerðir, kröfur um að halda tengingunni virkri (keep alive requirements), eða villuskilyrði,

b) upplýsingar um hvernig nálgast megi og túlka alla bilanakóða sem eru ekki í samræmi við staðla sem mælt er fyrir um í lið 4.7.3 í viðauka 9B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49,

c) lista yfir alla tiltæka mæliþætti rauntímagagna, þ.m.t. upplýsingar um skölun og aðgang,

d) lista yfir allar tiltækar aðgerðaprófanir, þ.m.t. virkjun eða stjórnun tækja og hvernig þær skulu framkvæmdar,

e) upplýsingar um hvernig nálgast megi upplýsingar um íhluti og stöðu, tímastimpla, fyrirliggjandi greiningarkóða bilana og læst mæligildi,

f) endurstilling mæliþátta fyrir aðlögunarnám, afbrigðiskóðun og uppsetning íhluta til endurnýjunar og valkostir viðskiptavina,

g) auðkenni rafstýringareiningar og afbrigðiskóðun,

h) upplýsingar um endurstillingu þjónustuljósa,

i) staðsetning greiningartengingar og upplýsingar um tengi,

j) auðkenni hreyfilkóða.

1.2. Prófun og greining á íhlutum sem eru vaktaðir með innbyggðu greiningarkerfi

Skylt er að veita eftirfarandi upplýsingar:

a) lýsing á prófunum til að staðfesta virkni, við íhlutinn eða í leiðsluknippinu,

b) prófunaraðferð ásamt mæliþáttum og upplýsingum um íhluti,

c) upplýsingar um tengingar, þ.m.t. hámarks- og lágmarksílag og hámarks- og lágmarksfrálag, ásamt aksturstölum og álagsgildum,

d) gildi sem búist er við, við tiltekin akstursskilyrði, þ.m.t. lausagang,

e) spennugildi íhlutarins í kyrrstöðu og virkri stöðu,

f) bilunargildi fyrir sviðsmyndirnar sem nefndar eru að ofan,

g) bilanagreiningarröð, þ.m.t. bilunartré og leiðbeinandi útilokunargreining,

1.3. *Gögn sem nauðsynleg eru fyrir viðgerð*

Skylt er að veita eftirfarandi upplýsingar:

a) frumstilling íhluta og rafstýringareiningar (ef verið er að setja í varahluti),

b) frumstilling nýrrar rafstýringareiningar eða varahlutar, með „pass-through“ (endur)forritunaraðferðum, þar sem við á.

VI. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um veltivarnarbúnað (hreyfiprófun)

A. ALMENN ÁKVÆÐI

1. Kröfur Sambandsins sem gilda um veltivarnarbúnað (hreyfiprófun) eru settar fram í lið B.

B. KRÖFUR SEM GILDA UM VELTIVARNARBÚNAÐ (HREYFIPRÓFUN)([1])

1. **Skilgreiningar**

1.1. (á ekki við)

1.2. *Veltigrind*

Veltivarnarbúnaður (öryggishús eða -rammi), hér á eftir nefndur „veltigrind“: grind á dráttarvél, sem er einkum ætluð til þess að forðast eða draga úr áhættu ökumanns ef dráttarvél veltur við hefðbundna notkun.

Veltivarnarbúnaðurinn einkennist af því að hann veitir rými fyrir autt svæði sem er nægilega stórt til að vernda ökumanninn þegar hann situr annað hvort inni í búnaðinum eða inni í rými sem afmarkast af röðum af beinum línum frá ytri brúnum búnaðarins til einhvers hluta dráttarvélarinnar sem kann að snerta jörðu og sem getur borið dráttarvélina í þeirri stöðu ef dráttarvélin veltur.

1.3. *Sporvídd*

1.3.1. Bráðabirgðaskilgreining: miðjuplan hjólsins

Miðjuplan hjólsins er jafn langt frá plönunum tveimur sem liggja í jaðri ytri brúna felgnanna.

1.3.2 SKILGREINING Á SPORVÍDD

Lóðrétta planið í gegnum ás hjólsins sker miðjuplan þess eftir beinni línu sem snertir undirlagið í einum punkti. Ef A og B eru punktarnir tveir sem eru skilgreindir á þennan hátt fyrir hjól á sama ási dráttarvélarinnar, þá er sporvíddin fjarlægðin milli punkta A og B. Sporvíddina má skilgreina á þann hátt fyrir bæði fram- og afturhjól. Þar sem eru tvöföld hjól er sporvíddin fjarlægðin milli tveggja plana sem hvort um sig er miðjuplan hjólaparsins.

Fyrir beltadráttarvélar er sporvíddin fjarlægðin milli miðjuplana beltanna.

1.3.3. Viðbótarskilgreining: miðjuplan dráttarvélarinnar

Ystu stöður punktanna A og B fyrir afturás dráttarvélarinnar eru teknar til að fá hæsta mögulega gildið fyrir sporvíddina. Lóðrétta planið myndar níutíu gráðu horn við línu AB og á miðpunkti hennar er miðjuplan dráttarvélarinnar.

1.4. *Hjólhaf*

Fjarlægðin milli lóðréttu plananna sem ganga í gegnum línurnar tvær AB eins og skilgreint er hér að framan, ein fyrir framhjól og ein fyrir afturhjól.

1.5. *Ákvörðun málpunkts sætis; staðsetning sætis og stilling fyrir prófun*

1.5.1 Málpunktur sætis([2])

Málpunkt sætis skal ákvarða í samræmi við ISO-staðal 5353:1995.

1.5.2 Staðsetning sætis og stilling fyrir prófun

1.5.2.1. Þegar halli bakstoðar og sætisplötu er stillanlegur verður hann að vera stilltur þannig að málpunktur sætis sé í öftustu og efstu stöðu,

1.5.2.2. Þegar sæti er útbúið fjöðrun skal fjöðrunin fest í miðstillingu nema það gangi gegn leiðbeiningum sem sætisframleiðandi hefur mælt skýrt fyrir um,

1.5.2.3. Þegar einungis er hægt að stilla sætið langsum og lóðrétt skal lengdarásinn, sem liggur í gegnum málpunkt sætisins, vera samhliða lóðréttu lengdarmiðjuplani dráttarvélarinnar sem liggur í gegnum miðju stýrishjólsins og ekki meira en 100 mm frá því plani.

1.6. *Autt svæði*

1.6.1 Viðmiðunarplan

Auða svæðið er sýnt á myndum 3.8 til 3.10 og töflu 3.3. Svæðið er skilgreint með hliðsjón af viðmiðunarplani og málpunkti sætis. Viðmiðunarplanið er lóðrétt plan, venjulega eftir endilangri dráttarvélinni og í gegnum málpunkt sætis og miðju stýrishjóls. Venjulega fellur viðmiðunarplanið saman við lengdarmiðjuplan dráttarvélarinnar. Gera skal ráð fyrir því að þetta viðmiðunarplan færist lárétt með sætinu og stýrishjólinu þegar álagi er beitt en haldist hornrétt á dráttarvélina eða botn veltivarnarbúnaðarins. Auða svæðið skal skilgreint á grundvelli undirliða 1.6.2 og 1.6.3.

1.6.2 Ákvörðun auða svæðisins fyrir dráttarvélar með sæti sem er ekki vendisæti

Auða svæðið fyrir dráttarvélar með sæti sem ekki er vendisæti er skilgreint í liðum 1.6.2.1 til 1.6.1.10 hér að neðan og afmarkast af eftirfarandi plönum með dráttarvélina á láréttu yfirborði, sætið, ef það er stillanlegt, stillt á öftustu og efstu stöðu ([2]), og stýrishjólið, ef það er stillanlegt, stillt í miðjustöðu fyrir akstur þar sem ökumaður situr í sætinu:

1.6.2.1. láréttu plani A1 B1 B2 A2, (810 + av) mm yfir málpunkti sætis með línu B1B2 staðsetta (ah–10) mm fyrir aftan málpunkt sætis,

1.6.2.2. hallandi plani G1 G2 I2 I1, hornrétt á viðmiðunarplanið, sem er bæði með punkt 150 mm fyrir aftan línuna B1B2 og aftasta punkt bakstoðar sætis,

1.6.2.3. sívölu yfirborði A1 A2 I2 I1 hornrétt á viðmiðunarplanið, sem er með 120 mm radíus og í snertingu við plönin sem skilgreind eru í liðum 1.6.2.1 og 1.6.2.2 hér að framan,

1.6.2.4. sívölu yfirborði B1 C1 C2 B2, hornrétt á viðmiðunarplanið, sem er með 900 mm radíus sem nær fram um 400 mm og í snertingu við planið sem skilgreint er í lið 1.6.2.1 hér að framan og á línunni B1B2,

1.6.2.5. halland plani C1 D1 D2 C2, hornrétt á viðmiðunarplanið, tengist yfirborðinu sem skilgreint er í lið 1.6.2.4 hér að framan og 40 mm fram fyrir ystu frambrún stýrishjólsins. Ef stýrishjólið er í eðlilegri stillingu nær þetta plan fram frá línu B1B2 og snertir yfirborðið sem skilgreint er í lið 1.6.2.4 hér að framan,

1.6.2.6. lóðréttu plani D1 E1 E2 D2 hornrétt á viðmiðunarplanið 40 mm fram fyrir ystu frambrún stýrishjólsins,

1.6.2.7. láréttu plani E1 F1 F2 E2 sem liggur í gegnum punkt (90 – av) mm fyrir neðan málpunkt sætis,

1.6.2.8. yfirborði G1 F1 F2 G2, ef þörf krefur bogadregið frá neðstu mörkum plansins sem skilgreint er í lið 1.6.2.2 hér að framan í lárétt plan sem skilgreint er í lið 1.6.2.7 hér að framan, hornrétt á viðmiðunarplanið og snertir bakstoð sætis eftir allri endilangri lengd þess,

1.6.2.9. lóðréttu plönunum J1 E1 F1 G1 H1 og J2 E2 F2 G2 H2. Þessi lóðréttu plön skulu ná 300 mm upp frá planinu E1 F1 F2 E2, fjarlægðirnar E1 E0 og E2 E0 skulu vera 250 mm,

1.6.2.10. samsíða plönunum A1 B1 C1 D1 J1 H1 I1 og A2 B2 C2 D2 J2 H2 I2 og hallast þannig að efri brún plansins á hliðinni þar sem kraftinum er beitt er a.m.k. 100 mm frá lóðrétta viðmiðunarplaninu.

1.6.3 Ákvörðun auða svæðisins fyrir dráttarvélar með vendisæti ökumanns

Fyrir dráttarvélar með vendisæti ökumanns (með sæti og stýrishjóli sem hægt er að snúa við) skal auða svæðið vera rými auðu svæðanna tveggja sem skilgreind eru af hinum tveimur mismunandi stöðum stýrishjólsins og sætisins.

1.6.4 Viðbótarsæti

1.6.4.1. Ef um er að ræða dráttarvélar þar sem hægt er að koma fyrir viðbótarsætum skal rýmið sem umlykur málpunkta sæta allra þeirra möguleika sem boðið er upp á notað meðan á prófunum stendur. Veltigrindin skal ekki vera hluti af stærra auða svæðinu sem tekur tillit til þessara mismunandi málpunkta sæta.

1.6.4.2. Ef nýr möguleiki á sæti er í boði eftir að prófun hefur farið fram skal ákvarða hvort auða svæðið í kringum nýjan málpunkt sætis falli innan þess svæðis sem áður var ákvarðað. Ef það gerir það ekki verður að framkvæma nýja prófun.

1.6.4.3. Viðbótarsæti telst ekki vera sæti fyrir einstakling til viðbótar við ökumanninn þaðan sem ekki er hægt að stjórna dráttarvélinni. Málpunktur sætis skal ekki ákvarðaður vegna þess að skilgreiningin á auða svæðinu er með hliðsjón af ökumannssætinu.

1.7. *Massi án fargs*

Massi dráttarvélar án búnaðar til fergingar og ef um er að ræða dráttarvélar með loftfylltum hjólbörðum, án vökvafergingar í hjólbörðunum. Dráttarvélin skal vera tilbúin til aksturs með fullan geymi, vökvakerfi og vatnskassa, veltigrind með klæðningu og allan beltabúnað eða viðbótaraflrásaríhluti fyrir framhjól sem nauðsynlegir eru fyrir venjulega notkun. Stjórnandinn er ekki meðtalinn.

1.8. *Leyfileg vikmörk í mælingum*

Fjarlægð± 0,5 mm

Kraftur± 0,1% (af fullu kvarðaútslagi nemans)

Massi± 0,2% (af fullu kvarðaútslagi nemans)

Þrýstingur í hjólbörðum± 5,0%

Horn± 0,1°

1.9. *Tákn*

a_h	(mm)	Helmingur láréttrar sætisstillingar
a_v	(mm)	Helmingur lóðréttrar sætisstillingar
E	(J)	Orkuílag meðan á prófun stendur
F	(N)	Stöðuálagskraftur
H	(mm)	Lyftihæð þyngdarmiðju kólfsins
I	($kg.m^2$)	Hverfitregða um afturásinn, að undanskildum hjólum sem notuð eru til að reikna út orkuna við högg aftan frá
L	(mm)	Hjólhaf notað til að reikna út orkuna við högg aftan frá
M	(kg)	Massi notaður til að reikna út orkuna og þrýstiálagskrafta

2. **Gildissvið**

2.1. Þessi viðauki gildir um dráttarvélar sem eru með a.m.k. tvo ása fyrir loftfyllta hjólbarða með eða án festinga fyrir belti og með massa dráttarvélar án fargs sem er meiri en 600 kg en almennt minni en 6000 kg.

2.2. Lágmarkssporvídd afturhjólanna skal almennt vera meiri en 1150 mm. Viðurkennt er að það kunna að vera til dráttarvélar sem eru, t.d. hannaðar sem sláttuvélar, mjóar dráttarvélar fyrir vínekrur, lágar dráttarvélar sem notaðar eru í byggingum með lítilli lofthæð eða ávaxtagörðum, dráttarvélar með mikilli fríhæð og sérstakar skógræktarvélar, svo sem tæki til flytja eða draga trjáboli, en þessi viðauki gildir ekki um slíkar dráttarvélar.

3. **Reglur og leiðbeiningar**

3.1. *Almennar reglugerðir*

3.1.1 Veltigrindin má vera framleidd annað hvort af framleiðanda dráttarvélarinnar eða sjálfstæðu fyrirtæki. Í hvoru tilvikinu um sig er prófun einungis gild fyrir þá tegund dráttarvélar sem hún er gerð á. Endurprófun þarf að fara fram á veltigrindinni fyrir hverja tegund dráttarvélar sem hún er fest á. Hins vegar er prófunarstöðvum heimilt að votta að styrkleikaprófanir gildi einnig um dráttarvélategundir sem framleiddar eru með upprunalegu tegundina sem fyrirmynd með breytingum á hreyflinum, gírskiptingunni og stýrisbúnaði og fjöðrun að framan (*sjá lið 3.6 að neðan: Rýmkun til annarra tegunda dráttarvéla*). Hins vegar má prófa fleiri en eina veltigrind fyrir hverja tegund dráttarvélar.

3.1.2 Veltigrindina sem er lögð fram til prófunar verður að afhenda þannig að hún sé fest á venjulegan hátt við dráttarvélartegundina sem verið er að prófa hana í tengslum við. Dráttarvélin sem lögð er fram skal vera fullbúin og tilbúin til aksturs.

3.1.3 Ef um er að ræða samtengda dráttarvél (e. tandem) skal nota massa staðlaðrar útgáfu þess hluta sem veltigrindin er fest við.

3.1.4 Veltigrind má vera hönnuð þannig að hún verndi einungis ökumanninn ef dráttarvélin veltur. Á þessa grind kann að vera mögulegt að festa veðravörn fyrir ökumanninn, sem er meira eða minna til bráðabirgða. Ökumaðurinn fjarlægir hana öllu jöfnu í hlýju veðri. Það eru hins vegar til veltigrindur þar sem klæðningin er varanleg og loftræsting í hlýju veðri er með gluggum eða flöpum. Þar sem klæðning getur styrkt grindina og ef hægt er að fjarlægja hana er mögulegt að hún sé ekki til staðar ef slys verður skal í prófuninni fjarlægja alla hluta sem ökumaðurinn getur tekið af. Hurðir, þaklúgur og gluggar sem hægt er að opna skulu annað hvort fjarlægð eða fest í opinni stöðu í prófuninni þannig að þau auki ekki styrk veltigrindarinnar. Gera skal athugasemd um það hvort þau skapi hættu fyrir ökumanninn í veltu.

Í þeim reglum sem á eftir fara verður einungis vísað til prófunar á veltigrindinni. Það ber að skilja þannig að það taki til klæðningar sem er ekki til bráðabirgða.

Í forskriftunum skal vera lýsing á klæðningu til bráðabirgða sem fylgir með. Allt gler eða annað stökkt efni skal fjarlægt áður en prófun fer fram. Íhluti dráttarvéla og veltigrindar sem gætu orðið fyrir óþarfa skemmdum í prófuninni og sem hafa ekki áhrif á styrkleika veltigrindarinnar eða mál hennar má fjarlægja áður en prófun fer fram ef framleiðandinn óskar eftir því. Óheimilt er að gera við eða gera breytingar meðan á prófuninni stendur.

3.1.5 Öllum íhlutum dráttarvélarinnar sem stuðla að styrk veltigrindarinnar, svo sem aurbretti sem framleiðandinn hefur styrkt ætti að lýsa sem og málum þeirra sem gefin eru í prófunarskýrslunni.

3.2. *Tæki og prófunarskilyrði*

3.2.1 Veltigrindin skal verða fyrir höggi með kólfi og gangast undir þrýstiálagsprófun að framan og að aftan.

3.2.2 Massi kólfsins (mynd 3.1) skal vera 2000 kg. Mál högggjafans skulu vera 680 × 680 mm ± 20. Hann skal þannig gerður að þyngdarmiðja hans hreyfist ekki til (t.d. járnstangir sem eru fastar í steypu). Hann skal hanga frá snúningspunkti um það bil 6 m yfir gólfi þannig að hægt sé að stilla hæð kólfsins á hentugan og öruggan hátt.

3.2.3 Að því er varðar dráttarvélar þar sem minna en 50% af massanum er á framhjólunum skal fyrsta höggið koma aftan á veltigrindina. Því næst skal framkvæma þrýstiálagsprófun, einnig aftan á veltigrindina. Annað höggið skal vera framan á og það þriðja frá hlið. Að lokum skal framkvæma aðra þrýstiálagsprófun að framan.

Að því er varðar dráttarvélar þar sem meira en 50% af massanum er á framhjólunum skal fyrsta höggið koma framan á og annað höggið á hlið. Því næst skal framkvæma tvær þrýstiálagsprófanir, í fyrsta lagi að aftan og í öðru lagi að framan.

3.2.4 Þegar um er að ræða dráttarvélar með vendisæti ökumanns (sæti og stýrishjóli sem hægt er að snúa við) skal fyrsta höggið vera í lengdarstefnu dráttarvélarinnar á þyngri endann (þeim megin sem meira en 50% af massa dráttarvélarinnar er). Því næst skal framkvæma þrýstiálagsprófun á sama enda. Annað höggið skal vera á hinn endann og það þriðja frá hlið. Að lokum skal framkvæma aðra þrýstiálagsprófun á þann enda sem er léttari.

3.2.5 Stilla skal sporvídd afturhjóla þannig að tryggt sé að veltigrindin fái ekki stuðning af hjólbörðunum á meðan á prófuninni stendur. Líta má framhjá þessu ákvæði ef slíkur stuðningur er til staðar þegar hjólin eru í víðustu sporvíddarstellingunni.

3.2.6 Högg frá hlið skal falla á þá hlið dráttarvélarinnar sem, að áliti prófunarstöðvarinnar, er líklegt að skaddist meira. Högg að aftan skal falla á það horn sem er á móti því sem hliðarhöggið féll á og högg að framan á hornið sem er næst því sem högg á hlið kemur á. Höggið að aftan skal falla úr fjarlægð sem nemur tveimur þriðju af fjarlægðinni frá miðjuplani dráttarvélarinnar í lóðrétta planið sem snertir ystu brún virkisins. Ef hins vegar bogi aftan á veltigrindinni byrjar styttra en tveimur þriðju af fjarlægðinni frá miðju skal höggið falla við upphaf bogans, þ.e. á þeim punkti þar sem boginn snertir línu sem er hornrétt á miðjuplan dráttarvélarinnar.

3.2.7 Ef festingar, stoðir eða kólfar hreyfast til eða slitna á meðan á prófun stendur skal prófunin endurtekin.

3.3. *Höggprófanir*

3.3.1 Högg að aftan (myndir 3.2.a og 3.2.b)

3.3.1.1. Ekki er krafist að veita högg að aftan ef dráttarvélar hafa 50% eða meira af massa sínum (eins og skilgreint er hér að framan) á framhjólunum.

3.3.1.2. Dráttarvélinni skal komið fyrir miðað við kólfinn á þann hátt að hann hæfi grindina þegar högggjafi kólfsins og keðjur eru á ská við lóðrétt plan sem samsvarar 20° horni nema grindin myndi stærra horn lóðrétt við snertipunktinn meðan á sveigjunni stendur. Í slíku tilviki verður að stilla högggjafa kólfsins svo hann sé samsíða grindinni við snertipunktinn við hámarkssveigju með viðbótarstoð á meðan keðjurnar eru áfram á ská við lóðrétt plan sem samsvarar 20° horni. Höggpunkturinn skal vera sá hluti grindarinnar sem líklegt er að komi fyrst við jörðu við afturveltu, oftast efri brúnin. Hæð kólfsins skal stillt þannig að hann snúist ekki um snertipunktinn.

3.3.1.3. Dráttarvélin skal fest niður. Festingarnar skulu vera u.þ.b. 2 m aftan við afturás og 1,5 m framan við framás. Það skulu vera tvær festingar á hverjum ás, ein á hvorri hlið við miðjuplan dráttarvélarinnar. Festingarnar skulu vera stálvír sem er 12,5 til 15 mm að þvermáli og með togþol sem nemur 1100-1260 MPa. Hjólbarðarnir skulu vera fylltir af lofti og festingarnar hertar þannig að loftþrýstingur í hjólbörðum og sveigja verði eins og sýnt er í töflu 3.1. hér að neðan.

Þegar festingar eru strekktar skal viðarstoð, 150 mm × 150 mm, komið fyrir framan við afturhjólin og ýtt þéttingsfast að þeim.

3.3.1.4. Draga skal kólfinn aftur á bak þannig að hæð þyngdarmiðju hans H fyrir ofan höggpunkt sé fengin með annarri af eftirfarandi formúlum, að vali framleiðanda:

$$H = 2{,}165 \times 10^{-8}\ ML^2 \text{ eða } H = 5{,}73 \times 10^{-2} I$$

3.3.1.5. Kólfinum er sleppt og hæfir hann þá virkið. Hraðsleppibúnaðurinn verður að vera staðsettur þannig að hann breyti ekki horninu milli þyngdarinnar og keðjanna sem halda henni þegar henni er sleppt.

Tafla 3.1

Þrýstingur í hjólbörðum

	Þrýstingur í hjólbörðum kPa([1])	Sveigja mm
Fjórhjóladrifnar dráttarvélar með fram- og afturhjól af sömu stærð		
Að framan	100	25

	Þrýstingur í hjólbörðum kPa([1])	Sveigja mm
Að aftan	100	25
Fjórhjóladrifnar dráttarvélar með minni framhjól en afturhjól		
Að framan	150	20
Að aftan	100	25
Fram- eða afturhjóladrifnar dráttarvélar:		
Að framan	200	15
Að aftan	100	25

([1]) Ekki skal nota vatn sem fergingu.

3.3.2 Högg að framan (myndir 3.3.a og 3.3.b)

3.3.2.1. Þetta skal framkvæmt með sama hætti og högg að aftan. Festingarnar skulu vera þær sömu en viðarstoðin skal vera fyrir aftan afturhjólin. Fallhæð þyngdarmiðju kólfsins skal reiknuð með eftirfarandi formúlu:

$$H = 125 + 0{,}02\ M$$

3.3.2.2. Höggpunkturinn er sá hluti virkisins sem myndi koma fyrst við jörðu ef dráttarvélin veltur á hlið við akstur beint áfram, oftast efri brúnin að framan.

3.3.3 Högg frá hlið (mynd 3.4)

3.3.3.1. Dráttarvélinni skal komið fyrir miðað við kólfinn á þann hátt að hann hæfi grindina þegar högggjafi kólfsins og keðjur eru lóðréttar nema grindin sé ekki lóðrétt við snertipunktinn meðan á sveigjunni stendur. Í slíku tilviki verður að stilla högggjafa kólfsins þannig að hann sé um það bil samsíða grindinni við snertipunktinn við hámarkssveigju. Þessi stilling skal gerð með viðbótarfestingu á meðan keðjurnar eru áfram lóðréttar við höggið. Höggpunkturinn skal vera sá hluti grindarinnar sem líklegt er að komi fyrst við jörðu við hliðarveltu, oftast efri brúnin.

3.3.3.2. Nema öruggt sé að einhver annar hluti þessarar brúnar snerti jörðu fyrst skal höggpunktur vera í planinu sem er hornrétt á miðjuplan dráttarvélarinnar og liggur 60 mm framan við málpunkt sætis með sætið í miðjustöðu lengdarstillingar. Hæð kólfsins skal stillt þannig að hann snúist ekki um snertipunktinn.

3.3.3.3. Fyrir dráttarvélar með vendisæti ökumanns skal höggpunkturinn vera í plani sem er hornrétt á miðjuplan dráttarvélarinnar og í miðjupunktinum milli hlutans sem tengir tvo málpunkta sætis

3.3.3.4. Afturhjól dráttarvélarinnar á þeirri hlið sem höggið á að falla á skal fest niður. Ákvarða skal strekkingu festinganna eins og fyrir högg að aftan. Eftir að búið er að festa það niður skal stoð sem er 150 × 150 mm komið fyrir upp að hlið afturhjólsins á móti högginu og ýtt þéttingsfast að hjólinu. Viðarstoð skal komið fyrir upp við þetta hjól og fest þannig við gólfið að hún haldist þéttingsfast upp við hjólið við höggið. Lengd þessarar stoðar skal valin þannig að þegar hún er lögð við hjólin myndi hún horn sem er 25 til 40° á lárétt plan. Lengdin skal enn fremur vera 20 til 25 sinnum þykktin og breiddin tvisvar til þrisvar sinnum þykktin.

3.3.3.5. Draga skal kólfinn aftur á bak, eins og í fyrri prófunum þannig að hæð þyngdarmiðju hans H fyrir ofan höggpunkt sé ákvörðuð með eftirfarandi formúlu:

$$H = 125 + 0{,}15\ M$$

3.3.3.6. Við höggprófun frá hlið skal skrá mismun milli hámarkssveigju í skamman tíma og varanlegrar sveigju ($810 + a_v$) mm yfir málpunkti sætis. Þetta er hægt að gera með búnaði með núningslegu festa á láréttan tein. Annar endi stangarinnar skal festur við efri hluta virkisins og hinn endinn settur í gegnum gat á lóðréttri stöng sem er fest við grind dráttarvélarinnar. Núningslegan skal vera staðsett upp við lóðréttu stöngina sem fest er við undirvagn dráttarvélarinnar áður en höggið kemur og fjarlægð hennar frá stönginni eftir höggið gefur til kynna mismuninn milli hámarkssveigju í skamman tíma og varanlegrar sveigju.

3.4. Þrýstiálagsprófanir

Það getur verið nauðsynlegt að halda niðri fremri hluta dráttarvélarinnar þegar prófanir eru gerðar á afturhlutanum. Blokkir skulu settar undir ásana þannig að enginn þrýstiálagskraftur verði á hjólbarðana. Þverstoðin sem notuð er skal vera um það bil 250 mm í þvermál og tengd við aflbúnaðinn með hjörulið (mynd 3.5).

3.4.1 Þrýstiálag að aftan (myndir 3.6.a og 3.6.b)

3.4.1.1. Þrýstiálagsstoðin skal vera staðsett yfir efstu burðareiningu að aftan þannig að summa þrýstiálagskraftanna komi fram á lóðrétt viðmiðunarplan dráttarvélarinnar. Þá skal þrýstiálagskraftinum Fv beitt þar sem:

$$F = 20\ M$$

Þessum krafti skal haldið í fimm sekúndur eftir að sjáanleg hreyfing í veltigrind sést ekki lengur.

3.4.1.2. Ef aftari hluti á þaki veltigrindar stenst ekki mesta þrýstiálagskraft (myndir 3.7a og 3.7b) skal beita krafti á þakið þar til það sveigist til hliðar þannig að það fari saman við plan sem tengir efri hluta veltigrindar við þann hluta aftan á dráttarvélinni sem getur borið dráttarvélina við veltu.

Því næst skal aflétta kraftinum og þrýstiálagsstoðin færð þannig að hún sé yfir þeim hluta veltigrindarinnar sem myndi styðja við dráttarvélina ef hún ylti alveg. Þrýstiálagskraftinum ***F*** skal beitt.

3.4.2 Þrýstiálag að framan (myndir 3.6.a og 3.6.b)

3.4.2.1. Þrýstiálagsstoðin skal vera staðsett yfir efstu burðareiningu að framan þannig að summa þrýstiálagskraftanna komi fram á lóðrétt viðmiðunarplan dráttarvélarinnar. Þrýstiálagskraftinum (F) skal beitt þar sem:

$$F = 20\ M$$

Þessum krafti skal haldið í fimm sekúndur eftir að sjáanleg hreyfing í veltigrind sést ekki lengur.

3.4.2.2. Ef fremri hluti á þaki veltigrindar stenst ekki mesta þrýstiálagskraft (myndir 3.7a og 3.7b)) skal beita krafti á þakið þar til það sveigist til hliðar þannig að það fari saman við plan er tengir efri hluta veltigrindar við þann hluta framan á dráttarvélinni sem getur borið dráttarvélina við veltu.

Því næst skal aflétta kraftinum og þrýstiálagsstoðin færð þannig að hún sé yfir þeim hluta veltigrindarinnar sem myndi styðja við dráttarvélina ef hún ylti alveg. Þá skal þrýstiálagskraftinum ***F*** beitt aftur.

3.5. *Skilyrði fyrir viðurkenningu*

3.5.1 Eftir hvern hluta prófunarinnar skal fara fram sjónræn skoðun á veltigrindinni og dráttarvélinni til að athuga hvort þar séu sprungur eða rifur. Til að veltigrindin standist prófunina skulu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

3.5.1.1. það skulu ekki vera neinar sprungur í burðareiningum, festingaríhlutum eða hlutum dráttarvélarinnar sem stuðla að styrk veltigrindarinnar (að undanskildum þeim sem fjallað er um í lið 3.5.1.3 hér að neðan),

3.5.1.2. það skulu ekki vera neinar sprungur í málmsuðu sem stuðlar að styrk veltigrindarinnar eða festingaríhlutum hennar. Punkt- eða festisuða (e. point or tack welding) sem notuð er til að festa klæðningarplötur skal að öllu jöfnu undanskilin þessu skilyrði,

3.5.1.3. Orkugleypandi rifur í blikkplötum grindarinnar eru viðunandi að því tilskildu að prófunarstöðin meti þær ekki þannig að þær hafi verulega dregið úr aflögunarmótstöðu veltigrindarinnar. Líta skal framhjá rifum í blikkíhlutum sem eru af völdum kólfsins,

3.5.1.4. halda skal kraftinum sem krafist er í báðum þrýstiálagsprófunum,

3.5.1.5. mismunurinn milli hámarkssveigju í skamman tíma og varanlegrar sveigju í hliðarhöggsprófun skal ekki vera meiri en 250 mm (mynd 3.11),

3.5.1.6. enginn hluti má koma inn á auða svæðið meðan á einhverjum hluta prófananna stendur. Enginn hluti skal hæfa sætið meðan á prófununum stendur. Enn fremur skal auða svæðið ekki vera óvarið af veltigrindinni. Að því er þetta varðar telst það óvarið af veltigrind ef einhver hluti þess hefði snert jörðu ef dráttarvélin hefði oltið í þá átt sem prófunarálagi er beitt. Til þess að meta þetta skulu hjólbarðar vera eins smáir og sporvíddarstilling vera eins lág og unnt er samkvæmt forskrift framleiðanda.

3.5.1.7. fyrir liðskiptar dráttarvélar skulu báðir hlutarnir teljast vera í sömu línu.

3.5.2 Að þrýstiálagsprófunum loknum skal varanleg aflögun veltigrindarinnar skráð. að því er þetta varðar skal skrá stöðu helstu hluta miðað við málpunkt sætis áður en prófun hefst. Síðan skal skrá allar tilfærslur burðareininga í prófununum og allar breytingar á hæð burðareininga þaksins að framan og aftan.

3.6. *Rýmkun til annarra tegunda dráttarvéla*

3.6.1 (á ekki við)

3.6.2 Tæknileg rýmkun

Þegar tæknilegar breytingar eru gerðar á dráttarvél, veltigrind eða aðferð við festingu veltigrindar við dráttarvélina, getur prófunarstöðin sem framkvæmdi upprunalegu prófunina gefið út „skýrslu um tæknilega rýmkun“ í eftirfarandi tilvikum:

3.6.2.1. Rýmkun niðurstaðna prófana á grind til annarra tegunda dráttarvéla

Högg- og þrýstiálagsprófanirnar þarf ekki að framkvæma á hverri tegund dráttarvélar, að því gefnu að veltigrind og dráttarvél samræmist skilyrðunum sem vísað er til í liðum 3.6.2.1.1 til 3.6.2.1.5.

3.6.2.1.1. Grindin skal vera eins og sú sem prófuð var.

3.6.2.1.2. Nauðsynleg orka skal ekki vera umfram þá orku sem reiknuð var fyrir upphaflegu prófunina um meira en 5%. 5% mörkin skulu einnig gilda um rýmkanir í þeim tilvikum þar sem belti eru sett í stað hjóla á sömu dráttarvél,

3.6.2.1.3. Áfestingaraðferð og þeir íhlutir dráttarvélar sem fest er við skulu vera eins.

3.6.2.1.4. Íhlutir eins og aurbretti og vélarhlíf sem geta stutt við veltigrindina skulu vera eins.

3.6.2.1.5. Staðsetning og helstu mál sætisins í veltigrindinni og hlutfallsleg staðsetning veltigrindarinnar á dráttarvélinni skal vera slík að auða svæðið hefði verið varið í grind með sveigju í öllum prófunum (þetta skal athugað með því að nota sömu viðmiðun fyrir auða svæðið og í upphaflegu prófunarskýrslunni, viðmiðunarpunkt sætis eða málpunkt sætis, eftir því sem við á.

3.6.2.2. Rýmkun niðurstaðna prófana á grind til breyttra tegunda veltigrinda

Þessu ferli verður að fylgja þegar ákvæði liðar 3.6.2.1 eru ekki uppfyllt, það má ekki nota þegar festingaraðferð veltigrindar við dráttarvélina fylgir ekki áfram sömu meginreglu (t.d. fjöðrunarbúnaður kemur í stað gúmmístoða):

3.6.2.2.1. Breytingar sem hafa engin áhrif á niðurstöður upphaflegu prófananna (t.d. logsuðufesting uppfestingarplötu aukahlutar á stað á grindinni sem ekki er mikilvægur), viðbót sæta með annarri staðsetningu málpunkts sætis í veltigrind (að því tilskildu að athugað sé að nýja auða svæðið (nýju auðu svæðin) sé(u) áfram varið (varin)).

3.6.2.2.2. Breytingar sem mögulega hafa áhrif á niðurstöður upphaflegu prófananna án þess að spurningar vakni um samþykki veltigrindar (t.d. breyting á íhlut sem er hluti af burðarvirki, breyting á áfestingaraðferð veltigrindarinnar við dráttarvélina). Framkvæma má fullgildingarprófun og eru niðurstöður prófunarinnar skráðar í skýrslu um rýmkun.

Eftirfarandi takmarkanir á þessari gerðarrýmkun eru fastar:

3.6.2.2.2.1. Ekki má samþykkja fleiri en 5 rýmkanir án fullgildingarprófunar.

3.6.2.2.2.2. Niðurstöður fullgildingarprófunar verða samþykktar fyrir rýmkun ef öll skilyrði um samþykki í þessum viðauka eru uppfyllt og ef sveigjan sem mæld er eftir hverja höggprófun víkur ekki frá sveigjunni sem mæld var eftir hverja höggprófun í upprunalegu prófunarskýrslunni um meira en ± 7%,

3.6.2.2.2.3. Setja má fleiri en eina breytingu á veltigrind í eina skýrslu um rýmkun ef þær eru mismunandi valkostir við sömu veltigrind en aðeins ein fullgildingarprófun er samþykkt í einni skýrslu um rýmkun. Þeim valkostum sem ekki eru prófaðir skal lýst í sérstökum hluta skýrslunnar um rýmkun

3.6.2.2.3. Aukning á viðmiðunarmassa sem framleiðandi gefur upp fyrir veltigrind sem þegar hefur verið prófuð. Ef framleiðandi vill halda sama viðurkenningarnúmeri er mögulegt að gefa út skýrslu um rýmkun eftir að hafa framkvæmt fullgildingarprófun (mörkin ± 7% sem tiltekin eru í lið 3.6.2.2.2.2 eiga ekki við í slíku tilviki).

3.7. [Á ekki við]

3.8. *Eiginleikar veltigrinda í köldu veðri*

3.8.1 Ef staðhæft er að veltigrind hafi eiginleika til varnar stökkva í köldu veðri skal framleiðandi gefa upplýsingar um það í skýrslunni.

3.8.2 Eftirfarandi kröfum og aðferðum er ætlað að veita styrk og þol gegn stökkvabrotum við lækkað hitastig. Mælt er með að eftirfarandi lágmarkskröfur varðandi smíðaefni skuli uppfylltar þegar dæmt er um hvort veltigrind henti við lækkað notkunarhitastig í þeim löndum þar sem þessarar viðbótarvarnar er krafist.

Tafla 3.2

Lágmarks Charpy V-Notch höggorka

Stærð sýnishorns	Orka við	Orka við
	– 30 °C	– 20 °C
mm	J	J ([b])
10 × 10([a])	11	27,5
10 × 9	10	25
10 × 8	9,5	24
10 × 7,5 ([a])	9,5	24
10 × 7	9	22,5
10 × 6,7	8,5	21
10 × 6	8	20
10 × 5 ([a])	7,5	19
10 × 4	7	17,5
10 × 3,5	6	15

Stærð sýnishorns	Orka við	Orka við
	– 30 °C	– 20 °C
mm	J	J ([b])
10 × 3	6	15
10 × 2,5 ([a])	5,5	14

([a]) Gefur til kynna þá stærð sem mælt er með. Stærð sýnishorns skal ekki vera minni en mesta stærð sem mælt er með sem efnið leyfir.
([b]) Nauðsynleg orka við – 20 °C er 2,5 sinnum gildið sem tilgreint er fyrir – 30 °C. Aðrir þættir hafa áhrif á höggþol, þ.e. völsunarstefna, flotstyrkur, kornastefna og logsuða. Taka skal tillit til þessara þátta við val og notkun á stáli.

3.8.2.1. Boltar og rær, sem notaðar eru til að festa veltigrindina á dráttarvélina og tengja hluta veltigrindarinnar sem eru burðarvirki, skulu sýna fullnægjandi eiginleika að því er varðar þol gegn lækkuðu hitastigi.

3.8.2.2. Öll logsoðin rafskaut sem notuð eru við gerð burðareininga og festinga skulu samrýmast smíðaefni veltigrindarinnar, eins og gefið er upp í lið 3.8.2.3 hér á eftir.

3.8.2.3. Stálefni fyrir burðareiningar veltigrindarinnar skulu vera úr viðurkenndu styrkleikaefni sem uppfyllir að lágmarki Charpy V-Notch kröfur um höggorku, eins og sýnt er í töflu 3.2. Flokk og gæði stáls skal tilgreina í samræmi við ISO-staðal 630:1995, breyting 1:2003.

Stál með útrúllaðri þykkt minni en 2,5 mm og minna en 0,2% kolefnisinnihald telst uppfylla þessa kröfu. Burðareiningar veltigrindar sem gerðar eru úr smíðaefnum öðrum en stáli skulu hafa sambærilegt höggþol við lágt hitastig.

3.8.2.4. Þegar Charpy V-Notch kröfur um höggorku eru prófaðar skal stærð sýnishorns ekki vera minni en sú stærsta af þeim stærðum sem taldar eru upp í töflu 3.2 sem smíðaefnið leyfir.

3.8.2.5. Charpy V-Notch prófanirnar skulu gerðar í samræmi við aðferðina í ASTM A 370-1979, nema fyrir sýnishornastærðir sem skulu vera í samræmi við stærðirnar sem gefnar eru upp í töflu 3.2.

3.8.2.6. Annar valkostur við þessa aðferð er notkun róaðs eða hálf-róaðs stáls sem leggja skal fram fullnægjandi forskriftir fyrir. Flokk og gæði stáls skal tilgreina í samræmi við ISO-staðal 630:1995, breyting 1:2003.


3.8.2.7. Sýnishorn skulu vera eftir endilöngu og tekin úr flötum stafla, pípu- eða grindahlutum áður en þau eru formuð eða logsoðin til notkunar í veltigrindina. Sýnishorn úr pípu- eða grindahlutum skulu tekin úr miðju hliðar með stærstu málin og skulu ekki vera logsoðin.

3.9. [Á ekki við]

Mynd 3.1

Kólfur og keðjur eða stálvírar sem hann hangir í

(Mál í mm)




Mynd 3.2

Aðferð við högg að aftan

(Mál í mm)


Mynd 3.2.a

Öryggishús



Mynd 3.2.b

Rammi veltislár að aftan




Mynd 3.3

Aðferð við högg að aftan

Mynd 3.3.a


Öryggishús

Mál í mm




Mynd 3.3.b

Veltislárrammi að aftan




Mynd 3.4

Aðferð við högg frá hlið



Mynd 3.5

Dæmi um fyrirkomulag við þrýstiálagsprófanir




Mynd 3.6

Staðsetning stoðar fyrir þrýstiálagsprófanir að framan og aftan


Mynd 3.6.a

Öryggishús



Mynd 3.6.b

Veltislárrammi að aftan




Mynd 3.7

Staðsetning stoðar við þrýstiálagsprófun þegar framhlutinn stenst ekki fullan þrýstiálagskraft


Mynd 3.7.a

Öryggishús



Mynd 3.7.b

Veltislárrammi að aftan



Tafla 3.3

Mál auða svæðisins


Mál	mm	Athugasemdir
A_1 A_0	100	lágmark
B_1 B_0	100	lágmark
F_1 F_0	250	lágmark
F_2 F_0	250	lágmark
G_1 G_0	250	lágmark
G_2 G_0	250	lágmark
H_1 H_0	250	lágmark
H_2 H_0	250	lágmark
J_1 J_0	250	lágmark
J_2 J_0	250	lágmark
E_1 E_0	250	lágmark
E_2 E_0	250	lágmark
D_0 E_0	300	lágmark
J_0 E_0	300	lágmark
A_1 A_2	500	lágmark
B_1 B_2	500	lágmark
C_1 C_2	500	lágmark
D_1 D_2	500	lágmark
I_1 I_2	500	lágmark
F_0 G_0	—	fer eftir dráttarvélinni
I_0 G_0	—	
C_0 D_0	—	
E_0 F_0	—	

Mynd 3.8

Autt svæði

Athugasemd:

málin er að finna í töflu 3.3 hér að framan,




1 – Málpunktur sætis

Mynd 3.9

Autt svæði


Mynd 3.9.a

Þversnið í viðmiðunarplani séð frá hlið



Mynd 3.9.b

Séð að framan eða aftan



1 – Málpunktur sætis

2 – Kraftur


3 – Lárétt viðmiðunarplan

Mynd 3.10

Autt svæði fyrir dráttarvél með vendisæti og stýrishjóli


Mynd 3.10.a

Öryggishús




Mynd 3.10.b

Veltislárrammi að aftan



Mynd 3.11

Dæmi um tæki til að mæla fjaðrandi sveigju



1 — Varanleg sveigja

2 — Fjaðrandi sveigja

3 — Sveigja alls (varanleg + fjaðrandi sveigja)

Skýringar við II. viðauka

([1]) Nema annað sé tekið fram er texti krafnanna og númeraröðin sem sett er fram í lið B eins og textinn og númeraröðin í stöðluðum reglum OECD um opinberar prófanir á veltigrindum á dráttarvélum fyrir landbúnað og skógrækt (hreyfiprófun), regla Efnahags- og framfarastofnunin nr. 3, útgáfa 2015 frá júlí 2014.

([2]) Notendur eru minntir á að málpunktur sætis er ákvarðaður í samræmi við ISO-staðal 5353 og er fastur punktur með tilliti til dráttarvélarinnar sem hreyfist ekki eftir því sem sætið er stillt úr miðjustöðu. Til þess að ákvarða auða svæðið skal sætið sett í aftari og efstu stöðu.

VII. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um veltivarnarbúnað (beltadráttarvélar)

A. ALMENN ÁKVÆÐI

1. Kröfur Sambandsins sem gilda um veltivarnarbúnað (beltadráttarvélar) eru settar fram í lið B.

B. KRÖFUR SEM GILDA UM VELTIVARNARBÚNAÐ (BELTADRÁTTARVÉLAR)

1. **Skilgreiningar**

1.1. [Á ekki við]

1.2. *Veltivarnarbúnaður*

Veltivarnarbúnaður (öryggishús eða -rammi), hér á eftir nefndur „veltigrind“: grind á dráttarvél, sem er einkum ætluð til þess að forðast eða draga úr áhættu ökumanns ef dráttarvél veltur við hefðbundna notkun.

Veltivarnarbúnaðurinn einkennist af því að hann veitir rými fyrir autt svæði sem er nægilega stórt til að vernda ökumanninn þegar hann situr annað hvort inni í grindinni eða inni í rými sem afmarkast af röðum af beinum línum frá ytri brúnum grindarinnar til einhvers hluta dráttarvélarinnar sem kann að snerta jörðu og sem getur borið dráttarvélina í þeirri stöðu ef dráttarvélin veltur.

1.3. *Belti*

1.3.1. Bráðabirgðaskilgreining: miðjuplan beltisins

Miðjuplan beltisins er jafn langt frá plönunum tveimur sem liggja í jaðri ytri brúnanna.

1.3.2. Skilgreining á sporvídd

Sporvíddin er fjarlægðin milli miðjuplana beltanna

1.3.3. Viðbótarskilgreining: miðjuplan dráttarvélarinnar

Lóðrétta planið sem myndar níutíu gráðu horn við ásinn á miðpunkti hans er miðjuplan dráttarvélarinnar.

1.4. *Veltigrind*

Kerfi burðareininga sem komið er fyrir á dráttarvél þannig að það nái megintilgangi sínum að draga úr líkum á því að stjórnandi kremjist ef dráttarvélin hans skyldi velta. Til burðareininga teljast allar undirgrindur, krappar (e. bracket), festingar, hólkar, boltar, pinnar, fjöðrunarbúnaður eða sveigjanlegir höggdeyfar sem notaðir eru til að festa kerfið við ramma dráttarvélarinnar en að undanskildum festingum sem eru hluti af ramma dráttarvélarinnar.

1.5. *Dráttarvélarrammi*

Aðalgrindin eða aðalburðareining eða -einingar dráttarvélarinnar sem nær eða ná yfir mestan hluta dráttarvélarinnar og sem veltigrindin er fest beint á.

1.6. *Samstæða veltigrindar og dráttarvélarramma*

Kerfi sem samanstendur af veltigrind sem er fest á dráttarvélarrammann.

1.7. *Prófunarpallur*

Verulega stífur hluti prófunareiningarinnar sem dráttarvélarramminn er festur við í prófuninni.

1.8. *Málpunktur sætis (MPS)*

1.8.1. Málpunktur sætis er staðsettur í miðju lengdarplani ákvörðunartækisins þegar það er uppsett í sæti stjórnandans. Málpunktur sætis er fastur með tilliti til dráttarvélarinnar og færist ekki til með sætinu þegar það er stillt eða við fjöðrun þess.

1.8.2 Þegar málpunktur sætis er ákvarðaður skal sætið stillt þannig að allar fram- og afturstillingar, lóðréttar stillingar og hallastillingar sætisins séu í miðstillingu. Fjöðrunarkerfið skal stillt þannig að sætið sé í miðpunkti fjöðrunarbilsins með vigtað ákvörðunartæki fyrir málpunkt sætis á sínum stað.

1.8.3 Málpunktur sætis skal ákvarðaður með tækinu sem sýnt er á mynd 8.1. Tækið er sett á sætið. Massa sem nemur 20 kg er bætt við 40 mm fyrir framan merkið fyrir málpunkt sætis á láréttum hluta tækisins. Um það bil 100 N láréttur kraftur skal síðan settur á tækið á málpunkt sætis (sjá F_o á mynd 8.1). Að lokum skal viðbótarmassi sem nemur 39 kg settur 40 mm fyrir framan merkið fyrir málpunkt sætis á láréttum hluta tækisins.

1.9. *Rými sem aflagast ekki*

Rýmið sem þjónar þeim tilgangi, við mat á prófunarstofu, að setja mörk og ákvarða leyfilega aflögun á veltigrindinni með tilliti til stjórnandans (mynd 8.2). Það er hornrétt nálgun á málum stórs, stjórnanda sem situr.

1.10. *Lóðrétt viðmiðunarplan*

Lóðrétt plan, venjulega eftir endilangri dráttarvélinni og í gegnum málpunkt sætis og miðju stýrishjóls eða stýrishandfangs. Venjulega fellur viðmiðunarplanið saman við miðjuplan dráttarvélarinnar.

1.11. *Jarðflötur til hliðar sem líkt er eftir*

Yfirborð þar sem gert er ráð fyrir að dráttarvél, eftir að hún hefur oltið, stöðvist á og dráttarvélin liggur á hliðinni. Jarðflöturinn sem líkt er eftir er ákvarðaður sem hér segir (sjá lið 3.5.1.2):

a) efri hlutinn sem krafturinn er settur á,

b) ysti punktur burðareiningar séð aftan frá eins og skilgreint er í a-lið hér að framan,

c) lóðrétt lína í gegnum punktinn sem er skilgreindur í b-lið hér að framan,

d) lóðrétt plan sem er samsíða miðlínu langsniðs í gegnum línuna sem er skilgreind í c-lið hér að framan,

e) planinu sem er lýst í d-lið hér að framan er snúið í 15° frá rýminu sem aflagast ekki um ás sem er hornréttur á lóðréttu línuna sem er gefin í c-lið hér að framan og sem fer einnig í gegnum punktinn sem lýst er í b-lið hér að framan, þannig er jarðflöturinn sem líkt er eftir ákvarðaður,

Jarðflöturinn sem líkt er eftir skal ákvarðaður á veltigrind sem ekkert álag er sett á og skal færast með burðareiningunni sem álaginu er beitt á.

1.12. *Lóðréttur jarðflötur sem líkt er eftir*

Fyrir vél sem stöðvast á hvolfi afmarkast planið af efsta þverbita veltigrindarinnar og þeim fram- (aftur-) hluta dráttarvélarinnar sem líklegt er að komist í snertingu við flata jörð á sama tíma og veltigrindin og geti stutt við dráttarvélina sem er á hvolfi. Lóðrétti jarðflöturinn sem líkt er eftir færist með veltigrindinni sem hefur aflagast.

Athugasemd: Lóðrétti jarðflöturinn sem líkt er eftir á einungis við um veltigrind með tveimur stoðum.

1.13. *Massi án fargs*

Massi dráttarvélarinnar án búnaðar til fergingar Dráttarvélin skal vera tilbúin til aksturs með fullan geymi, vökvakerfi og vatnskassa, veltigrind með klæðningu og allan beltabúnað eða viðbótaraflrásaríhluti fyrir framhjól sem nauðsynlegir eru fyrir venjulega notkun. Stjórnandinn er ekki meðtalinn.

1.14. *Leyfileg vikmörk í mælingum*

Tími: ± 0,1 s

Fjarlægð: ± 0,5 mm

Kraftur: ± 0,1% (af fullu kvarðaútslagi nemans)

Horn ± 0,1°

Massi: ± 0,2% (af fullu kvarðaútslagi nemans)

1.15. *Tákn*

D (mm) Aflögun grindarinnar

F (N) Kraftur,

M (kg) Hámarksmassi dráttarvélar sem dráttarvélarframleiðandinn mælir með Hann skal vera jafn eða meiri en massi án fargs sem skilgreindur er í lið 1.13,

U (J) Orkan sem grindin gleypir miðað við massa dráttarvélarinnar

2. **Gildissvið**

Þessi viðauki gildir um dráttarvélar sem knúnar og stýrðar eru beltum og sem hafa a.m.k tvo ása með beltafestingum og sem hafa eftirfarandi eiginleika:

2.1. massa dráttarvélar án fargs sem er ekki minni en 600 kg,

2.2. fríhæð frá jörðu sem er ekki meiri en 600 mm fyrir neðan lægsta punktinn á fram- og afturásum.

3. **Reglur og leiðbeiningar**

3.1. *Almennar reglugerðir*

3.1.1 Veltigrindin má vera framleidd annað hvort af framleiðanda dráttarvélarinnar eða sjálfstæðu fyrirtæki. Í hvoru tilvikinu um sig er prófun einungis gild fyrir þá tegund dráttarvélar sem hún er gerð á. Endurprófun þarf að fara fram á veltigrindinni fyrir hverja tegund dráttarvélar sem hún er fest á. Hins vegar er prófunarstöðvum heimilt að votta að styrkleikaprófanir gildi einnig um dráttarvélategundir sem framleiddar eru með upprunalegu tegundina sem fyrirmynd með breytingum á hreyflinum, gírskiptingunni og stýrisbúnaði og fjöðrun að framan (*sjá lið 3.6 að neðan: Rýmkun til annarra tegunda dráttarvéla*). Hins vegar má prófa fleiri en eina veltigrind fyrir hverja tegund dráttarvélar.

3.1.2 Veltigrindina sem er lögð fram til prófunar verður að afhenda þannig að hún er fest á venjulegan hátt við dráttarvélina eða undirvagn dráttarvélarinnar sem hún er notuð á. Undirvagn dráttarvélarinnar skal vera fullbúinn ásamt knegtum og öðrum hlutum dráttarvélarinnar sem kunna að verða fyrir áhrifum af álagi sem sett er á veltigrindina.

3.1.3 Veltigrind má vera hönnuð þannig að hún verndi einungis ökumanninn ef dráttarvélin veltur. Á þessa grind kann að vera mögulegt að festa veðravörn fyrir ökumanninn, sem er meira eða minna til bráðabirgða. Ökumaðurinn fjarlægir hana öllu jöfnu í hlýju veðri. Það eru hins vegar til veltigrindur þar sem klæðningin er varanleg og loftræsting í hlýju veðri er með gluggum eða flöpum. Þar sem klæðning getur styrkt grindina og ef hægt er að fjarlægja hana er mögulegt að hún sé ekki til staðar ef slys verður skal í prófuninni fjarlægja alla hluta sem ökumaðurinn getur tekið af. Hurðir, þaklúgur og gluggar sem hægt er að opna skulu annað hvort fjarlægð eða fest í opinni stöðu í prófuninni þannig að þau auki ekki styrk veltigrindarinnar. Gera skal athugasemd um það hvort þau skapi hættu fyrir ökumanninn í veltu.

Í þeim reglum sem á eftir fara verður einungis vísað til prófunar á veltigrindinni. Það ber að skilja þannig að það taki til klæðningar sem er ekki til bráðabirgða.

Í forskriftunum skal vera lýsing á klæðningu til bráðabirgða sem fylgir með. Allt gler eða annað stökkt efni skal fjarlægt áður en prófun fer fram. Íhluti dráttarvéla og veltigrindar sem gætu orðið fyrir óþarfa skemmdum í prófuninni og sem hafa ekki áhrif á styrkleika veltigrindarinnar eða mál hennar má fjarlægja áður en prófun fer fram ef framleiðandinn óskar eftir því. Óheimilt er að gera við eða gera breytingar meðan á prófuninni stendur.

3.1.4 Öllum íhlutum dráttarvélarinnar sem stuðla að styrk veltigrindarinnar, svo sem aurbretti sem framleiðandinn hefur styrkt ætti að lýsa sem og málum þeirra sem gefin eru í prófunarskýrslunni.

3.2. *Tæki*

3.2.1 Rými sem aflagast ekki

Rýmið sem aflagast ekki og staðsetning þess skal vera í samræmi við ISO-staðal 3264:1995 (sjá mynd 8.3). Rýmið sem aflagast ekki skal fest tryggilega við sama hluta vélarinnar og sæti stjórnandans er fest við og skal haldast þar á meðan á öllu formlega prófunartímabilinu stendur.

Fyrir beltadráttarvélar með massa án fargs sem er minni en 5000 kg, sem búnar eru framanásettri veltigrind með tveimur stoðum, skal rýmið sem aflagast ekki samsvara myndum 8.4 og 8.5.

3.2.2 Autt svæði og verndarplan

Auða svæðið, eins og það er skilgreint í VIII. viðauka (liður 1.6 í skilgreiningarkafla) verður að vera þakið af verndarplaninu S, eins og sýnt er á myndum 8.2. og 8.4. Verndarplanið er skilgreint sem skáplan, hornrétt á lóðrétt lengdarmiðjuplan dráttarvélarinnar, sem myndar snertilínu að framan við veltigrindina og við einhvern af eftirfarandi föstum búnaði dráttarvélarinnar sem kemur í veg fyrir að framangreint plan S komi inn á auða svæðið í gegnum:

— hlífðarhús eða ósveigjanlegan hluta dráttarvélarinnar að aftan,

— beltin,

— fasta viðbótargrind sem er fest tryggilega aftan á dráttarvélina.

3.2.3 Prófun á föstum búnaði að aftan

Ef dráttarvélin er með ósveigjanlegum hluta, húsi eða öðrum föstum búnaði fyrir aftan ökumannssæti, skal líta á slíkan búnað sem öryggispunkt við hliðar- eða afturveltu. Fasti búnaðurinn sem settur er í dráttarvélina fyrir aftan ökumannssæti skal án þess að brotna eða koma inn á auða svæðið geta staðist lóðrétta kraftinn F_i á þar sem:

$F_i = 15\ M$

er beitt hornrétt á efsta hluta rammans á miðjuplani dráttarvélarinnar. Upphafshorn fyrir beitingu krafts skal vera 40° reiknað samsíða miðað við jörðu eins og sýnt er á mynd 8.4. Lágmarksbreidd þessa ósveigjanlega hluta skal vera 500 mm (sjá mynd 8.5).

Að auki skal hann vera nægilega stífur og tryggilega festur við dráttarvélina að aftan.

3.2.4 Festingar

Veita skal aðstöðu til að festa samstæðu dráttarvélarammans og veltigrindarinnar á prófunarpallinn, eins og lýst er hér að framan, og til að beita láréttu og lóðréttu álagi (sjá myndir 8.6 til 8.9).

3.2.5 Mælitæki

Prófunartækin skulu búin tækjum til að mæla kraftinn sem settur er á veltigrindina sveigju (aflögun) grindarinnar.

Hundraðshlutarnir hér að neðan eru nafngildi fyrir nákvæmni mælitækjanna og skal ekki skilja sem svo að þeir tilgreini að leiðréttingarprófanir séu nauðsynlegar.

Mæling	Nákvæmni
Aflögun veltigrindarinnar	± 5% af mældri hámarkssveigju
Kraftur sem er settur á veltigrindina	± 5% af mældum hámarkskrafti

3.2.6 Fyrirkomulag við beitingu álags

Fyrirkomulag við beitingu álags er sýnt á myndum 8.7, 8.10 til 8.13 (hliðarálag), á myndum 8.8 og 8.9 (lóðrétt álag) og mynd 8.14 (lengdarálag).

3.3. *Prófunarskilyrði*

3.3.1. Veltigrindin skal uppfylla framleiðsluforskriftir og skal fest á undirvagn viðeigandi dráttarvélartegundar í samræmi við aðferð við áfestingu sem framleiðandi tilgreinir.

3.3.2 Samstæða veltigrindar og dráttarvélaramma skal fest þannig við prófunarpallinn að hlutarnir sem tengja samstæðuna og prófunarpallinn verði fyrir minniháttar sveigju þegar álagi frá hlið er beitt á veltigrindina. Við álag frá hlið skal samstæða veltigrindar og dráttarvélaramma ekki fá neinn stuðning frá prófunarpallinum annan en þann sem er vegna upphaflegra festinga.

3.3.3 Veltigrindin skal útbúin nauðsynlegum búnaði til að fá gögnin um krafta og sveigju sem krafist er.

3.3.4 Allar prófanir skulu fara fram á sömu veltigrindinni. Engin viðgerð eða rétting skal fara fram á neinni samstæðu veltigrindar og burðareiningar dráttarvélar á meðan eða milli þess að hliðarálagi og lóðréttu álagi er beitt.

3.3.5 Við hliðar- og lengdarálag skal tenging prófunarpallsins vera í gegnum aðalhlífðarhúsið eða beltarammana (sjá myndir 8.6 til 8.8).

3.3.6 Við lóðrétt álag eru engin takmörk varðandi festingar eða stuðning samstæðu veltigrindar og dráttarvélarramma.

3.3.7 Þegar öllum prófunum er lokið skal mæla og skrá varanlega sveigju veltigrindarinnar.

3.4. *Prófunaraðferð*

3.4.1 Almennt

Prófunaraðferðirnar skulu samanstanda af aðgerðunum sem lýst er í liðum 3.4.2, 3.4.3 og 3.4.4 í þeirri röð sem þær eru taldar upp.

3.4.2 Hliðarálag

3.4.2.1. Eiginleikar sambandsins milli krafts og sveigju skulu ákvarðaðir með hliðarálagi á efstu aðallengdarburðareiningar veltigrindarinnar.

Fyrir veltigrind sem hefur fleiri en tvær stoðir skal hliðarálagi beitt með búnaði til að dreifa álagi sem er ekki lengri en 80 hundraðshlutar af beinni lengd efstu burðareiningarinnar *L* milli fram- og afturstoða veltigrindarinnar (sjá myndir 8.13 til 8.16). Upphaflegt álag skal vera innan svæðisins sem ákvarðast af lóðréttu ofanvarpi tveggja plana sem eru samsíða fram- og afturplönum rýmisins sem aflagast ekki og er staðsett 80 mm fyrir utan þau.

3.4.2.2. Fyrir veltigrind sem er með hlíf fyrir ofan og tveggja stoða kerfi skal upphaflega álagið ráðast af heildarfjarlægð á lengdina milli efri aðalburðareininga veltigrindarinnar *L* og lóðréttu ofanvarpi fram- og afturplana rýmisins sem aflagast ekki. Punktur kraftsins (álagsins) skal ekki vera innan fjarlægðarinnar *L/3* frá stoðunum.

Ef punkturinn *L/3* er á milli lóðrétts ofanvarps rýmisins sem aflagast ekki og stoðanna, skal punktur kraftsins (álagsins) færður frá stoðunum þar til hann kemur inn á lóðrétt ofanvarp rýmisins sem aflagast ekki (sjá myndir 8.13 til 8.16). Plötur til álagsdreifingar sem notaðar eru skulu ekki hindra eða takmarka snúning veltigrindarinnar í kringum lóðréttan ás meðan álaginu er beitt og skulu ekki dreifa álaginu yfir fjarlægð sem er meiri en 80 hundraðshlutar af *L*.

Kraftinum skal beitt á aðal, efri og lengdarburðareiningar nema þar sem veltigrind með stoðum er notuð án hlífar fyrir ofan sem studd er svifbitum. Fyrir þessa gerð grindar skal kraftinum beitt í sömu línu og efri þverbitinn liggur.

3.4.2.3. Upphafleg stefna kraftsins skal vera lárétt og hornrétt á lóðrétt plan í gegnum miðlínu langsniðs dráttarvélarinnar.

3.4.2.4. Við áframhaldandi álag getur aflögun samstæðu veltigrindar og dráttarvélarrammans valdið því að stefna kraftsins breytist, það er leyfilegt.

3.4.2.5. Ef sæti stjórnandans er fyrir utan miðlínu langsniðs dráttarvélarinnar skal álaginu beitt á ystu hlið þess, næst sætinu.

3.4.2.6. Fyrir sæti sem eru á miðlínunni, ef festing veltigrindarinnar er þannig að mismunandi hlutföll krafts og sveigju fást með álagi frá vinstri eða hægri, skal hliðin sem álaginu er beitt á vera sú hlið sem ströngustu kröfur til samstæðu veltigrindarinnar og dráttarvélarramma eru gerðar til.

3.4.2.7. Hraði sveigjunnar (beitingar álags) skal vera þannig að hann geti talist í kyrrstöðu, þ.e. minni en eða jafnt og 5 mm/s.

3.4.2.8. Kraftur og sveigja skulu skráð og teiknuð upp með bili fyrir sveigju sem er ekki meira en 25 mm í punktinum sem álaginu er beitt (mynd 8.17).

3.4.2.9. Álaginu skal haldið þar til veltigrind hefur staðist bæði kröfurnar um kraft og orku. Flatarmálið sem myndast undir ferlinum fyrir kraft og sveigju (mynd 8.17) jafngildir orkunni.

3.4.2.10. Sveigja sem notuð er við að reikna út orkuna skal vera sú sem er á veltigrindinni á virknilínu kraftsins. Sveigjan skal mæld í miðpunkti álagsins.

3.4.2.11. Sveigja burðareininga sem notaðar eru til að styðja búnað til að beita álagi skal ekki talin með í mælingum á sveigju sem notaðar eru til að reikna orkuna sem gleypt er.

3.4.3 Lóðrétt álag

3.4.3.1. Eftir að hliðarálagið hefur verið tekið af skal lóðréttu álagi beitt ofan á veltigrindina.

3.4.3.2. Álaginu skal beitt með ósveigjanlegri stoð sem er 250 mm að þvermáli.

3.4.3.3. Fyrir grindur sem hafa fleiri en tvær stoðir skal lóðrétta álaginu beitt bæði að framan og að aftan.

3.4.3.3.1. Lóðrétt álag að aftan (myndir 8.10, 8.11.a og 8.11.b)

3.4.3.3.1.1. Þrýstiálagsstoðin skal vera staðsett yfir efstu burðareiningu að aftan þannig að summa þrýstiálagskraftanna komi fram á lóðrétta viðmiðunarplanið. Þessum þrýstiálagskrafti skal beitt og haldið í fimm sekúndur eftir að sjáanleg hreyfing í veltigrind sést ekki lengur.

3.4.3.3.1.2. Ef aftari hluti á þaki veltigrindar stenst ekki mesta þrýstiálagskraft skal beita krafti á þakið þar til það sveigist til hliðar þannig að það fari saman við plan er tengir efri hluta veltigrindar við þann hluta aftan á dráttarvélinni sem getur borið dráttarvélina við veltu. Því næst skal aflétta kraftinum og þrýstiálagsstoðin færð þannig að hún sé yfir þeim hluta veltigrindarinnar sem myndi styðja við dráttarvélina ef hún ylti alveg. Þá skal þrýstiálagskraftinum beitt aftur.

3.4.3.3.2. Lóðrétt álag að framan (myndir 8.10 og 8.12)

3.4.3.3.2.1. Þrýstiálagsstoðin skal vera staðsett yfir efstu burðareiningu að framan þannig að summa álagskraftanna komi fram á lóðrétta viðmiðunarplanið. Þessum þrýstiálagskrafti F skal beitt og haldið í fimm sekúndur eftir að sjáanleg hreyfing í veltigrind sést ekki lengur.

3.4.3.3.2.2. Ef fremri hluti á þaki veltigrindar stenst ekki mesta þrýstiálagskraft (myndir 8.12.a og 8.12.b)) skal beita krafti á þakið þar til það sveigist til hliðar þannig að það fari saman við plan er tengir efri hluta veltigrindar við þann hluta framan á dráttarvélinni sem getur borið dráttarvélina við veltu. Því næst skal aflétta kraftinum og þrýstiálagsstoðin færð þannig að hún sé yfir þeim hluta veltigrindarinnar sem myndi styðja við dráttarvélina ef hún ylti alveg. Þá skal þrýstiálagskraftinum beitt aftur.

3.4.3.4. Fyrir veltigrind sem er með tveggja stoða kerfi skal lóðrétta álagið ráðast af heildarfjarlægð á lengdina milli efri aðalburðareininga veltigrindarinnar *L* og lóðréttu ofanvarpi fram- og afturplana rýmisins sem aflagast ekki. Punktur kraftsins (álagsins) skal vera í fjarlægð sem er ekki minni fjarlægð en L/3 frá stoðunum (sjá mynd 8.9).

Ef punkturinn *L/3* er á milli lóðrétts ofanvarps rýmisins sem aflagast ekki og stoðanna, skal punktur kraftsins (álagsins) færður frá stoðunum þar til hann kemur inn á lóðrétt ofanvarp rýmisins sem aflagast ekki.

Fyrir framanásettar veltigrindur með tveggja-stoða kerfi án hlífar fyrir ofan skal lóðrétta kraftinum beitt í sömu línu og þverbitinn sem tengir efri burðarbitana.

3.4.4 Lengdarálag

3.4.4.1. Eftir að lóðrétta álagið hefur verið tekið af skal lengdarálagi beitt á veltigrindina.

3.4.4.2. Lengdarálaginu skal beitt á aflagaða staðinn þar sem punkturinn sem upphaflega var ákveðinn, þar sem hliðarálag (og lóðrétt álag) á veltigrindina er líklegt til að valda varanlegri aflögun á grindinni. Þessi upphaflega ákveðni punktur er ákvarðaður af staðsetningu álagsdreifisins og álagshólksins áður en nokkur prófun fer fram á grindinni.

Álagsdreifingarbúnaðurinn getur náð yfir alla breiddin í þeim tilvikum þar sem engir þverbitar að aftan (framan) eru til staðar. Í öllum öðrum tilvikum má búnaðurinn ekki dreifa álaginu á lengd sem er meiri en 80% af breidd, W, veltigrindarinnar (sjá mynd 8.18.).

3.4.4.3. Lengdarálagi skal beitt á efri burðareiningar veltigrindarinnar eftir miðlínu langsniðs veltigrindarinnar.

3.4.4.4. Álagsstefnan skal valin þannig að ströngustu kröfum sé beitt á samstæðu veltigrindar og dráttarvélarramma. Upphafleg álagsstefna skal vera lárétt og samsíða upphaflegri miðlínu langsniðs dráttarvélarinnar. Nokkrir viðbótarþættir sem taka verður tillit til þegar stefnan sem á að beita lengdarálaginu er ákveðin eru:

a) staðsetning veltigrindar miðað við rýmið sem aflagast ekki og áhrifin sem langsniðssveigja veltigrindar myndi hafa á að veita álagsvörn fyrir stjórnandann,

b) eiginleikar dráttarvélarinnar, þ.e. aðrar burðareiningar dráttarvélarinnar sem kunna að standast langsniðssveigju veltigrindarinnar sem geta takmarkað stefnu langsniðsþáttar álagsins á veltigrindina,

c) reynslu sem kann að gefa til kynna möguleikann á að sporðreisast eða tilhneigingu tiltekins flokks dráttarvélar til að hallast þegar þær snúast um lengdarás í raunverulegri veltu.

3.4.4.5. Hraði sveigjunnar skal vera þannig að hann geti talist í kyrrstöðu (sjá lið 3.4.2.7). Þessu álagi skal haldið þar til veltigrindin hefur staðist kröfurnar um kraft sem settur er á.

3.5. *Skilyrði fyrir viðurkenningu*

3.5.1 Almennt

3.5.1.1. Á meðan á hverri prófun stendur skal enginn hluti fara inn í rými sem aflagast ekki. Einnig skal aflögun veltigrindar ekki gera það að verkum að jarðflöturinn sem líkt er eftir (skilgreindur í liðum 1.11 og 1.12) fari inn í rýmið sem aflagast ekki.

3.5.1.2. Sveigja veltigrindarinnar skal í hverri prófun ekki valda því að hliðarplön rýmisins sem aflagast ekki, sem álagið er á, ná út fyrir eða skeri jarðflötinn sem líkt er eftir (sjá myndir 8.19 og 8.20).

Veltigrindin skal ekki brotna af ramma dráttarvélarinnar vegna þess að dráttarvélarramminn gefi eftir.

3.5.2 Kröfur vegna krafts-orku hliðarálags, lóðrétts álagskrafts og lengdarálagskrafts

3.5.2.1. Þessar kröfur skulu uppfylltar innan þeirrar sveigju sem leyfð er í lið 3.5.1.1.

3.5.2.2. Hliðarálagskrafturinn og lágmarksorkan sem gleypt er skal a.m.k. ná því sem gefið er upp í töflu 8.1, þar sem:

— F er lágmarkskrafturinn sem næst við hliðarálag,

— M (kg) er hámarksmassi dráttarvélarinnar sem framleiðandinn mælir með,

— U er lágmarksorkan sem gleypt er við hliðarálag,

Ef krafturinn sem krafist er næst áður en krafan um orku er uppfyllt má minnka kraftinn en hann skal aftur ná því stigi sem krafist er þegar lágmarksorkan næst eða farið er yfir hana.

3.5.2.3. Eftir að hliðarálagið hefur verið tekið af skal láréttur kraftur settur á samstæðu veltigrindarinnar og dráttarvélarrammans:

$$F = 20\ M$$

í 5 mínútur eða þar til engin aflögun verður lengur, hvort heldur er í styttri tíma.

3.5.2.4. Lengdarálagskrafturinn skal a.m.k. ná þeim krafti sem gefinn er upp í töflu 8.1 þar sem F og M eru skilgreindir í lið 3.5.2.2.

3.6. *Rýmkun til annarra tegunda dráttarvéla*

3.6.1 [Á ekki við]

3.6.2 Tæknileg rýmkun

Þegar tæknilegar breytingar eru gerðar á dráttarvél, veltigrind eða aðferð við festingu veltigrindar við dráttarvélina, getur prófunarstöðin sem framkvæmdi upprunalegu prófunina gefið út „skýrslu um tæknilega rýmkun“ í eftirfarandi tilvikum:

3.6.2.1. Rýmkun niðurstaðna prófana á grind til annarra tegunda dráttarvéla

Högg- og þrýstiálagsprófanirnar þarf ekki að framkvæma á hverri tegund dráttarvélar, að því gefnu að veltigrind og dráttarvél samræmist skilyrðunum sem vísað er til í liðum 3.6.2.1.1 til 3.6.2.1.5.

3.6.2.1.1. Grindin skal vera eins og sú sem prófuð var.

3.6.2.1.2. Nauðsynleg orka skal ekki vera umfram þá orku sem reiknuð var fyrir upphaflegu prófunina um meira en 5 prósent.

3.6.2.1.3. Áfestingaraðferð og þeir íhlutir dráttarvélar sem fest er við skulu vera eins.

3.6.2.1.4. Íhlutir eins og aurbretti og vélarhlíf sem geta stutt við veltigrindina skulu vera eins.

3.6.2.1.5. Staðsetning og helstu mál sætisins í veltigrindinni og hlutfallsleg staðsetning veltigrindarinnar á dráttarvélinni skal vera slík að rýmið sem aflagast ekki hefði verið varið í grind með sveigju í öllum prófunum

3.6.2.2. Rýmkun niðurstaðna prófana á grind til breyttra tegunda veltigrinda

Þessu ferli verður að fylgja þegar ákvæði liðar 3.6.2.1 eru ekki uppfyllt, það má ekki nota þegar festingaraðferð veltigrindar við dráttarvélina fylgir ekki áfram sömu meginreglu (t.d. fjöðrunarbúnaður kemur í stað gúmmístoða):

3.6.2.2.1. Breytingar sem hafa engin áhrif á niðurstöður upphaflegu prófananna (t.d. logsuðufesting uppfestingarplötu aukahlutar á stað á grindinni sem ekki er mikilvægur), viðbót sæta með annarri staðsetningu málpunkts sætis í veltigrind (að því tilskildu að athugað sé að nýja rýmið sem aflagast ekki (nýju rýmin sem aflagast ekki) sé(u) áfram varið (varin)).

3.6.2.2.2. Breytingar sem mögulega hafa áhrif á niðurstöður upphaflegu prófananna án þess að spurningar vakni um samþykki veltigrindar (t.d. breyting á íhlut sem er hluti af burðarvirki, breyting á áfestingaraðferð veltigrindarinnar við dráttarvélina). Framkvæma má fullgildingarprófun og eru niðurstöður prófunarinnar skráðar í skýrslu um rýmkun.

Eftirfarandi takmarkanir á þessari gerðarrýmkun eru fastar:

3.6.2.2.2.1. Ekki má samþykkja fleiri en 5 rýmkanir án fullgildingarprófunar.

3.6.2.2.2.2. Niðurstöður fullgildingarprófunar verða samþykktar fyrir rýmkun ef öll skilyrði um samþykki í þessum viðauka eru uppfyllt og ef krafturinn sem er mældur þegar nauðsynlegu orkustigi hefur verið náð í hinum ýmsu láréttu álagsprófunum víkur ekki frá kraftinum sem var mældur þegar nauðsynlegri orku var náð í upphaflegu prófununum um meira en ± 7% og sveigjan sem mæld er (*) þegar nauðsynlegu orkustigi hefur verið náð í hinum ýmsu láréttu álagsprófunum víkur ekki frá sveigjunni sem mæld var þegar nauðsynlegri orku var náð í upphaflegu prófunarskýrslunni um meira en ± 7% .

3.6.2.2.2.3. Setja má fleiri en eina breytingu á veltigrind í eina skýrslu um rýmkun ef þær eru mismunandi valkostir við sömu veltigrind en aðeins ein fullgildingarprófun er samþykkt í einni skýrslu um rýmkun. Þeim valkostum sem ekki eru prófaðir skal lýst í sérstökum hluta skýrslunnar um rýmkun

3.6.2.2.3. Aukning á viðmiðunarmassa sem framleiðandi gefur upp fyrir veltigrind sem þegar hefur verið prófuð. Ef framleiðandi vill halda sama viðurkenningarnúmeri er mögulegt að gefa út skýrslu um rýmkun eftir að hafa framkvæmt fullgildingarprófun (mörkin ± 7% sem tiltekin eru í lið 3.6.2.2.2.2 eiga ekki við í slíku tilviki).

3.7. [Á ekki við]

3.8. *Eiginleikar veltigrinda í köldu veðri*

3.8.1 Ef staðhæft er að veltigrind hafi eiginleika til varnar stökkva í köldu veðri skal framleiðandi gefa upplýsingar um það í skýrslunni.

3.8.2 Eftirfarandi kröfum og aðferðum er ætlað að veita styrk og þol gegn stökkvabrotum við lækkað hitastig. Mælt er með að eftirfarandi lágmarkskröfur varðandi smíðaefni skuli uppfylltar þegar dæmt er um hvort veltigrind henti við lækkað notkunarhitastig í þeim löndum þar sem þessarar viðbótarvarnar er krafist.

3.8.2.1. Boltar og rær, sem notaðar eru til að festa veltigrindina á dráttarvélina og tengja hluta veltigrindarinnar sem eru burðarvirki, skulu sýna fullnægjandi eiginleika að því er varðar þol gegn lækkuðu hitastigi.

3.8.2.2. Öll logsoðin rafskaut sem notuð eru við gerð burðareininga og festinga skulu samrýmast smíðaefni veltigrindarinnar, eins og gefið er upp í lið 3.8.2.3 hér á eftir.

3.8.2.3. Stálefni fyrir burðareiningar veltigrindarinnar skulu vera úr viðurkenndu styrkleikaefni sem uppfyllir að lágmarki Charpy V-Notch kröfur um höggorku, eins og sýnt er í töflu 8.2. Flokk og gæði stáls skal tilgreina í samræmi við ISO-staðal 630:1995, breyting 1:2003.

Stál með útrúllaðri þykkt minni en 2,5 mm og minna en 0,2 hundraðshluta kolefnisinnihald telst uppfylla þessa kröfu.

Burðareiningar veltigrindar sem gerðar eru úr smíðaefnum öðrum en stáli skulu hafa sambærilegt höggþol við lágt hitastig.

3.8.2.4. Þegar Charpy V-Notch kröfur um höggorku eru prófaðar skal stærð sýnishorns ekki vera minni en sú stærsta af þeim stærðum sem taldar eru upp í töflu 8.2 sem smíðaefnið leyfir

3.8.2.5. Charpy V-Notch-prófanir skulu framkvæmdar í samræmi við ferlið í ATM A 370-1979, nema fyrir stærðir sýnishorna sem skulu vera í samræmi við þær stærðir sem gefnar eru upp í töflu 8.2.

3.8.2.6. Annar valkostur við þessa aðferð er notkun róaðs eða hálf-róaðs stáls sem leggja skal fram fullnægjandi forskriftir fyrir. Flokk og gæði stáls skal tilgreina í samræmi við ISO-staðal 630:1995, breyting 1:2003

3.8.2.7. Sýnishorn skulu vera eftir endilöngu og tekin úr flötum stafla, pípu- eða grindahlutum áður en þau eru formuð eða logsoðin til notkunar í veltigrindina. Sýnishorn úr pípu- eða grindahlutum skulu tekin úr miðju hliðar með stærstu málin og skulu ekki vera logsoðin.

Tafla 8.1

Jöfnur fyrir kraft og orku

Massi vélar, M	Hliðarálagskraftur, M	Hliðarálagsorka, U	Lóðréttur álagskraftur, F	Lengdarálagskraftur, F
kg	N	J	N	N
$800 < M \leq 4630$	6 M	$13\,000(M/10\,000)^{1,25}$	20 M	4,8 M
$4630 < M \leq 59\,500$	$70\,000(M/10\,000)^{1,2}$	$13\,000(M/10\,000)^{1,25}$	20 M	$56\,000(M/10\,000)^{1,2}$
$M > 59\,500$	10 M	2,03 M	20 M	8 M

Tafla 8.2

Lágmarks Charpy V-Notch höggorka

Stærð sýnishorns	Orka við	Orka við
	– 30 °C	– 20 °C
mm	J	J([b])
10 × 10([a])	11	27,5
10 × 9	10	25
10 × 8	9,5	24
10 × 7,5([a])	9,5	24
10 × 7	9	22,5
10 × 6,7	8,5	21
10 × 6	8	20
10 × 5([a])	7,5	19
10 × 4	7	17,5
10 × 3,5	6	15
10 × 3	6	15
10 × 2,5([a])	5,5	14


([a]) Gefur til kynna þá stærð sem mælt er með. Stærð sýnishorns skal ekki vera minni en mesta stærð sem mælt er með sem efnið leyfir.

([b]) Nauðsynleg orka við – 20 °C er 2,5 sinnum gildið sem tilgreint er fyrir – 30 °C. Aðrir þættir hafa áhrif á höggþol, þ.e. völsunarstefna, flotstyrkur, kornastefna og logsuða. Taka skal tillit til þessara þátta við val og notkun á stáli.

Mynd 8.1


Tæki til að ákvörðunar á málpunkti sætis (MPS)

Mál í millimetrum



Mynd 8.2


Jarðflötur sem líkt er eftir fer inn í rýmið sem aflagast ekki



Mynd 8.3

Rými sem aflagast ekki

Mál í millimetrum,
almenn vikmörk ± 5 mm



1) Má minnka til að gera ráð fyrir staðsetningu gólfplatna


2) Vélarhlutar eða stýribúnaður geta valdið því að fætur séu í sundur. Að lágmarki skal álagsvörðu rými fyrir fætur og fótleggi í ISO-staðli 3411 viðhaldið á báðum hliðum.

3) Fætur geta hreyfst 45 mm aftur.

Mynd 8.4

Framanásett veltigrind með tveimur stoðum séð frá hlið


Rými sem aflagast ekki



Mynd 8.5


Framanásett veltigrind með tveimur stoðum séð aftan frá

Rými sem aflagast ekki




Mynd 8.6

Dæmigert fyrirkomulag við að festa veltigrindina við dráttarvélarrammann




Mynd 8.7

Dæmigert fyrirkomulag við að setja hliðarálag á veltigrindina




Mynd 8.8

Dæmigert fyrirkomulag við að festa dráttarvélarrammann og beita lóðréttu álagi




Mynd 8.9

Dæmigert fyrirkomulag við að beita lóðréttu álagi á veltigrindina



Mynd 8.10

Dæmi um fyrirkomulag við þrýstiálagsprófun




Mynd 8.11

Staðsetning stoðar við þrýstiálagsprófanir að framan og aftan, öryggishúss og veltislárramma að aftan


Mynd 8.11.a

Öryggishús



Mynd 8.11.b

Veltislárrammi að aftan




Mynd 8.12

Staðsetning stoðar við þrýstiálagsprófun þegar framhlutinn stenst ekki fullan þrýstiálagskraft


Mynd 8.12.a

Öryggishús




Mynd 8.12.b

Veltislárrammi að aftan



Sjá mynd 8.13 og 8.14

Grind með fjórum stoðum. Álagsdreifingarbúnaður, hliðarálag




Álagsdreifir og hólkar eiga að koma í veg fyrir að komið sé inn í rýmið á tilteknum stað og til að halda endanum á álagsbúnaðinum

Mynd 8.15

Grind með fleiri en fjórum stoðum

Álagsdreifingarbúnaður, hliðarálag




Álagsdreifir og hólkur eiga að koma í veg fyrir að komið sé inn í rýmið og til að halda endanum á álagsbúnaðinum

Mynd 8.16

Virki með tveimur stoðum


Álagsdreifingarbúnaður, hliðarálag



Álagsdreifir og hólkur eiga að koma í veg fyrir að komið sé inn í rýmið og til að halda endanum á álagsbúnaðinum

Mynd 8.17

Ferillinn fyrir kraft á móti sveigju í álagsprófunum




Orka

$$U = \frac{\Delta_1 F_1}{2} + (\Delta_2 - \Delta_1)\frac{F_1 + F_2}{2} + \ldots$$
$$+ (\Delta_N - \Delta_{N-1})\frac{F_{N-1} + F_N}{2}$$

Til að fá orkuna í júlum skal deila flatarmáli fyrir neðan ferilinn fyrir kraft á móti sveigju með 1000.


Mynd 8.18

Lengdarálagspunkturinn



Mynd 8.19


Notkun rýmisins sem aflagast ekki – ákvörðun á jarðfleti til hliðar sem líkt er eftir



Athugasemd: Sjá lið 1.11 fyrir merkinguna á *a* til *e*

Mynd 8.20

Leyfilegur snúningur efra rýmisins sem aflagast ekki um staðsetningarásinn



Skýringar við VII. viðauka

([1]) Nema annað sé tekið, er texti krafnanna og númeraröðin sem sett er fram í lið B eins og textinn og númeraröðin í staðlaðri reglu Efnahags- og framfarastofnunarinnar vegna opinberra prófana á veltigrindum á beltadráttarvélum fyrir landbúnað og skógrækt, regla Efnahags- og framfarastofnunarinnar nr. 8, útgáfa 2015 frá júlí 2014.

([2]) Varanleg + fjaðrandi sveigja mæld á þeim punkti þegar nauðsynlegu orkustigi er náð.

VIII. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um veltivarnarbúnað (kyrrstöðuprófun)

A. ALMENN ÁKVÆÐI

1. Kröfur Sambandsins sem gilda um veltivarnarbúnað (kyrrstöðuprófun) eru settar fram í lið B.

B. KRÖFUR SEM GILDA UM VELTIVARNARBÚNAÐ (KYRRSTÖÐUPRÓFUN)([1])

1. **Skilgreiningar**

1.1. [Á ekki við]

1.2. *Veltivarnarbúnaður*

Veltivarnarbúnaður (öryggishús eða -rammi), hér á eftir nefndur „veltigrind“: grind á dráttarvél, sem er einkum ætluð til þess að forðast eða draga úr áhættu ökumanns ef dráttarvél veltur við hefðbundna notkun.

Veltivarnarbúnaðurinn einkennist af því að hann veitir rými fyrir autt svæði sem er nægilega stórt til að vernda ökumanninn þegar hann situr annað hvort inni í grindinni eða inni í rými sem afmarkast af röðum af beinum línum frá ytri brúnum grindarinnar til einhvers hluta dráttarvélarinnar sem kann að snerta jörðu og sem getur borið dráttarvélina í þeirri stöðu ef dráttarvélin veltur.

1.3. *Sporvídd*

1.3.1. Bráðabirgðaskilgreining: miðjuplan hjólsins eða beltisins

Miðjuplan hjólsins eða beltisins er jafn langt frá plönunum tveimur sem liggja í jaðri ytri brúna felgnanna eða beltanna.

1.3.2 Skilgreining á sporvídd

Lóðrétta planið í gegnum ás hjólsins sker miðjuplan þess eftir beinni línu sem snertir undirlagið í einum punkti. Ef **A** og **B** eru punktarnir tveir sem eru skilgreindir á þennan hátt fyrir hjól á sama ási dráttarvélarinnar, þá er sporvíddin fjarlægðin milli punkta **A** og **B**. Sporvíddina má skilgreina á þann hátt fyrir bæði fram- og afturhjól. Þar sem eru tvöföld hjól er sporvíddin fjarlægðin milli tveggja plana sem hvort um sig er miðjuplan hjólaparsins.

Fyrir beltadráttarvélar er sporvíddin fjarlægðin milli miðjuplana beltanna.

1.3.3 Viðbótarskilgreining: miðjuplan dráttarvélarinnar

Ystu stöður punktanna **A** og **B** fyrir afturás dráttarvélarinnar eru teknar til að fá hæsta mögulega gildið fyrir sporvíddina. Lóðrétta planið myndar níutíu gráðu horn við línu **AB** og á miðpunkti hennar er miðjuplan dráttarvélarinnar.

1.4. *Hjólhaf*

Fjarlægðin milli lóðréttu plananna sem ganga í gegnum línurnar tvær AB eins og skilgreint er hér að framan, ein fyrir framhjól og ein fyrir afturhjól.

1.5. Ákvörðun málpunkts sætis; staðsetning sætis og stilling fyrir prófun

1.5.1 Málpunktur sætis (MPS)([2])

Málpunkt sætis skal ákvarða í samræmi við ISO-staðal 5353:1995.

1.5.2 Staðsetning sætis og stilling fyrir prófun

1.5.2.1. ef sætið er stillanlegt skal sætið stillt í öftustu og efstu stöðu,

1.5.2.2. ef halli bakstoðar er stillanlegur verður hann að vera stilltur í miðstillingu,

1.5.2.3. ef sæti er útbúið fjöðrun skal fjöðrunin fest í miðstillingu nema það gangi gegn leiðbeiningum sem sætisframleiðandi hefur mælt skýrt fyrir um,

1.5.2.4. ef einungis er hægt að stilla sætið langsum og lóðrétt skal lengdarásinn, sem liggur í gegnum málpunkt sætisins, vera samhliða lóðréttu lengdarmiðjuplani dráttarvélarinnar sem liggur í gegnum miðju stýrishjólsins og ekki meira en 100 mm frá því plani.

1.6. *Autt svæði*

1.6.1 Viðmiðunarplan fyrir sæti og stýrishjól

Auða svæðið er sýnt á myndum 4.11 til 4.13 og töflu 4.2. Svæðið er skilgreint með hliðsjón af viðmiðunarplani og málpunkti sætis. Viðmiðunarplanið er skilgreint í upphafi raðar álagsprófana, það er lóðrétt plan, venjulega eftir endilangri dráttarvélinni og í gegnum málpunkt sætis og miðju stýrishjóls. Venjulega fellur viðmiðunarplanið saman við lengdarmiðjuplan dráttarvélarinnar. Gera skal ráð fyrir því að þetta viðmiðunarplan færist lárétt með sætinu og stýrishjólinu þegar álagi er beitt en haldist hornrétt á dráttarvélina eða botn veltivarnarbúnaðarins. Auða svæðið skal skilgreint á grundvelli liða 1.6.2 og 1.6.3 hér að neðan.

1.6.2 Ákvörðun auða svæðisins fyrir dráttarvélar með sæti sem er ekki vendisæti

Auða svæðið fyrir dráttarvélar með sæti sem ekki er vendisæti er skilgreint í liðum 1.6.2.1 til 1.6.1.10 hér að neðan og afmarkast af eftirfarandi plönum með dráttarvélina á láréttu yfirborði, með sætið stillt og staðsett eins og tilgreint er í liðum 1.5.2.1 til 1.5.2.4([2]), og stýrishjólið, ef það er stillanlegt, stillt í miðjustöðu fyrir akstur þar sem ökumaður situr í sætinu:

1.6.2.1. láréttu plani A_1 B_1 B_2 A_2, (810 + a_v) mm fyrir ofan málpunkt sætis þar sem línan B_1B_2 er staðsett (a_h – 10) mm fyrir aftan málpunkt sætis,

1.6.2.2. hallandi plani G_1 G_2 I_2 I_1, hornrétt á viðmiðunarplanið, sem er bæði með punkt 150 mm fyrir aftan línuna B_1B_2 og aftasta punkt bakstoðar sætis,

1.6.2.3. sívölu yfirborði A_1 A_2 I_2 I_1 hornrétt á viðmiðunarplanið, sem er með 120 mm radíus og í snertingu við plönin sem skilgreind eru í liðum 1.6.2.1 og 1.6.2.2 hér að framan,

1.6.2.4. sívölu yfirborði B_1 C_1 C_2 B_2, hornrétt á viðmiðunarplanið, sem er með 900 mm radíus sem nær fram um 400 mm og í snertingu við planið sem skilgreint er í lið 1.6.2.1 hér að framan og á línunni B_1B_2,

1.6.2.5. halland plani C_1 D_1 D_2 C_2, hornrétt á viðmiðunarplanið, tengist yfirborðinu sem skilgreint er í lið 1.6.2.4 hér að framan og 40 mm fram fyrir ystu frambrún stýrishjólsins. Ef stýrishjólið er í eðlilegri stillingu nær þetta plan fram frá línu B_1B_2 og snertir yfirborðið sem skilgreint er í lið 1.6.2.4 hér að framan,

1.6.2.6. lóðréttu plani D_1 E_1 E_2 D_2 hornrétt á viðmiðunarplanið 40 mm fram fyrir ystu frambrún stýrishjólsins,

1.6.2.7. láréttu plani E_1 F_1 F_2 E_2 sem liggur í gegnum punkt (90 – a_v) mm fyrir neðan málpunkt sætis,

1.6.2.8. yfirborði G_1 F_1 F_2 G_2, ef þörf krefur bogadregið frá neðstu mörkum plansins sem skilgreind eru í lið 1.6.2.2 hér að framan í lárétt plan sem skilgreint er í lið 1.6.2.7 hér að framan, hornrétt á viðmiðunarplanið og snertir bakstoð sætis eftir allri endilangri lengd þess,

1.6.2.9. lóðréttu plönunum J_1 E_1 F_1 G_1 H_1 og J_2 E_2 F_2 G_2 H_2. Þessi lóðréttu plön skulu ná 300 mm upp frá planinu E_1 F_1 F_2 E_2, fjarlægðirnar E_1 E_0 og E_2 E_0 skulu vera 250 mm,

1.6.2.10. samsíða plönunum A_1 B_1 C_1 D_1 J_1 H_1 I_1 og A_2 B_2 C_2 D_2 J_2 H_2 I_2 og hallast þannig að efri brún plansins á hliðinni þar sem kraftinum er beitt er a.m.k. 100 mm frá lóðrétta viðmiðunarplaninu.

1.6.3 Ákvörðun auða svæðisins fyrir dráttarvélar með vendisæti ökumanns

Fyrir dráttarvélar með vendisæti ökumanns (með sæti og stýrishjóli sem hægt er að snúa við) skal auða svæðið vera rými auðu svæðanna tveggja sem skilgreind eru af hinum tveimur mismunandi stöðum stýrishjólsins og sætisins.

1.6.4 Viðbótarsæti

1.6.4.1. Ef um er að ræða dráttarvélar þar sem hægt er að koma fyrir viðbótarsætum skal svæðið sem umlykur málpunkta allra þeirra viðbótarsæta sem boðið er upp á notað meðan á prófunum stendur. Veltigrindin skal ekki vera hluti af stærra auða svæðinu sem tekur tillit til þessara mismunandi málpunkta sæta.

1.6.4.2. Ef fram koma tillögur um ný sæti eftir að prófun hefur farið fram skal ákvarða hvort auða svæðið í kringum nýjan málpunkt sætis falli innan þess svæðis sem áður var ákvarðað. Ef það gerir það ekki verður að framkvæma nýja prófun.

1.6.4.3. Viðbótarsæti telst ekki vera sæti fyrir einstakling til viðbótar við ökumanninn þaðan sem ekki er hægt að stjórna dráttarvélinni. Málpunktur sætis skal ekki ákvarðaður vegna þess að skilgreiningin á auða svæðinu er með hliðsjón af ökumannssætinu.

1.7. *Massi*

1.7.1 Massi án fargs

Massi dráttarvélar án búnaðar til fergingar og ef um er að ræða dráttarvélar með loftfylltum hjólbörðum, án vökvafergingar í hjólbörðunum. Dráttarvélin skal vera tilbúin til aksturs með fullan geymi, vökvakerfi og vatnskassa, veltigrind með klæðningu og allan beltabúnað eða viðbótaraflrásaríhluti fyrir framhjól sem nauðsynlegir eru fyrir venjulega notkun. Stjórnandinn er ekki meðtalinn.

1.7.2 Leyfilegur hámarksmassi

Hámarksmassi dráttarvélarinnar sem framleiðandi gefur upp að sé tæknilega leyfilegur og gefinn upp á auðkenniplötu ökutækisins og/eða í notendahandbókinni,

1.7.3 Viðmiðunarmassi

Massinn sem framleiðandinn velur til útreiknings á orkuílagi og þrýstiálagskröftum sem á að nota í prófunum. Hann skal ekki vera minni en massi án fargs og skal vera nægilegur til að tryggja að massahlutfallið fari ekki yfir 1,75 (sjá lið 1.7.4).

1.7.4 Massahlutfall

$$\text{Hlutfallið} \left(\frac{\text{Leyfilegur hámarksmassi}}{\text{Viðmiðunarmassi}} \right) \text{Það skal ekki vera hærra en } 1{,}75$$

1.8. *Leyfileg vikmörk í mælingum*

Tími	± 0,1 s
Fjarlægð	± 0,5 mm
Kraftur	± 0,1% (af fullu kvarðaútslagi nemans)
Horn	± 0,1°
Massi	± 0,2% (af fullu kvarðaútslagi nemans)

1.9. *Tákn*

a_h	(mm)	Helmingur láréttrar sætisstillingar
a_v	(mm)	Helmingur lóðréttrar sætisstillingar

D	(mm)	Aflögun veltigrindarinnar í álagspunktinum og í álagsstefnuna
D'	(mm)	Aflögun veltigrindar miðað við útreiknaða, nauðsynlega orku
E_{IS}	(J)	Orka sem á að gleypa við álag frá hlið
E_{IL1}	(J)	Orka sem á að gleypa við álag eftir endilöngu
E_{IL2}	(J)	Orka sem á að gleypa, ef um er að ræða annað álag eftir endilöngu
F	(N)	Stöðuálagskraftur
F_{max}	(N)	Hámarksstöðuálagskraftur sem fyrir kemur við álag, að undanskildu yfirálagi
F'	(N)	Kraftur miðað við útreiknaða, nauðsynlega orku
M	(kg)	Viðmiðunarmassi notaður til að reikna út orkuílag og þrýstiálagskrafta

2. **Gildissvið**

2.1. Þessi viðauki gildir um dráttarvélar sem eru með a.m.k. tvo ása fyrir loftfyllta hjólbarða og með belti í stað hjóla og með massa dráttarvélar án fargs sem er ekki minni en 600 kg. Massahlutfallið (Leyfilegur hámarksmassi/viðmiðunarmassi) má ekki vera hærra en 1,75.

2.2. Lágmarkssporvídd afturhjólanna skal almennt vera meiri en 1150 mm. Það er viðurkennt að það kunna að vera til dráttarvélar sem eru, t.d. hannaðar sem sláttuvélar, mjóar dráttarvélar fyrir vínekrur, lágar dráttarvélar sem notaðar eru í byggingum með lítilli lofthæð eða ávaxtagörðum, dráttarvélar með mikilli fríhæð og sérstakar skógræktarvélar, svo sem tæki til flytja eða draga trjáboli, en þessi viðauki gildir ekki um slíkar dráttarvélar.

3. **Reglur og leiðbeiningar**

3.1. *Almennar reglugerðir*

3.1.1 Veltigrindin má vera framleidd annað hvort af framleiðanda dráttarvélarinnar eða sjálfstæðu fyrirtæki. Í hvoru tilvikinu um sig er prófun einungis gild fyrir þá tegund dráttarvélar sem hún er gerð á. Endurprófun þarf að fara fram á veltigrindinni fyrir hverja tegund dráttarvélar sem hún er fest á. Hins vegar er prófunarstöðvum heimilt að votta að styrkleikaprófanir gildi einnig um dráttarvélategundir sem framleiddar eru með upprunalegu tegundina sem fyrirmynd með breytingum á hreyflinum, gírskiptingunni og stýrisbúnaði og fjöðrun að framan. Hins vegar má prófa fleiri en eina veltigrind fyrir hverja tegund dráttarvélar.

3.1.2 Veltigrindin sem er lögð fram til kyrrstöðuprófunar verður að vera afhent þannig að hún sé fest á venjulegan hátt við dráttarvélina eða undirvagn dráttarvélarinnar sem hún er notuð á. Undirvagn dráttarvélarinnar skal vera fullbúinn ásamt knegtum og öðrum hlutum dráttarvélarinnar sem kunna að verða fyrir áhrifum af álagi sem sett er á veltigrindina.

3.1.3 Ef um er að ræða samtengda dráttarvél (e. tandem) skal nota massa staðlaðrar útgáfu þess hluta sem veltigrindin er fest við.

3.1.4 Veltigrind má vera hönnuð þannig að hún verndi einungis ökumanninn ef dráttarvélin veltur. Á þessa grind kann að vera mögulegt að festa veðravörn fyrir ökumanninn, sem er meira eða minna til bráðabirgða. Ökumaðurinn fjarlægir hana öllu jöfnu í hlýju veðri. Það eru hins vegar til veltigrindur þar sem klæðningin er varanleg og loftræsting í hlýju veðri er með gluggum eða flöpum. Þar sem klæðning getur styrkt grindina og ef hægt er að fjarlægja hana er mögulegt að hún sé ekki til staðar ef slys verður skal í prófuninni fjarlægja alla hluta sem ökumaðurinn getur tekið af. Hurðir, þaklúgur og gluggar sem hægt er að opna skulu annað hvort fjarlægð eða fest í opinni stöðu í prófuninni þannig að þau auki ekki styrk veltigrindarinnar. Gera skal athugasemd um það hvort þau skapi hættu fyrir ökumanninn í veltu.

Í þeim reglum sem á eftir fara verður einungis vísað til prófunar á veltigrindinni. Það ber að skilja þannig að það taki til klæðningar sem er ekki til bráðabirgða.

Í forskriftunum skal vera lýsing á klæðningu til bráðabirgða sem fylgir með. Allt gler eða annað stökkt efni skal fjarlægt áður en prófun fer fram. Íhluti dráttarvéla og veltigrindar sem gætu orðið fyrir óþarfa skemmdum í prófuninni og sem hafa ekki áhrif á styrkleika veltigrindarinnar eða mál hennar má fjarlægja áður en prófun fer fram ef framleiðandinn óskar eftir því. Óheimilt er að gera við eða gera breytingar meðan á prófuninni stendur.

3.1.5 Öllum íhlutum dráttarvélarinnar sem stuðla að styrk veltigrindarinnar, svo sem aurbretti sem framleiðandinn hefur styrkt ætti að lýsa sem og málum þeirra sem gefin eru í prófunarskýrslunni.

3.2. *Tæki*

Til að sannprófa að ekki hafi verið farið inn fyrir auða svæðið meðan á prófuninni stendur skal nota aðferðirnar sem lýst er í lið 1.6, á myndum 4.11 til 4.13 og í töflu 4.2.

3.2.1 Láréttar álagsprófanir (myndir 4.1 til 4.5)

Eftirfarandi skal notað við láréttar álagsprófanir:

3.2.1.1. smíðaefni, búnað og festingar til að tryggja að undirvagn dráttarvélarinnar sé tryggilega festur við jörðina og sé studd óháð hjólbörðunum,

3.2.1.2. búnað til að setja láréttan kraft á veltigrindina, gera skal ráðstafanir til að álagið dreifist jafnt miðað við álagsstefnu,

3.2.1.2.1. stoð sem er ekki styttri en 250 mm eða lengri en 700 mm og sem er nákvæmt margfeldi af 50 á bilinu milli þessara lengda skal notuð, Lóðrétt mál stoðarinnar skal vera 150 mm,

3.2.1.2.2. snertibrúnir stoðarinnar við veltigrindina skulu hafa sveigju sem hefur að hámarki 50 mm radíus,

3.2.1.2.3. nota skal hjöruliði eða sambærilegt til að tryggja að hleðslubúnaður hamli ekki snúningi eða yfirfærslu grindarinnar í neina stefnu, aðra en álagsstefnu,

3.2.1.2.4 ef beina línan sem afmarkast af viðeigandi stoð veltigrindarinnar er ekki hornrétt á álagsstefnu skal rýmið hlaðið þannig að álaginu sé dreift á alla lengdina,

3.2.1.3. búnað til að mæla kraftinn og sveigjuna í álagsstefnuna, miðað við undirvagn dráttarvélarinnar. Til að tryggja nákvæmni skulu mælingar gerðar með samfelldum aflestri. Mælibúnaðurinn skal staðsettur þannig að hann skrái kraftinn og sveigjuna í álagspunktinum og í álagsstefnu.

3.2.2 Þrýstiálagsprófanir (myndir 4.6 til 4.8)

Eftirfarandi skal nota við þrýstiálagsprófanir:

3.2.2.1. smíðaefni, búnað og festingar til að tryggja að undirvagn dráttarvélarinnar sé tryggilega festur við jörðina og sé studdur óháð hjólbörðunum,

3.2.2.2. búnað til að beita lóðréttum krafti á veltigrindina, þ.m.t. ósveigjanleg stoð sem er 250 mm að þvermáli,

3.2.2.3. búnað til að mæla lóðrétta heildarkraftinn sem beitt er.

3.3. *Prófunarskilyrði*

3.3.1. Veltigrindin skal uppfylla framleiðsluforskriftir og skal fest á undirvagn viðeigandi dráttarvélartegundar í samræmi við aðferð við áfestingu sem framleiðandi tilgreinir.

3.3.2 Samstæðan skal fest við prófunarpall þannig að festingar samstæðunnar við prófunarpall svigni ekki umtalsvert til hliðanna jafnhliða veltigrindinni með álagi. Samstæðan skal ekki fá neinn stuðning við álag annan en þann sem er vegna upphaflegra festinga.

3.3.3 Breytileg sporvíddarstilling fyrir hjólin eða beltin, ef hún er til staðar, skal valin þannig að hún hafi ekki truflandi áhrif á veltigrindina meðan á prófunum stendur.

3.3.4 Veltigrindin skal útbúin nauðsynlegum búnaði til að fá gögnin um krafta og sveigju sem krafist er.

3.3.5 Allar prófanir skulu fara fram á sömu veltigrindinni. Enginn viðgerð eða rétting á burðareiningum skal fara fram á milli neinna hluta prófunarinnar.

3.3.6 Þegar öllum prófunum er lokið skal mæla og skrá varanlega sveigju veltigrindarinnar.

3.4. *Röð prófana*

Prófanir skulu fara fram í eftirfarandi röð:

3.4.1 Lengdarálag

Fyrir dráttarvél á hjólum með a.m.k. 50% af massanum á afturásnum og fyrir beltadráttarvélar skal lengdarálaginu beitt aftan frá. Fyrir aðrar dráttarvélar skal lengdarálaginu beitt að framan.

3.4.2 Fyrsta þrýstiálagsprófun

Fyrsta þrýstiálagsprófunin skal fara fram á sama enda veltigrindarinnar og lengdarálaginu er beitt á.

3.4.3 Álag frá hlið

Ef sætið er ekki staðsett í miðjunni eða styrkur veltigrindarinnar er ekki samhverfur skal hliðarálagið vera á þeirri hlið þar sem líklegast er að farið verði inn á auða svæðið.

3.4.4 Önnur þrýstiálagsprófun

Önnur þrýstiálagsprófunin skal fara fram á þeim enda veltigrindarinnar sem er á móti þeim sem fyrsta lengdarálaginu er beitt á. Ef um er að ræða tveggja stoða hönnun má seinna álagið koma í sama punkt og fyrsta álagið.

3.4.5 Annað lengdarálag

3.4.5.1. Öðru lengdarálagi skal beitt á dráttarvélar sem búnar eru fellanlegri (t.d. tveggja stoða) eða hallanlegri (t.d. ekki tveggja stoða) veltigrind ef eitt eða fleiri eftirfarandi skilyrða eru til staðar:

Veltigrind felld niður til bráðabirgða vegna sérstakra notkunarskilyrða,

Grindur sem hannaðar eru þannig að þeim er hallað þegar gert er við, nema búnaðurinn til halla þeim sé óháður heilleika burðarvirkis veltivarnarbúnaðarins.

3.4.5.2. Ef fyrsta lengdarálaginu var beitt í þá stefnu sem grindin er felld niður í þá er ekki krafist annars lengdarálags hvað varðar veltigrindur sem felldar eru niður.

3.5. *Láréttar álagsprófanir að aftan, framan og frá hlið*

3.5.1 Almenn ákvæði

3.5.1.1. Álaginu sem beitt er á veltigrindina skal dreift jafnt með ósveigjanlegri stoð sem er hornrétt á álagsstefnu (sjá lið 3.2.1.2). Ósveigjanlega stoðin má vera með búnaði sem kemur í veg að hún færist til hliðar. Hraði beitingar álagsins skal vera þannig að hann geti talist í kyrrstöðu. Þegar álaginu er beitt skal skrá kraft og sveigju samfellt til að tryggja nákvæmni. Þegar upphafleg beiting er hafin skal ekki draga úr álaginu fyrr en prófuninni hefur verið lokið. Stefna kraftsins sem beitt er skal vera innan eftirfarandi marka:

— við upphaf prófunar (án álags): ± 2°,

— á meðan á prófun stendur (með álagi): 10° yfir og 20° undir hinu lárétta.

Hraðinn við beitingu álagsins skal teljast kyrrstæður ef hrað sveigjunnar við álag er ekki meiri en 5 mm/s.

3.5.1.2. Ef enginn þverbiti er á grindinni þar sem álaginu er beitt er notuð varaprófunarstoð ef hún eykur ekki styrk grindarinnar.

3.5.2 Lengdarálag (myndir 4.1 og 4.2)

Álaginu skal beitt lárétt og samsíða miðjuplani dráttarvélarinnar. Ef álaginu er beitt að aftan (liður 3.4.1) skal lengdarálaginu og hliðarálaginu beitt á mismunandi hliðum miðjuplans dráttarvélarinnar. Ef lengdarálaginu er beitt að framan skal það vera á sömu hlið og hliðarálaginu er beitt.

Álaginu skal beitt á efsta þverbita veltigrindar (þ.e. þann hluta sem líklegast er að rekist fyrst í jörðina í veltu).

Punkturinn þar sem álaginu skal beitt er staðsettur einn sjötta hluta af breidd efsta hluta veltigrindarinnar inn á við frá ytra horni. Breidd veltigrindarinnar skal vera fjarlægðin milli tveggja lína sem eru samsíða miðjuplani dráttarvélarinnar sem snerta ystu brúnir veltigrindarinna í lárétta planinu sem snertir efsta þverbita veltigrindarinnar.

Ef veltivarnarbúnaðurinn er myndaður úr bogadregnum hlutum og engin viðeigandi horn eru til staðar skal eftirfarandi almenn aðferð gilda til að ákvarða W. Prófunarfræðingurinn skal tilgreina þann bogadregna hluta sem líklegast er að rekist fyrst í jörðina ef um er að ræða ósamhverfa aftur- eða framveltu (t.d. veltu fram eða aftur ef líklegt er að ein hlið veltivarnarbúnaðarins beri upphaflegt álag). Endapunktar W skulu vera miðpunktar ytri geislanna sem myndast milli annarra beinna eða bogadreginna hluta sem mynda efst hluta veltivarnarbúnaðarins. Ef margir bogadregnir hlutar eru valdir skal prófunarfræðingurinn ákveða línur á jörðinni fyrir hvern hluta sem kemur til greina til að ákvarða hvaða flötur er líklegast að rekist fyrst á jörðina. Sjá myndir 4.3 a og b fyrir dæmi

Athugasemd:

Ef um er að ræða bogadregna hluta þarf einungis að taka tillit til breiddarinnar á enda grindarinnar sem lengdarálaginu er beitt á.

Lengd álagsdreifingarbúnaðarins (sjá lið 3.2.1.2) skal ekki vera minni en einn þriðji af breidd veltigrindarinnar og ekki meiri en 49 mm stærri en þetta lágmark.

Lengdarálagið skal stöðvað þegar:

3.5.2.1. orkan sem veltigrindin gleypir er jöfn eða meiri en orkuílagið, E_{IL1} sem krafist er þar sem:

$$E_{IL1}=1,4\ M$$

3.5.2.2. veltigrindin fer inn fyrir auða svæðið eða skilur auða svæðið eftir óvarið (skilyrði fyrir viðurkenningu í lið 3.8 hér að neðan).

3.5.3 Hliðarálag (myndir 4.4 og 4.5)

Hliðarálaginu skal beitt lárétt í 90° á miðjuplan dráttarvélarinnar. Því skal beitt á efstu brún veltigrindarinnar í punkti $(160 – a_h)$ mm fyrir framan málpunkt sætis.

Þegar um er að ræða dráttarvélar með vendisæti ökumanns (sæti og stýrishjóli sem hægt er að snúa við) skal því beitt á efstu brún veltigrindarinnar í miðpunktinn milli tveggja málpunkta sætis.

Ef öruggt er að einhver tiltekinn hluti veltigrindarinnar snerti jörðina fyrst þegar dráttarvélin veltur til hliðar skal álaginu beitt á þann punkt að því tilskildu að það leyfi að álaginu sé dreift jafnt eins og tilgreint er í lið 3.5.1.1. Ef um er að ræða veltigrind með tveimur stoðum, skal hliðarálagi beitt á burðareininguna efst á hlið, án tillits til staðsetningar málpunkts sætis.

Forskriftirnar fyrir stoðina til álagsdreifingar eru tilgreindar í lið 3.2.1.2.1.

Hliðarálagið skal stöðvað þegar:

3.5.3.1. Orkan sem veltigrindin gleypir er jöfn eða meiri en orkan, E_{IS}, sem krafist er þar sem:

$$E_{IS}=1{,}75\ M$$

3.5.3.2. Veltigrindin fer inn fyrir auða svæðið eða skilur auða svæðið eftir óvarið (skilyrði fyrir viðurkenningu í lið 3.8 hér að neðan).

3.6. *Þrýstiálagsprófanir*

3.6.1. Þrýstiálag að aftan (myndir 4.6, 4.7.a til 4.7.e)

3.6.1.1. Þrýstiálagsstoðin skal vera staðsett yfir efstu burðareiningu að aftan þannig að summa þrýstiálagskraftanna komi fram á lóðrétt viðmiðunarplan dráttarvélarinnar. Þá skal þrýstiálagskraftinum F beitt þar sem:

$$F = 20\ M$$

Þessum krafti skal haldið í fimm sekúndur eftir að sjáanleg hreyfing í veltigrind sést ekki lengur.

3.6.1.2. Ef aftari hluti á þaki veltigrindar stenst ekki mesta þrýstiálagskraft skal beita krafti á þakið þar til það sveigist til hliðar þannig að það fari saman við plan er tengir efri hluta veltigrindar við þann hluta aftan á dráttarvélinni sem getur borið dráttarvélina við veltu. Því næst skal aflétta kraftinum og þrýstiálagsstoðin færð þannig að hún sé yfir þeim hluta veltigrindarinnar sem myndi styðja við dráttarvélina ef hún ylti alveg. Þá skal þrýstiálagskraftinum *F = 20 M* beitt aftur.

3.6.2 Þrýstiálag að framan (myndir 4.6.a og 4.8.b)

3.6.2.1. Þrýstiálagsstoðin skal vera staðsett yfir efstu burðareiningu að framan þannig að summa þrýstiálagskraftanna komi fram á lóðrétt viðmiðunarplan dráttarvélarinnar. Þá skal þrýstiálagskraftinum F beitt þar sem:

$$F = 20\ M$$

Þessum krafti skal haldið í fimm sekúndur eftir að sjáanleg hreyfing í veltigrind sést ekki lengur.

3.6.2.2. Ef fremri hluti á þaki veltigrindar stenst ekki mesta þrýstiálagskraft (myndir 4.8.a og 4.8.b)) skal beita krafti á þakið þar til það sveigist til hliðar þannig að það fari saman við plan er tengir efri hluta veltigrindar við þann hluta framan á dráttarvélinni sem getur borið dráttarvélina við veltu. Því næst skal aflétta kraftinum og þrýstiálagsstoðin færð þannig að hún sé yfir þeim hluta veltigrindarinnar sem myndi styðja við dráttarvélina ef hún ylti alveg. Þá skal þrýstiálagskraftinum ***F = 20 M*** beitt aftur.

3.7. *Önnur lengdarálagsprófun*

Álaginu skal beitt í gagnstæða stefnu við og í hornið sem er lengst frá álagspunkti fyrsta lengdarálagsins (myndir 4.1 og 4.2).

Lengdarálagið skal stöðvað þegar:

3.7.1 Orkan sem veltigrindin gleypir er jöfn eða meiri en orkan, E_{IL2}, sem krafist er þar sem:

$$E_{IL2} = 0{,}35\ M$$

3.7.2 Veltigrindin fer inn fyrir auða svæðið eða skilur auða svæðið eftir óvarið (skilyrði fyrir viðurkenningu í lið 3.8 hér að neðan).

3.8. *Skilyrði fyrir viðurkenningu*

Til að veltigrindin verði viðurkennd skal hún uppfylla eftirfarandi skilyrði á meðan á prófunum stendur og eftir að þeim er lokið.

3.8.1 enginn hluti má koma inn á auða svæðið meðan á einhverjum hluta prófananna stendur. Enginn hluti skal hæfa sætið meðan á prófununum stendur. Enn fremur skal auða svæðið ekki vera óvarið af veltigrindinni. Að því er þetta varðar telst það óvarið af veltigrind ef einhver hluti þess hefði snert jörðu ef dráttarvélin hefði oltið í þá átt sem prófunarálagi er beitt. Til þess að meta þetta skulu hjólbarðar vera eins smáir og sporvíddarstilling vera eins lág og unnt er samkvæmt forskrift framleiðanda,

3.8.2 fyrir liðskiptar dráttarvélar skulu báðir hlutarnir teljast vera í sömu línu,

3.8.3 að þrýstiálagsprófunum loknum skal varanleg sveigja veltigrindar skráð. að því er þetta varðar skal skrá stöðu helstu hluta veltigrindar miðað við málpunkt sætis áður en prófun hefst. Síðan skal skrá allar tilfærslur burðareininga sem verða vegna álagsprófana og allar breytingar á hæð burðareininga þaks veltigrindarinnar að framan og aftan.

3.8.4 í þeim punkti þar sem orkugleypnin sem krafist er, er uppfyllt í hverri tilgreindri láréttri álagsprófun skal krafturinn vera meiri en $\boldsymbol{0{,}8\ F_{max}}$,

3.8.5.krefjast skal *yfirálagsprófunar* ef álagið sem beitt er minnkar um meira en 3% á síðustu 5% sveigjunnar sem fæst þegar grindin gleypir orkuna sem krafist er (myndir 4.14 til 4.16). Lýsing á yfirálagsprófuninni

3.8.5.1. yfirálagsprófun skal fela í sér að halda áfram láréttu álagi með því að auka það í 5% bilum af orkunni sem upphaflega var krafist upp í hámark sem nemur 20% af viðbótarorkunni,

3.8.5.2. yfirálagsprófuninni er lokið með fullnægjandi hætti ef eftir að 5, 10 eða 15% af viðbótarorkunni hefur verið gleypt, krafturinn minnkar um minna en 3% fyrir hverja 5% aukningu en helst meiri en $\boldsymbol{0{,}8\ F_{max}}$ eða ef, eftir að 20% af viðbótarorkunni hefur verið gleypt er krafturinn meiri en $\boldsymbol{0{,}8\ F_{max}}$,

3.8.5.3. viðbótarsprungur eða rifur eða að farið sé inn á auða svæðið eða það ekki varið sem skyldi vegna fjaðrandi sveigju er leyfilegt meðan á yfirálagsprófun stendur. Eftir að álagið hefur verið tekið af, skal veltigrindin hins vegar ekki fara inn á auða svæðið, sem skal vera algjörlega varið,

3.8.6 halda skal kraftinum sem krafist er í báðum þrýstiálagsprófunum,

3.8.7 ekki skal vera nein burðareining eða íhlutur sem stendur út sem líklegt er að valdi alvarlegu líkamstjóni við veltu eða sem vegna aflögunarinnar sem verður gæti klemmt stjórnandann, t.d. á fótlegg eða fæti,

3.8.8 engir aðrir íhlutir skulu skapa alvarlega hættu fyrir ökumann.

3.9. *Rýmkun til annarra tegunda dráttarvéla*

3.9.1 [Á ekki við]

3.9.2 Tæknileg rýmkun

Þegar tæknilegar breytingar eru gerðar á dráttarvél, veltigrind eða aðferð við festingu veltigrindar við dráttarvélina, getur prófunarstöðin sem framkvæmdi upprunalegu prófunina gefið út „skýrslu um tæknilega rýmkun“ í eftirfarandi tilvikum:

3.9.2.1. Rýmkun niðurstaðna prófana á grind til annarra tegunda dráttarvéla

Þrýstiálagsprófanirnar þarf ekki að framkvæma á hverri tegund dráttarvélar, að því gefnu að veltigrind og dráttarvél samræmist skilyrðunum sem vísað er til í liðum 3.9.2.1.1 til 3.9.2.1.5

3.9.2.1.1. Grindin skal vera eins og sú sem prófuð var.

3.9.2.1.2. Nauðsynleg orka skal ekki vera umfram þá orku sem reiknuð var fyrir upphaflegu prófunina um meira en 5%. 5% mörkin skulu einnig gilda um rýmkanir í þeim tilvikum þar sem belti eru sett í stað hjóla á sömu dráttarvél,

3.9.2.1.3. Áfestingaraðferð og þeir íhlutir dráttarvélar sem fest er við skulu vera eins.

3.9.2.1.4. Íhlutir eins og aurbretti og vélarhlíf sem geta stutt við veltigrindina skulu vera eins.

3.9.2.1.5. Staðsetning og helstu mál sætisins í veltigrindinni og hlutfallsleg staðsetning veltigrindarinnar á dráttarvélinni skal vera slík að auða svæðið hefði verið varið í grind með sveigju í öllum prófunum (þetta skal athugað með því að nota sömu viðmiðun fyrir auða svæðið og í upphaflegu prófunarskýrslunni, viðmiðunarpunkt sætis eða málpunkt sætis, eftir því sem við á.

3.9.2.2. Rýmkun niðurstaðna prófana á grind til breyttra tegunda veltigrinda.

Þessu ferli verður að fylgja þegar ákvæði liðar 3.9.2.1 eru ekki uppfyllt, það má ekki nota þegar festingaraðferð veltigrindar við dráttarvélina fylgir ekki áfram sömu meginreglu (t.d. fjöðrunarbúnaður kemur í stað gúmmístoða)

3.9.2.2.1. Breytingar sem hafa engin áhrif á niðurstöður upphaflegu prófananna (t.d. logsuðufesting uppfestingarplötu aukahlutar á stað á grindinni sem ekki er mikilvægur), viðbót sæta með annarri staðsetningu málpunkts sætis í veltigrind (að því tilskildu að athugað sé að nýja auða svæðið (nýju auðu svæðin) sé(u) áfram varið (varin)).

3.9.2.2.2. Breytingar sem mögulega hafa áhrif á niðurstöður upphaflegu prófananna án þess að spurningar vakni um samþykki veltigrindar (t.d. breyting á íhlut sem er hluti af burðarvirki, breyting á áfestingaraðferð veltigrindarinnar við dráttarvélina). Framkvæma má fullgildingarprófun og eru niðurstöður prófunarinnar skráðar í skýrslu um rýmkun.

Eftirfarandi takmarkanir á þessari gerðarrýmkun eru fastar.

3.9.2.2.2.1. Ekki má samþykkja fleiri en 5 rýmkanir án fullgildingarprófunar.

3.9.2.2.2.2. Niðurstöður fullgildingarprófunar verða samþykktar fyrir rýmkun ef öll skilyrði um samþykki í þessum viðauka eru uppfyllt og ef krafturinn sem er mældur þegar nauðsynlegu orkustigi hefur verið náð í hinum ýmsu láréttu álagsprófunum víkur ekki frá kraftinum sem var mældur þegar nauðsynlegri orku var náð í upphaflegu prófununum um meira en ± 7% og sveigjan sem mæld er ([3]) þegar nauðsynlegu orkustigi hefur verið náð í hinum ýmsu láréttu álagsprófunum víkur ekki frá sveigjunni sem mæld var þegar nauðsynlegri orku var náð í upphaflegu prófunarskýrslunni um meira en ± 7%.

3.9.2.2.2.3. Setja má fleiri en eina breytingu á veltigrind í eina skýrslu um rýmkun ef þær eru mismunandi valkostir við sömu veltigrind en aðeins ein fullgildingarprófun er samþykkt í einni skýrslu um rýmkun. Þeim valkostum sem ekki eru prófaðir skal lýst í sérstökum hluta skýrslunnar um rýmkun

3.9.2.2.3. Aukning á viðmiðunarmassa sem framleiðandi gefur upp fyrir veltigrind sem þegar hefur verið prófuð. Ef framleiðandi vill halda sama viðurkenningarnúmeri er mögulegt að gefa út skýrslu um rýmkun eftir að hafa framkvæmt fullgildingarprófun (mörkin ± 7% sem tiltekin eru í lið 3.9.2.2.2.2 eiga ekki við í slíku tilviki).

3.10. [Á ekki við]

3.11. *Eiginleikar veltigrinda í köldu veðri*

3.11.1 Ef staðhæft er að veltigrind hafi eiginleika til varnar stökkva í köldu veðri skal framleiðandi gefa upplýsingar um það í skýrslunni.

3.11.2 Eftirfarandi kröfum og aðferðum er ætlað að veita styrk og þol gegn stökkvabrotum við lækkað hitastig. Mælt er með að eftirfarandi lágmarkskröfur varðandi smíðaefni skuli uppfylltar þegar dæmt er um hvort veltigrind henti við lækkað notkunarhitastig í þeim löndum þar sem þessarar viðbótarvarnar er krafist.

3.11.2.1. Boltar og rær, sem notaðar eru til að festa veltigrindina á dráttarvélina og tengja hluta veltigrindarinnar sem eru burðarvirki, skulu sýna fullnægjandi eiginleika að því er varðar þol gegn lækkuðu hitastigi.

3.11.2.2. Öll logsoðin rafskaut sem notuð eru við gerð burðareininga og festinga skulu samrýmast smíðaefni veltigrindarinnar, eins og gefið er upp í lið 3.11.2.3 hér á eftir.

3.11.2.3. Stálefni fyrir burðareiningar veltigrindarinnar skulu vera úr viðurkenndu styrkleikaefni sem uppfyllir að lágmarki Charpy V-Notch kröfur um álagsorku, eins og sýnt er í töflu 4.1. Flokk og gæði stáls skal tilgreina í samræmi við ISO-staðal 630:1995, breyting 1:2003.

Stál með útrúllaðri þykkt minni en 2,5 mm og minna en 0,2% kolefnisinnihald telst uppfylla þessa kröfu. Burðareiningar veltigrindar sem gerðar eru úr smíðaefnum öðrum en stáli skulu hafa sambærilegt álagsþol við lágt hitastig.

3.11.2.4. Þegar Charpy V-Notch kröfur um álagsorku eru prófaðar skal stærð sýnishorns ekki vera minni en sú stærsta af þeim stærðum sem taldar eru upp í töflu 4.1 sem smíðaefnið leyfir.

3.11.2.5. Charpy V-Notch prófanirnar skulu gerðar í samræmi við aðferðina í ASTM A 370-1979, nema fyrir sýnishornastærðir sem skulu vera í samræmi við stærðirnar sem gefnar eru upp í töflu 4.1.

3.11.2.6. Annar valkostur við þessa aðferð er notkun róaðs eða hálf-róaðs stáls sem leggja skal fram fullnægjandi forskriftir fyrir. Flokk og gæði stáls skal tilgreina í samræmi við ISO-staðal 630:1995, breyting 1:2003.

3.11.2.7. Sýnishorn skulu vera eftir endilöngu og tekin úr flötum stafla, pípu- eða grindahlutum áður en þau eru formuð eða logsoðin til notkunar í veltigrindina. Sýnishorn úr pípu- eða grindahlutum skulu tekin úr miðju hliðar með stærstu málin og skulu ekki vera logsoðin.

Tafla 4.1

Lágmarks Charpy V-Notch höggorka

Stærð sýnishorns	Orka við	Orka við
	– 30 °C	– 20 °C
mm	J	J([b])
10 × 10([a])	11	27,5
10 × 9	10	25

Stærð sýnishorns	Orka við	Orka við
	– 30 °C	– 20 °C
mm	J	J([b])
10 × 8	9,5	24
10 × 7,5[3] ([a])	9,5	24
10 × 7	9	22,5
10 × 6,7	8,5	21
10 × 6	8	20
10 × 5 ([a])	7,5	19
10 × 4	7	17,5
10 × 3,5	6	15

([a]) Gefur til kynna þá stærð sem mælt er með. Stærð sýnishorns skal ekki vera minni en mesta stærð sem mælt er með sem efnið leyfir.

([b]) Nauðsynleg orka við – 20 °C er 2,5 sinnum gildið sem tilgreint er fyrir – 30 °C. Aðrir þættir hafa áhrif á höggþol, þ.e. völsunarstefna, flotstyrkur, kornastefna og logsuða. Taka skal tillit til þessara þátta við val og notkun á stáli.

3.12. [Á ekki við]


Mynd 4.1

Beiting álags að framan og aftan, öryggishús og veltislárrammi að aftan

(Mál í mm)


Mynd 4.1.a

Öryggishús




Mynd 4.1.b

Veltislárrammi að aftan



Mynd 4.2

Beiting lengdarálags




Mynd 4.3

Dæmi um „W“ fyrir veltigrindur með bogadregnar burðareiningar

Mynd 4.3.a

Veltigrindur með fjórum stoðum



Skýringar:

1 — Málpunktur sætis


2 — Málpunktur sætis, lengdarmiðjuplan

3 — Annar punktur fyrir beitingu lengdarálags, að framan og aftan

4 — Punktur fyrir beitingu lengdarálags, að framan og aftan

Mynd 4.3.b

Veltigrindur með tveimur stoðum



Skýringar:

1 — Málpunktur sætis

2 — Málpunktur sætis, lengdarmiðjuplan

3 — Annar punktur fyrir beitingu lengdarálags, að framan og aftan


4 — Punktur fyrir beitingu lengdarálags, að framan og aftan

Mynd 4.4

Beiting hliðarálags (séð frá hlið) öryggishús og veltislárrammi að aftan


Mynd 4.4.a

Öryggishús




Mynd 4.4.b

Veltislárrammi að aftan




Mynd 4.5

Beiting hliðarálags (séð aftan frá)



Mynd 4.6

Dæmi um fyrirkomulag við þrýstiálagsprófun




Mynd 4.7

Staðsetning stoðar við þrýstiálagsprófanir að framan og aftan, öryggishús og veltislárrammi að aftan


Mynd 4.7.a

Þrýstiálag að aftan




Mynd 4.7.b

Þrýstiálag að framan




Mynd 4.7.c

Þrýstiálagsprófun fyrir veltislá að aftan




Mynd 4.7.d

Öryggishús



Mynd 4.7.e

Veltislárrammi að aftan




Mynd 4.8

Staðsetning stoðar við þrýstiálagsprófun þegar framhlutinn stenst ekki fullan þrýstiálagskraft


Mynd 4.8.a

Öryggishús



Mynd 4.8.b

Veltislárrammi að aftan



Mynd 4.9

Þrýstiálagskraftinum er beitt með stoðinni sem hefur miðpunkt sem fer í gegnum lóðrétt viðmiðunarplan dráttarvélarinnar (sem er það sama fyrir sætið og stýrishjólið)

Tilvik 1: þegar veltigrindin, sætið og stýrishjólið eru tryggilega fest við yfirbyggingu dráttarvélarinnar,


Tilvik 2: þegar veltigrindin er tryggilega fest við yfirbyggingu dráttarvélarinnar og sætið og stýrishjólið eru staðsett á gólfinu (með eða án fjöðrunar) en þau eru **EKKI** tengd við veltigrindina.

Í þessum tilvikum er í lóðrétta viðmiðunarplaninu, sem fært er yfir sætið og stýrishjólið, venjulega einnig þyngdarmiðja dráttarvélarinnar meðan álagsröðin fer fram.

Mynd 4.10


Þrýstiálagskraftinum er beitt með stoðinni, sem hefur miðpunkt sem fer einungis í gegnum lóðrétt viðmiðunarplan dráttarvélarinnar

TILVIK 1 og 2




Hægt er að skilgreina tilvik 3 og 4 þar sem veltigrindin er fest við pall sem er tryggilega festur (tilvik 3) eða fjaðrandi (tilvik 4) með tilliti til undirvagns dráttarvélarinnar. Þessar lausnir varðandi samskeyti eða tengingar valda mismunandi hreyfingum á stýrishúsið og auða svæðið sem og lóðrétta viðmiðunarplanið.

TILVIK 3



TILVIK 4




Tafla 4.2

Mál auða svæðisins

Mál	mm	Athugasemdir
A_1 A_0	100	lágmark
B_1 B_0	100	lágmark
F_1 F_0	250	lágmark
F_2 F_0	250	lágmark
G_1 G_0	250	lágmark
G_2 G_0	250	lágmark
H_1 H_0	250	lágmark
H_2 H_0	250	lágmark
J_1 J_0	250	lágmark
J_2 J_0	250	lágmark
E_1 E_0	250	lágmark
E_2 E_0	250	lágmark
D_0 E_0	300	lágmark
J_0 E_0	300	lágmark
A_1 A_2	500	lágmark
B_1 B_2	500	lágmark
C_1 C_2	500	lágmark
D_1 D_2	500	lágmark
I_1 I_2	500	lágmark
F_0 G_0	—	fer eftir dráttarvél
I_0 G_0	—	
C_0 D_0	—	
E_0 F_0	—	

Mynd 4.11

Autt svæði



Skýringar:

1 — Málpunktur sætis


Athugasemd: fyrir mál, sjá töflu 4.2. hér að framan

Mynd 4.12

Autt svæði


Mynd 4.12.a

Þversnið séð frá hlið í viðmiðunarplani



Mynd 4.12.b

Séð aftan frá eða að framan



Skýringar:

1 — Málpunktur sætis

2 — Kraftur


3 — Lóðrétt viðmiðunarplan

Mynd 4.13

Autt svæði fyrir dráttarvél með sæti og stýrishjóli sem hægt er að snúa við, öryggishúsi og veltislárramma að aftan


Mynd 4.13.a

Öryggishús



Mynd 4.13.b


Veltislárrammi að aftan



Mynd 4.14

Ferill fyrir kraft/sveigju

Yfirálagsprófun óþörf




Athugasemdir:

1. Staðsetjið F_a með tilliti til 0,95 D'
2. Yfirálagsprófun óþörf þar sem $F_a \leq 1{,}03$ F'

Mynd 4.15

Ferill fyrir kraft/sveigju

Yfirálagsprófun nauðsynleg




Athugasemdir:

1. Staðsetjið F_a með tilliti til 0,95 D′
2. Yfirálagsprófun nauðsynleg þar sem F_a > 1,03 F’
3. Yfirálagsprófun fullnægjandi þar sem Fb > 0,97 F′ og Fb > 0,8 Fmax.

Mynd 4.16

Ferill fyrir kraft/sveigju

Yfirálagsprófun haldið áfram



Athugasemdir:

1. Staðsetjið F_a með tilliti til 0,95 D'
2. Yfirálagsprófun nauðsynleg þar sem $F_a > 1{,}03$ F'
3. $F_b < 0{,}97$ F' því skal halda yfirálagsprófun áfram
4. $F_c < 0{,}97$ Fb því skal halda yfirálagsprófun áfram
5. $F_d < 0{,}97$ Fc því skal halda yfirálagsprófun áfram
6. Yfirálagsprófun fullnægjandi ef Fe > 0,8 F max
7. Hafnað á öllum stigum þegar álag fellur niður fyrir 0,8 F max.

Skýringar við VIII. viðauka

([1]) Nema annað sé tekið, er texti krafnanna og númeraröðin sem sett er fram í lið B eins og textinn og númeraröðin í staðlaðri reglu Efnahags- og framfarastofnunarinnar vegna opinberra prófana á veltigrindum á dráttarvélum fyrir landbúnað og skógrækt (kyrrstöðuprófun), regla Efnahags- og framfarastofnunarinnar nr. 4, útgáfa 2015 frá júlí 2014.

([2]) Notendur eru minntir á að málpunktur sætis er ákvarðaður í samræmi við ISO-staðal 5353:1995 og er fastur punktur með tilliti til dráttarvélarinnar sem hreyfist ekki eftir því sem sætið er stillt úr miðjustöðu. Til þess að ákvarða auða svæðið skal sætið sett í aftari og efstu stöðu.

([3]) Varanleg + fjaðrandi sveigja mæld á þeim punkti þegar nauðsynlegu orkustigi er náð.

IX. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um veltivarnarbúnað (framanásettan veltivarnarbúnað á dráttarvélum með lítilli sporvídd)

A. ALMENN ÁKVÆÐI

1. Kröfur Sambandsins sem gilda um veltivarnarbúnað (framanásettan veltivarnarbúnað á dráttarvélum með lítilli sporvídd) eru settar fram í lið B.

2. Prófanir mega fara fram í samræmi við aðferðir fyrir kyrrstöðuprófun eða að öðrum kosti aðferðir fyrir hreyfiprófun eins og sett er fram í liðum B1 og B2. Báðar aðferðirnar teljast jafngildar.

3. Til viðbótar við kröfurnar sem settar eru fram í lið 2 skulu kröfurnar um fellanlegar veltigrindur sem settar eru fram í lið B3 uppfylltar.

4. Í lið B4 er sett fram tölvuforrit til að ákvarða áframhaldandi veltur eða stöðvaðar veltur sem skal nota við sýndarprófunina.

B. KRÖFUR SEM GILDA UM VELTIVARNARBÚNAÐ (FRAMANÁSETTAN VELTIVARNAR-BÚNAÐ Á DRÁTTARVÉLUM MEÐ LÍTILLI SPORVÍDD) ([1])

1. **Skilgreiningar**

1.1 [Á ekki við]

1.2. *Veltivarnarbúnaður*

Veltivarnarbúnaður (öryggishús eða -rammi), hér á eftir nefndur „veltigrind“: grind á dráttarvél, sem er einkum ætluð til þess að forðast eða draga úr áhættu ökumanns ef dráttarvél veltur við hefðbundna notkun.

Veltivarnarbúnaðurinn einkennist af því að hann veitir rými fyrir autt svæði sem er nægilega stórt til að vernda ökumanninn þegar hann situr annað hvort inni í búnaðinum eða inni í rými sem afmarkast af röðum af beinum línum frá ytri brúnum búnaðarins til einhvers hluta dráttarvélarinnar sem kann að snerta jörðu og sem getur borið dráttarvélina í þeirri stöðu ef dráttarvélin veltur.

1.3. *Sporvídd*

1.3.1 Bráðabirgðaskilgreining: miðjuplan hjólsins

Miðjuplan hjólsins er jafn langt frá plönunum tveimur sem liggja í jaðri ytri brúna felgnanna.

1.3.2 Skilgreining á sporvídd

Lóðrétta planið í gegnum ás hjólsins sker miðjuplan þess eftir beinni línu sem snertir undirlagið í einum punkti. Ef A og B eru punktarnir tveir sem eru skilgreindir á þennan hátt fyrir hjól á sama ási dráttarvélarinnar, þá er sporvíddin fjarlægðin milli punkta A og B. Sporvíddina má skilgreina á þann hátt fyrir bæði fram- og afturhjól. Þar sem eru tvöföld hjól er sporvíddin fjarlægðin milli tveggja plana sem hvort um sig er miðjuplan hjólaparsins.

1.3.3 Viðbótarskilgreining: miðjuplan dráttarvélarinnar

Ystu stöður punktanna A og B fyrir afturás dráttarvélarinnar eru teknar til að fá hæsta mögulega gildið fyrir sporvíddina. Lóðrétta planið myndar níutíu gráðu horn við línu AB og á miðpunkti hennar er miðjuplan dráttarvélarinnar.

1.4. *Hjólhaf*

Fjarlægðin milli lóðréttu plananna sem ganga í gegnum línurnar tvær AB eins og skilgreint er hér að framan, ein fyrir framhjól og ein fyrir afturhjól.

1.5. Ákvörðun málpunkts sætis; staðsetning sætis og stilling fyrir prófun

1.5.1 Málpunktur sætis (MPS)([2])

Málpunkt sætis skal ákvarða í samræmi við ISO-staðal 5353:1995.

1.5.2 Staðsetning sætis og stilling fyrir prófun

1.5.2.1. ef sætið er stillanlegt skal sætið stillt í öftustu og efstu stöðu,

1.5.2.2. ef halli bakstoðar er stillanlegur verður hann að vera stilltur í miðstillingu,

1.5.2.3. ef sæti er útbúið fjöðrun skal fjöðrunin fest í miðstillingu nema það gangi gegn leiðbeiningum sem sætisframleiðandi hefur mælt skýrt fyrir um,

1.5.2.4. ef einungis er hægt að stilla sætið langsum og lóðrétt skal lengdarásinn, sem liggur í gegnum málpunkt sætisins, vera samhliða lóðréttu lengdarmiðjuplani dráttarvélarinnar sem liggur í gegnum miðju stýrishjólsins og ekki meira en 100 mm frá því plani.

1.6. *Autt svæði*

1.6.1 Lóðrétt viðmiðunarplan og -lína

Auða svæðið (mynd 6.1) er skilgreint á grundvelli lóðrétts viðmiðunarplans og viðmiðunarlínu:

1.6.1.1. Viðmiðunarplanið er lóðrétt plan, venjulega eftir endilangri dráttarvélinni og í gegnum málpunkt sætis og miðju stýrishjóls. Venjulega fellur viðmiðunarplanið saman við lengdarmiðjuplan dráttarvélarinnar. Gera skal ráð fyrir því að þetta viðmiðunarplan færist lárétt með sætinu og stýrishjólinu þegar álagi er beitt en haldist hornrétt á dráttarvélina eða botn veltivarnarbúnaðarins.

1.6.1.2. Viðmiðunarlínan er línan í viðmiðunarplaninu sem liggur í gegnum punkt sem staðsettur er $140 + a_h$ aftan við og $90 – a_v$ fyrir neðan málpunkt sætis og fyrsta punkt á brún stýrishjólsins sem hún sker þegar hún er framlengd lárétt.

1.6.2 Ákvörðun auða svæðisins fyrir dráttarvélar með sæti sem er ekki vendisæti

Auða svæðið fyrir dráttarvélar með sæti sem ekki er vendisæti er skilgreint í liðum 1.6.2.1 til 1.6.2.11 hér að neðan og afmarkast af eftirfarandi plönum með dráttarvélina á láréttu yfirborði, með sætið stillt og staðsett eins og tilgreint er í liðum 1.5.2.1 til 1.5.2.4([3]), og stýrishjólið, ef það er stillanlegt, stillt í miðjustöðu fyrir akstur þar sem ökumaður situr í sætinu:

1.6.2.1. tveimur lóðréttum plönum 250 mm sitt hvoru megin viðmiðunarplansins, þessi lóðréttu plön ná 300 mm upp frá planinu sem skilgreint er í lið 1.6.2.8 hér að neðan og eftir endilöngu a.m.k. 550 mm framan við lóðrétta planið sem er hornrétt á viðmiðunarplanið sem liggur í gegnum $(210 – a_h)$ mm framan við málpunkt sætis,

1.6.2.2. tveimur lóðréttum plönum 250 mm sitt hvoru megin viðmiðunarplansins, þessi lóðréttu plön ná 300 mm upp frá planinu sem skilgreint er í lið 1.6.2.8 hér að neðan og eftir endilöngu frá yfirborðinu sem skilgreint er í lið 1.6.2.11 hér að neðan til lóðrétta plansins sem er hornrétt á viðmiðunarplanið sem liggur í gegnum $(210 – a_h)$ mm framan við málpunkt sætis,

1.6.2.3. hallandi plani hornrétt á viðmiðunarplanið, samsíða og 400 mm fyrir ofan viðmiðunarlínuna sem nær aftur til þess punkts sem sker lóðrétta planið sem er hornrétt á viðmiðunarplanið og sem liggur í gegnum punkt (140 + a_h) mm aftur fyrir málpunkt sætis,

1.6.2.4. hallandi plani, hornrétt á viðmiðunarplanið sem mætir planinu sem skilgreint er í lið 1.6.2.3 ofan við öftustu brún þess og hvílir efst á bakstoð sætisins,

1.6.2.5. lóðréttu plani hornrétt á viðmiðunarplanið sem liggur a.m.k. 40 mm framan við stýrishjólið og a.m.k. 760 – a_h framan við málpunkt sætis,

1.6.2.6. sívölu yfirborði með ásinn hornrétt á viðmiðunarplanið sem hefur 150 mm geisla og snertir plönin sem skilgreind eru í liðum 1.6.2.3 og 1.6.2.5,

1.6.2.7. tveimur samsíða, hallandi plönum sem liggja í gegnum efri brúnir plananna sem skilgreind eru í lið 1.6.2.1 hér að framan með hallandi planið á þeirri hlið þar sem höggi er beitt en ekki nær viðmiðunarplaninu ofan við auða svæðið en 100 mm,

1.6.2.8. láréttu plani sem liggur í gegnum punkt 90 – a_v fyrir neðan málpunkt sætis,

1.6.2.9. tveimur hlutum lóðrétta plansins hornrétt á viðmiðunarplanið sem liggur 210 – a_h framan við málpunkt sætis þar sem bæði þessi hlutaplön tengjast eftir því sem við á öftustu mörkum plananna sem skilgreind eru í lið 1.6.2.1 hér að ofan við fremstu mörk plananna sem skilgreind eru í lið 1.6.2.2 hér að framan,

1.6.2.10. tveimur hlutum lárétta plansins sem liggur 300 mm ofan við planið sem skilgreint er í lið 1.6.2.8 hér að framan þar sem bæði þessi hlutaplön tengjast eftir því sem við á efstu mörkum lóðréttu plananna sem skilgreind eru í lið 1.6.2.2 hér að framan við lægstu mörk skáplananna sem skilgreind eru í lið 1.6.2.7 hér að framan,

1.6.2.11. yfirborði, sveigt ef þörf krefur, sem myndar línu sem er hornrétt á viðmiðunarplanið og hvílir á baki bakstoðar sætis.

1.6.3 Ákvörðun auða svæðisins fyrir dráttarvélar með vendisæti ökumanns

Fyrir dráttarvélar með vendisæti ökumanns (með sæti og stýrishjóli sem hægt er að snúa við) skal auða svæðið vera rými auðu svæðanna tveggja sem skilgreind eru af hinum tveimur mismunandi stöðum stýrishjólsins og sætisins. Fyrir hverja staðsetningu stýrishjólsins og sætisins skal auða svæðið skilgreint á grundvelli framangreindra liða 1.6.1 og 1.62 fyrir staðsetningu ökumanns á venjulegri staðsetningu og á grundvelli liða 1.6.1 og 1.6.2 í X. viðauka fyrir staðsetningu ökumanns í vendistöðu (sjá mynd 6.2).

1.6.4 Viðbótarsæti

1.6.4.1. Ef um er að ræða dráttarvélar þar sem hægt er að koma fyrir viðbótarsætum skal svæðið sem umlykur málpunkta allra þeirra viðbótarsæta sem boðið er upp á notað meðan á prófunum stendur. Veltigrindin skal ekki vera hluti af stærra auða svæðinu sem tekur tillit til þessara mismunandi málpunkta sæta.

1.6.4.2. Ef fram koma tillögur um ný sæti eftir að prófun hefur farið fram skal ákvarða hvort auða svæðið í kringum nýjan málpunkt sætis falli innan þess svæðis sem áður var ákvarðað. Ef það gerir það ekki verður að framkvæma nýja prófun.

1.6.4.3. Viðbótarsæti telst ekki vera sæti fyrir einstakling til viðbótar við ökumanninn þaðan sem ekki er hægt að stjórna dráttarvélinni. Málpunktur sætis skal ekki ákvarðaður vegna þess að skilgreiningin á auða svæðinu er með hliðsjón af ökumannssætinu.

1.7. *Massi*

1.7.1 Massi án fargs/Massi án hleðslu

Massi dráttarvélarinnar að undanskildum valkvæðum aukabúnaði en með kælivökva, olíu, eldsneyti, verkfærum auk veltigrindarinnar. Valfrjáls lóð að framan og aftan, þyngdarklossar á hjólbörðum, áföst áhöld, áfestur búnaður eða sérstakir íhlutir eru ekki taldir með.

1.7.2 Leyfilegur hámarksmassi

Hámarksmassi dráttarvélarinnar sem framleiðandi gefur upp að sé tæknilega leyfilegur og gefinn upp á auðkenniplötu ökutækisins og/eða í notendahandbókinni,

1.7.3 Viðmiðunarmassi

Massinn sem framleiðandinn velur, sem notaður er í formúlum til að reikna út fallhæð kólfsins, orkuílag og þrýstiálagskrafta sem á að nota í prófunum. Hann skal ekki vera minni en massi án fargs og skal vera nægilegur til að tryggja að massahlutfallið fari ekki yfir 1,75 (sjá lið 1.7.4 og 2.1.3).

1.7.4 Massahlutfall

$$\text{Hlutfallið} \left(\frac{\text{Leyfilegur hámarksmassi}}{\text{Viðmiðunarmassi}} \right) \text{Það skal ekki vera hærra en } 1{,}75$$

1.8. *Leyfileg vikmörk í mælingum*

Línuleg mál		± 3 mm
nema fyrir:	- - sveigju hjólbarða:	± 1 mm
	- - aflögun grindar við lárétt álag:	± 1 mm
	- - fallhæð kólfsins:	± 1 mm
Massar:		± 0,2 % (af fullu kvarðaútslagi nemans)
Kraftar:		± 0,1% (af fullu kvarðaútslagi)
Horn:		± 0,1°

1.9. *Tákn*

a_h	(mm)	Helmingur láréttrar sætisstillingar
a_v	(mm)	Helmingur lóðréttrar sætisstillingar
B	(mm)	Lágmarksheildarbreidd dráttarvélarinnar,
B_b	(mm)	Hámarks ytri breidd veltigrindar,
D	(mm)	Aflögun grindar á höggstað (hreyfiprófanir) eða á þeim punkti og í línu við það álag sem er beitt (kyrrstöðuprófanir),
D’	(mm)	Aflögun grindar miðað við útreiknaða, nauðsynlega orku,
E_a	(J)	Aflögunarorka sem gleypt er á þeim punkti þegar álag er fjarlægt. Svæði innan F-D ferils,
E_i	(J)	Aflögunarorka sem gleypt er. Svæði undir F-D ferli,
E'_i	(J)	Aflögunarorka sem gleypt er eftir viðbótarálag í kjölfar sprungu eða rifu,
E''_i	(J)	Aflögunarorka sem gleypt er í yfirálagsprófun ef álag hefur verð fjarlægt áður en þessi yfirálagsprófun hefst. Svæði undir F-D ferli,
E_{il}	(J)	Orka sem á að gleypa við álag eftir endilöngu,
E_{is}	(J)	Orka sem á að gleypa við álag frá hlið,
F	(N)	Stöðuálagskraftur,
F’	(N)	Álagskraftur fyrir útreiknaða, nauðsynlega orku sem samsvarar E'_i ,

F-D		Skýringarmynd fyrir kraft/sveigju,
F_i	(N)	Kraftur sem beitt er á fastan búnað að aftan,
F_{max}	(N)	Hámarksstöðuálagskraftur sem fyrir kemur við álag, að undanskildu yfirálagi,
F_v	(N)	Lóðréttur þrýstiálagskraftur,
H	(mm)	Fallhæð kólfsins (hreyfiprófanir),
H’	(mm)	Fallhæð kólfsins fyrir viðbótarprófun (hreyfiprófanir),
I	($kg.m^2$)	Viðmiðunarhverfitregða dráttarvélar um miðlínu afturhjóla, hver sem massi þessara afturhjóla kann að vera,
L	(mm)	Viðmiðunarhjólhaf dráttarvélar,
M	(kg)	Viðmiðunarmassi dráttarvélar meðan á styrkleikaprófunum stendur.

2. **Gildissvið**

2.1. Þessi viðauki gildir um dráttarvélar sem hafa eftirfarandi eiginleika:

2.1.1 fríhæð frá jörðu sem er ekki meiri en 600 mm fyrir neðan lægstu punktana á fram- og afturásum, að mismunadrifinu meðtöldu,

2.1.2 föst eða breytileg lágmarkssporvídd, þar sem einn ásinn er minni en 1150 mm búinn stærri hjólbörðum. Gert er ráð fyrir að ásinn sem breiðari hjólbarðarnir eru festir á sé stilltur á sporvídd sem er ekki meiri en 1150 mm. Það skal vera mögulegt að stilla sporvídd hins ássins þannig að ytri brúnir mjórri hjólbarðanna fari ekki út fyrir ytri búnir hjólbarðanna á hinum ásnum. Ef tveir ásar eru áfestir með felgum og hjólbörðum i sömu stærð skal föst eða stillanleg sporvídd ásanna tveggja vera minni en 1150 mm,

2.1.3 massi sem er meiri en 400 kg en minni en 3500 kg og samsvarar massa dráttarvélarinnar án hleðslu, ásamt veltivarnarbúnaðinum og stærstu hjólbörðum sem framleiðandi mælir með. Leyfilegur hámarksmassi skal ekki vera meiri en 5250 kg og massahlutfallið (leyfilegur hámarksmassi/viðmiðunarmassi) má ekki vera hærra en 1,75,

2.1.4 og með veltivarnarbúnað sem er af tveggja stoða gerð sem einungis er áfestur fyrir framan málpunkt sætis og einkennist af minnkuðu auðu svæði sem rekja má til útlínumyndar dráttarvélarinnar sem þar af leiðandi gerir það óráðlegt, í öllum tilvikum að hindra aðgang að ökumannssæti en vert að halda þessum búnaði (fellanlegum eða ekki) í ljósi þess hversu auðveldu hann er í notkun.

2.2. Það er viðurkennt að það kunna að vera til dráttarvélar sem eru, t.d. hannaðar sem sérstakar skógræktarvélar, svo sem tæki til flytja eða draga trjáboli, en þessi viðauki gildir ekki um slíkar dráttarvélar.

B1. AÐFERÐ VIÐ KYRRSTÖÐUPRÓFUN

3. **Reglur og leiðbeiningar**

3.1. *Forskilyrði fyrir styrkleikaprófanir*

3.1.1 Tveimur forprófunum lokið

Einungis má framkvæma styrkleikaprófun á veltivarnarbúnaðinum ef hann hefur staðist bæði hliðarstöðugleikaprófun og prófun á búnaði sem kemur í veg fyrir að dráttarvélin rúlli áfram við veltu (sjá flæðirit á mynd 6.3).

3.1.2. Undirbúningur fyrir forprófanir

3.1.2.1. Dráttarvélin skal vera með veltigrind í öryggisstöðu.

3.1.2.2. Á dráttarvélinni skulu vera hjólbarðar með mesta þvermáli sem framleiðandi gefur upp og minnsta þversnið fyrir hjólbarða með það þvermál. Hjólbarðarnir mega ekki vera vökvajafnvægisstilltir og verður að dæla í þá lofti upp að þeim þrýstingi sem mælt er með við vinnu.

3.1.2.3. Afturhjólin skulu stillt á minnstu sporvídd. Framhjólin skulu einnig stillt eins nálægt þeirri sporvídd og mögulegt er. Ef um er að ræða tvær mögulegar sporvíddarstillingar að framan, með jafnmiklum mun frá minnstu sporvíddarstillingu að aftan, skal velja þá breiðari af þessum tveimur sporvíddarstillingum að framan.

3.1.2.4. Fylla skal alla geyma dráttarvélarinnar eða setja í staðinn samsvarandi massa í samsvarandi stöðu.

3.1.2.5. Allur aukabúnaður sem notaður er í raðframleiðslunni skal festur á dráttarvélina í venjulegri stöðu.

3.1.3. Prófun á hliðarstöðugleika

3.1.3.1. Þegar dráttarvélin hefur verið gerð klár eins og tilgreint er hér að framan skal hún sett á láréttan flöt þannig að snúningspunktur á framás dráttarvélarinnar eða láréttur snúningspunktur á milli ásanna, ef um er að ræða liðskiptar dráttarvélar, geti hreyfst óhindrað.

3.1.3.2. Með því að nota tjakk eða lyftu skal halla þeim hluta dráttarvélarinnar sem er fasttengdur við þann ás sem ber yfir 50 hundraðshluta af massa dráttarvélarinnar og hallahornið mælt um leið. Hornið verður að vera a.m.k. 38° á þeim tíma sem dráttarvélin er í óstöðugu jafnvægi á hjólunum sem snerta jörðu. Prófunina skal framkvæma einu sinni með stýrishjóli snúið alla leið og læst til hægri og einu sinni með stýrishjóli snúið alla leið og læst til vinstri.

3.1.4. Prófun á búnaði sem kemur í veg fyrir að dráttarvélin rúlli áfram við veltu

3.1.4.1. Almennar athugasemdir

Þessi prófun er ætluð til þess að kanna hvort grind sem komið er fyrir á dráttarvél til þess að verja ökumann geti á fullnægjandi hátt komið í veg fyrir að dráttarvélin rúlli áfram í hliðarveltu í halla sem er 1:1,5 (mynd 6.4).

Sýna má fram á að vél rúlli ekki áfram með því að nota aðra af þeim tveimur aðferðum sem lýst er í liðum 3.1.4.2 og 3.1.4.3.

3.1.4.2. Sýnt hvernig koma á í veg fyrir áframhaldandi veltur með veltiprófun

3.1.4.2.1. Framkvæma skal veltuna í a.m.k. fjögurra metra langri prófunarbrekku (sjá mynd 6.4). Yfirborðið skal þakið með 18 cm lagi af efni sem er mælt í samræmi við staðlana ASAE S313.3 FEB1999 og ASAE EP542 FEB1999 um keilusmygnimæla fyrir jarðvegssýni og hefur smygnistuðulinn:

$$A = 235 \pm 20$$

eða

$$B = 335 \pm 20$$

3.1.4.2.2. Dráttarvélinni (undirbúin eins og lýst er í lið 3.1.2) er hallað á hlið með byrjunarhraða núll. Dráttarvélin er sett efst í prófunarbrekkuna þannig að hjólin á þeirri hlið sem vísar niður hvíli á brautinni og miðjuplan dráttarvélarinnar sé samsíða hæðarlínu. Þegar dráttarvélin hefur lent á yfirborði prófunarbrekkunnar lyftir hún sér frá yfirborði hennar með því að snúast um efra horn veltigrindarinnar, en má þó ekki velta. Dráttarvélin verður að falla til baka á þá hlið sem hún lenti á í upphafi.

3.1.4.3. Sýnt hvernig komið er í veg fyrir áframhaldandi veltur með útreikningum

3.1.4.3.1 Til þess að staðfesta að koma megi í veg fyrir áframhaldandi veltur með útreikningum verður að ganga úr skugga um eftirfarandi upplýsingar varðandi eiginleika dráttarvéla (sjá mynd 6.5):

B_0 (m) Breidd hjólbarða að aftan,

B_6 (m) Breidd veltigrindar milli hægri og vinstri höggpunkta,

B_7	(m)	Breidd vélarhlífar,
D_0	(rad)	Sveifluhorn framáss frá núllstöðu til enda ferilsins,
D_2	(m)	Hæð framhjólbarða við fullt álag á ás,
D_3	(m)	Hæð afturhjólbarða við fullt álag á ás,
H_0	(m)	Hæð á snúningspunkti framáss,
H_1	(m)	Hæð þyngdarmiðju,
H_6	(m)	Hæð við höggpunkt,
H_7	(m)	Hæð vélarhlífar,
L_2	(m)	Lárétt fjarlægð á milli þyngdarmiðju og framáss,
L_3	(m)	Lárétt fjarlægð á milli þyngdarmiðju og afturáss,
L_6	(m)	Lárétt fjarlægð á milli þyngdarmiðju og skurðpunktar framan á veltigrind (sem verður mínustala ef punkturinn er fyrir framan þyngdarmiðjuplanið),
L_7	(m)	Lárétt fjarlægð á milli þyngdarmiðju og framhorns vélarhlífar,
M_c	(kg)	Massi dráttarvélar sem notaður er í útreikninga,
Q	(kgm^2)	Hverfitregða um lengdarás í gegnum þyngdarmiðju,
S	(m)	Sporvídd að aftan. Samanlögð sporvídd (S) og breidd hjólbarða (B_0) verður að vera meiri en breidd B_6 veltigrindarinnar.

3.1.4.3.2 Til einföldunar er hægt að draga eftirfarandi ályktanir við útreikninga:

3.1.4.3.2.1 kyrrstæð dráttarvél veltur í brekku með 1:1,5 halla með framás í jafnvægi um leið og þyngdarmiðjan er lóðrétt fyrir ofan snúningsásinn,

3.1.4.3.2.2 snúningsásinn er samsíða lengdarás dráttarvélarinnar og fer í gegnum miðju snertiflatarins á fram- og afturhjóli sem snýr niður á við,

3.1.4.3.2.3 dráttarvélin rennur ekki niður á við,

3.1.4.3.2.4 högg á hallann er að hluta til fjaðrandi, fjaðurstuðull:

$$U = 0,2$$

3.1.4.3.2.5 dýpt smygni í hallanum og aflögun veltigrindarinnar eru samanlagt:

$$T = 0,2 \text{ m}$$

3.1.4.3.2.6 aðrir íhlutir dráttarvélarinnar smjúga ekki inn í hallann.

3.1.4.3.3 Tölvuforritið (BASIC ([4])), til að ákvarða áframhaldandi veltur eða stöðvaða veltu dráttarvélar með litla sporvídd með framanásettan veltivarnarbúnað í hliðarveltu, er í lið B_4 ásamt dæmum í liðum 6.1 til 6.11.

3.1.5 Mæliaðferðir

3.1.5.1. Láréttar fjarlægðir á milli þyngdarmiðju og afturáss (L_3) eða framáss (L_2)

Fjarlægðin milli aftur- og framása á báðum hliðum dráttarvélarinnar skal mæld til þess að sannreyna að það sé ekkert stýrishorn.

Fjarlægð milli þyngdarmiðju og afturáss (L_3) eða framáss (L_2) skal reiknuð út frá dreifingu massa dráttarvélarinnar milli aftur- og framhjóla.

3.1.5.2. Hæð aftur- (D_3) og fram- (D_2) hjóla

Fjarlægð frá hæsta punkti hjólbarðans til jarðflatar skal mæld (mynd 6.5) og nota skal sömu aðferð fyrir fram- og afturhjólbarða.

3.1.5.3. Lárétt fjarlægð á milli þyngdarmiðju og skurðpunktar framan á veltigrind (L_6).

Fjarlægð milli þyngdarmiðju og skurðpunktar framan á veltigrind skal mæld (myndir 6.6.a, 6.6.b og 6.6.c). Ef veltigrindin er framan við þyngdarmiðjuplanið skal skráð mæling vera mínustala (– L_6).

3.1.5.4. Breidd veltigrindar (B_6)

Fjarlægðin milli hægri og vinstri höggpunkta hinna tveggja lóðréttu stoða veltigrindarinnar skal mæld.

Höggpunkturinn er skilgreindur af plani sem snertir veltigrindina og gengur í gegnum línu sem dregin er með efstu ytri punktum fram- og afturhjólbarða (mynd 6.7).

3.1.5.5. Hæð veltigrindar (H_6)

Lóðrétt fjarlægð frá höggpunkti grindar til jarðflatar skal mæld.

3.1.5.6. Hæð vélarhlífar (H_7)

Lóðrétt fjarlægð frá höggpunkti vélarhlífar til jarðflatar skal mæld.

Höggpunkturinn er skilgreindur af plani sem snertir vélarhlífina og veltigrindina og gengur í gegnum línu úr efstu ytri punktum framhjólbarða (mynd 6.7). Mælingin skal gerð á báðum hliðum vélarhlífar.

3.1.5.7. Breidd vélarhlífar (B_7)

Fjarlægðin milli höggpunktanna tveggja á vélarhlífinni eins og áður skilgreind skal mæld.

3.1.5.8. Lárétt fjarlægð á milli þyngdarmiðju og framhorns vélarhlífar,

Fjarlægð frá höggpunkti vélarhlífar, eins og áður skilgreind, til þyngdarmiðju skal mæld.

3.1.5.9. Hæð á snúningspunkti framáss (H_0)

Lóðrétt fjarlægð milli miðju snúningsáss að framan til miðju áss framhjólbarða (H_{01}) skal vera í tækniskýrslu framleiðanda og skal athuguð.

Lóðrétt fjarlægð frá miðju áss framhjólbarða til jarðflatar (H_{02}) skal mæld (mynd 6.8).

Hæð snúningsáss að framan (H_0) er summa af báðum áðurnefndum gildum.

3.1.5.10. Sporvídd að aftan (S)

Lágmarkssporvídd að aftan með áfestum hjólbörðum af stærstu gerð, eins og framleiðandi tilgreinir, skal mæld (mynd 6.9).

3.1.5.11. Breidd hjólbarða að aftan (B_0)

Fjarlægðin milli ytri og innri lóðréttra flata afturhjólbarða á efri hluta skal mæld (mynd 6.9).

3.1.5.12. Sveifluhorn framáss (D_0)

Stærsta hornið skilgreint af sveiflu framáss úr láréttri stöðu til hámarkssveigju skal mælt á báðum hliðum áss og taka tillit til lokaslags höggdeyfis. Nota skal hámarkshorn sem mælt er.

3.1.5.13. Massi dráttarvélar

Massi dráttarvélar skal ákvarðaður í samræmi við skilyrðin sem tilgreind eru í lið 1.7.1.

3.2. *Skilyrði að því er varðar prófanir á styrkleika veltigrinda og festingum þeirra við dráttarvélar*

3.2.1. Almennar kröfur

3.2.1.1. Tilgangur prófana

Í prófunum sem eru gerðar með sérstökum útbúnaði á að líkja eftir því álagi sem veltigrind verður fyrir þegar dráttarvél veltur. Þessar prófanir gera kleift að athuga styrkleika veltigrindarinnar og festinga sem festa hana við dráttarvélina og þeirra hluta dráttarvélarinnar sem flytja álag prófunarinnar.

3.2.1.2. Prófunaraðferðir

Framkvæma má prófanir í samræmi við kyrrstöðuprófunaraðferðina eða hreyfiprófunaraðferðina (sjá viðauka A). Báðar aðferðirnar teljast jafngildar.

3.2.1.3. Almennar reglur um undirbúning prófana

3.2.1.3.1. Veltigrindin verður að vera í samræmi við forskriftir raðframleiðslunnar. Hún skal fest á þá dráttarvél sem hún er hönnuð fyrir í samræmi við þá aðferð sem framleiðandi mælir með.

Athugasemd: Ekki er nauðsynlegt að nota fullbúna dráttarvél fyrir kyrrstöðuprófunina; þó skulu veltigrind og hlutar dráttarvélarinnar sem eru festir á teljast lágmarksbúnaður, hér á eftir nefndur „samstæða“.

3.2.1.3.2. Fyrir bæði kyrrstöðuprófun og hreyfiprófun skal dráttarvélin eins og hún er samsett (eða samstæðan) vera með áfestum öllum íhlutum raðframleiðslunnar sem kunna að hafa áhrif á styrkleika veltigrindarinnar eða sem kunna að vera nauðsynlegir fyrir styrkleikaprófunina.

Íhlutir sem geta valdið hættu á auða svæðinu verða einnig að vera festir þannig á dráttarvélina (eða samstæðuna) að unnt sé að skoða þá til að sjá hvort skilyrðunum um samþykki í lið 3.2.3 hefur verið fullnægt.

Allir íhlutir dráttarvélarinnar eða veltigrindarinnar, þ.m.t. veðravörn, skulu fylgja með eða þeim lýst á teikningum.

3.2.1.3.3. Að því er varðar styrkleikaprófanir verður að fjarlæga alla klæðningu og lausa íhluti sem ekki eru burðarvirki svo að þeir styrki ekki veltigrindina.

3.2.1.3.4. Stilla verður sporvíddina svo að veltigrindin, eftir því sem unnt er, fái ekki stuðning af hjólbörðunum meðan á styrkleikaprófunum stendur. Ef þessar prófanir eru framkvæmdar í samræmi við kyrrstöðuaðferðina má fjarlægja hjólin.

3.2.2. Prófanir

3.2.2.1. Röð prófana samkvæmt kyrrstöðuprófunaraðferðinni

Röð prófana, með fyrirvara um viðbótarprófanir sem nefndar eru í liðum 3.3.1.6 og 3.3.1.7, er eftirfarandi:

1) **álag aftan á grindina**

(sjá lið 3.3.1.1),

2) **þrýstiálagsprófun að aftan**

(sjá lið 3.3.1.4),

3) **álag framan á grindina**

(sjá lið 3.3.1.2),

4) **álag á hlið grindarinnar**

(sjá lið 3.3.1.3),

5) **þrýstiálag framan á grindina**

(sjá lið 3.3.1.5).

3.2.2.2. Almennar kröfur

3.2.2.2.1. Ef festibúnaður dráttarvélarinnar slitnar eða hreyfist til á meðan á prófun stendur skal hefja prófun að nýju

3.2.2.2 2. Óheimilt er að gera við eða gera breytingar á dráttarvélinni eða veltigrindinni á meðan á prófunum stendur.

3.2.2.2.3. Dráttarvélin skal vera í hlutlausum gír og hemlar ótengdir meðan á prófunum stendur.

3.2.2.2.4. Ef fjöðrunarbúnaður er á milli yfirbyggingar dráttarvélarinnar og hjólanna verður að stöðva fjöðrun meðan á prófuninni stendur.

3.2.2.2.5. Sú hlið sem valin er fyrir fyrsta álagið aftan á grindina skal vera sú sem, að áliti prófunaryfirvalda, leiðir af sér röð af álagi við óhagstæðustu skilyrði fyrir grindina. Álagi frá hlið og álagi að aftan skal beitt á báðar hliðar lengdarmiðjuplans veltigrindarinnar. Álagi að framan skal beitt á sömu hlið lengdarmiðjuplans veltigrindarinnar og álagi frá hlið.

3.2.3 Skilyrði fyrir samþykki

3.2.3.1. Veltigrind telst hafa fullnægt kröfum um styrk ef hún uppfyllir eftirtalin skilyrði:

3.2.3.1.1. Eftir prófun á hverjum hluta mega hvorki vera sprungur eða rifur í merkingu liðar 3.3.2.1 eða

3.2.3.1.2. Ef umtalsverðar sprungur myndast í einhverri þrýstiálagsprófananna verður þegar í stað að gera viðbótarprófun í samræmi við lið 3.3.1.7 eftir álagið sem olli myndun sprungnanna eða rifanna,

3.2.3.1.3. Á meðan á prófununum stendur, öðrum en yfirálagsprófun, má enginn hluti veltigrindarinnar koma inn á auða svæðið sem skilgreint er í lið 1.6,

3.2.3.1.4. Meðan á öðrum prófunum en yfirálagsprófuninni stendur, skulu allir hlutar auða svæðisins varðir af grindinni, í samræmi við lið 3.3.2.2.2.

3.2.3.1.5. Á meðan á prófunum stendur má veltigrindin ekki þrengja á nokkurn hátt að sætisgrind.

3.2.3.1.6. Fjaðrandi sveigja, mæld í samræmi við lið 3.3.2.4 skal vera minni en 250 mm.

3.2.3.2. Engir aukahlutir skulu skapa hættu fyrir ökumann. Ekki skulu vera neinir hlutar sem standa út eða aukahlutir sem eru líklegir til að slasa ökumann ef dráttarvél veltur eða einhverjir aukahlutir eða hlutar sem líklegir eru til að festa hann — til dæmis fótlegg hans eða fót — vegna þess að veltigrind sveigist.

3.2.4 [Á ekki við]

3.2.5 Prófunartæki og -búnaður

3.2.5.1. Búnaður fyrir kyrrstöðuprófun

3.2.5.1.1 Búnað fyrir kyrrstöðuprófun verður að hanna þannig að álag geti verkað á veltigrindina.

3.2.5.1.2 Gera verður ráðstafanir til að álagið dreifist jafnt miðað við álagsstefnu og eftir lengdargeisla sem er nákvæmt margfeldi af 50 og er á bilinu 250 og 700 mm. Lóðrétt þvermál ósveigjanlegu stoðarinnar skal vera 150 mm. Snertibrúnir stoðarinnar við veltigrindina skulu hafa sveigju sem hefur að hámarki 50 mm radíus.

3.2.5.1.3. Pallinn verður að vera hægt að stilla á hvaða horn sem er miðað við álagsstefnu svo hann geti fylgt hornabreytingum á burðaryfirborði grindarinnar þegar hún sveigist til hliðar.

3.2.5.1.4. Stefna kraftsins (frávik frá láréttum og lóðréttum stefnum):

— við upphaf prófunar, án álags: ± 2°,

— á meðan á prófun stendur, með álagi: 10° yfir og 20° undir hinu lárétta. Breytingum frá þessu skal halda í lágmarki.

3.2.5.1.5. Hraði á sveigju skal vera nægilega lítill, minna en 5 mm/s, svo álagið sé ávallt talið vera í kyrrstöðu.

3.2.5.2. Tæki til að mæla orkugleypni grindarinnar

3.2.5.2.1. Svo ákvarða megi orkugleypni grindarinnar verður að teikna feril fyrir kraft á móti sveigju. Ekki er ástæða til að mæla kraft og sveigju á þeim stað sem álaginu er beitt á grindina. Þó skal mæla kraft og sveigju samtímis og samlínulega.

3.2.5.2.2. Upphafspunkt sveigjumælinga verður að velja með það fyrir augum að hann taki einungis mið af orkunni sem grindin gleypir og/eða sveigju ákveðinna hluta á dráttarvélinni. Líta skal fram hjá orkunni sem festingarnar gleypa við sveigju og/eða ef þær renna til.

3.2.5.3. Leiðir til að festa dráttarvélina við jörðu

3.2.5.3.1 Festiteinar með þeirri sporvídd sem krafist er og sem eru nægilega umfangsmiklir til að festa dráttarvélina í öllum tilfellum sem sýnd eru skulu kyrfilega festir á harðan flötinn nálægt prófunarbúnaðinum.

3.2.5.3.2. Dráttarvélin skal fest við teinana á viðeigandi hátt (með plötum, fleygum, stálvírum, tjökkum o.fl.) þannig að hún hreyfist ekki meðan á prófuninni stendur. Þessar kröfur verður að kanna meðan á prófuninni stendur með venjulegum lengdarmælibúnaði.

Ef dráttarvélin hreyfist verður að endurtaka alla prófunina, nema ef búnaðurinn sem mælir sveigjur sem tekið er tillit til þegar ferillinn fyrir kraft á móti sveigju er teiknaður er tengdur við dráttarvélina.

3.2.5.4. Þrýstiálagsbúnaður

Með búnaði sem sýndur er á mynd 6.10 skal vera hægt að þrýsta lóðrétt á veltigrind með ósveigjanlegri stoð sem er u.þ.b. 250 mm í þvermál og tengist aflbúnaðinum með hjörulið. Viðeigandi ásstoðum skal komið fyrir þannig að hjólbarðar dráttarvélarinnar verði ekki fyrir þrýstiálagskrafti.

3.2.5.5. Önnur mælitæki

Einnig er þörf fyrir eftirfarandi búnað til mælinga:

3.2.5.5.1 Búnaði til að mæla fjaðrandi sveigju (mismuninn á hámarkssveigju í skamman tíma og varanlegri sveigju, sjá mynd 6.11).

3.2.5.5.2. Búnaði til að kanna að veltigrindin hafi ekki farið inn á auða svæðið og að auða svæðið hafi haldist fyrir innan öryggi grindarinnar við prófunina (liður 3.3.2.2).

3.3. *Aðferð við kyrrstöðuprófun*

3.3.1. Álags- og þrýstiálagsprófanir

3.3.1.1. Álag að aftan

3.3.1.1.1. Álagi skal beitt lárétt í lóðréttu plani sem er samsíða miðjuplani dráttarvélar.

Álagspunkturinn er sá hluti veltivarnarbúnaðarins sem líklegt er að komi fyrst við jörðu við afturveltu, oftast efri brúnin. Lóðrétta planið sem álaginu er beitt í skal staðsett í fjarlægð sem er 1/6 af breiddinni á efsta hluta veltigrindarinnar innan við lóðrétt plan sem er samsíða miðjuplani dráttarvélarinnar og snertir ystu brún á efsta hluta veltigrindarinnar.

Ef grindin er bogin eða stendur út á þessum stað skal bæta við fleygum sem gera kleift að álaginu sé beitt þar en þó án þess að með því styrkist grindin.

3.3.1.1.2. Samstæðan skal fest við jörðu eins og lýst er í lið 3.2.6.3.

3.3.1.1.3 Orka sem veltigrindin gleypir á meðan á prófuninni stendur skal vera a.m.k.:

$$E_{il} = 500 + 0{,}5\ M$$

3.3.1.1.4 Fyrir dráttarvélar með vendisæti ökumanns (með sæti og stýrishjóli sem hægt er að snúa við) skal sama formúla eiga við.

3.3.1.2. Álag að framan

3.3.1.2.1. Álaginu skal beitt lárétt í lóðréttu plani sem er samsíða miðjuplani dráttarvélarinnar og staðsett í fjarlægð sem er 1/6 af breiddinni á efsta hluta veltigrindarinnar innan við lóðrétt plan sem er samsíða miðjuplani dráttarvélarinnar og snertir ystu brún á efsta hluta veltigrindarinnar.

Álagspunkturinn er sá hluti veltivarnarbúnaðar sem líklegt er að komi fyrst við jörðu ef dráttarvélin veltur á hlið við akstur beint áfram, oftast efri brúnin.

Ef grindin er bogin eða stendur út á þessum stað skal bæta við fleygum sem gera kleift að álaginu sé beitt þar en þó án þess að með því styrkist grindin.

3.3.1.2.2. Samstæðan skal fest við jörðu eins og lýst er í lið 3.2.5.3.

3.3.1.2.3. Orka sem veltigrindin gleypir á meðan á prófuninni stendur skal vera a.m.k.:

$$E_{i\,l} = 500 + 0{,}5\ M$$

3.3.1.2.4. Fyrir dráttarvélar með vendisæti ökumanns (með sæti og stýrishjóli sem hægt er að snúa við) skal krafturinn vera sá sem er meiri úr formúlunni sem beitt er hér að ofan og þeirri sem valin er hér að neðan:

$$E_{i\,l} = 2{,}165 \times 10^{-7}\ M \times L^2$$

eða

$$E_{i\,l} = 0{,}574\ I$$

3.3.1.3. Álag frá hlið

3.3.1.3.1. Álagi skal beitt lárétt í lóðréttu plani sem er hornrétt á miðjuplan dráttarvélar. Álagspunkturinn er sá hluti veltivarnarbúnaðar sem líklegt er að komi fyrst við jörðu við hliðarveltu, oftast efri brúnin.

3.3.1.3.2. Samstæðan skal fest við jörðu eins og lýst er í lið 3.2.5.3.

3.3.1.3.3. Orka sem veltigrindin gleypir á meðan á prófuninni stendur skal vera a.m.k.:

$$E_{i\,s} = 1{,}75\ M\ (B_6 + B) / 2B$$

3.3.1.3.4. Fyrir dráttarvélar með vendisæti ökumanns (með sæti og stýrishjóli sem hægt er að snúa við) skal krafturinn vera sá sem er meiri héðan að ofan eða eftirfarandi:

$$E_{i\,s} = 1{,}75\ M$$

3.3.1.4. Þrýstiálag að aftan

Stoðin skal vera staðsett yfir efstu burðareiningu að aftan og skulu afleiðingar þrýstiálagskraftsins koma fram á miðjuplani dráttarvélarinnar. Beita skal kraftinum F_v þar sem:

$$F_{v)} = 20\ M$$

halda skal kraftinum F_v í fimm sekúndur eftir að sjáanleg hreyfing í veltigrind sést ekki lengur.

Ef aftari hluti á þaki veltigrindar stenst ekki mesta þrýstiálagskraft skal beita krafti á þakið þar til það sveigist til hliðar þannig að það fari saman við plan er tengir efri hluta veltigrindar við þann hluta aftan á dráttarvélinni sem getur borið dráttarvélina við veltu.

Því næst skal aflétta kraftinum og þrýstiálagsstoðin færð þannig að hún sé yfir þeim hluta veltigrindarinnar sem myndi styðja við dráttarvélina ef hún ylti alveg. Þá skal þrýstiálagskraftinum F_v beitt aftur.

3.3.1.5. Þrýstiálag að framan

Stoðin skal vera staðsett yfir fremstu burðareiningu að aftan og skal summa þrýstiálagskraftanna koma fram á miðjuplani dráttarvélarinnar. Beita skal kraftinum F_v þar sem:

$$F_v = 20\ M$$

halda skal kraftinum F_v í fimm sekúndur eftir að sjáanleg hreyfing í veltigrind sést ekki lengur.

Ef fremri hluti á þaki veltigrindar stenst ekki mesta þrýstiálagskraft skal beita krafti á þakið þar til það sveigist til hliðar þannig að það fari saman við plan er tengir efri hluta veltigrindar við þann hluta framan á dráttarvélinni sem getur borið dráttarvélina við veltu.

Því næst skal aflétta kraftinum og þrýstiálagsstoðin færð þannig að hún sé yfir þeim hluta veltigrindarinnar sem myndi styðja við dráttarvélina ef hún ylti alveg. Þá skal þrýstiálagskraftinum F_v beitt aftur.

3.3.1.6. Viðbótaryfirálagsprófun (myndir 6.14 til 6.16)

Gera skal yfirálagsprófun í öllum tilvikum þar sem krafturinn minnkar um meira en 3 hundraðshluta við síðustu 5 hundraðshluta sveigju sem næst þegar grindin gleypir nauðsynlega orku (sjá mynd 6.15).

Yfirálagsprófun felur í sér jafna aukningu á láréttu álagi með 5 hundraðshluta viðbót á upphaflega orkuþörf upp í að hámarki 20 hundraðshluta af þeirri orku sem bætt er við (sjá mynd 6.16).

Yfirálagsprófun telst fullnægjandi ef krafturinn, minnkar um minna en 3 hundraðshluta í 5 hundraðshluta viðbót og helst meiri en 0,8 F_{max} eftir hverja aukningu á nauðsynlegri orku um 5, 10 eða 15 hundraðshluta.

Yfirálagsprófun telst fullnægjandi ef krafturinn fer yfir 0,8 F_{max} eftir að grindin hefur gleypt 20 hundraðshluta af þeirri orku sem bætt er við.

Viðbótarsprungur eða rifur eða að farið sé inn á auða svæðið eða það ekki varið sem skyldi vegna sveigju er leyfilegt við yfirálagsprófun. Þó má grindin ekki fara inn á auða svæðið eftir að álagið hefur verið tekið af og skal það fullkomlega varið.

3.3.1.7. Viðbótarþrýstiálagsprófanir

Ef sprungur eða rifur, sem ekki geta talist smávægilegar, koma í ljós meðan á þrýstiálagsprófun stendur skal öðru svipuðu álagi, en með kraftinum 1,2 F_v, strax beitt á eftir þrýstiálagsprófuninni sem olli sprungunum eða rifunum.

3.3.2. Nauðsynlegar mælingar

3.3.2.1. Brot og sprungur

Eftir hverja prófun skal skoða allar burðareiningar, samskeyti og festibúnað á sjónrænan hátt og athuga hvort í þeim séu brot eða sprungur, en líta má framhjá smávægilegum sprungum í hlutum sem ekki teljast mikilvægir.

3.3.2.2. Farið inn á auða svæðið

Veltigrind skal skoðuð á meðan á hverri prófun stendur til þess að sjá hvort einhver hluti hennar hafi farið inn á auða svæðið samkvæmt skilgreiningu í lið 1.6 hér að framan.

Enn fremur skal auða svæðið ekki vera óvarið af veltigrindinni. Að því er þetta varðar telst það óvarið af veltigrind ef einhver hluti þess hefði snert jörðu ef dráttarvélin hefði oltið í þá átt sem prófunarálagi er beitt. Til þess að meta þetta skulu fram- og afturhjólbarðar vera eins smáir og sporvíddarstilling vera eins lág og unnt er samkvæmt forskrift framleiðanda.

3.3.2.3. Prófanir á föstum búnaði að aftan

Ef dráttarvélin er með ósveigjanlegum hluta, húsi eða öðrum föstum búnaði fyrir aftan ökumannssæti, skal líta á slíkan búnað sem öryggispunkt við hliðar- eða afturveltu. Fasti búnaðurinn sem settur er í dráttarvélina fyrir aftan ökumannssæti skal geta staðist án þess að brotna eða koma inn á auða svæðið, lóðrétta kraftinn F_i þar sem:

$$F_i = 15\ M$$

er beitt hornrétt á efsta hluta rammans á miðjuplani dráttarvélarinnar. Upphafshorn fyrir beitingu krafts skal vera 40° reiknað samsíða miðað við jörðu eins og sýnt er á mynd 6.12. Lágmarksbreidd þessa ósveigjanlega hluta skal vera 500 mm (sjá mynd 6.13).

Að auki skal hann vera nægilega stífur og tryggilega festur við dráttarvélina að aftan.

3.3.2.4. Fjaðrandi sveigja við hliðarálag

Fjaðrandi sveigja skal mæld (810 + a_v) mm fyrir ofan málpunkt sætis á lóðréttu plani sem fer í gegnum álagspunkt. Fyrir þessa mælingu skal nota tæki sem svipar til tækisins sem lýst er á mynd 6.11.

3.3.2.5. Varanleg sveigja

Að þrýstiálagsprófunum loknum skal varanleg sveigja veltigrindar skráð. Að því er þetta varðar skal skrá stöðu helstu hluta veltivarnarbúnaðar miðað við málpunkt sætis áður en prófun hefst.

3.4. *Rýmkun til annarra tegunda dráttarvéla*

3.4.1. [Á ekki við]

3.4.2. Tæknileg rýmkun

Þegar tæknilegar breytingar eru gerðar á dráttarvél, veltivarnarbúnaði eða aðferð við festingu veltivarnarbúnaðar við dráttarvélina, getur prófunarstöðin sem framkvæmdi upphaflegu prófunina gefið út „skýrslu um tæknilega rýmkun“, ef dráttarvélin og veltigrindin hafa staðist forprófanir um hliðarstöðugleika og búnað sem kemur í veg fyrir að dráttarvélin rúlli áfram við veltu, eins og skilgreint er í liðum 3.1.3 og 3.1.4 og ef áfestur fastur búnaður að aftan, eins og lýst er í lið 3.3.2.3, hefur verið prófaður í samræmi við aðferðina sem lýst er í þessari málsgrein (að lið 3.4.2.2.4 undanskildum) í eftirfarandi tilvikum:

3.4.2.1. Rýmkun niðurstaðna prófana á grind til annarra tegunda dráttarvéla

Högg- eða álags- og þrýstiálagsprófanirnar þarf ekki að framkvæma á hverri tegund dráttarvélar, að því gefnu að veltigrind og dráttarvél samræmist skilyrðum sem vísað er til í liðum 3.4.2.1.1 til 3.4.2.1.5.

3.4.2.1.1. Grindin (þ.m.t. fastur búnaður að aftan) skal vera eins og sú sem prófuð var.

3.4.2.1.2. Nauðsynleg orka skal ekki vera umfram þá orku sem reiknuð var fyrir upphaflegu prófunina um meira en 5 prósent.

3.4.2.1.3. Áfestingaraðferð og þeir íhlutir dráttarvélar sem fest er við skulu vera eins.

3.4.2.1.4. Íhlutir eins og aurbretti og vélarhlíf sem geta stutt við veltigrindina skulu vera eins.

3.4.2.1.5. Staðsetning og helstu mál sætisins í veltigrindinni og hlutfallsleg staðsetning veltigrindarinnar á dráttarvélinni skal vera slík að auða svæðið hefði verið varið í grind með sveigju í öllum prófunum (þetta skal athugað með því að nota sömu viðmiðun fyrir auða svæðið og í upphaflegu prófunarskýrslunni, viðmiðunarpunkt sætis eða málpunkt sætis, eftir því sem við á.

3.4.2.2. Rýmkun niðurstaðna prófana á grind til breyttra tegunda veltigrinda

Þessu ferli verður að fylgja þegar ákvæði liðar 3.4.2.1 eru ekki uppfyllt, það má ekki nota þegar festingaraðferð veltigrindar við dráttarvélina fylgir ekki áfram sömu meginreglu (t.d. fjöðrunarbúnaður kemur í stað gúmmístoða)

3.4.2.2.1. Breytingar sem hafa engin áhrif á niðurstöður upphaflegu prófananna (t.d. logsuðufesting uppfestingarplötu aukahlutar á stað á grindinni sem ekki er mikilvægur), viðbót sæta með annarri staðsetningu málpunkts sætis í veltigrind (að því tilskildu að athugað sé að nýja auða svæðið (nýju auðu svæðin) sé(u) áfram varið (varin)).

3.4.2.2.2. Breytingar sem mögulega hafa áhrif á niðurstöður upphaflegu prófananna án þess að spurningar vakni um samþykki veltigrindar (t.d. breyting á íhlut sem er hluti af burðarvirki, breyting á áfestingaraðferð veltigrindarinnar við dráttarvélina). Framkvæma má fullgildingarprófun og eru niðurstöður prófunarinnar skráðar í skýrslu um rýmkun.

Eftirfarandi takmarkanir á þessari gerðarrýmkun eru fastar:

3.4.2.2.2.1. Ekki má samþykkja fleiri en 5 rýmkanir án fullgildingarprófunar.

3.4.2.2.2.2. Niðurstöður fullgildingarprófunar verða samþykktar fyrir rýmkun ef öll skilyrði um samþykki í þessum viðauka eru uppfyllt og:

— ef sveigjan sem mæld er eftir hverja höggprófun víkur ekki frá sveigjunni sem mæld var eftir hverja höggprófun í upprunalegu prófunarskýrslunni um meira en ± 7% (ef um hreyfiprófun er að ræða),

— ef krafturinn sem er mældur þegar nauðsynlegu orkustigi hefur verið náð í hinum ýmsu láréttu álagsprófunum víkur ekki frá kraftinum sem var mældur þegar nauðsynlegri orku var náð í upphaflegu prófununum um meira en ± 7% og sveigjan sem mæld er ([4]) þegar nauðsynlegu orkustigi hefur verið náð í hinum ýmsu láréttu álagsprófunum víkur ekki frá sveigjunni sem mæld var þegar nauðsynlegri orku var náð í upphaflegu prófunarskýrslunni um meira en ± 7% (ef um kyrrstöðuprófun er að ræða).

3.4.2.2.2.3. Setja má fleiri en eina breytingu á veltigrind í eina skýrslu um rýmkun ef þær eru mismunandi valkostir við sömu veltigrind en aðeins ein fullgildingarprófun er samþykkt í einni skýrslu um rýmkun. Þeim valkostum sem ekki eru prófaðir skal lýst í sérstökum hluta skýrslunnar um rýmkun.

3.4.2.2.3. Aukning á viðmiðunarmassa sem framleiðandi gefur upp fyrir veltigrind sem þegar hefur verið prófuð. Ef framleiðandi vill halda sama viðurkenningarnúmeri er mögulegt að gefa út skýrslu um rýmkun eftir að hafa framkvæmt fullgildingarprófun (mörkin ± 7% sem tiltekin eru í lið 3.4.2.2.2.2 eiga ekki við í slíku tilviki).

3.4.2.2.4. Breyting á föstum búnaði að aftan eða nýjum föstum búnaði að aftan bætt við. Athuga verður að auða svæðið sé áfram verndað af sveigðri grindinni í öllum prófunum, þ.m.t. nýr eða breyttur fastur búnaður að aftan. Fullgilding fasts búnaðar að aftan í prófun sem lýst er í lið 3.3.2.3 verður að fara fram og niðurstöður prófunar munu skráðar í skýrslu um rýmkun.

3.5. [Á ekki við]

3.6. *Eiginleikar veltigrinda í köldu veðri*

3.6.1. Ef staðhæft er að veltigrind hafi eiginleika til varnar stökkva í köldu veðri skal framleiðandi gefa upplýsingar um það í skýrslunni.

3.6.2. Eftirfarandi kröfum og aðferðum er ætlað að veita styrk og þol gegn stökkvabrotum við lækkað hitastig. Mælt er með að eftirfarandi lágmarkskröfur varðandi smíðaefni skuli uppfylltar þegar dæmt er um hvort veltigrind henti við lækkað notkunarhitastig í þeim löndum þar sem þessarar viðbótarvarnar er krafist.

3.6.2.1. Boltar og rær, sem notaðar eru til að festa veltigrindina á dráttarvélina og tengja hluta veltigrindarinnar sem eru burðarvirki, skulu sýna fullnægjandi eiginleika að því er varðar þol gegn lækkuðu hitastigi.

3.6.2.2. Öll logsoðin rafskaut sem notuð eru við gerð burðareininga og festinga skulu samrýmast smíðaefni veltigrindarinnar, eins og gefið er upp í lið 3.6.2.3 hér á eftir.

3.6.2.3. Stálefni fyrir burðareiningar veltigrindarinnar skulu vera úr viðurkenndu styrkleikaefni sem uppfyllir að lágmarki Charpy V-Notch kröfur um höggorku, eins og sýnt er í töflu 6.1. Flokk og gæði stáls skal tilgreina í samræmi við ISO-staðal 630:1995.

Stál með útrúllaðri þykkt minni en 2,5 mm og minna en 0,2 hundraðshluta kolefnisinnihald telst uppfylla þessa kröfu.

Burðareiningar veltigrindar sem gerðar eru úr smíðaefnum öðrum en stáli skulu hafa sambærilegt höggþol við lágt hitastig.

3.6.2.4. Þegar Charpy V-Notch kröfur um höggorku eru prófaðar skal stærð sýnishorns ekki vera minni en sú stærsta af þeim stærðum sem taldar eru upp í töflu 6.1 sem smíðaefnið leyfir.

3.6.2.5. Charpy V-Notch prófanirnar skulu gerðar í samræmi við aðferðina í ASTM A 370-1979, nema fyrir sýnishornastærðir sem skulu vera í samræmi við stærðirnar sem gefnar eru upp í töflu 6.1.

3.6.2.6. Annar valkostur við þessa aðferð er notkun róaðs eða hálf-róaðs stáls sem leggja skal fram fullnægjandi forskriftir fyrir. Flokk og gæði stáls skal tilgreina í samræmi við ISO-staðal 630:1995, breyting 1:2003.

3.6.2.7. Sýnishorn skulu vera eftir endilöngu og tekin úr flötum stafla, pípu- eða grindahlutum áður en þau eru formuð eða logsoðin til notkunar í veltigrindina. Sýnishorn úr pípu- eða grindahlutum skulu tekin úr miðju hliðar með stærstu málin og skulu ekki vera logsoðin.

Tafla 6.1.

Lágmarks Charpy V-Notch höggorka

Stærð sýnishorns	Orka við	Orka við
	– 30 °C	– 20 °C
mm	J	J([b])
10 × 10([a])	11	27,5
10 × 9	10	25
10 × 8	9,5	24
10 × 7,5([a])	9,5	24
10 × 7	9	22,5
10 × 6,7	8,5	21
10 × 6	8	20
10 × 5([a])	7,5	19
10 × 4	7	17,5
10 × 3,5	6	15
10 × 3	6	15
10 × 2,5([a])	5,5	14

([a]) Gefur til kynna þá stærð sem mælt er með. Stærð sýnishorns skal ekki vera minni en mesta stærð sem mælt er með sem efnið leyfir.

([b]) Nauðsynleg orka við – 20 °C er 2,5 sinnum gildið sem tilgreint er fyrir – 30 °C. Aðrir þættir hafa áhrif á höggþol, þ.e. völsunarstefna, flotstyrkur, kornastefna og logsuða. Taka skal tillit til þessara þátta við val og notkun á stáli.

3.7. [Á ekki við]


Mynd 6.1

Autt svæði

Mál í mm


Mynd 6.1.a

Séð frá hlið




Mynd 6.1.b

Séð aftan frá



Mynd 6.1.c

Séð að ofan




1 – Viðmiðunarlína

2 – Málpunktur sætis

3 – Viðmiðunarflötur


Mynd 6,2

Autt svæði fyrir dráttarvélar með vendisæti og stýrishjóli



Mynd 6.3

Flæðirit til að ákvarða áframhaldandi veltur dráttarvélar sem veltur á hlið og er með framanásettan veltivarnarbúnað




Útgáfa B1: Höggpunktur veltivarnarbúnaðar aftan við óstöðugan jafnvægispunkt eftir endilöngu

Útgáfa B2: Höggpunktur veltivarnarbúnaðar nálægt óstöðugum jafnvægispunkti eftir endilöngu

Útgáfa B3: Höggpunktur veltivarnarbúnaðar fyrir framan óstöðugan jafnvægispunkt eftir endilöngu


Mynd 6.4

Búnaður til að prófa eiginleika sem koma í veg fyrir veltu í 1:1,5 halla



Mynd 6.5


Nauðsynlegar upplýsingar fyrir útreikninga á þríása veltu dráttarvélar



Athugasemd: Mæla skal D2 og D3 við fullt álag á ás


Myndir 6.6.a, 6.6.b, 6.6.c


Lárétt fjarlægð á milli þyngdarmiðju og skurðpunktar framan á veltigrind (L_6)




Mynd 6.7

Ákvörðun höggpunkts fyrir mælingu á breidd veltigrindar (B6) (B_6) og hæð vélarhlífar (H_7)









Mynd 6.8

Hæð á snúningspunkti framáss (H_0)




Mynd 6.9

Sporvídd að aftan (S) og breidd hjólbarða að aftan (B_0)




Mynd 6.10

Dæmi um þrýstiálagsbúnað dráttarvélarinnar



Mynd 6.11

Dæmi um tæki til að mæla fjaðrandi sveigju




1 — Varanleg sveigja

2 — Fjaðrandi sveigja

3 — Sveigja alls (varanleg + fjaðrandi sveigja)


Mynd 6.12

Eftirlíking grunnlínu



Mynd 6.13


Lágmarksbreidd fasta búnaðarins að aftan



Mynd 6.14

Ferill fyrir kraft/sveigju

Yfirálagsprófun óþörf




Athugasemdir:

1. Staðsetjið F_a með tilliti til 0,95 D′
2. Yfirálagsprófun óþörf þar sem $F_a \leq 1{,}03\ F'$

Mynd 6.15

Ferill fyrir kraft/sveigju

Yfirálagsprófun nauðsynleg




Athugasemdir:

1. Staðsetjið F_a með tilliti til 0,95 D′
2. Yfirálagsprófun nauðsynleg þar sem Fa > 1,03 F′
3. Yfirálagsprófun fullnægjandi þar sem Fb > 0,97 F′ og Fb > 0,8 $F_{max.}$

Mynd 6.16

Ferill fyrir kraft/sveigju

Yfirálagsprófun haldið áfram



Athugasemdir:

1. Staðsetjið Fa með tilliti til 0,95 D′
2. Yfirálagsprófun nauðsynleg þar sem $F_a > 1,03$ F’
3. $F_b < 0,97$ F’ því skal halda yfirálagsprófun áfram
4. $F_c < 0,97\ F_b$ því skal halda yfirálagsprófun áfram
5. $F_d < 0,97\ F_c$ því skal halda yfirálagsprófun áfram
6. Yfirálagsprófun fullnægjandi ef $F_e > 0,8\ F_{max}$
7. Hafnað á öllum stigum þegar álag fellur niður fyrir $0,8\ F_{max}$.

B2. ANNARS KONAR „HREYFI“-PRÓFUNARAÐFERÐ

Í þessum lið er sett fram hreyfiprófunaraðferðin sem er annars konar en kyrrstöðuprófunaraðferðin sem sett er fram í lið B1.

4. **Reglur og leiðbeiningar**

4.1. *Forskilyrði fyrir styrkleikaprófanir*

Sjá kröfur sem tilgreindar eru fyrir kyrrstöðuprófun.

4.2. *Skilyrði að því er varðar prófanir á styrkleika veltigrinda og festingum þeirra við dráttarvélar*

4.2.1 Almennar kröfur

Sjá kröfur sem tilgreindar eru fyrir kyrrstöðuprófun.

4.2.2 Prófanir

4.2.2.1. Röð prófana samkvæmt hreyfiprófunaraðferðinni

Röð prófana, með fyrirvara um viðbótarprófanir sem nefndar eru í liðum 4.3.1.6 og 4.3.1.7, er eftirfarandi:

1) **högg aftan á grindina**

(sjá lið 4.3.1.1),

2) **þrýstiálagsprófun að aftan**

(sjá lið 4.3.1.4),

3) **högg framan á grindina**

(sjá lið 4.3.1.2),

4) **högg á hlið grindarinnar**

(sjá lið 4.3.1.3),

5) **þrýstiálag framan á grindina**

(sjá lið 4.3.1.5).

4.2.2.2. Almennar kröfur

4.2.2.2.1. Ef festibúnaður dráttarvélarinnar slitnar eða hreyfist til á meðan á prófun stendur skal hefja prófun að nýju

4.2.2.2.2. Óheimilt er að gera við eða gera breytingar á dráttarvélinni eða veltigrindinni á meðan á prófunum stendur.

4.2.2.2.3. Dráttarvélin skal vera í hlutlausum gír og hemlar ótengdir á meðan á prófunum stendur.

4.2.2.2.4. Ef fjöðrunarbúnaður er á milli yfirbyggingar dráttarvélarinnar og hjólanna verður að stöðva fjöðrun meðan á prófuninni stendur.

4.2.2.2.5. Sú hlið sem valin er fyrir fyrsta höggið aftan á grindina skal vera sú sem, að áliti prófunaryfirvalda, leiðir af sér röð af höggum eða álagi við óhagstæðustu skilyrði fyrir grindina. Höggi frá hlið og höggi að aftan skal beitt á báðar hliðar lengdarmiðjuplans veltigrindarinnar. Höggi að framan skal beitt á sömu hlið lengdarmiðjuplans veltigrindarinnar og höggi frá hlið.

4.2.3. Skilyrði fyrir samþykki

4.2.3.1. Veltigrind telst hafa fullnægt kröfum um styrk ef hún uppfyllir eftirtalin skilyrði:

4.2.3.1.1. Eftir prófun á hverjum hluta mega hvorki vera sprungur eða rifur í merkingu liðar 4.3.2.1 eða

4.2.3.1.2. Ef umtalsverðar sprungur myndast í einhverri prófananna verður þegar í stað að gera viðbótarprófun, eins og skilgreint er í liðum 4.3.1.6 eða 4.3.1.7, eftir högg- eða þrýstiálagsprófunina sem olli myndun sprungnanna eða rifanna,

4.2.3.1.3. Á meðan á prófununum stendur, öðrum en yfirálagsprófun, má enginn hluti veltigrindarinnar koma inn á auða svæðið sem skilgreint er í lið 1.6,

4.2.3.1.4. Meðan á öðrum prófunum en yfirálagsprófuninni stendur, skulu allir hlutar auða svæðisins varðir af grindinni, í samræmi við lið 4.3.2.2.

4.2.3.1.5. Á meðan á prófunum stendur má veltigrindin ekki þrengja á nokkurn hátt að sætisgrind.

4.2.3.1.6. Fjaðrandi sveigja, mæld í samræmi við liði 4.3.2.4 skal vera minni en 250 mm.

4.2.3.2. Engir aukahlutir skulu skapa hættu fyrir ökumann. Ekki skulu vera neinir hlutar sem standa út eða aukahlutir sem eru líklegir til að slasa ökumann ef dráttarvél veltur eða einhverjir aukahlutir eða hlutar sem líklegir eru til að festa hann — til dæmis fótlegg hans eða fót — vegna þess að veltigrind sveigist.

4.2.4. [Á ekki við]

4.2.5. Tæki og búnaður fyrir hreyfiprófanir

4.2.5.1. Kólfur

4.2.5.1.1. Kólfurinn skal hanga í tveimur keðjum eða stálvírum frá snúningspunktum sem eru a.m.k. sex metra frá jörðu. Hægt verður að vera að stilla sérstaklega hæðina sem kólfurinn hangir í og hornið milli kólfsins og keðjanna eða stálvíranna sem hann hangir í

4.2.5.1.2. Massi kólfsins skal vera 2000 ± 20 kg að frátöldum massa keðjanna eða stálvíranna sem má ekki vera meiri en 100 kg. Hliðarlengd högggjafans skal vera 680 ± 20 mm (sjá mynd 6.26). Kólfurinn skal þannig gerður að þyngdarmiðja hans hreyfist ekki til og samsvari rúmfræðilegri miðju samhliðungsins.

4.2.5.1.3. Samhliðunginn verður að tengja búnaðinum sem dregur hann aftur á bak með hraðsleppibúnaði sem er hannaður og staðsettur þannig að hægt sé að sleppa kólfinum þannig að samhliðungurinn sveiflist um láréttan ás sinn sem er hornréttur á sveifluflöt kólfsins.

4.2.5.2. Festingar kólfsins

Snúningspunktar kólfsins skulu festir kyrfilega þannig að þeir færist ekki lengra úr stað en sem nemur 1% af fallhæð.

4.2.5.3. Festingar

4.2.5.3.1. Festiteinar með þeirri sporvídd sem krafist er og sem eru nægilega umfangsmiklir til að festa dráttarvélina í öllum tilfellum sem sýnd eru (sjá myndir 6.23, 6.24 og 6.25) skulu kyrfilega festir á harðan flötinn fyrir neðan kólfinn.

4.2.5.3.2. Dráttarvélin skal fest við teinana með stálvírum úr sívölum þráðum með trefjakjarna með málin 6 x 19 í samræmi við ISO-staðal 2408:2004 og nafnþvermál 13 mm. Hámarkstogþol stálþráða skal vera 1 770 MPa.

4.2.5.3.3. Miðsnúningspunkturinn á liðskiptri dráttarvél skal festur eftir því sem við á fyrir hverja prófun. Í hliðarhöggprófun verður einnig að styðja við snúningspinnann frá þeirri hlið sem er á móti högghliðinni. Ekki er nauðsynlegt að láta fram- og afturhjól standast á ef það gerir það að verkum að þægilegra verður að festa stálvírana á réttan hátt.

4.2.5.4. Stoðir til að skorða hjólin

4.2.5.4.1. Nota skal stoð úr mjúkum viði sem er 150 x 150 mm til að skorða hjólin meðan á höggprófunum stendur (sjá myndir 6.27, 6.28 og 6.29).

4.2.5.4.2. Meðan á hliðarprófunum stendur skal festa stoð úr mjúkum viði á gólfið til að skorða felgurnar á þeirri hlið sem er á móti högghliðinni (sjá mynd 6.29).

4.2.5.5. Stoðir og festingar á liðskiptar dráttarvélar

4.2.5.5.1. Nota skal viðbótarstoðir og -festingar fyrir liðskiptar dráttarvélar. Tilgangurinn með því er að tryggja að sá hluti dráttarvélarinnar sem veltigrindin er fest á sé eins stöðugur og dráttarvélar með heilli grind.

4.2.5.5.2. Nánari upplýsingar um högg- og þrýstiálagsprófanir eru gefnar í lið 4.3.1.

4.2.5.6. Loftþrýstingur í hjólbörðum og sveigja

4.2.5.6.1. Hjólbarðar dráttarvélarinnar mega ekki vera vökvajafnvægisstilltir og skal dæla í þá lofti upp að þeim þrýstingi sem framleiðandi mælir með við vinnu.

4.2.5.6.2. Festingarnar skulu strekkjast í hvert sinn sem hjólbarðarnir verða fyrir sveigju sem samsvarar 12% af hæðinni á hliðum hjólbarðanna (fjarlægð milli jarðar og lægsta punkts felgunnar) fyrir strekkingu.

4.2.5.7. Þrýstiálagsbúnaður

Með búnaði sem sýndur er á mynd 6.10 skal vera hægt að þrýsta lóðrétt á veltigrind með ósveigjanlegri stoð sem er u.þ.b. 250 mm í þvermál og tengist aflbúnaðinum með hjörulið. Viðeigandi ásstoðum skal komið fyrir þannig að hjólbarðar dráttarvélarinnar verði ekki fyrir þrýstiálagskrafti.

4.2.5.8. Mælitæki

Þörf er á eftirfarandi mælitækjum:

4.2.5.8.1. Búnaði til að mæla fjaðrandi sveigju (mismuninn á hámarkssveigju í skamman tíma og varanlegri sveigju, sjá mynd 6.11).

4.2.5.8.2. Búnaði til að kanna að veltigrindin hafi ekki farið inn á auða svæðið og að auða svæðið hafi haldist fyrir innan öryggi grindarinnar við prófunina (sjá lið 4.3.2.2).

4.3. *Aðferð við hreyfiprófun*

4.3.1 Högg- og þrýstiálagsprófanir

4.3.1.1. Högg að aftan

4.3.1.1.1. Dráttarvélinni skal komið fyrir miðað við kólfinn á þann hátt að hann hæfi veltigrindina þegar högggjafi kólfsins og keðjur og stálvírar eru á ská við lóðrétt plan A sem samsvarar M/100 með hámark 20° nema veltigrindin myndi stærra horn lóðrétt við snertipunktinn meðan á sveigjunni stendur. Í slíku tilviki verður að stilla högggjafa kólfsins með viðbótarfestingum svo hann sé samsíða veltigrindinni við höggpunktinn við hámarkssveigju á meðan keðjur og stálvírar mynda áfram sama horn og tilgreint er hér að ofan.

Hæð kólfsins verður að stilla og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að kólfurinn snúist um höggpunktinn.

Höggpunkturinn er sá hluti veltigrindarinnar sem líklegt er að komi fyrst við jörðu við afturveltu, oftast efri brúnin. Staðsetning þyngdarmiðju kólfsins er 1/6 af breiddinni á efsta hluta veltigrindarinnar innan við lóðrétt plan sem er samsíða miðjuplani dráttarvélarinnar og snertir ystu brún á efsta hluta veltigrindarinnar.

Ef grindin er bogin eða stendur út á þessum stað er bætt við fleygum sem gera kleift að láta höggið lenda þar en þó án þess að grindin styrkist við það.

4.3.1.1.2. Dráttarvélin skal fest við jörðu með fjórum stálvírum, einum á hvorn enda beggja ásanna og komið fyrir eins og sýnt er á mynd 6.27. Bilið á milli fram- og afturfestinga skal vera þannig að stálvírarnir myndi horn við jörðu sem er minna en 30°. Auk þess verður að koma afturfestingum þannig fyrir að samleitnipunktur stálvíranna tveggja sé staðsettur á lóðrétta planinu sem þyngdarmiðja kólfsins fer í gegnum.

Stálvírana verður að strekkja þannig að hjólbarðarnir verði fyrir þeirri sveigju sem gefin er í lið 4.2.5.6.2. Með strekktum stálvírum skal fleygstoðum komið fyrir framan við og þétt upp við afturhjólin og síðan fest við jörðu.

4.3.1.1.3. Ef dráttarvélin er liðskipt verður liðtengingin að auki að vera með viðarstoð til stuðnings sem er a.m.k. 100 x 100 mm og vandlega fest við jörðu.

4.3.1.1.4. Draga skal kólfinn aftur á bak þannig að hæð þyngdarmiðju hans fyrir ofan höggpunkt sé fengin með annarri af eftirfarandi formúlum, sem eru valdar eftir viðmiðunarmassa samstæðunnar sem er prófuð:

$$H = 25 + 0{,}07\ M$$

Fyrir dráttarvél með viðmiðunarmassa undir 2 000 kg.

$$H = 125 + 0{,}02\ M$$

Fyrir dráttarvél með viðmiðunarmassa yfir 2 000 kg.

Síðan er kólfinum sleppt og hæfir hann þá veltigrindina.

4.3.1.1.5. Fyrir dráttarvélar með vendisæti ökumanns (með sæti og stýrishjóli sem hægt er að snúa við) skulu sömu formúlur eiga við.

4.3.1.2. Högg að framan

4.3.1.2.1. Dráttarvélinni skal komið fyrir miðað við kólfinn á þann hátt að hann hæfi veltigrindina þegar högggjafi kólfsins og keðjur og stálvírar eru á ská við lóðrétt plan A sem samsvarar M/100 með hámark 20° nema veltigrindin myndi stærra horn lóðrétt við snertipunktinn meðan á sveigjunni stendur. Í slíku tilviki verður að stilla högggjafa kólfsins með viðbótarfestingum svo hann sé samsíða veltigrindinni við höggpunktinn við hámarkssveigju á meðan keðjur og stálvírar mynda áfram sama horn og tilgreint er hér að ofan.

Hæð kólfsins verður að stilla og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að kólfurinn snúist um höggpunktinn.

Höggpunkturinn er sá hluti veltigrindarinnar sem líklegt er að komi fyrst við jörðu ef dráttarvélin veltur á hlið við akstur beint áfram, oftast efri brúnin. Staðsetning þyngdarmiðju kólfsins er 1/6 af breiddinni á efsta hluta veltigrindarinnar innan við lóðrétt plan sem er samsíða miðjuplani dráttarvélarinnar og snertir ystu brún á efsta hluta veltigrindarinnar.

Ef grindin er bogin eða stendur út á þessum stað er bætt við fleygum sem gera kleift að láta höggið lenda þar en þó án þess að grindin styrkist við það.

VELOCITY O2 = 1.488 rad/s	VELOCITY O3 = 2.313 rad/s
VELOCITY O4 = 0.581 rad/s	VELOCITY O5 = 0.000 rad/s
VELOCITY O6 = 0.000 rad/s	VELOCITY O7 = 0.000 rad/s
VELOCITY O8 = 0.000 rad/s	VELOCITY O9 = 0.000 rad/s

VELOCITY O0 = 3.884 rad/s	VELOCITY O1 = 1.540 rad/s
VELOCITY O2 = 1.488 rad/s	VELOCITY O3 = 2.313 rad/s
VELOCITY O4 = 0.633 rad/s	VELOCITY O5 = 0.373 rad/s
VELOCITY O6 = 0.000 rad/s	VELOCITY O7 = 0.000 rad/s
VELOCITY O8 = 0.000 rad/s	VELOCITY O9 = 0.000 rad/s

THE ROLLING STOPS

Location: Date: Engineer:

Example 6.9

The tilting continues

TEST NR:

FRONT MOUNTED-OVER PROTECTIVE STRUCTURE OF THE NARROW TRACTOR:

Characteristic units:

LINEAR (m): MASS (kg):

MOMENT OF INERTIA (kgm^2): ANGLE (radian)

HEIGHT OF THE COG	H1 = 0.7620	H. DIST. COG-REAR AXLE	L3 = 0.7970
H. DIST. COG - FRONT AXLE	L2 = 1.1490	HEIGHT OF THE REAR TYRES	D3 = 1.2930
HEIGHT OF THE FRT TYRES	D2 = 0.8800	OVERALL HEIGHT(PT IMPACT)	H6 = 1.9670
H. DIST. COG-LEAD PT INTER.	L6 = -0.3000	PROTECTIVE STRUCT. WIDTH	B6 = 0.7700
HEIGHT OF THE ENG. B.	H7 = 1.3500	WIDTH OF THE ENG. B.	B7 = 0.9500
H. DIST. COG-FRT COR. ENG. B.	L7 = 1.6390	HEIGHT FRT AXLE PIVOT PT	H0 = 0.4450
REAR TRACK WIDTH	S = 1.1150	REAR TYRE WIDTH	B0 = 0.1950
FRT AXLE SWING ANGLE	D0 = 0.1570	TRACTOR MASS	Mc = 1800.000
MOMENT OF INERTIA	Q = 300.0000		

VELOCITY O0 = 3.790 rad/s	VELOCITY O1 = 1.159 rad/s
VELOCITY O2 = 1.133 rad/s	VELOCITY O3 = 2.118 rad/s
VELOCITY O4 = 0.801 rad/s	VELOCITY O5 = 0.000 rad/s
VELOCITY O6 = 0.000 rad/s	VELOCITY O7 = 0.000 rad/s
VELOCITY O8 = 0.000 rad/s	VELOCITY O9 = 0.000 rad/s

VELOCITY O0 = 3.790 rad/s	VELOCITY O1 = 1.159 rad/s
VELOCITY O2 = 1.133 rad/s	VELOCITY O3 = 2.118 rad/s
VELOCITY O4 = 0.856 rad/s	VELOCITY O5 = 0.562 rad/s
VELOCITY O6 = 0.000 rad/s	VELOCITY O7 = 0.000 rad/s
VELOCITY O8 = 0.000 rad/s	VELOCITY O9 = 0.205 rad/s

THE TILTING CONTINUES

Location: Date: Engineer:

Example 6.10

The tilting continues

TEST NR:

FRONT MOUNTED-OVER PROTECTIVE STRUCTURE OF THE NARROW TRACTOR:

Characteristic units:

LINEAR (m): MASS (kg):

MOMENT OF INERTIA (kgm^2): ANGLE (radian)

HEIGHT OF THE COG	H1 = 0.7653	H. DIST. COG-REAR AXLE	L3 = 0.7970
H. DIST. COG - FRONT AXLE	L2 = 1.1490	HEIGHT OF THE REAR TYRES	D3 = 1.3800
HEIGHT OF THE FRT TYRES	D2 = 0.8800	OVERALL HEIGHT(PT IMPACT)	H6 = 1.9600
H. DIST. COG-LEAD PT INTER.	L6 = -0.3000	PROTECTIVE STRUCT. WIDTH	B6 = 0.7000
HEIGHT OF THE ENG. B.	H7 = 1.3700	WIDTH OF THE ENG. B.	B7 = 0.8900
H. DIST. COG-FRT COR. ENG. B.	L7 = 1.6390	HEIGHT FRT AXLE PIVOT PT	H0 = 0.4450
REAR TRACK WIDTH	S = 1.1150	REAR TYRE WIDTH	B0 = 0.1950
FRT AXLE SWING ANGLE	D0 = 0.1570	TRACTOR MASS	Mc = 1800.000
MOMENT OF INERTIA	Q = 275.0000		

VELOCITY O0 = 3.815 rad/s	VELOCITY O1 = 0.748 rad/s
VELOCITY O2 = 0.724 rad/s	VELOCITY O3 = 1.956 rad/s
VELOCITY O4 = 0.808 rad/s	VELOCITY O5 = 0.000 rad/s
VELOCITY O6 = 0.000 rad/s	VELOCITY O7 = 0.000 rad/s
VELOCITY O8 = 0.000 rad/s	VELOCITY O9 = 0.407 rad/s

THE TILTING CONTINUES

Location: Date: Engineer:

Example 6.11

The rolling stops

TEST NR:

FRONT MOUNTED-OVER PROTECTIVE STRUCTURE OF THE NARROW TRACTOR:

Characteristic units:

LINEAR (m): MASS (kg):

MOMENT OF INERTIA (kgm^2): ANGLE (radian)

EIGHT OF THE COG	H1 = 0.7653	H. DIST. COG-REAR AXLE	L3 = 0.7970
H. DIST. COG - FRONT AXLE	L2 = 1.1490	HEIGHT OF THE REAR TYRES	D3 = 1.4800
HEIGHT OF THE FRT TYRES	D2 = 0.9000	OVERALL HEIGHT(PT IMPACT)	H6 = 1.9600
H. DIST. COG-LEAD PT INTER.	L6 = -0.4000	PROTECTIVE STRUCT. WIDTH	B6 = 0.7000
HEIGHT OF THE ENG. B.	H7 = 1.3700	WIDTH OF THE ENG. B.	B7 = 0.8000
H. DIST. COG-FRT COR. ENG. B.	L7 = 1.6390	HEIGHT FRT AXLE PIVOT PT	H0 = 0.4450
REAR TRACK WIDTH	S = 1.1150	REAR TYRE WIDTH	B0 = 0.1950
FRT AXLE SWING ANGLE	D0 = 0.1570	TRACTOR MASS	Mc = 1800.000
MOMENT OF INERTIA	Q = 250.0000		

VELOCITY O0 = 3.840	VELOCITY O1 = 0.246
VELOCITY O2 = 0.235	VELOCITY O3 = 0.000
VELOCITY O4 = 0.000	VELOCITY O5 = 0.000
VELOCITY O6 = 0.000	VELOCITY O7 = 0.000
VELOCITY O8 = 0.000	VELOCITY O9 = 0.000

VELOCITY O0 = 3.840	VELOCITY O1 = 0.246
VELOCITY O2 = 0.235	VELOCITY O3 = 0.000
VELOCITY O4 = 0.000	VELOCITY O5 = 0.000
VELOCITY O6 = 0.000	VELOCITY O7 = 0.000
VELOCITY O8 = 0.000	VELOCITY O9 = 0.000

THE ROLLING STOPS

Location: Date: Engineer:

Skýringar við IX. viðauka

([1]) Nema númeraröðin í liðum B2 og B3 sem hefur verið samræmd við allan viðaukann, er texti krafnanna og númeraröðin sem sett er fram í lið B eins og textinn og númeraröðin í staðlaðri reglu Efnahags- og framfarastofnunarinnar vegna opinberra prófana á framanásettum veltivarnarbúnaði á beltadráttarvélum fyrir landbúnað og skógrækt, regla Efnahags- og framfarastofnunarinnar nr. 6, útgáfa 2015 frá júlí 2014.

([2]) Notendur eru minntir á að málpunktur sætis er ákvarðaður í samræmi við ISO-staðal 5353:1995 og er fastur punktur með tilliti til dráttarvélarinnar sem hreyfist ekki eftir því sem sætið er stillt úr miðjustöðu. Til þess að ákvarða auða svæðið skal sætið sett í aftari og efstu stöðu.

([3]) Forritið og dæmin eru fáanleg á vefsíðu Efnahags- og framfarastofnunarinnar.

([4]) Varanleg + fjaðrandi sveigja mæld á þeim punkti þegar nauðsynlegu orkustigi er náð.

X. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um veltivarnarbúnað (aftanásettan veltivarnarbúnað á dráttarvélum með lítilli sporvídd)

A. ALMENN ÁKVÆÐI

1. Kröfur Sambandsins sem gilda um veltivarnarbúnað (aftanásettan veltivarnarbúnað á dráttarvélum með lítilli sporvídd) eru settar fram í lið B.

2. Prófanir mega fara fram í samræmi við aðferðir fyrir kyrrstöðuprófun eða að öðrum kosti aðferðir fyrir hreyfiprófun eins og sett er fram í liðum B1 og B2. Báðar aðferðirnar teljast jafngildar.

B. KRÖFUR SEM GILDA UM VELTIVARNARBÚNAÐ (AFTANÁSETTAN VELTIVARNARBÚNAÐ Á DRÁTTARVÉLUM MEÐ LÍTILLI SPORVÍDD) ([1])

1. **Skilgreiningar**

1.1. [Á ekki við]

1.2. *Veltivarnarbúnaður*

Veltivarnarbúnaður (öryggishús eða -rammi), hér á eftir nefndur „veltigrind“: grind á dráttarvél, sem er einkum ætluð til þess að forðast eða draga úr áhættu ökumanns ef dráttarvél veltur við hefðbundna notkun.

Veltivarnarbúnaðurinn einkennist af því að hann veitir rými fyrir autt svæði sem er nægilega stórt til að vernda ökumanninn þegar hann situr annað hvort inni í búnaðinum eða inni í rými sem afmarkast af röðum af beinum línum frá ytri brúnum búnaðarins til einhvers hluta dráttarvélarinnar sem kann að snerta jörðu og sem getur borið dráttarvélina í þeirri stöðu ef dráttarvélin veltur.

1.3. *Sporvídd*

1.3.1. Bráðabirgðaskilgreining: miðjuplan hjólsins eða beltisins

Miðjuplan hjólsins er jafn langt frá plönunum tveimur sem liggja í jaðri ytri brúna felgnanna eða beltanna.

1.3.2. Skilgreining á sporvídd

Lóðrétta planið í gegnum ás hjólsins sker miðjuplan þess eftir beinni línu sem snertir undirlagið í einum punkti. Ef **A** og **B** eru punktarnir tveir sem eru skilgreindir á þennan hátt fyrir hjól á sama ási dráttarvélarinnar, þá er sporvíddin fjarlægðin milli punkta **A** og **B**. Sporvíddina má skilgreina á þann hátt fyrir bæði fram- og afturhjól. Þar sem eru tvöföld hjól er sporvíddin fjarlægðin milli tveggja plana sem hvort um sig er miðjuplan hjólaparsins. Fyrir beltadráttarvélar er sporvíddin fjarlægðin milli miðjuplana beltanna.

1.3.3. Viðbótarskilgreining: miðjuplan dráttarvélarinnar

Ystu stöður punktanna **A** og **B** fyrir afturás dráttarvélarinnar eru teknar til að fá hæsta mögulega gildið fyrir sporvíddina. Lóðrétta planið myndar níutíu gráðu horn við línu **AB** og á miðpunkti hennar er miðjuplan dráttarvélarinnar.

1.4. *Hjólhaf*

Fjarlægðin milli lóðréttu plananna sem ganga í gegnum línurnar tvær AB eins og skilgreint er hér að framan, ein fyrir framhjól og ein fyrir afturhjól.

1.5. *Ákvörðun málpunkts sætis; staðsetning sætis og stilling fyrir prófun*

1.5.1. Málpunktur sætis (MPS)([2])

Málpunkt sætis skal ákvarða í samræmi við ISO-staðal 5353:1995.

1.5.2. Staðsetning sætis og stilling fyrir prófun

1.5.2.1. ef sætið er stillanlegt skal sætið stillt í öftustu og efstu stöðu,

1.5.2.2. ef halli bakstoðar er stillanlegur verður hann að vera stilltur í miðstillingu,

1.5.2.3. ef sæti er útbúið fjöðrun skal fjöðrunin fest í miðstillingu nema það gangi gegn leiðbeiningum sem sætisframleiðandi hefur mælt skýrt fyrir um,

1.5.2.4. ef einungis er hægt að stilla sætið langsum og lóðrétt skal lengdarásinn, sem liggur í gegnum málpunkt sætisins, vera samhliða lóðréttu lengdarmiðjuplani dráttarvélarinnar sem liggur í gegnum miðju stýrishjólsins og ekki meira en 100 mm frá því plani.

1.6. *Autt svæði*

1.6.1. Viðmiðunarplan

Auða svæðið er sýnt á myndum 7.1 og 7.2. Svæðið er skilgreint með hliðsjón af viðmiðunarplani og málpunkti sætis. Viðmiðunarplanið er lóðrétt plan, venjulega eftir endilangri dráttarvélinni og í gegnum málpunkt sætis og miðju stýrishjóls. Venjulega fellur viðmiðunarplanið saman við lengdarmiðjuplan dráttarvélarinnar. Gera skal ráð fyrir því að þetta viðmiðunarplan færist láréttt með sætinu og stýrishjólinu þegar álagi er beitt en haldist hornrétt á dráttarvélina eða botn veltivarnarbúnaðarins. Auða svæðið skal skilgreint á grundvelli liða 1.6.2 og 1.6.3.

1.6.2. Ákvörðun auða svæðisins fyrir dráttarvélar með sæti sem er ekki vendisæti

Auða svæðið fyrir dráttarvélar með sæti sem ekki er vendisæti er skilgreint í liðum 1.6.2.1 til 1.6.2.13 hér að neðan og afmarkast af eftirfarandi plönum með dráttarvélina á láréttu yfirborði, með sætið stillt og staðsett eins og tilgreint er í liðum 1.5.2.1 til 1.5.2.4([2]), og stýrishjólið, ef það er stillanlegt, stillt í miðjustöðu fyrir akstur þar sem ökumaður situr í sætinu:

1.6.2.1. láréttu plani A_1 B_1 B_2 A_2, (810 + a_v) mm fyrir ofan málpunkt sætis þar sem línan B_1B_2 er staðsett (a_h -10) mm fyrir aftan málpunkt sætis,

1.6.2.2. hallandi plani H_1 H_2 G_2 G_1, hornrétt á viðmiðunarplanið, sem er bæði með punkt 150 mm fyrir aftan línuna B_1B_2 og aftasta punkt bakstoðar sætis,

1.6.2.3. sívölu yfirborði A_1 A_2 H_2 H_1 hornrétt á viðmiðunarplanið, sem er með 120 mm radíus og í snertingu við plönin sem skilgreind eru í liðum 1.6.2.1 og 1.6.2.2 hér að framan,

1.6.2.4. sívölu yfirborði B_1 C_1 C_2 B_2, hornrétt á viðmiðunarplanið, sem er með 900 mm radíus sem nær fram um 400 mm og í snertingu við planið sem skilgreint er í lið 1.6.2.1 hér að framan og á línunni B_1B_2,

1.6.2.5. halland plani C_1 D_1 D_2 C_2, hornrétt á viðmiðunarplanið, tengist yfirborðinu sem skilgreint er í lið 1.6.2.4 hér að framan og 40 mm fram fyrir ystu frambrún stýrishjólsins. Ef stýrishjólið er í eðlilegri stillingu nær þetta plan fram frá línu B_1B_2 og snertir yfirborðið sem skilgreint er í lið 1.6.2.4 hér að framan,

1.6.2.6. lóðréttu plani D_1 K_1 E_1 E_2 K_2 D_2 hornrétt á viðmiðunarplanið 40 mm fram fyrir ystu frambrún stýrishjólsins,

1.6.2.7. láréttu plani E_1 F_1 P_1 N_1 N_2 P_2 F_2 E_2 sem liggur í gegnum punkt (90-a_v) mm fyrir neðan málpunkt sætis,

1.6.2.8. yfirborði G_1 L_1 M_1 N_1 N_2 M_2 L_2 G_2, ef þörf krefur bogadregið frá neðstu mörkum plansins sem skilgreint er í lið 1.6.2.2 hér að framan í láréttt plan sem skilgreint er í lið 1.6.2.7 hér að framan, hornrétt á viðmiðunarplanið og snertir bakstoð sætis eftir allri endilangri lengd þess,

1.6.2.9. tveimur lóðréttum plönum K_1 I_1 F_1 E_1 og K_2 I_2 F_2 E_2 samsíða viðmiðunarplaninu, 250 mm sitt hvoru megin við viðmiðunarplanið og afmarkast að ofan 300 mm fyrir ofan planið sem skilgreint er í lið 1.6.2.7 hér að framan,

1.6.2.10. tveimur hallandi og samsíða plönum A_1 B_1 C_1 D_1 K_1 I_1 L_1 G_1 H_1 og A_2 B_2 C_2 D_2 K_2 I_2 L_2 G_2 H_2 sem byrja frá efri brún plananna sem skilgreind eru í lið 1.6.2.9 hér að framan og tengjast lárétta planinu sem skilgreint er í lið 1.6.2.1 hér að framan a.m.k. 100 mm frá viðmiðunarplaninu á þeirri hlið þar sem álagi er beitt,

1.6.2.11. tveimur lóðréttum plönum Q_1 P_1 N_1 M_1 og Q_2 P_2 N_2 M_2 samsíða viðmiðunarplaninu, 200 mm sitt hvoru megin við viðmiðunarplanið og afmarkast að ofan 300 mm fyrir ofan planið sem skilgreint er í lið 1.6.2.7 hér að framan,

1.6.2.12. tveimur hlutum I_1 Q_1 P_1 F_1 og I_2 Q_2 P_2 F_2 lóðréttra plana, hornrétt á viðmiðunarplanið og liggur (210-a_h) mm framan við málpunkt sætis,

1.6.2.13. tveimur hlutum I_1 Q_1 M_1 L_1 og I_2 Q_2 M_2 L_2 lárétta plansins sem liggur 300 mm fyrir ofan planið sem skilgreint er í lið 1.6.2.7 hér að framan.

1.6.3. Ákvörðun auða svæðisins fyrir dráttarvélar með vendisæti ökumanns

Fyrir dráttarvélar með vendisæti ökumanns (með sæti og stýrishjóli sem hægt er að snúa við) skal auða svæðið vera rými auðu svæðanna tveggja sem skilgreind eru af hinum tveimur mismunandi stöðum stýrishjólsins og sætisins.

1.6.3.1. Ef veltigrindin er veltigrind með tveimur stoðum að aftan skal fyrir hverja staðsetningu stýrishjólsins og sætisins skilgreina auða svæðið á grundvelli framangreindra liða 1.6.1 og 1.6.2 fyrir staðsetningu ökumanns á venjulegri staðsetningu og á grundvelli lið 1.6.1 og 1.6.2 í IX. viðauka fyrir staðsetningu ökumanns í vendistöðu (sjá mynd 7.2).

1.6.3.2. Ef veltigrindin er af annarri gerð skal fyrir hverja staðsetningu stýrishjólsins og sætisins skilgreina auða svæðið á grundvelli liða 1.6.1 og 1.6.2 í þessum viðauka (sjá mynd 7.2.b).

1.6.4. Viðbótarsæti

1.6.4.1. Ef um er að ræða dráttarvélar þar sem hægt er að koma fyrir viðbótarsætum skal svæðið sem umlykur málpunkta allra þeirra viðbótarsæta sem boðið er upp á notað meðan á prófunum stendur. Veltigrindin skal ekki vera hluti af stærra auða svæðinu sem tekur tillit til þessara mismunandi málpunkta sæta.

1.6.4.2. Ef fram koma tillögur um ný sæti eftir að prófun hefur farið fram skal ákvarða hvort auða svæðið í kringum nýjan málpunkt sætis falli innan þess svæðis sem áður var ákvarðað. Ef það gerir það ekki verður að framkvæma nýja prófun.

1.6.4.3. Viðbótarsæti telst ekki vera sæti fyrir einstakling til viðbótar við ökumanninn þaðan sem ekki er hægt að stjórna dráttarvélinni. Málpunktur sætis skal ekki ákvarðaður vegna þess að skilgreiningin á auða svæðinu er með hliðsjón af ökumannssætinu.

1.7. *Massi*

1.7.1. Massi án fergingar/Massi án hleðslu

Massi dráttarvélarinnar að undanskildum valkvæðum aukabúnaði en með kælivökva, olíu, eldsneyti, verkfærum auk veltigrindarinnar. Valfrjáls lóð að framan og aftan, þyngdarklossar á hjólbörðum, áföst áhöld, áfestur búnaður eða sérstakir íhlutir eru ekki taldir með.

1.7.2. Leyfilegur hámarksmassi

Hámarksmassi dráttarvélarinnar sem framleiðandi gefur upp að sé tæknilega leyfilegur og gefinn upp á auðkenniplötu ökutækisins og/eða í notendahandbókinni,

1.7.3. Viðmiðunarmassi

Massinn sem framleiðandinn velur, sem notaður er í formúlum til að reikna út fallhæð kólfsins, orkuílag og þrýstiálagskrafta sem á að nota í prófunum. Hann skal ekki vera minni en massi án fargs og skal vera nægilegur til að tryggja að massahlutfallið fari ekki yfir 1,75 (sjá lið 1.7.4),

1.7.4. Massahlutfall

$$\text{Hlutfallið} \left(\frac{\text{Leyfilegur hámarksmassi}}{\text{Viðmiðunarmassi}} \right) \text{Það skal ekki vera hærra en } 1{,}75$$

1.8. *Leyfileg vikmörk í mælingum*

Línuleg mál		± 3 mm
nema fyrir:	– sveigju hjólbarða:	± 1 mm
	– aflögun grindar við lárétt álag:	± 1 mm
	– fallhæð kólfsins:	± 1 mm
Massar:		± 0,2% (af fullu kvarðaútslagi nemans)
Kraftar:		± 0,1% (af fullu kvarðaútslagi nemans)
Horn:		± 0,1°

1.9. *Tákn*

a_h	(mm)	Helmingur láréttrar sætisstillingar
a_v	(mm)	Helmingur lóðréttrar sætisstillingar
B	(mm)	Lágmarksheildarbreidd dráttarvélarinnar,
B_6	(mm)	Hámarks ytri breidd veltigrindar,
D	(mm)	Aflögun grindar á höggstað (hreyfiprófanir) eða á þeim punkti og í línu við það álag sem er beitt (kyrrstöðuprófanir),
D’	(mm)	Aflögun grindar miðað við útreiknaða, nauðsynlega orku
E_a	(J)	Aflögunarorka sem gleypt er á þeim punkti þegar álag er fjarlægt. Svæði innan F-D ferils,
E_i	(J)	Aflögunarorka sem gleypt er. Svæði undir F-D ferli,
E'_i	(J)	Aflögunarorka sem gleypt er eftir viðbótarálag í kjölfar sprungu eða rifu,
E''_i	(J)	Aflögunarorka sem gleypt er í yfirálagsprófun ef álag hefur verið fjarlægt áður en þessi yfirálagsprófun hefst. Svæði undir F-D ferli,
E_{il}	(J)	Orka sem á að gleypa við álag eftir endilöngu,
E_{is}	(J)	Orka sem á að gleypa við álag frá hlið,
F	(N)	Stöðuálagskraftur,
F’	(N)	Álagskraftur fyrir útreiknaða, nauðsynlega orku sem samsvarar E'_i ,
F-D		Skýringarmynd fyrir kraft/sveigju,

F_{max}	(N)	Hámarksstöðuálagskraftur sem kemur fyrir við álag, að undanskildu yfirálagi,
F_v	(N)	Lóðréttur þrýstiálagskraftur,
H	(mm)	Fallhæð kólfsins (hreyfiprófanir),
H’	(mm)	Fallhæð kólfsins fyrir viðbótarprófun (hreyfiprófanir),
I	(kgm^2)	Viðmiðunarhverfitregða dráttarvélar um miðlínu afturhjóla, hver sem massi þessara afturhjóla kann að vera,
L	(mm)	Viðmiðunarhjólhaf dráttarvélar,
M	(kg)	Viðmiðunarmassi dráttarvélar meðan á styrkleikaprófunum stendur.

2. **Gildissvið**

2.1. Þessi viðauki gildir um dráttarvélar sem eru með a.m.k. tvo ása fyrir loftfyllta hjólbarða og með belti í stað hjóla og með eftirfarandi eiginleika:

2.1.1. fríhæð frá jörðu sem er ekki meiri en 600 mm fyrir neðan lægstu punktana á fram- og afturásum, að mismunadrifinu meðtöldu,

2.1.2. föst eða breytileg lágmarkssporvídd, þar sem einn ásinn er minni en 1150 mm búinn stærri hjólbörðum. Gert er ráð fyrir að ásinn sem breiðari hjólbarðarnir eru festir á sé stilltur á sporvídd sem er ekki meiri en 1150 mm. Það skal vera mögulegt að stilla sporvídd hins ássins þannig að ytri brúnir mjórri hjólbarðanna fari ekki út fyrir ytri búnir hjólbarðanna á hinum ásnum. Ef tveir ásar eru áfestir með felgum og hjólbörðum i sömu stærð skal föst eða stillanleg sporvídd ásanna tveggja vera minni en 1150 mm,

2.1.3. massi sem er meiri en 400 kg án hleðslu en að meðtöldum veltivarnarbúnaðinum og stærstu hjólbörðum sem framleiðandi mælir með. Fyrir dráttarvélar með vendisæti ökumanns (með sæti og stýrishjóli sem hægt er að snúa við) skal massi án hleðslu vera minni en 3500 kg og leyfilegur hámarksmassi ekki vera meiri en 5250 kg. Fyrir allar dráttarvélar má massahlutfallið (Leyfilegur hámarksmassi/viðmiðunarmassi) ekki vera hærra en 1,75.

2.1.4. veltivarnarbúnaður af veltisláar-, ramma- eða stýrishúsagerð og festur er að hluta til eða að öllu leyti fyrir aftan málpunkt sætis og með autt svæði þar sem efri mörkin eru (810 + a_v) fyrir ofan málpunkt sætis til að veita nægilega stórt svæði eða óhindrað rými til verndar ökumanninum.

2.2. Það er viðurkennt að það kunna að vera til dráttarvélar sem eru, t.d. hannaðar sem sérstakar skógræktarvélar, svo sem tæki til flytja eða draga trjáboli, en þessi viðauki gildir ekki um slíkar dráttarvélar.

B1 AÐFERÐ VIÐ KYRRSTÖÐUPRÓFUN

3. **Reglur og leiðbeiningar**

3.1. *Skilyrði að því er varðar prófanir á styrkleika veltigrinda og festingum þeirra við dráttarvélar*

3.1.1. Almennar kröfur

3.1.1.1. Tilgangur prófana

Í prófunum sem eru gerðar með sérstökum útbúnaði á að líkja eftir því álagi sem veltigrind verður fyrir þegar dráttarvél veltur. Þessar prófanir gera kleift að athuga styrkleika veltigrindarinnar og festinga sem festa hana við dráttarvélina og þeirra hluta dráttarvélarinnar sem flytja prófunarálagið.

3.1.1.2. Prófunaraðferðir

Framkvæma má prófanir í samræmi við kyrrstöðuprófunaraðferðina eða hreyfiprófunaraðferðina (sjá II. viðauka). Báðar aðferðirnar teljast jafngildar.

3.1.1.3. Almennar reglur um undirbúning prófana

3.1.1.3.1. Veltigrindin verður að vera í samræmi við forskriftir raðframleiðslunnar. Hún skal fest á þá dráttarvél sem hún er hönnuð fyrir í samræmi við þá aðferð sem framleiðandi mælir með.

Athugasemd: Ekki er nauðsynlegt að nota fullbúna dráttarvél fyrir kyrrstöðuprófunina; þó skulu veltigrind og hlutar dráttarvélarinnar sem eru festir á teljast lágmarksbúnaður, hér á eftir nefndur „samstæða“.

3.1.1.3.2. Fyrir bæði kyrrstöðuprófun og hreyfiprófun skal dráttarvélin eins og hún er samsett (eða samstæðan) vera með áfestum öllum íhlutum raðframleiðslunnar sem kunna að hafa áhrif á styrkleika veltigrindarinnar eða sem kunna að vera nauðsynlegir fyrir styrkleikaprófunina.

Íhlutir sem geta valdið hættu á auða svæðinu verða einnig að vera festir þannig á dráttarvélina (eða samstæðuna) að unnt sé að skoða þá til að sjá hvort skilyrðunum um samþykki í lið 3.1.3 hefur verið fullnægt. Allir íhlutir dráttarvélarinnar eða veltigrindarinnar, þ.m.t. veðravörn, skulu fylgja með eða þeim lýst á teikningum.

3.1.1.3.3 Að því er varðar styrkleikaprófanir verður að fjarlæga alla klæðningu og lausa íhluti sem ekki eru burðarvirki svo að þeir styrki ekki veltigrindina.

3.1.1.3.4 Stilla verður sporvíddina svo að veltigrindin, eftir því sem unnt er, fái ekki stuðning af hjólbörðunum eða beltunum meðan á styrkleikaprófunum stendur. Ef þessar prófanir eru framkvæmdar í samræmi við kyrrstöðuaðferðina má fjarlægja hjólin eða beltin.

3.1.2. Prófanir

3.1.2.1. Röð prófana samkvæmt kyrrstöðuprófunaraðferðinni

Röð prófana, með fyrirvara um viðbótarprófanir sem nefndar eru í liðum 3.2.1.6 og 3.2.1.7, er eftirfarandi:

1) **álag aftan á grindina**

(sjá lið 3.2.1.1),

2) **þrýstiálagsprófun að aftan**

(sjá lið 3.2.1.4),

3) **álag framan á grindina**

(sjá lið 3.2.1.2),

4) **álag á hlið grindarinnar**

(sjá lið 3.2.1.3),

5) **þrýstiálag framan á grindina**

(sjá lið 3.2.1.5).

3.1.2.2. Almennar kröfur

3.1.2.2.1. Ef festibúnaður dráttarvélarinnar slitnar eða hreyfist til á meðan á prófun stendur skal hefja prófun að nýju

3.1.2.2.2. Óheimilt er að gera við eða gera breytingar á dráttarvélinni eða veltigrindinni á meðan á prófunum stendur.

3.1.2.2.3. Dráttarvélin skal vera í hlutlausum gír og hemlar ótengdir á meðan á prófunum stendur.

3.1.2.2.4. Ef fjöðrunarbúnaður er á milli yfirbyggingar dráttarvélarinnar og hjólanna verður að stöðva fjöðrun meðan á prófuninni stendur.

3.1.2.2.5. Sú hlið sem valin er fyrir fyrsta álagið aftan á grindina skal vera sú sem, að áliti prófunaryfirvalda, leiðir af sér röð af álagi við óhagstæðustu skilyrði fyrir grindina. Álagi frá hlið og álagi að aftan skal beitt á báðar hliðar lengdarmiðjuplans veltigrindarinnar. Álagi að framan skal beitt á sömu hlið lengdarmiðjuplans veltigrindarinnar og álagi frá hlið.

3.1.3. Skilyrði fyrir samþykki

3.1.3.1. Veltigrind telst hafa fullnægt kröfum um styrkleika ef hún uppfyllir eftirtalin skilyrði:

3.1.3.1.1. Meðan á kyrrstöðuprófun stendur, á þeim punkti þegar nauðsynleg orka næst í hverri láréttri álagsprófun sem mælt er fyrir um eða í yfirálagsprófun verður krafturinn að vera meiri en 0,8 F.

3.1.3.1.2. Ef sprungur eða rifur myndast í prófuninni vegna beitingar þrýstiálagskrafts, verður þegar í stað að láta fara fram viðbótarþrýstiálagsprófun samkvæmt skilgreiningu í lið 3.2.1.7 eftir prófunina sem olli því að sprungur eða rifur mynduðust,

3.1.3.1.3. Á meðan á prófununum stendur, öðrum en yfirálagsprófun, má enginn hluti veltigrindarinnar koma inn á auða svæðið sem skilgreint er í lið 1.6,

3.1.3.1.4. Meðan á öðrum prófunum en yfirálagsprófuninni stendur, skulu allir hlutar auða svæðisins varðir af grindinni, í samræmi við lið 3.2.2.2.

3.1.3.1.5 Á meðan á prófunum stendur má veltigrindin ekki þrengja á nokkurn hátt að sætisgrind.

3.1.3.1.6 Fjaðrandi sveigja, mæld í samræmi við liði 3.2.2.3 skal vera minni en 250 mm.

3.1.3.2. Engir aukahlutir skulu skapa hættu fyrir ökumann. Ekki skulu vera neinir hlutar sem standa út eða aukahlutir sem eru líklegir til að slasa ökumann ef dráttarvél veltur eða einhverjir aukahlutir eða hlutar sem líklegir eru til að festa hann — til dæmis fótlegg hans eða fót — vegna þess að veltigrind sveigist.

3.1.4. [Á ekki við]

3.1.5. Prófunartæki og -búnaður

3.1.5.1. Búnaður fyrir kyrrstöðuprófun

3.1.5.1.1. Búnað fyrir kyrrstöðuprófun verður að hanna þannig að álag geti verkað á veltigrindina.

3.1.5.1.2. Gera verður ráðstafanir til að álagið dreifist jafnt miðað við álagsstefnu og eftir lengdargeisla sem er nákvæmt margfeldi af 50 og er á bilinu 250 og 700 mm. Lóðrétt þvermál ósveigjanlegu stoðarinnar skal vera 150 mm. Snertibrúnir stoðarinnar við veltigrindina skulu hafa sveigju sem hefur að hámarki 50 mm radíus.

3.1.5.1.3. Pallinn verður að vera hægt að stilla á hvaða horn sem er miðað við álagsstefnu svo hann geti fylgt hornabreytingum á burðaryfirborði grindarinnar þegar hún sveigist til hliðar.

3.1.5.1.4. Stefna kraftsins (frávik frá láréttum og lóðréttum stefnum):

— við upphaf prófunar, án álags: ± 2°,

— á meðan á prófun stendur, með álagi: 10° yfir og 20° undir hinu lárétta. Breytingum frá þessu skal halda í lágmarki.

3.1.5.1.5. Hraði á sveigju skal vera nægilega lítill, minna en 5 mm/s, svo álagið sé ávallt talið vera í kyrrstöðu.

3.1.5.2. Tæki til að mæla orkugleypni grindarinnar

3.1.5.2.1. Svo ákvarða megi orkugleypni grindarinnar verður að teikna feril fyrir kraft á móti sveigju. Ekki er ástæða til að mæla kraft og sveigju á þeim stað sem álaginu er beitt á grindina. Þó skal mæla kraft og sveigju samtímis og samlínulega.

3.1.5.2.2. Upphafspunkt sveigjumælinga verður að velja með það fyrir augum að hann taki einungis mið af orkunni sem grindin gleypir og/eða sveigju ákveðinna hluta á dráttarvélinni. Líta skal fram hjá orkunni sem festingarnar gleypa við sveigju og/eða ef þær renna til.

3.1.5.3. . Leiðir til að festa dráttarvélina við jörðu

3.1.5.3.1. Festiteinar með þeirri sporvídd sem krafist er og sem eru nægilega umfangsmiklir til að festa dráttarvélina í öllum tilfellum sem sýnd eru skulu kyrfilega festir á harðan flötinn nálægt prófunarbúnaðinum.

3.1.5.3.2. Dráttarvélin skal fest við teinana á viðeigandi hátt (með plötum, fleygum, stálvírum, tjökkum o.fl.) þannig að hún hreyfist ekki meðan á prófuninni stendur. Þessar kröfur verður að kanna meðan á prófuninni stendur með venjulegum lengdarmælibúnaði.

Ef dráttarvélin hreyfist verður að endurtaka alla prófunina, nema ef búnaðurinn sem mælir sveigjur sem tekið er tillit til þegar ferillinn fyrir kraft á móti sveigju er teiknaður er tengdur við dráttarvélina.

3.1.5.4. Þrýstiálagsbúnaður

Með búnaði sem sýndur er á mynd 7.3 skal vera hægt að þrýsta lóðrétt á veltigrind með ósveigjanlegri stoð sem er u.þ.b. 250 mm í þvermál og tengist aflbúnaðinum með hjörulið. Viðeigandi ásstoðum skal komið fyrir þannig að hjólbarðar dráttarvélarinnar verði ekki fyrir þrýstiálagskrafti.

3.1.5.5. Önnur mælitæki

Einnig er þörf fyrir eftirfarandi búnað til mælinga:

3.1.5.5.1. Búnaði til að mæla fjaðrandi sveigju (mismuninn á hámarkssveigju í skamman tíma og varanlegri sveigju, sjá mynd 7.4).

3.1.5.5.2. Búnaði til að kanna að veltigrindin hafi ekki farið inn á auða svæðið og að auða svæðið hafi haldist fyrir innan öryggi grindarinnar við prófunina (liður 3.2.2.2).

3.2. *Aðferð við kyrrstöðuprófun*

3.2.1. Þrýstiálagsprófanir

3.2.1.1. Álag að aftan

3.2.1.1.1. Álagi skal beitt lárétt í lóðréttu plani sem er samsíða miðjuplani dráttarvélar.

Álagspunkturinn er sá hluti veltivarnarbúnaðarins sem líklegt er að komi fyrst við jörðu við afturveltu, oftast efri brúnin. Lóðrétta planið sem álaginu er beitt í skal staðsett í fjarlægð sem er 1/6 af breiddinni á efsta hluta veltigrindarinnar innan við lóðrétt plan sem er samsíða miðjuplani dráttarvélarinnar og snertir ystu brún á efsta hluta veltigrindarinnar.

Ef grindin er bogin eða stendur út á þessum stað skal bæta við fleygum sem gera kleift að álaginu sé beitt þar en þó án þess að með því styrkist grindin.

3.2.1.1.2. Samstæðan skal fest við jörðu eins og lýst er í lið 3.1.6.3.

3.2.1.1.3. Orka sem veltigrindin gleypir á meðan á prófuninni stendur skal vera a.m.k.:

$$E_{il} = 2{,}165 \times 10^{-7} \text{ M x } L^2$$

eða

$$E_{il} = 0{,}574 \text{ x I}$$

3.2.1.1.4 Fyrir dráttarvélar með vendisæti ökumanns (með sæti og stýrishjóli sem hægt er að snúa við) skal orkan vera sú sem er hærri af þeim formúlum sem valdar eru hér að framan eða eftirfarandi:

$$E_{il} = 500 + 0{,}5 \text{ M}$$

3.2.1.2. Álag að framan

3.2.1.2.1. Álagi skal beitt lárétt á lóðréttu plani sem er samsíða miðjuplani dráttarvélar. Álagspunkturinn skal vera sá hluti veltigrindarinnar sem líklegt er að komi fyrst við jörðu ef dráttarvélin veltur á hlið við akstur beint áfram, þ.e. oftast efri brúnin. Álagspunkturinn skal vera 1/6 af breiddinni á efsta hluta veltigrindarinnar innan við lóðrétt plan sem er samsíða miðjuplani dráttarvélarinnar og snertir ystu brún á efsta hluta veltigrindarinnar.

Ef grindin er bogin eða stendur út á þessum stað skal bæta við fleygum sem gera kleift að álaginu sé beitt þar en þó án þess að með því styrkist grindin.

3.2.1.2.2. Samstæðan skal fest við jörðu eins og lýst er í lið 3.1.6.3.

3.2.1.2.3. Orka sem veltigrindin gleypir á meðan á prófuninni stendur skal vera a.m.k.:

$$E_{il} = 500 + 0{,}5 \text{ M}$$

3.2.1.2.4 Ef um er að ræða dráttarvélar með vendisæti ökumanns (með sæti og stýrishjóli sem hægt er að snúa við):

— ef veltigrindin er veltislá með tveimur stoðum að aftan skal formúlan hér á undan einnig eiga við,

— fyrir aðrar gerðir veltigrinda skal orkan vera sú sem er hærri af þeim hér að framan eða önnur af eftirfarandi eins og valið er:

$$E_{il} = 2{,}165\ 10^{-7} \text{ x M } L^2$$

eða

$$E_{il} = 0{,}574 \text{ I}$$

3.2.1.3. . Álag frá hlið

3.2.1.3.1. Álag frá hlið skal vera lárétt í lóðréttu plani sem er hornrétt á miðjuplan dráttarvélarinnar og liggur 60 mm fyrir framan málpunkt sætis með sætið í miðjustöðu lengdarstillingar. Álagspunkturinn er sá hluti veltivarnarbúnaðarins sem líklegt er að komi fyrst við jörðu við hliðarveltu, oftast efri brúnin.

3.2.1.3.2. Samstæðan skal fest við jörðu eins og lýst er í lið 3.1.6.3.

3.2.1.3.3. Orka sem veltigrindin gleypir á meðan á prófuninni stendur skal vera a.m.k.:

$$E_{is} = 1{,}75\ M$$

3.2.1.3.4. Fyrir dráttarvélar með vendisæti ökumanns (með sæti og stýrishjóli sem hægt er að snúa við) skal álagspunkturinn vera í plani í níutíu gráðu horni við miðjuplan og fara í gegnum miðjupunkt hlutans sem tengir tvo málpunkta sætis sem skilgreindir eru með tengingu tveggja mismunandi staðna sætisins. Fyrir veltigrindur sem eru veltigrindur með tveimur stoðum skal álagið koma á aðra af stoðunum tveimur.

3.2.1.3.5. Þegar um er að ræða dráttarvélar með vendisæti ökumanns (með sæti og stýrishjóli sem hægt er að snúa við) þar sem veltigrindin er veltislá með tveimur stoðum að aftan skal orkan vera sú sem er hærri af eftirfarandi:

$$E_{is} = 1{,}75\ M$$

eða

$$E_{is} = 1{,}75\ M(B_6\ B) / 2B$$

3.2.1.4. Þrýstiálag að aftan

Stoðin skal vera staðsett yfir efstu burðareiningu að aftan og skal summa álagskraftanna koma fram á miðjuplani dráttarvélarinnar. Beita skal kraftinum F_v þar sem:

$$F_v = 20\ M$$

halda skal kraftinum F_v í fimm sekúndur eftir að sjáanleg hreyfing í veltigrind sést ekki lengur.

Ef aftari hluti á þaki veltigrindar stenst ekki mesta þrýstiálagskraft skal beita krafti á þakið þar til það sveigist til hliðar þannig að það fari saman við plan er tengir efri hluta veltigrindar við þann hluta aftan á dráttarvélinni sem getur borið dráttarvélina við veltu.

Því næst skal aflétta kraftinum og þrýstiálagsstoðin færð þannig að hún sé yfir þeim hluta veltigrindarinnar sem myndi styðja við dráttarvélina ef hún ylti alveg. Þá skal þrýstiálagskraftinum F_v beitt aftur.

3.2.1.5. Þrýstiálag að framan

Stoðin skal vera staðsett yfir fremstu burðareiningu að aftan og skulu afleiðingar þrýstiálagskraftsins koma fram á miðjuplani dráttarvélarinnar. Beita skal kraftinum F_v þar sem:

$$F_v = 20\ M$$

halda skal kraftinum F_v í fimm sekúndur eftir að sjáanleg hreyfing í veltigrind sést ekki lengur.

Ef fremri hluti á þaki veltigrindar stenst ekki mesta þrýstiálagskraft skal beita krafti á þakið þar til það sveigist til hliðar þannig að það fari saman við plan er tengir efri hluta veltigrindar við þann hluta framan á dráttarvélinni sem getur borið dráttarvélina við veltu.

Því næst skal aflétta kraftinum og þrýstiálagsstoðin færð þannig að hún sé yfir þeim hluta veltigrindarinnar sem myndi styðja við dráttarvélina ef hún ylti alveg. Þá skal þrýstiálagskraftinum F_v beitt aftur.

3.2.1.6. Viðbótaryfirálagsprófun (myndir 7.5 til 7.7)

Gera skal yfirálagsprófun í öllum tilvikum þar sem krafturinn minnkar um meira en 3 hundraðshluta við síðustu 5 hundraðshluta sveigju sem næst þegar grindin gleypir nauðsynlega orku (sjá mynd 7.6).

Yfirálagsprófun felur í sér jafna aukningu á láréttu álagi með 5 hundraðshluta viðbót á upphaflega orkuþörf upp í að hámarki 20 hundraðshluta af þeirri orku sem bætt er við (sjá mynd 7.7).

Yfirálagsprófun telst fullnægjandi ef krafturinn, minnkar um minna en 3 hundraðshluta í 5 hundraðshluta viðbót og helst meiri en 0,8 F_{max} eftir hverja aukningu á nauðsynlegri orku um 5, 10 eða 15 hundraðshluta.

Yfirálagsprófun telst fullnægjandi ef krafturinn fer yfir 0,8 F_{max} eftir að grindin hefur gleypt 20 hundraðshluta af þeirri orku sem bætt er við.

Viðbótarsprungur eða rifur eða að farið sé inn á auða svæðið eða það ekki varið sem skyldi vegna sveigju er leyfilegt við yfirálagsprófun. Þó má grindin ekki fara inn á auða svæðið eftir að álagið hefur verið tekið af og skal það fullkomlega varið.

3.2.1.7. Viðbótarþrýstiálagsprófanir

Ef sprungur eða rifur, sem ekki geta talist smávægilegar, koma í ljós meðan á þrýstiálagsprófun stendur skal öðru svipuðu álagi, en með kraftinum 1,2 F_v, strax beitt á eftir þrýstiálagsprófuninni sem olli sprungunum eða rifunum.

3.2.2. Nauðsynlegar mælingar

3.2.2.1. Brot og sprungur

Eftir hverja prófun skal skoða allar burðareiningar, samskeyti og festibúnað á sjónrænan hátt og athuga hvort í þeim séu brot eða sprungur, en líta má framhjá smávægilegum sprungum í hlutum sem ekki teljast mikilvægir.

3.2.2.2. Farið inn á auða svæðið

Veltigrind skal skoðuð á meðan á hverri prófun stendur til þess að sjá hvort einhver hluti hennar hafi farið inn á auða svæðið samkvæmt skilgreiningu í lið 1.6 hér að framan.

Enn fremur skal auða svæðið ekki vera óvarið af veltigrindinni. Að því er þetta varðar telst það óvarið af veltivarnarbúnaði ef einhver hluti þess hefði snert jörðu ef dráttarvélin hefði oltið á þá hlið sem höggið kom á. Að því er þetta varðar skulu fram- og afturhjólbarðar vera eins smáir og sporvíddarstilling eins lág og unnt er samkvæmt forskrift framleiðanda.

3.2.2.3. Fjaðrandi sveigja við hliðarálag

Fjaðrandi sveigja skal mæld (810 + a_v) mm fyrir ofan málpunkt sætis á lóðréttu plani sem fer í gegnum álagspunkt. Fyrir þessa mælingu má nota tæki sem svipar til tækisins sem lýst er á mynd 7.4.

3.2.2.4. Varanleg sveigja

Að þrýstiálagsprófunum loknum skal varanleg sveigja veltigrindar skráð. Að því er þetta varðar skal nota stöðu helstu hluta veltivarnarbúnaðarins miðað við málpunkt sætis áður en prófun hefst.

3.3. *Rýmkun til annarra tegunda dráttarvéla*

3.3.1. [Á ekki við]

3.3.2. Tæknileg rýmkun

Þegar tæknilegar breytingar eru gerðar á dráttarvél, veltigrind eða aðferð við festingu veltigrindar við dráttarvélina, getur prófunarstöðin sem framkvæmdi upprunalegu prófunina gefið út „skýrslu um tæknilega rýmkun“ í eftirfarandi tilvikum:

3.3.2.1. Rýmkun niðurstaðna prófana á grind til annarra tegunda dráttarvéla

Álags- og þrýstiálagsprófanirnar þarf ekki að framkvæma á hverri tegund dráttarvélar, að því gefnu að veltigrind og dráttarvél samræmist skilyrðunum sem vísað er til í liðum 3.3.2.1.1 til 3.3.2.1.5.

3.3.2.1.1 Grindin skal vera eins og sú sem prófuð var.

3.3.2.1.2. Nauðsynleg orka skal ekki vera umfram þá orku sem reiknuð var fyrir upphaflegu prófunina um meira en 5 prósent, 5% markið skal einnig gilda um rýmkanir þegar um er að ræða að skipt sé út hjólum fyrir belti á sömu dráttarvél,

3.3.2.1.3. Áfestingaraðferð og þeir íhlutir dráttarvélar sem fest er við skulu vera eins.

3.3.2.1.4. Íhlutir eins og aurbretti og vélarhlíf sem geta stutt við veltigrindina skulu vera eins.

3.3.2.1.5. Staðsetning og helstu mál sætisins í veltigrindinni og hlutfallsleg staðsetning veltigrindarinnar á dráttarvélinni skal vera slík að auða svæðið hefði verið varið í grind með sveigju í öllum prófunum (þetta skal athugað með því að nota sömu viðmiðun fyrir auða svæðið og í upphaflegu prófunarskýrslunni, viðmiðunarpunkt sætis eða málpunkt sætis, eftir því sem við á.

3.3.2.2. Rýmkun niðurstaðna prófana á grind til breyttra tegunda veltigrinda

Þessu ferli verður að fylgja þegar ákvæði liðar 3.3.2.1 eru ekki uppfyllt, það má ekki nota þegar festingaraðferð veltigrindar við dráttarvélina fylgir ekki áfram sömu meginreglu (t.d. fjöðrunarbúnaður kemur í stað gúmmístoða):

3.3.2.2.1. Breytingar sem hafa engin áhrif á niðurstöður upphaflegu prófananna (t.d. logsuðufesting uppfestingarplötu aukahlutar á stað á grindinni sem ekki er mikilvægur), viðbót sæta með annarri staðsetningu málpunkts sætis í veltigrind (að því tilskildu að athugað sé að nýja auða svæðið (nýju auðu svæðin) sé(u) áfram varið (varin)).

3.3.2.2.2. Breytingar sem mögulega hafa áhrif á niðurstöður upphaflegu prófananna án þess að spurningar vakni um samþykki veltigrindar (t.d. breyting á íhlut sem er hluti af burðarvirki, breyting á áfestingaraðferð veltigrindarinnar við dráttarvélina). Framkvæma má fullgildingarprófun og eru niðurstöður prófunarinnar skráðar í skýrslu um rýmkun.

Eftirfarandi takmarkanir á þessari gerðarrýmkun eru fastar:

3.3.2.2.2.1. Ekki má samþykkja fleiri en 5 rýmkanir án fullgildingarprófunar.

3.3.2.2.2.2. Niðurstöður fullgildingarprófunar verða samþykktar fyrir rýmkun ef öll skilyrði um samþykki í þessum viðauka eru uppfyllt og:

— ef sveigjan sem mæld er eftir hverja höggprófun víkur ekki frá sveigjunni, sem mæld var eftir hverja höggprófun í upphaflegu prófunarskýrslunni, um meira en ± 7% (ef um hreyfiprófun er að ræða).

— ef krafturinn sem er mældur þegar nauðsynlegu orkustigi hefur verið náð í hinum ýmsu láréttu álagsprófunum víkur ekki frá kraftinum sem var mældur þegar nauðsynlegri orku var náð í upphaflegu prófununum um meira en ± 7% og sveigjan sem mæld er ([3]) þegar nauðsynlegu orkustigi hefur verið náð í hinum ýmsu láréttu álagsprófunum víkur ekki frá sveigjunni sem mæld var þegar nauðsynlegri orku var náð í upphaflegu prófuninni um meira en ±7% (ef um kyrrstöðuprófun er að ræða).

3.3.2.2.2.3. Setja má fleiri en eina breytingu á veltigrind í eina skýrslu um rýmkun ef þær eru mismunandi valkostir við sömu veltigrind en aðeins ein fullgildingarprófun er samþykkt í einni skýrslu um rýmkun. Þeim valkostum sem ekki eru prófaðir skal lýst í sérstökum hluta skýrslunnar um rýmkun.

3.3.2.2.3. Aukning á viðmiðunarmassa sem framleiðandi gefur upp fyrir veltigrind sem þegar hefur verið prófuð. Ef framleiðandi vill halda sama viðurkenningarnúmeri er mögulegt að gefa út skýrslu um rýmkun eftir að hafa framkvæmt fullgildingarprófun (mörkin ± 7% sem tiltekin eru í lið 3.3.2.2.2.2 eiga ekki við í slíku tilviki).

3.4. [Á ekki við]

3.5. *Eiginleikar veltigrinda í köldu veðri*

3.5.1. Ef staðhæft er að veltigrind hafi eiginleika til varnar stökkva í köldu veðri skal framleiðandi gefa upplýsingar um það í skýrslunni.

3.5.2. Eftirfarandi kröfum og aðferðum er ætlað að veita styrk og þol gegn stökkvabrotum við lækkað hitastig. Mælt er með að eftirfarandi lágmarkskröfur varðandi smíðaefni skuli uppfylltar þegar dæmt er um hvort veltigrind henti við lækkað notkunarhitastig í þeim löndum þar sem þessarar viðbótarvarnar er krafist.

3.5.2.1. Boltar og rær, sem notaðar eru til að festa veltigrindina á dráttarvélina og tengja hluta veltigrindarinnar sem eru burðarvirki, skulu sýna fullnægjandi eiginleika að því er varðar þol gegn lækkuðu hitastigi.

3.5.2.2. Öll logsoðin rafskaut sem notuð eru við gerð burðareininga og festinga skulu samrýmast smíðaefni veltigrindarinnar, eins og gefið er upp í lið 3.5.2.3 hér á eftir.

3.5.2.3. Stálefni fyrir burðareiningar veltigrindarinnar skulu vera úr viðurkenndu styrkleikaefni sem uppfyllir að lágmarki Charpy V-Notch kröfur um höggorku, eins og sýnt er í töflu 7.1. Flokk og gæði stáls skal tilgreina í samræmi við ISO-staðal 630:1995.

Stál með útrúllaðri þykkt minni en 2,5 mm og minna en 0,2 hundraðshluta kolefnisinnihald telst uppfylla þessa kröfu.

Burðareiningar veltigrindar sem gerðar eru úr smíðaefnum öðrum en stáli skulu hafa sambærilegt höggþol við lágt hitastig.

3.5.2.4. Þegar Charpy V-Notch kröfur um höggorku eru prófaðar skal stærð sýnishorns ekki vera minni en sú stærsta af þeim stærðum sem taldar eru upp í töflu 7.1 sem smíðaefnið leyfir.

3.5.2.5. Charpy V-Notch prófanirnar skulu gerðar í samræmi við aðferðina í ASTM A 370-1979, nema fyrir sýnishornastærðir sem skulu vera í samræmi við stærðirnar sem gefnar eru upp í töflu 7.1.

Tafla 7.1

Lágmarks Charpy V-Notch höggorka

Stærð sýnishorns	Orka við	Orka við
	– 30 °C	– 20 °C
mm	J	J ([b])
10 × 10 ([a])	11	27,5
10 × 9	10	25
10 × 8	9,5	24
10 × 7,5 ([a])	9,5	24

Stærð sýnishorns	Orka við	Orka við
	– 30 °C	– 20 °C
mm	J	J ([b])
10 × 7	9	22,5
10 × 6,7	8,5	21
10 × 6	8	20
10 × 5 ([a])	7,5	19
10 × 4	7	17,5
10 × 3,5	6	15
10 × 3	6	15
10 × 2,5([a])	5,5	14

([a]) Gefur til kynna þá stærð sem mælt er með. Stærð sýnishorns skal ekki vera minni en mesta stærð sem mælt er með sem efnið leyfir.
([b]) Nauðsynleg orka við – 20 °C er 2,5 sinnum gildið sem tilgreint er fyrir – 30 °C. Aðrir þættir hafa áhrif á höggþol, þ.e. völsunarstefna, flotstyrkur, kornastefna og logsuða. Taka skal tillit til þessara þátta við val og notkun á stáli.

3.5.2.6. Annar valkostur við þessa aðferð er notkun róaðs eða hálf-róaðs stáls sem leggja skal fram fullnægjandi forskriftir fyrir. Flokk og gæði stáls skal tilgreina í samræmi við ISO-staðal 630:1995, breyting 1:2003.

3.5.2.7. Sýnishorn skulu vera eftir endilöngu og tekin úr flötum stafla, pípu- eða grindahlutum áður en þau eru formuð eða logsoðin til notkunar í veltigrindina. Sýnishorn úr pípu- eða grindahlutum skulu tekin úr miðju hliðar með stærstu málin og skulu ekki vera logsoðin.

3.6. [Á ekki við]


Mynd 7.1

Autt svæði

Mál í mm


Mynd 7.1.a

Séð frá hlið




Mynd 7.1.b

Séð aftan frá



Mynd 7.1.c

Séð ofan frá




1 – Málpunktur sætis

2 – Viðmiðunarflötur


Mynd 7.2.a

Autt svæði fyrir dráttarvélar með vendisæti ökumanns: veltislá með tveimur stoðum




Mynd 7.2.b

Autt svæði fyrir dráttarvélar með vendisæti ökumanns: aðrar tegundir veltigrinda




Mynd 7.3

Dæmi um þrýstiálagsbúnað dráttarvélarinnar



Mynd 7.4

Dæmi um tæki til að mæla fjaðrandi sveigju



1 — Varanleg sveigja


2 — Fjaðrandi sveigja

3 — Sveigja alls (varanleg + fjaðrandi sveigja)

Mynd 7.5

Ferill fyrir kraft/sveigju

Yfirálagsprófun óþörf




Athugasemdir:

1. Staðsetjið F_a með tilliti til 0,95 D'
2. Yfirálagsprófun óþörf þar sem $F_a \leq 1{,}03$ F'

Mynd 7.6

Ferill fyrir kraft/sveigju

Yfirálagsprófun nauðsynleg




Athugasemdir:

1. Staðsetjið F_a með tilliti til 0,95 D'
2. Yfirálagsprófun nauðsynleg þar sem $F_a > 1,03$ F'
3. Yfirálagsprófun fullnægjandi þar sem $F_b > 0,97$ F' og $F_b > 0,8$ F_{max}.

Mynd 7.7

Ferill fyrir kraft/sveigju

Yfirálagsprófun haldið áfram



Athugasemdir:

1. Staðsetjið F_a með tilliti til 0,95 D'
2. Yfirálagsprófun nauðsynleg þar sem $F_a > 1,03$ F'
3. $F_b < 0,97$ F' því skal halda yfirálagsprófun áfram
4. $F_c < 0,97$ F_b því skal halda yfirálagsprófun áfram
5. $F_d < 0,97$ F_c því skal halda yfirálagsprófun áfram
6. Yfirálagsprófun fullnægjandi ef $F_e > 0,8$ F_{max}
7. Hafnað á öllum stigum þegar álag fellur niður fyrir 0,8 F_{max}.

B2. ANNARS KONAR „HREYFI“-PRÓFUNARAÐFERÐ

Í þessum lið er sett fram hreyfiprófunaraðferðin sem er annars konar en kyrrstöðuprófunaraðferðin sem sett er fram í lið B1.

4. **Reglur og leiðbeiningar**

4.1. *Skilyrði að því er varðar prófanir á styrkleika veltigrinda og festingum þeirra við dráttarvélar*

4.1.1. Almennar kröfur

Sjá kröfur sem tilgreindar eru fyrir kyrrstöðuprófun í lið B1

4.1.2. Prófanir

4.1.2.1. Röð prófana samkvæmt hreyfiprófunaraðferðinni

Röð prófana, með fyrirvara um viðbótarprófanir sem nefndar eru í liðum 4.2.1.6 og 4.2.1.7, er eftirfarandi:

1) **högg aftan á grindina**

(sjá lið 4.2.1.1),

2) **þrýstiálagsprófun að aftan**

(sjá lið 4.2.1.4),

3) **högg framan á grindina**

(sjá lið 4.2.1.2),

4) **högg á hlið grindarinnar**

(sjá lið 4.2.1.3),

5) **þrýstiálag framan á grindina**

(sjá lið 4.2.1.5).

4.1.2.2. Almennar kröfur

4.1.2.2.1. Ef festibúnaður dráttarvélarinnar slitnar eða hreyfist til á meðan á prófun stendur skal hefja prófun að nýju

4.1.2.2.2. Óheimilt er að gera við eða gera breytingar á dráttarvélinni eða veltigrindinni á meðan á prófunum stendur.

4.1.2.2.3. Dráttarvélin skal vera í hlutlausum gír og hemlar ótengdir á meðan á prófunum stendur.

4.1.2.2.4. Ef fjöðrunarbúnaður er á milli yfirbyggingar dráttarvélarinnar og hjólanna verður að stöðva fjöðrun meðan á prófuninni stendur.

4.1.2.2.5. Sú hlið sem valin er fyrir fyrsta höggið aftan á grindina skal vera sú sem, að áliti prófunaryfirvalda, leiðir af sér röð af höggum eða álagi við óhagstæðustu skilyrði fyrir grindina. Höggi frá hlið og höggi að aftan skal beitt á báðar hliðar lengdarmiðjuplans veltigrindarinnar. Höggi að framan skal beitt á sömu hlið lengdarmiðjuplans veltigrindarinnar og höggi frá hlið.

4.1.3. Skilyrði fyrir samþykki

4.1.3.1. Veltigrind telst hafa fullnægt kröfum um styrkleika ef hún uppfyllir eftirtalin skilyrði:

4.1.3.1.1. Eftir hverja prófun mega hvorki vera á henni rifur eða sprungur, eins og þær eru skilgreindar í lið 3.2.1.2.1. Ef meiriháttar rifur eða sprungur myndast í prófuninni verður þegar í stað að láta fara fram viðbótarhöggprófun eða -þrýstiálagsprófun samkvæmt skilgreiningu í lið 4.2.1.6 eða 4.2.1.7 eftir prófunina sem olli því að sprungur eða rifur mynduðust,

4.1.3.1.2. Á meðan á prófununum stendur, öðrum en yfirálagsprófun, má enginn hluti veltigrindarinnar koma inn á auða svæðið sem skilgreint er í lið 1.6,

4.1.3.1.3. Meðan á öðrum prófunum en yfirálagsprófuninni stendur, skulu allir hlutar auða svæðisins varðir af grindinni, í samræmi við lið 4.2.2.2.

4.1.3.1.4. Á meðan á prófunum stendur má veltigrindin ekki þrengja á nokkurn hátt að sætisgrind.

4.1.3.1.5. Fjaðrandi sveigja, mæld í samræmi við liði 4.2.2.3 skal vera minni en 250 mm.

4.1.3.2. Engir aukahlutir skulu skapa hættu fyrir ökumann. Ekki skulu vera neinir hlutar sem standa út eða aukahlutir sem eru líklegir til að slasa ökumann ef dráttarvél veltur eða einhverjir aukahlutir eða hlutar sem líklegir eru til að festa hann — til dæmis fótlegg hans eða fót — vegna þess að veltigrind sveigist.

4.1.4. [Á ekki við]

4.1.5. Tæki og búnaður fyrir hreyfiprófanir

4.1.5.1. Kólfur

4.1.5.1.1. Kólfurinn skal hanga í tveimur keðjum eða stálvírum frá snúningspunktum sem eru a.m.k. sex metra frá jörðu. Hægt verður að vera að stilla sérstaklega hæðina sem kólfurinn hangir í og hornið milli kólfsins og keðjanna eða stálvíranna sem hann hangir í.

4.1.5.1.2. Massi kólfsins skal vera 2000 ± 20 kg að frátöldum massa keðjanna eða stálvíranna sem má ekki vera meiri en 100 kg. Hliðarlengd högggjafans skal vera 680 ± 20 mm (sjá mynd 7.18). Kólfurinn skal þannig gerður að þyngdarmiðja hans hreyfist ekki til og samsvari rúmfræðilegri miðju samhliðungsins.

4.1.5.1.3. Samhliðunginn verður að tengja búnaðinum sem dregur hann aftur á bak með hraðsleppibúnaði sem er hannaður og staðsettur þannig að hægt sé að sleppa kólfinum þannig að samhliðungurinn sveiflist um láréttan ás sinn sem er hornréttur á sveifluflöt kólfsins.

4.1.5.2. Festingar kólfsins

Snúningspunktar kólfsins skulu festir kyrfilega þannig að þeir færist ekki lengra úr stað en sem nemur 1% af fallhæð.

4.1.5.3. Festingar

4.1.5.3.1. Festiteinar með þeirri sporvídd sem krafist er og sem eru nægilega umfangsmiklir til að festa dráttarvélina í öllum tilfellum sem sýnd eru (sjá myndir 7.19, 7.20 og 7.21) skulu kyrfilega festir á harðan flötinn fyrir neðan kólfinn.

4.1.5.3.2. Dráttarvélin skal fest við teinana með stálvírum úr sívölum þráðum með trefjakjarna með málin 6 x 19 í samræmi við ISO-staðal 2408:2004 og nafnþvermál 13 mm. Hámarkstogþol stálþráða skal vera 1 770 MPa.

4.1.5.3.3. Miðsnúningspunkturinn á liðskiptri dráttarvél skal festur eftir því sem við á fyrir hverja prófun. Í hliðarhöggprófun verður einnig að styðja við snúningspinnann frá þeirri hlið sem er á móti högghliðinni. Ekki er nauðsynlegt að láta fram- og afturhjól eða belti standast á ef það gerir það að verkum að þægilegra verður að festa stálvírana á réttan hátt.

4.1.5.4. Stoðir til að skorða hjólin

4.1.5.4.1. Nota skal stoð úr mjúkum viði sem er 150 x 150 mm til að skorða hjólin meðan á höggprófunum stendur (sjá myndir 7.19, 7.20 og 7.21).

4.1.5.4.2. Meðan á hliðarprófunum stendur skal festa stoð úr mjúkum viði á gólfið til að skorða felgurnar á þeirri hlið sem er á móti högghliðinni (sjá mynd 7.21).

4.1.5.5. Stoðir og festingar á liðskiptar dráttarvélar

4.1.5.5.1. Nota skal viðbótarstoðir og -festingar fyrir liðskiptar dráttarvélar. Tilgangurinn með því er að tryggja að sá hluti dráttarvélarinnar sem veltigrindin er fest á sé eins stöðugur og dráttarvélar með heilli grind.

4.1.5.5.2. Nánari upplýsingar um högg- og þrýstiálagsprófanir eru gefnar í lið 4.2.1.

4.1.5.6. Loftþrýstingur í hjólbörðum og sveigja

4.1.5.6.1. Hjólbarðar dráttarvélarinnar mega ekki vera vökvajafnvægisstilltir og skal dæla í þá lofti upp að þeim þrýstingi sem framleiðandi mælir með við vinnu.

4.1.5.6.2. Festingarnar skulu strekkjast í hvert sinn sem hjólbarðarnir verða fyrir sveigju sem samsvarar 12% af hæðinni á hliðum hjólbarðanna (fjarlægð milli jarðar og lægsta punkts felgunnar) fyrir strekkingu.

4.1.5.7. Þrýstiálagsbúnaður

Með búnaði sem sýndur er á mynd 7.3 skal vera hægt að þrýsta lóðrétt á veltigrind með ósveigjanlegri stoð sem er u.þ.b. 250 mm í þvermál og tengist aflbúnaðinum með hjörulið. Viðeigandi ásstoðum skal komið fyrir þannig að hjólbarðar dráttarvélarinnar verði ekki fyrir þrýstiálagskrafti.

4.1.5.8. Mælitæki

Þörf er á eftirfarandi mælitækjum:

4.1.5.8.1. Búnaði til að mæla fjaðrandi sveigju (mismuninn á hámarkssveigju í skamman tíma og varanlegri sveigju, sjá mynd 7.4).

4.1.5.8.2. Búnaði til að kanna að veltigrindin hafi ekki farið inn á auða svæðið og að auða svæðið hafi haldist fyrir innan öryggi grindarinnar við prófunina (sjá lið 4.2.2.2).

4.2. *Aðferð við hreyfiprófun*

4.2.1. Högg- og þrýstiálagsprófanir

4.2.1.1. Högg að aftan

4.2.1.1.1. Dráttarvélinni skal komið fyrir miðað við kólfinn á þann hátt að hann hæfi veltigrindina þegar högggjafi kólfsins og keðjur og stálvírar eru á ská við lóðrétt plan A sem samsvarar M/100 með hámark 20° nema veltigrindin myndi stærra horn lóðrétt við snertipunktinn meðan á sveigjunni stendur. Í slíku tilviki verður að stilla högggjafa kólfsins með viðbótarfestingum svo hann sé samsíða veltigrindinni við höggpunktinn við hámarkssveigju á meðan keðjur og stálvírar mynda áfram sama horn og tilgreint er hér að ofan.

Hæð kólfsins verður að stilla og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að kólfurinn snúist um höggpunktinn.

Höggpunkturinn er sá hluti veltigrindarinnar sem líklegt er að komi fyrst við jörðu við afturveltu, oftast efri brúnin. Staðsetning þyngdarmiðju kólfsins er 1/6 af breiddinni á efsta hluta veltigrindarinnar innan við lóðrétt plan sem er samsíða miðjuplani dráttarvélarinnar og snertir ystu brún á efsta hluta veltigrindarinnar.

Ef grindin er bogin eða stendur út á þessum stað er bætt við fleygum sem gera kleift að láta höggið lenda þar en þó án þess að grindin styrkist við það.

4.2.1.1.2. Dráttarvélin skal fest við jörðu með fjórum stálvírum, einum á hvorn enda beggja ásanna og komið fyrir eins og sýnt er á mynd 7.19. Bilið á milli fram- og afturfestinga skal vera þannig að stálvírarnir myndi horn við jörðu sem er minna en 30°. Auk þess verður að koma afturfestingum þannig fyrir að samleitnipunktur stálvíranna tveggja sé staðsettur á lóðrétta planinu sem þyngdarmiðja kólfsins fer í gegnum.

Stálvírana verður að strekkja þannig að hjólbarðarnir verðir fyrir þeirri sveigju sem gefin er í lið 4.1.5.6.2. Með strekktum stálvírum skal fleygstoðum komið fyrir framan við og þétt upp við afturhjólin og síðan fest við jörðu.

4.2.1.1.3. Ef dráttarvélin er liðskipt verður liðtengingin að auki að vera með viðarstoð til stuðnings sem er a.m.k. 100 x 100 mm og vandlega fest við jörðu.

4.2.1.1.4. Draga skal kólfinn aftur á bak þannig að hæð þyngdarmiðju hans fyrir ofan höggpunkt sé fengin með annarri af eftirfarandi formúlum:

$$H = 2{,}165 \times 10^{-8} \, M \, L^2$$

eða

$$H = 5{,}73 \times 10^{-2} \, I$$

Síðan er kólfinum sleppt og hæfir hann þá veltigrindina.

4.2.1.1.5. Fyrir dráttarvélar með vendisæti ökumanns (með sæti og stýrishjóli sem hægt er að snúa við) skal hæðin vera sú sem er meiri af þeim sem nefndar eru hér að ofan eða önnur af eftirfarandi:

$$H = 25 + 0{,}07 \, M$$

fyrir dráttarvél með viðmiðunarmassa undir 2 000 kg,

$$H = 125 + 0{,}02 \, M$$

fyrir dráttarvél með viðmiðunarmassa yfir 2 000 kg.

4.2.1.2. Högg að framan

4.2.1.2.1. Dráttarvélinni skal komið fyrir miðað við kólfinn á þann hátt að hann hæfi veltigrindina þegar högggjafi kólfsins og keðjur og stálvírar eru á ská við lóðrétt plan A sem samsvarar M/100 með hámark 20° nema veltigrindin myndi stærra horn lóðrétt við snertipunktinn meðan á sveigjunni stendur. Í slíku tilviki verður að stilla högggjafa kólfsins með viðbótarfestingum svo hann sé samsíða veltigrindinni við höggpunktinn við hámarkssveigju á meðan keðjur og stálvírar mynda áfram sama horn og tilgreint er hér að ofan.

Hæð kólfsins verður að stilla og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að kólfurinn snúist um höggpunktinn.

Höggpunkturinn er sá hluti veltigrindarinnar sem líklegt er að komi fyrst við jörðu ef dráttarvélin veltur á hlið við akstur beint áfram, oftast efri brúnin. Staðsetning þyngdarmiðju kólfsins er 1/6 af breiddinni á efsta hluta veltigrindarinnar innan við lóðrétt plan sem er samsíða miðjuplani dráttarvélarinnar og snertir ystu brún á efsta hluta veltigrindarinnar.

Ef grindin er bogin eða stendur út á þessum stað er bætt við fleygum sem gera kleift að láta höggið lenda þar en þó án þess að grindin styrkist við það.

4.2.1.2.2. Dráttarvélin skal fest við jörðu með fjórum stálvírum, einum á hvorn enda beggja ásanna og komið fyrir eins og sýnt er á mynd 7.20. Bilið á milli fram- og afturfestinga skal vera þannig að stálvírarnir myndi horn við jörðu sem er minna en 30°. Auk þess verður að koma afturfestingum þannig fyrir að samleitnipunktur stálvíranna tveggja sé staðsettur á lóðrétta planinu sem þyngdarmiðja kólfsins fer í gegnum.

Stálvírana verður að strekkja þannig að hjólbarðarnir verðir fyrir þeirri sveigju sem gefin er í lið 4.1.5.6.2. Með strekktum stálvírum skal fleygstoðum komið fyrir aftan við og þétt upp við afturhjólin og síðan fest við jörðu.

4.2.1.2.3. Ef dráttarvélin er liðskipt verður liðtengingin að auki að vera með viðarstoð til stuðnings sem er a.m.k. 100 x 100 mm og vandlega fest við jörðu.

4.2.1.2.4. Draga skal kólfinn aftur á bak þannig að hæð þyngdarmiðju hans fyrir ofan höggpunkt sé fengin með annarri af eftirfarandi formúlum, sem eru valdar eftir viðmiðunarmassa samstæðunnar sem er prófuð:

$$H = 25 + 0{,}07\ M$$

Fyrir dráttarvél með viðmiðunarmassa undir 2 000 kg,

$$H = 125 + 0{,}02\ M$$

Fyrir dráttarvél með viðmiðunarmassa yfir 2 000 kg.

Síðan er kólfinum sleppt og hæfir hann þá veltigrindina.

4.2.1.2.5. Ef um er að ræða dráttarvélar með vendisæti ökumanns (með sæti og stýrishjóli sem hægt er að snúa við):

— ef veltigrindin er veltislá með tveimur stoðum að aftan, skal formúlan hér að framan eiga við,

— fyrir aðrar gerðir veltigrindar skal hæðin vera sú sem er meiri úr formúlunni sem beitt er hér að framan og þeirri sem valin er hér að neðan:

$$H = 2{,}165 \times 10^{-8}\ M\ L^2$$

eða

$$H = 5{,}73 \times 10^{-2}\ I$$

Síðan er kólfinum sleppt og hæfir hann þá veltigrindina.

4.2.1.3. Högg frá hlið

4.2.1.3.1. Dráttarvélinni skal komið fyrir miðað við kólfinn á þann hátt að hann hæfi veltigrindina þegar högggjafi kólfsins og keðjur eða stálvírar eru lóðrétt nema veltigrindin myndi horn sem er minna en 20° lóðrétt við snertipunktinn meðan á sveigjunni stendur. Í slíku tilviki verður að stilla högggjafa kólfsins með viðbótarfestingum svo hann sé samsíða veltigrindinni við höggpunktinn við hámarkssveigju á meðan keðjur og stálvírar eru lóðréttir við höggið.

4.2.1.3.2. Hæð kólfsins verður að stilla og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að kólfurinn snúist um höggpunktinn.

4.2.1.3.3. Höggpunkturinn skal vera sá hluti veltigrindarinnar sem líklegt er að komi fyrst við jörðu við hliðarveltu, oftast efri brúnin. Nema öruggt sé að annar hluti þessarar brúnar snerti jörðu fyrst skal höggpunktur vera í planinu sem er hornrétt á miðjuplan og liggur 60 mm framan við málpunkt sætis með sætið stillt í miðjustöðu lengdarstillingar.

4.2.1.3.4. Fyrir dráttarvélar með vendisæti ökumanns (með sæti og stýrishjóli sem hægt er að snúa við), skal höggpunktur vera í planinu sem er hornrétt á miðjuplanið og liggur í gegnum miðjupunkt hlutans sem tengir hina tvo málpunkta sætis sem skilgreindir eru með því að tengja tvær mismunandi stöður sætisins. Fyrir veltigrindur sem eru veltigrindur með tveimur stoðum skal höggið koma á aðra af stoðunum tveimur.

4.2.1.3.5. Hjól dráttarvélarinnar á þeirri hlið sem höggið lendir á verður að festa við jörðu með stálvírum sem fara yfir samsvarandi enda fram- og afturása. Stálvírana verður að strekkja þannig að hjólbarðarnir verði fyrir þeirri sveigju sem gefin er í lið 4.1.5.6.2.

Með strekktum stálvírum skal fleygstoðum komið fyrir á jörðinni og ýtt þétt upp að hjólbörðum þeirrar hliðar sem er á móti högghliðinni og síðan fest við jörðu. Hugsanlega þarf að nota tvær stoðir eða fleyga ef ytri hliðar að framan og hjólbarðar að aftan eru ekki í sama lóðrétta planinu. Stuðningnum skal komið fyrir eins og sýnt er á mynd 7.21, upp við felgu þess hjóls sem mesta álagið er á og er á móti höggpunkti, og þrýst vel upp að felgunni og síðan festur við botn hennar. Lengd stuðningsins skal vera þannig að hann myndi 30° ± 3° horn við jörðu þegar hann er upp við felguna. Að auki verður þykkt stuðningsins, ef mögulegt er, að vera á milli 20 og 25 sinnum minni en lengd hans og milli tvisvar og þrisvar sinnum minni en breidd hans. Lögun enda stuðningsins skal vera eins og sýnt er í smáatriðum á mynd 7.21.

4.2.1.3.6. Ef dráttarvélin er liðskipt verður liðtengingin að auki að vera með viðarstoð til stuðnings sem er a.m.k. 100 x 100 mm og búnað sem svipar til stuðningsins sem ýtt er upp að afturhjólinu sem hliðarstuðningi eins og í lið 4.2.1.3.5. Liðtenginguna skal síðan festa vandlega við jörðu.

4.2.1.3.7. Draga skal kólfinn aftur á bak þannig að hæð þyngdarmiðju hans fyrir ofan höggpunkt sé fengin með annarri af eftirfarandi formúlum, sem eru valdar eftir viðmiðunarmassa samstæðunnar sem er prófuð:

$$H = 25 + 0{,}20\ M$$

fyrir dráttarvélar með viðmiðunarmassa undir 2 000 kílóum,

$$H = 125 + 0{,}15\ M$$

fyrir dráttarvélar með viðmiðunarmassa yfir 2 000 kílóum,

4.2.1.3.8. Ef um er að ræða dráttarvélar með vendisæti ökumanns (með sæti og stýrishjóli sem hægt er að snúa við):

— ef veltigrindin er veltislá með tveimur stoðum að aftan, skal valin hæð vera sú sem er meiri úr formúlunum sem eiga við hér að framan og hér á eftir:

$$H = (25 + 0{,}20\ M)(B_6\ B) / 2B$$

fyrir dráttarvélar með viðmiðunarmassa undir 2 000 kílóum,

$$H = (125 + 0{,}15\ M)(B_6\ B) / 2B$$

Fyrir dráttarvél með viðmiðunarmassa yfir 2 000 kg.

— fyrir aðrar gerðir veltigrinda skal valin hæð vera sú sem er meiri af þeim formúlum sem eiga við hér að framan og hér á eftir:

$$H = 25 + 0{,}20\ M$$

fyrir dráttarvél með viðmiðunarmassa undir 2 000 kílóum,

$$H = 125 + 0{,}15\ M$$

Fyrir dráttarvél með viðmiðunarmassa yfir 2 000 kg.

Síðan er kólfinum sleppt og hæfir hann þá veltigrindina.

4.2.1.4. Þrýstiálag að aftan

Öll ákvæði eru þau sömu og í lið 3.2.1.4 í lið B1 í þessum viðauka.

4.2.1.5. Þrýstiálag að framan

Öll ákvæði eru þau sömu og í lið 3.2.1.5 í lið B1 í þessum viðauka.

4.2.1.6. Viðbótarhöggprófanir

Ef sprungur eða rifur, sem ekki geta talist smávægilegar koma í ljós meðan á höggprófuninni stendur, verður að gera aðra sams konar prófun, en miða skal þá við fallhæðina:

$$H' = (H \times 10^{-1})(12 \times 4a)(1 \times 2a)^{-1}$$

strax að loknum þeim höggprófununum sem rifurnar eða sprungurnar komu fram við, þá er „a“ hlutfall varanlegrar sveigju (aflögunar) (Dp) og fjaðrandi sveigju (De):

$$a = D_p/D_e$$

mælt við höggpunkt. Aukin varanleg sveigja vegna seinna höggs má ekki vera meira en 30% af varanlegri sveigju vegna fyrra höggs.

Til þess að unnt sé að framkvæma viðbótarprófunina er nauðsynlegt að mæla fjaðrandi sveigju í öllum höggprófunum.

4.2.1.7. Viðbótarþrýstiálagsprófanir

Ef meiriháttar sprungur eða rifur koma í ljós skal framkvæma aðra samskonar þrýstiálagsprófun, með krafti er jafngildir 1,2 F_v, strax á eftir þrýstiálagsprófuninni sem olli rifunni eða sprungunni.

4.2.2. Nauðsynlegar mælingar

4.2.2.1. Brot og sprungur

Eftir hverja prófun skal skoða allar burðareiningar, samskeyti og festibúnað á sjónrænan hátt og athuga hvort í þeim séu brot eða sprungur, en líta má framhjá smávægilegum sprungum í hlutum sem ekki teljast mikilvægir.

Líta skal framhjá rifum af völdum kólfbrúnanna.

4.2.2.2. Farið inn á auða svæðið

Veltigrind skal skoðuð á meðan á hverju prófi stendur til þess að sjá hvort einhver hluti hennar hafi farið inn á auða svæðið í kringum ökumannssætið samkvæmt skilgreiningu liðar 1.6.

Enn fremur skal auða svæðið ekki vera óvarið af veltigrindinni. Að því er þetta varðar telst það óvarið af veltigrind ef einhver hluti þess hefði snert jörðu ef dráttarvélin hefði oltið í þá átt sem prófunarálagi er beitt. Til þess að meta þetta skulu fram- og afturhjólbarðar vera eins smáir og sporvíddarstilling vera eins lág og unnt er samkvæmt forskrift framleiðanda.

4.2.2.3. Fjaðrandi sveigja (við högg frá hlið)

Fjaðrandi sveigja skal mæld (810 + av) mm fyrir ofan málpunkt sætis á lóðréttu plani sem fer í gegnum álagspunkt. Fyrir þessa mælingu má nota tæki sem svipar til tækisins sem lýst er á mynd 7.4.

4.2.2.4. Varanleg sveigja

Að þrýstiálagsprófunum loknum skal varanleg sveigja veltigrindar skráð. Að því er þetta varðar skal nota stöðu helstu hluta veltivarnarbúnaðarins miðað við málpunkt sætis áður en prófun hefst.

4.3. *Rýmkun til annarra tegunda dráttarvéla*

Öll ákvæði eru þau sömu og í lið 3.3 í lið B1 í þessum viðauka.


4.4. [Á ekki við]

4.5. *Eiginleikar veltigrinda í köldu veðri*

Öll ákvæði eru þau sömu og í lið 3.5 í lið B1 í þessum viðauka.


Mynd 7.18

Kólfur og keðjur eða stálvírar sem hann hangir í




Mynd 7.19

Dæmi um festingu dráttarvélar (högg að aftan)




Mynd 7.20

Dæmi um festingu dráttarvélar (högg að framan)



Mynd 7.21

Dæmi um festingu dráttarvélar (högg á hlið)



Skýringar við X. viðauka

([1]) Nema númeraröðin í lið B2 sem hefur verið samræmd við allan viðaukann, er texti krafnanna og númeraröðin sem sett er fram í lið B eins og textinn og númeraröðin í staðlaðri reglu Efnahags- og framfarastofnunarinnar vegna opinberra prófana á aftanásettum veltivarnarbúnaði á beltadráttarvélum fyrir landbúnað og skógrækt, regla Efnahags- og framfarastofnunarinnar nr. 7, útgáfa 2015 frá júlí 2014.

([2]) Notendur eru minntir á að málpunktur sætis er ákvarðaður í samræmi við ISO-staðal 5353:1995 og er fastur punktur með tilliti til dráttarvélarinnar sem hreyfist ekki eftir því sem sætið er stillt úr miðjustöðu. Til þess að ákvarða auða svæðið skal sætið sett í aftari og efstu stöðu.

([3]) Varanleg + fjaðrandi sveigja mæld á þeim punkti þegar nauðsynlegu orkustigi er náð.

XI. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um fallvarnargrindur

A. ALMENN ÁKVÆÐI

1. Kröfur Sambandsins sem gilda um fallvarnargrindur eru settar fram í liðum B og C.

2. Ökutæki í flokkum T og C sem búin eru til notkunar í skógrækt skulu uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í lið B.

3. Öll önnur ökutæki í flokkum T og C, ef þau eru búin fallavarnargrindum, skulu uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í lið B eða C.

B. KRÖFUR SEM GILDA UM FALLVARNARGRINDUR FYRIR ÖKUTÆKI Í FLOKKUM T OG C SEM BÚIN ERU TIL NOTKUNAR Í SKÓGRÆKT

Ökutæki í flokkum T og C sem búin eru til notkunar í skógrækt skulu uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í ISO-staðli 8083:2006 (I. eða II. stig).

C. KRÖFUR SEM GILDA UM FALLVARNARGRINDUR FYRIR ÖLL ÖNNUR ÖKUTÆKI Í FLOKKUM T OG C SEM BÚIN ERU SLÍKUM GRINDUM ([1])

1. **Skilgreiningar**

1,1. [Á ekki við]

1.2. *Fallvarnargrindur*

Samstæða sem veitir stjórnanda í ökumannssæti viðunandi vörn ofan frá vegna fallandi hluta.

1.3. Öryggissvæði

1.3.1 Autt svæði

Að því er varðar dráttarvélar með veltigrindur sem prófaðar eru í samræmi við VI., VIII., IX. og X. viðauka við þessa reglugerð skal öryggissvæðið uppfylla forskriftir auða svæðisins eins og lýst er í lið 1.6 í hverjum þessara viðauka.

1.3.2 Rými sem aflagast ekki

Að því er varðar dráttarvélar með veltigrindur sem prófaðar eru í samræmi við VII. viðauka við þessa reglugerð skal öryggissvæðið vera í samræmi við svæðið sem aflagast ekki eins og lýst er í lið ISO-staðli 3164:1995.

Í þeim tilvikum þar sem dráttarvélin er með vendisæti ökumanns (með sæti og stýrishjóli sem hægt er að snúa við) skal öryggissvæðið vera sameiginlegt svæði rýmanna sem aflagast ekki sem skilgreind eru af hinum tveimur mismunandi stöðum stýrishjólsins og sætisins.

1.3.3 Efsti hluti öryggissvæðisins

Efsta plan rýmisins sem aflagast ekki eða yfirborðið sem er skilgreint af punktunum I_1, A_1, B_1, C_1, C_2, B_2, A_2, I_2 í auða svæðinu fyrir VI. og VIII. viðauka við þessa reglugerð, planið sem lýst er í lið 1.6.2.3 og 1.6.2.4 í IX. viðauka við þessa reglugerð og yfirborði sem skilgreint er af punktunum H_1, A_1, B_1, C_1, C_2, B_2, A_2, H_2 fyrir X. viðauka við þessa reglugerð.

1.4. Leyfileg vikmörk í mælingum

Fjarlægð ± 5% af mældri hámarkssveigju, eða ± 1 mm

Massi ± 0,5%

2. **Gildissvið**

2.1. Þessi liður gildir um landbúnaðardráttarvélar sem eru með a.m.k. tvo ása fyrir loftfyllta hjólbarða og með belti í stað hjóla.

2.2. Í þessum viðauka eru ákvarðaðar prófunaraðferðir og kröfur um afköst fyrir þær dráttarvélar sem eru hugsanlega í hættu vegna fallandi hluta sem þær verða fyrir þegar þær eru við venjulega notkun í landbúnaðarverkum.

3. **Reglur og leiðbeiningar**

3.1. *Almennar reglugerðir*

3.1.1 Veltigrindin má vera framleidd annað hvort af framleiðanda dráttarvélarinnar eða sjálfstæðu fyrirtæki. Í hvoru tilvikinu um sig er prófunin einungis gild fyrir þá tegund dráttarvélar sem prófunin er gerð á. Endurprófun þarf að fara fram á veltigrindinni fyrir hverja tegund dráttarvélar sem hún er fest á. Hins vegar er prófunarstöðvum heimilt að votta að styrkleikaprófanir gildi einnig um dráttarvélategundir sem framleiddar eru með upprunalegu tegundina sem fyrirmynd með breytingum á hreyflinum, gírskiptingunni og stýrisbúnaði og fjöðrun að framan *(sjá lið 3.4 að neðan: Rýmkun til annarra tegunda dráttarvéla).* Hins vegar má prófa fleiri en eina veltigrind fyrir hverja tegund dráttarvélar.

3.1.2 Veltigrindin sem lögð er fram til prófunar skal hafa a.m.k. alla íhluti sem flytja álag frá höggstað hlutarins sem notaður er í fallprófuninni á öryggissvæðinu. Veltigrindin sem lögð er fram til prófunar skal annað hvort vera i. tryggilega fest við prófunarbekkinn á venjulegum festipunktum hennar (sjá mynd 10.3. — lágmarksfyrirkomulag við prófun), eða ii. fest við dráttarvélargrindina á venjulegan hátt með hvers kyns kröppum, festingum eða íhlutum fjöðrunar sem notaðir eru í venjulegri framleiðslu og við aðra hluta dráttarvélarinnar sem kunna að verða fyrir áhrifum af álagi sem sett er á veltigrindina (sjá myndir 10.4(a) & 10.4(b)). Undirvagn ökutækisins skal festur tryggilega við gólf prófunarkvíarinnar.

3.1.3. Veltigrind má vera þannig hönnuð að hún verndi einungis ökumanninn fyrir fallandi hlutum. Á þessa grind kann að vera mögulegt að festa veðravörn fyrir ökumanninn, sem er meira eða minna til bráðabirgða. Ökumaðurinn fjarlægir hana öllu jöfnu í hlýju veðri. Það eru hins vegar til veltigrindur þar sem klæðningin er varanleg og loftræsting í hlýju veðri er með gluggum eða flöpum. Þar sem klæðning getur styrkt grindina og ef hægt er að fjarlægja hana er mögulegt að hún sé ekki til staðar ef slys verður skal í prófuninni fjarlægja alla hluta sem ökumaðurinn getur tekið af. Hurðir, þaklúgur og gluggar sem hægt er að opna skulu annað hvort fjarlægð eða fest í opinni stöðu í prófuninni þannig að þau auki ekki styrk veltigrindarinnar. Gera skal athugasemd um það hvort þau skapi hættu fyrir ökumanninn ef hlutur fellur niður.

Í þeim reglum sem á eftir fara verður einungis vísað til prófunar á veltigrindinni. Það ber að skilja þannig að það taki til klæðningar sem er ekki til bráðabirgða.

Í forskriftunum skal vera lýsing á klæðningu til bráðabirgða sem fylgir með. Allt gler eða annað stökkt efni skal fjarlægt áður en prófun fer fram. Íhluti dráttarvéla og veltigrindar sem gætu orðið fyrir óþarfa skemmdum í prófuninni og sem hafa ekki áhrif á styrkleika veltigrindarinnar eða mál hennar má fjarlægja áður en prófun fer fram ef framleiðandinn óskar eftir því. Óheimilt er að gera við eða gera breytingar meðan á prófuninni stendur. Framleiðandinn getur lagt fram nokkur sýnishorn ef þess er krafist að nokkrar fallprófanir séu gerðar.

3.1.4. Ef sama grindin er notuð fyrir mat á fallvarnargrindum og veltigrindum skal prófunin á fallvarnargrindinni fara fram á undan prófuninni á veltigrindinni (skv. VI., VII., VIII., IX. eða X. viðauka við þessa reglugerð), heimilt er fjarlægja dældir sem myndast við högg eða skipta út hlíf fallvarnargrindar).

3.2. *Búnaður og aðferðir*

3.2.1 Búnaður

3.2.1.1. Hlutur sem er notaður í fallprófun

Hluturinn sem er notaður í fallprófun er kúlulaga hlutur sem látinn er falla úr hæð sem er nægjanleg til að mynda orku sem nemur 1365 J, fallhæðin er skilgreind sem fall af massa hennar. Prófunarhluturinn, en höggflötur hans skal hafa eiginleika sem verja gegn aflögun við prófun, skal vera kúla úr gegnheilu stáli eða deigu járni með dæmigerðan massa sem nemur 45 ± 2 kg og þvermál á bilinu 200 til 250 mm (tafla 10.1).

Tafla 10.1

Orka, öryggissvæði og val á hlut fyrir fallprófun

Orka (J)	Öryggissvæði	Hlutur sem er notaður í fallprófun	Mál (mm)	Massi (kg)
1365	Autt svæði(*)	Kúla	200 ≤ þvermál ≤ 250	45 ± 2
1365	DLV(**)	Kúla	200 ≤ þvermál ≤ 250	45 ± 2

(*) Fyrir dráttarvélar með veltigrindur sem á að prófa skv. VI., VIII., IX. eða X. viðauka við þessa reglugerð.
(**) Fyrir dráttarvélar með veltigrindur sem á að prófa skv. VII. viðauka við þessa reglugerð.

Búnaður á prófunarstöð skal einnig geta boðið upp á:

3.2.1.2. Leiðir til að lyfta hlut sem er notaður við fallprófun upp í þá hæð sem krafist er,

3.2.1.3. Leiðir til að sleppa hlut sem er notaður við fallprófun þannig að hann falli hindrunarlaust,

3.2.1.4. Yfirborð sem hefur slíkan þéttleika að vélin eða prófunarbekkurinn fari ekki í gegnum það vegna álagsins við fallprófunina,

3.2.1.5. Leiðir til að ákvarða hvort fallvarnargrindin fari inn á öryggissvæðið meðan á fallprófuninni stendur. Þetta getur verið annað hvort af eftirfarandi:

— sniðmát af öryggissvæði, komið fyrir í uppréttri stöðu, búið til úr efni sem gefur til kynna að farið sé inn fyrir fallvarnargrindina, feiti eða annað hentugt efni má setja á neðra yfirborð hlífar fallvarnargrindarinnar til að sýna að farið hafi verið inn fyrir,

— kvikt kerfi mælitækja með fullnægjandi tíðnisvörun til að tilgreina þá aflögun fallvarnargrindarinnar sem búist er við með tilliti til öryggissvæðisins.

3.2.1.6. Kröfur um öryggissvæði:

Sniðmát af öryggissvæði, ef það er til staðar, skal fest tryggilega við sama hluta dráttarvélarinnar og sæti stjórnandans og skal haldast þar á meðan á öllu formlega prófunartímabilinu stendur.

3.2.2 Aðferð

Fallprófunaraðferðin skal samanstanda af eftirfarandi aðgerðum, í þeirri röð sem þær eru taldar upp.

3.2.2.1. Hluturinn sem á að nota við fallprófun (3.2.1.1) er settur ofan á fallvarnargrindina á þeim stað sem er tilgreindur í lið 3.2.2.2.

3.2.2.2. Ef öryggissvæðið samsvarar auða svæðinu skal höggpunkturinn vera á stað sem er innan lóðrétts varps auða svæðisins og er fjærst megin burðareiningum (mynd 10.1.).

Ef öryggissvæðið samsvarar rýminu sem aflagast ekki skal höggpunkturinn vera að öllu leyti innan lóðrétts varps öryggissvæðisins, í uppréttri stöðu þess rýmis, upp í efri hluta fallvarnargrindarinnar. Ætlunin er að velja a.m.k. einn höggstað sem er innan lóðrétts varps efsta plans öryggissvæðisins.

Taka skal tvö tilvik til athugunar:

3.2.2.2.1. Tilvik 1: Ef efri, lóðréttar megineiningar fallvarnargrindarinnar fara ekki inn á lóðrétt varp öryggissvæðisins ofan á fallavarnargrindinni.

Höggstaðurinn skal vera eins nálægt miðju efri hluta fallvarnargrindarinnar (mynd 10.2 — tilvik 1).

3.2.2.2.2. Tilvik 2: Ef efri, lóðréttar megineiningar fallvarnargrindarinnar fara inn á lóðrétt varp öryggissvæðisins ofan á fallavarnargrindinni.

Ef efni yfirbreiðslunnar á öllum yfirborðsflötum fyrir ofan öryggissvæðið er jafnþykkt skal höggstaðurinn vera á yfirborði stærsta svæðisins en það skal vera stærsti hluti svæðis öryggissvæðisins sem er varpað lóðrétt sem er ekki með láréttar, efri megineiningar. Höggstaðurinn skal vera í þeim punkti á yfirborði stærsta svæðisins sem hefur minnstu mögulegu fjarlægð frá miðju efsta hluta fallvarnargrindarinnar (mynd 10.2 — tilvik 2)

3.2.2.3. Óháð því hvort öryggissvæðið samsvari auða svæðinu eða rýminu sem aflagast ekki skal hvert svæði gangast undir fallprófun ef mismunandi efni eða þykkt eru notuð á mismunandi svæðum fyrir ofan öryggissvæðið. Ef nokkrar fallprófanir eru nauðsynlegar gæti framleiðandinn lagt fram nokkur samskonar sýnishorn af fallvarnargrindinni (eitt fyrir hverja fallprófun). Ef hönnunareinkenni, s.s. op fyrir glugga eða búnað eða mismunandi efni eða þykkt yfirbreiðslu gefa til kynna viðkvæmari stað í lóðréttu varpi öryggissvæðisins, skal fallstaðurinn færður á þann stað. Auk þess, ef ætlunin er að fylla upp í op á yfirbreiðslu fallvarnargrindarinnar með tækjum eða búnaði til að veita fullnægjandi vernd skulu þau tæki eða búnaður vera á sínum stað í fallprófuninni.

3.2.2.4. Hlutnum sem notaður er í fallprófuninni er lyft lóðrétt í hæð sem er fyrir ofan staðsetninguna sem tilgreind er í lið 3.2.2.1 og 3.2.2.2 til að mynda orkuna 1365 J.

3.2.2.5. Hlutnum sem notaður er í fallprófun er sleppt þannig að hann falli án hindrunar á fallvarnargrindina.

3.2.2.6. Þar sem ólíklegt er að þetta frjálsa fall leiði til þess að hluturinn sem notaður er í fallprófuninni lendi á staðnum sem er tilgreindur í lið 3.2.2.1 og 3.2.2.2 eru eftirfarandi takmarkanir settar hvað varðar frávik.

3.2.2.7. Höggstaður hlutarins sem notaður er við fallprófunina skal að öllu leyti vera innan hrings sem hefur 100 mm geisla en miðja hans skal vera á lóðréttri miðlínu hlutarins sem er notaður við fallprófunina eins og hann er staðsettur samkvæmt lið 3.2.2.1 og 3.2.2.2.

3.2.2.8. Engar takmarkanir eru á staðsetningu eða stefnu síðari högga vegna endurkasts.

3.3. Kröfur um afköst

Enginn hluti veltigrindarinnar skal fara inn á öryggissvæðið við fyrsta eða síðari högg hlutarins sem er notaður í fallprófunina. Ef hluturinn sem notaður er í fallprófuninni fer inn fyrir fallvarnargrindina telst hún ekki hafa staðist prófunina.

1. athugasemd: Ef um er að ræða marglaga veltigrind skal taka öll lögin, þ.m.t. innsta lagið til athugunar.

2. athugasemd: Hluturinn sem er notaður í fallprófuninni telst hafa farið inn fyrir veltigrindina ef a.m.k. helmingur af rúmmáli kúlunnar hefur farið inn fyrir innsta lagið.

Fallvarnargrindin skal algjörlega hylja og ná út fyrir lóðrétt varp öryggissvæðisins.

Ef dráttarvélin á að vera búin fallvarnargrind sem fest er á viðurkennda veltigrind er prófunarstöðin sem framkvæmdi prófunina á veltigrindinni venjulega sú eina sem hefur heimild til að framkvæma prófun á fallvarnargrindinni og til krefjast viðurkenningar.

3.4. Rýmkun til annarra tegunda dráttarvéla

3.4.1 [Á ekki við]

3.4.2 Tæknileg rýmkun

Ef prófunin var framkvæmd með lágmarksíhlutunum sem krafist er (eins og á mynd 10.3) þá getur prófunarstöðin sem framkvæmdi upprunalegu prófunina gefið út „skýrslu um tæknilega rýmkun“ í eftirfarandi tilvikum: [sjá 3.4.2.1]

Ef prófunin var framkvæmd með festingum veltigrindarinnar við dráttarvélina/grindina (eins og á mynd 10.4.) og þegar tæknilegar breytingar verða á dráttarvélinni, veltigrindinni eða áfestingaraðferð veltigrindarinnar við grind ökutækisins þá getur prófunarstöðin sem framkvæmdi upphaflegu prófunina gefið út „skýrslu um tæknilega rýmkun“ í eftirfarandi tilvikum: [sjá 3.4.2.1]

3.4.2.1. Rýmkun niðurstaðna prófana á grind til annarra tegunda dráttarvéla

Höggprófanirnar þarf ekki að framkvæma á hverri tegund dráttarvélar, að því gefnu að veltigrind og dráttarvél samræmist skilyrðunum sem vísað er til í liðum 3.4.2.1.1 til 3.4.2.1.3.

3.4.2.1.1 Grindin skal vera eins og sú sem prófuð var.

3.4.2.1.2 Ef prófunin sem fór fram fól í sér aðferð við áfestingu við grind ökutækisins eru festingaríhlutir dráttarvélar/festingar veltigrindar þeir sömu,

3.4.2.1.3 Staðsetning og helstu mál sætisins í veltigrindinni og hlutfallsleg staðsetning veltigrindarinnar á dráttarvélinni skal vera slík að öryggissvæðið hefði verið varið í grind með sveigju í öllum prófunum (þetta skal athugað með því að nota sömu viðmiðun fyrir auða svæðið og í upphaflegu prófunarskýrslunni, viðmiðunarpunkt sætis eða málpunkt sætis, eftir því sem við á.

3.4.2.2. Rýmkun niðurstaðna prófana á grind til breyttra tegunda veltigrinda

Þessu ferli verður að fylgja þegar ákvæði málsgreinar 3.4.2.1 eru ekki uppfyllt, það skal ekki nota þegar festingaraðferð veltigrindar við dráttarvélina fylgir ekki áfram sömu meginreglu (t.d. fjöðrunarbúnaður kemur í stað gúmmístoða):

Breytingar sem hafa engin áhrif á niðurstöður upphaflegu prófananna (t.d. logsuðufesting uppfestingarplötu aukahlutar á stað á grindinni sem ekki er mikilvægur), viðbót sæta með annarri staðsetningu málpunkts sætis í veltigrind (að því tilskildu að athugað sé að nýja öryggissvæðið (nýju öryggissvæðin) sé(u) áfram varið (varin)).

Setja má fleiri en eina breytingu á veltigrind í eina skýrslu um rýmkun ef þær eru mismunandi valkostir við sömu veltigrind. Þeim valkostum sem ekki eru prófaðir skal lýst í sérstökum hluta skýrslunnar um rýmkun.

3.4.3 Í öllum tilvikum skal prófunarskýrslan innihalda tilvísun í upprunalegu prófunarskýrsluna.

3.5. [Á ekki við]

3.6. *Eiginleikar veltigrinda í köldu veðri*

3.6.1 Ef staðhæft er að veltigrind hafi eiginleika til varnar stökkva í köldu veðri skal framleiðandi gefa upplýsingar um það í skýrslunni.

3.6.2 Eftirfarandi kröfum og aðferðum er ætlað að veita styrk og þol gegn stökkvabrotum við lækkað hitastig. Mælt er með að eftirfarandi lágmarkskröfur varðandi smíðaefni skuli uppfylltar þegar dæmt er um hvort veltigrind henti við lækkað notkunarhitastig í þeim löndum þar sem þessarar viðbótarvarnar er krafist:

3.6.2.1. Boltar og rær, sem notaðar eru til að festa veltigrindina á dráttarvélina og tengja hluta veltigrindarinnar sem eru burðarvirki, skulu sýna fullnægjandi eiginleika að því er varðar þol gegn lækkuðu hitastigi.

3.6.2.2. Öll logsoðin rafskaut sem notuð eru við gerð burðareininga og festinga skulu samrýmast smíðaefni veltigrindarinnar, eins og gefið er upp í lið 3.8.2.3 hér á eftir.

3.6.2.3. Stálefni fyrir burðareiningar veltigrindarinnar skulu vera úr viðurkenndu styrkleikaefni sem uppfyllir að lágmarki Charpy V-Notch kröfur um högg, eins og sýnt er í töflu 10.2. Flokk og gæði stáls skal tilgreina í samræmi við ISO-staðal 630:1995, breyting 1:2003.

Stál með útrúllaðri þykkt minni en 2,5 mm og minna en 0,2 hundraðshluta kolefnisinnihald telst uppfylla þessa kröfu.

Burðareiningar veltigrindar sem gerðar eru úr smíðaefnum öðrum en stáli skulu hafa sambærilegt höggþol og það sem krafist er fyrir smíðaefni úr stáli.

3.6.2.4. Þegar Charpy V-Notch kröfur um höggorku eru prófaðar skal stærð sýnishorns ekki vera minni en sú stærsta af þeim stærðum sem taldar eru upp í töflu 1 sem smíðaefnið leyfir

3.6.2.5. Charpy V-Notch prófanirnar skulu gerðar í samræmi við aðferðina í ASTM A 370-1979, nema fyrir sýnishornastærðir sem skulu vera í samræmi við stærðirnar sem gefnar eru upp í töflu 10.2.

3.6.2.6. Annar valkostur við þessa aðferð er notkun róaðs eða hálf-róaðs stáls sem leggja skal fram fullnægjandi forskriftir fyrir. Flokk og gæði stáls skal tilgreina í samræmi við ISO-staðal 630:1995, breyting 1:2003.

3.6.2.7. Sýnishorn skulu vera eftir endilöngu og tekin úr flötum stafla, pípu- eða grindahlutum áður en þau eru formuð eða logsoðin til notkunar í veltigrindina. Sýnishorn úr pípu- eða grindahlutum skulu tekin úr miðju hliðar með stærstu málin og skulu ekki vera logsoðin.

Tafla 10.2

Höggorka - Lágmarks Charpy V-Notch kröfur um höggorku fyrir smíðaefni veltigrinda við hitastig sýnishorns á bilinu – 20 °C til – 30 °C .


Stærð sýnishorns	Orka við	Orka við
	– 30 °C	– 20 °C
mm	J	J[b]
10 × 10[a]	11	27,5
10 × 9	10	25
10 × 8	9,5	24
10 × 7,5[a]	9,5	24
10 × 7	9	22,5
10 × 6,7	8,5	21
10 × 6	8	20
10 × 5[a]	7,5	19

Stærð sýnishorns	Orka við	Orka við
	– 30 °C	– 20 °C
mm	J	J([b])
10 × 4	7	17,5
10 × 3,5	6	15
10 × 3	6	15
10 × 2,5[a]	5,5	14

([a]) Gefur til kynna þá stærð sem mælt er með. Stærð sýnishorns skal ekki vera minni en mesta stærð sem mælt er með sem efnið leyfir.
([b]) Nauðsynleg orka við – 20 °C er 2,5 sinnum gildið sem tilgreint er fyrir – 30 °C. Aðrir þættir hafa áhrif á höggþol, þ.e. völsunarstefna, flotstyrkur, kornastefna og logsuða. Taka skal tillit til þessara þátta við val og notkun á stáli.


Mynd 10.1

Höggpunkturinn miðað við auða svæðið




Mynd 10.2

Höggpunktar í fallprófun miðað við rýmið sem aflagast ekki



Tilvik 1

Skýringar
1. Miðja A-B-C-D
2. Megineiningar
3. Hlutur sem er notaður í fallprófun
4. Efsta plan rýmisins sem aflagast ekki



Tilvik 2

Skýringar
1. Miðja A-B-C-D
2. Megineiningar
3. Hlutur sem er notaður í fallprófun
4. Efsta plan rýmisins sem aflagast ekki

Mynd 10.3




Mynd 10.4

Tilhögun við prófun fallvarnargrindar þegar hún er fest við grind ökutækisins


Mynd 10.4a

Með festingum



Mynd 10.4b

Með fjöðrunaríhlutum



Skýringar við XI. viðauka

([1]) Nema annað sé tekið fram er texti krafnanna og númeraröðin sem sett er fram í lið C eins og textinn og númeraröðin í stöðluðum reglum OECD um opinberar prófanir á fallvarnargrindum á dráttarvélum fyrir landbúnað og skógrækt, regla Efnahags- og framfarastofnunin nr. 10, útgáfa 2015 frá júlí 2014.

XII. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um farþegasæti

1. **Kröfur**

1.1 Farþegasæti, ef þau eru til staðar, skulu uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í EN 15694:2009 og kröfurnar í lið 2.4 í XIV. viðauka.

1.2 Ökutæki sem búið er sæti sem setið er klofvega á og stýrishandföngum og með massa án hleðslu, tilbúið til aksturs að undanskildum massa ökumanns, sem er minni en 400 kg og hannað til að flytja farþega skal uppfylla tæknilegu kröfurnar fyrir farþegasæti í torfæruökutækjum af gerð II í EN 15997:2011 í stað EN 15694:2009.

XIII. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um váhrif sem ökumaður verður fyrir vegna hávaðastigs

1. **Almennar kröfur**

1.1 Mælieining

Mæla skal A-vegin hávaðamörk LA í dB, gefin upp sem dB(A).

1.2 Mörk hávaðastigs

Hvað varðar dráttarvélar fyrir landbúnað og skógrækt á hjólum og beltum skulu váhrif sem ökumenn verða fyrir af völdum hávaðastigs vera innan eftirfarandi marka:

90 dB(A) í samræmi við prófunaraðferð 1 eins og sett er fram í lið 2,

eða

86 dB(A) í samræmi við prófunaraðferð 2 eins og sett er fram í lið 3,

1.3 Mælitæki

Mæla skal hávaðamörk fyrir ökumenn með hljóðstigsmæli eins og lýst er í fyrstu prentun af útgáfu nr. 179/1965 frá alþjóðaraftæknineFndinni.

Ef álestrar eru breytilegir er tekið meðaltal hámarksgilda.

2. **Prófunaraðferð 1**

2.1 Skilyrði við mælingu

Mælingar skulu gerðar við eftirfarandi skilyrði:

2.1.1 dráttarvélin á að vera án hleðslu, þ.e. án aukabúnaðar, en með kælivökva, smurolíu, fullum eldsneytisgeymi, verkfærum og ökumanni. Ökumaður má ekki vera í óvenjulega þykkum fötum, með trefil eða höfuðfat. Enginn hlutur má vera í dráttarvélinni sem hugsanlega gæti breytt hávaðamörkunum,

2.1.2 loft er sett á hjólbarðana þar til þrýstingur er eins og dráttarvélarframleiðandinn mælir fyrir um, hreyfill, gírkassar og drifásar verða að hafa náð eðlilegum ganghita og ef kæliþekjur eru til staðar eru þær hafðar opnar meðan mælingar fara fram,

2.1.3 aukabúnaður sem gengur fyrir afli hreyfilsins eða er sjálfknúinn, s.s. rúðuþurrkur, hitablásari eða aflúttak, má ekki vera í gangi meðan mælingar fara fram ef líkur eru á að hann hafi áhrif á hávaðamörkin, búnaður sem er yfirleitt í gangi á sama tíma og hreyfillinn gengur, s.s. kælivifta hreyfils, er hafður í gangi meðan mælingar fara fram,

2.1.4 prófunarsvæðið verður að vera á stað þar sem nægilega hljótt er og viðáttumikið, það má t.d. vera opið svæði með 50 m radíus með tiltölulega sléttu svæði í miðjunni með a.m.k. 20 m radíus eða vegarspotti með harðri braut með eins flötu og sléttu yfirborði og kostur er. Brautin verður að vera eins hrein og þurr og hægt er (þ.e. þar má ekki vera möl, laufblöð, snjór o.s.frv.). Brekkur og ójöfnur eru því aðeins leyfilegar að breytingar á hávaðamörkum sem þær framkalla séu innan leyfilegra vikmarka mælitækis,

2.1.5. yfirborð brautarinnar á að vera þannig að hávaði frá hjólbörðum verði ekki of mikill,

2.1.6. veðrið á að vera gott og þurrt og hægur eða enginn vindur.

Mörk á umhverfishávaða sem orsakast af vindi eða öðru verða að vera minnst 10 dB(A) fyrir neðan hávaðamörk dráttarvélar,

2.1.7. ef ökutæki er notað við mælingarnar verður að draga það eða aka því nægilega langt frá dráttarvélinni til að forðast truflanir. Meðan mælingar standa yfir má enginn hlutur sem truflar mælingarnar eða fletir sem endurvarpa hljóði vera innan 20 m hvorum megin prófunarbrautar og ekki innan 20 m fyrir framan eða aftan dráttarvélina. Þessu skilyrði telst vera fullnægt ef breytt hávaðamörk sem af þessu stafa eru innan leyfilegra vikmarka. Að öðrum kosti verður að hætta mælingum meðan truflunin varir,

2.1.8. allar mælingar í tiltekinni röð verða að fara fram á sömu braut.

2.1.9. Ökutæki í flokki C með stálbeltum skulu prófuð á lagi af rökum sandi eins og tilgreint er í mgr. 5.3.2 í ISO-staðli 6395:2008.

2.2. Mæliaðferð

2.2.1. Hljóðneminn er hafður til hliðar við miðjuplan sætisins, í 250 mm fjarlægð frá þeirri hlið þar sem hávaðamörkin eru hærri.

Hljóðhimna hljóðnemans er látin snúa fram og miðja hljóðnemans skal vera 790 mm fyrir ofan og 150 mm fyrir framan viðmiðunarpunkt sætis eins og lýst er í III. viðauka. Koma skal í veg fyrir að hljóðnemar titri of mikið.

2.2.2. Efstu hávaðamörk í dB (A) skulu ákvörðuð með eftirfarandi hætti:

2.2.2.1. öll op (þ.e. dyr, gluggar) á dráttarvélum með raðsmíðaðri yfirbyggingu eru höfð lokuð í fyrstu röð mælinga.

2.2.2.1.1. Í annarri röð eru þau höfð opin, að því tilskildu að slíkt skapi ekki umferðarhættu, en opnanlegar framrúður eru lokaðar,

2.2.2.2. hávaði er mældur með því að stilla hljóðstigsmæli á „hægt“ við álag er framkallar hámarkshávaða og dráttarvélin höfð í þeim gír sem gefur hraða áfram sem er næst því að vera 7,5 km/klst., eða 5 km/klst. fyrir dráttarvélar á stálbeltum.

Eldsneytisgjöf er höfð fullopin. Byrjað er án álags, síðan er álagið aukið þar til efstu hávaðamörk finnast. Á eftir hverri álagsaukningu þarf að líða nægilega langur tími fram að næstu mælingu eða þar til hávaðinn er orðinn jafn og stöðugur,

2.2.2.3. hávaði er mældur með því að stilla hljóðstigsmæli á „hægt“ við álag er framkallar hámarkshávaða í hvaða gír sem er, nema þeim sem um getur í lið 2.2.2.2, sem hefur skráð hávaðamörk minnst 1 dB (A) ofar skráðum mörkum í gírnum sem vísað er til í lið 2.2.2.2.

Eldsneytisgjöf er höfð fullopin. Byrjað er án álags, síðan er álagið aukið þar til efstu hávaðamörk finnast. Á eftir hverri álagsaukningu þarf að líða nægilega langur tími fram að næstu mælingu eða þar til hávaðinn er orðinn jafn og stöðugur,

2.2.2.4. hávaðinn er mældur á hámarkshönnunarhraða dráttarvélarinnar án hleðslu,

2.3. Innihald prófunarskýrslu

2.3.1. Fyrir dráttarvélar í flokki T og dráttarvélar í flokki C á gúmmíbeltum skal prófunarskýrslan ná til hávaðamælinga sem gerðar eru við eftirtalin skilyrði:

2.3.1.1. í gír sem gefur hraða áfram sem er næst því að vera 7,5 km/klst.,

2.3.1.2. í hvaða gír sem er, ef skilyrðunum sem lýst er í lið 3.2.3 er fullnægt,

2.3.1.3. á hámarkshönnunarhraða.

2.3.2. Fyrir dráttarvélar í flokki C á stálbeltum skal prófunarskýrslan ná til hávaðamælinga sem gerðar eru við eftirtalin skilyrði:

2.3.2.1. í gír sem gefur hraða áfram sem er næst því að vera 5 km/klst.,

2.3.2.2. þegar dráttarvélin er í kyrrstöðu.

2.4. Matsviðmiðanir

2.4.1. Fyrir dráttarvélar í flokki T og dráttarvélar í flokki C með gúmmíbeltum mega mælingarnar sem lýst er í liðum 2.2.2.1, 2.2.2.2, 2.2.2.3 og 2.2.2.4 ekki fara yfir gildin sem mælt er fyrir um í lið 1.2.

2.4.2. Fyrir dráttarvélar í flokki C með stálbeltum má mælingin sem lýst er í lið 2.3.2.2 ekki fara yfir gildin sem mælt er fyrir um í lið 1.2. Mælingarnar sem lýst er í liðum 2.3.2.1 og 2.3.2.2 skulu vera með í prófunarskýrslunni.

3. **Prófunaraðferð 2**

3.1. Skilyrði við mælingu

Mælingar skulu gerðar við eftirfarandi skilyrði:

3.1.1. dráttarvélin á að vera án hleðslu, þ.e. án aukabúnaðar, en með kælivökva, smurolíu, fullum eldsneytisgeymi, verkfærum og ökumanni. Ökumaður má ekki vera í óvenjulega þykkum fötum, með trefil eða höfuðfat. Enginn hlutur má vera í dráttarvélinni sem hugsanlega gæti breytt hávaðamörkunum,

3.1.2. loft er sett á hjólbarðana þar til þrýstingur er eins og dráttarvélarframleiðandinn mælir fyrir um, hreyfill, gírar og drifásar verða að vera á eðlilegum ganghita og ef kæligrindur eru á hreyflinum eru þær hafðar opnar meðan mælingar fara fram,

3.1.3. aukabúnaður sem gengur fyrir afli hreyfilsins eða er sjálfknúinn, s.s. rúðuþurrkur, hitablásari eða aflúttak til dæmis, má ekki vera í gangi meðan mælingar fara fram ef líkur eru á að hann hafi áhrif á hávaðamörkin, búnaður sem er yfirleitt í gangi á sama tíma og hreyfillinn gengur, s.s. kælivifta hreyfils til dæmis, er hafður í gangi meðan mælingar fara fram,

3.1.4. prófunarsvæðið verður að vera á stað þar sem nægilega hljótt er og víðáttumikið: það má t.d. vera opið svæði með 50 m radíus með tiltölulega sléttu svæði í miðjunni með a.m.k. 20 m radíus eða vegarspotti með harðri braut með eins flötu og sléttu yfirborði og kostur er. Brautin verður að vera eins hrein og þurr og hægt er (þ.e. þar má ekki vera möl, laufblöð, snjór o.s.frv.). Brekkur og ójöfnur eru því aðeins leyfilegar að breytingar á hávaðamörkum sem þær framkalla séu innan leyfilegra vikmarka mælitækis,

3.1.5. yfirborð brautarinnar á að vera þannig að hávaði frá hjólbörðum verði ekki of mikill,

3.1.6. veðrið á að vera gott og þurrt og hægur eða enginn vindur.

Mörk á umhverfishávaða sem orsakast af vindi eða öðru verða að vera minnst 10 dB(A) fyrir neðan hávaðamörk dráttarvélar,

3.1.7. ef ökutæki er notað við mælingarnar verður að draga það eða aka því nægilega langt frá dráttarvélinni til að forðast truflanir. Meðan mælingar standa yfir má enginn hlutur sem truflar mælingarnar eða fletir sem endurvarpa hljóði vera innan 20 m hvorum megin prófunarbrautar og ekki innan 20 m fyrir framan eða aftan dráttarvélina. Þessu skilyrði telst vera fullnægt ef breytt hávaðamörk sem af þessu stafa eru innan leyfilegra vikmarka. Að öðrum kosti verður að hætta mælingum meðan truflunin varir,

3.1.8. allar mælingar í tiltekinni röð verða að fara fram á sömu braut.

3.1.9. Ökutæki í flokki C með stálbeltum skulu prófuð á lagi af rökum sandi eins og tilgreint er í mgr. 5.3.2 í ISO-staðli 6395:2008.

3.2. Mæliaðferð

3.2.1. Hljóðneminn er hafður til hliðar við miðjuplan sætisins, í 250 mm fjarlægð frá þeirri hlið þar sem hávaðamörkin eru hærri.

Hljóðhimna hljóðnemans er látin snúa fram og miðja hljóðnemans skal vera 790 mm fyrir ofan og 150 mm fyrir framan viðmiðunarpunkt sætis eins og lýst er í III. viðauka. Koma skal í veg fyrir að hljóðnemar titri of mikið.

3.2.2. Hávaðamörk skulu ákvörðuð með eftirfarandi hætti:

3.2.2.1. dráttarvélin verður að fara eftir brautinni á sama prófunarhraða minnst þrisvar sinnum í minnst tíu sekúndur,

3.2.2.2. öll op (þ.e. dyr, gluggar) á dráttarvélum með raðsmíðaðri yfirbyggingu eru höfð lokuð í fyrstu röð mælinga.

3.2.2.2.1. Í annarri umferð eru þau höfð opin, að því tilskildu að slíkt skapi ekki umferðarhættu, en opnanlegar framrúður eru hafðar lokaðar,

3.2.2.3. hávaði er mældur á hámarkssnúningshraða með því að stilla hljóðstigsmæli á „hægt“, og dráttarvélin höfð í þeim gír sem gefur hraða áfram sem er næst því að vera 7,5 km/klst. Dráttarvélin verður að vera án hleðslu meðan mælingar standa yfir.

3.3. Innihald prófunarskýrslu

Fyrir dráttarvélar í flokki C á stálbeltum skal prófunarskýrslan ná til hávaðamælinga sem gerðar eru við eftirtalin skilyrði:

3.3.1. í gír sem gefur hraða áfram sem er næst því að vera 5 km/klst.,

3.3.2. þegar dráttarvélin er í kyrrstöðu.

3.4. Matsviðmiðanir

3.4.1. Fyrir dráttarvélar í flokki T og dráttarvélar í flokki C með gúmmíbeltum mega mælingarnar sem lýst er í liðum 3.2.2.2 og 3.2.2.3 ekki fara yfir gildin sem mælt er fyrir um í lið 1.2.

3.4.2. Fyrir dráttarvélar í flokki C með stálbeltum má mælingin sem lýst er í lið 3.3.2 ekki fara yfir gildin sem mælt er fyrir um í lið 1.2. Mælingarnar sem lýst er í liðum 3.3.1 og 3.3.2 skulu vera með í prófunarskýrslunni.

_____

XIV. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um ökumannssætið

SKRÁ YFIR VIÐBÆTA

Númer viðbætis	Fyrirsögn viðbætis	Bls.
1	Ákvörðun á eiginleikum fjöðrunarkerfisins og stillisviði fyrir álag (liður 3.5.1)	239
2	Prófun á staðlaðri akbraut Tafla yfir lóðhnit upphækkunar miðað við grunnhæð sem skilgreinir yfirborð hverrar rein akbrautarinnar (liður 3.5.3.2.1)	240
3	Kjörgildismerki fyrir skoðun á ökumannssæti á prófunarstandi á dráttarvélum í flokki A (undirflokki I) (liður 3.5.3.1.1)	244
4a	Kjörgildismerki fyrir skoðun á ökumannssæti á prófunarstandi á dráttarvélum í flokki A (undirflokki II) (liður 3.5.3.1.1)	249
4b	Kjörgildismerki fyrir skoðun á ökumannssæti á prófunarstandi á dráttarvélum í flokki A (undirflokki III) (liður 3.5.3.1.1)	254
5	Prófunarstandur (liður 3.5.3.1), dæmi um smíði (mál í mm)	260
6	Eiginleikar síunnar á sveiflumælitækinu (liður 2.5.3.3.5)	261
7	Uppsetningarkröfur varðandi ökumannssæti vegna ESB-gerðarviðurkenningar dráttarvélar	262
8	Aðferð til að ákvarða viðmiðunarpunkt sætis	263

1. **Skilgreiningar**

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1.1. „Sætisyfirborð“ nánast láréttur flötur sætisins sem heldur ökumanninum uppi þegar hann situr.

1.2. „Sætisstoðir til beggja hliða“ búnaður eða lögun sætisyfirborðsins sem kemur í veg fyrir að ökumaðurinn renni til hliðar.

1.3. „Sætisarmar“ búnaður á hvorri hlið sætisins sem styður við handleggi ökumanns þegar hann situr.

1.4. „Dýpt sætisyfirborðsins“ lárétt fjarlægð milli viðmiðunarpunkts sætis og frambrúnar sætisyfirborðsins.

1.5. „Breidd sætisyfirborðsins“lárétt fjarlægð milli ytri brúna sætisyfirborðsins mælt í plani sem er hornrétt á miðjuplan sætisins.

1.6. „Álagsstillingarbil“ bilið milli tvenns konar álags sem samsvarar meðalgildi fjöðrunarkerfisferlanna sem teiknaðir eru fyrir þyngsta og léttasta ökumanninn.

1.7. „Fjöðrunarferill“ lóðrétt fjarlægð milli hæstu stöðu og stöðu á tilteknu augnabliki fyrir punkt sem staðsettur er á sætisyfirborðinu 200 mm fyrir framan viðmiðunarpunkt sætis í lengdarmiðjuplaninu.

1.8. „Sveifla“ lóðrétt hreyfing ökumannssætisins upp og niður.

1.9. „Sveifluhröðun (a)“ önnur afleiða sveiflufærslunnar með tilliti til tíma.

1.10. „Gildi fyrir kvaðratmeðaltalsrót hröðunar (a_{eff})“ kvaðratrót af kvaðratmeðaltali fyrir hröðun.

1.11. „Vegin sveifluhröðun (a_w)“ vegin sveifluhröðun sem ákvörðuð er með hjálp veginnar síu í samræmi við lið 3.5.3.3.5.2.

a_{wS}	=	gildi fyrir kvaðratmeðaltalsrót veginnar sveifluhröðunar sætis sem mæld er í prófun á prófunarbekk eða í prófun á staðlaðri akbraut,
a_{wB}	=	gildi fyrir kvaðratmeðaltalsrót veginnar sveifluhröðunar mæld í sætisfestingunni við prófun í prófunarbekk,
a_{wB}*	=	viðmiðunargildi fyrir kvaðratmeðaltalsrót veginnar sveifluhröðunar mæld í sætisfestingunni,
a_{wS}*	=	leiðrétt gildi fyrir kvaðratmeðaltalsrót veginnar sveifluhröðunar sætis sem mæld er í prófun á prófunarbekk,
a_{wF}*	=	gildi fyrir kvaðratmeðaltalsrót veginnar sveifluhröðunar mæld í sætisfestingunni við prófun í prófunarbekk,

1.12. „Sveifluhlutfall“ hlutfall veginnar sveifluhröðunar sem mæld er í sæti ökumanns miðað þá sem mæld er í sætisfestingunni í samræmi við lið 3.5.3.3.2.

1.13. „Sveifluflokkur“ flokkur eða hópur dráttarvéla sem sýna sömu sveifleiginleika.

1.14. „Dráttarvél í flokki A“ dráttarvél sem hægt er að setja í tiltekinn sveifluflokk vegna svipaðra hönnunareinkenna

Helstu eiginleikar þessara dráttarvéla eru:

fjöldi ása: tveir með hjól eða gúmmíbeltum á a.m.k. öðrum ásnum

fjöðrun: afturás án fjöðrunar

Dráttarvélum í flokki A er hægt að skipta í þrjá flokka:

Flokkur I	dráttarvélar með massa án hleðslu upp að 3600 kg,
Flokkur II	dráttarvélar með massa án hleðslu á bilinu 3600 — 6500 kg,
Flokkur III	dráttarvélar með massa án hleðslu sem er meiri en 6500 kg.

1.15. „Dráttarvél í flokki B“ dráttarvél sem ekki er hægt að setja í sveifluflokk í flokki A.

1.16. „Sæti af sömu gerð“ sæti sem eru eins að því er varðar grunnatriði, einu þættirnir sem geta verið frábrugðnir varðandi sæti eru eftirfarandi:

— mál,

— staða og halli bakstoðar,

— halli sætisyfirborðs,

— lengdarstillingar, og lóðréttar stillingar sætisins,

2. **Almennar kröfur**

2.1. Ökumannssætið skal hannað til að tryggja þægilega stöðu ökumannsins þegar hann stýrir eða hreyfir dráttarvélina og til að veita honum ítrustu vernd að því er varðar heilbrigði og öryggi.

2.2. Sæti skal vera hægt að stilla í lengdarstefnu og hæð þess án þess að nota verkfæri.

2.3. Sætið skal hannað til að draga úr höggum og sveiflum. Það skal því vera vel fjaðrandi, draga vel úr sveifluhreyfingum og veita viðeigandi stuðning að aftan og á hliðum.

Stoðir til beggja hliða teljast fullnægjandi ef sætið er hannað til að kom í veg fyrir að líkami ökumannsins renni til hliðar.

2.3.1. Sætið skal henta fyrir einstaklinga með mismunandi massa Allar stillingar til að uppfylla þessa kröfu skulu fara fram án þess að nota verkfæri.

2.4. Sætisyfirborðið, bakstoðin, stoðir til beggja hliða og armar sem hægt er að fjarlægja, fella niður eða sem eru fastir skulu vera bólstruð og áklæðið skal þola þvott.

2.5. Viðmiðunarpunktur sætis skal reiknaður út með þeim hætti sem er tilgreindur í 8. viðbæti.

2.6. Ef ekki er kveðið á um annað skulu mælingarnar og vikmörkin uppfylla eftirfarandi kröfur:

2.6.1. mælingar skulu gefnar upp í heilum einingum, námundaðar að næstu heilu tölu,

2.6.2. mælitækin sem notuð eru við mælingar skulu gera kleift að mæligildið sé námundað að næstu heilu einingu og skal vera nákvæmt innan eftirfarandi vikmarka:

— að því er varðar lengd: ± 0,5%,

— að því er varðar hornamælingar: ± 1°,

— að því er varðar ákvörðun á massa dráttarvélar: ± 20 kg,

— að því er varðar mælingar á þrýstingi í hjólbörðum: ± 0,1 bar,

2.6.3. að því er varðar öll gögn er varða mál eru vikmörk sem nema ± 5% leyfð.

2.7. Sætið skal gangast undir eftirfarandi prófanir, sem fara fram á sama sætinu og í þeirri röð sem tilgreind er hér að neðan:

2.7.1. ákvörðun á eiginleikum fjöðrunar og stillingarsviði fyrir massa ökumanns,

2.7.2. ákvörðun á hliðarstöðugleika,

2.7.3. ákvörðun á lóðréttum sveifleiginleikum.

2.7.4. Ákvörðun á deyfingareiginleikum á meðsveiflunarsviðinu.

2.8. Ef sætið er framleitt þannig að það geti snúist um lóðrétttan ás þá fara prófanir fram þannig að sætið snúi í framvísandi stöðu, læst í stöðu sem er samsíða lengdarmiðjuplani dráttarvélarinnar.

2.9. Sætið sem gengst undir framangreindar prófanir verður að búa yfir sömu eiginleikum með tilliti til smíði og festinga og sæti úr raðframleiðslu.

2.10. Áður en prófanirnar fara fram verður framleiðandinn að hafa tilkeyrt sætið.

2.11. Prófunarstofan skal útbúa prófunarskýrslu sem staðfestir að öllum tilgreindum prófunum á sætinu hafi verið lokið án skemmda og innihalda upplýsingar um eiginleika sveifluhreyfinga sætis.

328	5	8,950	364	15	9,935	400	– 2	10,921	436	– 6	11,906	472	– 10	12,891
329	11	8,978	365	14	9,963	401	– 6	10,949	437	– 6	11,934	473	– 8	12,915
330	15	9,005	366	10	9,990	402	– 7	10,975	438	– 4	11,961	474	– 5	12,946
331	17	9,032	367	5	10,018	403	– 8	11,003	439	– 3	11,988	475	– 2	12,974
332	15	9,060	368	– 0	10,045	404	– 7	11,030	440	– 1	12,016	476	1	13,001
333	11	9,087	369	– 5	10,072	405	– 5	11,058	441	0	12,043	477	3	13,028
334	5	9,114	370	– 10	10,100	406	– 2	11,085	442	2	12,070	478	6	13,056
335	– 2	9,142	371	– 13	10,127	407	0	11,112	443	4	12,098	479	6	13,083
336	– 9	9,169	372	– 15	10,154	408	4	11,140	444	6	12,125	480	5	13,110
337	– 15	9,196	372	– 14	10,182	409	6	11,167	445	7	12,152	481	4	13,138
338	– 18	9,224	374	– 12	10,209	410	7	11,195	446	7	12,180	482	2	13,165
339	– 19	9,261	375	– 7	10,237	411	7	11,222	447	7	12,207	483	0	13,193
340	– 16	9,279	376	– 2	10,264	412	6	11,249	448	6	12,235	484	– 0	13,220
341	– 11	9,306	377	2	10,291	413	4	11,277	449	4	12,262	485	– 1	13,247
342	– 3	9,333	378	8	10,319	414	1	11,304	450	1	12,289	486	– 2	13,275
343	4	9,361	379	11	10,346	415	– 1	11,331	451	– 1	12,317	487	– 2	13,302
344	11	9,388	380	13	10,373	416	– 4	11,359	452	– 5	12,344	488	– 1	13,329
345	16	9,415	381	13	10,401	417	– 7	11,386	453	– 8	12,371	489	– 1	13,357
346	19	9,443	382	11	10,428	418	– 8	11,413	454	– 10	12,399	490	– 0	13,384
347	19	9,470	383	7	10,456	419	– 8	11,441	455	– 11	12,426	491	0	13,412
348	16	9,498	384	2	10,483	420	– 6	11,468	456	– 11	12,454	492	1	13,439
349	11	9,525	385	– 2	10,510	421	– 4	11,496	457	– 9	12,481	493	1	13,466
350	4	9,552	386	– 7	10,538	422	– 1	11,523	458	– 5	12,509	494	1	13,494
351	– 2	9,580	387	– 10	10,565	423	1	11,550	459	– 1	12,536	495	0	13,521
352	– 9	9,607	388	– 11	10,592	424	4	11,578	460	3	12,563	496	0	13,548
353	– 14	9,634	389	– 11	10,620	425	7	11,605	461	8	12,590	497	– 0	13,576
354	– 17	9,662	390	– 8	10,647	426	8	11,632	462	11	12,618	498	– 1	13,603

PS No	a mm	t s	PS No	a mm	t s	PS No	a mm	t s	PS No	a mm	t s	PS No	a mm	t s
499	– 1	13,630	535	4	14,616	571	8	15,601	607	– 12	16,587	643	– 5	17,572
500	– 1	13,659	536	3	14,643	572	1	15,629	608	– 15	16,614	644	– 6	17,599
501	– 1	13,685	537	2	14,671	573	– 6	15,656	609	– 16	16,641	645	– 6	17,627
502	– 1	13,713	538	1	14,698	574	– 12	15,683	610	– 16	16,669	646	– 6	17,654
503	– 1	13,740	539	– 0	14,725	575	– 17	15,711	611	– 13	16,696	647	– 4	17,681
504	– 0	13,767	540	– 2	14,753	576	– 19	15,738	612	– 8	16,728	648	– 3	17,709
505	– 0	13,795	541	– 5	14,780	577	– 19	15,766	613	– 3	16,741	649	– 1	17,736
506	0	13,822	542	– 7	14,807	578	– 15	15,793	614	2	16,776	650	– 0	17,763
507	1	13,849	543	– 8	14,835	579	– 10	15,820	615	8	16,803	651	0	17,791
508	1	13,877	544	– 8	14,862	580	– 8	15,848	616	12	16,833	652	1	17,818
509	2	13,904	545	– 7	14,890	581	4	15,875	617	15	16,860	653	0	17,845
510	2	13,932	546	– 5	14,917	582	11	15,902	618	16	16,888	654	0	17,873
511	2	13,959	547	– 1	14,944	583	16	15,930	619	15	16,915	655	0	17,900
512	2	13,986	548	1	14,972	584	18	15,957	620	12	16,942	656	– 0	17,928
513	1	14,014	549	6	14,999	585	18	15,984	621	8	16,970	657	– 0	17,955
514	1	14,041	550	9	15,026	586	15	16,012	622	2	16,997	658	– 0	17,982
515	0	14,068	551	12	15,054	587	10	16,039	623	– 2	17,024	659	0	18,010
516	– 0	14,096	552	13	15,081	588	3	16,066	624	– 8	17,052	660	1	18,037
517	– 1	14,123	553	11	15,109	589	– 3	16,094	625	– 12	17,079	661	3	18,065
518	– 1	14,151	554	9	15,136	590	– 10	16,121	626	– 14	17,107	662	4	18,092
519	– 2	14,178	555	4	15,163	591	– 15	16,149	627	– 15	17,134	663	5	18,119
520	– 2	14,205	556	– 0	15,191	592	– 17	16,176	628	– 14	17,161	664	5	18,147
521	– 2	14,233	557	– 6	15,218	593	– 17	16,203	629	– 11	17,189	665	5	18,174
522	– 2	14,260	558	– 11	15,245	594	– 15	15,231	630	– 7	17,216	666	4	18,201
523	– 1	14,287	559	– 15	15,273	595	– 10	16,258	631	– 2	17,243	667	2	18,229
524	– 1	14,316	560	– 16	15,300	596	– 3	16,285	632	1	17,271	668	– 0	18,256
525	– 1	14,342	561	– 15	15,327	597	2	16,313	633	6	17,298	669	– 3	18,283
526	– 0	14,370	562	– 12	15,356	598	9	16,340	634	9	17,326	670	– 6	18,311
527	– 0	14,397	563	– 6	15,382	599	14	16,368	635	11	17,353	671	– 9	18,339
528	0	14,424	564	– 0	15,410	600	16	16,395	636	12	17,380	672	– 10	18,366
529	0	14,452	565	6	15,437	601	17	16,422	637	11	17,408	673	– 10	18,393
530	1	14,479	566	12	15,464	602	14	16,450	638	9	17,435	674	– 9	18,420
531	2	14,506	567	17	15,492	603	10	16,477	639	6	17,462	675	– 6	18,448
532	2	14,534	568	19	15,519	604	5	16,504	640	2	17,490	676	– 3	18,475
533	3	14,561	569	18	15,546	605	– 1	16,532	641	– 0	17,517	677	1	18,502
534	4	14,598	570	14	15,574	606	– 7	16,559	642	– 3	17,544	678	6	18,530

PS No	a mm	t s
679	10	18,557
680	12	18,585
681	14	18,612
682	13	18,639
683	10	18,667
684	6	18,694
685	1	18,721
686	– 3	18,749
687	– 6	18,776
688	– 11	18,804
689	– 13	18,831
690	– 13	18,858
691	– 10	18,886
692	– 7	18,913
693	– 3	18,940
694	1	18,968
695	4	18,996
696	7	19,022
697	8	19,050
698	8	19,077
699	6	19,105
700	4	19,132
701	1	19,159
702	– 0	19,187
703	– 2	19,214
704	– 2	19,241
705	– 2	19,269
706	– 1	19,296
707	0	19,324
708	1	19,351
709	2	19,978
710	2	19,406
711	1	19,433
712	– 0	19,460
713	– 2	19,488
714	– 5	19,515

PS No	a mm	t s
715	– 6	19,543
716	– 7	19,570
717	– 7	19,597
718	– 5	19,625
719	– 3	19,652
720	0	19,679
721	3	19,707
722	7	19,734
723	9	19,761
724	11	19,789
725	11	19,816
726	10	19,844
727	7	19,871
728	3	19,898
729	– 0	19,926
730	– 4	19,953
731	– 8	19,980
732	– 11	20,008
733	– 12	20,035
734	– 12	20,063
735	– 10	20,090
736	– 7	20,117
737	– 3	20,145
738	0	20,172
739	5	20,199
740	8	20,227
741	11	20,254
742	12	20,282
743	11	20,309
744	9	20,336
745	6	20,354
746	1	20,391
747	– 2	20,418
748	– 6	20,446
749	– 9	20,473
750	– 10	20,500

PS No	a mm	t s
751	– 9	20,526
752	– 7	20,556
753	– 4	20,583
754	– 1	20,610
755	2	20,637
756	5	20,665
757	7	20,692
758	8	20,719
759	7	20,747
760	5	20,774
761	2	20,802
762	– 1	20,829
763	– 4	20,856
764	– 7	20,884
765	– 9	20,911
766	– 9	20,938
767	– 7	20,966
768	– 5	20,993
769	– 1	21,021
770	2	21,048
771	5	21,075
772	8	21,103
773	10	21,130
774	10	21,157
775	8	21,185
776	6	21,212
777	2	21,239
778	– 1	21,267
779	– 4	21,294
780	– 7	21,322
781	– 9	21,349
782	– 9	21,376
783	– 8	21,404
784	– 7	21,431
785	– 4	21,458
786	– 1	21,486

PS No	a mm	t s
787	1	21,513
788	4	21,541
789	6	21,568
790	7	21,595
791	7	21,623
792	7	21,650
793	5	21,677
794	3	21,705
795	0	21,732
796	– 1	21,760
797	– 4	21,787
798	– 5	21,814
799	– 6	21,842
800	– 5	21,869
801	– 4	21,896
802	– 2	21,924
803	– 0	21,951
804	2	21,978
805	4	22,006
806	5	22,033
807	5	22,061
808	4	22,088
809	3	22,115
810	0	22,143
811	– 1	22,170
812	– 3	22,197
813	– 5	22,225
814	– 6	22,252
815	– 5	22,280
816	– 4	22,307
817	– 3	22,334
818	– 0	22,362
819	1	22,389
820	4	22,416
821	5	22,444
822	6	22,471

PS No	a mm	t s
824	6	22,526
825	5	22,553
826	3	22,581
827	0	22,608
828	– 2	22,635
829	– 4	22,663
830	– 7	22,690
831	– 8	22,717
832	– 9	22,745
833	– 8	22,772
834	– 7	22,800
835	– 4	22,827
836	– 1	22,854
837	2	22,882
838	6	22,909
839	9	22,936
840	11	22,964
841	12	22,991
842	11	23,019
843	9	23,046
844	5	23,073
845	0	23,101
846	– 5	23,128
847	– 9	23,155
848	– 13	23,183
849	– 15	23,210
850	– 15	23,238
851	– 13	23,265
852	– 9	23,292
853	– 3	23,320
854	3	23,347
855	9	23,374
856	14	23,402
857	18	23,429
858	18	23,457
859	16	23,484

PS No	a mm	t s
860	12	23,511
861	5	23,539
862	– 1	23,566
863	– 7	23,593
864	– 13	23,621
865	– 16	23,648
866	– 17	23,675
867	– 16	23,703
868	– 12	23,730
869	– 7	23,758
870	– 1	23,785
871	4	23,812
872	9	23,840
873	12	23,867
874	14	23,894
875	13	23,922
876	11	23,949
877	7	23,977
878	2	24,004
879	– 1	24,031
880	– 6	24,059
881	– 9	24,086
882	– 11	24,113
883	– 11	24,141
884	– 9	24,168
885	– 6	24,196
886	– 3	24,223
887	0	24,250
888	4	24,278
889	7	24,305
890	9	24,332
891	9	24,360
892	8	24,387

PS No	a mm	t s
893	6	24,414
894	3	24,442
895	– 0	24,469
896	– 3	24,497
897	– 6	24,524
898	– 8	24,551
899	– 9	24,579
900	– 8	24,606
901	– 6	24,633
902	– 2	24,661
903	0	24,688
904	4	24,716
905	7	24,743
906	8	24,770
907	9	24,798
908	7	24,825
909	5	24,852
910	1	24,880
911	– 2	24,907
912	– 6	24,935
913	– 8	24,962
914	– 10	24,989
915	– 9	25,017
916	– 7	25,044
917	– 3	25,071
918	0	25,099
919	4	25,126
920	8	25,153
921	11	25,181
922	12	25,208
923	11	25,236
924	9	25,263
925	4	25,290

PS No	a mm	t s
926	– 0	25,318
927	– 5	25,345
928	– 9	25,372
929	– 12	25,400
930	– 13	25,427
931	– 12	25,455
932	– 9	25,482
933	– 5	25,509
934	– 0	25,537
935	4	25,564
936	8	25,591
937	11	25,619
938	13	25,645
939	13	25,674
940	11	25,701
941	7	25,728
942	3	25,756
943	– 1	25,783
944	– 5	25,810
945	– 8	25,839
946	– 10	25,855
947	– 11	25,892
948	– 10	25,920
949	– 8	25,947
950	– 6	25,975
951	– 2	26,002
952	0	26,029
953	3	26,057
954	5	26,084
955	7	26,111
956	8	26,139
957	8	26,166
958	7	26,194

PS No	a mm	t s
959	6	26,221
960	4	26,248
961	2	26,276
962	0	26,303
963	– 2	26,330
964	– 4	26,358
965	– 5	26,385
966	– 6	26,413
967	– 7	26,440
968	– 7	26,467
969	– 7	26,495
970	– 6	26,522
971	– 4	26,549
972	– 2	26,577
973	0	26,604
974	3	26,631
975	6	26,659
976	9	26,686
977	10	26,714
978	11	26,741
979	10	26,768
980	8	26,796
981	5	26,823
982	1	26,850
983	– 3	26,878
984	– 7	26,905
985	– 10	26,933
986	– 12	26,960
987	– 13	26,987
988	– 12	27,015
989	– 10	27,042
990	– 6	27,069
991	– 2	27,097


PS No	a mm	t s
992	2	27,124
993	6	27,152
994	10	27,179
995	12	27,206
996	14	27,234
997	13	27,261
998	11	27,288
999	8	27,316
1000	3	27,343
1001	– 0	27,370
1002	– 5	27,399
1003	– 9	27,426
1004	– 12	27,453
1005	– 13	27,480
1006	– 13	27,507
1007	– 11	27,535
1008	– 7	27,562
1009	– 2	27,589
1010	1	27,617
1011	6	27,644
1012	9	27,672
1013	11	27,699
1014	12	27,726
1015	10	27,754
1016	8	27,781
1017	4	27,808
1018	0	27,836
1019	– 3	27,863
1020	– 6	27,891
1021	– 8	27,918
1022	– 9	27,945
1023	– 8	27,973
1024	0	28,000

5. viðbætir

Prófunarstandur (liður 3.5.3.1), dæmi um smíði

(mál í mm)

(Mál í millímetrum)




A ± 20	B ± 20
265	985
285	960
305	935
325	895
345	855
365	835
385	825
405	805
425	785
445	765
465	745
485	725

(1) Horn stýrisstangarinnar miðað við lóðrétta planið fer eftir stöðu sætisins og þvermáli stýrishjólsins.

(2) Afturhalli yfirborðs setanna verður að vera 3 til 12 miðað lárétt plan þegar mælt er með álagsbúnaðinum í samræmi við 1. viðbæti við II. viðauka. Val á hallahorni í þessum undirflokki fer eftir stöðu þegar setið er.

Viðbætir 6

Eiginleikar síunnar á sveiflumælitækinu (liður 3.5.3.3.5)



Viðbætir 7

Uppsetningarkröfur varðandi ökumannssæti vegna ESB-gerðarviðurkenningar dráttarvélar

1. Öll sæti ökumanns með fjöðrunarkerfi verða að bera ESB-gerðarviðurkenningarmerki íhlutar og uppfylla eftirfarandi kröfur um uppsetningu:

1.1. sæti ökumanns skal sett upp þannig að:

1.1.1. ökumanninum sé tryggð þægileg staða til aksturs og til að stjórna dráttarvélinni,

1.1.2. greiður aðgangur sé að sætinu,

1.1.3. ökumaðurinn þegar hann situr í venjulegri akstursstellingu geti auðveldlega náð í mismunandi stjórnbúnað dráttarvélarinnar sem líklegt er að verði virkjaður við notkun hennar,

1.1.4. enginn hluti sætisins eða íhluta dráttarvélarinnar séu líklegir til að valda því að ökumaðurinn skeri sig eða fái mar,

1.1.5. þegar einungis er hægt að stilla sætið langsum og lóðrétt skal lengdarásinn, sem liggur í gegnum viðmiðunarpunkt sætisins, vera samhliða lóðréttu lengdarmiðjuplani dráttarvélarinnar sem liggur í gegnum miðju stýrishjólsins og ekki meira en 100 mm frá því plani.

1.1.6. ef sætið er hannað þannig að það snúist um lóðréttan ás skal vera hægt að læsa því í öllum eða tilteknum stöðum og í öllum tilvikum í þeim stöðum sem tilgreindar eru í lið 1.1.5.

2. Handhafa ESB-gerðarviðurkenningar er heimilt að krefjast þess að hún verði rýmkuð þannig að hún taki til annarra gerða sæta. Lögbær yfirvöld verða að heimila þessa rýmkun með eftirtöldum skilyrðum:

2.1. hin nýja gerð sætis hafi hlotið ESB-gerðarviðurkenningu íhlutar,

2.2. að það hafi verið hannað til uppsetningar á þá gerð dráttarvélar sem farið er fram á rýmkun ESB-gerðarviðurkenningar fyrir,

2.3. að það hafi verið sett upp með þeim hætti að það uppfylli kröfur um uppsetningu í þessum viðauka.

3. Sæti sem eru ætluð fyrir dráttarvélar með lágmarkssporvídd afturhjóla sem er ekki meiri en 1150 mm geta haft eftirfarandi lágmarksmál hvað varðar dýpt og breidd sætisyfirborðsins:

— dýpt sætisyfirborðsins: 300 mm,

— breidd sætisyfirborðsins: 400 mm.

Þetta ákvæði gildir einungis ef ekki er hægt að uppfylla gildin sem tilgreind eru fyrir dýpt og breidd sætisyfirborðsins (þ.e. 400 ± 50 mm og a.m.k. 450 í þeirri röð) af ástæðum er varða dráttarvélina.

Viðbætir 8

Aðferð til að ákvarða viðmiðunarpunkt sætis

1. **Búnaður til að ákvarða viðmiðunarpunkt sætis**

Búnaðurinn sem sýndur er á mynd 1 skal gerður úr sætisplötu og bakplötum. Neðri bakplöturnar skulu vera með lömum í mjaðmarhæð (A) og í lendarhæð (B) og er hæð lamanna (B) stillanleg.

2. **Aðferð til að ákvarða viðmiðunarpunkt sætis**

Viðmiðunarpunktur sætis verður að fást með því að nota búnaðinn sem er sýndur á myndum 1 og 2 þar sem líkt er eftir álagi vegna manneskju sem er farþegi. Búnaðurinn er settur á sætið, Síðan er settur á það 550 N kraftur á stað sem er 50 mm fyrir framan lamir(A), þar næst er þrýst létt á bakstoðirnar tvær í snertistefnu að bólstruðu bakstoðinni,


Ef ekki reynist mögulegt að ákvarða nákvæma snertilínu við bólstraða bakstoðina (ofan og neðan við mjóhrygg) skal nota eftirfarandi aðferð:

a) ef enginn möguleiki er á að ákvarða snertilínu við lægsta mögulega svæðið, skal þrýsta neðri hluta bakplötunnar sem er í lóðréttri stöðu létt upp að bólstruðu bakstoðinni,

b) ef enginn möguleiki er á að ákvarða snertilínu við hæsta mögulega svæðið, ef neðri hluta bakplötunnar er lóðréttur skal lömin fest í hæð sem 230 mm fyrir ofan viðmiðunarpunkt sætis. Síðan verður að þrýsta tveimur hlutum bakplötunnar sem er í lóðréttri stöðu létt í snertilínu upp að bólstruðu bakstoðinni.


Mynd 1

Búnaður til að ákvarða viðmiðunarpunkt sætis



Mynd 2

Búnaður á sínum stað



XV. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um athafnarými og aðgang að ökumannssæti

1. **Skilgreining**

Í þessum viðauka merkir „viðmiðunarplan“ planið sem er samsíða lengdarmiðjuplani dráttarvélarinnar sem fer í gegnum viðmiðunarpunkt sætis.

2. **Athafnarými**

2.1. Fyrir allar dráttarvélar að undanskildum þeim sem falla innan flokkanna T2/C2, T4.1/C4.1 og T4.3/C4.3 og þeim þar sem viðmiðunarpunktur ökumannssætis er meira en 300 mm frá lengdarmiðjuplani dráttarvélarinnar, skal breidd athafnarýmisins vera a.m.k. 900 mm, frá 400 til 900 mm fyrir ofan viðmiðunarpunkt sætis og lengd sem nemur 450 mm fyrir framan þann punkt (sjá myndir 1 og 3).

Fyrir dráttarvélar í flokkum T2/C2 og T4.1/C4.1 skal athafnarýmið uppfylla lágmarksmálin á mynd 7.

Fyrir dráttarvélar í flokki T4.3/C4.3 og þær þar sem viðmiðunarpunktur ökumannssætis er meira en 300 mm frá lengdarmiðjuplani dráttarvélarinnar skal athafnarýmið á svæðinu sem nær 450 fyrir framan viðmiðunarpunkt sætisins vera í minnst 400 mm hæð fyrir ofan viðmiðunarpunkt sætis og með heildarbreidd sem nemur a.m.k. 700 mm og hæð sem er 900 mm fyrir ofan viðmiðunarpunkt sætis og heildarbreidd sem nemur a.m.k. 600 mm.

2.2. Hlutar og aukabúnaður ökutækja skal ekki trufla ökumanninn við akstur dráttarvélarinnar.

2.3. Fyrir allar stöður stýrisstangarinnar og stýrishjólsins að undanskildum þeim sem eingöngu eru ætlaðir til þess að fara inn og út úr dráttarvélinni skal fjarlægð frá hindrunum milli neðsta hluta stýrishjólsins og fastra hluta dráttarvélarinnar vera a.m.k. 50 mm, nema fyrir dráttarvélar í flokkum T2/C2 og T4.1/C4.1 þar sem hún þarf að vera a.m.k. 30 mm, í allar aðrar áttir skal þessi fjarlægð frá hindrunum vera a.m.k 80 mm frá brún stýrishjólsins eins og mælt er utan svæðisins sem stýrishjólið er á (sjá mynd 2), nema fyrir dráttarvélar í flokkum T2/C2 og T4.1/C4.1 en fyrir þá flokka skal hún vera a.m.k. 50 mm.

2.4. Fyrir allar dráttarvélar nema fyrir þær sem eru í flokkum T2/C2 og T4.1/C4.1 verður afturveggur stýrishússins frá 300 mm til 900 mm fyrir ofan viðmiðunarpunkt sætis að vera a.m.k. 150 mm fyrir aftan lóðrétt plan sem er hornrétt á viðmiðunarplanið og fer í gegnum viðmiðunarpunktinn (sjá myndir 2 og 3).

2.4.1. Þessi veggur skal vera a.m.k. 300 mm breiður á hvorri hlið viðmiðunarplans sætisins (sjá mynd 3).

2.5. Handvirkur stjórnbúnaður verður að vera staðsettur þannig innbyrðis og miðað við aðra hluta dráttarvélarinnar að engin hætta sé á að stjórnandinn verði fyrir meiðslum við notkun þeirra.

2.5.1. Fjarlægðir frá hindrunum hvað varðar handvirkan stjórnbúnað skal vera í samræmi við mgr. 4.5.3 í ISO-staðli 4254-1:2013. Þessi krafa gildir ekki um stjórnbúnað sem stjórnað er með fingurgómunum, s.s. þrýstihnappa og rafmagnsrofa.

2.5.2. Aðrir staðir fyrir stjórnbúnað þar sem jafn fullnægjandi öryggisstaðlar eru til staðar eru ásættanlegir.

2.6. Fyrir allar dráttarvélar nema þær sem eru í flokkum T2/C2 og T4.1/C4.1 skal enginn ósveigjanlegur hluti þaksins vera minna en 1050 mm frá viðmiðunarpunkti sætisins í þversniði sem er staðsett fyrir framan lóðrétt plan sem fer í gegnum viðmiðunarpunktinn og er hornrétt á viðmiðunarplanið (sjá mynd 2). Bólstrunin má ná niður að 1000 mm fyrir ofan viðmiðunarpunkt sætis.

2.6.1. Krappageisli yfirborðsins á milli afturklæðningar stýrishússins og þaksins má ná upp í 150 mm að hámarki.

3. Aðgangur að ökumannssæti (inn- og útgönguleið)

3.1. Það verður að vera mögulegt að nota inn- og útgönguleið án hættu. Hjólhöf, nafarhettur eða felgur eru ekki ásættanleg sem þrep eða rimar.

3.2. Aðgangstaðir að ökumannssæti og farþegasæti verða að vera lausir við hluti sem líklegt er að valdi meiðslum. Ef hindrun eins og t.d. tengslafetill er til staðar skal þrep eða fóthvíla vera til staðar til að tryggja öruggan aðgang að ökumannssæti.

3.3. Þrep, innbyggð fótstig og rimar:

3.3.1. Mál þrepa, innbyggðra fótstiga og rima skulu vera eftirfarandi:

Dýptarfjarlægð frá hindrunum:	lágmark 150 mm, (nema dráttarvélar í flokkum T2/C2 og T4.1/C4.1)
Breiddarfjarlægð frá hindrunum:	lágmark 250 mm, (Gildi sem eru lægri en þessi lágmarksbreidd eru einungis leyfð í rökstuddum tilvikum ef það er nauðsynlegt af tæknilegum ástæðum. Í því tilviki er markmiðið að ná mestri mögulegri breiddarfjarlægð frá hindrunum. Hún skal hins vegar ekki vera meiri en 150 mm.)
Hæðarfjarlægð frá hindrunum:	lágmark 120 mm,
fjarlægð milli yfirborðs tveggja þrepa:	300 mm að hámarki (sjá mynd 4).

3.3.2. Efra þrepið eða rimin skulu vera auðþekkjanleg og aðgengileg fyrir einstakling sem er að fara út úr ökutækinu. Lóðrétt fjarlægð milli næstu þrepa eða rima verður að vera jöfn eftir því sem mögulegt er.

3.3.3. Lægsta þrepið skal ekki vera meira en 550 mm fyrir ofan jörðu þegar dráttarvélin er búin stærstu hjólbörðum sem framleiðandinn mælir með (sjá mynd 4).

3.3.4. Þrep eða rimar skulu vera hönnuð og smíðuð þannig að fæturnir renni ekki til á þeim (t.d. stál- eða netristar).

3.3.5. Aðrar kröfur um ökutæki í flokki C

3.3.5.1. Ef um er að ræða þrep sem eru innbyggð í beltarammann (sjá mynd 5) er hægt að draga þau niður með $\leq 15°$ horni, ef a.m.k. grunnmál B uppstigshæðar og niðurstigsdýptar F1 samkvæmt töflu 1 í EN ISO-staðli 2867:2006 eru uppfyllt, mælt frá ytri brúnum beltaskónna.

3.3.5.2. Auk þess, að teknu tilliti til takmarkaðs útsýnis við útgöngu, skal breidd þrepa vera a.m.k. jafn breið og lágmarkið sem sett er fram í töflu 1 í EN ISO-staðli 2867:2006.

3.3.5.3. Fyrir ökutæki í flokki C með stálbeltum með aðgangsþrepi sem komið er fyrir á ramma beltarúllanna þarf ytri brún þrepsins ekki að ná út fyrir lóðrétt plan sem myndað er af ytri brún beltaskónna, en skal vera eins nálægt og framkvæmanlegt er.

3.4. **Handslár/handföng**

3.4.1. Handslár og handföng skulu vera til staðar og hönnuð þannig að stjórnandinn geti haldið þriggja punkta stuðningi þegar hann fer inn eða út úr stöð stjórnandans. Neðri endi handslár/handfangs skal ekki staðsettur meira en 1500 mm frá jörðu. Lágmarksfjarlægð frá hindrunum sem nemur 30 mm skal vera fyrir hendur milli handslár/handfangs og aðliggjandi hluta (nema í festipunktum).

3.4.2. Handslá eða handfang skal vera til staðar fyrir ofan efsta þrepið/rimina sem notuð eru til að komast inn í dráttarvélina í hæð sem er á bilinu 850 mm og 1100 mm. Handfangið á dráttarvélum skal vera a.m.k. 110 mm að lengd.

4. **Aðgangur að öðrum stöðum en ökumannssætinu**

4.1. Mögulegt skal vera að nota aðgang að öðrum stöðum (t.d. til að stilla hægri spegilinn eða til hreinsa) án þess að hætta skapist. Hjólhöf, nafarhettur eða felgur eru ekki ásættanleg sem þrep eða rimar. Handslár og handföng skulu vera til staðar og hönnuð þannig að stjórnandinn geti haldið þriggja punkta stuðningi allan tímann.

4.2. Mál þrepa, innbyggðra fótstiga og rima skulu vera eftirfarandi:

Dýptarfjarlægð frá hindrunum:	lágmark 150 mm,
Breiddarfjarlægð frá hindrunum:	lágmark 250 mm, (Gildi sem eru lægri en þessi lágmarksbreidd eru einungis leyfð í rökstuddum tilvikum ef það er nauðsynlegt af tæknilegum ástæðum. Í því tilviki er markmiðið að ná mestri mögulegri breiddarfjarlægð frá hindrunum. Hún skal hins vegar ekki vera meiri en 150 mm.)
Hæðarfjarlægð frá hindrunum:	lágmark 120 mm,
fjarlægð milli yfirborðs tveggja þrepa:	300 mm að hámarki (sjá mynd 6).

4.2.1. Slíkur búnaður til að komast um borð skal samanstanda af röð þrepa eins og sýnt er á mynd 6: hvert þrep skal vera með stömu yfirborði, hliðarmörkum á hvorri hlið og þannig hannað að mögulegt sé að koma í veg fyrir að skítur eða snjór safnist fyrir á því við eðlileg vinnuskilyrði. Lóðrétt og lárétt fjarlægð milli síðari þrepa getur verið breytileg um 20 mm. Hún má hins vegar ekki vera minni en 150 mm.

5. **Hurðir og gluggar**

5.1. Búnaður sem stjórnar hurðum og gluggum skal hannaður og settur upp með þeim hætti að það skapi hvorki hættu fyrir ökumanninn né trufli hann við aksturinn.

5.2. Opnun hurðarinnar skal gera kleift að fara inn og út án hættu.

5.3. Lágmarksbreidd aðgangshurða að stýrishúsinu skal vera 250 mm í gólfhæð.

5.4. Auðvelt skal vera að stilla glugga til loftræstingar, ef þeir eru til staðar.

6. **Neyðarútgangar**

6.1. Fjöldi neyðarútganga,

6.1.1. Stýrishús með einni hurð skulu hafa tvo auka útganga sem eru neyðarútgangar.

6.1.2. Stýrishús með tveimur hurðum skulu hafa einn auka útgang sem er neyðarútgangur, nema dráttarvélar í flokkum T2/C2 og T4.1/C4.1.

6.2. Hver útgangur skal vera á mismunandi vegg stýrishússins („veggur“ getur líka verið þakið). Framrúður og hliðar-, aftur- og þakgluggar geta talist neyðarútgangar ef gert er ráð fyrir að hægt sé að opna þá og hreyfa til með skjótum hætti innan úr stýrishúsinu.

6.3. Fyrir allar dráttarvélar, nema í flokkum T2/C2 og T4.1/C4.1 skulu allar dráttarvélar hafa neyðarútganga sem hafa þau lágmarksmál sem krafist er til að umlykja sporöskjulaga hring með skammás sem er 440 mm og aðalás sem er 640 mm.

Dráttarvélar í flokkum T2/C2 og T4.1/C4.1 sem búnar eru stýrishúsum sem ekki uppfylla lágmarksmálin fyrir neyðarútganga sem tilgreind eru í málsgreininni á undan skulu vera með a.m.k. tvær hurðir.

6.4. Auðkenna má alla glugga af fullnægjandi stærð sem neyðarútgang ef þeir eru úr brjótanlegu gleri og hægt er að brjóta þá með verkfæri sem er fyrir hendi í stýrishúsi í þeim tilgangi. Gler sem um getur í 3., 4., 5., 6., 7., 8. og 9. viðbæti við I. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 43 telst vera óbrjótanlegt gler hvað þennan viðauka varðar.

6.5. Það sem er umhverfis neyðarútganga skal ekki valda neinni hættu. Ef þarf að komast yfir hæðarmun sem er meiri en 1000 mm til að rýma stýrishúsið skal búnaður til að auðvelda rýmingu vera til staðar. Í þessu skyni, ef útgangurinn er að aftan skulu stuðningspunktarnir sem armar þriggja punkta lyftibúnaðarins bjóða upp á eða hlíf aflúttaksins teljast fullnægjandi ef þeir þola lóðrétt álag sem nemur 1200 N.

6.6. Neyðarútgangur skulu merktir með skýringarmyndum sem innihalda leiðbeiningar fyrir stjórnandann í samræmi við XXVI. viðauka.


_____

Viðbætir 1

Myndir


Mynd 1

(Mál í millímetrum)




Mynd 2

(Mál í millímetrum)




Mynd 3

(Mál í millímetrum)




Mynd 4

(Mál í mm)



Mynd 5

Mál stigaþrepsins sem er innbyggt í beltaramma beltadráttarvéla (heimild: EN ISO 2867:2006)




$B \leq 400$ mm

$F1 \geq 130$ mm

Q hámarksinndráttur þreps


Mynd 6

(Heimild: EN ISO 4254-1 nr. 4.5)



Mynd 7

Lágmarksmál athafnarýmisins í dráttarvélum í flokkum T2/C2 og T4.1/C4.1



XVI. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um aflúttök

1. **Kröfur sem gilda um aflúttök að aftan**

Forskriftirnar í ISO-staðli 500-1:2014 og ISO-staðli 500-2:2004 gilda um dráttarvélar með aflúttak að aftan samkvæmt töflu 1.

Tafla 1

Beiting staðla að því er varðar aflúttök að aftan á mismunandi dráttarvélaflokkum

Gildandi staðall	T1 C1	T2 C2	T3 C3	T4.1 C4.1	T4.2 C4.2	T4.3 C4.3
ISO 500-1:2014(*)(***)	X	- -	$X_{(1)}$	$X_{(1)}$	$X_{(1)}$	X
ISO 500-2:2004(**)	- -	X	$X_{(2)}$	$X_{(2)}$	- -	- -

X Staðallinn gildir.
- - Staðallinn gildir ekki.
$X_{(1)}$ Staðall sem gildir um dráttarvélar sem eru með sporvídd sem er meiri en 1150 mm.
$X_{(2)}$ Staðall sem gildir um dráttarvélar sem eru með sporvídd sem er 1150 mm eða minni.
(*) Í ISO-staðlinum 500-1:2014 gildir síðasti málsliður í lið 6.2.
(**) Í þessum viðauka gildir þessi staðall einnig um dráttarvélar með aflúttak með afl sem er meira en 20 kW mælt í samræmi við ISO-staðal 789-1:1990
(***) Fyrir aflúttök af gerð 3 og ef það er mögulegt að minnka mál opsins á varnarhlífinni til að aðlagast tengihlutunum sem á að nota skal notendahandbókin innihalda eftirfarandi þætti:
— aðvaranir varðandi afleiðingar og hættur af völdum þess að varnarhlífin hefur verið minnkuð,
— leiðbeiningar og sérstakar aðvaranir varðandi það að tengja og losa aflúttakið,
— leiðbeiningar og sérstakar aðvaranir varðandi notkun verkfæra og véla sem eru tengd við aflúttakið.

2. **Kröfur sem gilda um aflúttök að framan**

Skilgreiningarnar í ISO-staðli 8759-1:1998, að undanskildu ákvæði 4.2, gilda um dráttarvélar í öllum flokkum T og C sem eru með aflúttak að framan eins og tilgreint er í staðlinum.

XVII. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um verndun aflrásaríhluta

1. **Skilgreiningar**

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1.1. „Hættulegur hluti“: allir þeir staðir sem vegna fyrirkomulags eða hönnunar á áföstum eða hreyfanlegum hlutum dráttarvélarinnar skapa hættu á áverkum. Hættulegir hlutir eru einkum þeir staðir þar sem menn geta klemmst, misst limi, skorið sig, stungið sig, fest inn í, krækst í og aðrir staðir sem geta læst um líkamshluta manna.

1.1.1. „Staður þar sem hætta er á að menn klemmist“: allir hættulegir staðir þar sem hlutar hreyfast í tengslum hver við annan eða við áfasta hluti á þann hátt að menn eða ákveðnir líkamshlutar þeirra geti klemmst.

1.1.2. „Staður þar sem hætta er á að limir klippist“: allir hættulegir staðir þar sem hlutar hreyfast hver gegn öðrum eða gegn öðrum hlutum á þann hátt að menn eða líkamshlutar þeirra geta klemmst eða klippst.

1.1.3. „Staður þar sem hætta er á að menn skeri sig, stingi sig eða festist“: allir hættulegir staðir þar sem hlutar, annaðhvort hreyfanlegir eða fastir, með hvössum brúnum, oddhvassir eða oddlausir geta valdið því að menn eða tilteknir líkamshlutar verði fyrir áverkum.

1.1.4. „Staður þar sem hætta er á að eitthvað krækist í“: allir hættulegir staðir þar sem oddhvassir hlutir sem skaga fram, tennur, pinnar, skrúfur og boltar, smurningsstaðir, ásar, ásendar eða aðrir hlutar sem hreyfast á þann hátt að menn eða tilteknir líkamshlutar eða föt kunna að krækjast í og dragast með.

1.1.5. „Staðir sem geta læst“: allir hættulegir staðir þar sem hlutir geta þrengt op með því að færast úr stað og þar sem menn geta fest sig eða föt sín.

1.2. „Seilingarfjarlægð“: hámarksfjarlægð sem menn eða tilteknir líkamshlutar þeirra geta náð til, upp á við, niður á við, inn á við, yfir, kringum eða í gegnum án þess að til þess séu notuð verkfæri (mynd 1).

1.3. „Öryggisfjarlægð“: fjarlægðin er samsvarar seilingarfjarlægð eða líkamsmálum að viðbættu öryggisbili (mynd 1).

1.4. „Venjuleg notkun“: notkun dráttarvélarinnar í þeim tilgangi sem framleiðandi fyrirhugar og notkun stjórnanda sem kann skil á eiginleikum dráttarvélarinnar og fer eftir upplýsingum varðandi notkun, þjónustu og öruggar starfsvenjur eins og framleiðandi mælir fyrir um í handbók fyrir stjórnendur og með merkingum á dráttarvélinni.

1.5. Með „auðu svæði í kringum hjólin“ er átt við svæðið sem á að vera autt kringum hjólbarða drifhjólanna miðað við aðliggjandi hluta ökutækisins.

1.6. „Málpunktur sætis“ punkturin sem ákvarðaður er í samræmi við ISO-staðal 5353:1995.

2. **Almennar kröfur**

2.1. Aflrásaríhluti, útstæða hluta og hjól dráttarvéla skal hanna, setja í og verja á þann hátt að komið sé í veg fyrir að menn slasist við eðlilegar notkunaraðstæður.

2.2. Talið er að kröfunum í lið 2 hafi verið fullnægt að uppfylltum kröfunum í lið 3. Aðrar lausnir en þær sem lýst er í lið 3 eru heimilaðar ef framleiðandi getur sýnt fram á að þær jafngildi a.m.k. kröfunum í lið 3.

2.3. Hlífðarbúnaður skal tryggilega festur við dráttarvélina.

2.4. Lok og varnarhlífar, sem kunna að valda meiðslum þegar þeim er skellt, skulu gerðar á þann hátt að unnt sé að koma í veg fyrir að þær skellist fyrir slysni (t.d. með öryggisbúnaði eða viðeigandi festingu eða hönnun).

2.5. Með einum hlífðarbúnaði er unnt að verja marga hættulega staði. Þó er rétt að setja frekari hlífðarbúnað þegar stilli-, viðhalds- eða deyfibúnaður vegna rafsegulstruflana sem ekki er hægt að nota nema þegar vélin er í gangi undir þessum eina hlífðarbúnaði.

2.6. Festingarbúnaður (t.d. fjaðurbaulur eða speldi) fyrir

— festingar sem auðvelt er að losa (t.d. sætissplitti),

eða þess háttar íhlutir

— hlífðarbúnaðar sem unnt er að opna án verkfæra (t.d. vélarhlíf)

skulu tryggilega festir annaðhvort við dráttarvélarfestinguna eða hlífðarbúnaðinn.

3. **Öryggisfjarlægðir til að forðast snertingu við hættulega hluta**

3.1. Öryggisfjarlægð er mæld frá þeim stöðum þaðan sem dráttarvélinni er stjórnað og sem unnt er að ná til, við viðhald hennar og skoðun, einnig skal mæla fjarlægð frá jörðu í samræmi við notendahandbókina. Þegar öryggisfjarlægð er ákveðin er grundvallarreglan sú að dráttarvélin sé í sama ástandi og hún var hönnuð fyrir og að engin verkfæri séu notuð til að ná til hættulega hlutans.


Í liðum 3.2.1 til 3.2.5 eru öryggisfjarlægðir ákvarðaðar. Á tilteknum sérsvæðum og fyrir tiltekna sérstaka íhluti er gert ráð fyrir viðeigandi öryggisstigum ef dráttarvélin uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í liðum 3.2.6 til 3.2.14.

3.2. Hlífar fyrir hættulegum stöðum

3.2.1. Seilingarfjarlægð upp á við

Öryggisbil upp á við er 2 500 mm (sjá mynd 1) miðað við standandi mann.

Mynd 1



3.2.2. Seilingarfjarlægð niður á við, seilingarfjarlægð fyrir ofan brún


Öryggisbil seilingarfjarlægðar fyrir ofan brún er:

a = fjarlægðin frá jörðu að hinum hættulega stað,

b = hæð brúnarinnar eða hlífðarbúnaðarins,

c = lárétt fjarlægð milli hættulega staðarins og brúnarinnar (sjá mynd 2).

Mynd 2



Fyrir seilingarfjarlægð niður á við og fyrir ofan brún skal virða öryggisfjarlægðirnar sem settar eru fram í töflu 1.

Tafla 1

(í mm)

a: Fjarlægð til jarðar frá hinum hættulega stað	Hæð milli brúnar og hlífðarbúnaðar *b*							
	2400	2200	2000	1800	1600	1400	1200	1000
	Lárétt fjarlægð *c* frá hinum hættulega stað							
2400	—	100	100	100	100	100	100	100
2200	—	250	350	400	500	500	600	600
2000	—	—	350	500	600	700	900	1100
1800	—	—	—	600	900	900	1000	1100
1600	—	—	—	500	900	900	1000	1300
1400	—	—	—	100	800	900	1000	1300
1200	—	—	—	—	500	900	1000	1400
1000	—	—	—	—	300	900	1000	1400
800	—	—	—	—	—	600	900	1300



(í mm)

a: Fjarlægð til jarðar frá hinum hættulega stað	Hæð milli brúnar og hlífðarbúnaðar *b*							
	2400	2200	2000	1800	1600	1400	1200	1000
	Lárétt fjarlægð *c* frá hinum hættulega stað							
600	—	—	—	—	—	—	500	1200
400	—	—	—	—	—	—	300	1200
200	—	—	—	—	—	—	200	1100

3.2.3. Seilingarfjarlægð kringum

Öryggisbilið sem er gefið upp í töflu 2 hér á eftir skal a.m.k. virt ef líkamshlutinn sem um ræðir á ekki að geta snert hættulega staðinn. Með því að nota öryggisbil er gengið út frá því að þau aðalliðamót líkamshlutans sem um er að ræða hvíli tryggilega á brún hlífðarbúnaðarins. Ekki er talið að öryggisbilið hafi verið virt fyrr en að gengið hefur verið úr skugga um að þessi hluti líkamans geti alls ekki færst framar eða farið nær.

Tafla 2

Líkamshluti	Öryggisfjarlægð	Mynd
Hönd Frá hnúalið að fingurgómum	≥ 120 mm	
Hönd Frá úlnlið að fingurgómum	≥ 230 mm	

Útlimur	Öryggisfjarlægð	Skýringarmynd
Handleggur Frá olnboga að fingurgómum	≥ 550 mm	

Útlimur	Öryggisfjarlægð	Skýringarmynd
Handleggur Frá öxlum að fingurgómum	≥ 850 mm	

3.2.4 Seilingarfjarlægð inn og í gegnum

Ef hugsanlega er hægt að ná til hættulegra hluta með því að fara inn eða í gegnum op er skylt að virða lágmarksöryggisfjarlægðirnar sem settar eru fram í töflum 3 og 4.

Hlutar sem hreyfast í tengslum hver við annan eða hreyfanlegir hlutar sem eru meðfram föstum hlutum teljast ekki hættulegir ef ekki er meira en 8 mm bil á milli þeirra.





Til viðbótar við þessar kröfur verða ökutæki sem búin eru sætum sem setið er klofvega á og handföngum að uppfylla kröfurnar í staðlinum EN 15997:2011 um hluti sem hreyfast.

Tafla 3

Öryggisfjarlægðir fyrir aflöng og samhliða op

a er minni stærð opsins.

b er öryggisfjarlægðin frá hættulega hlutanum.





Fingurgómur	Fingur		Hönd allt frá rót þumals	Handleggur að handarkrika	—
					
$4 < a \leq 8$	$8 < a \leq 12$	$12 < a \leq 20$	$20 < a \leq 30$	$30 < a \leq 135$ hámark	> 135
$b \geq 15$	$b \geq 80$	$b \geq 120$	$b \geq 200$	$b \geq 850$	—

Tafla 4

Öryggisfjarlægð fyrir ferköntuð eða hringlaga op

a er breidd opsins, þvermál eða hliðarlengd.

b er öryggisfjarlægðin frá hættulega hlutanum.

Fingurgómur	Fingur		Hönd allt að rót þumals	Handleggur að handarkrika	—
					
$4 < a \leq 8$	$8 < a \leq 12$	$12 < a \leq 25$	$25 < a \leq 40$	$40 < a \leq 250$ hámark	250
$b \geq 15$	$b \geq 80$	$b \geq 120$	$b \geq 200$	$b \geq 850$	—

3.2.5. Öryggisfjarlægðir við staði þar sem hætta er á að menn klemmist

Staðir þar sem hætta er á að menn klemmist eru ekki álitnir hættulegir fyrir þann líkamshluta sem er sýndur ef öryggisfjarlægðin er ekki minni en sú sem kemur fram í töflu 5 og ef tryggt er að aðliggjandi, breiðari líkamshlutinn nái ekki inn.

Tafla 5

Útlimur	Líkami	Fótleggur	Fótur	Handleggur	Hönd, úlnliður, hnefi	Fingur
Öryggis-fjarlægðir	500	180	120		100	25
Skýringar-mynd						


3.2.6. Stjórntæki


Bilið milli tveggja fetla og opin sem stjórntækin liggja í gegnum teljast ekki til klemmi- eða klippistaða.

3.2.7. Þriggja punkta tenging að aftan

3.2.7.1. Aftan við plan sem liggur í gegnum miðjuplan snúningspunkta lyftistangarinnar í þriggja punkta tengibúnaði skal vera a.m.k. 25 mm öryggisbil milli hreyfanlegu hlutanna, fyrir hverja stöðu færslunnar n sem lyftibúnaðurinn fer í — að undanskilinni efstu og neðstu endastöðu 0,1 n - sem og 25 mm fjarlægð eða 30° lágmarkshorn fyrir hlutana sem skerast og orsaka breytingar á horninu (sjá mynd 3). Færslan n′, sem er stytt um 0,1 n að ofan og neðan, er skilgreind á eftirfarandi hátt (sjá mynd 4). Þar sem lægri dráttarstöng er virkjuð beint með lyftibúnaði ákvarðast viðmiðunarplanið af miðju lóðréttu þverplani þeirrar stangar.

Mynd 3





Skýringartexti:

A = Lyftiarmur

B = Lægri dráttarstöng


C = Lyftistöng

D = Undirvagn dráttarvélar

E = Plan sem liggur í gegnum ása snúningspunkta á lyftistöng

F = Hreyfirými

Mynd 4



3.2.7.2. Fyrir færsluna n á vökvalyftibúnaðinum, er lægri staðan A á tengipunkti lægri dráttarstangarinnar takmörkuð af málinu „14“ í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í ISO-staðli 730:2009, en efri staðan B er takmörkuð af hámarksvökvafærslu. Færslan n′ samsvarar færslu n, sem er stytt um 0,1 n að ofan og neðan, og myndar lóðréttu fjarlægðina milli A′ and B′.

3.2.7.3. Kringum þversnið lyftistanganna skal enn fremur vera a.m.k. 25 mm öryggisbil innan færslunnar n′ miðað við næstu aðliggjandi hluta.

3.2.7.4. Ef um er að ræða þriggja punkta tengingu og notaður er tengibúnaður þar sem ekki er þörf á stjórnanda milli dráttarvélarinnar og tækisins sem tengt er við (t. d. þegar um er að ræða hraðtengi), gilda ákvæði liðar 3.2.7.3 ekki.

3.2.7.5. Í notendahandbókinni skal sérstaklega veita upplýsingar um hættulega staði framan við plan sem er skilgreint í fyrstu setningu í lið 2.3.2.7.1.

3.2.8. Þriggja punkta tenging að framan

3.2.8.1. Fyrir hverja stöðu færslunnar n sem lyftibúnaðurinn fer í — að undanskilinni efstu og neðstu endastöðu 0,1 n — skal vera a.m.k. 25 mm öryggisbil milli hreyfanlegu hlutanna ásamt 30° lágmarkshorni eða 25 mm öryggisbil þegar um er að ræða breytingu á horninu af völdum þeirra hluta sem skerast. Færslan n′, sem er stytt um 0,1 n að ofan og neðan er skilgreind á eftirfarandi hátt (sjá einnig mynd 4).

3.2.8.2. Fyrir færsluna n á vökvalyftibúnaðinum, er lægri staðan A á tengipunkti lægri dráttarstangarinnar takmörkuð af málinu „14“ samkvæmt ISO staðli 8759, 2. hluta, frá mars 1998, en efri staðan B er takmörkuð af hámarksvökvafærslu. Færslan n′ samsvarar færslu n, sem er stytt um 0,1 n að ofan og neðan, og myndar lóðréttu fjarlægðina milli A′ and B′.


3.2.8.3. Ef notaður er tengibúnaður (svo sem hraðtengi) fyrir dráttarstöngina á þriggja punkta tengingu að framan sem ekki krefst stjórnanda milli dráttarvélarinnar og tækisins sem tengt er við gilda kröfurnar í lið 3.2.8.1 ekki á svæði með 250 mm geisla frá þeim punktum þar sem dráttarstangirnar tengjast dráttarvélinni. Kringum þversnið lyftistanganna skal samt sem áður vera a.m.k. 25 mm öryggisbil innan færslunnar n′ miðað við næstu aðliggjandi hluta.

3.2.9. Ökumannssæti og umhverfi

Þegar ökumaður situr skulu allir klemmi- og klippistaðir vera utan seilingar handa og fóta ökumannsins. Þessum kröfum er talið fullnægt að eftirtöldum skilyrðum uppfylltum:

3.2.9.1. Sæti ökumannsins er stillt í miðstöðu bæði lárétt og lóðrétt. Seilingarfjarlægð ökumanns er skipt niður í svæði A og B. Miðpunktur í kúlufleti þessara svæða er 60 mm framan við og 580 mm ofan við málpunkt sætisins (sjá mynd 5). Svæði A er myndað úr kúlufleti með 550 mm geisla en svæði B er staðsett milli þessa svæðis og kúluflatar með 1 000 mm geisla.

Mynd 5



3.2.9.2. Virða skal 120 mm öryggisfjarlægð á svæði A og 25 mm á svæði B nálægt klemmi- og klippistöðum eða a.m.k. 30° horn þegar um er að ræða hluta sem skerast á þann hátt að hornið breytist.

3.2.9.3. Á svæði A skal aðeins reikna með klemmi- og klippistöðum sem verða til af völdum hluta sem ytri orkugjafi kemur á hreyfingu.

3.2.9.4. Ef staðurinn er hættulegur vegna þess að grindarhlutar liggja að sætinu skal vera a.m.k. 25 mm öryggisfjarlægð milli grindarhlutans og sætisins. Enginn hættulegur staður er milli sætisbaksins og aðliggjandi grindarhluta fyrir aftan sætisbakið ef þessir aðliggjandi grindarhlutar eru sléttir og sætisbakið sjálft er ávalt og hvergi með hvössum brúnum.


3.2.9.5. Gírkassar og aðrir hlutar ökutækisins og aukabúnaður sem myndar hávaða, titring og/eða hita skulu einangraðir frá ökumannssætinu.

3.2.10. Farþegasæti (ef það er til staðar)

3.2.10.1. Ef einhverjir hlutar geta verið hættulegir fyrir fætur skal gera ráðstafanir til að koma fyrir hlífðarbúnaði í hálfkúluradíusi frá fremri brún setunnar og niður á við.

3.2.10.2. Eins og lýst er í lið 3.2.9 (sjá mynd 6) skal verja hættulega staði á svæðum A og B innan kúluflatar með miðju 670 mm fyrir ofan miðja frambrún farþegasætisins.


Mynd 6



3.2.11. Dráttarvélar í flokkum T2/C2, T4.1/C4.1 og T4.3/C4.3

3.2.11.1. Þegar um er að ræða dráttarvélar í flokkum T2/C2, T4.1/C4.1 og T4.3/C4.3 gilda kröfurnar í lið 3.2.9 ekki um svæðið sem er staðsett neðan við plan með 45° afturhalla þvert á akstursstefnu í gegnum punkt staðsettan 230 mm fyrir aftan málpunkt sætisins (sjá mynd 7). Ef hættulegir staðir eru á þessu svæði er skylt að festa merkingar þar að lútandi á dráttarvélina.

Mynd 7



3.2.12. Stýrisbúnaður og sveifluás

Hluta sem hreyfast miðað við hvern annan eða aðra áfasta hluta skal verja ef þeir liggja innan svæðisins sem er skilgreint í liðum 3.2.9 og 3.2.10.

Þegar um er að ræða dráttarvélar með liðstýringu skulu óafmáanlegar og greinilegar merkingar vera á því svæði báðum megin á dráttarvélinni, annaðhvort í mynd- eða textaformi, og skulu þær gefa til kynna að óheimilt sé að vera innan óvarða liðsvæðisins. Í leiðarvísinum skulu vera samsvarandi ábendingar.


3.2.13. Drifsköft áföst dráttarvélinni

Drifsköft (til dæmis fyrir fjórhjóladrif) sem aðeins geta snúist meðan dráttarvélin er á ferð skal verja ef þau eru innan svæðisins sem er skilgreint í liðum 3.2.9 og 3.2.10.

3.2.14. Autt svæði kringum drifhjólin

3.2.14.1. Auða svæði í kringum drifhjólin á dráttarvélum sem ekki hafa lokað stýrishús, þegar þau eru búin stærstu hjólbarðagerð, skal svara til þeirra mála sem sett eru fram á mynd 8 og töflu 6.

Mynd 8



Tafla 6

Flokkar T1/C1, T3/C3 og T4.2/C4.2		Flokkar T2/C2, T4.1/C4.1 og T4.3/C4.3	
a	*h*	*a*	*h*
mm	mm	mm	mm
40	60	15	30

3.2.14.2. Autt svæði í kringum drifhjólin, minna en það sem sýnt er á mynd 8 og töflu 6, er leyfilegt til viðbótar þeim svæðum sem um getur í liðum 3.2.9 og 3.2.10 þegar um er að ræða dráttarvélar í flokkum T2/C2, T4.1/C4.1 og T4.3/C4.3 þar sem hjólhlífarnar eru einnig notaðar til að skafa burt mold af hjólunum.

4. **Kröfur um styrkleika sem gerðar eru til varnarbúnaðar**

4.1. Varnarbúnaður og einkum sá sem hefur lóðrétta hæð frá jörðu allt að 550 mm, sem ekki er hægt að koma í veg fyrir að sé notaður sem stigaþrep við venjulega notkun skal hannaður þannig að hann geti þolað lóðrétt álag sem nemur 1200 N. Athuga skal samræmi við þessa kröfu með því að nota prófunina sem tilgreind er í viðauka C við ISO-staðal 4254-1:2013 eða sambærilega aðferð sem uppfyllir sömu samþykktarviðmiðanir að því er varðar prófun.

5. **Vélarhlíf**

5.1. Einungis skal opna vélarhlífina með verkfæri (losunarbúnaði sem staðsettur er í stýrishúsinu er ásættanlegur) og með sjálflæsibúnaði þegar hún er lokuð.

5.2. Hliðarhlífum skal komið fyrir sem:

5.2.1. Föstum hlífum sem festar eru með suðu eða skrúfum og boltum og sem einungis er hægt að opna með verkfæri. Föstu hlífarnar þurfa ekki að haldast á sínum stað ef festingarnar vantar,

eða

5.2.2. Hlífum á lömum sem einungis er hægt að opna með verkfæri og eru sjálflæsandi þegar þeim er lokað,

eða

5.2.3. Hlífum sem opnast í tengslum við opnun vélarhlífarinnar og sem einungis e hægt að opna með verkfæri.

5.3. Viðbótarúrræði til verndar verður að setja upp ef undir vélarhlífinni eru stilli-, viðhalds- eða deyfibúnaður vegna rafsegultruflana sem einungis er hægt að meðhöndla þegar hreyfillinn er í gangi.

5.4. Vélrænar stoðir eða vökvaknúinn læsibúnaður (t.d. kraftsperrur eða gasfjaðrir) skulu vera til staðar til að koma í veg fyrir að vélarhlífar falli niður þegar þær eru opnaðar.

5.5. Búnaður skal vera til staðar sem auðveldar örugga meðhöndlun vélarhlífarinnar (t.d. handföng, reipi eða hlutar hlífarinnar sjálfrar sem hafa hentuga lögun til að fá betra grip) án hættu á að limir kremjist, höggi eða of mikillar áreynslu sé þörf.

5.6. Opnun vélarhlífarinnar skal sýnd með skýringarmyndum í samræmi við XXVI. viðauka og leiðbeiningar skulu veittar í notendahandbókinni.

6. **Heitir fletir**

6.1. Setja skal hlíf fyrir eða einangra heita fleti sem stjórnandi getur náð til við venjulega notkun dráttarvélarinnar. Þetta gildir um heita fleti sem eru nálægt þrepum, handslám, handföngum, innbyggðum hlutum dráttarvélarinnar sem notaðir eru til að komast upp í dráttarvélina og sem hætta er á að séu snertir fyrir slysni og hluti sem eru nálægt sæti ökumanns (t.d. gírkassaskiptingu í dráttarvélum sem ekki eru búnar palli).

6.2. Þessi krafa skal uppfyllt með því að staðsetja rétt fastar hlífar eða með öryggisfjarlægðum til að aðskilja eða hitaeinangra heita fleti ökutækisins.

6.3. Snerting við aðra heita fleti sem eru ekki sérstaklega hættulegir eða þá sem kunna að vera hættulegir einungis við tilteknar notkunaraðstæður sem eru frábrugðnar því sem venjulegt er skulu auðkenndar með skýringarmyndum í samræmi við XXVI. viðauka og tilgreind í notendahandbókinni.

6.4. Auk þess verða ökutæki sem búin eru sætum sem setið er klofvega á og handföngum að uppfylla kröfurnar í staðlinum EN 15997:2011 um heita fleti.

XVIII. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um öryggisbeltafestingar

A. ALMENNAR KRÖFUR

1.1. Ef ökutæki í flokki T eða C er búið veltivarnarbúnaði skal það búið öryggisbeltafestingum sem uppfylla ISO-staðalinn 3776-1:2006.

1.2. Auk þess skulu öryggisbeltafestingarnar uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í einum af liðunum B, C eða D.

B. VIÐBÓTARKRÖFUR SEM GILDA UM ÖRYGGISBELTAFESTINGAR (AÐRAR EN ÞÆR SEM SETTAR ERU FRAM Í LIÐUM C OG D)([1])

1. **Gildissvið**

1.1. Öryggisbelti eru aðhaldsbúnaður stjórnandans sem notuð eru til að festa ökumanninn í ökutækjum.

Þessi aðferð sem mælt er með felur í sér lágmarkskröfur um afköst og prófanir fyrir festingar fyrir dráttarvélar fyrir landbúnað og skógrækt.

Hún gildir um festingar á aðhaldsbúnaði sem settur er yfir mjaðmir.

2. *Útskýring á hugtökum sem notuð eru í prófun á afköstum*

2.1. Öryggisbeltasamstæða er óla- eða beltabúnaður sem festur er yfir kjöltuna eða magabeltissvæðið sem hannaður er til að festa einstakling við vélina.

2.2. Framlengingarbeltið er ætlað sem ól, belti eða svipaður búnaður sem hjálpar til við flutning á álagi á öryggisbelti.

2.3. Festingin er ætluð sem punktur þar sem öryggisbeltasamstæðan er fest með vélrænum hætti við sætiskerfið eða dráttarvélina.

2.4. Sætisfestingin er ætluð sem millitenging (s.s. rennur, o.s.frv.) sem notuð er til að festa sætið við viðeigandi hluta dráttarvélarinnar.

2.5. Aðhaldsbúnaður stjórnanda er ætlaður sem heildarkerfi sem samanstendur af öryggisbeltasamstæðu, sætiskerfi, festingum og framlengingu sem flytur álagið á öryggisbeltið yfir í dráttarvélina.

2.6. Viðeigandi íhlutir sætis eru allir íhlutir sætis með massa sem setur álag á sætisfestinguna (á grind ökutækisins) ef það veltur.

3. **Prófunaraðferð**

Þessi aðferð gildir um festingarkerfi fyrir öryggisbelti sem er til staðar fyrir ökumann eða einstakling til viðbótar við ökumann sem er í dráttarvélinni.

Einungis eru tilgreindar kyrrstöðuprófanir fyrir festingar í þessari aðferð.

Ef framleiðandi setur fyrir tiltekna veltigrind fleiri en eitt sæti með eins íhlutum sem flytja álagið úr öryggisbeltafestingunni yfir í sætisfestinguna á gólfi veltivarnarbúnaðarins eða undirvagni dráttarvélarinnar er prófunarstöðinni einungis heimilt að prófa eitt fyrirkomulag sem samsvarar þyngsta sætinu (sjá einnig hér að neðan).

Sætið skal vera í réttri stöðu meðan á prófunum stendur og fest við festingarpunktinn á dráttarvélinni þar sem notaðar eru allar millitengingar (s.s. fjöðrun, rennur, o.s.frv.) sem tilgreindar eru fyrir fullbúna dráttarvél. Ekki má nota neinar viðbótartengingar sem eru óstaðlaðar og stuðla að styrk grindarinnar.

Versta, hugsanlega sviðsmynd hvað varðar frammistöðu öryggisbeltafestinga við álagsprófun skal tilgreind með tilliti til eftirfarandi atriða:

— Ef massar mismunandi sæta eru sambærilegir er þess krafist að þau sem eru með öryggisbeltafestingum sem flytja álag í gegnum sætisgrindina (t.d. í gegnum fjöðrunarkerfið eða stillirennur), þurfi að standast miklu meira prófunarálag. Það er því líklegt að þau sýni verstu, mögulegu sviðsmyndina.

— Ef álagið sem beitt er fer í gegnum sætisfestingarnar í undirvagn ökutækisins skal still sætið á langveginn til að festirennur / -brautir skarist sem minnst. Þetta er venjulega þegar sætið er í öftustu stöðu en, ef tiltekinn búnaður ökutækisins takmarkar færslu sætis aftur getur fremsta sætisstilling gefið verstu, mögulegu sviðsmynd hvað varðar stöðu sætis. Þess er krafist að fylgst sé með hversu mikið sætið hreyfist og hversu mikil skörun festirennu / -brauta er.

Festingarnar skulu geta staðist álag sem beitt er á öryggisbeltissamstæðuna með því að nota búnað sem sýndur er á mynd 1. Öryggisbeltafestingarnar skulu geta staðist þetta prófunarálag sem beitt er með sætið stilli í verstu stöðu í lengdarstillingu til að tryggja að prófunarskilyrðið sé uppfyllt. Prófunarálaginu skal beitt með sætið í miðstöðu lengdarstillingarinnar ef prófunarstöðin viðurkennir ekki neina af mögulegum stillingum sætisins sem verstu stöðu sætis. Að því er varðar sæti með fjöðrun skal sætið vera stillt í miðpunkt fjöðrunarferilsins, nema það sé þvert á skýrar leiðbeiningar sætisframleiðandans. Ef sérstakar leiðbeiningar eru til staðar fyrir sætisstillinguna skal fylgja þeim og tilgreina í skýrslunni.

Eftir að álaginu hefur verið beitt á sætiskerfið skal búnaðurinn til að beita álagi ekki færður til til að jafna út breytingar sem geta orðið á horninu sem álaginu er beitt í.

3.1. Álag fram á við

Togkrafti skal beitt fram á við og upp í horni sem er 45° ± 2° á láréttan flöt, eins og sýnt er á mynd 2. Festingarnar skulu geta staðist kraft sem nemur 4450 N. Ef krafturinn sem settur er á öryggisbeltasamstæðuna er fluttur í undirvagn ökutækisins með sætinu skal sætisfestingin geta staðist þennan kraft auk viðbótarkrafts sem er jafn og fjórfaldur þyngdaraflskrafturinn á massa allra viðeigandi íhluta sætisins, settur á 45° ± 2° á láréttan flöt fram á við og upp, eins og sýnt er á mynd 2.

3.2. Álag aftur á bak

Togkrafti skal beitt aftur á bak og upp í horni sem er 45° ± 2° á láréttan flöt, eins og sýnt er á mynd 3. Festingarnar skulu geta staðist kraft sem nemur 2225 N. Ef krafturinn sem settur er á öryggisbeltasamstæðuna er fluttur í undirvagn ökutækisins með sætinu skal sætisfestingin geta staðist þennan kraft auk viðbótarkrafts sem er jafn og tvöfaldur þyngdaraflskrafturinn á massa allra viðeigandi íhluta sætisins, settur á 45° ± 2° á láréttan flöt aftur á bak og upp, eins og sýnt er á mynd 3.

Báðum togkröftum skal skipt jafn á milli festinganna.

3.3. Kraftur til að opna lássylgju öryggisbeltis (ef þess er krafist af framleiðandanum)

Lássylgja öryggisbeltis skal opnast með hámarkskraftinum 140 N eftir að álaginu hefur verið beitt. Þessi krafa er uppfyllt fyrir öryggisbeltasamstæður sem uppfylla kröfurnar í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 16 eða tilskipun ráðsins 77/541/EBE([1]).

3.4. Niðurstaða prófunar

Skilyrði fyrir samþykki


Varanleg aflögun íhluta kerfisins og festingasvæðisins er ásættanleg vegna virkni kraftanna sem tilgreindir eru í liðum 3.12.3.1 og 3.12.3.2. Hins vegar er ekki leyfilegt að bilun valdi því að öryggisbeltakerfið, sætasamstæðan eða læsibúnaður sætisstillingarinnar losni.

Ekki þarf að vera hægt að nota sætisstillinn eða læsibúnaðinn eftir að álaginu hefur verið beitt.

([1]) Tilskipun ráðsins 77/541/EBE frá 28. júní 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi öryggisbelti og aðhaldsbúnað í vélknúnum ökutækjum (Stjtíð EB L 220, 29.8.1977, bls. 95).

Mynd 1


Búnaður til að beita álagi



Athugasemd: Málin sem eru ekki sýnd eru valkvæð og er að vali prófunarstöðvarinnar og hafa ekki áhrif á prófunarstöðurnar.


Mynd 2

Álagi beitt upp á við og fram á við



Mynd 3

Álagi beitt upp á við og aftur á bak



C. VIÐBÓTARKRÖFUR SEM GILDA UM ÖRYGGISBELTAFESTINGAR (AÐRAR EN ÞÆR SEM SETTAR ERU FRAM Í LIÐUM B OG D)

Ökutæki í flokkum T og C sem búin eru öryggisbeltafestingum sem uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í ISO-staðli 3776-2:2013 skulu teljast uppfylla þennan viðauka.

D. VIÐBÓTARKRÖFUR SEM GILDA UM ÖRYGGISBELTAFESTINGAR (AÐRAR EN ÞÆR SEM SETTAR ERU FRAM Í LIÐUM B OG C)

Ökutæki í flokkum T og C sem búin eru öryggisbeltafestingum sem prófaðar eru og gerð er prófunarskýrsla um á grundvelli reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 14 skulu teljast uppfylla þennan viðauka.

Skýringar við XVIII. viðauka

([1]) Nema númeraröðin, eru kröfurnar sem settar eru fram í lið B eins og textinn í stöðluðum reglum OECD um opinberar prófanir á veltigrindum á dráttarvélum fyrir landbúnað og skógrækt (kyrrstöðuprófun), regla Efnahags- og framfarastofnunin nr. 4, útgáfa 2015 frá júlí 2014.

XIX. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um öryggisbelti

1. Ef ökutæki í flokki T eða C er búið veltivarnarbúnaði skal ökutækið búið öryggisbeltum og skal uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í ISO-staðli 3776-3:2009.

2. Í stað krafnanna sem settar eru fram í lið 1 skulu ökutæki í flokki T eða C sem búin eru veltivarnarbúnaði sem hefur verið prófaður og gerð prófunarskýrsla um á grundvelli reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 16 eins og henni var breytt, teljast uppfylla ákvæði þessa viðauka.

XX. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um vernd gegn hlutum sem smjúga í gegn

1. Ökutæki í flokkum T og C sem búin eru til notkunar í skógrækt skulu uppfylla kröfurnar um vernd gegn hlutum sem smjúga í gegn sem mælt er fyrir um í ISO-staðli 8084:2003.

2. Öll önnur ökutæki í flokkum T og C, ef þau eru með vernd gegn hlutum sem smjúga í gegn, skulu uppfylla kröfurnar í lið 1 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 43, ([2]), í 14. viðauka um rúður úr öryggisgleri.

([2]) Stjtíð. ESB L 230, 31.8.2010, bls. 119.

XXI. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um útblásturskerfi

1. **Skilgreiningar**

Í þessum viðauka merkir „útblásturskerfi“: samsetning útblástursrörs, þenslukúts, útblásturshljóðdeyfis og mengunarvarnarbúnaðar.

2. **Almennar kröfur**

2.1. Staðsetja skal útblástursrörið þannig að útblástursloftið geti ekki komist inn í stýrishúsið.

2.2. Hlutar útblástursrörsins sem eru fyrir utan vélarhlífina skulu varðir með skilrúmi, hlífum eða grindum til að koma í veg fyrir möguleikann á að komast í snertingu við heita fleti fyrir slysni.

3. **Dráttarvélar í flokkum T2/C2 og T4.1/C4.1**


Fyrir dráttarvélar í flokkum T2/C2 og T4.1/C4.1 gilda eftirfarandi kröfur:

3.1. Verja skal mjög heita hluta útblásturskerfisins framan við viðmiðunarplan sem liggur hornrétt á lengdarás ökutækisins og gegnum miðju fetilsins sem enginn þungi hvílir á (tengsli og/eða akstursheimill) ef þeir eru innan 300 mm á efra svæðinu (700 mm frá jörðu) og innan 150 mm á lægra svæðinu (sjá mynd 1). Á hliðunum takmarkast svæðið sem verja á af útlínum dráttarvélarinnar og útlínum útblásturskerfisins.

3.2. Verja eða hitaeinangra skal mjög heita hluta útblásturskerfisins, sem eru undir fótstiginu þar sem staða þeirra er lóðrétt.

Mynd 1

(mál í mm)



XXII. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um notendahandbókina

1. Notendahandbókin skal uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í ISO-staðli 3600:1996 að undanskildum lið 4.3. (Machine identification).

2. Auk þess skal notendahandbókin innihalda viðeigandi upplýsingar með tilliti til eftirfarandi viðfangsefna:

a) stilling sætis og fjöðrunar í tengslum við vinnuvistfræðilega stöðu stjórnandans með tilliti til stjórnbúnaðar og í því skyni að minnka hættu á titringi í öllum líkamanum,

b) notkun og stilling kerfis til hitunar, loftræstingar og loftjöfnunar, ef það er til staðar,

c) ræsing og stöðvun hreyfils, þ.m.t reglurnar um örugga ræsingu/stöðvun sem fela í sér notkun handbremsu, að setja stjórnbúnað í hlutlausa stöðu og að fjarlægja lykil.

d) staðsetning og aðferð við að opna neyðarútganga,

e) leiðbeiningar um hvernig eigi að fara inn og út úr dráttarvélinni,

f) hættusvæði nærri snúningsás liðskiptra dráttarvéla,

g) notkun sérstakra verkfæra, ef einhver fylgja,

h) öruggar aðferðir notaðar við þjónustu og viðhald, þ.m.k. hreinsun og vinna hátt uppi,

i) upplýsingar um tímann sem líður á milli skoðana á vökvaslöngum,

j) leiðbeiningar um hvernig eigi að draga dráttarvélina,

k) leiðbeiningar um aðferðir við örugga notkun tjakka og lyftistaði sem mælt er með,

l) hættur í tengslum við rafgeyma og eldsneytisgeyma,

m) bönnuð notkun dráttarvélarinnar ef hætta er á að hún velti, með tilvísun í að þessi listi sé ekki tæmandi,

n) hætta í tengslum við heita fleti, þ.m.t. eftirstæðir áhættuþættir s.s. áfylling á olíu eða kælivökva í heitum hreyflum eða gírskiptingum,

o) sú vernd sem veltigrindin veitir gegn fallandi hlutum, ef við á,

p) sú vernd sem veltigrind stjórnandans veitir gegn hlutum sem smjúga í gegn, ef við á.

q) viðvörun vegna hættu á snertingu við loftraflínur,

r) þegar eldingu slær niður,

s) kappar hjól- og aurhlífabúnaðar,

t) hætta í tengslum við hjólbarða, þ.m.t. í tengslum við meðhöndlun, viðgerð, offyllingu af lofti og uppsetningu hjólbarða,

u) minnkandi stöðugleiki þegar notuð eru þung, áfest áhöld í hæð,

v) hætta á veltu þegar farið er yfir hallandi eða óslétt yfirborð,

w) flutningur farþega eingöngu í viðurkenndum farþegasætum

x) notkun ökutækisins einungis af stjórnendum sem hafa hlotið viðeigandi þjálfun

y) upplýsingar um örugga hleðslu ökutækisins.

z) upplýsingar um drátt: staðsetning og skilyrði fyrir öruggu verklagi.

aa) upplýsingar um staðsetningu og skilyrði fyrir notkun einangrunarkassa rafgeyma (vélrænn búnaður, rafmagnsrofar eða rafræn kerfi),

ab) notkun öryggisbelta og annarra gerða aðhaldsbúnaður í sæti stjórnandans,

ac) fyrir dráttarvélar með sjálfvirkum stýrisbúnaði, viðeigandi leiðbeiningar og öryggisupplýsingar,

ad) fyrir ökutæki með fellanlegan veltivarnarbúnað, upplýsingar um örugga notkun fellanlega veltivarnarbúnaðarins, þ.m.t.: aðgerðir til að reisa/fella og að læsa í uppreistri stöðu.

ae) fyrir ökutæki með fellanlegum veltivarnarbúnaði, viðvaranir á afleiðingum ef velta verður með veltivarnarbúnaðinn niðurfelldan,

af) fyrir ökutæki með fellanlegan veltivarnarbúnað, lýsing á aðstæðum þar sem nauðsynlegt kann að vera að fella hann niður (t.d. við vinnu inni í byggingum, ávaxtagörðum, humal- eða vínekrum) og áminning um að veltivarnarbúnaðurinn ætti að vera settur upp aftur þegar framangreindum verkum er lokið.

ag) upplýsingar um staðsetningu smurkoppa og öruggt verklag við smurningu,

ah) upplýsingar um lágmarkskröfur sæta og samhæfi þeirra við ökutækið, í því skyni að uppfylla yfirlýsinguna um sveiflu í lið 5.

3. Viðbótarupplýsingar varðandi festingu, losun og vinnu með áfastar vélar, eftirvagna og útskiptanlegum, dregnum tækjum.

Í notendahandbókinni skal vera eftirfarandi:

a) viðvörun um að fylgja nákvæmlega leiðbeiningum sem lýst er í notendahandbók áfastra eða dreginna tækja eða eftirvagna og að nota ekki samtengdu dráttarvélina — tæki eða dráttarvél — eftirvagninn nema öllum leiðbeiningum hafi verið fylgt,

b) viðvörun um vera ekki á svæði þriggja punkta tengingar og dráttaraugans (ef það er til staðar) þegar verið er að stjórna þeim,

c) viðvörun um að það verði að láta áföst tæki síga niður á jörð áður en dráttarvélin er yfirgefin,

d) hraði drifskafta í notkun á áfestum tækjum eða ökutækjum með eftirvagn,

e) krafa um að nota einungis drifsköft með viðeigandi hlífum og að setja lok eða hettu á ef hlífin er tekin af dráttarvélinni,

f) upplýsingar um vökvatengibúnað og virkni þeirra,

g) upplýsingar um hámarkslyftigetu þriggja punkta tengingar,

h) upplýsingar um ákvörðun heildarmassa, álag á ása, álagsþol hjólbarða og nauðsynlega lágmarks-þyngdarklossa,

i) upplýsingar um fyrirhugaða notkun, uppsetningu, fjarlægingu og viðhald þyngdarklossa,

j) upplýsingar um hemlakerfi eftirvagna sem eru til staðar og samhæfi þeirra við ökutækin sem draga,

k) lóðrétt hámarksálag á dráttarauga að aftan í tengslum við stærð hjólbarða að aftan og gerð dráttarauga,

l) upplýsingar um notkun áhalda með drifsköftum og að tæknilega mögulegur halli skaftanna fari eftir lögun og stærð aðalhlífarinnar og/eða auða svæðinu, þ.m.t. sérstakar upplýsingar sem er krafist ef um er að ræða aflúttök af gerð 3 í minnkaðri stærð,

m) endurtekning á gögnunum um lögboðna merkiplötu um leyfilegan, dregin hámarksmassa,

n) viðvörun um að halda sig fjarri svæðinu á milli dráttarvélar og dregna ökutækisins.

o) Fyrir dráttarvélar með áföst tæki, upplýsingarnar sem krafist er í notendahandbók tækisins sem er fest á í samræmi við tilskipun 2006/42/EB.

4. Yfirlýsing um hávaða

Í notendahandbókinni skal tilgreint gildið fyrir hávaða í eyra stjórnandans mælt skv. XII. viðauka.

5. Yfirlýsing um sveiflu

Í notendahandbókinni skal tilgreint gildið fyrir sveiflu mælt skv. XII. viðauka.

6. Notkunarhamir

Í notendahandbókinni skal vera að finna viðeigandi upplýsingar til að gera kleift að nota dráttarvélina á öruggan hátt þegar hún er notuð í eftirfarandi aðstæðum:

a) vinna með framhleðslutæki (hætta vegna fallandi hluta),

b) notkun við skógrækt (hætta á fallandi hlutum/hlutum sem smjúga í gegn),

c) vinna með plöntuúðara, áfesta eða dregna (hætta vegna hættulegra efna),

Í notendahandbókinni skal sérstaklega huga að notkun dráttarvélarinnar í samsetningum með framangreindum búnaði.

6.1. Framhleðslutæki

6.1.1. Í notendahandbókinni skal lýsa hættunum í tengslum við vinnu með framhleðslutæki og útskýra hvernig eigi að forðast slíkar hættur.

6.1.2. Í notendahandbókinni skal tilgreina festipunkta á yfirbyggingu dráttarvélarinnar þar sem setja verður framhleðslutækið á, ásamt stærð og eiginleikum vélbúnaðarins sem á að nota. Ef ekki er gert ráð fyrir neinum slíkum festipunktum skal í notendahandbókinni bannað að setja upp framhleðslutæki.

6.1.3. Dráttarvélar sem eru búnar eru forritanlegum, vökvastýrðum raðaðgerðum skulu veita upplýsingar um hvernig eigi að tengja vökvabúnað hleðslutækisins þannig að þessi aðferð sé ónothæf.

6.2. Notkun við skógrækt

6.2.1. Ef landbúnaðardráttarvél er notuð við skógrækt skulu tilgreindar hættur vera m.a. eftirfarandi:

a) fallandi tré, t.d. ef aftanásettur gripkrani fyrir tré er festur aftan á dráttarvélina,

b) hlutir sem smjúga inn í hús stjórnandans, einkum ef vinda er fest aftan á dráttarvélina,

c) fallandi hlutir, s.s. trjágreinar eða bolir

d) vinnuskilyrði þar sem mikill halli er eða torfært landslag.

6.2.2. Í notendahandbókinni skulu veittar upplýsingar um eftirfarandi:

a) að hætturnar sem er lýst í lið 6.2.1. séu til staðar,

b) allan valkvæðan búnað sem gæti verið tiltækur til að verjast slíkum hættum,

c) festipunkta á dráttarvélinni þar sem hægt er að festa veltigrind, ásamt stærð og eiginleikum vélbúnaðarins sem á að nota, ef ekki er gert ráð fyrir neinum úrræðum til að festa viðeigandi veltigrindur skal tilgreina það,

d) veltigrindur sem eru til staðar sem geta verið rammi sem verndar vinnustöðina fyrir fallandi trjám eða möskvanet framan á hurðum, þaki og gluggum stýrishúss, o.s.frv.,

e) verndina sem fallvarnargrind veitir, ef hún er til staðar.

6.3. Plöntuúðarar (vernd gegn hættulegum efnum):

6.3.1. Ef landbúnaðardráttarvél er notuð með plöntuúðara skulu tilgreindar hættur vera m.a. eftirfarandi:

a) hættur sem eru til staðar þegar hættulegum efnum er úðað með dráttarvél sem búin er stýrishúsi eða ekki,

b) hættur í tengslum við að fara inn og út úr stýrishúsinu þegar hættulegum efnum er úðað,

c) hættur í tengslum við mögulega mengun athafnarýmisins,

d) hættur í tengslum við hreinsun á stýrishúsinu og viðhaldi loftsía,

6.3.2. Í notendahandbókinni skulu veittar upplýsingar um eftirfarandi:

a) að a.m.k. hætturnar sem er lýst í 6.3.1. séu til staðar,

b) verndina gegn hættulegum efnum sem stýrishúsið og sían veitir, Einkum skal tilgreina upplýsingarnar sem krafist er í stöðlunum EN 15695-1:2009 og EN 15695-2:2009/AC 2011.

c) val og hreinsun á loftsíum stýrishússins, sem og hversu oft er krafist að skipt sé um síur til að veita samfellda vernd. Þar með talið er hvernig eigi að framkvæma slík verk örugglega og án áhættu fyrir heilsuna,

d) að halda athafnarýminu ómenguðu, einkum þegar dráttarvélin er notuð með persónuhlífum,

e) áminningu um að örugg úðun krefjist þess að merkimiða hættulega efnisins sé fylgt og leiðbeiningum áfasta eða dregna úðarans.

_____

XXIII. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um stjórntæki, þ.m.t. öryggi og áreiðanleika stjórnkerfa og neyðarhemlabúnaðar og sjálfvirks hemlabúnaðar

SKRÁ YFIR VIÐBÆTA

Númer viðbætis	Heiti viðbætis	Bls.
1	Myndir	305
2	Flókin rafræn stjórnkerfi ökutækja sem verða að uppfylla ákvæði 6. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 79.	307

1. **Almennar kröfur**

1.1. Stjórnbúnaður skal vera auðveldlega aðgengilegur og ekki skapa hættu fyrir stjórnandann en hann skal geta virkjað þau án erfiðleika eða áhættu. Þau skulu hönnuð þannig og komið fyrir, eða varin, að komið sé í veg fyrir óviljandi skiptingu eða hreyfingu búnaðar eða annars konar aðgerð sem gæti verið hættuleg sé sett af stað fyrir slysni.

1.2. Stjórnbúnaður verður að uppfylla allar sérstakar kröfur, að því leyti sem þær gilda, sem settar eru fram í liðum 1.2.1 til 1.2.5 að því er varðar uppsetningu, staðsetningu, notkun og auðkenningu stjórnbúnaðar. Annað fyrirkomulag er leyfilegt ef framleiðandi færir sönnur á að það hafi virkni sem er a.m.k. sambærileg þeim kröfum sem tilgreindar eru í þessum viðauka.

1.2.1. Stjórnbúnaður eins og stýrishjól eða stýrissveifar, gírstangir, stjórnstangir, sveifar, fetlar og rofar skulu valin, hönnuð, smíðuð og komið þannig fyrir að kraftar til að virkja þau, færa til, staðsetningar þeirra, notkunaraðferðir og litakóðar séu í samræmi við ISO-staðal 15077:2008 og skulu uppfylla ákvæðin sem sett eru fram í viðaukum A og C í þeim staðli.

1.2.2. Fjarlægðir frá hindrunum hvað varðar handvirkan stjórnbúnað skulu vera í samræmi við mgr. 4.5.3 í ISO-staðli 4254-1:2013. Þessi krafa gildir ekki um stjórnbúnað sem stjórnað er með fingurgómunum, s.s. þrýstihnappa og rafmagnsrofa.

1.2.3. Fetlar skulu vera í viðeigandi stærð og hafa nægilegt rými og bil á milli þeirra. Fetlar skulu hafa stamt yfirborð þar sem stigið er á þá og skal vera auðvelt að þrífa þá.

Til að komast hjá ruglingi skulu ökumaður, fetlar (tengsli, heimill og eldsneytisgjöf) hafa sömu virkni og fyrirkomulag og í vélknúnum ökutækjum, nema í þeim ökutækjum sem búin eru sæti sem setið er klofvega á og með stýrishandföngum sem litið er á að uppfylli kröfurnar í EN 15997:2011 að því er varðar stýringu eldsneytisgjafar og handstýrð tengsli.

1.2.4. Fyrir dráttarvélar án lokaðs stýrihúss skal aðgengileiki að innri stjórnbúnaði takmarkaður frá jörðu, einkum skal forðast að hægt sé að teygja sig í innri stjórnbúnað aflúttaksins að aftan, stjórnbúnað þriggja punkta lyftibúnaðar að aftan og allan stjórnbúnað knúningsafls af því svæði sem ákvarðað er að lóðréttum plönum sem liggja í innri brún aurhlífa (sjá mynd 3).

2. **Auðkenning stjórnbúnaðar**

2.1. Táknin sem notuð eru til auðkenningar stjórnbúnaðar skulu vera í samræmi við þau sem sýnd eru í XXVI. viðauka.

2.2. Heimilt er að nota önnur tákn en þau sem sett eru fram í XXVI. viðauka í öðrum tilgangi að því tilskildu að engin hætta sé á að þeim verði ruglað saman við þau sem sýnd eru í þeim viðauka.

2.3. Táknin skulu vera á stjórnbúnaðinum eða mjög nálægt honum.

2.4. Táknin skulu vera skýrt aðgreind frá bakgrunninum.

2.6. Stjórnbúnað má auðkenna með skýringarmyndum í samræmi við XXVI. viðauka og leiðbeiningar skulu veittar í notendahandbókinni.

3. **Örugg ræsing hreyfilsins**

Ekki skal vera mögulegt að ræsa hreyfilinn ef hætta er á því að það gæti valdið stjórnlausri hreyfingu dráttarvélarinnar eða einhvers áhalds eða búnaðar sem er tengdur við hana.

3.1. Krafan sem sett er fram í lið 3 telst uppfyllt ef ekki er hægt að ræsa hreyfilinn nema:

tengslisbúnaðurinn sé óvirkur og a.m.k. einn eftirfarandi stjórnbúnaður aflyfirfærslu ökutækisins sé í hlutlausri stöðu:

— stjórnstöngin til að keyra fram eða aftur, eða

— stjórnstöngin til að skipta um gír, eða

— stjórnstöngin til að stilla bil, eða

3.1.1. Auk þess skal ekki vera mögulegt að ræsa hreyfilinn ef vökvastöðubúnaður er ísettur og er ekki í hlutlausri stöðu eða enginn þrýstingur er á honum eða ef vökvaskipting er ísett og virkjunarbúnaðurinn fer ekki sjálfkrafa í hlutlausa stöðu.

3.2. Komast skal hjá því að mögulegt sé að framkvæma þessa ræsingu frá jörðu niðri, eða úr annarri stöðu en ökumannsstöðu.

4. **Stjórnbúnaður til að stöðva hreyfil**

Þegar þessi búnaður er virkjaður verður hreyfillinn að stöðvast án þess að notað sé viðvarandi handafl, ekki skal vera mögulegt að hreyfillinn ræsist sjálfvirkt.

Ef stjórnbúnaður til að stöðva hreyfil er ekki með stjórnbúnaði fyrir ræsingu skal hann vera í lit sem er greinilega andstæður bakgrunnslitinum og lit annars stjórnbúnaðar. Ef stjórnbúnaður til að stöðva hreyfil er hnappur skal hann vera rauður að lit.

5. **Stjórnbúnaður fyrir lás á mismunadrifi**

Auðkenning þessa stjórnbúnaðar ef hann er ísettur er skyldubundin. Virkni láss á mismunadrif skal tilgreind með skýrum hætti ef það blasir ekki við frá stöðu stjórnbúnaðar.

6. **Þriggja punkta lyftibúnaður**

6.1. Annaðhvort skal stjórnbúnaður þriggja punkta lyftibúnaðar settur í þannig að hægt sé að framkvæma lyfti- og lækkunarhreyfingar með öruggum hætti og/eða setja skal sjálfvirka tengihluti á festibúnað lyftibúnaðarins þannig að ekki er nauðsynlegt að stjórnandinn sé á milli dráttarvélarinnar og búnaðarins. Tilgreina skal hvort slíkur stjórnbúnaður sé til staðar.

6.2. Öryggiskröfurnar sem eru gerðar varðandi það að lyfta verkfærum og láta þau síga teljast uppfylltar ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

6.2.1. Aðalstjórnbúnaður

Aðalstjórnbúnaðinum og öllum tengingum er komið þannig fyrir eða þær varðar með þeim hætti að stjórnandinn getur ekki náð til þeirra ef hann stendur á jörðu niðri milli dráttarvélarinnar og áfests áhalds eða ytri stjórnbúnaður skal settur upp.

6.2.2. Ytri stjórnbúnaður

6.2.2.1. Ytri stjórnbúnaður þriggja punkta lyftibúnaðar að aftan, þegar hann er ísettur skal vera komið þannig fyrir að stjórnandinn geti virkjað hann utan hættusvæðisins að aftan (sjá mynd 1). Þessi krafa telst uppfyllt ef stjórnbúnaðurinn er staðsettur utan við svæðið sem afmarkast af lóðréttum plönum sem fara eftir innri brún aurhlífa og í:

a) lóðréttri fjarlægð sem er að lágmarki 550 mm frá ási aflúttaksins eða ef það er ekki tæknilega mögulegt á ytri hlið aurhlífar/aurbrettis.

b) hámarkshæð sem nemur 1800 mm frá jörðu eða, ef það er ekki tæknilega mögulegt, 2000 mm.

6.2.2.2. Ytri stjórnbúnaður fyrir þriggja punkta lyftibúnað að framan skal staðsettur utan við hættusvæðið að framan (mynd 2) og í hámarkshæð frá jörðu sem nemur 1800 mm eða, ef það er ekki tæknilega mögulegt 2000 mm.

og

6.2.2.3. Þriggja punkta vökvalyftibúnaðinum er beitt með stjórnbúnaði sem takmarkar hreyfingu við 100 millimetra að hámarki þegar stjórnbúnaðinum er beitt. Mælipunktarnir eru í þessu tilviki tengipunktarnir á lægri örmum þriggja punkta tengingarinnar,

eða

6.2.2.4. Þriggja punkta vökvalyftibúnaðinum er beitt með stjórnbúnaði sem byggir á meginreglunni að hann er virkur meðan honum er haldið niðri „hold-to-run-principle“,“

6.2.3. Dráttarvélar í flokkum T2/C2 og T4.1/C4.1

Þegar um er að ræða dráttarvélar í flokkum T2/C2 og T4.1/C4.1 skal aðalstjórnbúnaðurinn staðsettur fyrir framan lóðrétta planið sem fer í gegnum viðmiðunarpunkt sætis þegar sætið er í miðstillingu.

6.2.4. Annað fyrirkomulag er leyfilegt ef framleiðandi færir sönnur á að það hafi virkni sem er a.m.k. sambærileg þeim kröfum sem settar eru fram í liðum 6.2.1 til 6.2.3.

7. **Stjórnbúnaður aflúttaks**

7.1. Stjórnbúnaður aflúttaks skal vera hannaður þannig að það komið sé í veg fyrir að honum sé beitt í ógáti.

7.1.1. Stjórnbúnaður aflúttaks skal vera greinilega merktur með gulum lit og skal ekki vera hægt að rugla honum saman við annan stjórnbúnað ef hann er til staðar (t.d. stjórnbúnað fyrir þriggja punkta tengingu, vökvaknúinn stjórnbúnað).

7.2. Ekki skal vera hægt að ræsa hreyfil með aflúttak í gangi.

7.3. Ávallt skal vera mögulegt að stöðva aflúttak úr sæti ökumanns sem og með tengdum ytri stjórnbúnaði. Stöðvunin hnekkir alltaf öðrum aðgerðum stjórnbúnaðar.

7.4. Viðbótarkröfur að því er varðar ytri stjórnbúnað fyrir aflúttak.

7.4.1. Stjórnbúnaður ræsingar skal vinna í samræmi við meginregluna að hann er virkur meðan honum er haldið niðri, a.m.k. fyrstu þrjár sekúndur eftir að honum er beitt.

7.4.2. Eftir að stjórnbúnaðurinn hefur verið virkjaður skal seinkun fyrirhugaðrar aðgerðar ekki vera meiri en tíminn sem það tekur tæknilega kerfið fyrir tengingu/aftengingu aflúttaksins að virka. Ef farið er fram úr þessum seinkunartíma skal aflúttaksdrifið stöðvast sjálfvirkt.

7.4.3. Gagnvirkni milli ytri stjórnbúnaðar aflúttaks og stjórnbúnaðar aflúttaks í sæti stjórnanda skal ekki leyfð.

7.4.4. Ytri stjórnbúnaður aflúttaks að aftan, þegar hann er ísettur skal vera komið þannig fyrir að stjórnandinn geti virkjað hann utan hættusvæðisins að aftan (sjá mynd 1). Þessi krafa telst uppfyllt ef ytri stjórnbúnaðurinn er staðsettur utan við svæðið sem afmarkast af lóðréttum plönum sem fara eftir innri brún aurhlífa og í:

a) lóðréttri fjarlægð sem er að lágmarki 550 mm frá ási aflúttaksins eða ef það er ekki tæknilega mögulegt á ytri hlið aurhlífar/aurbrettis,

b) hámarkshæð sem nemur 1800 mm frá jörðu eða, ef það er ekki tæknilega mögulegt, 2000 mm.

7.4.5. Ytri stjórnbúnaður fyrir aflúttak að framan, þegar hann er ísettur, skal staðsettur utan við hættusvæðið að framan (sjá mynd 2) og í hámarkshæð frá jörðu sem nemur 1800 mm eða, ef það er ekki tæknilega mögulegt 2000 mm.

7.4.6. Gulur eða rauður hnappur til að stöðva ytra aflúttak skal vera staðsettur utan hættusvæðanna sem sýnd eru á myndum 1 og 2.

7.4.6.1. Rauður eða gulur hnappur til að stöðva ytra aflúttak skal samtímis stöðva þriggja punkta lyftibúnaðinn ef kröfurnar sem settar eru fram í lið 6.2.2.4 eru ekki uppfylltar í samræmi við lið 6.2.4.

8. **Fjarstýribúnaður fyrir loka**

8.1. Ytri fjarstýribúnaði fyrir loka að aftan, þegar hann er ísettur, skal vera komið þannig fyrir að stjórnandinn geti virkjað hann utan hættusvæðisins að aftan (sjá mynd 1). Þessi krafa telst uppfyllt ef ytri stjórnbúnaðurinn er staðsettur utan við svæðið sem afmarkast af lóðréttum plönum sem fara eftir innri brún aurhlífa og í:

a) lóðréttri fjarlægð sem er að lágmarki 550 mm frá ási aflúttaksins eða ef það er ekki tæknilega mögulegt á ytri hlið aurhlífar/aurbrettis.

b) hámarkshæð sem nemur 1800 mm frá jörðu eða, ef það er ekki tæknilega mögulegt, 2000 mm.

8.2. Ytri fjarstýribúnaður fyrir loka að framan, þegar hann er ísettur, skal staðsettur utan við hættusvæðið að framan (sjá mynd 2) og í hámarkshæð frá jörðu sem nemur 1800 mm eða, ef það er ekki tæknilega mögulegt 2000 mm.

9. **Viðverueftirlit stjórnanda**

9.1. Viðverueftirlit stjórnanda í tengslum við stöðuhemlakerfi

Ökutæki í flokkum T og C að undanskildum þeim sem búin eru sætum sem setið er á klofvega og handföngum sem krefjast þess að einhver sé til staðar í ökummanssætinu skulu vera með hljóðviðvörun eða sjónræna viðvörun sem varar stjórnandann við því þegar hann fer úr ökumannssætinu og stöðuhemillinn hefur ekki verið settur á. Þessi hljóðviðvörun og sjónræna viðvörun skal virkjuð eftir greint hefur verið að stjórnandinn sé ekki í ökumannssætinu og að stöðuhemillinn hafi ekki verið settur á. Tímalengd viðvörunarinnar skal ekki vera skemmri en 10 sekúndur. Viðvörunin skal afvirkjuð ef búnaðurinn greinir að hann sé aftur kominn í ökumannssætið innan þess tíma eða ef stöðuhemillinn er settur á innan þessa tíma.

9.1.1. Ökutæki þar sem þess er krafist er að einhver sé í ökumannssætinu skulu hafa hljóðviðvörun og sjónræna viðvörun sem varar stjórnandann við þegar hann fer úr ökumannssætinu þegar ökutækið er kyrrstætt og stöðuhemillinn eða stöðulæsingin hafa ekki verið sett á. Þessi hljóðviðvörun og sjónræna viðvörun skal virkjuð eftir að greint hefur verið að stjórnandinn sé ekki í ökumannssætinu og að stöðuhemillinn eða stöðulæsingin hafi ekki verið sett á. Tímalengd viðvörunarinnar skal ekki vera skemmri en 10 sekúndur. Viðvörunin skal afvirkjuð ef búnaðurinn greinir að hann sé aftur kominn á í ökumannssætið innan þess tíma eða ef stöðuhemillinn eða stöðulæsingin eru sett á innan þessa tíma.

9.2. Viðverueftirlit stjórnanda í tengslum við aflúttak

Fyrir ökutæki í flokkum T og C skal notkun aflúttaksins í kyrrstöðu gerð virk með skipun sem stjórnandinn gefur af ásetningi þegar dráttarvélin hreyfist ekki.

Ef stjórnandinn fer úr ökumannssætinu þegar aflúttakið er í gangi og ökutækið er ekki á hreyfingu skal drifið fyrir drifskaftið slökkva sjálfvirkt á sér innan 7 sekúndna. Sjálfvirka slökkviaðgerðin fyrir aflúttakið skal ekki hafa neikvæð áhrif á öryggistengdar aðgerðir (t.d. hemlun). Endurræsing aflúttaksins skal einungis vera mögleg ef stjórnandinn setur það aftur af stað af ásetningi.

10. **Sjálfstýrikerfi**

Sjálfstýrikerfi fyrir dráttarvélar (flokkar T og C) skulu vera í samræmi við kröfurnar í ISO-staðli 10975:2009.

11. **Flókin rafræn stjórnkerfi ökutækis**


Flókin rafræn stjórnkerfi ökutækis, eins og þau eru skráð í 2. viðbæti við og skilgreind í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 79 skulu uppfylla ákvæði 6. viðauka við þá reglugerð.

Viðbætir 1

Myndir


Mynd 1

Aftara hættusvæði fyrir staðsetningu vökvaknúins þriggja punkta lyftibúnaðar, aflúttaks og fjarstýribúnaðar fyrir loka (þrjár mögulegar staðsetningar: A, B eða C)




Mynd 2

Fremra hættusvæði fyrir staðsetningu vökvaknúins þriggja punkta lyftibúnaðar, aflúttaks og fjarstýribúnaðar fyrir loka. Í lóðsýn er fremra hættusvæðið þverskurður trapisulaga svæðis en skáhliðar þess eru armar þriggja punkta lyftibúnaðarins: minni grunnflötur þeirra er ofanvarp framhluta yfirbyggingar dráttarvélarinnar og stærri grunnflöturinn er línan sem fer í gegnum enda arma þriggja punkta lyftibúnaðarins.




Mynd 3

Svæði án aðgangs að aflúttaki að aftan og innri stjórnbúnaði þriggja punkta lyftibúnaðar fyrir dráttarvélar án stýrishúss, ákvarðað af lóðréttum plönum sem fara eftir innri brún aurhlífanna.



Mynd 4

Dæmi um fyrirkomulag ytri stjórnbúnaðar, ekki tæmandi útfærsla



Viðbætir 2

Flókin rafræn stjórnkerfi ökutækja sem verða að uppfylla ákvæði 6. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 79.

1. Kerfi sem hafa áhrif á stýringu
2. …

XXIV. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um varnir gegn hættum af völdum vélrænna hreyfinga

1. **Fyrirkomulag og merking á sveigjanlegum vökvaslöngum**

1.1. Sveigjanlegum vökvaslöngum skal komið fyrir á þann hátt að engar vélrænar skemmdir eða hitaskemmdir geti orðið.

1.2. Vökvaslöngum sem eru í námunda við ökumannssæti eða farþegasæti skal komið fyrir eða þær varðar á þann hátt að ekki skapist hætta ef þær gefa sig.

1.3. Auðvelt skal vera að bera kennsl á sveigjanlegar vökvaslöngur og þær merktar með óafmáanlegum upplýsingum:

— um merki framleiðanda sveigjanlegu slöngunnar,

— um framleiðsludag (framleiðsluár og mánuð),

— um hæsta leyfilegan yfirþrýsting á vökvanum við vinnu.

2. **Eftirvagnar í flokki R sem geta sturtað (stoðir fyrir þjónustu og viðhald)**

2.1. Ef nauðsynlegt er fyrir stjórnandann að vinna undir hlutum vélarinnar sem er lyft upp til að sinna viðhaldi eða þjónustu skulu vélrænar stoðir eða vökvaknúinn læsibúnaður vera til staðar til að koma í veg fyrir þeir sígi niður fyrir slysni.

2.1.1. Ásættanlegt er að nota annað en vélrænan eða vökvaknúinn búnað að því tilskildu að jafn mikið eða meira öryggi sé tryggt.

2.2. Mögulegt skal vera að stýra vökvaknúnum læsibúnaði og vélrænum stoðum utan hættusvæðanna.

2.3. Vélrænar stoðir eða vökvaknúinn læsibúnaður skulu auðkennd með því að nota lit sem er andstæður við lit vélarinnar eða með öryggisskilti sem er staðsett annaðhvort á eða mjög nálægt búnaðinum.

2.4. Stoðir eða vökvaknúinn búnað skal auðkenna með skýringarmyndum í samræmi við XXVI. viðauka og leiðbeiningar skulu veittar í notendahandbókinni.

2.5. Vélrænar stoðir

2.5.1. Vélrænn stoðbúnaður skal standast álag sem er 1,5 sinnum stöðuálagið sem á að halda uppi.

2.5.2. Vélrænar stoðir sem hægt er að taka af skulu hafa sérnota og auðsýnilegan og auðfundinn geymslustað á vélinni.

2.6. Vökvaknúinn læsibúnaður

2.6.1. Vökvaknúinn læsibúnaður skal staðsettur á vökvahólki eða tengdur við vökvahólk með ósveigjanlegum eða sveigjanlegum leiðslum. Í síðara tilvikinu skulu leiðslurnar sem tengja læsibúnaðinn við vökvahólkinn vera hannaðar til að þola þrýsting sem er a.m.k. fjórum sinnum hámarksnafnvökvaþrýstingur.

2.6.2. Hámarksnafnvökvaþrýstingurinn skal tilgreindur í notendahandbókinni. Skilyrðin fyrir því að skipta um slíkar sveigjanlegar leiðslur skulu einnig tilgreind í notendahandbókinni.

3. **Hrjúft yfirborð og skarpar brúnir**

Hlutir sem líklegt er að ökumaður eða farþegar komist í snertingu við í akstri skulu ekki hafa skarpar brúnir eða hrjúft yfirborð sem eru hættuleg farþegum.

4. **Smurkoppar**

4.1. Stjórnandinn skal hafa beinan aðgang að smurkoppum eða vera með ósveigjanlegum leiðslum eða sveigjanlegum háþrýstileiðslum til að gera kleift að smyrja frá aðgengilegum stað.

4.2. Smurkoppa skal auðkenna með skýringarmyndum í samræmi við XXVI. viðauka og leiðbeiningar skulu veittar í notendahandbókinni.

XXV. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um hlífar og varnarbúnað

1. **Ökutæki í flokkum T og C,**

   Fyrir ökutæki í flokkum T og C eru skilgreiningarnar og kröfurnar eins og þær sem mælt er fyrir um í XVII. viðauka að því er varðar vernd aflrásaríhluta.

2. **Ökutæki í flokkum R og S,**

   Fyrir ökutæki í flokkum R og S gilda eftirfarandi kröfur XVII. viðauka að því er varðar vernd aflrásaríhluta:

   — liður 2. Almennar kröfur,

   — liður 3. Öryggisfjarlægðir til að forðast snertingu við hættulega hluta: liðir 3.1 til 3.2.6 og

   — liður 4. Kröfur um styrkleika sem gerðar eru til hlífa og skilrúma.

XXVI. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um upplýsingar, viðvörunarmerki og merkingar

1. **Tákn**

1.1. Tákn sem eru notuð fyrir stjórnbúnaðinn sem tilgreind eru í XXIII. viðauka og annað sem birt er ætti að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í ISO-staðli 1. hluta (1998+A2:2012) og ef við á 2. hluta (:2008).

1.2. Í stað krafnanna sem settar eru fram í lið 1.1 skulu ökutæki með tákn sem uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 60 teljast vera í samræmi við þennan viðauka.

2. **Skýringarmyndir**

2.1. Skýringarmyndir fyrir hættu skulu uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í ISO-staðli 11684:1995.

2.2. Skýringarmyndir fyrir persónuhlífar skulu uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í ISO-staðli 7010:2011.

3. **Vökvatengi**

3.1. Vökvatengi skulu vera varanlega merkt með rennslisáttina plús (+) fyrir þrýstingshliðina og mínus (-) fyrir bakrennslið.

3.2. Ef ökutækið er búið fleiri en einni vökvahringrás skal hver þeirra vera skýrt merkt með varanlegum litakóða eða númeraröð.

4. **Lyftistaðir**

Framleiðandinn skal tilgreina örugga lyftistaði og merkja þá skýrt á ökutækið (t.d. með skýringarmyndum).

5. **Viðbótarviðvörunarmerki með tilliti til hemlunar**

Dráttarvélar skulu búnar eftirfarandi sjónrænum viðvörunarmerkjum í samræmi við við viðkomandi ákvæði um uppsetningu í viðauka I(3) við reglugerð (ESB) nr. 167/2013:

5.1. rautt viðvörunarmerki sem tilgreinir bilanir í hemlunarbúnaði ökutækisins sem koma í veg fyrir að hemlaafköst akstursheimils sem mælt er fyrir um og/eða sem koma í veg fyrir að a.m.k. ein af tveimur sjálfstæðum hemlunarrásum akstursheimils virki,

5.2. eftir atvikum, gult viðvörunarmerki sem tilgreinir bilun í hemlunarbúnaði ökutækisins sem greind er rafrænt og sem ekki er tilgreind með rauða viðvörunarmerkinu sem lýst er í lið 5.1,

5.3. sérstakt gult viðvörunarmerki til að tilgreina bilun í rafstýringu hemlunarbúnaðar dregna ökutækisins, fyrir dráttarvélar sem eru búnar rafstýrileiðslum og/eða hafa leyfi til að draga ökutæki sem búið er rafstýringu,

5.4. að öðrum kosti, ef um er að ræða dráttarvélar sem eru búnar rafstýrileiðslum þegar þær eru raftengdar við eftirvagn með rafstýrileiðslu í stað viðvörunarmerkisins sem er tilgreint í lið 5.1 og viðvörunarmerkinu sem fylgir í lið 5.3, sérstakt rautt viðvörunarmerki til að tilgreina tilteknar bilanir í hemlunarbúnaði eftirvagnsins, hvenær sem eftirvagninn gefur samsvarandi upplýsingar um bilun í gegnum gagnaflutningahluta rafstýrileiðslunnar.

XXVII. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um smíðaefni og vörur

1. **Olíubotnskálar og kælivökvakerfi**

Olíubotnskálar og kælivökvakerfi skulu staðsett, smíðuð, húðuð og/eða einangruð til að draga úr hættunni á leka sem gæti valdið stjórnanda meiðslum í veltu.

2. **Brunahraði smíðaefnis stýrishússins**

Brunahraði efnis í innra rýma stýrishússins eins og sætisáklæði, vegg-, gólf- og þakklæðningu þegar hún er til staðar skal ekki vera meiri en 150 mm/mín þegar hann er prófaður í samræmi við ISO-staðal 3795:1989.

XXVIII. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um rafgeyma

1. Rafgeymar skulu staðsettir þannig að þeir geti fengið rétt viðhald og hægt sé að skipta þeim út af jörðu niðri eða af palli og skulu festir þannig að þeir haldist á sínum stað og skulu staðsettir, smíðaðir og einangraðir þannig að það dragi úr líkum á leka í veltu.

2. Rafgeymishúsið verður að vera hannað og smíðað þannig að komið sé í veg fyrir að rafvökvi fari á stjórnanda vélarinnar, ef hún veltur eða sporðreisist, og hindrað að gufa safnist upp á þeim stöðum sem stjórnendur eru á.

3. Ójarðtengd rafskaut rafgeyma skulu varin til að koma í veg fyrir að þau séu snert af slysni og að skammhlaup verði í jörðu.

4. Einangrunarkassi rafgeymis

4.1. Ökutæki skal hannað og smíðað á þann hátt að auðvelt sé að aftengja rafrás rafgeymisins með hjálp rafeindakerfis eða aðgengilegum búnaði sem notaður er til þess (t.d. kveikjulykill dráttarvélar, sameiginleg verkfæri eða rofi).

4.2. Staðsetning einangrunarkassa rafgeymisins verður að vera auðveldlega aðgengileg og ekki nálægt hættulegum svæðum.

4.3. Ef einangrunarkassi rafgeymis hefur hvorki sérstaka táknmynd til auðkenningar né upplýsingar um notkun (kveikt-slökkt) skal sérstaka myndræna táknið sem tilgreint er á mynd 1 áfest.

Mynd 1


Myndræn tákn til auðkenningar á einangrunarkassa rafgeymis samkvæmt kóðum í ISO-staðli 7000:2014.

2063



kóði 2063 rafgeymir aftengdur

0247



kóði 0247 rafgeymir tengdur

XXIX. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um vörn gegn hættulegum efnum

1. **Skilgreiningar**

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1.1. „hættuleg efni“: öll efni, s.s. ryk, gufa og úðaefni nema svæliefni sem geta verið til staðar þegar verið er að dreifa plöntuverndarvörum og áburði og geta valdið því að stjórnandi sé í hættu á að verða fyrir skaða.

1.2. „plöntuverndarvara“ vara sem fellur undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

2. **Kröfur fyrir stýrishúsið**

Ökutæki í flokkum T og C sem veita vernd gegn hættulegum efnum skulu búin stýrishúsum í verndarflokki 2, 3 eða 4 samkvæmt skilgreiningu og í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í staðlinum 15695-1:2009 (t.d fyrir ökutæki sem veita vörn geng plöntuverndarvörum sem mynda gufu sem getur valdið því að stofna stjórnanda í hættu eða valdið honum skaða, skal stýrihúsið vera í verndarflokki 4).

3. **Kröfur fyrir síurnar**

3.1. Síuhylkin skulu vera nægilega stór til að viðhaldsvinna við síu sé án áhættu fyrir stjórnandann.

3.2. Ökutæki í flokkum T og C sem veita vernd gegn hættulegum efnum skulu búin síum sem uppfylla kröfurnar í staðlinum EN 15695-2:2009/AC 2011.

XXX. VIÐAUKI

Staðlar um frammistöðu og mat á tækniþjónustu

1. **Almennar kröfur**

Tækniþjónusta skal sýna fram á viðeigandi hæfni, sértæka tækniþekkingu og staðfesta reynslu á sértæku valdsviði sem fellur undir reglugerð (ESB) nr. 167/2013 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir sem samþykktar eru samkvæmt þeirri reglugerð.

2. **Staðlar sem tækniþjónustur þurfa að uppfylla**

2.1. Tækniþjónustur í mismunandi flokkum sem settir eru fram í 59. gr. í reglugerð (ESB) nr. 167/2013 skulu uppfylla þá staðla sem taldir eru upp í 1. viðbæti við V. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB ([3]) og skipta máli fyrir starfsemina sem þær annast.

2.2.1. Tilvísun í 41. gr. tilskipunar 2007/46/EB í þeim viðbæti skal túlkuð sem tilvísun í 59. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013.

2.2.2. Tilvísun í IV. viðauka við tilskipun 2007/46/EB í þeim viðbæti skal túlkuð sem tilvísun í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 167/2013.

3. **Aðferð við mat á tækniþjónustu**

3.1. Meta skal hvort tækniþjónustur uppfylli kröfur reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 og framseldra gerð sem eru samþykktar samkvæmt þeirri reglugerð í samræmi við við málsmeðferðina sem sett er fram í 2. viðbæti við V. viðauka í tilskipun 2007/46/EB.

3.2. Tilvísanir í 42. gr. tilskipunar 2007/46/EB í 2. viðbæti við V. viðauka við tilskipun 2007/46/EB skulu túlkaðar sem tilvísanir í 62. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013.

4. **Faggilt innri tækniþjónusta framleiðanda**

4.1. Ef framleiðandi eða undirverktaki sem kemur fram fyrir hans hönd uppfyllir staðlana sem settir eru fram í lið 2 og matið sem sett er fram í lið 2 er heimilt að viðurkenningaryfirvaldið tilnefni þá sem tækniþjónustu í merkingu 60. gr. reglugerar (ESB) nr. 167/2013.

4.2. Til að komast hjá hagsmunaárekstrum skal hins vegar tilgreina skyldur framleiðandans og skilyrðin fyrir því að framleiðanda sé leyfilegt að fela undirverktaka prófanir skulu einnig tilgreind.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (Stjtíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1).

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/962 **2016/EES/27/11**

frá 18. desember 2014

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/40/ESB að því er varðar veitingu umferðarupplýsingaþjónustu á rauntíma innan alls Evrópusambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/40/ESB frá 7. júlí 2010 um ramma um útbreiðslu skynvæddra flutningakerfa á sviði flutninga á vegum og um tengingu þeirra við aðra flutningsmáta([1]), einkum 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt b-lið 3. gr. tilskipunar 2010/40/ESB er það forgangsaðgerð að veita umferðarupplýsingaþjónustu á rauntíma innan alls Evrópusambandsins með hliðsjón af þróun og notkun forskrifta og staðla.

2) Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 2010/40/ESB er þess krafist að framkvæmdastjórnin samþykki forskriftir, sem eru nauðsynlegar til að tryggja samrýmanleika, rekstrarsamhæfi og samfelldni að því er varðar útbreiðslu og hagnýt not af skynvæddu flutningakerfunum, í tengslum við veitingu umferðarupplýsingaþjónustu á rauntíma innan alls Evrópusambandsins. Markmiðið með þessari reglugerð er að bæta aðgengileika að, skipti á, endurnotkun og uppfærslu vega- og umferðargagna sem er nauðsynlegt svo unnt sé að veita vandaða og samfellda umferðarupplýsingaþjónustu á rauntíma innan Sambandsins.

3) Samkvæmt 5. gr. tilskipunar 2010/40/ESB ættu forskriftirnar, sem samþykktar eru í samræmi við 6. gr. þessarar tilskipunar, að gilda um verkbúnað og þjónustu fyrir skynvædd flutningakerfi þegar útbreiðsla þeirra fer fram, sbr. þó rétt hvers aðildarríkis til að ákveða útbreiðslu slíks verkbúnaðar og þjónustu á eigin yfirráðasvæði.

4) Þessar forskriftir ættu að gilda um veitingu allrar umferðarupplýsingaþjónustu á rauntíma án þess að hafa áhrif á sérstakar forskriftir, sem samþykktar eru í öðrum gerðum samkvæmt tilskipun 2010/40/ESB, nánar tiltekið framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 885/2013 ([2]) og framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 886/2013 ([3]).

5) Í Sambandinu er nú þegar til staðar markaður fyrir veitingu umferðarupplýsingaþjónustu á rauntíma og það er því bæði notendum og viðskiptavinum, sem og veitendum þessarar þjónustu, í hag að rétt rammaskilyrði séu sköpuð fyrir þennan markað til að varðveita hann og þróa enn frekar á nýstárlegan hátt. Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/98/EB ([4]) eru settar lágmarksreglur um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera í öllu Sambandinu að því er varðar veitingu umferðarupplýsingaþjónustu á rauntíma. Að því er varðar endurnotkun gagna, sem vegamálayfirvöld og opinberir vegstjórar hafa undir höndum, gilda reglurnar sem settar eru með þessari reglugerð, einkum þær sem varða gagnauppfærslu, sbr. þó reglurnar sem settar eru með tilskipun 2003/98/EB.

6) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB ([5]) var komið á grunngerð fyrir landgögn í Evrópusambandinu, sem gerir kleift að skiptast á landupplýsingum og gera þær aðgengilegar

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 157, 23.6.2015, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 317/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 207, 6.8.2010, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 885/2013 frá 15. maí 2013 um viðbót við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/40/ESB um skynvædd flutningakerfi að því er varðar veitingu upplýsingaþjónustu um örugg og áreiðanleg bílastæði fyrir vörubifreiðar og atvinnuökutæki (Stjtíð. ESB L 247, 18.9.2013, bls. 1).

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 886/2013 frá 15. maí 2013 um viðbót við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/40/ESB að því er varðar gögn og málsmeðferðarreglur svo veita megi, þar sem því verður við komið, almennar lágmarksupplýsingar sem tengjast umferðaröryggi án endurgjalds fyrir notendur (Stjtíð. ESB L 247, 18.9.2013, bls. 6).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/98/EB frá 17. nóvember 2003 um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera (Stjtíð. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 90).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB frá 14. mars 2007 um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE) (Stjtíð. ESB L 108, 25.4.2007, bls. 1).

almenningi (þ.m.t. landgagnaþemað „flutninganet“) í öllu Sambandinu, í því skyni að styðja við umhverfisstefnumál Sambandsins og stefnumál eða starfsemi sem gæti haft áhrif á umhverfið. Forskriftirnar, sem settar eru fram í þessari reglugerð, ættu að samræmast þeim forskriftum sem settar eru með tilskipun 2007/2/EB og framkvæmdargerðum hennar, einkum reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1089/2010 ([6]). Rýmkun gildissviðs þessara forskrifta þannig að það taki til allra tegunda fastra vegagagna gæti einnig stuðlað að frekari samræmingu á þessu sviði.

7) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1315/2013 ([7]) er skilgreint það samgöngugrunnvirki vega sem er hluti af grunn- og heildarneti samevrópska flutninganetsins. Þessi reglugerð ætti að gilda um heildarnet samevrópska vegakerfisins, eins og það er skilgreint í reglugerð (ESB) nr. 1315/2013, þar sem alþjóðlegir flutningar á vegum fara að mestu leyti fram innan þess nets. Þar sem flestar hraðbrautir eru þegar hluti af þessu neti ættu aðrar hraðbrautir einnig að falla undir þessa reglugerð í þágu samræmis fyrir vegfarendur. Ítrekuð ytri áhrif af völdum umferðar og aðrir erfiðleikar tengdir umferðarstjórnun, s.s. umferðarteppa, loftmengun eða hávaði, takmarkast hvorki við samevrópska vegakerfið né heldur við hraðbrautir. Í reynd á síendurtekin umferðarteppa að stærstum hluta sér stað í þéttbýli. Aðildarríki ættu því að hafa kost á því að beita þessum forskriftum í tengslum við tiltekna vegi, sem eru ekki hluti af samevrópska vega- og hraðbrautakerfinu sem þau tilgreina sem forgangssvæði. Vegna sífelldra breytinga á umferðarmynstri ættu aðildarríkin að fá að uppfæra þessi forgangssvæði.

8) Föst vegagögn, lifandi gögn um ástand vega og umferðargögn eru öll ólík í eðli sínu og ætti hver gagnategund að uppfylla viðeigandi kröfur. Vegna fjölbreytileika gagnagjafa, allt frá innbyggðum nemum í grunnvirkjum til ökutækja, sem virka eins og nemar, er mikilvægt að forskriftirnar gildi um viðeigandi flokka gagna, óháð gagnagjafa og tækninni sem notuð er til að búa til gögnin eða uppfæra þau.

9) Ef unnið er með persónuupplýsingar ætti að gera þær nafnlausar og, ef mögulegt er, á óafturkræfan hátt. Enn fremur ætti að vinna úr þeim í samræmi við lög Sambandsins, eins og þau eru sett fram, einkum í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB([8]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB([9]), sem og í samræmi við landslög. Vinnslan ætti einnig að samrýmast meginreglunum um takmörkun vegna tilgangs og lágmörkun gagna.

10) Ef upplýsingaþjónustan á að reiða sig á öflun gagna, þ.m.t. landfræðilega staðsetningu, frá endanlegu notendunum sjálfum eða fyrir tilstuðlan samvirks kerfis í framtíðinni, ættu endanlegir notendur að vera vel upplýstir um að slíkum gögnum sé aflað, hvernig öflun gagna fer fram og hvernig megi rekja þau ásamt því hve lengi slík gögn eru geymd. Opinberir aðilar og/eða einkaaðilar sem sjá um öflun gagna, s.s. vegstjórar, þjónustuveitendur og bílaiðnaðurinn, ættu að grípa til viðeigandi tæknilegra ráðstafana til að tryggja nafnleynd þeirra gagna sem berast frá endanlegum notendum eða ökutækjum þeirra.

11) Til að þróa samræmda og samfellda veitingu umferðarupplýsingaþjónusta á rauntíma ættu aðildarríkin að treysta á fyrirliggjandi tæknilausnir og tæknistaðla, sem koma frá evrópskum og alþjóðlegum staðlasamtökum, s.s. DATEX II (CEN/TS 16157 og uppfærðar síðari útgáfur) og ISO-staðla. Að því er varðar gagnatög, sem ekki er fáanlegt staðlað snið fyrir, ætti að hvetja aðildarríkin og hagsmunaaðila til að komast að sameiginlegu samkomulagi um gagnaskilgreiningu, gagnasnið og lýsigögn.

12) Í Sambandinu eru þegar til fjölmargar aðferðir við lifandi staðarvísun sem eru notaðar í aðildarríkjunum. Áfram ætti að vera heimilt að nota mismunandi aðferðir við staðarvísun. Samt sem áður ætti að hvetja aðildarríkin og hagsmunaaðila til að komast að sameiginlegu samkomulagi um leyfilegar aðferðir við staðarvísun, ef þörf krefur, með hjálp evrópskra staðlastofnana.

13) Mikilvægt er að vegamálayfirvöld og vegstjórar tryggi aðgengileika og reglulega uppfærslu fastra vegagagna til að hægt sé að framleiða uppfærð og nákvæm stafræn kort sem eru mikilvægur

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1089/2010 frá 23. nóvember 2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar rekstrarsamhæfi landgagnasafna og -þjónustu (Stjtíð. ESB L 323, 8.12.2010, bls. 11).

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1315/2013 frá 11. desember 2013 um viðmiðunarreglur Sambandsins varðandi uppbyggingu samevrópska flutninganetsins og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 661/2010/ESB (Stjtíð. ESB L 348, 20.12.2013, bls. 1).

([8]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

([9]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta (Stjtíð. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37).

grunnur að áreiðanlegum verkbúnaði fyrir skynvædd flutningakerfi. Hvetja ætti framleiðendur stafrænna korta til að fella uppfærslu fastra vegagagna tímanlega inn í gögn fyrirliggjandi korta- og kortauppfærsluþjónustu sinnar. Til að fara að opinberum stefnumálum, t.d. á sviði umferðaröryggis, ættu opinber yfirvöld að geta krafist þess að þjónustuveitendur og framleiðendur stafrænna korta lagfæri ónákvæmni í gögnum sínum.

14) Til að veita umferðarupplýsingaþjónustu á rauntíma í öllu Sambandinu er nauðsynlegt að hafa aðgang að nákvæmum og uppfærðum, föstum vegagögnum, lifandi gögnum um ástand vega og umferðargögnum. Viðeigandi gagna er aflað og þau geymd hjá vegamálayfirvöldum, vegstjórum og veitendum umferðarupplýsingaþjónustu á rauntíma. Til að auðvelda skipti á og endurnotkun þessara gagna fyrir veitingu slíkrar þjónustu ættu vegamálayfirvöld, vegstjórar og veitendur umferðarupplýsingaþjónustu á rauntíma að gera gögnin, tilheyrandi lýsigögn og upplýsingar um gæði gagnanna, aðgengileg öðrum vegamálayfirvöldum, vegstjórum, veitendum umferðarupplýsingaþjónustu á rauntíma og framleiðendum stafrænna korta með því að nota landsbundinn eða sameiginlegan aðgangspunkt. Þessir aðgangspunktar geta verið í formi gagnasafns, skrár, vefgáttar eða öðru sambærilegu formi, háð tegund gagnanna. Aðildarríki ættu að sameina fyrirliggjandi opinbera aðgangspunkta og einkaaðgangspunkta í einn aðgangspunkt sem veitir aðgang að öllum tegundum tiltækra gagna sem falla undir gildissvið þessara forskrifta. Aðildarríki ættu að fá að vinna saman að því að koma á fót sameiginlegum aðgangspunkti sem tekur til tiltækra gagna þátttökuaðildarríkjanna. Aðildarríkjunum ætti að vera frjálst að nota þá aðgangspunkta sem hefur verið komið á fót í samræmi við aðrar framseldar gerðir, sem hafa verið samþykktar samkvæmt tilskipun 2010/40/ESB, sem landsbundna aðgangspunkta fyrir gögnin sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar.

15) Til að gera vegamálayfirvöldum, vegstjórum, þjónustuveitendum og framleiðendum stafrænna korta kleift að leita í og nota viðeigandi gögn er nauðsynlegt að lýsa skilmerkilega innihaldi og skipan gagnanna með því að nota viðeigandi lýsigögn.

16) Þessar forskriftir ættu ekki að skylda vegamálayfirvöld eða vegstjóra og þjónustuveitendur til að hefja öflun gagna sem þau hafa ekki aflað nú þegar eða til að stafgera gögn sem eru ekki nú þegar aðgengileg á tölvulesanlegu sniði. Sértækar kröfur um uppfærslu fastra vegagagna, lifandi gagna um ástand vega og umferðargagna ættu aðeins að gilda um þau gögn sem er í raun aflað og eru aðgengileg á tölvulesanlegu sniði. Á sama tíma ætti að hvetja aðildarríki til að leita eftir kostnaðarhagkvæmum lausnum sem henta til að stafgera fyrirliggjandi, föst vegagögn.

17) Þessar forskriftir ættu hvorki að skylda vegamálayfirvöld né vegstjóra til að ákvarða eða innleiða umferðaráætlanir og tímabundnar ráðstafanir varðandi umferðarstjórnun. Þær ættu ekki að skylda þjónustuveitendur til að deila gögnum sínum með öðrum þjónustuveitendum. Þjónustuveitendum ætti að vera frjálst að gera viðskiptasamninga sín á milli um endurnotkun viðeigandi gagna.

18) Hvetja ætti aðildarríki og hagsmunaaðila skynvæddra flutningakerfa til að vinna saman að því að samþykkja sameiginlega skilgreiningu á gagnagæðum, með það í huga að nota sameiginlega gæðavísa fyrir gögn í allri verðmætakeðju umferðargagna, t.d. hvort gögnin séu heildstæð, nákvæm og uppfærð, hvaða aðferðir séu notaðar til að afla þeirra, hvaða aðferð við staðarvísun sé notuð og hvaða gæðakannanir séu notaðar. Einnig ætti að hvetja þau til að halda áfram starfi sínu við að koma á tilheyrandi aðferðum við gæðamælingar og -vöktun mismunandi gagnategunda. Hvetja ætti aðildarríkin til að samnýta þekkingu, reynslu og bestu starfsvenjur á þessu sviði.

19) Viðurkennt er að notkun vega- og umferðargagna sem og umferðarupplýsingaþjónustu á rauntíma, sem einkareknir þjónustuveitendur útbúa, getur verið kostnaðarhagkvæm leið fyrir opinber yfirvöld til að bæta umferðarstjórnun og stjórnun og viðhald grunnvirkja. Hins vegar ættu hlutaðeigandi aðilar að fá að ákvarða sérstaka skilmála og skilyrði, sem gilda um notkun eða endurnotkun slíkra gagna og tilheyrandi þjónustu, sbr. þó ákvæði tilskipunar 2003/98/EB.

20) Einkareknir þjónustuveitendur mega nota föst vegagögn, lifandi gögn um ástand vega og umferðargögn frá vegamálayfirvöldum og vegstjórum sem ílagsgögn fyrir eigin umferðarupplýsingaþjónustu á rauntíma. Hlutaðeigandi aðilar ættu að fá að ákvarða sérstaka skilmála og skilyrði, sem gilda um slíka endurnotkun þessara gagna, sbr. þó ákvæði tilskipunar 2003/98/EB.

21) Til að tryggja rétta framkvæmd þessara forskrifta ættu aðildarríkin að meta hvort farið sé að kröfunum um aðgengileika, skipti á, endurnotkun og uppfærslu vega- og umferðargagna frá vegamálayfirvöldum, vegstjórum, framleiðendum stafrænna korta og þjónustuveitendum. Í þeim tilgangi ætti lögbærum yfirvöldum að vera frjálst að treysta á gagnreynda samræmisyfirlýsingu frá vegamálayfirvöldum, vegstjórum, framleiðendum stafrænna korta og þjónustuveitendum.

22) Þessar forskriftir skerða ekki tjáningarfrelsi útvarpsstöðva að því leytinu til að þær skylda þær ekki til að taka sérstaka afstöðu til þess hvaða upplýsingum er dreift og veita aðildarríkjunum nægilegt svigrúm til að taka tillit til stjórnskipunarhefða sinna að því er varðar tjáningarfrelsi útvarpsstöðva.

23) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 2. mgr. 28. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 ([10]) og skilaði hún áliti 17. júní 2015.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

Í þessari reglugerð eru settar forskriftir, sem nauðsynlegar eru til að tryggja aðgengileika, skipti á, endurnotkun og uppfærslu vega- og umferðargagna frá vegamálayfirvöldum, vegstjórum og þjónustuveitendum, til að veita umferðarupplýsingaþjónustu á rauntíma innan alls Evrópusambandsins.

Hún gildir um heildarnet samevrópska vegakerfisins og um hraðbrautir, sem falla ekki undir þetta net, sem og um forgangssvæði sem landsbundin yfirvöld tilgreina ef þau telja það viðeigandi.

Henni skal beitt í samræmi við 5. gr. tilskipunar 2010/40/ESB.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar í 4. gr. tilskipunar 2010/40/ESB.

Jafnframt gilda eftirfarandi skilgreiningar:

1) „grunnnet samevrópska vegakerfisins“: það samgöngugrunnvirki vega sem er hluti af grunnnetinu, eins og það er skilgreint í reglugerð (ESB) nr. 1315/2013,

2) „heildarnet samevrópska vegakerfisins“: það samgöngugrunnvirki vega sem er hluti af heildarnetinu, eins og það er skilgreint í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1315/2013,

3) „hraðbraut“: vegur sem er tilnefndur sem slíkur af því aðildarríki þar hann er staðsettur,

4) „forgangssvæði“: vegakaflar, sem landsbundin yfirvöld tilgreina, ef þau telja slíkt viðeigandi, einkum á þéttbýlissvæðum, sem eru ekki hluti af heildarneti samevrópska vegakerfisins og teljast ekki hraðbrautir, byggt á umfangi síendurtekinnar umferðarteppu eða öðrum atriðum sem tengjast umferðarstjórnun,

5) „aðgengileiki gagna“: möguleiki að geta, hvenær sem er, óskað eftir og fengið gögn á tölvulesanlegu sniði,

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

6) „föst vegagögn“: vegagögn sem breytast ekki oft eða reglulega, eins og tilgreint er í 1. lið viðaukans,

7) „lifandi gögn um ástand vega“: vegagögn sem breytast oft eða reglulega og lýsa ástandi vega, eins og tilgreint er í 2. lið viðaukans,

8) „umferðargögn“: gögn um einkenni vegaumferðar, eins og tilgreint er í 3. lið viðaukans,

9) „gagnauppfærsla“: hvers konar breyting á fyrirliggjandi gögnum, þ.m.t. eyðing gagna eða innfærsla nýrra þátta eða viðbótarþátta,

10) „rauntímaupplýsingar um umferð“: upplýsingar sem fengnar eru úr hvers konar föstum vegagögnum, lifandi gögnum um ástand vega, umferðargögnum eða samsetningu þeirra, sem vegamálayfirvöld, vegstjórar eða þjónustuveitendur láta notendum og endanlegum notendum í té, óháð samskiptamiðli,

11) „umferðarupplýsingaþjónusta á rauntíma“: skynvædd flutningakerfisþjónusta sem veitir notendum og endanlegum notendum þegar í stað rauntímaupplýsingar um umferð,

12) „vegamálayfirvöld“: hvers konar opinbert yfirvald sem ber ábyrgð á skipulagningu, eftirliti með eða rekstri vega sem falla undir lögsögu þess,

13) „vegstjóri“: aðili, opinber eða í einkarekstri, sem ber ábyrgð á viðhaldi og rekstri vega,

14) „þjónustuveitandi“: opinber aðili eða einkaaðili, sem veitir notendum og endanlegum notendum, umferðarupplýsingaþjónustu á rauntíma, að undanskilinni milliliðalausri miðlun upplýsinga,

15) „notandi“: vegamálayfirvöld, vegstjórar, þjónustuveitendur og framleiðendur stafrænna korta,

16) „endanlegur notandi“: vegfarandi, einstaklingur eða lögaðili sem hefur aðgang að umferðarupplýsingaþjónustu á rauntíma,

17) „aðgangspunktur“: stafrænn skilflötur þar sem föst vegagögn, lifandi gögn um ástand vega og umferðargögn, sem og öll tilheyrandi lýsigögn, eru gerð aðgengileg notendum til endurnotkunar eða þar sem uppruni þessara gagna og lýsigögn þeirra eru gerð aðgengileg notendum til endurnotkunar,

18) „lýsigögn“: skipuleg lýsing á innihaldi gagnanna sem greiðir fyrir að leita í þessum gögnum og nota þau,

19) „leitarþjónusta“: þjónusta sem gerir kleift að leita að umbeðnum gögnum með því að nota innihald tilheyrandi lýsigagna og birta slíkt innihald,

20) „tímabundnar ráðstafanir varðandi umferðarstjórnun“: tímabundnar ráðstafanir sem ætlað er að leysa úr tilteknum umferðartruflunum og eru t.d. til þess gerðar að hafa eftirlit með og stýra umferðarflæði,

21) „umferðaráætlanir“: varanlegar ráðstafanir varðandi umferðarstjórnun sem umferðarstjórnendur gera til að hafa eftirlit með og stýra umferðarflæði til að bregðast við varanlegum eða síendurteknum umferðartruflunum.

3. gr.

Landsbundnir aðgangspunktar

1. Hvert aðildarríki skal koma á fót einum landsbundnum aðgangspunkti. Landsbundinn aðgangspunktur skal fela í sér sameiginlegan punkt þar sem notendur fá aðgang að vega- og umferðargögnum, þ.m.t. að gagnauppfærslum, sem vegamálayfirvöld, vegstjórar og þjónustuveitendur láta í té og sem varða yfirráðasvæði tiltekins aðildarríkis.

2. Nota má fyrirliggjandi landsbundna aðgangspunkta, sem komið hefur verið á fót, til að uppfylla kröfur framseldra gerða, sem samþykktar hafa verið samkvæmt tilskipun 2010/40/ESB, ef aðildarríkin telja hentugt að nota þá sem landsbundna aðgangspunkta.

3. Landsbundnir aðgangspunktar skulu sjá notendum fyrir viðeigandi leitarþjónustu.

4. Vegamálayfirvöld og vegstjórar, í samstarfi við framleiðendur stafrænna korta og þjónustuveitendur, skulu sjá til þess að þeir veiti viðeigandi lýsigögn til að gera notendum kleift að leita í og nota gagnasöfnin sem þeir hafa aðgang að fyrir tilstuðlan landsbundnu aðgangspunktanna.

5. Tvö eða fleiri aðildarríki geta komið á fót sameiginlegum aðgangspunkti.

4. gr.

Aðgengileiki, skipti á og endurnotkun fastra vegagagna

1. Til að auðvelda veitingu umferðarupplýsingaþjónustu á rauntíma innan Sambandsins, sem er samrýmanleg, rekstrarsamhæfð og samfelld, skulu vegamálayfirvöld og vegstjórar láta í té föst vegagögn, sem þau safna og uppfæra skv. 8. gr., á stöðluðu sniði, ef það er tiltækt, eða á öðru tölvulesanlegu sniði.

2. Framleiðendur stafrænna korta og þjónustuveitendur innan Sambandsins skulu fá aðgang að gögnunum, sem um getur í 1. mgr., og tilheyrandi lýsigögnum, þ.m.t. upplýsingum um gæði þeirra, í því skyni að skiptast á þeim eða endurnota þau:

a) án mismununar,

b) innan tímaramma sem tryggir að umferðarupplýsingaþjónusta á rauntíma verði veitt tímanlega,

c) fyrir tilstuðlan landsbundna eða sameiginlega aðgangspunktsins sem um getur í 3. gr.

d) Vegamálayfirvöld, vegstjórar, framleiðendur stafrænna korta og þjónustuveitendur, sem nota föstu vegagögnin sem um getur í 1. mgr., skulu vinna saman í því skyni að tryggja að vegamálayfirvöldum og vegstjórum, sem gögnin koma frá, verði þegar í stað gert viðvart um hvers konar ónákvæmni í föstu vegagögnunum.

3. Þegar þjónustuveitendur nota föstu vegagögnin, sem um getur í 1. mgr. og sem vegamálayfirvöld og vegstjórar láta í té, skulu þeir taka tillit til, eftir því sem mögulegt er, umferðaráætlana lögbærra yfirvalda.

5. gr.

Aðgengileiki, skipti á og endurnotkun lifandi gagna um ástand vega

1. Til að auðvelda veitingu umferðarupplýsingaþjónustu á rauntíma innan Sambandsins, sem er samrýmanleg, rekstrarsamhæfð og samfelld, skulu vegamálayfirvöld og vegstjórar láta í té lifandi gögn um ástand vega, sem þau hafa safnað og uppfært skv. 9. gr., á DATEX II-sniði (CEN/TS 16157 og síðari uppfærðar útgáfur) eða á öðru tölvulesanlegu sniði sem er að öllu leyti samrýmanlegt og rekstrarsamhæft DATEX II.

2. Þjónustuveitendur innan Sambandsins skulu fá aðgang að gögnunum, sem um getur í 1. mgr., og tilheyrandi lýsigögnum, þ.m.t. upplýsingum um gæði þeirra, í því skyni að skiptast á þeim og endurnota þau:

a) án mismununar,

b) innan tímaramma sem tryggir að umferðarupplýsingaþjónusta á rauntíma verði veitt tímanlega,

c) fyrir tilstuðlan landsbundna eða sameiginlega aðgangspunktsins sem um getur í 3. gr.

3. Þegar þjónustuveitendur nota lifandi gögn um ástand vega, sem um getur í 1. mgr., sem vegamálayfirvöld og vegstjórar láta í té, skulu þeir taka tillit til, eftir því sem mögulegt er, tímabundinna ráðstafana lögbærra yfirvalda varðandi umferðarstjórnun.

6. gr.

Aðgengileiki, skipti á og endurnotkun umferðargagna

1. Til að auðvelda veitingu umferðarupplýsingaþjónustu á rauntíma innan Sambandsins, sem er samrýmanleg, rekstrarsamhæfð og samfelld, skulu vegamálayfirvöld og vegstjórar láta í té umferðargögn, sem þau safna og uppfæra skv. 10. gr., á DATEX II-sniði (CEN/TS 16157 og síðari uppfærðar útgáfur) eða á öðru tölvulesanlegu sniði sem er að öllu leyti samrýmanlegt og rekstrarsamhæft DATEX II.

2. Þjónustuveitendur innan Sambandsins skulu fá aðgang að gögnunum, sem um getur í 1. mgr., og tilheyrandi lýsigögnum, þ.m.t. upplýsingum um gæði þeirra, í því skyni að skiptast á þeim eða endurnota þau:

a) án mismununar,

b) innan tímaramma sem tryggir að umferðarupplýsingaþjónusta á rauntíma verði veitt tímanlega,

c) fyrir tilstuðlan landsbundna eða sameiginlega aðgangspunktsins sem um getur í 3. gr.

3. Í þeim tilgangi að hámarka umferðarstjórnun geta vegamálayfirvöld og vegstjórar óskað eftir því að þjónustuveitendur láti í té þau umferðargögn sem þeir safna og uppfæra skv. 10. gr. Slík gögn skulu látin í té á DATEX II-sniði (CEN/TS 16157 og síðari uppfærðar útgáfur) eða á öðru tölvulesanlegu sniði, sem er að öllu leyti samrýmanlegt og rekstrarsamhæft DATEX II, fyrir tilstuðlan aðgangspunktanna, sem um getur í 3. gr., ásamt tilheyrandi lýsigögnum og upplýsingum um gæði þeirra.

7. gr.

Gagnauppfærslur

Umferðarupplýsingaþjónusta á rauntíma skal byggð á uppfærslu fastra vegagagna, lifandi gagna um ástand vega og umferðargagna eða hvers konar samsetningu þeirra. Vegamálayfirvöld, vegstjórar og þjónustuveitendur skulu reglulega uppfæra öll gögn í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í 8.–10. gr. Vegamálayfirvöld, vegstjórar og þjónustuveitendur skulu lagfæra tímanlega hvers konar ónákvæmni sem þeir greina í gögnum sínum eða sem notendur og endanlegir notendur tilkynna þeim um.

8. gr.

Uppfærsla fastra vegagagna

1. Uppfærsla fastra vegagagna skal a.m.k. fela í sér eftirfarandi þætti:

a) tegund fastra vegagagna, eins og fram kemur í 1. lið viðaukans, sem uppfærslan hefur áhrif á,

b) staðsetning viðkomandi aðstæðna sem uppfærslan hefur áhrif á,

c) tegund uppfærslu (breyting, viðbót eða eyðing),

d) lýsing á uppfærslu,

e) sá dagur sem gögnin hafa verið uppfærð,

f) dag- og tímasetning þegar breyting á tilteknum aðstæðum hefur átt sér stað eða áætlað er að hún muni eiga sér stað,

g) gæði gagnauppfærslu.

Staðsetning viðkomandi aðstæðna skal ákvörðuð með því að nota staðlaða eða aðra almennt viðurkennda aðferð við lifandi staðarvísun sem gerir kleift að afkóða og túlka þessa staðsetningu á ótvíræðan hátt.

2. Vegamálayfirvöld og vegstjórar skulu tryggja að föst vegagögn séu uppfærð tímanlega og, ef þekkt og mögulegt, skulu þau láta notendum þau í té fyrir fram.

3. Þegar framleiðendur stafrænna korta og þjónustuveitendur nota uppfærslur fastra vegagagna skulu þeir tryggja að unnið sé tímanlega úr þessum uppfærslum til að gera upplýsingarnar tafarlaust aðgengilegar endanlegum notendum.

9. gr.

Uppfærsla lifandi gagna um ástand vega

1. Uppfærsla lifandi gagna um ástand vega skulu a.m.k. fela í sér eftirfarandi þætti:

a) tegund lifandi gagna um ástand vega, eins og fram kemur í 2. lið viðaukans, sem uppfærslan hefur áhrif á, og stutt lýsing á þeim, eftir því sem við á,

b) staðsetning viðkomandi atburðar eða aðstæðna sem uppfærslan hefur áhrif á,

c) tímalengd viðkomandi atburðar eða aðstæðna sem uppfærslan hefur áhrif á,

d) gæði gagnauppfærslu.

Staðsetning viðkomandi atburðar eða aðstæðna, sem uppfærslan hefur áhrif á, skal ákvörðuð með því að nota staðlaða eða aðra almennt viðurkennda aðferð við lifandi staðarvísun, sem gerir kleift að afkóða og túlka þessa staðsetningu á ótvíræðan hátt.

2. Vegamálayfirvöld og vegstjórar skulu tryggja að lifandi gögn um ástand vega séu uppfærð tímanlega og, ef þekkt og mögulegt, skulu þau láta þessar uppfærslur í té fyrir fram.

3. Rauntímaupplýsingum um umferð skal breytt til samræmis við þetta eða þær afturkallaðar, eins fljótt og unnt er, eftir að stöðu viðkomandi lifandi gagna um ástand vega hefur verið breytt.

4. Þegar þjónustuveitendur nota uppfærslur lifandi gagna um ástand vega skulu þeir tryggja að unnið sé tímanlega úr þessum uppfærslum til að gera upplýsingarnar tafarlaust aðgengilegar endanlegum notendum.

10. gr.

Uppfærsla umferðargagna

1. Uppfærsla umferðargagna skal a.m.k. fela í sér eftirfarandi þætti:

a) tegund umferðargagna, eins og fram kemur í 3. lið viðaukans, sem uppfærslan hefur áhrif á, og stutt lýsing á þeim, eftir því sem við á,

b) staðsetning viðkomandi atburðar eða aðstæðna sem uppfærslan hefur áhrif á,

c) gæði gagnauppfærslu.

Staðsetning viðkomandi atburðar eða aðstæðna, sem uppfærslan hefur áhrif á, skal ákvörðuð með því að nota staðlaða eða aðra almennt viðurkennda aðferð við lifandi staðarvísun, sem gerir kleift að afkóða og túlka þessa staðsetningu á ótvíræðan hátt.

2. Vegstjórar og þjónustuveitendur skulu breyta rauntímaupplýsingum um umferð til samræmis við þetta eða afturkalla þær, eins fljótt og unnt er, eftir að stöðu viðkomandi umferðargagna hefur verið breytt.

3. Þegar þjónustuveitendur nota uppfærslur umferðargagna skulu þeir tryggja að unnið sé tímanlega úr þessum uppfærslum til að gera upplýsingarnar tafarlaust aðgengilegar endanlegum notendum.

11. gr.

Mat á því hvort farið sé að kröfum

1. Aðildarríki skulu meta hvort vegamálayfirvöld, vegstjórar, framleiðendur stafrænna korta og þjónustuveitendur fari að kröfunum, sem settar eru fram í 3.–10. gr., í samræmi við 2.–3. mgr.

2. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna geta, með hliðsjón af þessu mati, farið fram á það við vegamálayfirvöld, vegstjóra, framleiðendur stafrænna korta og þjónustuveitendur að þeir leggi fram eftirfarandi gögn:

a) lýsingu á vega- og umferðargögnum, stafrænum kortum eða umferðarupplýsingaþjónustu á rauntíma, sem þeir veita, ásamt upplýsingum um gæði og skilyrði fyrir endurnotkun þessara gagna,

b) gagnreynda yfirlýsingu um samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í 3.–10. gr.

3. Aðildarríki skulu skoða af handahófi hvort yfirlýsingarnar, sem um getur í b-lið 2. mgr., séu réttar.

12. gr.

Skýrslugjöf

1. Eigi síðar en 13. júlí 2017 skulu aðildarríkin láta framkvæmdastjórninni í té skýrslu um ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, ef einhverjar eru, til að koma á fót landsbundnum aðgangspunkti ásamt fyrirkomulagi varðandi starfsemi hans og, ef við á, skrá yfir hraðbrautir, sem falla ekki undir heildarnet samevrópska vegakerfisins, og tilgreind forgangssvæði.

2. Eigi síðar en 13. júlí 2018, og á tveggja ára fresti eftir það, skulu aðildarríkin leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslu með eftirfarandi upplýsingum:

a) framförum, sem orðið hafa í tengslum við aðgengileika, skipti á og endurnotkun þeirra tegunda vega- og umferðargagna sem tilgreindar eru í viðaukanum,

b) landfræðilegu gildissviði umferðarupplýsingaþjónustu á rauntíma og innihaldi vega- og umferðargagna ásamt gæðum þeirra, þ.m.t. viðmiðunum sem notaðar eru til að skilgreina gæðin og aðferðina við að vakta þau,

c) niðurstöðum úr matinu, sem um getur í 11. gr., á því hvort farið sé að kröfunum sem settar eru fram í 3.–10. gr.,

d) ef við á, lýsingu á breytingum á landsbundnum eða sameiginlegum aðgangspunkti,

e) ef við á, lýsingu á breytingum á forgangssvæðunum.

13. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 13. júlí 2017.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. desember 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

GAGNAFLOKKAR

(eins og um getur í 2., 8., 9., 10. og 12. gr.)

1. **Tegundir fastra vegagagna teljast einkum vera eftirfarandi:**

a) vegakerfistengingar og efnislegir eiginleikar þeirra, t.d.:

   i. rúmfræði,

   ii. vegbreidd,

   iii. fjöldi akreina,

   iv. halli,

   v. vega- og gatnamót í plani (e. *junctions*),

b) vegaflokkun,

c) Umferðarskilti sem sýna umferðarreglur og tilgreina hættu, þ.e.:

   i. aksturstakmarkanir í göngum,

   ii. aksturstakmarkanir á brúm,

   iii. varanlegar aðgangstakmarkanir,

   iv. aðrar umferðarreglur,

d) hraðatakmarkanir,

e) umferðaráætlanir,

f) reglur um afhendingu farms,

g) staðsetning tollstöðva,

h) auðkenning tollvega, gildandi föst vegagjöld og tiltækar greiðsluaðferðir,

i) staðsetning bílastæða og þjónustusvæða,

j) staðsetning hleðslustöðva fyrir rafknúin ökutæki og skilyrði fyrir notkun þeirra,

k) staðsetning áfyllingarstöðva fyrir þjappað jarðgas, fljótandi jarðgas og fljótandi jarðolíugas,

l) staðsetning biðstöðva fyrir almenningssamgöngur og skiptistöðvar,

m) staðsetning afgreiðslusvæða.

2. **Tegundir lifandi gagna um ástand vega teljast einkum vera eftirfarandi:**

a) lokanir vega,

b) lokanir akreina,

c) lokanir brúa,

d) framúrakstursbann fyrir þungaflutningabifreiðar,

e) vegavinna,

f) slys og atvik,

g) breytileg hraðatakmörkun,

h) akstursstefna á akrein með tvístefnu,

i) slæmt ástand vega,

j) tímabundnar ráðstafanir varðandi umferðarstjórnun,

k) breytileg vegagjöld og tiltækar greiðsluaðferðir,

l) tiltækileiki bílastæða,

m) tiltækileiki afgreiðslusvæða,

n) bílastæðagjöld,

o) tiltækileiki hleðslustöðva fyrir rafknúin ökutæki,

p) veðurskilyrði sem hafa áhrif á yfirborð vegar og skyggni.

Þessi skammtímagögn þurfa ekki að vera hluti af uppfærslu stafrænna korta þar sem hún telst ekki varanleg breyting.

3. **Tegundir umferðargagna teljast einkum vera eftirfarandi:**

a) umferðarþungi,

b) hraði,

c) staðsetning og umfang umferðarteppu,

d) ferðatími,

e) biðtími á stöðum þar sem farið er yfir landamæri til ríkja utan ESB.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2112 2016/EES/27/12

frá 23. nóvember 2015

um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 251/2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja að því er varðar aðlögun á gagnaröðum í kjölfar endurskoðunar á vöruflokkun eftir atvinnugreinum (CPA) (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008 frá 11. mars 2008 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja ([1]), einkum e-lið 2. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 295/2008 er komið á fót sameiginlegum ramma um söfnun, samantekt, afhendingu og mat á evrópskum hagskýrslum um skipulag, starfsemi, samkeppnishæfni og afkomu fyrirtækja í Sambandinu.

2) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 451/2008 ([2]) er komið á fót nýrri vöruflokkun eftir atvinnugreinum (CPA) til að uppfylla kröfur er varða hagskýrslur í Sambandinu.

3) Í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 251/2009 ([3]) er mælt fyrir um gagnaraðir, sundurliðun og merkimiða fyrir vörur sem á að afhenda samkvæmt vöruflokkun eftir atvinnugreinum.

4) Nauðsynlegt er, í kjölfar gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1209/2014 ([4]), að samþykkja I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 251/2009 að því er varðar sundurliðun og merkimiða fyrir ákveðnar vörur sem á að afhenda um gögnin, sem byggjast á vöruflokkun eftir atvinnugreinum til að viðhalda samanburðarhæfi og samkvæmni með vöruflokkunarstöðlum sem notaðir eru á alþjóðavísu.

5) Því ætti að breyta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 251/2009 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 251/2009 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 306, 24.11.2015, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2016 frá 5. febrúar 2016 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 13.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 451/2008 um að koma á fót nýrri vöruflokkun eftir atvinnugreinum (CPA) og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3696/93 (Stjtíð. ESB L 145, 4.6.2008, bls. 65).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 251/2009 frá 11. mars 2009 um framkvæmd og breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008 að því er varðar gagnaraðir sem taka skal saman fyrir hagskýrslur um skipulag fyrirtækja og nauðsynlega aðlögun eftir endurskoðun á vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA) (Stjtíð. ESB L 86, 31.3.2009, bls. 170).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1209/2014 frá 29. október 2014 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 451/2008 um að koma á fót nýrri vöruflokkun eftir atvinnugreinum (CPA) og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3696/93 (Stjtíð. ESB. L 336, 22.11.2014, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 251/2009 er breytt sem hér segir:

1. Í 1. lið „ÞJÓNUSTA“, í töflu „Röð 1E“, undir „Sundurliðun eftir starfsemi“, komi eftirfarandi í stað „Sértækar samtölur“, „HIT“, „MHT“, „MLT“ og „LOT“:

   „HIT Hátækniframleiðsla (atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk. 21+26+30.3)

   MHT Meðalhátækniframleiðsla (atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk. 20 + 25.4 + 27 + 28 + 29 + 30–30.1–30.3 + 32.5)

   MLT Meðallágtækniframleiðsla (atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk. 18.2 + 19 + 22 + 23 + 24 + 25-25.4 + 30.1 + 33)

   LOT Lágtækniframleiðsla (atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk. 10 + 11 + 12 + 13 + 14 + 15 + 16 + 17 + 18-18.2 + 31 + 32–32.5).“

2. Í 2. lið „IÐNAÐUR“, röðum taflna 2H, 2I, 2J og 2K, komi „Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk., bálkum B–D og deild 36“ í stað„Starfsemi“ í „Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk., bálkum B–E (að undanskildum deildum 37, 38 og 39).“

3. Í 3. lið „DREIFINGARSTARFSEMI“, í röðum taflna 3E, 3F, 3G, 3H, 3I, 3J og 3K, „Sundurliðun eftir starfsemi“, fellur út „eins stafs sundurliðun (bálkur) í Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk.“

4. Í 4. lið, „BYGGINGASTARFSEMI OG MANNVIRKJAGERÐ“, í röðum taflna 4G, „sundurliðun eftir starfsemi“ er:

   „Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk, þriggja stafa sundurliðun (flokkar)

   Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk., tveggja stafa sundurliðun (deild)

   Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk., eins stafs sundurliðun (bálkur)““

   skipt út fyrir:

   „Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk. tveggja stafa sundurliðun (deild), að undanskildum skráningaratriðum 18 31 0 og 18 32 0 fyrir deild 43

   Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 2. endursk., eins stafs sundurliðun (bálkur), að undanskildum skráningaratriðum 18 31 0 og 18 32 0“.“

5. Undir „VIÐSKIPTAÞJÓNUSTA“ í 8. lið eru eftirfarandi breytingar:

   a) Í töflu „Röð 8A“, undir „Sundurliðun eftir vörutegund“, fyrir vöruna 63 12 kemur merkimiðinn „Vefgáttaþjónusta“ í stað „Inntak vefgátta“.

   b) Í töflu „Röð 8A“, undir „Sundurliðun eftir vörutegund“, fyrir vöruna 73 11 13 kemur merkimiðinn „Þjónusta, tengd þróun auglýsingahugmynda“ í stað „Auglýsingahönnun og hugmyndaþróun“.

   c) Í töflu „Röð 8C“, undir „Sundurliðun eftir vörutegund“, fellur varan 70 22 4 „Vörumerki og sérleyfi“ brott.

   d) Í töflu „Röð 8E“, undir „Sundurliðun eftir vörutegund“, fyrir vöruna 71 11 24 kemur merkimiðinn „Ráðgjafarþjónusta arkitekta sem varðar byggingarverkefni“ í stað „Ráðgjafarþjónusta arkitekta“.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2285 2016/EES/27/13

frá 8. desember 2015

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis, að því er varðar tilteknar kröfur varðandi lifandi samlokur, skrápdýr, möttuldýr og sæsnigla, og á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2073/2005 um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir matvæli (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli ([1]), einkum 4. mgr. 4. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis ([2]), einkum inngangsorðum og 13. lið 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 854/2004 er mælt fyrir um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis. Í reglugerðinni er kveðið á um að aðildarríkin skuli sjá til þess að opinbert eftirlit sé haft með framleiðslu og setningu lifandi samloka, skrápdýra, möttuldýra og sæsnigla á markað eins og lýst er í II. viðauka við hana.

2) Í 2. lið A-hluta II. kafla í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 er kveðið á um að lögbæra yfirvaldið skuli flokka framleiðslusvæði, þar sem það leyfir veiðar á lifandi samlokum, í þrjá flokka eftir því hversu mikillar saurmengunar gætir.

3) Í því skyni að flokka framleiðslusvæði ætti lögbæra yfirvaldið að skilgreina endurskoðunartímabil fyrir sýnatöku af hverju framleiðslu- og umlagningarsvæði til að ákvarða hvort þau uppfylli kröfurnar sem tilgreindar eru í þeirri reglugerð.

4) Í 3. lið A-hluta II. kafla í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 er kveðið á um að lögbæra yfirvaldinu sé heimilt að flokka svæði í A-flokk þar sem heimilt er að veiða lifandi samlokur sem ætlaðar eru beint til manneldis. Lifandi samlokur, sem veiddar eru á þessum svæðum, verða að uppfylla heilbrigðiskröfurnar sem mælt er fyrir um í V. kafla í VII. þætti III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 ([3]).

5) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 ([4]) er mælt fyrir um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir tilteknar örverur og framkvæmdarreglur sem stjórnendur matvælafyrirtækja verða að uppfylla að því er varðar almennar og sértækar kröfur um hollustuhætti sem um getur í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004. Nánar tiltekið er þar mælt fyrir um matvælaöryggisviðmiðanir að því er varðar *Escherichia coli* á lifandi samlokum og lifandi skrápdýrum, möttuldýrum og sniglum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 323, 9.12.2015, bls. 2. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2016 frá 18. mars 2016 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 frá 15. nóvember 2005 um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir matvæli (Stjtíð. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 1).

6) Viðmiðun Alþjóðamatvælaskrárinnar (Codex Alimentarius) fyrir *E. coli* að því er varðar afurðir sem settar eru á markað er frábrugðin viðmiðuninni í löggjöf Evrópusambandsins. Viðmiðunin í Alþjóðamatvælaskránni er þriggja flokka áætlun (n = 5, c = 1, m = 230 og M = 700 *E. coli* MPN/100 g af holdi og skelvökva) en viðmiðun Evrópusambandsins er tveggja flokka áætlun (n = 1, c = 0, M = 230 *E. coli* MPN/100 g af holdi og skelvökva). Þessi mismunur skiptir máli fyrir alþjóðaviðskipti. Viðmiðunin í Alþjóðamatvælaskránni, sem byggist á alþjóðlegum stöðlum, ætti einnig að endurspeglast í reglunum um flokkun framleiðslusvæða í A-flokk sem mælt er fyrir um í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004.

7) Meiri líkur eru á að greina framleiðslulotur, sem ekki uppfylla kröfur, með þriggja flokka aðferðinni í Alþjóðamatvælaskránni, einkum ef styrkur mengunar nálgast lögbundnu mörkin. Aðferðin í Alþjóðamatvælaskránni við prófun á lokaafurð telst vera vísindalega nákvæmari og veitir að jafnaði u.þ.b. sömu heilsuvernd.

8) Laga ætti reglugerð (EB) nr. 2073/2005 og reglugerð (EB) nr. 854/2004 að Alþjóðamatvælaskránni að því er varðar þessa viðmiðun og ætti því að breyta þeim til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 854/2004 er breytt sem hér segir:

1) Í II. kafla í II. viðauka, fyrir A-hluta, er:

a) málsliðunum: „Tilvísunaraðferð fyrir greiningu á *E. coli* er aðferð til greiningar og ákvörðunar á líklegasta fjölda *E. coli* (MPN-aðferðin) sem er tilgreind í EN/ISO 16649-3. Heimilt er að nota aðrar aðferðir ef þær eru fullgiltar með samanburði við þessa tilvísunaraðferð í samræmi við viðmiðanirnar í EN/ISO 16140“ bætt við.

b) Málsliðirnir í 4. og 5. lið A-hluta „tilvísunaraðferð fyrir þessa greiningu er fimm glasa og þriggja þynninga prófun líklegasta fjölda (MPN-prófun) sem er tilgreind í ISO 16649-3. Heimilt er að nota aðrar aðferðir ef þær eru fullgiltar með samanburði við þessa tilvísunaraðferð í samræmi við viðmiðanirnar í EN/ISO 16140“ falli brott.

2) Í stað 2. liðar A-hluta II. kafla komi eftirfarandi:

„2. Lögbæra yfirvaldið skal flokka framleiðslusvæði, þar sem það leyfir veiðar á lifandi samlokum, í þrjá flokka eftir því hversu mikillar saurmengunar gætir. Því er heimilt, eftir því sem við á, að gera það í samvinnu við stjórnanda matvælafyrirtækisins. Í því skyni að flokka framleiðslusvæði verður lögbæra yfirvaldið að skilgreina endurskoðunartímabil fyrir sýnatöku af hverju framleiðslu- og umlagningarsvæði til að ákvarða hvort þau uppfylli kröfurnar sem um getur í þessum lið og í 3., 4. og 5. lið.“

3) Í stað 3. liðar A-hluta II. kafla komi eftirfarandi:

„3. Lögbæra yfirvaldinu er heimilt að flokka svæði í A-flokk þar sem heimilt er að veiða lifandi samlokur sem ætlaðar eru beint til manneldis. Lifandi samlokur, sem settar eru á markað frá þessum svæðum, verða að uppfylla heilbrigðiskröfurnar sem mælt er fyrir um í V. kafla í VII. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004.

Í 80% af sýnum, sem eru tekin úr lifandi samlokum af þessum svæðum á endurskoðunartímabilinu, mega ekki finnast fleiri en 230 *E. coli* í 100 g af holdi og skelvökva. Í þeim 20% sem eftir eru af sýnum mega ekki finnast fleiri en 700 *E. coli* í 100 g af holdi og skelvökva.

Við mat á niðurstöðum er varða skilgreinda endurskoðunartímabilið fyrir viðhald á svæði í A-flokki getur lögbært yfirvald, á grundvelli áhættumats sem byggist á rannsókn, ákveðið að líta fram hjá afbrigðilegum niðurstöðum þar sem farið er yfir gildið 700 *E. coli* í 100 g af holdi og skelvökva.“

2. gr.

Ákvæðum 1. kafla í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2073/2005 er breytt sem hér segir:

1) Í stað línu 1.25 í töflunni um matvælaöryggisviðmiðanir komi eftirfarandi:

„1.25	Lifandi samlokur og lifandi skrápdýr, möttuldýr og sæsniglar	*E. coli* ([15])	5 ([16])	1	230 MPN/ 100 g af holdi og skelvökva	700 MPN/ 100 g af holdi og skelvökva	EN/ISO 16649-3	Afurðir sem settar eru á markað á geymsluþolstíma þeirra“

2) Í stað 16. neðanmálsgreinar komi eftirfarandi:

„([16]) hver úrtakseining felur í sér lágmarksfjölda dýra samkvæmt EN/ISO 6887-3.“

3) a) Í stað færslunnar „gildin, sem tilgreind eru, eiga við um hverja úrtakseiningu sem prófuð er, að undanskildum lifandi samlokum og lifandi skrápdýrum, möttuldýrum og sniglum í tengslum við prófun á *E. coli*, en þar á gildið við um safnsýni“, í athugasemdunum varðandi túlkun niðurstaðna úr prófun,

komi eftirfarandi:

„Gildin, sem tilgreind eru, eiga við um hverja úrtakseiningu sem prófuð er“.

b) Í stað færslunnar „*L. monocytogenes* í öðrum tilbúnum matvælum og *E. coli* í lifandi samlokum“, í athugasemdunum varðandi túlkun niðurstaðna úr prófun, komi eftirfarandi:

„*L. monocytogenes* í öðrum tilbúnum matvælum:

— fullnægjandi ef öll mæld gildi eru ≤ en tilgreinda gildið,

— ófullnægjandi ef eitt eða fleiri gildi eru > en tilgreinda gildið.

E. coli í lifandi samlokum og lifandi skrápdýrum, möttuldýrum og sæsniglum:

— fullnægjandi, ef öll fimm mældu gildin eru ≤ 230 MPN/100 g af holdi og skelvökva eða ef eitt af mældu gildunum fimm er > 230 MPN/100 g af holdi og skelvökva en ≤ 700 MPN/100 g af holdi og skelvökva,

— ófullnægjandi, ef eitthvert af mældu gildunum fimm er > 700 MPN/100 g af holdi og skelvökva eða ef a.m.k. tvö af mældu gildunum fimm eru > 230 MPN/100 g af holdi og skelvökva.“

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2017.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. desember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1998 **2016/EES/27/14**

frá 5. nóvember 2015

um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 ([1]), einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008 skal framkvæmdastjórnin samþykkja ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegu grunnkröfunum, sem um getur í 1. mgr. 4. gr., og almennar ráðstafanir til að bæta við sameiginlegu grunnkröfurnar sem um getur í 2. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar.

2) Ef þær innihalda viðkvæmar öryggisupplýsingar ætti að meðhöndla þessar ráðstafanir í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB, KBE) 2015/444([2]), eins og kveðið er á um í a-lið 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008. Þessar ráðstafanir skulu því samþykktar hver fyrir sig með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, sem er beint til aðildarríkjanna, og ætti ekki að birta þær.

3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 185/2010([3]), þar sem mælt er fyrir um ráðstafanirnar, sem um getur í 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008, hefur verið breytt 20 sinnum síðan hún öðlaðist gildi. Í því skyni að tryggja gagnsæi og réttarvissu ætti því að fella hana úr gildi og ný gerð að koma í hennar stað þar sem upprunalegu gerðinni og öllum breytingum hennar er steypt saman. Í ljósi fenginnar reynslu og viðeigandi tækniþróunar ætti einnig, eftir því sem við á, að útskýra nánar og uppfæra þessa nýju gerð.

4) Endurskoða ætti þessar ráðstafanir reglulega til að tryggja að þær séu í réttu samræmi við þróun ógnarinnar.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningsflugi sem komið var á fót með 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í viðaukanum eru settar fram ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegu grunnkröfunum um að verja almenningsflug gegn ólöglegu athæfi sem stofnar flugvernd í almenningsflugi í hættu, sem um getur í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008, og almennar ráðstafanir til að bæta við sameiginlegu grunnkröfurnar sem um getur í 2. mgr. 4. gr. sömu reglugerðar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 299, 14.11.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/2016 frá 18. mars 2016 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn , biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB, KBE) 2015/444 frá 13. mars 2015 um reglur varðandi öryggismál til verndar trúnaðarupplýsingum ESB (Stjtíð. ESB L 72, 17.3.2015, bls. 53).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 185/2010 frá 4. mars 2010 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd (Stjtíð. ESB L 55, 5.3.2010, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 185/2010 er felld úr gildi. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. febrúar 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

1. **FLUGVERND Á FLUGVÖLLUM**

1.0 ALMENN ÁKVÆÐI

1.0.1 Nema annað sé tekið fram skulu yfirvöld, rekstraraðili flugvallar, flugrekandi eða eining, sem ber ábyrgð í samræmi við landsbundnu flugverndaráætlunina í almenningsflugi, sem um getur í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008, sjá til þess að þær ráðstafanir sem settar eru fram í þessum kafla komi til framkvæmda.

1.0.2 Í þessum kafla telst loftfar, hópbifreið, farangursvagn eða önnur samgöngutæki, göngubrú/gangvegur eða landgöngubrú fyrir farþega vera hluti af flugvelli.

Í þessum kafla merkir „tryggilega frágenginn farangur“ skimaður lestarfarangur til brottfarar sem er varinn með áþreifanlegum hætti til að koma í veg fyrir að hlutum sé komið fyrir í honum.

1.0.3 Hlutaðeigandi yfirvaldi er heimilt að leyfa sérstakar verklagsreglur um flugvernd eða veita undanþágur frá vörn og flugvernd á flugsvæðum flugvalla á þeim dögum þar sem eru að hámarki átta áætlaðar flugferðir, að því tilskildu að aðeins fari fram lestun, losun, borðganga eða landganga í einu loftfari í einu, annaðhvort á viðkvæmasta hluta haftasvæðis flugverndar eða á flugvelli, sem fellur utan gildissviðs liðar 1.1.3, sbr. þó viðmiðanir um frávik sem settar eru fram í K-hluta viðaukans við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 272/2009([4]).

1.0.4 Að því er þennan viðauka varðar teljast „hlutir sem aðrir einstaklingar en farþegar hafa meðferðis“ vera eigur sem ætlaðar eru til nota fyrir einstaklinginn sem hefur þær meðferðis.

1.0.5 Tilvísanir í þriðju lönd í þessum kafla og, ef við á, í lokaútgáfu framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005([5]), taka til landa og yfirráðasvæða, sem VI. bálkur í þriðja hluta sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gildir ekki um, í samræmi við 355. gr. sáttmálans.

1.1 KRÖFUR UM SKIPULAGNINGU FLUGVALLA

1.1.1 **Mörk**

1.1.1.1 Á hverjum flugvelli skulu mörkin milli almenningssvæðis, flugsvæðis, haftasvæða flugverndar, viðkvæmustu hluta haftasvæðis og, þegar við á, aðgreindra svæða vera auðgreinanleg til að unnt sé að gera viðeigandi flugverndarráðstafanir á hverju þessara svæða.

1.1.1.2 Mörkin milli almenningssvæðis og flugsvæðis skulu vera áþreifanleg hindrun sem almenningur kemur auðveldlega auga á og sem kemur í veg fyrir óviðkomandi aðgang.

1.1.2 **Haftasvæði flugverndar**

1.1.2.1 Haftasvæði flugverndar skal a.m.k. taka til eftirfarandi svæða:

a) þess hluta flugvallar sem skimaðir brottfararfarþegar hafa aðgang að og

b) þess hluta flugvallar sem heimilt er að skimaður lestarfarangur til brottfarar fari um eða sé geymdur á, nema um sé að ræða tryggilega frágenginn farangur, og

c) þess hluta flugvallar sem ætlaður er til að leggja loftfari í því skyni að hleypa farþegum um borð eða að lesta það.

1.1.2.2 Hluti flugvallar skal teljast haftasvæði flugverndar, a.m.k. þann tíma sem sú starfsemi sem um getur í lið 1.1.2.1 fer fram.

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 272/2009 frá 2. apríl 2009 um viðbætur við sameiginlegar grunnkröfur um flugvernd í almenningsflugi sem mælt er fyrir um í viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 (Stjtíð. ESB L 91, 3.4.2009, bls. 7).

([5]) Lokaútgáfa framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd, sem innihalda upplýsingarnar, sem um getur í a-lið 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008, og sem fellir úr gildi ákvörðun (2010) 774 frá 13. apríl 2010.

Þegar haftasvæði flugverndar hefur verið komið á fót skal flugverndarleit fara fram á þeim svæðum þar sem flugvernd kann að hafa verið spillt, rétt áður en slíku svæði er komið á fót, til þess að tryggja, með fullnægjandi vissu, að á svæðinu séu ekki neinir bannaðir hlutir. Þetta ákvæði telst uppfyllt fyrir loftför sem sæta skulu flugverndarleit.

1.1.2.3 Þegar óviðkomandi aðilar kunna að hafa haft aðgang að haftasvæðum flugverndar skal flugverndarleit fara fram á þeim svæðum þar sem flugvernd kann að hafa verið spillt, eins fljótt og unnt er, til þess að tryggja, með fullnægjandi vissu, að á svæðinu séu ekki neinir bannaðir hlutir. Þetta ákvæði telst uppfyllt fyrir loftför sem sæta skulu flugverndarleit.

1.1.3 **Viðkvæmustu hlutar haftasvæðis flugverndar**

1.1.3.1 Koma skal á fót viðkvæmustu hlutum haftasvæðis á flugvöllum þar sem fleiri en 40 einstaklingar hafa flugvallarskilríki sem veitir þeim aðgang að haftasvæðum flugverndar.

1.1.3.2 Til viðkvæmustu hluta haftasvæðis teljast a.m.k. eftirfarandi svæði:

a) hver sá hluti flugvallar sem skimaðir brottfararfarþegar hafa aðgang að og

b) hver sá hluti flugvallar sem heimilt er að skimaður lestarfarangur til brottfarar fari um eða sé geymdur á, nema um sé að ræða tryggilega frágenginn farangur.

Hluti flugvallar skal teljast viðkvæmasti hluti haftasvæðis, a.m.k. þann tíma sem sú starfsemi sem um getur í a- eða b-lið fer fram.

1.1.3.3 Þegar komið hefur verið á fót viðkvæmasta hluta haftasvæðisins skal fara fram flugverndarleit á þeim svæðum þar sem flugvernd kann að hafa verið spillt, rétt áður en slíku svæði er komið á fót, til þess að tryggja, með fullnægjandi vissu, að á svæðinu séu ekki neinir bannaðir hlutir. Þetta ákvæði telst uppfyllt fyrir loftför sem sæta skulu flugverndarleit.

1.1.3.4 Þegar einstaklingar eða farþegar og flugverjar, sem hafa ekki verið skimaðir og koma frá þriðju löndum, öðrum en þeim sem skráð eru í fylgiskjali 4-B, kunna að hafa haft aðgang að viðkvæmustu hlutum haftasvæðis skal fara fram flugverndarleit, eins fljótt og unnt er, á þeim svæðum þar sem flugvernd kann að hafa verið spillt til þess að tryggja, með fullnægjandi vissu, að á svæðinu séu ekki neinir bannaðir hlutir.

Ákvæði 1. liðar telst uppfyllt fyrir loftför sem sæta skulu flugverndarleit.

Ákvæði 1. liðar gildir ekki þegar einstaklingar, sem heyra undir lið 1.3.2 og 4.1.1.7, hafa haft aðgang að viðkvæmustu hlutum haftasvæðisins.

Að því er varðar farþega og flugverja, sem koma frá þriðju löndum, öðrum en þeim sem skráð eru í fylgiskjali 4-B, gildir 1. liður aðeins um þá viðkvæmustu hluta haftasvæðis sem notaðir eru fyrir skimaðan lestarfarangur og/eða skimaða brottfararfarþega sem fara ekki með sama loftfari og þessir farþegar og flugverjar.

1.2 AÐGANGSSTÝRING

1.2.1 **Aðgangur að flugsvæði**

1.2.1.1 Einungis er heimilt að veita einstaklingum og ökutækjum aðgang að flugsvæði ef þau hafa lögmæta ástæðu til að vera þar. Skoðunarferðir á flugvelli í fylgd leiðsögumanna með aðgangsheimild telst vera lögmæt ástæða.

1.2.1.2 Til að fá aðgang að flugsvæði skal einstaklingur hafa heimild meðferðis.

1.2.1.3 Til að fá aðgang að flugsvæði skal leyfisbréf vera í ökutæki.

1.2.1.4 Einstaklingar, sem eru á flugsvæði, skulu framvísa heimild, sé þess krafist, þegar aðgangsstjórnun fer fram.

1.2.2 **Aðgangur að haftasvæðum flugverndar**

1.2.2.1 Einstaklingum og ökutækjum er einungis heimilt að fá aðgang að haftasvæði flugverndar ef þau hafa lögmæta ástæðu til að vera þar. Skoðunarferðir á flugvelli í fylgd leiðsögumanna með aðgangsheimild telst vera lögmæt ástæða.

1.2.2.2 Til að fá aðgang að haftasvæði flugverndar skal einstaklingur framvísa einni af eftirfarandi heimildum:

a) gildu brottfararspjaldi eða sambærilegu eða

b) gildu áhafnarskilríki eða

c) gildu flugvallarskilríki eða

d) gildu embættisskilríki, sem gefið er út af hlutaðeigandi landsyfirvaldi, eða

e) gildu embættisskilríki eftirlitsaðila sem gefið er út af yfirvaldi, sem hefur eftirlit með því að farið sé að reglum, og sem hlutaðeigandi landsyfirvald hefur viðurkennt.

Að öðrum kosti má einnig veita aðgang eftir að örugg kennsl hafa verið borin á einstaklinginn með sannprófun lífkenniupplýsinga.

1.2.2.3 Til að fá aðgang að haftasvæði flugverndar skal gilt leyfisbréf vera í ökutæki.

1.2.2.4 Brottfararspjaldið, eða sambærilegt, sem um getur í a-lið liðar 1.2.2.2, skal skoðað áður en einstaklingi er veittur aðgangur að haftasvæðum flugverndar í því skyni að tryggja, með fullnægjandi vissu, að það sé gilt.

Skilríkið, sem um getur í b- til e-lið liðar 1.2.2.2, skal skoðað áður en einstaklingi er veittur aðgangur að haftasvæðum flugverndar í því skyni að tryggja, með fullnægjandi vissu, að það sé gilt og tilheyri handhafa þess.

Ef notast er við lífkenniupplýsingar skal sannprófunin tryggja að einstaklingurinn, sem sækist eftir aðgangi að haftasvæði flugverndar, sé handhafi einnar af þeim heimildum sem skráðar eru í lið 1.2.2.2, að sú heimild sé gild og hafi ekki verið gerð óvirk.

1.2.2.5 Í því skyni að hindra óheimilan aðgang að haftasvæðum flugverndar skal viðhafa aðgangsstýringu að aðgönguleiðum:

a) með rafrænu kerfi, sem takmarkar aðgang við einn einstakling í senn, eða

b) með aðgangsstýringu sem einstaklingar með tilskilin leyfi annast.

Hlutaðeigandi yfirvaldi í hverju aðildarríki er heimilt að tilgreina í flugverndaráætlun sinni að mörkin í a-lið, þar sem aðgangur takmarkast við einn einstakling í senn, eigi ekki við um aðgönguleiðir sem einungis löggæslumenn nota.

1.2.2.6 Leyfisbréf ökutækis skal skoðað áður en ökutæki er heimilaður aðgangur að haftasvæði flugverndar til að tryggja að það sé í gildi og tilheyri ökutækinu.

1.2.2.7 Aðgangur að haftasvæðum flugverndar fellur einnig undir viðbótarákvæðin sem mælt er fyrir um í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.

1.2.3 **Kröfur um áhafnarskilríki og flugvallarskilríki í Sambandinu**

1.2.3.1 Aðeins er heimilt að gefa út áhafnarskilríki fyrir flugverja, sem eru ráðnir af flugrekanda í Sambandinu, og flugvallarskilríki til handa einstaklingi sem þarf á því að halda til að sinna starfi sínu og hefur gengist undir fullnægjandi athugun á bakgrunni í samræmi við lið 11.1.3.

1.2.3.2 Áhafnarskilríki og flugvallarskilríki skulu gefin út með tiltekinn gildistíma, að hámarki fimm ár.

1.2.3.3 Skilríki einstaklings, sem stenst ekki athugun á bakgrunni, skal afturkallað án tafar.

1.2.3.4 Skilríkið skal jafnan bera þannig að það sé vel sýnilegt, a.m.k. þegar handhafi þess er á haftasvæði flugverndar.

Einstaklingur, sem ber skilríki sitt ekki með sýnilegum hætti á haftasvæðum flugverndar, að undanskildum svæðum þar sem farþegar eru, skal stöðvaður af einstaklingum, sem bera ábyrgð á því að framfylgja c-lið í lið 1.5.1, og skal það tilkynnt, ef við á.

1.2.3.5 Skilríkinu skal tafarlaust skilað til útgefanda:

a) ef útgefandi óskar þess eða

b) ef um starfslok er að ræða eða

c) ef skipt er um vinnuveitanda eða

d) ef þörfin á aðgangi að svæðum, sem heimild hefur verið gefin fyrir, breytist eða

e) ef skilríkið rennur út eða

f) ef skilríkið er afturkallað.

1.2.3.6 Útgefandanum skal tilkynnt án tafar um skilríki, sem hefur glatast, sem hefur verið stolið eða sem hefur ekki verið skilað inn.

1.2.3.7 Ógilda skal tafarlaust rafrænum skilríkjum sem er skilað inn eða sem eru útrunnin og skilríkjum, sem hafa verið afturkölluð, tilkynnt glötuð, stolin eða ekki verið skilað inn.

1.2.3.8 Áhafnarskilríki og flugvallarskilríki í Sambandinu skulu einnig falla undir viðbótarákvæðin sem mælt er fyrir um í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.

1.2.4 **Viðbótarkröfur um áhafnarskilríki í Sambandinu**

1.2.4.1 Eftirfarandi skal koma fram á áhafnarskilríki fyrir flugverja sem eru ráðnir af flugrekanda í Sambandinu:

a) nafn og mynd af handhafa og

b) nafn flugrekandans og

c) orðið „crew“ á ensku og

d) síðasti gildisdagur.

1.2.5 **Viðbótarkröfur um flugvallarskilríki**

1.2.5.1 Eftirfarandi skal koma fram á flugvallarskilríki:

a) nafn og mynd af handhafa og

b) nafn vinnuveitanda handhafa, nema slíkt sé forritað með rafrænum hætti, og

c) nafn útgefanda eða heiti flugvallarins og

d) svæðin, sem handhafinn hefur heimild til aðgangs að, og

e) gildistíminn, nema slíkt sé forritað með rafrænum hætti.

Heimilt er að skipta út nöfnum/heitum og svæðunum, sem heimildin tekur til, fyrir sambærilegar upplýsingar.

1.2.5.2 Til þess að koma í veg fyrir að flugvallarskilríki séu misnotuð skal vera fyrir hendi kerfi til að tryggja, með fullnægjandi vissu, að upp komist um tilraunir til að nota skilríki, sem hafa glatast, skilríki, sem hefur verið stolið, eða ekki hefur verið skilað inn. Grípa skal til viðeigandi aðgerða ef slíkt kemst upp.

1.2.6 **Kröfur um leyfisbréf fyrir ökutæki**

1.2.6.1 Aðeins er heimilt að gefa út leyfisbréf fyrir ökutæki ef sýnt er fram á nauðsyn þess starfsins vegna.

1.2.6.2 Leyfisbréf fyrir ökutæki skal sérstaklega miðast við ökutækið og á því skal eftirfarandi koma fram:

a) svæðin, sem ökutækið hefur aðgangsheimild að, og

b) síðasti gildisdagur.

Á rafrænum leyfisbréfum fyrir ökutæki þurfa hvorki að koma fram þau svæði sem ökutækið hefur aðgangsheimild að né heldur síðasti gildisdagur, að því tilskildu að hægt sé að lesa upplýsingarnar rafrænt og að þær séu athugaðar áður en aðgangur að haftasvæðum flugverndar er leyfður.

1.2.6.3 Rafrænt leyfisbréf fyrir ökutæki skal fest á ökutækið þannig að ekki sé unnt að færa það.

1.2.6.4 Leyfisbréfið skal ávallt haft á sýnilegum stað þegar ökutækið er á flugsvæði.

1.2.6.5 Leyfisbréfinu skal tafarlaust skilað til útgefanda:

a) ef útgefandi óskar þess eða

b) þegar ökutækið er ekki lengur notað til að fá aðgang að flugsvæði eða

c) ef gildistími leyfisbréfsins rennur út, nema leyfisbréfið ógildist sjálfkrafa.

1.2.6.6 Útgefandanum skal tilkynnt tafarlaust um leyfisbréf fyrir ökutæki, sem hafa glatast, leyfisbréf, sem hefur verið stolið eða ekki verið skilað inn.

1.2.6.7 Ógilda skal tafarlaust rafrænt leyfisbréf fyrir ökutæki sem er skilað inn eða útrunnið og leyfisbréf, sem hefur verið tilkynnt glatað, stolið eða ekki verið skilað inn.

1.2.6.8 Til þess að koma í veg fyrir að leyfisbréf fyrir ökutæki séu misnotuð skal vera fyrir hendi kerfi til að tryggja, með fullnægjandi vissu, að upp komist um tilraunir til að nota leyfisbréf, sem hefur glatast, sem hefur verið stolið eða ekki verið skilað. Grípa skal til viðeigandi aðgerða ef slíkt kemst upp.

1.2.6.9 Ökutæki, sem aðeins eru notuð á flugsvæði og hafa ekki leyfi til aksturs á opinberum vegum, má undanþiggja beitingu liða 1.2.6.2–1.2.6.8, að því tilskildu að þau séu greinilega merkt að utanverðu sem ökutæki sem notuð eru við starfsemina á þeim flugvelli.

1.2.7 **Aðgangur með fylgdarmanni**

1.2.7.1 Flugverjar, aðrir en þeir sem hafa gild flugvallarskilríki, skulu ávallt vera með fylgdarmanni þegar þeir eru á haftasvæðum flugverndar, að undanskildum:

a) svæðum þar sem farþegum er heimilt að vera og

b) svæðum, sem eru mjög nálægt loftfarinu sem þeir komu með eða munu fara með, og

c) svæðum, sem eru ætluð áhöfnum, og

d) þeim leiðum frá flugstöð eða frá aðgönguleið og að loftfarinu sem flugverjarnir komu með eða munu fara með.

1.2.7.2 Í sérstökum tilvikum er heimilt að undanþiggja einstakling kröfunum í lið 1.2.5.1 og skyldunni um athugun á bakgrunni, með þeim skilyrðum að þessi einstaklingur sé ávallt með fylgdarmanni þegar hann er á haftasvæðum flugverndar. Heimilt er að undanþiggja einstakling kröfunum um fylgdarmann ef hann framvísar heimild og er handhafi gilds flugvallarskilríkis.

1.2.7.3 Fylgdarmaður skal:

a) hafa gild skilríki, eins og um getur í c-, d- eða e-lið liðar 1.2.2.2, og

b) hafa heimild til að veita fylgd á haftasvæðum flugverndar og

c) hafa einstaklinginn eða einstaklingana, sem verið er að fylgja, ávallt í sjónmáli og

d) tryggja, með fullnægjandi vissu, að einstaklingurinn eða einstaklingarnir, sem verið er að fylgja, gerist ekki sekir um flugverndarbrot.

1.2.7.4 Heimilt er að veita ökutæki undanþágu frá kröfunum í lið 1.2.6, með þeim skilyrðum að því sé ávallt fylgt þegar það er á flugsvæði.

1.2.7.5 Þegar farþegi ferðast ekki fyrir tilstilli samnings um loftflutninga, þar sem gert er ráð fyrir að brottfararspjald eða sambærilegt skjal sé lagt fram, er heimilt að undanþiggja flugverja, sem fylgir þessum farþega, kröfunum í a-lið liðar 1.2.7.3.

1.2.8 **Aðrar undanþágur**

Aðrar undanþágur skulu vera með fyrirvara um ákvæðin sem mælt er fyrir um í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.

1.3 SKIMUN ANNARRA EINSTAKLINGA EN FARÞEGA OG HLUTA SEM ÞEIR BERA Á SÉR

1.3.1 **Skimun annarra einstaklinga en farþega og hluta sem þeir bera á sér**

1.3.1.1 Skimun annarra einstaklinga en farþega skal fara fram með einni af eftirfarandi aðferðum:

a) handleit,

b) málmleitarhliði (WTMD),

c) sprengjuleitarhundum (EDD),

d) snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni (ETD),

e) öryggisskönnum sem nota ekki jónandi geislun,

f) snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni ásamt handmálmleitartæki (HHMD).

1.3.1.2 Liðir 4.1.1.3–4.1.1.6 og 4.1.1.10–4.1.1.11 gilda um skimun annarra einstaklinga en farþega.

1.3.1.3 Aðeins er heimilt að nota sprengjuleitarhunda og snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni sem viðbótarúrræði við skimun einstaklinga annarra en farþega eða sem annan ófyrirsjáanlegan kost í stað handleitar, málmleitarhliðs eða öryggisskanna.

1.3.1.4 Skimun hluta, sem aðrir einstaklingar en farþegar bera á sér, skal fara fram með einni af eftirfarandi aðferðum:

a) handleit,

b) röntgenbúnaði,

c) búnaði til greiningar sprengiefnis (EDS),

d) sprengjuleitarhundum,

e) snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni (ETD).

1.3.1.5 Liðir 4.1.2.4–4.1.2.7 og 4.1.2.11 gilda um skimun hluta sem einstaklingar aðrir en farþegar hafa meðferðis.

1.3.1.6 Aðeins er heimilt að nota sprengjuleitarhunda og snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni sem viðbótarúrræði við skimun hluta, sem einstaklingar aðrir en farþegar hafa meðferðis, eða sem annan ófyrirsjáanlegan kost í stað handleitar, röntgenbúnaðar eða búnaðar til greiningar sprengiefnis.

1.3.1.7 Ef framkvæma þarf úrtaksskimun, sem fer fram að staðaldri, hjá öðrum einstaklingum en farþegum, ásamt hlutum, sem þeir bera á sér, skal hlutaðeigandi yfirvald ákveða tíðni úrtaksskimunar á grundvelli áhættumats.

1.3.1.8 Skimun annarra einstaklinga en farþega og hluta, sem þeir bera á sér, fellur einnig undir viðbótarákvæðin sem mælt er fyrir um í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.

1.3.2 **Undanþágur og sérstakar verklagsreglur um skimun**

1.3.2.1 Hlutaðeigandi yfirvöld geta, af hlutlægum ástæðum, heimilað að einstaklingar, aðrir en farþegar, verði undanþegnir skimun eða sæti sérstakri skimun, að því tilskildu að þeir séu í fylgd einstaklings sem hefur heimild til að vera fylgdarmaður í samræmi við lið 1.2.7.3.

1.3.2.2 Heimilt er að veita skimuðum einstaklingum, öðrum en farþegum, sem yfirgefa viðkvæmasta hluta haftasvæðisins tímabundið, undanþágu frá skimun er þeir snúa aftur, að því tilskildu að þeir hafi verið undir stöðugu eftirliti viðurkenndra einstaklinga til að tryggja, með fullnægjandi vissu, að þeir komi ekki með bannaða hluti inn á viðkvæmustu hluta haftasvæðisins.

1.3.2.3 Undanþágur og sérstakar verklagsreglur um skimun falla einnig undir viðbótarákvæðin sem mælt er fyrir um í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.

1.4 SKOÐUN ÖKUTÆKJA

1.4.1 **Ökutæki sem fá aðgang að viðkvæmustu hlutum haftasvæðis**

1.4.1.1 Öll ökutæki skulu skoðuð áður en þeim er veittur aðgangur að viðkvæmustu hlutum haftasvæðis. Að lokinni skoðun skulu þau varin gegn ólöglegu athæfi þar til þeim er veittur aðgangur að viðkvæmustu hlutum haftasvæðis.

1.4.1.2 Ökumaðurinn og allir aðrir farþegar ökutækisins skulu yfirgefa ökutækið á meðan skoðun fer fram. Þeir skulu taka persónulega muni úr ökutækinu til að fara með þá í skimun.

1.4.1.3 Skilgreind aðferðafræði skal viðhöfð til að tryggja að þau svæði sem eru skoðuð séu valin af handahófi.

1.4.1.4 Ökutæki sem fá aðgang að viðkvæmustu hlutum haftasvæðis falla einnig undir viðbótarákvæðin sem mælt er fyrir um í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.

1.4.2 **Ökutæki sem fá aðgang að haftasvæðum öðrum en viðkvæmustu hlutunum**

1.4.2.1 Ökumaðurinn og allir aðrir farþegar ökutækisins skulu yfirgefa ökutækið á meðan skoðun fer fram. Þeir skulu taka persónulega muni úr ökutækinu til að fara með þá í skimun.

1.4.2.2 Skilgreind aðferðafræði skal viðhöfð til að tryggja að þau ökutæki og svæði sem eru skoðuð séu valin af handahófi.

1.4.2.3 Ökutæki, sem fá aðgang að haftasvæðum öðrum en viðkvæmustu hlutunum, falla einnig undir viðbótarákvæðin sem mælt er fyrir um í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.

1.4.3 **Skoðunaraðferðir**

1.4.3.1 Handleit skal samanstanda af ítarlegri handvirkri skoðun á völdum svæðum, þ.m.t. innihald, í því skyni að tryggja, með fullnægjandi vissu, að á þeim séu ekki bannaðir hlutir.

1.4.3.2 Eftirfarandi aðferðir er aðeins heimilt að nota sem viðbótarúrræði við skoðun:

a) sprengjuleitarhunda og

b) snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni.

1.4.3.3 Skoðunaraðferðir falla einnig undir viðbótarákvæðin sem mælt er fyrir um í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.

1.4.4 **Undanþágur og sérstakar verklagsreglur um skoðun**

1.4.4.1 Hlutaðeigandi yfirvöldum er heimilt, af hlutlægum ástæðum, að veita ökutækjum undanþágu frá skoðun eða frá því að sæta sérstakri skoðun, að því tilskildu að einstaklingur, sem hefur leyfi til að vera fylgdarmaður í samræmi við lið 1.2.7.3, fylgist með þeim.

1.4.4.2 Undanþágur og sérstakar verklagsreglur um skoðun falla einnig undir viðbótarákvæðin sem mælt er fyrir um í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.

1.5 EFTIRLIT, EFTIRLITSFERÐIR OG ÖNNUR ÁÞREIFANLEG GÆSLA

1.5.1 Eftirlit eða eftirlitsferðir skulu fara fram til þess að vakta:

a) mörkin milli almenningssvæðis, flugsvæðis, haftasvæða flugverndar, viðkvæmustu hluta haftasvæðisins og, ef við á, aðgreindra svæða og

b) svæði við flugstöðina og nálægt henni, sem eru aðgengileg almenningi, þ.m.t. bifreiðastæði og vegir, og

c) að skilríki einstaklinga, sem eru á öðrum haftasvæðum flugverndar en þeim þar sem farþegar eru, séu sýnileg og í gildi og

d) að leyfisbréf fyrir ökutæki séu sýnileg og í gildi þegar ökutækið er á flugsvæði og

e) lestarfarangur, farm og póst, birgðir til notkunar um borð og póst og rekstrarvörur flugrekanda sem eru á viðkvæmustu hlutum haftasvæðisins og bíða eftir að vera sett um borð.

1.5.2 Tíðni og aðferðir, sem notaðar eru við eftirlit og eftirlitsferðir, skulu byggjast á áhættumati og skal hlutaðeigandi yfirvald samþykkja þær. Þær skulu taka tillit til:

a) stærðar flugvallarins, þ.m.t. umfangs og eðlis flugrekstursins, og

b) skipulags flugvallarins, einkum innbyrðis tengsla milli mismunandi svæða á flugvellinum, og

c) möguleika og takmarkana varðandi eftirlit og eftirlitsferðir.

Ef farið er fram á það, skulu þeir hlutar áhættumatsins sem varða tíðni og aðferðir, sem notaðar eru við eftirlit og eftirlitsferðir, vera aðgengilegir skriflega til að auðvelda eftirlit með því að kröfur séu uppfylltar.

1.5.3 Eftirlit og eftirlitsferðir mega ekki fylgja neinu fyrirsjáanlegu mynstri. Gildi skilríkja skal kannað af handahófi.

1.5.4 Ráðstafanir skulu vera fyrir hendi sem bæði koma í veg fyrir að einstaklingar brjótist í gegnum skimunarstaði flugverndar og, skyldi slíkt brot eiga sér stað, gera kleift að leysa vandamál í tengslum við brotið og ráða tafarlaust bót á afleiðingum þess.

1.6 BANNAÐIR HLUTIR

1.6.1 Öðrum einstaklingum en farþegum er óheimilt að hafa meðferðis hluti, sem skráðir eru í fylgiskjali 1-A, inn á haftasvæði flugverndar.

1.6.2 Heimilt er að veita undanþágu frá lið 1.6.1 ef einstaklingnum er heimilt að hafa meðferðis bannaða hluti inn á haftasvæði flugverndar í því skyni að sinna verkefnum sem eru nauðsynleg fyrir starfrækslu flugvallar eða loftfars eða til að sinna skylduverkum um borð.

1.6.3 Til þess að hægt sé að staðfesta tengslin milli einstaklingsins, sem hefur heimild til að hafa meðferðis einn hlut eða fleiri, sem eru skráðir í fylgiskjali 1-A, og hlutarins sem hafður er meðferðis:

a) skal einstaklingurinn hafa heimild og hafa hana meðferðis. Heimildin skal annaðhvort koma fram á skilríkinu, sem veitir aðgang að haftasvæðum flugverndar, eða á sérstakri skriflegri yfirlýsingu. Heimildin skal gefa til kynna hvaða hlut eða hluti er heimilt að hafa meðferðis, annaðhvort sem flokk hluta eða sem tiltekinn hlut. Ef heimildin kemur fram á skilríkinu skal hún auðþekkjanleg þeim sem þurfa þessar upplýsingar eða

b) skal kerfi vera á skimunarstað flugverndar sem gefur til kynna hvaða einstaklingar hafa heimild til að hafa meðferðis hlut eða hluti, annaðhvort sem flokk hluta eða tiltekinn hlut.

1.6.4 Staðfesting á tengslum milli einstaklings og hlutar eða hluta, sem hann ber með sér, skal liggja fyrir áður en einstaklingi er leyft að hafa meðferðis viðkomandi hlut eða hluti inn á haftasvæði flugverndar eða um borð í loftfar eða að kröfu einstaklinga sem sinna eftirliti eða eftirlitsferðum samkvæmt c-lið 1.5.1.

1.6.5 Geyma má hluti, sem eru skráðir í fylgiskjali 1-A, á haftasvæðum, að því tilskildu að þeir séu geymdir við öruggar aðstæður. Geyma má hluti, sem eru skráðir í c-, d- og e-lið í fylgiskjali 4-C, á haftasvæðum flugverndar, að því tilskildu að þeir séu ekki aðgengilegir farþegum.

FYLGISKJAL 1-A

EINSTAKLINGAR AÐRIR EN FARÞEGAR

SKRÁ YFIR BANNAÐA HLUTI

a) *byssur, skotvopn og önnur tæki sem skjóta skotum* — tæki sem unnt er að nota eða virðist vera unnt að nota til að valda alvarlegum áverkum með því að skjóta skotum, þ.m.t.:

— öll skotvopn, t.d. skammbyssur, marghleypur, rifflar, haglabyssur,

— leikjabyssur, eftirlíkingar og eftirgerðir af skotvopnum sem líkjast alvöru vopnum,

— íhlutir skotvopna, að undanskildu sjónaukasigti,

— þrýstiloftsbyssur og kolsýrubyssur, t.d. skammbyssur, lofthaglabyssur, loftrifflar og kúlubyssur,

— merkibyssur og rásbyssur,

— bogar, lásbogar og örvar,

— skutulbyssur og spjótbyssur,

— slöngvur og teygjubyssur,

b) *tæki til að dasa* — tæki sem er hannað sérstaklega til að dasa fólk eða valda því að það geti ekki hreyft sig, þ.m.t.:

— tæki til að stuða, t.d. stuðbyssur, rafstuðbyssur og stuðkylfur,

— tæki til að deyfa eða aflífa dýr,

— íðefni, gös og úðaefni, sem lama eða gera menn óvirka, t.d. úðavopn, piparúði, táragas, sýruúði og úði til að fæla dýr,

c) *sprengiefni og íkveikjuefni og -búnaður* — sprengiefni og íkveikjuefni og –búnaður sem unnt er að nota eða virðist vera unnt að nota til að valda alvarlegum áverkum eða til að ógna öryggi loftfars, þ.m.t.:

— skotfæri,

— sprengihettur,

— hvellhettur og sprengiþræðir,

— eftirlíkingar eða eftirgerðir af sprengibúnaði,

— jarðsprengjur, handsprengjur og aðrar sprengifimar hernaðarbirgðir,

— skoteldar og aðrar flugeldavörur,

— reykhylki og reykdósir,

— dínamít, byssupúður og plastsprengiefni.

d) allir aðrir hlutir, sem unnt er að nota til að valda alvarlegum áverkum og sem ekki er algengt að séu notaðir á haftasvæðum flugverndar, t.d. búnaður fyrir sjálfsvarnaríþróttir, sverð, höggsverð o.s.frv.

2. **AÐGREIND SVÆÐI Á FLUGVÖLLUM**

Engin ákvæði í þessari reglugerð.

3. **FLUGVERND LOFTFARA**

3.0 ALMENN ÁKVÆÐI

3.0.1 Flugrekandi skal sjá til þess að ráðstafanirnar, sem settar eru fram í þessum kafla, komi til framkvæmda að því er varðar eigin loftför, nema annað sé tekið fram.

3.0.2 Í fylgiskjali 3-B eru talin upp þau þriðju lönd sem teljast beita flugverndarkröfum sem eru jafngildar sameiginlegu grunnkröfunum um flugvernd.

3.0.3 Ekki þarf að framkvæma flugverndarathugun á loftfari. Loftfarið skal sæta flugverndarleit í samræmi við lið 3.1.

3.0.4 Ef flugrekandi óskar eftir því skal rekstraraðili flugvallar tilkynna honum ef loftfar hans er staðsett á viðkvæmasta hluta haftasvæðis. Þegar slíkt liggur ekki ljóst fyrir skal gert ráð fyrir því að loftfarið sé á öðrum hluta en viðkvæmasta hluta haftasvæðis.

3.0.5 Þegar svæði telst ekki lengur til viðkvæmasta hluta haftasvæðis, vegna breyttrar stöðu flugverndar, skal flugvöllurinn gera þeim flugrekendum sem þetta snertir grein fyrir því.

3.0.6 Tilvísanir í þriðju lönd í þessum kafla og, ef við á, í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005, taka til annarra landa og yfirráðasvæða, sem VI. bálkur í þriðja hluta sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gildir ekki um, í samræmi við 355. gr. sáttmálans.

3.1 FLUGVERNDARLEIT Í LOFTFARI

3.1.1 **Hvenær á að framkvæma flugverndarleit í loftfari**

3.1.1.1 Alltaf skal framkvæma flugverndarleit í loftfari þegar ástæða er til að ætla að óviðkomandi aðilar kunni að hafa haft aðgang að því.

3.1.1.2 Flugverndarleit í loftfari skal fela í sér skoðun á skilgreindum svæðum loftfars sem mælt er fyrir um í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.

3.1.1.3 Framkvæma skal flugverndarleit í loftfari, sem kemur inn á viðkvæmasta hluta haftasvæðis, frá þriðja landi, sem er ekki skráð í fylgiskjali 3-B, hvenær sem farþegar hafa farið frá borði og af svæðinu þar sem leitin á að fara fram og/eða þegar lestin hefur verið losuð.

3.1.1.4 Loftfar sem kemur frá aðildarríki, þar sem það var í gegnumferð eftir að hafa komið frá þriðja landi, sem er ekki skráð í fylgiskjali 3-B, telst vera loftfar sem kemur frá þriðja landi.

3.1.1.5 Hvenær framkvæma á flugverndarleit í loftfari fellur einnig undir viðbótarákvæðin sem mælt er fyrir um í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.

3.1.2 **Hvernig á að framkvæma flugverndarleit í loftfari**

Hvernig framkvæma á flugverndarleit í loftfari fellur einnig undir viðbótarákvæðin sem mælt er fyrir um í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.

3.1.3 **Upplýsingar um flugverndarleit í loftfari**

Eftirfarandi upplýsingar um flugverndarleit í loftfari í brottflugi skulu skráðar og geymdar á öðrum stað en í loftfarinu í 24 klukkustundir eða sem nemur lengd flugsins, hvort heldur sem varir lengur:

a) flugnúmer og

b) upprunaflugvöllur síðasta flugs.

Þegar flugverndarleit í loftfari hefur farið fram skulu eftirfarandi upplýsingar einnig tilgreindar:

c) dagsetning og tími þegar flugverndarleit í loftfari var lokið og

d) nafn og undirskrift einstaklingsins sem ber ábyrgð á framkvæmd flugverndarleitar í loftfari.

3.2 VÖRN LOFTFARA

3.2.1 **Vörn loftfara — almennt**

3.2.1.1 Allar ytri dyr loftfars skulu varðar gegn óheimilum aðgangi, óháð því hvar því er lagt á flugvelli, með því að:

a) tryggja að einstaklingar, sem reyna að komast um borð í heimildarleysi, séu stöðvaðir tafarlaust eða

b) loka ytri dyrum loftfarsins. Þegar loftfarið er á viðkvæmasta hluta haftasvæðis teljast ytri dyr, sem ekki eru aðgengilegar einstaklingi frá jörðu, lokaðar ef landgöngubúnaður hefur verið fjarlægður og honum komið fyrir nægilega langt frá loftfarinu til að hindra aðgang, með fullnægjandi hætti, eða

c) nota rafrænan búnað sem greinir óheimilan aðgang samstundis eða

d) hafa rafrænt aðgangskerfi fyrir flugvallarskilríki við allar dyr sem liggja beint að landgöngubrúnni fyrir farþega, sem er aðliggjandi opnum dyrum loftfars og sem aðeins veitir þeim einstaklingum aðgang sem hlotið hafa þjálfun í samræmi við lið 11.2.3.7. Þessir einstaklingar verða að sjá til þess að komið sé í veg fyrir óheimilan aðgang á meðan þeir nota dyrnar.

3.2.1.2 Liður 3.2.1.1 gildir ekki um loftfar sem hefur verið lagt í flugskýli sem er læst eða varið með öðru móti fyrir óheimilum aðgangi.

3.2.2 **Viðbótarvörn loftfara með lokaðar ytri dyr þegar þau eru á öðrum hluta en viðkvæmasta hluta haftasvæðis**

3.2.2.1 Þegar ytri dyr eru lokaðar og loftfarið er á öðrum hluta en viðkvæmasta hluta haftasvæðis skulu allar ytri dyr þar að auki:

a) ekki hafa neinn landgöngubúnað eða

b) vera innsiglaðar eða

c) vera læstar eða

d) vera vaktaðar.

Ákvæði a-liðar eiga ekki við um dyr sem eru aðgengilegar einstaklingi frá jörðu.

3.2.2.2 Þegar landgöngubúnaður er fjarlægður frá dyrum, sem eru ekki aðgengilegar einstaklingi frá jörðu, skal honum komið fyrir nægilega langt frá loftfarinu til að hindra, með fullnægjandi hætti, aðgang að því.

3.2.2.3 Þegar ytri dyr eru læstar skulu aðeins einstaklingar, sem þurfa þess starfs síns vegna, geta opnað þessar dyr.

3.2.2.4 Þegar ytri dyr eru vaktaðar skal vöktunin tryggja að óheimilaður aðgangur að loftfarinu greinist samstundis.

3.2.2.5 Vörn loftfara með læstar ytri dyr, þegar þau eru á öðrum hluta en viðkvæmasta hluta haftasvæðis, fellur einnig undir viðbótarákvæðin sem mælt er fyrir um í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.

FYLGISKJAL 3-A

FLUGVERNDARLEIT Í LOFTFARI

Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 er mælt fyrir um ítarleg ákvæði um flugverndarleit í loftfari.

FYLGISKJAL 3-B

FLUGVERND LOFTFARA

ÞRIÐJU LÖND SEM OG LÖND OG YFIRRÁÐASVÆÐI HANDAN HAFSINS, SEM VI. BÁLKUR Í ÞRIÐJA HLUTA SÁTTMÁLANS UM STARFSHÆTTI EVRÓPUSAMBANDSINS GILDIR EKKI UM, SKV. 355. GR. SÁTTMÁLANS, SEM VIÐURKENNT ER AÐ BEITI FLUGVERNDARKRÖFUM SEM JAFNGILDA SAMEIGINLEGUM GRUNNKRÖFUM.

Að því er varðar flugvernd loftfara er viðurkennt að eftirfarandi þriðju lönd sem og önnur lönd og yfirráðasvæði, sem VI. bálkur í þriðja hluta sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gildir ekki um, skv. 355. gr. sáttmálans, beiti flugverndarkröfum sem viðurkennt er að jafngildi sameiginlegum grunnkröfum:

Bandaríkin

Færeyjar, að því er varðar flugvöllinn í Vogum

Grænland, að því er varðar Kangerlussuaq-flugvöll

Guernsey

Jersey

Eyjan Mön í Írlandshafi

Framkvæmdastjórnin skal tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi yfirvöldum aðildarríkjanna ef hún hefur upplýsingar sem benda til þess að flugverndarkröfur, sem hlutaðeigandi þriðja land eða annað land eða yfirráðasvæði beitir og hafa veruleg áhrif á almenna flugvernd í Sambandinu, séu ekki lengur jafngildar sameiginlegum grunnkröfum Sambandsins.

Tilkynna skal hlutaðeigandi yfirvöldum aðildarríkjanna tafarlaust ef framkvæmdastjórnin hefur upplýsingar um aðgerðir, þ.m.t. aðrar ráðstafanir, sem staðfesta að flugverndarkröfur, sem hlutaðeigandi þriðja land eða annað land eða yfirráðasvæði beitir, séu aftur orðnar jafngildar sameiginlegu grunnkröfunum.

4. **FARÞEGAR OG HANDFARANGUR**

4.0 ALMENN ÁKVÆÐI

4.0.1 Yfirvöld, rekstraraðili flugvallar, flugrekandi eða eining, sem ber ábyrgð í samræmi við landsbundnu flugverndaráætlunina í almenningsflugi, sem um getur í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008, skal sjá til þess að þær ráðstafanir sem settar eru fram í þessum kafla komi til framkvæmda, nema annað sé tekið fram.

4.0.2 Í fylgiskjali 4-B eru skráð þau þriðju lönd sem teljast beita flugverndarkröfum sem eru jafngildar sameiginlegu grunnkröfunum að því er varðar farþega og handfarangur.

4.0.3 Farþegar og handfarangur þeirra, sem koma frá aðildarríki þar sem loftfarið var í gegnumferð eftir að hafa komið frá þriðja landi, sem er ekki skráð í fylgiskjali 4-B, skulu teljast farþegar og handfarangur, sem koma frá þriðja landi, nema fyrir liggi staðfesting þess efnis að þessir farþegar og handfarangur þeirra hafi verið skimuð í því aðildarríki.

4.0.4 Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „vökvar, úðaefni og gel“ (LAGs): maukkennd efni, fljótandi krem, blöndur í föstu eða fljótandi formi og innihald þrýstiumbúða, t.d. tannkrem, hárgel, drykkir, súpur, síróp, ilmvatn, raksápa og önnur efni af sambærilegum þéttleika,

b) „poki með innsigli sem sýnir hvort lokun hans hafi verið rofin“ (STEB): poki sem uppfyllir ráðlagðar viðmiðunarreglur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar vegna flugverndarráðstafana,

c) „búnaður til greiningar sprengiefnis í fljótandi formi“ (LEDS): búnaður sem getur greint hættuleg efni og uppfyllir ákvæðin í lið 12.7 í viðaukanum við framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C (2015) 8005.

4.0.5 Tilvísanir í þriðju lönd í þessum kafla og, ef við á, í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005, taka til annarra landa og yfirráðasvæða, sem VI. bálkur í þriðja hluta sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gildir ekki um, í samræmi við 355. gr. sáttmálans.

4.1 SKIMUN FARÞEGA OG HANDFARANGURS

4.1.1 **Skimun farþega**

4.1.1.1 Farþegar skulu fara úr yfirhöfnum og jökkum áður en skimun hefst og skal skima þau sem handfarangur. Vopnaleitarmaður getur óskað eftir því að farþegi klæði sig frekar úr, eins og við á.

4.1.1.2 Farþegar skulu skimaðir með a.m.k. einni af eftirfarandi aðferðum:

a) handleit,

b) málmleitarhliði,

c) sprengjuleitarhundum,

d) snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni,

e) öryggisskönnum sem nota ekki jónandi geislun,

f) snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni ásamt handmálmleitartæki.

Þegar vopnaleitarmaður getur ekki ákvarðað hvort farþeginn beri á sér bannaða hluti eða ekki skal farþeganum synjað um aðgang að haftasvæðum flugverndar eða hann endurskimaður þannig að fullnægjandi sé að mati vopnaleitarmanns.

4.1.1.3 Þegar handleit fer fram skal hún framkvæmd með þeim hætti að hægt sé að tryggja, með fullnægjandi vissu, að einstaklingurinn beri ekki á sér bannaða hluti.

4.1.1.4 Þegar málmleitarhliðið gefur frá sér viðvörun skal finna orsök viðvörunarinnar.

4.1.1.5 Aðeins er heimilt að nota handmálmleitartæki sem viðbótarúrræði við skimun. Tækið kemur ekki í staðinn fyrir kröfur um handleit.

4.1.1.6 Ef leyft hefur verið að taka lifandi dýr meðferðis í farþegarými loftfars skal það annaðhvort skimað sem farþegi eða handfarangur.

4.1.1.7 Hlutaðeigandi yfirvöldum er heimilt að skipta farþegum í flokka sem, af hlutlægum ástæðum, skulu sæta sérstakri skimun eða mega vera undanþegnir henni. Framkvæmdastjórninni skal tilkynnt um flokkana.

4.1.1.8 Skimun farþega fellur einnig undir viðbótarákvæðin sem mælt er fyrir um í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.

4.1.1.9 Aðeins er heimilt að nota sprengjuleitarhunda og snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni sem viðbótarúrræði við skimun.

4.1.1.10 Þegar notaðir eru öryggisskannar með greiningu mannlegs rýnis, eins og skilgreint er í annarri málsgrein liðar 12.11.1, við skimun farþega skulu öll eftirfarandi lágmarksskilyrði uppfyllt:

a) öryggisskannar skulu ekki geyma, varðveita, afrita, prenta eða endurheimta myndir; þó má geyma sérhverja mynd, sem verður til við skimunina, í þann tíma sem þörf er á til að mannlegur rýnir geti greint hana og skal myndinni eytt um leið og farþeginn hefur komist í gegnum eftirlitið án athugasemda; allur óviðkomandi aðgangur er bannaður, notkun myndarinnar er bönnuð og skal komið í veg fyrir slíkt,

b) mannlegur rýnir, sem greinir myndina, skal vera í aðgreindu rými svo hann geti ekki séð farþegann sem er skimaður,

c) enginn tæknibúnaður, sem getur geymt, afritað, ljósmyndað eða skráð myndir með öðrum hætti, skal leyfður í aðgreinda rýminu þar sem myndin er greind,

d) myndin skal ekki tengd við önnur gögn, sem varða einstaklinginn sem er skimaður, og persónuauðkenni viðkomandi skulu vera ógreinanleg,

e) farþegi getur óskað eftir því að mannlegur rýnir af tilteknu kyni greini myndina af líkama hans,

f) myndin skal gerð óskýr eða óljós til að koma í veg fyrir að andlit farþegans þekkist.

Ákvæði a- og d-liðar skulu einnig gilda um öryggisskanna með sjálfvirkri hættugreiningu.

Farþegar skulu hafa rétt á að hafna skimun með öryggisskanna. Í því tilviki skal farþegi skimaður með annarri skimunaraðferð, þ.m.t. a.m.k. handleit, í samræmi við fylgiskjal 4-A við framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005. Þegar öryggisskanninn gefur frá sér viðvörun skal finna orsök viðvörunarinnar.

Áður en farþegi er skimaður með öryggisskanna skal hann upplýstur um tæknina, sem notuð er, skilyrðin tengd notkun hennar og um möguleikann á því að hafna skimun með öryggisskanna.

4.1.1.11 Aðeins er heimilt að nota snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni ásamt handmálmleitartæki í þeim tilvikum þegar vopnaleitarmaðurinn telur að handleit á tilteknum svæðum einstaklings sé óskilvirk og/eða óæskileg.

4.1.2 **Skimun handfarangurs**

4.1.2.1 Fartölvur og önnur stór raftæki skulu fjarlægð úr handfarangri áður en skimun hefst og skulu þau skimuð sérstaklega nema ætlunin sé að skima handfarangurinn með búnaði til greiningar sprengiefnis sem uppfyllir staðal C2 eða annan strangari.

4.1.2.2 Við komu á haftasvæði flugverndar skal viðeigandi eining á öllum flugvöllum skima a.m.k. vökva, úðaefni og gel, sem keypt eru á flugvelli eða um borð í loftfari og komið hefur verið fyrir í poka með innsigli sem sýnir hvort lokun hans hafi verið rofin, þar sem í pokanum er að finna fullnægjandi sönnun þess efnis að vökvinn, úðaefnið eða gelið hafi verið keypt á flugsvæði flugvallar eða um borð í loftfari, sem og vökva, úðaefni og gel, sem nota á í ferðinni í læknisfræðilegum tilgangi eða vegna kröfu um sérfæði, þ.m.t. barnamatur.

Vökvar, úðaefni og gel skulu fjarlægð úr handfarangri áður en skimun hefst og þau skimuð sérstaklega, aðskilin frá öðrum hlutum í handfarangri, nema búnaðurinn, sem notaður er við skimun handfarangurs, geti einnig skimað mörg, lokuð ílát sem innihalda vökva, úðaefni og gel sem eru í farangri.

Þegar vökvar, úðaefni og gel hafa verið fjarlægð úr handfarangri skal farþeginn afhenda:

a) allan vökva, úðaefni og gel í aðskildum ílátum, sem rúma að hámarki 100 ml, eða sambærilegt í gagnsæjum, endurlokanlegum plastpoka, sem rúmar að hámarki einn lítra, þannig að nægilegt rými sé fyrir innihald plastpokans og hægt sé að loka pokanum tryggilega og

b) allan annan vökva, úðaefni og gel, þ.m.t. poka með innsigli, sem sýnir hvort lokun hans hafi verið rofin, sem inniheldur vökva, úðaefni og gel.

Hlutaðeigandi yfirvöld, flugrekendur og flugvellir skulu veita farþegum viðeigandi upplýsingar í tengslum við skimun vökva, úðaefna og gels á flugvöllum sínum.

4.1.2.3 Handfarangur skal skimaður með a.m.k. einni af eftirfarandi aðferðum:

a) handleit,

b) röntgenbúnaði,

c) búnaði til greiningar sprengiefnis,

d) sprengjuleitarhundum ásamt aðferðinni í a-lið,

e) snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni.

Þegar vopnaleitarmaður getur ekki ákvarðað hvort handfarangur innihaldi bannaða hluti eða ekki er handfarangri ekki hleypt í gegn eða hann endurskimaður þannig að fullnægjandi sé að mati vopnaleitarmanns.

4.1.2.4 Handleit í handfarangri skal samanstanda af handvirkri skoðun farangurs, þ.m.t. innihald hans, í því skyni að tryggja, með fullnægjandi vissu, að bannaða hluti sé ekki að finna í farangrinum.

4.1.2.5 Þegar notaður er röntgenbúnaður eða búnaður til greiningar sprengiefnis skal vopnaleitarmaður skoða hverja mynd eða greina hverja mynd með sjálfvirkum greiningarhugbúnaði (e. *Auto Clear Software*, ACS).

4.1.2.6 Þegar notaður er röntgenbúnaður eða búnaður til greiningar sprengiefnis skal finna orsök allra viðvarana þannig að fullnægjandi sé að mati vopnaleitarmanns til að tryggja, með fullnægjandi vissu, að enginn bannaður hlutur sé hafður meðferðis inn á haftasvæði flugverndar eða um borð í loftfar.

4.1.2.7 Þegar notaður er röntgenbúnaður eða búnaður til greiningar sprengiefnis skal hver hlutur, sem vegna þéttleika síns dregur úr getu vopnaleitarmanns til að greina innihald handfarangursins, tekinn úr handfarangrinum. Taskan skal endurskimuð og hluturinn skimaður sérstaklega sem handfarangur.

4.1.2.8 Sérhver taska, sem inniheldur stórt raftæki, skal endurskimuð þegar raftækið hefur verið fjarlægt úr töskunni og skal það skimað sérstaklega nema handfarangurinn hafi verið skimaður með búnaði til greiningar sprengiefnis sem uppfyllir staðal C2 eða annan strangari.

4.1.2.9 Aðeins er heimilt að nota sprengjuleitarhunda og snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni sem viðbótarúrræði við skimun.

4.1.2.10 Hlutaðeigandi yfirvöldum er heimilt að skipta handfarangri í flokka sem, af hlutlægum ástæðum, skulu sæta sérstakri skimun eða kunna að vera undanþegnir henni. Framkvæmdastjórninni skal tilkynnt um flokkana.

4.1.2.11 Einstaklingar, sem nota röntgenbúnað eða búnað til greiningar sprengiefnis við skimun handfarangurs, skulu að jafnaði ekki rýna í myndir lengur en 20 mínútur samfellt. Að loknu hverju 20 mínútna tímabili skal vopnaleitarmaðurinn ekki rýna í myndir í a.m.k. 10 mínútur. Þessi krafa gildir einungis þegar flæði þeirra mynda sem þarf að rýna í er óslitið.

Stjórnandi skal bera ábyrgð á vopnaleitarmönnum, sem annast leit í handfarangri, til að tryggja bestu samsetningu hópsins, gæði starfsins, þjálfun, stuðning og mat.

4.1.2.12 Skimun handfarangurs fellur einnig undir viðbótarákvæðin sem mælt er fyrir um í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.

4.1.3 **Skimun vökva, úðaefna og gels**

4.1.3.1 Veita má vökva, úðaefni og geli, sem farþegar hafa meðferðis, undanþágu frá skimun með búnaði til greiningar sprengiefnis í fljótandi formi við komu inn á haftasvæði flugverndar í eftirfarandi tilvikum:

a) ef vökvinn, úðaefnið og gelið er í aðskildum ílátum, sem rúma að hámarki 100 ml, eða sambærilegt í gagnsæjum, endurlokanlegum plastpoka sem rúmar að hámarki einn lítra þannig að nægilegt rými sé fyrir innihald plastpokans og pokanum sé tryggilega lokað,

b) ef vökvanum, úðaefninu og gelinu er komið fyrir í sérstökum (e. *dedicated*) poka með innsigli, sem sýnir hvort lokun hans hafi verið rofin, þegar þau eru keypt á flugsvæði viðkomandi flugvallar,

c) ef vökvinn, úðaefnið og gelið, sem eru í poka með innsigli, sem sýnir hvort lokun hans hafi verið rofin, eru upprunnin frá öðrum flugvelli í Evrópusambandinu eða frá loftfari flugrekanda í Evrópusambandinu þar sem pokanum hefur verið lokað á ný með innsigli, sem sýnir hvort lokun hans hafi verið rofin, áður en farið er með pokann af haftasvæði flugverndar á flugvellinum,

d) ef vökvinn, úðaefnið og gelið eru skimuð á flugsvæði viðkomandi flugvallar með búnaði til greiningar sprengiefnis í fljótandi formi og síðan komið fyrir í sérstökum poka með innsigli sem sýnir hvort lokun hans hafi verið rofin.

Undanþágurnar, sem um getur í c- og d-lið, falla úr gildi 31. desember 2015.

4.1.3.2 Sérstakir pokar með innsigli, sem sýna hvort lokun þeirra hafi verið rofin, sem um getur í b- til d-lið í lið 4.1.3.1, skulu:

a) vera auðgreinanlegir sem pokar með innsigli, sem sýnir hvort lokun þeirra hafi verið rofin, sem notaðir eru á viðkomandi flugvelli,

b) innihalda sönnun um að vökvinn, úðaefnið eða gelið hafi verið keypt eða endurinnsiglað á viðkomandi flugvelli innan síðastliðinna þriggja klukkustunda og

c) falla undir viðbótarákvæðin sem mælt er fyrir um í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.

4.1.3.3 Skimun vökva, úðaefna og gels fellur einnig undir viðbótarákvæðin sem mælt er fyrir um í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.

4.2 VÖRN FARÞEGA OG HANDFARANGURS

Vörn farþega og handfarangurs skal falla undir ákvæðin sem mælt er fyrir um í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.

4.3 FARÞEGAR SEM KUNNA AÐ VALDA RÖSKUN

4.3.1 Lögbært yfirvald skal tilkynna flugrekanda fyrir fram og með skriflegum hætti ef ætlunin er að fara með farþega, sem kann að valda röskun, um borð í loftfar flugrekandans.

4.3.2 Tilkynningin skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:

a) persónuleg deili á einstaklingnum og kyn hans,

b) ástæðu fyrir flutningnum og

c) nafn og titil fylgdarmanna, ef svo ber undir, og

d) áhættumat, sem lögbært yfirvald framkvæmir, þ.m.t. ástæður fyrir fylgd eða engri fylgd,

e) fyrirfram ákveðið sætaval, ef þörf krefur, og

f) hvers eðlis fyrirliggjandi ferðaskilríki eru.

Flugrekandinn skal sjá til þess að flugstjórinn fái þessar upplýsingar áður en farþegarnir ganga um borð í loftfarið.

4.3.3 Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að einstaklingar í lögmætu varðhaldi séu ávallt í fylgd annarra.

4.4 BANNAÐIR HLUTIR

4.4.1 Farþegum er óheimilt að hafa meðferðis hluti, sem skráðir eru í fylgiskjali 4-C, inn á haftasvæði flugverndar eða um borð í loftfar.

4.4.2 Heimilt er að veita undanþágu frá lið 4.4.1, að því tilskildu:

a) að hlutaðeigandi yfirvald hafi veitt samþykki sitt fyrir því að hafa megi hlutinn meðferðis og

b) að flugrekandanum hafi verið tilkynnt um farþegann og hlutinn, sem farþeginn hefur meðferðis, áður en farþegarnir ganga um borð í loftfarið og

c) að gildandi öryggisreglum sé fylgt.

Ganga skal tryggilega frá þessum hlutum um borð í loftfarinu.

4.4.3 Flugrekandinn skal sjá til þess að farþegarnir séu upplýstir um bönnuðu hlutina, sem skráðir eru í fylgiskjali 4-C, áður en innritun er lokið.

FYLGISKJAL 4-A

KRÖFUR UM HANDLEIT

Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 er ítarlega mælt fyrir um handleit.

FYLGISKJAL 4-B

FARÞEGAR OG HANDFARANGUR

ÞRIÐJU LÖND SEM OG ÖNNUR LÖND OG YFIRRÁÐASVÆÐI, SEM VI. BÁLKUR Í ÞRIÐJA HLUTA SÁTTMÁLANS UM STARFSHÆTTI EVRÓPUSAMBANDSINS GILDIR EKKI UM, SKV. 355. GR. SÁTTMÁLANS, SEM VIÐURKENNT ER AÐ BEITI FLUGVERNDARKRÖFUM SEM JAFNGILDA SAMEIGINLEGUM GRUNNKRÖFUM.

Að því er varðar farþega og handfarangur er viðurkennt að eftirfarandi þriðju lönd sem og önnur lönd og yfirráðasvæði, sem VI. bálkur í þriðja hluta sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gildir ekki um, skv. 355. gr. þess sáttmála, beiti flugverndarkröfum sem viðurkennt er að jafngildi sameiginlegum grunnkröfum.

Bandaríkin

Færeyjar, að því er varðar flugvöllinn í Vogum

Grænland, að því er varðar Kangerlussuaq-flugvöll

Guernsey

Jersey

Eyjan Mön í Írlandshafi

Framkvæmdastjórnin skal tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi yfirvöldum aðildarríkjanna ef hún hefur upplýsingar sem benda til þess að flugverndarkröfur, sem hlutaðeigandi þriðja land eða annað land eða yfirráðasvæði beitir og hafa veruleg áhrif á almenna flugvernd í Sambandinu, séu ekki lengur jafngildar sameiginlegum grunnkröfum Sambandsins.

Tilkynna skal hlutaðeigandi yfirvöldum aðildarríkjanna tafarlaust ef framkvæmdastjórnin hefur upplýsingar um aðgerðir, þ.m.t. aðrar ráðstafanir, sem staðfesta að flugverndarkröfur, sem hlutaðeigandi þriðja land eða annað land eða yfirráðasvæði beitir, séu aftur orðnar jafngildar sameiginlegu grunnkröfunum.

FYLGISKJAL 4-C

FARÞEGAR OG HANDFARANGUR

SKRÁ YFIR BANNAÐA HLUTI

Með fyrirvara um gildandi öryggisreglur er farþegum óheimilt að hafa eftirfarandi hluti meðferðis inn á haftasvæði flugverndar og um borð í loftfar:

a) *byssur, skotvopn og önnur tæki sem skjóta skotum* — tæki sem unnt er að nota eða virðist vera unnt að nota til að valda alvarlegum áverkum með því að skjóta skotum, þ.m.t.:

— öll skotvopn, t.d. skammbyssur, marghleypur, riffla, haglabyssur,

— leikjabyssur, eftirlíkingar og eftirgerðir af skotvopnum sem líkjast alvöru vopnum,

— íhluti skotvopna, að undanskildu sjónaukasigti,

— þrýstiloftsbyssur og kolsýrubyssur, t.d. skammbyssur, lofthaglabyssur, loftriffla og kúlubyssur,

— merkibyssur og rásbyssur,

— boga, lásboga og örvar,

— skutulbyssur og spjótbyssur,

— slöngvur og teygjubyssur,

b) *tæki til að dasa* — tæki sem er hannað sérstaklega til að dasa fólk eða valda því að það geti ekki hreyft sig, þ.m.t.:

— tæki til að stuða, t.d. stuðbyssur, rafstuðbyssur og stuðkylfur,

— tæki til að deyfa eða aflífa dýr,

— íðefni, gös og úðaefni, sem lama eða gera menn óvirka, t.d. úðavopn, piparúða, táragas, sýruúða og úða til að fæla dýr,

c) *oddhvassa eða egghvassa hluti* — oddhvassa eða egghvassa hluti sem unnt er að nota til að valda alvarlegum áverka, þ.m.t.:

— hluti, sem eru ætlaðir til að höggva, t.d. axir, litlar handaxir og kjötaxir,

— ísaxir og stingi,

— rakblöð,

— dúkahnífa,

— hnífa með blöðum sem eru lengri en 6 cm,

— skæri með lengra en 6 cm blaði, mælt frá ásnum,

— búnað fyrir sjálfsvarnaríþróttir sem er oddhvass eða egghvass,

— sverð og sveðjur,

d) *verkfæri* — verkfæri sem unnt er að nota annaðhvort til að valda alvarlegum áverka eða til að ógna öryggi loftfars, þ.m.t.:

— kúbein,

— bora og borkrónur, þ.m.t. rafhlöðuknúnar handborvélar,

— verkfæri með blaði eða skafti, sem er lengra en 6 cm og unnt er að nota sem vopn, t.d. skrúfjárn og sporjárn,

— sagir, þ.m.t. rafhlöðuknúnar handvélsagir,

— blússlampa,

— bolta- og naglabyssur,

e) *bitlaus áhöld og tól* — hluti sem unnt er að nota til að valda alvarlegum áverkum þegar þeir eru notaðir til að berja með, þ.m.t.:

— hafnarboltakylfur,

— kylfur og stafi, t.d. vasakylfur, barefli og lögreglukylfur,

— búnað fyrir sjálfsvarnaríþróttir,

f) *sprengiefni og íkveikjuefni og -búnað*— sprengiefni og íkveikjuefni og –búnað sem unnt er að nota eða virðist vera unnt að nota til að valda alvarlegum áverkum eða til að ógna öryggi loftfars, þ.m.t.:

— skotfæri,

— sprengihettur,

— hvellhettur og sprengiþræði,

— eftirlíkingar eða eftirgerðir af sprengibúnaði,

— jarðsprengjur, handsprengjur og aðrar sprengifimar hernaðarbirgðir,

— skotelda og aðrar flugeldavörur,

— reykhylki og reykdósir,

— dínamít, byssupúður og plastsprengiefni.

5. **LESTARFARANGUR**

5.0 ALMENN ÁKVÆÐI

5.0.1 Yfirvöld, rekstraraðili flugvallar, flugrekandi eða eining, sem ber ábyrgð í samræmi við landsbundnu flugverndaráætlunina í almenningsflugi, sem um getur í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008, skal sjá til þess að þær ráðstafanir sem settar eru fram í þessum kafla komi til framkvæmda, nema annað sé tekið fram.

5.0.2 Í fylgiskjali 5-A eru skráð þau þriðju lönd sem teljast beita flugverndarkröfum sem eru jafngildar sameiginlegum grunnkröfum um lestarfarangur.

5.0.3 Lestarfarangur sem kemur frá aðildarríki, þar sem loftfarið var í gegnumferð eftir að hafa komið frá þriðja landi, sem er ekki skráð í fylgiskjali 5-A, telst vera lestarfarangur sem kemur frá þriðja landi nema fyrir liggi staðfesting þess efnis að þessi lestarfarangur hafi verið skimaður í því aðildarríki.

5.0.4 Í þessum kafla merkir „tryggilega frágenginn farangur“ skimaður lestarfarangur til brottfarar sem er varinn með áþreifanlegum hætti til að koma í veg fyrir að hlutum sé komið fyrir í honum.

5.0.5 Tilvísanir í þriðju lönd í þessum kafla og, ef við á, í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005, taka til annarra landa og yfirráðasvæða, sem VI. bálkur í þriðja hluta sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gildir ekki um, í samræmi við 355. gr. sáttmálans.

5.1 SKIMUN LESTARFARANGURS

5.1.1 Við skimun lestarfarangurs skulu eftirfarandi aðferðir notaðar, annaðhvort einar sér eða ásamt öðrum aðferðum:

a) handleit eða

b) röntgenbúnaður eða

c) búnaður til greiningar sprengiefnis eða

d) snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni eða

e) sprengjuleitarhundar.

Þegar vopnaleitarmaður getur ekki ákvarðað hvort lestarfarangur innihaldi bannaða hluti eða ekki skal lestarfarangrinum ekki hleypt í gegn eða hann endurskimaður þannig að fullnægjandi sé að mati vopnaleitarmanns.

5.1.2 Handleit skal samanstanda af ítarlegri, handvirkri skoðun farangurs, þ.m.t. allt innihald hans, í því skyni að tryggja, með fullnægjandi vissu, að bannaða hluti sé ekki að finna í farangrinum.

5.1.3 Þegar notaður er röntgenbúnaður eða búnaður til greiningar sprengiefnis skal hver hlutur, sem vegna þéttleika síns dregur úr getu vopnaleitarmanns til að greina innihald farangursins, skimaður með öðrum hætti.

5.1.4 Skimun með snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni skal samanstanda af greiningu sýna sem tekin eru úr innra og ytra byrði farangursins sem og úr innihaldi hans. Einnig getur verið að skoða þurfi innihaldið með handleit.

5.1.5 Hlutaðeigandi yfirvald má skipta lestarfarangi í flokka sem, af hlutlægum ástæðum, skal setja í sérstaka skimun eða má vera undanþeginn skimun. Framkvæmdastjórninni skal tilkynnt um flokkana.

5.1.6 Skimun lestarfarangurs fellur einnig undir viðbótarákvæðin sem mælt er fyrir um í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.

5.1.7 Einstaklingar, sem nota röntgenbúnað eða búnað til greiningar sprengiefnis við skimun lestarfarangurs, skulu að jafnaði ekki rýna í myndir lengur en 20 mínútur samfellt. Að loknu hverju 20 mínútna tímabili skal vopnaleitarmaðurinn ekki rýna í myndir í a.m.k. 10 mínútur. Þessi krafa gildir einungis þegar flæði þeirra mynda sem þarf að rýna í er óslitið.

Stjórnandi skal bera ábyrgð á vopnaleitarmönnum, sem annast leit í lestarfarangri, til að tryggja bestu samsetningu hópsins, gæði starfsins, þjálfun, stuðning og mat.

5.2 VÖRN LESTARFARANGURS

5.2.1 Ekki er heimilt að veita farþegum aðgang að lestarfarangri, sem hefur verið skimaður, nema það sé þeirra eigin farangur og þeir séu undir eftirliti til að tryggja:

a) að engum bönnuðum hlutum, sem skráðir eru í fylgiskjali 5-B, sé komið fyrir í lestarfarangrinum eða

b) að engir bannaðir hlutir, sem skráðir eru í fylgiskjali 4-C, séu fjarlægðir úr lestarfarangrinum og farið með þá inn á haftasvæði flugverndar eða um borð í loftfar.

5.2.2 Lestarfarangur, sem hefur ekki verið varinn gegn óheimilum aðgangi, skal endurskimaður.

5.2.3 Vörn lestarfarangurs fellur einnig undir viðbótarákvæðin sem mælt er fyrir um í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.

5.3 TENGSL MILLI FARANGURS OG FARÞEGA

5.3.1 **Auðkenning lestarfarangurs**

5.3.1.1 Þegar gengið er um borð skal flugrekandi sjá til þess að farþegi sýni gilt brottfararspjald eða sambærilegt sem samsvarar innrituðum lestarfarangri.

5.3.1.2 Flugrekandi skal tryggja að ferli liggi fyrir til að bera kennsl á lestarfarangur farþega sem gengu ekki um borð eða yfirgáfu loftfarið fyrir brottför.

5.3.1.3 Sé farþeginn ekki um borð í loftfarinu telst lestarfarangurinn, sem samsvarar brottfararspjaldi hans eða sambærilegu, ekki fylgja neinum farþega.

5.3.1.4 Flugrekandi skal sjá til þess að allur lestarfarangur, sem fylgir ekki farþega, sé auðgreinanlegur sem heimilaður fyrir flutninga í lofti.

5.3.2 *Þættir sem farþegar hafa ekki áhrif á*

5.3.2.1 Skrá skal ástæðu þess að farangur varð fylgdarlaus áður en hann er settur um borð í loftfar, nema flugverndarráðstafanir, eins og um getur í lið 5.3.3, hafi verið framkvæmdar.

5.3.2.2 Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 er mælt fyrir um fleiri ítarleg ákvæði um þætti sem farþegar hafa ekki áhrif á.

5.3.3 **Viðeigandi flugverndarráðstafanir fyrir lestarfarangur sem fylgir ekki farþega**

5.3.3.1 Skima skal lestarfarangur, sem fylgir ekki farþega og fellur ekki undir lið 5.3.2, með einni af aðferðunum, sem mælt er fyrir um í lið 5.1.1, og, ef við á, með því að beita viðbótarkröfunum sem mælt er fyrir um í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.

5.3.3.2 Lestarfarangur, sem er ekki í fylgd farþega sökum þátta annarra en þeirra sem um getur í lið 5.3.2.2, skal fjarlægður úr loftfarinu og hann endurskimaður áður en hann er settur um borð í loftfarið aftur.

5.3.3.3 Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 er mælt fyrir um fleiri ítarleg ákvæði um viðeigandi flugverndarráðstafanir vegna lestarfarangurs sem fylgir ekki farþega.

5.4 BANNAÐIR HLUTIR

5.4.1 Farþegum er óheimilt að hafa þá hluti sem skráðir eru í fylgiskjali 5-B í lestarfarangri sínum.

5.4.2 Heimilt er að veita undanþágu frá lið 5.4.1, að því tilskildu:

a) að hlutaðeigandi yfirvald setji eigin reglur, sem heimila flutning hlutarins, og

b) að gildandi öryggisreglum sé fylgt.

5.4.3 Farþegarnir skulu upplýstir um bönnuðu hlutina, sem skráðir eru í fylgiskjali 5-B, áður en innritun er lokið.

FYLGISKJAL 5-A

LESTARFARANGUR

ÞRIÐJU LÖND SEM OG ÖNNUR LÖND OG YFIRRÁÐASVÆÐI, SEM VI. BÁLKUR Í ÞRIÐJA HLUTA SÁTTMÁLANS UM STARFSHÆTTI EVRÓPUSAMBANDSINS GILDIR EKKI UM, SKV. 355. GR. SÁTTMÁLANS, SEM VIÐURKENNT ER AÐ BEITI FLUGVERNDARKRÖFUM SEM JAFNGILDA SAMEIGINLEGUM GRUNNKRÖFUM.

Að því er varðar lestarfarangur er viðurkennt að eftirfarandi þriðju lönd sem og önnur lönd og yfirráðasvæði, sem VI. bálkur í þriðja hluta sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gildir ekki um, skv. 355. gr. sáttmálans, beiti flugverndarkröfum sem viðurkennt er að jafngildi sameiginlegum grunnkröfum.

Bandaríkin

Færeyjar, að því er varðar flugvöllinn í Vogum

Grænland, að því er varðar Kangerlussuaq-flugvöll

Guernsey

Jersey

Eyjan Mön í Írlandshafi

Framkvæmdastjórnin skal tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi yfirvöldum aðildarríkjanna ef hún hefur upplýsingar sem benda til þess að flugverndarkröfur, sem hlutaðeigandi þriðja land eða annað land eða yfirráðasvæði beitir og hafa veruleg áhrif á almenna flugvernd í Sambandinu, séu ekki lengur jafngildar sameiginlegum grunnkröfum Sambandsins.

Tilkynna skal hlutaðeigandi yfirvöldum aðildarríkjanna tafarlaust ef framkvæmdastjórnin hefur upplýsingar um aðgerðir, þ.m.t. aðrar ráðstafanir, sem staðfesta að flugverndarkröfur, sem hlutaðeigandi þriðja land eða annað land eða yfirráðasvæði beitir, séu aftur orðnar jafngildar sameiginlegu grunnkröfunum.

FYLGISKJAL 5-B

LESTARFARANGUR

SKRÁ YFIR BANNAÐA HLUTI

Farþegum er óheimilt að vera með eftirfarandi hluti í lestarfarangri sínum:

sprengiefni og íkveikjuefni og -búnað — sprengiefni og íkveikjuefni og –búnað sem unnt er að nota til að valda alvarlegum áverkum eða til að ógna öryggi loftfars, þ.m.t.:

— skotfæri,

— sprengihettur,

— hvellhettur og sprengiþræði,

— jarðsprengjur, handsprengjur og aðrar sprengifimar hernaðarbirgðir,

— skotelda og aðrar flugeldavörur,

— reykhylki og reykdósir,

— dínamít, byssupúður og plastsprengiefni.

6. **FARMUR OG PÓSTUR**

6.0 ALMENN ÁKVÆÐI

6.0.1 Yfirvöld, rekstraraðili flugvallar, flugrekandi eða eining, eins og hún er skilgreind í þessum kafla, skal sjá til þess að þær ráðstafanir sem settar eru fram í þessum kafla komi til framkvæmda.

6.0.2 Litið skal á samsettan sprengi- og íkveikjubúnað, sem ekki er fluttur í samræmi við gildandi öryggisreglur, sem bannaðan hlut í farm- og póstsendingum.

6.0.3 Tilvísanir í þriðju lönd í þessum kafla og, ef við á, í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005, taka til annarra landa og yfirráðasvæða, sem VI. bálkur í þriðja hluta sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gildir ekki um, í samræmi við 355. gr. sáttmálans.

6.1 FLUGVERNDARRÁÐSTAFANIR — ALMENN ÁKVÆÐI

6.1.1 Viðurkenndur umboðsaðili skal skima allan farm og póst áður en hann er settur um borð í loftfar nema:

a) viðurkenndur umboðsaðili hafi viðhaft tilskildar flugverndarráðstafanir vegna sendingarinnar og sendingin hafi verið varin gegn óheimilum aðgangi frá því þessar flugverndarráðstafanir voru gerðar og þar til hún var sett um borð eða

b) þekktur sendandi hafi viðhaft tilskildar flugverndarráðstafanir vegna sendingarinnar og sendingin hafi verið varin gegn óheimilum aðgangi frá því þessar flugverndarráðstafanir voru gerðar og þar til hún var sett um borð eða

c) skráður sendandi hafi viðhaft tilskildar flugverndarráðstafanir vegna sendingarinnar og sendingin hafi verið varin gegn óheimilum aðgangi frá því þessar flugverndarráðstafanir voru gerðar og þar til hún var sett um borð og hún sé ekki sett um borð í farþegaloftfar eða

d) sendingin sé undanþegin skimun og hafi verið varin gegn óheimilum aðgangi frá því að hún varð auðgreinanlegur flugfarmur eða flugpóstur og þar til hún var sett um borð.

6.1.2 Sé ástæða til að ætla að vernd sendingar, sem hefur sætt flugverndarráðstöfunum, hafi verið rofin eða hún hafi ekki verið varin gegn óheimilum aðgangi frá því að þessar ráðstafanir voru gerðar skal viðurkenndur umboðsaðili skima hana aftur áður en hún er sett um borð í loftfar. Sendingar, þar sem vernd virðist hafi verið rofin að miklu leyti eða sem eru grunsamlegar að öðru leyti, skal meðhöndla sem farm eða póst sem mikil áhætta fylgir (HRCM) í samræmi við lið 6.7.

6.1.3 Einstaklingur sem hefur aðgang, án fylgdarmanns, að auðgreinanlegum flugfarmi eða flugpósti, sem hafa sætt tilskildum flugverndarráðstöfunum, verður annaðhvort að hafa gengist undir fullnægjandi athugun á bakgrunni eða athugun í aðdraganda ráðningar í samræmi við lið 11.1.

6.2 SKIMUN

6.2.1 **Skimun**

6.2.1.1 Þegar farmur eða póstur er skimaður:

a) skal nota þau úrræði eða þá aðferð sem er líklegust til að finna bannaða hluti, að teknu tilliti til þess hvers eðlis sendingin er og

b) skulu úrræðin eða aðferðin, sem er notuð, vera fullnægjandi til að tryggja, með fullnægjandi vissu, að engir bannaðir hlutir séu faldir í sendingunni.

6.2.1.2 Þegar vopnaleitarmaðurinn getur ekki verið nema hæfilega viss um að í sendingunni séu engir bannaðir hlutir skal sendingunni ekki hleypt í gegn eða hún endurskimuð þannig að fullnægjandi sé að mati vopnaleitarmanns.

6.2.1.3 Skimun farms og pósts fellur einnig undir viðbótarákvæðin sem mælt er fyrir um í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.

6.2.1.4 Einstaklingar, sem nota röntgenbúnað eða búnað til greiningar sprengiefnis við skimun á farmi, skulu að jafnaði ekki rýna í myndir lengur en 20 mínútur samfellt. Að loknu hverju 20 mínútna tímabili skal vopnaleitarmaðurinn ekki rýna í myndir í a.m.k. 10 mínútur. Þessi krafa gildir einungis þegar flæði þeirra mynda sem þarf að rýna í er óslitið.

6.2.1.5 Skima skal farm og póst með a.m.k. einni af eftirfarandi aðferðum í samræmi við fylgiskjal 6-J:

a) handleit,

b) röntgenbúnaði,

c) búnaði til greiningar sprengiefnis,

d) sprengjuleitarhundum,

e) snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni,

f) sjónrænni skoðun (MDE),

g) málmleitartæki.

Þegar vopnaleitarmaður getur ekki ákvarðað hvort farmur eða póstur innihaldi bannaða hluti eða ekki, er honum ekki hleypt í gegn eða hann endurskimaður þannig að fullnægjandi sé að mati vopnaleitarmanns.

6.2.1.6 Einungis má framkvæma aðrar viðeigandi flugverndarráðstafanir þegar ekki er mögulegt að beita einhverjum af þeim úrræðum eða aðferðum sem tilgreindar eru í lið 6.2.1.5, vegna þess hvers eðlis sendingin er, ef hlutaðeigandi yfirvald hefur samþykkt það og framkvæmdastjórninni hefur verið tilkynnt um það.

6.2.2 **Undanþágur frá skimun**

Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 er mælt fyrir um ákvæði um undanþágur frá skimun.

6.3 VIÐURKENNDIR UMBOÐSAÐILAR

6.3.1 **Samþykki viðurkenndra umboðsaðila**

6.3.1.1 Hlutaðeigandi yfirvald skal samþykkja viðurkennda umboðsaðila.

Samþykki sem viðurkenndur umboðsaðili skal gilda um tiltekna starfsstöð.

Sérhver eining sem hefur með höndum flugverndarráðstafanir, eins og um getur í lið 6.3.2, skal samþykkt sem viðurkenndur umboðsaðili. Þetta tekur til þriðju aðila, sem annast vöruferilsstjórnun og bera ábyrgð á samþættri vörugeymslu- og flutningaþjónustu, flugrekenda og afgreiðsluaðila.

Viðurkenndur umboðsaðili getur úthlutað einu eða fleiri af eftirfarandi verkum til undirverktaka:

a) öllum flugverndarráðstöfunum, sem um getur í lið 6.3.2, til annars viðurkennds umboðsaðila,

b) öllum flugverndarráðstöfunum, sem um getur í lið 6.3.2, til annarrar einingar þar sem gerðar eru ráðstafanir á starfsstöð viðurkennds umboðsaðila eða á flugvelli og ráðstafanirnar falla undir flugverndaráætlun viðurkennda umboðsaðilans eða flugvallarins,

c) öllum flugverndarráðstöfunum, sem um getur í lið 6.3.2, til annarrar einingar þar sem gerðar eru ráðstafanir annars staðar en á starfsstöð viðurkennds umboðsaðila eða á flugvelli og hlutaðeigandi yfirvald hefur vottað eða samþykkt eininguna og skráð hana á lista til að veita þessa þjónustu

d) vörn og flutning á vörusendingum til flutningafyrirtækis sem uppfyllir kröfurnar í lið 6.6.

6.3.1.2 Eftirfarandi verklagsregla skal gilda um samþykki fyrir viðurkennda umboðsaðila:

a) Umsækjandi skal sækja um samþykki hjá hlutaðeigandi yfirvaldi þess aðildarríkis sem starfsstöðvarnar, sem tilteknar eru í umsókninni, eru staðsettar í.

Umsækjandinn skal leggja flugverndaráætlun fyrir hlutaðeigandi yfirvald. Í þeirri áætlun skal lýsa þeim aðferðum og verklagsreglum sem umboðsaðilinn á að fylgja til að fara að kröfum reglugerðar (EB) nr. 300/2008 og framkvæmdargerða hennar. Í áætluninni skal einnig lýst hvernig umboðsaðilinn skuli hafa eftirlit með því að þessum aðferðum og verklagsreglum sé fylgt. Flugverndaráætlun flugrekanda, þar sem lýst er þeim aðferðum og verklagsreglum sem flugrekandinn á að fylgja til að fara að kröfum reglugerðar (EB) nr. 300/2008 og framkvæmdargerða hennar, telst uppfylla kröfuna um flugverndaráætlun viðurkennds umboðsaðila.

Umsækjandinn skal einnig leggja fram „yfirlýsingu um skuldbindingar — viðurkenndur umboðsaðili“ sem er að finna í fylgiskjali 6-A. Yfirlýsingin skal undirrituð af lagalegum fyrirsvarsmanni umsækjanda eða af einstaklingi sem ber ábyrgð á verndinni.

Hlutaðeigandi yfirvald skal geyma undirrituðu yfirlýsinguna.

b) Hlutaðeigandi yfirvald eða ESB-matsmaður flugverndar fyrir hönd þess, skal rannsaka flugverndaráætlunina og síðan framkvæma sannprófun á tilteknum starfsstöðvum til að meta hvort umsækjandinn fari að kröfum reglugerðar (EB) nr. 300/2008 og framkvæmdargerða hennar.

Líta skal svo á að rannsókn hlutaðeigandi tollyfirvalda á starfsstöð umsækjanda, í samræmi við 14. gr. n í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2454/93 ([6]), sé sannprófun á starfsstöð ef hún fór fram í fyrsta lagi þremur árum fyrir þann dag sem umsækjandinn óskar eftir samþykki sem viðurkenndur umboðsaðili, nema að því er varðar kröfurnar sem mælt er fyrir um í lið 6.2. Umsækjandi skal gera skírteini fyrir viðurkenndan rekstraraðila og viðeigandi mat tollyfirvalda aðgengilegt til frekari skoðunar.

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2454/93 frá 2. júlí 1993 um ákvæði til framkvæmdar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2913/92 um tollalög Bandalagsins (Stjtið. EB L 253, 11.10.1993, bls. 1).

c) Ef hlutaðeigandi yfirvald telur að upplýsingarnar, sem kveðið er á um í a- og b-lið, séu fullnægjandi skal það tryggja að nauðsynlegar upplýsingar um umboðsaðilann séu færðar í „gagnagrunn Sambandsins um verndaða aðfangakeðju“ eigi síðar en næsta virka dag. Við færsluna í gagnagrunninn skal hlutaðeigandi yfirvald úthluta samþykktri starfsstöð einstöku alstafakennimerki á stöðluðu sniði.

Ef hlutaðeigandi yfirvald telur upplýsingarnar, sem kveðið er á um í a- og b-lið, ekki fullnægjandi skal einingin, sem sækir um samþykki sem viðurkenndur umboðsaðili, tafarlaust fá tilkynningu um ástæður þess.

d) Viðurkenndur umboðsaðili telst ekki samþykktur fyrr en upplýsingarnar um hann hafa verið skráðar í „gagnagrunn Sambandsins um verndaða aðfangakeðju“.

6.3.1.3 Viðurkenndur umboðsaðili skal útnefna a.m.k. einn einstakling á hverri starfsstöð sem ber ábyrgð á framkvæmd flugverndaráætlunarinnar sem lögð var fram. Þessi einstaklingur skal hafa gengist undir fullnægjandi athugun á bakgrunni í samræmi við lið 11.1.

6.3.1.4 Viðurkenndur umboðsaðili skal endurmetinn með reglulegu millibili og eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Þetta felur í sér sannprófun á starfsstöð viðurkennds umboðsaðila í því skyni að meta hvort hann fari enn að kröfum reglugerðar (EB) nr. 300/2008 og framkvæmdargerða hennar.

Skoðun hlutaðeigandi yfirvalds á athafnasvæði viðurkennda umboðsaðilans, í samræmi við landsbundna gæðastjórnunaráætlun, telst vera sannprófun á starfsstöð, að því tilskildu að skoðunin nái yfir allar nauðsynlegar kröfur um samþykki.

Líta skal svo á að rannsókn viðkomandi tollyfirvalda á starfsstöð viðurkennda umboðsaðilans, í samræmi við 14. gr. n í reglugerð (EBE) nr. 2454/93, sé sannprófun á starfsstöð, nema að því er varðar kröfurnar sem mælt er fyrir um í lið 6.2.

6.3.1.5 Ef hlutaðeigandi yfirvald telur að viðurkenndi umboðsaðilinn fari ekki lengur að kröfum reglugerðar (EB) nr. 300/2008 og framkvæmdargerða hennar skal það svipta hinn viðurkennda umboðsaðila stöðu sinni að því er varðar tiltekna starfsstöð eða tilteknar starfsstöðvar.

Ef eining er ekki lengur handhafi skírteinis fyrir viðurkenndan rekstraraðila, sem um getur í b- eða c-lið 1. mgr. 14. gr. a í reglugerð (EBE) nr. 2454/93, eða ef skírteini fyrir viðurkenndan rekstraraðila hefur verið fellt tímabundið úr gildi, vegna þess að ákvæði 14. gr. k í þeirri reglugerð hafa ekki verið uppfyllt, skal hlutaðeigandi yfirvald grípa til viðeigandi aðgerða til að ganga úr skugga um að viðurkenndi umboðsaðilinn uppfylli kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 300/2008.

Einingin skal upplýsa hlutaðeigandi yfirvald um allar breytingar á skírteini sínu fyrir viðurkenndan rekstraraðila sem um getur í b- eða c-lið 1. mgr. 14. gr. a í reglugerð (EBE) nr. 2454/93.

Hlutaðeigandi yfirvald skal sjá til þess að um leið og viðurkenndur umboðsaðili hefur verið sviptur stöðu sinni og, í öllum tilvikum innan 24 klukkustunda, sé breyting á stöðu hans tilgreind í „gagnagrunni Sambandsins um verndaða aðfangakeðju“.

6.3.1.6 Með fyrirvara um rétt hvers aðildarríkis til að gera strangari kröfur, í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008, skal viðurkenndur umboðsaðili, sem er samþykktur í samræmi við lið 6.3 í þessum viðauka, viðurkenndur í öllum aðildarríkjunum.

6.3.1.7 Kröfurnar í lið 6.3.1, að undanskildum kröfum d-liðar í lið 6.3.1.2, gilda ekki þegar samþykkja á hlutaðeigandi yfirvald sem viðurkenndan umboðsaðila.

6.3.1.8 Hlutaðeigandi yfirvald skal veita tollyfirvöldum allar upplýsingar, sem tengjast stöðu viðurkennds umboðsaðila og sem gætu skipt máli í tengslum við það að viðurkenndur rekstraraðili sé handhafi skírteinis eins og um getur í b- eða c-lið 1. mgr. 14. gr. a í reglugerð (EBE) nr. 2454/93. Það felur m.a. í sér upplýsingar er varða ný samþykki viðurkenndra umboðsaðila, afturköllun á stöðu viðurkennds umboðsaðila, endurfullgildingu og eftirlit, sannprófunaráætlanir og niðurstöður úr þessu mati.

Hlutaðeigandi yfirvöld og landsbundin tollyfirvöld skulu ákveða fyrirkomulagið um þessi upplýsingaskipti í sameiningu.

6.3.2 **Flugverndarráðstafanir sem viðurkenndur umboðsaðili á að framkvæma**

6.3.2.1 Þegar viðurkenndur umboðsaðili tekur á móti sendingu skal hann staðfesta að einingin, sem sendi hana, sé viðurkenndur umboðsaðili, þekktur sendandi, skráður sendandi eða enginn þessara.

6.3.2.2 Sá sem afhendir viðurkennda umboðsaðilanum eða flugrekandanum sendinguna skal framvísa skilríki, vegabréfi, ökuskírteini eða öðru skjali, með ljósmynd sem landsyfirvald hefur gefið út eða viðurkennt. Skilríkið eða skjalið skal notað til að staðfesta deili á þeim sem afhendir sendingarnar.

6.3.2.3 Viðurkenndur umboðsaðili skal sjá til þess að sendingar, sem ekki hafa sætt tilskildum flugverndarráðstöfunum, séu:

a) skimaðar í samræmi við lið 6.2 eða

b) teknar í geymslu alfarið á ábyrgð viðurkennda umboðsaðilans, án þess að unnt sé að auðgreina þær sem sendingar sem flytja á með flugi áður en val á þeim fer fram og sem valdar eru einhliða, án íhlutunar sendanda eða annarra einstaklinga eða eininga, annarra en þeirra sem viðurkenndur umboðsaðili hefur tilnefnt og þjálfað í þeim tilgangi.

Aðeins má beita ákvæði b-liðar ef sendandi getur ekki séð fyrir hvort flytja eigi sendinguna flugleiðis.

6.3.2.4 Þegar flugverndarráðstafanirnar, sem um getur í liðum 6.3.2.1–6.3.2.3 þessarar reglugerðar og lið 6.3 í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005, hafa verið framkvæmdar skal viðurkenndur umboðsaðili sjá til þess:

a) að aðgangur að þessum sendingum án fylgdar sé takmarkaður við starfsmenn með aðgangsheimild og

b) að þessar sendingar séu varðar gegn óheimilum aðgangi þar til þær hafa verið afhentar öðrum viðurkenndum umboðsaðila eða flugrekanda. Farm- og póstsendingar, sem eru á viðkvæmasta hluta haftasvæðis flugverndar, teljast varðar gegn óheimilum aðgangi. Farm- og póstsendingar, sem eru á öðrum svæðum en viðkvæmasta hluta haftasvæðis flugverndar, skulu staðsettar á aðgangsstýrðum hlutum athafnasvæðis viðurkennda umboðsaðilans en þegar þær eru staðsettar utan slíkra svæða teljast þær varðar gegn óheimilum aðgangi ef:

— þær eru varðar með áþreifanlegum hætti til að koma í veg fyrir að bönnuðum hlutum sé komið fyrir í þeim eða

— þær eru ekki skildar eftir eftirlitslausar og aðgangur að þeim takmarkast við starfsfólk sem tekur þátt í að verja og meðhöndla farm.

6.3.2.5 Þegar flugverndarráðstafanirnar, sem um getur í liðum 6.3.2.1–6.3.2.4, hafa verið framkvæmdar skal viðurkenndur umboðsaðili sjá til þess að öllum sendingum, sem flugrekandi eða annar viðurkenndur umboðsaðili fær í hendur, fylgi viðeigandi gögn, annaðhvort flugfarmbréf eða sérstök yfirlýsing og annaðhvort á rafrænu formi eða skriflega.

6.3.2.6 Hlutaðeigandi yfirvald skal geta skoðað gögnin, sem um getur í lið 6.3.2.5, hvenær sem er, áður en sendingin fer um borð í loftfar og, eftir það, meðan á fluginu stendur eða í 24 klukkustundir, hvort sem varir lengur, og skulu allar eftirfarandi upplýsingar koma fram:

a) einstakt alstafakennimerki viðurkennds umboðsaðila, sem hann hefur fengið frá hlutaðeigandi yfirvaldi,

b) einstakt kennimerki sendingarinnar, t.d. númer á flugfarmbréfi (aðalflugfarmbréfi (e. *master air waybill*) eða grunnflugfarmbréfi (e. *house air waybill*)),

c) innihald sendingarinnar, nema þeirra sendinga sem skráðar eru í d- og e-lið liðar 6.2.1 í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005,

d) staða flugverndar fyrir sendinguna, þar sem:

— „SPX“ þýðir að sendingin telst örugg fyrir flutning með farþega-, vöru- og póstloftfari eða

— „SCO“ þýðir að sendingin er aðeins örugg fyrir flutning með vöru- og póstloftfari eða

— „SHR“ þýðir að sendingin telst örugg fyrir flutning með farþega-, vöru- og póstloftfari samkvæmt kröfum um farm sem mikil áhætta fyrir,

e) ástæða þess að staða flugverndar var gefin út, þar sem:

— „KC“ þýðir að sendingin er móttekin frá þekktum sendanda eða

— „AC“ þýðir að sendingin er móttekin frá skráðum sendanda eða

— „RA“ þýðir að viðurkenndur umboðsaðili valdi sendinguna eða

— gefið er upp hvaða úrræði eða aðferð er notuð við skimun eða

— gefnar eru upp ástæður þess að sendingunni er veitt undanþága frá skimun,

f) nafn þess sem gaf út stöðu flugverndar eða sambærileg skilríki, svo og dagsetning og tímasetning útgáfu,

g) einstakt kennimerki, sem hlutaðeigandi yfirvald úthlutar, allra viðurkenndra umboðsaðila sem hafa samþykkt stöðu flugverndar sem annar viðurkenndur umboðsaðili hefur gefið tiltekinni sendingu.

Viðurkenndum umboðsaðila, sem hefur milligöngu um að koma sendingum til annars viðurkennds umboðsaðila eða flugrekanda, er einnig heimilt að ákveða að senda einungis upplýsingarnar, sem krafist er samkvæmt a- til e-lið og g-lið, og að halda eftir upplýsingunum, sem krafist er samkvæmt f-lið, meðan á flugi stendur eða í 24 klukkustundir, hvort sem varir lengur.

6.3.2.7 Þegar um er að ræða safnsendingar teljast kröfurnar í liðum 6.3.2.5 og 6.3.2.6 uppfylltar:

a) ef viðurkenndi umboðsaðilinn, sem annast safnsendinguna, geymir upplýsingarnar, sem gerð er krafa um samkvæmt a- til g-lið liðar 6.3.2.6, um hverja sendingu fyrir sig meðan á flugi stendur eða í 24 klukkustundir, hvort sem varir lengur, og

b) ef gögnin, sem fylgja safnsendingunni, hafa að geyma alstafakennimerki viðurkennda umboðsaðilans, sem annaðist safnsendinguna, einstakt kennimerki safnsendingarinnar og flugverndarstöðu hennar.

Ekki skal gera kröfu um að ákvæði a-liðar séu uppfyllt að því er varðar safnsendingar, sem ávallt skulu skimaðar eða eru undanþegnar skimum í samræmi við d- og e-lið liðar 6.2.1 í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005, ef viðurkenndi umboðsaðilinn gefur safnsendingunni einstakt kennimerki og tilgreinir flugverndarstöðu hennar sem og eina ástæðu þess að sú flugverndarstaða var gefin út.

6.3.2.8 Þegar viðurkenndur umboðsaðili tekur á móti sendingum, sem hafa ekki sætt tilskildum flugverndarráðstöfunum, getur hann líka valið að framkvæma ekki flugverndarráðstafanirnar, sem um getur í lið 6.3.2, heldur afhenda öðrum viðurkenndum umboðsaðila sendinguna til að tryggja að flugverndarráðstafanir séu gerðar.

6.3.2.9 Viðurkenndur umboðsaðili skal tryggja að allt starfsfólk, sem framkvæmir flugverndarráðstafanir, sé ráðið og þjálfað í samræmi við kröfurnar í 11. kafla og að allt starfsfólk, sem hefur aðgang að auðgreinanlegum flugfarmi eða flugpósti, sem sætt hefur tilskildum flugverndarráðstöfunum, sé ráðið og þjálfað í flugverndarvitund í samræmi við kröfurnar í 11. kafla.

Flugverndarráðstafanir, sem viðurkenndur umboðsaðili á að framkvæma, falla einnig undir viðbótarákvæðin sem mælt er fyrir um í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.

6.4 ÞEKKTIR SENDENDUR

6.4.1 **Samþykki þekktra sendenda**

6.4.1.1 Hlutaðeigandi yfirvald skal samþykkja þekkta sendendur.

Samþykki fyrir þekktan sendanda skal gilda um tiltekna starfsstöð.

6.4.1.2 Eftirfarandi verklagsreglur gilda um samþykki fyrir þekkta sendendur:

a) umsækjandi skal sækja um samþykki hjá hlutaðeigandi yfirvaldi þess aðildarríkis þar sem starfsstöðin er staðsett;

umsækjandinn skal fá „leiðbeiningar fyrir þekkta sendendur“, sem er að finna í fylgiskjali 6-B og „gátlistann um fullgildingu fyrir þekkta sendendur“ í fylgiskjali 6-C,

b) hlutaðeigandi yfirvald eða ESB-matsmaður flugverndar, fyrir hönd þess, skal framkvæma sannprófun á tilteknum starfsstöðvum til að meta hvort umsækjandi fari að kröfum reglugerðar (EB) nr. 300/2008 og framkvæmdargerða hennar.

Til að meta hvort umsækjandinn fari að þessum kröfum skal hlutaðeigandi yfirvald eða ESB-matsmaður flugverndar, fyrir hönd þess, nota „gátlistann um fullgildingu fyrir þekktra sendendur“ sem er að finna í fylgiskjali 6-C. Á þessum gátlista er að finna yfirlýsingu um skuldbindingar, sem lagalegur fyrirsvarsmaður umsækjanda eða sá sem ber ábyrgð á verndinni á starfsstöðinni, á að skrifa undir.

Þegar lokið hefur verið við að semja gátlistann um fullgildingu skulu upplýsingarnar á gátlistanum flokkaðar sem trúnaðarupplýsingar;

undirritaða yfirlýsingin skal annaðhvort geymd hjá hlutaðeigandi yfirvaldi eða hjá ESB-matsmanni flugverndar og skal hún vera aðgengileg hlutaðeigandi yfirvaldi, óski það eftir því,

c) líta skal svo á að rannsókn hlutaðeigandi tollyfirvalda á starfsstöð umsækjanda, í samræmi við 14. gr. n í reglugerð (EBE) nr. 2454/93, sé sannprófun á starfsstöð ef hún fór fram í fyrsta lagi þremur árum fyrir þann dag sem umsækjandinn óskar eftir samþykki sem þekktur sendandi. Í þessum tilvikum skal umsækjandinn fylla út upplýsingarnar, sem krafist er í fyrsta hluta „gátlistans um fullgildingu fyrir þekkta sendendur“, sem er að finna í fylgiskjali 6-C, og senda hann til hlutaðeigandi yfirvalds ásamt yfirlýsingu um skuldbindingar sem lagalegur fyrirsvarsmaður umsækjandans eða sá sem ber ábyrgð á verndinni á starfsstöðinni skal skrifa undir.

Umsækjandi skal gera skírteini fyrir viðurkenndan rekstraraðila og viðeigandi mat tollyfirvalda aðgengilegt til frekari skoðunar.

Undirritaða yfirlýsingin skal annaðhvort geymd hjá hlutaðeigandi yfirvaldi eða hjá ESB-matsmanni flugverndar og skal hún vera aðgengileg hlutaðeigandi yfirvaldi, óski það eftir því,

d) ef hlutaðeigandi yfirvald telur að upplýsingarnar, sem kveðið er á um í a- og b-lið eða a- og c- lið, eftir því sem við á, séu fullnægjandi skal það tryggja að nauðsynlegar upplýsingar um sendandann séu færðar í „gagnagrunn Sambandsins um verndaða aðfangakeðju“ eigi síðar en næsta virka dag. Við færsluna í gagnagrunninn skal hlutaðeigandi yfirvald úthluta hverri samþykktri starfsstöð einstöku alstafakennimerki á stöðluðu sniði.

Ef hlutaðeigandi yfirvald telur að upplýsingarnar, sem kveðið er á um í a- og b-lið eða a- og c-lið, eftir því sem við á, séu ófullnægjandi skal tafarlaust greina einingunni, sem sækir um samþykki sem þekktur sendandi, frá ástæðum þess,

e) þekktur sendandi telst ekki samþykktur fyrr en upplýsingarnar um hann hafa verið skráðar í „gagnagrunn Sambandsins um verndaða aðfangakeðju“.

6.4.1.3 Þekktur sendandi skal útnefna a.m.k. einn einstakling á hverri starfsstöð sem ber ábyrgð á því að beita og hafa yfirumsjón með framkvæmd flugverndarráðstafana á þeirri starfsstöð. Þessi einstaklingur skal hafa gengist undir fullnægjandi athugun á bakgrunni í samræmi við lið 11.1.

6.4.1.4 Þekktur sendandi skal endurmetinn með reglulegu millibili og eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Þetta felur í sér sannprófun á starfsstöð þekkts sendanda í því skyni að meta hvort hann fari enn að kröfum reglugerðar (EB) nr. 300/2008 og framkvæmdargerða hennar.

Þegar hlutaðeigandi yfirvald annast skoðun á starfsstöð þekkts sendanda í samræmi við landsbundna gæðastjórnunaráætlun telst það sannprófun á starfsstöð, að því tilskildu að skoðunin taki til allra þeirra sviða sem tiltekin eru í gátlistanum í fylgiskjali 6-C.

Líta skal svo á að rannsókn viðkomandi tollyfirvalda á starfsstöð þekkta sendandans, í samræmi við 14. gr. n í reglugerð (EBE) nr. 2454/93, sé sannprófun á starfsstöð.

6.4.1.5 Ef hlutaðeigandi yfirvald telur að þekkti sendandinn fari ekki lengur að kröfum reglugerðar (EB) nr. 300/2008 og framkvæmdargerða hennar skal það svipta hinn þekkta sendanda stöðu sinni að því er varðar tiltekna starfsstöð eða tilteknar starfsstöðvar.

Ef eining er ekki lengur handhafi skírteinis fyrir viðurkenndan rekstraraðila, sem um getur í b- eða c-lið 1. mgr. 14. gr. a í reglugerð (EBE) nr. 2454/93, eða ef skírteini fyrir viðurkenndan rekstraraðila hefur verið fellt tímabundið úr gildi vegna þess að ákvæði 14. gr. k í þeirri reglugerð hafa ekki verið uppfyllt, skal hlutaðeigandi yfirvald grípa til viðeigandi aðgerða til að ganga úr skugga um að þekkti sendandinn uppfylli kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 300/2008.

Einingin skal upplýsa hlutaðeigandi yfirvald um allar breytingar á skírteini sínu fyrir viðurkenndan rekstraraðila sem um getur í b- eða c-lið 1. mgr. 14. gr. a í reglugerð (EBE) nr. 2454/93.

Hlutaðeigandi yfirvald skal sjá til þess að um leið og sendandinn hefur verið sviptur stöðu sinni og í öllum tilvikum innan 24 klukkustunda sé breyting á stöðu hans tilgreind í „gagnagrunni Sambandsins um verndaða aðfangakeðju“.

6.4.1.6 Með fyrirvara um rétt hvers aðildarríkis til að gera strangari kröfur, í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008, skal þekktur sendandi, sem er samþykktur í samræmi við lið 6.4 í þessum viðauka, viðurkenndur í öllum aðildarríkjunum.

Þekktir sendendur, sem samþykktir eru í samræmi við d-lið liðar 6.4.1.2 í þessum viðauka, heyra einnig undir viðbótarákvæðið sem mælt er fyrir um í lið 6.4 í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.

6.4.1.7 Hlutaðeigandi yfirvald skal veita tollyfirvöldum aðgang að öllum upplýsingum, sem tengjast stöðu þekkts sendanda og sem gætu skipt máli í tengslum við það að viðurkenndur rekstraraðili sé handhafi skírteinis, eins og um getur í b- eða c-lið 1. mgr. 14. gr. a í reglugerð (EBE) nr. 2454/93. Það felur m.a. í sér upplýsingar um ný samþykki á þekktum sendendum, afturköllun á stöðu þekkts sendanda, endurfullgildingu og eftirlit, áætlanir fyrir sannprófun og útkomu úr slíku mati.

Hlutaðeigandi yfirvöld og landsbundin tollyfirvöld skulu ákveða fyrirkomulag þessa upplýsingaskipta í sameiningu.

6.4.2 **Flugverndarráðstafanir sem þekktur sendandi á að framkvæma**

6.4.2.1 Þekktur sendandi skal sjá til þess:

a) að á starfsstöðinni eða á athafnasvæðinu sé nægileg vernd til að verja auðgreinanlegan flugfarm og flugpóst frá óheimilum aðgangi og

b) að allt starfsfólk, sem framkvæmir flugverndarráðstafanir, sé ráðið og þjálfað í samræmi við kröfurnar í 11. kafla, og að allt starfsfólk, sem hefur aðgang að auðgreinanlegum flugfarmi eða flugpósti, sem hefur sætt tilskildum flugverndarráðstöfunum, hafi verið ráðið og þjálfað í flugverndarvitund í samræmi við kröfurnar í 11. kafla og

c) að auðgreinanlegur flugfarmur og flugpóstur sé varinn gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að vernd hans sé rofin meðan á framleiðslu, pökkun, geymslu, sendingu og/eða flutningi stendur.

Ef ekki hafa verið viðhafðar flugverndarráðstafanir vegna sendingar, af einhverjum ástæðum, eða ef sendingin er ekki upprunnin frá þekkta sendandanum skal þekkti sendandinn taka það skýrt fram við viðurkennda umboðsaðilann svo hægt sé að beita lið 6.3.2.3.

6.4.2.2 Þekkti sendandinn skal samþykkja að sendingar, sem hafa ekki sætt flugverndarráðstöfunum, séu skimaðar í samræmi við lið 6.2.1.

6.5 SKRÁÐIR SENDENDUR

6.5.1 Viðurkenndur umboðsmaður skal tilnefna skráða sendendur.

6.5.2 Til að verða tilnefndur sem skráður sendandi gilda eftirfarandi verklagsreglur:

a) viðurkenndi umboðsaðilinn skal sjá einingunni fyrir „leiðbeiningum um flugvernd fyrir skráða sendendur“ og „yfirlýsingu um skuldbindingar — skráður sendandi“ sem finna má í fylgiskjali 6-D; viðurkenndur umboðsaðili skal fá þessar leiðbeiningar og þessa yfirlýsingu frá hlutaðeigandi yfirvaldi þess aðildarríkis þar sem starfsstöðin er staðsett,

b) einingin skal leggja fram undirritaða „yfirlýsingu um skuldbindingar — skráður sendandi“ sem finna má í fylgiskjali 6-D til handa viðurkennda umboðsaðilanum nema einingin sé handhafi skírteinis fyrir viðurkenndan rekstraraðila sem um getur í b- eða c-lið 1. mgr. 14. gr. a í reglugerð (EBE) nr. 2454/93.

Einingin skal einnig tilnefna a.m.k. einn einstakling, sem skal vera ábyrgur fyrir vernd athafnasvæðis hennar, og láta viðurkennda umboðsaðilanum í té nafn og tengiliðaupplýsingar þessa einstaklings.

Viðurkenndi umboðsaðilinn skal geyma undirrituðu yfirlýsinguna, þar sem við á, og skal hún vera aðgengileg hlutaðeigandi yfirvaldi, óski það eftir því;

ef vikið hefur verið frá kröfunni um að ljúka við yfirlýsingu um skuldbindingar, á grundvelli skírteinis fyrir viðurkennda rekstraraðila, skal skráður sendandi tafarlaust tilkynna viðurkennda umboðsaðilanum ef hann er ekki lengur handhafi slíks skírteinis,

c) viðurkenndi umboðsaðilinn skal fullgilda upplýsingarnar með því að taka saman eftirfarandi atriði um væntanlegan, skráðan sendanda:

— upplýsingar um fyrirtækið, þ.m.t. áreiðanlegt heimilisfang fyrirtækisins,

— hvers eðlis fyrirtækið er,

— tengiliðaupplýsingar, þ.m.t. tengiliðaupplýsingar einstaklings eða einstaklinga sem bera ábyrgð á flugvernd,

— virðisaukaskattsnúmer eða skráningarnúmer fyrirtækisins og

— númer skírteinisins fyrir viðurkenndan rekstraraðila, ef undanþágunni í b-lið liðar 6.5.2 er beitt,

d) ef viðurkenndi umboðsaðilinn telur að upplýsingarnar, sem kveðið er á um í b- og c-lið, séu fullnægjandi er viðurkennda umboðsaðilanum heimilt að tilnefna eininguna sem skráðan sendanda.

6.5.3 Viðurkenndi umboðsaðilinn skal halda gagnagrunn með upplýsingunum sem um getur í c-lið liðar 6.5.2. Gagnagrunnurinn skal vera tiltækur til skoðunar fyrir hlutaðeigandi yfirvald.

6.5.4 Ef engin starfsemi er af hálfu skráða sendandans, að því er varðar flugfarm eða flugpóst á tveggja ára tímabili, fellur staða hans, sem skráður sendandi, úr gildi.

6.5.5 Ef hlutaðeigandi yfirvald eða viðurkenndi umboðsaðilinn telur að skráður sendandi fari ekki lengur að þeim fyrirmælum sem er að finna í fylgiskjali 6-D skal viðurkenndi umboðsaðilinn tafarlaust svipta hinn skráða sendanda stöðu sinni.

6.5.6 Ef ekki hafa verið viðhafðar flugverndarráðstafanir vegna sendingar, af einhverjum ástæðum, sem tiltekið er í „leiðbeiningum um flugvernd fyrir skráða sendendur“, eða ef sendingin er ekki upprunnin hjá skráða sendandanum skal skráði sendandinn taka það skýrt fram við viðurkennda umboðsaðilann svo hægt sé að beita lið 6.3.2.3.

6.6 VÖRN FARMS OG PÓSTS

6.6.1 **Vörn farms og pósts meðan á flutningi stendur**

6.6.1.1 Svo tryggja megi að sendingar, sem sætt hafa tilskildum flugverndarráðstöfunum, séu varðar gegn óheimilum aðgangi meðan á flutningi stendur:

a) skulu viðurkenndur umboðsaðili, þekktur sendandi eða skráður sendandi sjá um að pakka sendingum eða loka þeim með innsiglum þannig að það sjáist greinilega hafi þau verið rofin; verði þessu ekki við komið skal grípa til annarra verndarráðstafana til að tryggja að heilleika sendingarinnar og

b) skal farmrými ökutækisins, sem flytja á sendingarnar í, vera læst eða innsiglað, segldúkur í hliðum ökutækja skal festur tryggilega með TIR-vírum til að tryggja að það sjáist greinilega hvort vernd hafi verið rofin eða hleðslurými ökutækja með flötum palli skal vera undir eftirliti og

c) skal yfirlýsing flutningafyrirtækis, sem finna má í fylgiskjali 6-E, hljóta samþykki flutningafyrirtækisins, sem hefur gert samkomulag um flutninga við viðurkennda umboðsaðilann, þekkta sendandann eða skráða sendandann, nema flutningafyrirtækið sé sjálft samþykkt sem viðurkenndur umboðsaðili.

Viðurkenndi umboðsaðilinn, þekkti sendandinn eða skráði sendandinn, sem flutningsaðilinn annast flutning fyrir, skal geyma undirrituðu yfirlýsinguna. Sé óskað eftir því skal afrit af undirrituðu yfirlýsingunni vera aðgengilegt viðurkennda umboðsaðilanum eða flugrekandanum, sem tekur við sendingunni, eða hlutaðeigandi yfirvaldi.

Í staðinn fyrir c-lið getur flutningafyrirtækið veitt viðurkennda umboðsaðilanum, þekkta sendandanum eða skráða sendandanum, sem það annast flutning fyrir, sönnun þess efnis að hlutaðeigandi yfirvald hafi vottað eða samþykkt það.

Þessi sönnun skal taka til þeirra krafna sem er að finna í fylgiskjali 6-E og skulu afrit geymd hjá viðurkennda umboðsaðilanum, þekkta sendandanum eða skráða sendandanum. Sé óskað eftir því skal afrit einnig vera aðgengilegt viðurkennda umboðsaðilanum eða flugrekandanum, sem tekur við sendingunni, eða öðru hlutaðeigandi yfirvaldi.

6.6.1.2 Ákvæði b- og c-liðar í lið 6.6.1.1 gilda ekki um flutninga á flugsvæði.

6.6.2 **Vörn farms og pósts á flugvöllum þegar hann er settur um borð í loftfar**

6.6.2.1 Farm- og póstsendingar, sem eru á viðkvæmasta hluta haftasvæðis, teljast varðar gegn óheimilum aðgangi.

6.6.2.2 Farm- og póstsendingar, sem eru á öðrum svæðum en viðkvæmasta hluta haftasvæðis flugverndar, skulu staðsettar á aðgangsstýrðum hlutum athafnasvæðis viðurkennda umboðsaðilans en þegar þær eru staðsettar utan slíkra svæða teljast þær varðar gegn óheimilum aðgangi ef:

a) þær eru varðar með áþreifanlegum hætti til að koma í veg fyrir að bönnuðum hlutum sé komið fyrir í þeim eða

b) þær eru ekki skildar eftir eftirlitslausar og aðgangur að þeim takmarkast við starfsfólk sem tekur þátt í að verja farm og póst og setja hann um borð í loftfarið.

6.7 FARMUR OG PÓSTUR SEM MIKIL ÁHÆTTA FYLGIR

Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 er mælt fyrir um ákvæði um farm og póst sem mikil áhætta fylgir.

6.8 VERKLAGSREGLUR UM FLUGVERND FYRIR FARM OG PÓST SEM FLUTTUR ER INN Í EVRÓPUSAMBANDIÐ FRÁ ÞRIÐJU LÖNDUM

6.8.1 **Tilnefning flugrekenda**

6.8.1.1 Flugrekandi, sem flytur farm eða póst frá flugvelli í þriðja landi og er ekki skráður í fylgiskjali 6-Fi eða 6-Fii vegna flugskipta, gegnumferðar eða affermingar á einhverjum þeim flugvelli sem fellur undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 300/2008, skal tilnefndur sem „flugrekandi sem flytur flugfarm eða flugpóst inn í Evrópusambandið frá flugvelli í þriðja landi“ (ACC3-flugrekandi) af einu af eftirfarandi yfirvöldum, eins og við á:

a) af hlutaðeigandi yfirvaldi aðildarríkis sem gaf út flugrekandaskírteinið,

b) af hlutaðeigandi yfirvaldi aðildarríkis, sem skráð er í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 748/2009([7]), að því er varðar flugrekendur sem hafa ekki flugrekandaskírteini sem eitthvert aðildarríki hefur gefið út,

c) af hlutaðeigandi yfirvaldi þess aðildarríkis þar sem flugrekandinn hefur mest umsvif innan Evrópusambandsins eða af öðru hlutaðeigandi yfirvaldi í Sambandinu, eftir samkomulagi við það yfirvald, að því er varðar flugrekendur sem ekki hafa flugrekandaskírteini sem er útgefið af einhverju aðildarríki og eru ekki skráðir í viðaukann við reglugerð (EB) nr. 748/2009.

([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 748/2009 frá 5. ágúst 2009 um skrána yfir umráðendur loftfara sem stunduðu flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB 1. janúar 2006 eða eftir þann dag þar sem ábyrgðarríki hvers umráðanda loftfars er tilgreint (Stjtíð. ESB L 219, 22.8.2009, bls. 1).

6.8.1.2 Tilnefning flugrekanda sem ACC3-flugrekanda, að því er varðar farm- og póstflutninga hans frá flugvelli þar sem farið er fram á ACC3-tilnefningu (hér á eftir nefndir „viðkomandi farmflutningar“), skal byggjast á:

a) tilnefningu einstaklings sem ber heildarábyrgð fyrir hönd flugrekanda á framkvæmd verndarákvæða um farm eða póst að því er varðar viðkomandi farmflutninga og

b) ESB-fullgildingarskýrslu vegna flugverndar þar sem staðfest er framkvæmd verndarráðstafana.

6.8.1.3 Hlutaðeigandi yfirvald skal úthluta tilnefndum ACC3-flugrekanda einstöku alstafakennimerki á stöðluðu sniði í því skyni að auðkenna flugrekandann og þann flugvöll í þriðja landi þaðan sem flugrekandinn flytur farm eða póst inn í Sambandið.

6.8.1.4 Tilnefningin skal gilda frá þeim degi sem hlutaðeigandi yfirvald færði upplýsingar um ACC3-flugrekandann í gagnagrunn Sambandsins um verndaða aðfangakeðju, í fimm ár hið lengsta.

6.8.1.5 ACC3-flugrekandi, sem er skráður í gagnagrunn Sambandsins um verndaða aðfangakeðju, skal viðurkenndur í öllum aðildarríkjum, að því er varðar allt flug frá viðkomandi flugvelli í þriðja landi til Evrópusambandsins.

6.8.2 **ESB-fullgilding flugverndar að því er varðar ACC3-flugrekanda**

6.8.2.1 ESB-fullgilding flugverndar að því er varðar viðkomandi farmflutninga flugrekanda skal fela í sér:

a) athugun á flugverndaráætlun flugrekanda til að tryggja að hún sé viðeigandi og heildstæð að því er varðar alla liðina, sem settir eru fram í fylgiskjali 6-G, og

b) sannprófun á framkvæmd flugverndarráðstafana, að því er varðar viðkomandi farmflutninga, með því að nota gátlistann sem settur er fram í fylgiskjali 6-C3.

6.8.2.2 Sannprófun framkvæmda vegna ESB-fullgildingar flugverndar skal fara fram á starfsstöð í því umfangi sem svarar til eins af eftirfarandi:

1) Á flugvelli þar sem flugrekandi stundar viðkomandi farmflutninga áður en hægt er að veita flugvellinum ACC3-tilnefningu.

Ef í ljós kemur við ESB-fullgildingu flugverndar að a.m.k. eitt markmiðanna, sem talin eru upp í gátlistanum í fylgiskjali 6-C3, hafi ekki náðst skal hlutaðeigandi yfirvald ekki tilnefna flugrekanda sem ACC3-flugrekanda að því er varðar viðkomandi farmflutninga nema flugrekandinn færi sönnur á að hann hafi gert ráðstafanir til að ráða bót á þeim frávikum sem komu í ljós.

2) Eftirfarandi skilyrði gilda í dæmigerðu úrtaki flugvalla þar sem flugrekandi stundar viðkomandi farmflutninga, áður en ACC3-tilnefning er veitt öllum flugvöllum þar sem flugrekandi stundar þessa farmflutninga:

a) flugrekandi, sem annast viðkomandi farmflutninga á fjölda áfangastaða, fer fram á þennan möguleika og

b) hlutaðeigandi yfirvald hefur gengið úr skugga um að flugrekandi notist við innra gæðakerfi vegna flugverndar sem jafngildir ESB-fullgildingu flugverndar og

c) dæmigerður fjöldi í úrtaki skal vera a.m.k. þrír flugvellir eða að lágmarki 5%, hvort sem er hærra, og allir flugvellir þar sem áhætta er mikil og

d) hlutaðeigandi yfirvöld hafa samþykkt áætlun, sem tryggir ESB-fullgildingu flugverndar, að því er varðar hvert ár sem tilnefningin gildir um aðra viðbótarflugvelli sem munu fá ACC3-tilnefningu eða þar til allir flugvellir hafa fengið fullgildingu. Á hverju ári skulu þessar fullgildingar a.m.k. jafngilda þeim fjölda sem farið er fram á í c-lið; í áætluninni skal gera grein fyrir vali á viðbótarflugvöllum og

e) allar ACC3-tilnefningar skulu falla úr gildi á sama degi og

f) ef ein af ESB-fullgildingum flugverndar, sem samþykktar eru samkvæmt áætluninni, sýnir fram á að a.m.k. eitt eða fleiri markmiðanna, sem talin eru upp í gátlistanum í fylgiskjali 6-C3, hafi ekki náðst, skal hlutaðeigandi yfirvald, sem veitir tilnefninguna, fara fram á að færðar verði sönnur á að gerðar hafi verið ráðstafanir til að ráða bót á þeim frávikum sem komu í ljós á þeim flugvelli og, með hliðsjón af alvarleika frávikanna, krefjast:

— ESB-fullgildingar flugverndar fyrir alla þá flugvelli þar sem farið er fram á ACC3-tilnefningu í samræmi við lið 6.8.2.2.1, innan frests sem hlutaðeigandi yfirvald setur, eða

— tvöfalt fleiri ESB-fullgildingar flugverndar en fastsett er samkvæmt d-lið, að því er varðar hvert ár sem eftir er af ACC3-tilnefningum.

6.8.2.3 Hlutaðeigandi yfirvöldum er heimilt að samþykkja ESB-fullgildingarskýrslu vegna flugverndar frá einingu í þriðja landi, með hliðsjón af ACC3-tilnefningu, þegar sú eining annast alla meðhöndlun farms, þ.m.t. lestun loftfarsins, fyrir hönd ACC3-flugrekanda og ESB-fullgildingarskýrslan vegna flugverndar tekur til allrar starfseminnar.

6.8.2.4 Hlutaðeigandi yfirvald má tilnefna flugrekanda sem ACC3-flugrekanda í takmarkaðan tíma, sem lýkur eigi síðar en 30. júní 2016, ef ESB-fullgilding flugverndar gat ekki farið fram, af hlutlægum ástæðum, sem flugrekandi ber ekki ábyrgð á. Ef slík tilnefning er veitt til lengri tíma en sex mánaða skal hlutaðeigandi yfirvald ganga úr skugga um að flugrekandi notist við innra gæðakerfi vegna flugverndar sem jafngildir ESB-fullgildingu flugverndar.

6.8.2.5 Skrá skal ESB-fullgildingu flugverndar í fullgildingarskýrslu, sem samanstendur a.m.k. af yfirlýsingu um skuldbindingar, eins og hún er sett fram í fylgiskjali 6-H1, gátlista, sem settur er fram í fylgiskjali 6-C3, og yfirlýsingu ESB-matsmanns flugverndar sem sett er fram í fylgiskjali 11-A. ESB-matsmaður flugverndar skal leggja fullgildingarskýrslu fyrir hlutaðeigandi yfirvöld og afhenda flugrekandanum, sem hefur fengið fullgildingu, afrit af henni.

6.8.3 **Flugverndarráðstafanir vegna farms og pósts sem kemur frá þriðja landi**

6.8.3.1 ACC3-flugrekandi skal tryggja að allur farmur og póstur, sem fluttur er, með hliðsjón af flugskiptum, gegnumferð eða affermingu, til flugvalla í Sambandinu, sé skimaður, nema:

a) viðurkenndur umboðsaðili með ESB-fullgildingu flugverndar hafi viðhaft tilskildar flugverndarráðstafanir vegna sendingarinnar og sendingin hafi verið varin gegn óheimilum aðgangi frá því þessar flugverndarráðstafanir voru gerðar og þar til hún var sett um borð eða

b) þekktur sendandi með ESB-fullgildingu flugverndar hafi viðhaft tilskildar flugverndarráðstafanir vegna sendingarinnar og sendingin hafi verið varin gegn óheimilum aðgangi frá því þessar flugverndarráðstafanir voru gerðar og þar til hún var sett um borð eða

c) skráður sendandi, á ábyrgð ACC3-flugrekanda eða viðurkennds umboðsaðila með ESB-fullgildingu flugverndar, hafi viðhaft tilskildar flugverndarráðstafanir vegna sendingarinnar og sendingin hafi verið varin gegn óheimilum aðgangi frá því þessar flugverndarráðstafanir voru gerðar og þar til hún var sett um borð og hún sé ekki sett um borð í farþegaloftfar eða

d) sendingin sé undanþegin skimun í samræmi við d-lið liðar 6.1.1 og hafi verið varin gegn óheimilum aðgangi frá því að hún varð auðgreinanlegur flugfarmur eða flugpóstur og þar til hún var sett um borð.

6.8.3.2 Farmur og póstur, sem fluttur er til Sambandsins, skal skimaður með því að nota eitt af þeim úrræðum og aðferðum sem tilgreindar eru í lið 6.2.1 og eru fullnægjandi til að tryggja, með fullnægjandi vissu, að hann innihaldi enga bannaða hluti.

6.8.3.3 ACC3-flugrekandi skal tryggja, að því er varðar:

a) farm eða póst í flugskiptum og gegnumferð, að flugrekandi sjálfur eða eining með ESB-fullgildingu flugverndar hafi beitt skimun, í samræmi við lið 6.8.3.2, á upphafsstað eða annars staðar í birgðakeðjunni og að slíkar vörusendingar hafi verið varðar gegn óheimilum aðgangi frá því að flugverndarráðstafanir voru gerðar og þar til sendingarnar voru settar um borð og

b) farm og póst sem mikil áhætta fylgir, að flugrekandi sjálfur eða eining með ESB-fullgildingu flugverndar hafi beitt skimun í samræmi við lið 6.7 á upphafsstað eða annars staðar í birgðakeðjunni, að slíkar vörusendingar hafi fengið SHR-merkingu og verið varðar gegn óheimilum aðgangi frá því að flugverndarráðstafanirnar voru gerðar og þar til sendingarnar voru settar um borð.

6.8.3.4 Einstakt alstafakennimerki ACC3-flugrekanda og staða flugverndar fyrir sendinguna, sem um getur í d-lið liðar 6.3.2.6 og viðurkenndur umboðsaðili með ESB-fullgildingu flugverndar gefur út, skulu koma fram í meðfylgjandi gögnum, í flugfarmbréfi, í sambærilegum póstskjölum eða í sérstakri yfirlýsingu og annaðhvort á rafrænu formi eða skriflega.

6.8.3.5 Ef viðurkennda umboðsaðilanum, sem um getur í lið 6.8.4, er ekki til að dreifa hefur ACC3-flugrekandi eða flugrekandi sem kemur frá þriðja landi, sem skráð er í fylgiskjali 6-Fi eða 6-Fii, heimild til að gefa út yfirlýsingu um stöðu flugverndar.

6.8.4 **Fullgilding viðurkenndra umboðsaðila og þekktra sendenda**

6.8.4.1 Til þess að verða viðurkenndur umboðsaðili eða þekktur sendandi með ESB-fullgildingu flugverndar skulu einingar í þriðja landi hljóta fullgildingu, samkvæmt einum af eftirfarandi tveimur möguleikum, og færðar í gagnagrunn ACC3-flugrekandans, sem umboðsaðilinn eða sendandinn afhenda farm eða póst beint til, sem flytja á inn til Sambandsins:

a) í flugverndaráætlun ACC3-flugrekanda skal setja fram upplýsingar um flugverndarráðstafanir sem einingar í þriðju löndum hafa framkvæmt fyrir hans hönd og sem flugrekandinn tekur við farmi eða pósti frá, með hliðsjón af beinum flutningi til Sambandsins; ESB-fullgilding flugverndar til handa ACC3-flugrekanda skal fullgilda flugverndarráðstafanir, sem þessar einingar beita, eða

b) einingar í þriðja landi leggja inn viðkomandi starfsemi í tengslum við afgreiðslu farms til ESB-fullgildingar flugverndar á fimm ára fresti hið lengsta og afhenda ACC3-flugrekanda eða -flugrekendum afrit af fullgildingarskýrslu. Að því er varðar viðurkennda umboðsaðila frá þriðju löndum skal fullgildingarskýrslan samanstanda af yfirlýsingu um skuldbindingar, sem sett er fram í fylgiskjali 6-H2, og gátlista, sem settur er fram í fylgiskjali 6-C2, og hvað varðar þekkta sendendur frá þriðju löndum skal hún samanstanda af yfirlýsingu um skuldbindingar, eins og sett er fram í fylgiskjali 6-H3 og gátlista sem settur er fram í fylgiskjali 6-C4. Fullgildingarskýrslan skal einnig innihalda yfirlýsingu frá ESB-matsmanni flugverndar, eins og sett er fram í fylgiskjali 11-A.

6.8.4.2 Ef sú niðurstaða kemur í ljós við ESB-fullgildingu flugverndar, samkvæmt b-lið liðar 6.8.4.1, að einingunni

a) hafi tekist að ná markmiðunum, sem um getur í viðkomandi gátlista, skal í fullgildingarskýrslunni koma fram að einingin sé tilnefnd sem viðurkenndur umboðsaðili eða þekktur sendandi með ESB-fullgildingu flugverndar; matsmaðurinn skal afhenda einingunni, sem hefur fengið fullgildingu, frumrit af fullgildingarskýrslunni,

b) hafi ekki tekist að ná markmiðunum, sem um getur í viðkomandi gátlista, hefur einingin ekki heimild til að vinna við farm til flutnings inn í Evrópusambandið; einingin skal fá eintak af fullgerðum gátlista þar sem frávikin koma fram.

6.8.4.3 ACC3-flugrekandi skal halda gagnagrunn þar sem finna má a.m.k. eftirfarandi upplýsingar um hvern viðurkenndan umboðsaðila eða þekktan sendanda, sem hlotið hefur ESB-fullgildingu flugverndar í samræmi við lið 6.8.4.1 og sem ACC3-flugrekandinn tekur á móti farmi eða pósti frá með beinum hætti, með tilliti til flutnings inn í Sambandið:

a) upplýsingar um fyrirtækið, þ.m.t. áreiðanlegt heimilisfang fyrirtækisins,

b) hvers eðlis fyrirtækið er, að undanskildum viðkvæmum viðskiptaupplýsingum,

c) tengiliðaupplýsingar, þ.m.t. tengiliðaupplýsingar einstaklings eða einstaklinga sem bera ábyrgð á flugvernd,

d) skráningarnúmer fyrirtækisins, ef við á, og

e) fullgildingarskýrsluna, þar sem hún liggur fyrir.

Gagnagrunnurinn skal vera aðgengilegur til skoðunar fyrir ACC3-flugrekanda.

Aðrar einingar með ESB-fullgildingu flugverndar mega halda slíkan gagnagrunn.

6.8.4.4 Eining, sem flytur flugfarm eða -póst og sem starfrækir net sem samanstendur af mismunandi starfsstöðvum í þriðju löndum, getur fengið staka tilnefningu sem viðurkenndur umboðsaðili með ESB-fullgildingu flugverndar, sem tekur til allra starfsstöðva netsins, að því tilskildu:

a) að viðeigandi flugverndaraðgerðir innan ramma netsins, þ.m.t. flutningaþjónusta á milli starfsstöðva, falli undir eina flugverndaráætlun eða staðlaðar flugverndaráætlanir, og

b) að framkvæmd flugverndaráætlunar eða -áætlana falli undir stakt innra gæðakerfi vegna flugverndar, sem jafngildir ESB-fullgildingu flugverndar, og

c) að áður en netið er tilnefnt sem viðurkenndur umboðsaðili fyrir ESB-flugvernd skulu eftirfarandi starfsstöðvar einingarinnar hafa gengist undir ESB-fullgildingu flugverndar:

i. starfsstöðin eða starfsstöðvarnar þaðan sem farmurinn eða pósturinn er sendur beint til ACC3-flugrekanda og

ii. a.m.k. tvær starfsstöðvar, þó að lágmarki 20% af öllum starfsstöðvum netsins, hvor talan sem er hærri, þaðan sem farmurinn eða pósturinn er færður til starfsstöðvarinnar eða starfsstöðvanna, sem um getur í i. lið, og

iii. allar starfsstöðvar í þriðju löndum sem eru taldar upp í fylgiskjali 6-I í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.

Til þess að halda tilnefningu sem viðurkenndur umboðsaðili með ESB-fullgildingu flugverndar fyrir allar starfsstöðvar netsins, sem fullgilda á eigi síðar en 30. júní 2018, skulu, á hverju ári eftir það ár sem tilnefning fór fram, a.m.k. tvær starfsstöðvar til viðbótar, þó að lágmarki 20% þeirra, hvor talan sem er hærri, þaðan sem farmur eða póstur er færður til starfsstöðvarinnar eða starfsstöðvanna, sem um getur í i. lið c-liðar í lið 6.8.4.4, gangast undir ESB-fullgildingu flugverndar þar til allar starfsstöðvarnar hafa fengið fullgildingu.

ESB-matsmaður flugverndar skal gera áætlun með lista yfir staðina, sem á að fullgilda ár hvert, sem valin eru af handahófi. Áætlunin skal gerð óháð einingunni sem starfrækir netið og má sú eining ekki breyta áætluninni. Þessi áætlun skal vera óaðskiljanlegur hluti af þeirri fullgildingarskýrslu sem liggur til grundvallar þess að netið er tilnefnt sem viðurkenndur umboðsaðili frá þriðja landi með ESB-fullgildingu.

Þegar starfsstöð netsins hefur gengist undir ESB-fullgildingu flugverndar skal litið svo á að hún sé viðurkenndur umboðsaðili með ESB-fullgildingu flugverndar í samræmi við a-lið liðar 6.8.4.2.

6.8.4.5 Ef ESB-fullgilding flugverndar, að því er varðar starfsstöð netsins, sem um getur í ii. lið c-liðar í lið 6.8.4.4, leiðir í ljós að starfsstöðin uppfyllir ekki markmiðin í gátlistanum í fylgiskjali 6-C2, skal farmur og póstur frá hlutaðeigandi starfsstöð skimaður á starfsstöð sem er fullgilt í samræmi við a-lið í lið 6.8.4.2, þar til ESB-fullgilding flugverndar staðfestir að markmiðin á gátlistanum hafi verið uppfyllt.

6.8.4.6 Liðirnir 6.8.4.4–6.8.4.6 falla úr gildi 30. júní 2018.

6.8.5 **Þegar ekki er farið að tilskildum ákvæðum og afturköllun tilnefningar ACC3-flugrekanda**

6.8.5.1 *Þegar ekki er farið að tilskildum ákvæðum*

1. Ef framkvæmdastjórnin eða hlutaðeigandi yfirvald kemst að raun um alvarlegt frávik sem varðar starfsemi ACC3-flugrekanda og sem talið er hafa veruleg áhrif á almenna flugvernd í Evrópusambandinu skal:

a) þegar í stað upplýsa viðkomandi ACC3-flugrekanda um það, fara fram á athugasemdir frá honum og að hann geri viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á alvarlegu frávikunum og

b) þegar í stað upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um það.

2. Ef hlutaðeigandi yfirvaldi hefur ekki tekist að gera tilskildar úrbætur hefur framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við nefndina um flugvernd í almenningsflugi, sem komið var á fót með 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008, heimild til að ákvarða að flugrekandinn verði ekki lengur viðurkenndur sem ACC3-flugrekandi, annaðhvort að því er varðar ákveðna flugleið eða allar flugleiðir frá þriðju löndum til Evrópusambandsins. Í slíkum tilvikum skal fella upplýsingar um ACC3-flugrekandann brott úr gagnagrunni Sambandsins um verndaða aðfangakeðju.

3. Ef viðurkenning á ACC3-flugrekanda hefur verið afturkölluð, í samræmi við lið 6.8.5.1.2, skal flugrekandi ekki öðlast hana aftur eða vera skráður í gagnagrunn Sambandsins um verndaða aðfangakeðju, fyrr en staðfest hefur verið með ESB-fullgildingu flugverndar að bót hafi verið ráðin á alvarlegu frávikunum og hlutaðeigandi yfirvaldi hafi tilkynnt það nefndinni um flugvernd í almenningsflugi.

6.8.5.2 *Afturköllun*

Hlutaðeigandi yfirvald, sem tilnefndi ACC3-flugrekandann, ber ábyrgð á því að fella ACC3-flugrekandann brott úr „gagnagrunni Sambandsins um verndaða aðfangakeðju“:

a) að beiðni eða í samráði við flugrekanda, eða

b) ef ACC3-flugrekandi sinnir ekki viðkomandi vinnu við farm og bregst ekki við beiðni um athugasemdir eða kemur með öðrum hætti í veg fyrir mat á áhættu fyrir flug.

FYLGISKJAL 6-A

YFIRLÝSING UM SKULDBINDINGAR — VIÐURKENNDUR UMBOÐSAÐILI

Í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi([8]) og framkvæmdargerðir hennar,

lýsi ég því yfir

— að eftir minni bestu vitund eru upplýsingarnar í flugverndaráætlun fyrirtækisins réttar og nákvæmar,

— að aðferðunum og verklagsreglunum, sem settar eru fram í þessari flugverndaráætlun, verði hrint í framkvæmd og þeim viðhaldið á öllum þeim starfsstöðvum sem teknar eru fram í áætluninni,

— að þessi flugverndaráætlun verði aðlöguð og henni breytt svo í henni sé farið að öllum viðeigandi breytingum á löggjöf Sambandsins í framtíðinni nema [heiti fyrirtækis] tilkynni [heiti hlutaðeigandi yfirvalds] að það óski ekki lengur eftir að starfa sem viðurkenndur umboðsaðili,

— að [heiti fyrirtækis] mun tilkynna [heiti hlutaðeigandi yfirvalds] skriflega:

a) um minni háttar breytingar á flugverndaráætlun fyrirtækisins, t.d. breytingar er varða heiti fyrirtækisins, einstakling, sem ber ábyrgð á flugvernd eða tengiliðaupplýsingum, eða breytingar varðandi þá aðila sem þurfa aðgang að „gagnagrunni Sambandsins um verndaða aðfangakeðju“, tafarlaust og a.m.k. innan 10 virkra daga og

b) um meiri háttar fyrirhugaðar breytingar, t.d. nýjar verklagsreglur um skimun, meiri háttar byggingarframkvæmdir, sem gætu haft áhrif á það að fyrirtækið geti farið að viðeigandi löggjöf Sambandsins, eða breytingu á starfsstöð/heimilisfangi, a.m.k. 15 virkum dögum áður en hafist er handa við fyrirhugaðar breytingar,

— að til að tryggja að farið sé að viðeigandi löggjöf Sambandsins muni [heiti fyrirtækis] sýna fulla samvinnu við skoðanir, þegar slíkt er nauðsynlegt, og veita aðgang að öllum þeim gögnum sem skoðunarmenn fara fram á,

— að [heiti fyrirtækis] muni upplýsa [heiti hlutaðeigandi yfirvalds] um öll alvarleg flugverndarbrot og allar grunsamlegar aðstæður, sem gætu skipt máli fyrir vernd flugfarms eða flugpósts, einkum allar tilraunir til að fela bannaða hluti í sendingum,

— að [heiti fyrirtækis] muni sjá til þess að viðkomandi starfsfólk fái viðeigandi þjálfun, í samræmi við 11. kafla viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998, og geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem það ber á flugvernd innan ramma flugverndaráætlunar fyrirtækisins og

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 (Stjtíð. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72).

— að [heiti fyrirtækis] muni upplýsa [hlutaðeigandi yfirvald]:

a) ef það hættir starfsemi,

b) ef það starfar ekki lengur í tengslum við flugfarm eða flugpóst eða

c) ef það getur ekki lengur farið að kröfum viðeigandi löggjafar Sambandsins.

Ég tek fulla ábyrgð á þessari yfirlýsingu.

Nafn:

Staða innan fyrirtækis:

Dagsetning:

Undirskrift:

FYLGISKJAL 6-B

LEIÐBEININGAR FYRIR ÞEKKTA SENDENDUR

Þessar leiðbeiningar hjálpa þér að meta fyrirliggjandi verndarfyrirkomulag þitt, með hliðsjón af tilskildum kröfum fyrir þekkta sendendur, eins og lýst er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008([9]) og framkvæmdargerðum hennar. Þetta ætti að gera þér kleift að tryggja að þú uppfyllir kröfurnar áður en þú skipuleggur opinbera vettvangsheimsókn í tengslum við fullgildingu.

Mikilvægt er að matsmaður geti rætt við rétta fólkið meðan á fullgildingarheimsókninni stendur (t.d. einstaklinginn sem ber ábyrgð á flugvernd og þann sem ber ábyrgð á ráðningu starfsfólks). Notast verður við gátlista ESB til að skrá mat matmannsins. Þegar lokið hefur verið við að semja gátlistann um fullgildingu munu upplýsingarnar á gátlistanum verða flokkaðar sem trúnaðarupplýsingar.

Athugið að spurningarnar á gátlista ESB eru tvíþættar: 1) spurningar þar sem neikvætt svar mun sjálfkrafa þýða að ekki sé mögulegt að viðurkenna þig sem þekktan sendanda og 2) spurningar sem munu verða notaðar til að afla almennra upplýsinga um flugverndarráðstafanir þínar svo matsmaðurinn geti komist að heildarniðurstöðu. Sviðin, þar sem staðan „ekki staðið“ mun verða skráð sjálfkrafa, eru gefin til kynna með hliðsjón af kröfunum sem eru feitletraðar hér á eftir. Ef staðan „ekki staðið“ er tilgreind í tengslum við kröfu sem er feitletruð, eru þér gefnar ástæðurnar fyrir því og ráðleggingar um nauðsynlegar aðlaganir til að öðlast stöðuna „staðið“.

Ef þú ert handhafi skírteinis fyrir viðurkenndan rekstraraðila, sem um getur í b- eða c-lið 1. mgr. 14. gr. a í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2454/93([10]) (svokallaðra AEOF- og AEOS-skírteina), og ef tollyfirvöld hafa rannsakað og samþykkt starfsstöðina, þar sem þú óskar eftir stöðu sem þekktur sendandi, í fyrsta lagi þremur árum áður en óskað er eftir stöðu sem þekktur sendandi, er þess krafist að þú fyllir út 1. hlutann, sem varðar rekstraraðila og ábyrgð, og látir lagalegan fyrirsvarsmann fyrirtækisins skrifa undir, og fyllir út yfirlýsinguna um skuldbindingar sem er að finna í „gátlistanum um fullgildingu fyrir þekkta sendendur“ í fylgiskjali 6-C.

Inngangur

Farmurinn verður að eiga uppruna sinn í þínu fyrirtæki, á starfsstöðinni þar sem skoðun fer fram. Þetta tekur til framleiðslu á starfsstöð og geymslu- og pökkunarþjónustu (e. *pick and pack*) þar sem hlutir eru ekki auðgreinanlegir sem flugfarmur fyrr en þeir eru valdir sem hluti af pöntun. (Sjá einnig athugasemd).

Þú munt þurfa **að ákveða hvenær sending með farmi eða pósti verður auðgreinanleg sem flugfarmur eða flugpóstur** og sýna fram á að þú hafir gert viðeigandi ráðstafanir til að verja hana gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að verndin sé rofin. Þetta mun fela í sér upplýsingar um framleiðslu, pökkun, geymslu og/eða sendingu.

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 (Stjtíð. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72).

([10]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2454/93 frá 2. júlí 1993 um ákvæði til framkvæmdar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2913/92 um tollalög Bandalagsins (Stjtíð. EB L 253, 11.10.1993, bls. 1).

Rekstraraðili og ábyrgð

Þess er krafist að þú veitir upplýsingar um þig sem rekstraraðila (nafn, virðisaukaskattsnúmer, númer hjá verslunarráði eða skráningarnúmer fyrirtækis, ef við á, númer skírteinis fyrir viðurkenndan rekstraraðila og dagsetningu síðustu rannsóknar tollyfirvalda á starfsstöðinni, ef við á), heimilisfang starfsstöðvarinnar, sem á að fullgilda, og aðalheimilisfang rekstraraðilans (ef það er annað en heimilisfang starfsstöðvarinnar sem á að fullgilda). Þar að auki er krafist upplýsinga um hvenær síðasta fullgildingarheimsókn átti sér stað og hvert var síðasta einstaka alstafakennimerkið (ef við á), ásamt eðli viðskiptanna, áætluðum fjölda starfsmanna á starfsstöð, nafni og titli einstaklingsins, sem ber ábyrgð á vernd flugfarms eða flugpósts, auk tengiliðaupplýsinga.

Ferli við ráðningu starfsfólks

Þess er krafist að þú veitir upplýsingar um ferli við ráðningu alls starfsfólks (fastráðið, í tímabundnu starfi eða afleysingafólk, bílstjórar) sem hefur aðgang að auðgreinanlegum flugfarmi eða flugpósti. Ferli við ráðningu skal fela í sér **athugun í aðdraganda ráðningar eða bakgrunnsskoðun** í samræmi við lið 11.1 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998. Vettvangsheimsókn í tengslum við fullgildingu mun fela í sér viðtal við þann einstakling sem ber ábyrgð á ráðningu starfsfólks. Hann eða hún þarf að leggja fram sönnunargögn (t.d. óútfyllt eyðublöð) til að sanna tilvist verklagsreglna hjá fyrirtækinu. Þetta ferli við ráðningar gilda um starfsfólk sem er ráðið eftir 29. apríl 2010.

Ferli við þjálfun starfsfólks í flugvernd

Þú munt þurfa að sýna fram á að **allt starfsfólk** (fastráðið, í tímabundnu starfi eða afleysingafólk, bílstjórar), **sem hefur aðgang að flugfarmi eða flugpósti, hafi fengið viðeigandi þjálfun í málefnum sem snerta flugverndarvitund.** Þessi þjálfun skal fara fram í samræmi við lið 11.2.7 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998. Geyma skal einstakar þjálfunarskrár. **Enn fremur er þess krafist að þú sýnir fram á að allt viðeigandi starfsfólk, sem framkvæmir flugverndarráðstafanir, hafi fengið þjálfun eða reglubundna þjálfun í samræmi við 11. kafla í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998.**

Áþreifanleg vernd

Þess verður krafist að þú sýnir fram á hvernig starfsstöð þín er varin (t.d. með girðingu eða tálma) og að í gildi séu viðeigandi verklagsreglur um aðgangsstýringu. Þess verður krafist, ef við á, að þú veitir upplýsingar um öll hugsanleg viðvörunarkerfi og/eða eftirlitsmyndavélakerfi (e. *CCTV system*). **Mikilvægt er að stýra aðgangi að svæðinu þar sem flugfarmur eða flugpóstur er meðhöndlaður eða geymdur.** Vernda þarf allar dyr, glugga og aðrar aðgangsleiðir að flugfarmi eða flugpósti eða viðhafa aðgangsstýringu.

Framleiðsla (ef við á)

Þú munt þurfa að sýna fram á að aðgangi sé stýrt að framleiðslusvæðinu og umsjón sé höfð með framleiðsluferlinu. Ef framleiðsluvaran er auðgreinanleg sem flugfarmur eða flugpóstur í framleiðsluferlinu, muntu verða að sýna fram á **að ráðstafanir séu gerðar til að verja flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að vernd hans sé rofin á þessu stigi.**

Pökkun (ef við á)

Þú munt þurfa að sýna fram á að aðgangi að pökkunarsvæðinu sé stýrt og umsjón sé höfð með pökkunarferlinu. Ef framleiðsluvaran er auðgreinanleg sem flugfarmur eða flugpóstur, meðan á pökkun stendur, muntu verða að sýna fram á **að ráðstafanir séu gerðar til að verja flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að vernd hans sé rofin á þessu stigi.**

Þess mun verða krafist að þú veitir upplýsingar um pökkunarferlið og sýnir fram á að allar fullunnar vörur séu skoðaðar áður en þeim er pakkað.

Þú munt þurfa að lýsa fullfrágengnum ystu umbúðum og sýna fram á að þær séu traustar. Þú þarft einnig að sýna fram á að fullfrágengnar ystu umbúðir sé útbúnar þannig að augljóst sé ef vernd þeirra hefur verið rofin, t.d. með því að nota innsiglisnúmer, verndarlímband, sérstaka stimpla eða pappakassa sem er lokað með límbandi. Þú þarft enn fremur að sýna að þú geymir framangreinda hluti við öruggar aðstæður þegar þeir eru ekki í notkun og hafa eftirlit með afhendingu þeirra.

Geymsla (ef við á)

Þú munt þurfa að sýna fram á að aðgangi að geymslusvæði sé stýrt. Ef framleiðsluvaran er auðgreinanleg sem flugfarmur eða flugpóstur meðan hún er í geymslu, muntu verða að sýna fram á **að ráðstafanir séu gerðar til að verja flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að vernd hans sé rofin á þessu stigi.**

Að lokum **muntu verða að sýna fram á að fullfrágenginn og pakkaður flugfarmur eða flugpóstur sé skoðaður áður en hann er sendur burtu.**

Sending (ef við á)

Þú munt þurfa að sýna fram á að aðgangi að sendingasvæðinu sé stýrt. Ef framleiðsluvaran er auðgreinanleg sem flugfarmur eða flugpóstur meðan á sendingu stendur muntu verða að sýna fram á **að ráðstafanir séu gerðar til að verja flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að vernd hans sé rofin á þessu stigi.**

Flutningar

Þú munt verða að veita upplýsingar um hvernig farmur eða póstur verður fluttur til viðurkennda umboðsaðilans.

Ef þú sérð sjálfur um flutninginn muntu verða að sýna fram á að bílstjórar þínir hafi fengið fullnægjandi þjálfun. **Ef fyrirtækið þitt notar verktaka muntu verða að tryggja a) að þú sjálfur hafir innsiglað eða pakkað flugfarminum eða flugpóstinum til að tryggja að augljóst sé ef vernd hans hefur verið rofin og b) að farmflytjandinn hafi undirritað yfirlýsingu farmflytjanda samkvæmt fylgiskjali 6-E í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998.**

Ef þú berð ábyrgð á flutningi flugfarms eða flugpósts muntu verða að sýna fram á að **hægt sé að tryggja vernd** flutningatækja, annaðhvort með notkun innsigla, ef mögulegt er, eða með öðrum aðferðum. Ef notuð eru innsiglisnúmer verður þú að sýna fram á að aðgangi að innsiglum sé stýrt og númerin skráð; séu aðrar aðferðir notaðar verður þú að sýna hvernig farmur eða póstur er útbúinn þannig að augljóst sé ef vernd hans hefur verið rofin og/eða hvernig hann er verndaður. Að auki muntu þurfa að sýna fram á að fyrir liggi ráðstafanir til að sannprófa deili á bílstjórum ökutækja sem sækja flugfarminn eða flugpóstinn þinn. Þú munt einnig þurfa að sýna að þú tryggir að farmur eða póstur sé verndaður þegar hann yfirgefur athafnasvæðið. Þú munt þurfa að sýna fram á að flugfarmur eða flugpóstur sé varinn gegn óheimilum aðgangi meðan á flutningi stendur.

Þú munt **ekki** þurfa að leggja fram sönnun um þjálfun bílstjóra eða afrit af yfirlýsingu farmflytjanda ef viðurkenndur umboðsaðili hefur séð um flutninginn þegar flugfarmur eða flugpóstur er fluttur af athafnasvæði þínu.

Ábyrgð sendanda

Þú munt þurfa að lýsa því yfir að þú samþykkir fyrirvaralausar skoðanir skoðunarmanna hlutaðeigandi yfirvalda í þeim tilgangi að vakta þessar kröfur.

Þú munt einnig þurfa að lýsa því yfir að þú munir veita [nafn hlutaðeigandi yfirvalds] viðeigandi upplýsingar tafarlaust og a.m.k. innan 10 virkra daga:

a) ef allri ábyrgð á vernd er úthlutað einhverjum öðrum en tilgreindum einstaklingi,

b) ef einhverjar aðrar breytingar verða á athafnasvæði eða verklagsreglum sem líklegt er að hafi veruleg áhrif á vernd,

c) ef fyrirtækið þitt hættir viðskiptum, hættir að meðhöndla flugfarm eða flugpóst eða getur ekki lengur uppfyllt kröfur viðeigandi ESB-löggjafar.

Að lokum muntu þurfa að lýsa því yfir að þú munir viðhalda verndarkröfum fram að næstu vettvangsheimsókn og/eða skoðun í tengslum við fullgildingu.

Þess mun svo verða krafist að þú berir fulla ábyrgð á yfirlýsingunni og skrifir undir fullgildingarskjalið.

ATH.:

Sprengi- og íkveikjubúnaður

Heimilt er að hafa samsettan sprengi- og íkveikjubúnað í farmsendingum ef kröfur allra öryggisreglna eru uppfylltar að fullu.

Sendingar frá öðrum aðilum

Þekktum sendanda er heimilt að áframsenda viðurkenndum umboðsaðila sendingar, sem eiga ekki uppruna sinn hjá honum sjálfum, að því tilskildu:

a) að þær séu aðskildar frá sendingum, sem eiga uppruna sinn hjá honum, og

b) að uppruni þeirra komi skýrt fram á sendingunni eða á meðfylgjandi gögnum.

Allar slíkar sendingar skulu skimaðar áður en þær eru settar um borð í loftfar.

FYLGISKJAL 6-C

GÁTLISTI UM FULLGILDINGU FYRIR ÞEKKTA SENDENDUR

Athugasemdir til útskýringar:

Þegar þetta eyðublað er útfyllt ber að athuga:

— að liðir, sem eru stjörnumerktir (*), eru skyldubundnir og þá VERÐUR að fylla út,

— að ef svarið við einhverri spurningu, sem er **feitletruð**, er **NEI** þá **VERÐUR** að meta fullgildinguna sem **EKKI STAÐIÐ**; þetta gildir ekki þegar spurningarnar eiga ekki við,

— að aðeins er hægt að meta heildarmatið sem **STAÐIÐ** eftir að sendandinn hefur undirritað yfirlýsingu um skuldbindingar á síðustu blaðsíðunni,

— að hlutaðeigandi yfirvald verður að viðhalda upprunalegu yfirlýsingunni um skuldbindingar eða gera verður yfirlýsinguna aðgengilega hlutaðeigandi yfirvaldi þar til hún fellur úr gildi. Sendandi skal einnig fá afrit af yfirlýsingunni.

1. HLUTI

Rekstraraðili og ábyrgð

1.1	Dagsetning fullgildingar (*)	
	dd/mm/áááá	
1.2	Dagsetning fyrri fullgildingar og einstakt kennimerki, ef við á	
	dd/mm/áááá	
	UNI	
1.3	Heiti rekstraraðilans sem á að fullgilda (*)	
	Heiti Virðisaukaskattsnúmer/númer hjá verslunarráði/skráningarnúmer fyrirtækis (ef við á)	
1.4	Upplýsingar um AEOF- eða AEOS-skírteini, ef við á	
	Númer skírteinis fyrir viðurkenndan rekstraraðila	
	Dagsetning síðustu rannsóknar toll-yfirvalda á þessari starfsstöð	

1.5	Heimilisfang starfsstöðvarinnar sem á að fullgilda (*)	
	Númer/Deild/Bygging	
	Gata	
	Bæjarfélag	
	Póstnúmer	
	Land	
1.6	Aðalheimilisfang rekstraraðilans (ef það er annað en heimilisfang starfsstöðvarinnar sem á að fullgilda, að því tilskildu að það sé í sama landi)	
	Númer/Deild/Bygging	
	Gata	
	Bæjarfélag	
	Póstnúmer	
	Land	
1.7	Eðli viðskipta – tegundir farms sem eru meðhöndlaðar	
1.8	Ber umsækjandi ábyrgð á:	
	a) Framleiðslu b) Pökkun c) Geymslu d) Sendingu e) Öðru, vinsamlegast tilgreinið	
1.9	Áætlaður fjöldi starfsmanna á starfsstöð	
1.10	Nafn og titill einstaklings sem ber ábyrgð á vernd flugfarms eða flugpósts (*)	
	Nafn	
	Starfsheiti	
1.11	Símanúmer þar sem hægt er að ná í viðkomandi	
	Símanúmer	
1.12	Tölvupóstfang (*)	
	Tölvupóstur	

2. HLUTI

Auðgreinanlegur flugfarmur eða flugpóstur

Markmið: Að staðfesta hvenær eða hvar farmur eða póstur verður auðgreinanlegur sem flugfarmur eða flugpóstur.

2.1	Staðfesta skal með skoðun á sviði framleiðslu, pökkunar, geymslu, vals, sendingar og á hvers konar öðrum sviðum, sem máli skipta, hvar og hvernig flugfarmur eða flugpóstur verður auðgreinanlegur sem slíkur.
Lýsa skal nánar:	

ATH: **Gefa ætti ítarlegar upplýsingar um vörn auðgreinanlegs flugfarms eða flugpósts gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að vernd hans sé rofin í 5.–8. hluta.**

3. HLUTI

Ráðning og þjálfun starfsfólks

Markmið: Til að tryggja að allt starfsfólk (fastráðið, í tímabundnu starfi, afleysingafólk, bílstjórar), sem hefur aðgang að auðgreinanlegum flugfarmi eða flugpósti, hafi gengist undir viðeigandi athugun í aðdraganda ráðningar og/eða bakgrunnsskoðun ásamt viðeigandi þjálfun í samræmi við lið 11.2.7 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998. Enn fremur skal tryggja að allt starfsfólk, sem framkvæmir flugverndarráðstafanir að því er varðar birgðir, hafi fengið þjálfun í samræmi við 11. kafla í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998.

Hvort liðir 3.1 og 3.2 eru **feitletraðar** *spurningar eða ekki (og þar sem meta verður svarið NEI sem „ekki staðið“) byggist á gildandi reglum í viðkomandi ríki þar sem starfsstöðin er. Þó skal a.m.k. önnur þessara spurninga vera* **feitletruð** *og þar af leiðandi ætti einnig að leyfa að ekki sé lengur þörf á að fram fari athugun í aðdraganda ráðningar ef bakgrunnsskoðun hefur verið framkvæmd. Sá sem ber ábyrgð á framkvæmd flugverndarráðstafana skal ávallt hafa gengist undir bakgrunnsskoðun.*

3.1 **Er fyrir hendi ferli við ráðningar alls starfsfólks, sem hefur aðgang að auðgreinanlegum flugfarmi eða flugpósti, þ.m.t. athugun í aðdraganda ráðningar, í samræmi við lið 11.1.4 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998?** Þetta gildir um starfsfólk sem er ráðið eftir 29. apríl 2010.	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, hvaða reglur?	
3.2 **Felur þetta ferli um ráðningar í sér bakgrunnsskoðun, þ.m.t. athugun á sakaskrá, í samræmi við lið 11.1.3 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998?** Þetta gildir um starfsfólk sem er ráðið eftir 29. apríl 2010.	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, hvaða reglur?	
3.3 **Felur tilnefningarferli tilgreinds einstaklings, sem ber ábyrgð á beitingu og umsjón með framkvæmd flugverndarráðstafana á starfsstöð, í sér kröfur um bakgrunnsskoðun, þ.m.t. athugun á sakaskrá í samræmi við lið 11.1.3 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998?**	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því.	

3.4 **Fær starfsfólk, sem hefur aðgang að auðgreinanlegum flugfarmi eða flugpósti, þjálfun í flugverndarvitund, í samræmi við lið 11.2.7 í viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998, áður en því er veittur aðgangur að auðgreinanlegum flugfarmi eða flugpósti? Fær starfsfólk, sem framkvæmir flugverndarráðstafanir að því er varðar birgðir, þjálfun í samræmi við 11. kafla í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998?**	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því.	
3.5 **Fær starfsfólkið (sem um getur að framan) upprifjunarþjálfun eins oft og ákveðið hefur verið fyrir þessa þjálfun?**	
JÁ eða NEI	
3.6 **Mat — Eru ráðstafanir fullnægjandi til að tryggja að allt starfsfólk, með aðgang að auðgreinanlegum flugfarmi eða flugpósti, og þeir sem framkvæma flugverndarráðstafanir, hafi verið ráðin með tilhlýðilegum hætti og fengið viðeigandi þjálfun í samræmi við 11. kafla í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998?**	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.	

4. HLUTI

Áþreifanleg vernd

Markmið: Að staðfesta hvort á starfsstöðinni eða athafnasvæðinu sé nægileg vernd (áþreifanleg) til að verja auðgreinanlegan flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi.

4.1 Er starfsstöðin varin með girðingu eða tálma?	
JÁ eða NEI	
4.2 Sæta aðgönguleiðir starfsstöðvarinnar aðgangsstýringu?	
JÁ eða NEI	
4.3 Ef JÁ, eru aðgangsleiðirnar...?	
Mannaðar starfsfólki	
Handvirkar	
Sjálfvirkar	
Rafknúnar	
Annað, tilgreina skal nánar.	

4.4 Er byggingin traustbyggð?	
JÁ eða NEI	
4.5 Er skilvirkt viðvörunarkerfi í byggingunni?	
JÁ eða NEI	
4.6 Er skilvirkt eftirlitsmyndavélakerfi í byggingunni?	
JÁ eða NEI	
4.7 Ef svarið er JÁ, eru myndirnar úr eftirlitsmyndavélinni teknar upp?	
JÁ eða NEI	
4.8 Eru allar dyr, gluggar og aðrar aðgangsleiðir að flugfarmi eða flugpósti verndaðar eða sæta þær aðgangsstýringu?	
JÁ eða NEI	
4.9 Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.	
4.10 **Mat: Eru ráðstafanir rekstraraðilans fullnægjandi til að koma í veg fyrir óheimilan aðgang að þeim hlutum starfsstöðvarinnar og athafnasvæðisins þar sem auðgreinanlegur flugfarmur eða flugpóstur er meðhöndlaður eða geymdur?**	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.	

5. HLUTI

Framleiðsla

Markmið: Að verja auðgreinanlegan flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að vernd hans sé rofin.

Svara skal þessum spurningum ef unnt er að auðkenna framleiðsluvöruna sem flugfarm eða flugpóst meðan á framleiðsluferlinu stendur.

5.1 Er aðgangi að framleiðslusvæðinu stýrt?	
JÁ eða NEI	
5.2 Ef svarið er JÁ, hvernig er því háttað?	
5.3 Er umsjón höfð með framleiðsluferlinu?	
JÁ eða NEI	

5.4 Ef svarið er JÁ, hvernig er því háttað?	
5.5 Eru viðhafðar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að vernd framleiðsluvöru sé rofin á framleiðslustigi?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því.	
5.6 **Mat: Eru ráðstafanir rekstraraðilans fullnægjandi til að verja auðgreinanlegan flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að vernd hans sé rofin á framleiðslustigi?**	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.	

6. HLUTI

Pökkun

Markmið: Að verja auðgreinanlegan flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að vernd hans sé rofin.

Svara skal þessum spurningum ef unnt er að auðkenna framleiðsluvöruna sem flugfarm eða flugpóst meðan á pökkunarferlinu stendur.

6.1 Er umsjón höfð með pökkunarferlinu?	
JÁ eða NEI	
6.2 Ef svarið er JÁ, hvernig er því háttað?	
6.3 Lýsa skal fullfrágengnum ystu umbúðum:	
a) Eru fullfrágengnar ystu umbúðir traustar?	
JÁ eða NEI Lýsa skal nánar:	
b) Sést það auðveldlega á fullfrágengnum ystu umbúðum ef vernd þeirra hefur verið rofin?	
JÁ eða NEI	
Lýsa skal nánar:	
6.4 a) Eru notuð innsiglisnúmer, verndarlímband, sérstakir stimplar eða pappakassar, sem er lokað með límbandi, til að augljóst sé hvort vernd flugfarms eða flugpósts hafi verið rofin?	
JÁ eða NEI	

Ef JÁ:	
6.4 b) Eru innsigli, öryggislímband eða sérstakir stimplar geymdir við öruggar aðstæður þegar þeir eru ekki í notkun?	
JÁ eða NEI	
Lýsa skal nánar:	
6.4 c) Er eftirlit með úthlutun innsiglisnúmera, verndarlímbands og/eða stimpla?	
JÁ eða NEI	
Lýsa skal nánar:	
6.5 Ef svarið við a-lið liðar 6.4 er JÁ, hvernig fer eftirlitið fram?	
6.6 **Mat: Er fyrir hendi fullnægjandi ferli við pökkun til að verja auðgreinanlegan flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi og/eða gegn því að vernd hans sé rofin?**	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.	

7. HLUTI

Geymsla

Markmið: Að verja auðgreinanlegan flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að vernd hans sé rofin.

Svara skal þessum spurningum ef unnt er að auðkenna framleiðsluvöruna sem flugfarm eða flugpóst meðan á geymsluferlinu stendur.

7.1 Er fullfrágenginn og pakkaður flugfarmur eða flugpóstur geymdur á verndaðan hátt og gengið úr skugga um að vernd hans sé ekki rofin?
JÁ eða NEI
7.2 **Mat: Er fyrir hendi fullnægjandi ferli við geymslu til að verja auðgreinanlegan flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi og/eða gegn því að vernd hans sé rofin?**
JÁ eða NEI
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.

8. HLUTI

Sending

Markmið: Að verja auðgreinanlegan flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að vernd hans sé rofin.

Svara skal þessum spurningum ef unnt er að auðkenna framleiðsluvöruna sem flugfarm eða flugpóst meðan á sendingarferlinu stendur.

8.1 Er aðgangi að sendingarsvæðinu stýrt?	
JÁ eða NEI	
8.2 Ef svarið er JÁ, hvernig er því háttað?	
8.3 Hver hefur aðgang að sendingarsvæðinu?	
Starfsmenn?	
JÁ eða NEI	
Bílstjórar?	
JÁ eða NEI	
Gestir?	
JÁ eða NEI	
Verktakar?	
JÁ eða NEI	
8.4 **Mat: Er vörnin fullnægjandi til að verja flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að vernd hans sé rofin?**	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.	

8. HLUTI A

Sendingar frá öðrum aðilum

Markmið: að koma á ferli við meðhöndlun sendinga sem eru ekki verndaðar.

Einungis skal svara þessum spurningum ef tekið er við sendingum sem koma flugleiðis frá öðrum fyrirtækjum.

8A.1 **Tekur fyrirtækið við farmsendingum sem ætlunin er að senda flugleiðis frá öðrum fyrirtækjum?**	
JÁ eða NEI	
8A.2 Ef svarið er JÁ, hvernig er þessum sendingum haldið aðskildum frá farmi fyrirtækisins og hvernig eru þær auðkenndar viðurkenndum umboðsaðila eða farmflytjanda?	

9. HLUTI

Flutningar

Markmið: Að verja auðgreinanlegan flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að vernd hans sé rofin.

9.1 Hvernig er flugfarmur eða flugpóstur fluttur til viðurkennds umboðsaðila?	
a) Flytur viðurkenndi umboðsaðilinn hann eða einhver fyrir hans hönd?	
JÁ eða NEI	
b) Sér sendandinn sjálfur um flutninginn?	
JÁ eða NEI	
c) Notar sendandinn verktaka?	
JÁ eða NEI	
9.2 **Ef sendandinn notar verktaka:** — **er flugfarmurinn eða flugpósturinn innsiglaður eða honum pakkað fyrir flutning til að tryggja að augljóst sé ef vernd hans er rofin? og** — **hefur farmflytjandinn undirritað yfirlýsingu farmflytjanda?**	
JÁ eða NEI	
Einungis skal svara eftirfarandi spurningum ef b- eða c-liður liðar 9.1 á við. 9.3 Er hægt að tryggja vernd farmrýmis í ökutæki til vöruflutninga?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal tilgreina hvernig:	
9.4 a) Í þeim tilvikum þegar hægt er að tryggja vernd farmrýmis í ökutæki til vöruflutninga, eru þá notuð innsiglisnúmer?	
JÁ eða NEI	
b) Í þeim tilvikum sem innsiglisnúmer eru notuð er þá aðgangi að innsiglum stýrt og eru númerin skráð þegar þeim er úthlutað?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal tilgreina hvernig:	
9.5 Er augljóst hvort vernd flugfarms eða flugpósts hafi verið rofin þegar **ekki** er hægt að tryggja vernd farmrýmis í ökutæki til vöruflutninga?	
JÁ eða NEI	

9.6 Ef svarið er JÁ, skal lýsa hvaða aðferðir eru notaðar.	
9.7 Ef svarið er NEI, hvernig er vernd sendingarinnar tryggð?	
9.8 **Mat: Eru ráðstafanir fullnægjandi til að verja flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi meðan á flutningi stendur?**	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.	

YFIRLÝSING UM SKULDBINDINGAR

Ég lýsi því yfir:

— **að ég samþykki fyrirvaralausar skoðanir skoðunarmanna hlutaðeigandi yfirvalda í þeim tilgangi að vakta að þessar kröfur séu uppfylltar. Ef skoðunarmaður kemst að raun um að það séu alvarlegir ágallar á verndinni gæti það leitt til þess að staða mín sem þekktur sendandi verði afturkölluð.**

— **að ég mun veita [nafn hlutaðeigandi yfirvalds] viðeigandi upplýsingar tafarlaust og a.m.k. innan 10 virkra daga:**

  — **ef heildarábyrgð á vernd er falin einhverjum öðrum en þeim einstaklingi sem er tilgreindur í lið 1.10,**

  — **ef það eru einhverjar aðrar breytingar á athafnasvæðum eða verklagsreglum, sem líklegt er að hafi veruleg áhrif á vernd, og**

  — **ef fyrirtækið hættir viðskiptum, hættir að meðhöndla flugfarm eða flugpóst eða getur ekki lengur uppfyllt kröfur viðeigandi löggjafar Sambandsins,**

— **að ég mun viðhalda verndarkröfum þar til næsta vettvangsheimsókn og/eða skoðun í tengslum við fullgildingu fer fram.**

— **að ég tek fulla ábyrgð á þessari yfirlýsingu.**

Undirskrift	
Staða innan fyrirtækis	

Mat (og tilkynning)

Staðið/Ekki staðið	
Þegar niðurstaða heildarmatsins sýnir að viðkomandi hafi ekki staðist matið skal skrá hér á eftir þau svið þar sem sendandanum hefur ekki tekist að uppfylla tilskildar verndarkröfur eða ef um er að ræða sérstaka bresti. Einnig má gefa ráð varðandi þær breytingar sem gera þarf til að uppfylla tilskildar kröfur og þar með að fá stöðuna „staðið“.	
Undirskrift	
(Nafn matsmanns)	

FYLGISKJAL 6-C2

GÁTLISTI FYRIR FULLGILDINGU AÐ ÞVÍ ER VARÐAR VIÐURKENNDA UMBOÐSAÐILA FRÁ ÞRIÐJA LANDI MEÐ ESB-FULLGILDINGU FLUGVERNDAR

Einingar frá þriðja landi eiga kost á að verða hluti af verndaðri aðfangakeðju ACC3-flugrekanda (*flugrekandi, sem flytur farm eða póst með flugi til Sambandsins frá flugvelli í þriðja landi*), með því að óska eftir því að vera tilnefndar sem viðurkenndur umboðsaðili frá þriðja landi með ESB-fullgildingu flugverndar (RA3-umboðsaðili). RA3-umboðsaðili er eining sem sér um afgreiðslu farms í þriðja landi, sem hefur fengið fullgildingu og verið samþykkt sem slík á grundvelli ESB-fullgildingar flugverndar.

RA3-umboðsaðili skal tryggja að viðeigandi flugverndarráðstafanir séu viðhafðar vegna allra sendinga til Evrópusambandsins, þ.m.t. skimun, ef við á, og að sendingarnar hafi verið varðar gegn óheimilum aðgangi frá því að flugverndarráðstafanirnar voru gerðar og þar til sendingarnar hafa verið settar um borð í loftfar eða afhentar á annan hátt ACC3-flugrekanda eða öðrum RA3-umboðsaðila.

Í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 er mælt fyrir um forsendur fyrir því að geta flutt farm eða póst með flugi til Sambandsins([11]) eða Íslands, Noregs og Sviss.

Gátlistinn er stjórntæki sem ESB-matsmaður flugverndar á að nota til að meta verndarstigið fyrir farm eða póst, sem einingin, sem sækir um tilnefningu sem RA3-umboðsaðili, flytur með flugi til ESB/EES([12]) eða er ábyrg fyrir flutningnum. Gátlistann á aðeins að nota í tilvikunum sem eru tilgreind í b-lið liðar 6.8.4.1 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998. Í tilvikunum, sem eru tilgreind í a-lið liðar 6.8.4.1 í þeim viðauka, skal ESB-matsmaður flugverndar nota ACC3-gátlistann.

Ef ESB-matsmaður flugverndar kemst að þeirri niðurstöðu að einingu hafi tekist að ná markmiðunum, sem um getur á þessum gátlista, skal hann afhenda einingunni, sem hefur fengið fullgildingu, fullgildingarskýrslu. Í fullgildingarskýrslunni skal greina frá því að einingin sé tilnefnd sem RA3-umboðsaðili. RA3-umboðsaðilinn skal geta notað skýrsluna í viðskiptatengslum sínum við alla ACC3-flugrekendur. Óaðskiljanlegir hlutar fullgildingarskýrslu skulu a.m.k. vera eftirfarandi:

a) fullgerður gátlisti (fylgiskjal 6-C2 við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998), undirritaður af ESB-matsmanni flugverndar og, ef við á, með athugasemdum frá einingunni sem hefur fengið fullgildingu,

b) yfirlýsing um skuldbindingar (fylgiskjal 6-H2 við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998), sem einingin, sem hefur fengið fullgildingu, hefur undirritað,

c) yfirlýsing um sjálfstæði (fylgiskjal 11-A við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998), að því er varðar eininguna, sem hefur fengið fullgildingu, sem ESB-matsmaður flugverndar hefur undirritað.

Númeraröð blaðsíðna, dagsetning ESB-fullgildingar flugverndar og merking hverrar blaðsíðu með upphafsstöfum matsmanns og einingarinnar, sem hefur fengið fullgildingu, skulu sýna fram á heildarsamfellu fullgildingarskýrslunnar. Fullgildingarskýrslan skal ávallt vera á ensku.

Meta skal 5. hluta — Skimun og 6. hluta — Farmur eða póstur sem mikil áhætta fylgir (HRCM), með hliðsjón af kröfunum í liðum 6.7 og 6.8 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998. Að því er varðar þá hluta sem ekki er hægt að meta samkvæmt kröfunum í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998, fela grunnkröfur í sér kröfur og ráðlagðar starfsvenjur í 17. viðauka við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningsflug og leiðbeiningar sem finna má í handbók Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um flugvernd (skjal nr. 8973-takmörkuð dreifing).

Ef ESB-matsmaður flugverndar kemst að þeirri niðurstöðu að einingu hafi ekki tekist að ná markmiðunum, sem um getur á þessum gátlista, skal einingin fá eintak af fullgerðum gátlista þar sem frávikin koma fram.

Athugasemdir til útskýringar:

1) Fylla skal út alla hluta gátlistans. Ef engar upplýsingar eru fáanlegar verður að gera grein fyrir því.
2) Að loknum hverjum hluta skal ESB-matsmaður flugvernd komast að niðurstöðu um það hvort og að hve miklu leyti markmið þessa hluta hafa náðst.

([11]) Aðildarríki Evrópusambandsins: Austurríki, Belgía, Búlgaría, Króatía, Kýpur, Tékkland, Danmörk, Eistland, Finnland, Frakkland, Þýskaland, Grikkland, Ungverjaland, Írland, Ítalía, Lettland, Litháen, Lúxemborg, Malta, Holland, Pólland, Portúgal, Rúmenía, Slóvakía, Slóvenía, Spánn, Svíþjóð og Bretland.

([12]) Gátlisti um fullgildingu varðandi flugfarm/flugpóst/loftfar þar sem ákvörðunarstaðurinn er ESB/EES, á að sama skapi við flugfarm/flugpóst/loftfar þar sem ákvörðunarstaðurinn er ESB ásamt Íslandi, Noregi og Sviss.

1. HLUTI

Auðkenning einingarinnar, sem hefur fengið fullgildingu, og deili á matsmanni

1.1.	Dagsetning eða dagsetningar fullgildingar	
	Nota skal nákvæmt snið fyrir dagsetningar, s.s. 01.10.2012–02.10.2012.	
	dd/mm/áááá	
1.2.	Dagsetning fyrri fullgildingar, ef við á	
	dd/mm/áááá	
	Fyrra RA3-skráningarnúmer, ef það liggur fyrir.	
	Skírteini fyrir viðurkenndan rekstraraðila/C-TPAT staða/útgáfa annarra skírteina, ef mögulegt.	
1.3.	Upplýsingar um matsmann flugverndar	
	Nafn	
	Fyrirtæki/stofnun/yfirvald	
	Einstakt alstafakennimerki	
	Tölvupóstfang	
	Símanúmer (þ.m.t. alþjóðakóðar).	
1.4.	Nafn einingar	
	Nafn	
	Númer fyrirtækis (t.d. kenninúmer í fyrirtækjaskrá, ef við á)	
	Númer/Deild/Bygging	
	Gata	
	Bæjarfélag	
	Póstnúmer	
	Ríki (ef við á)	

Land	
Heimilisfang pósthólfs, ef við á	
1.5. Aðalheimilisfang stofnunarinnar (ef það er annað en starfsstöðvarinnar sem á að fullgilda)	
Númer/Deild/Bygging	
Gata	
Bæjarfélag	
Póstnúmer	
Ríki (ef við á)	
Land	
Heimilisfang pósthólfs, ef við á	
1.6. Eðli viðskipta — Það getur verið um að ræða fleiri en eina tegund viðskipta	
a) eingöngu flugfarmur b) flutningar í lofti og annar flutningsmáti c) farmmiðlari með athafnasvæði fyrir farm d) farmmiðlari sem hefur ekki athafnasvæði fyrir farm e) afgreiðsluaðili f) annað.	
1.7. Tekur umsækjandi...	
a) á móti farmi frá öðrum viðurkenndum umboðsaðila frá þriðja landi?	
b) á móti farmi frá þekktum sendendum frá þriðja landi?	
c) á móti farmi frá skráðum sendendum frá þriðja landi?	
d) á móti farmi sem fellur undir undanþágu?	
e) á móti farmi sem hann skimar?	
f) á móti farmi sem hann setur í geymslu?	
g) á móti öðru (tilgreina skal hvað).	

1.8. Áætlaður fjöldi starfsmanna á starfsstöð	
Fjöldi	
1.9. Nafn og titill einstaklings sem ber ábyrgð á vernd flugfarms eða flugpósts frá þriðja landi.	
Nafn	
Starfsheiti	
Tölvupóstfang	
Símanúmer (þ.m.t. alþjóðakóðar).	

2. HLUTI

Skipulag og ábyrgð viðurkennds umboðsaðila frá þriðja landi með ESB-fullgildingu flugverndar

Markmið: Hvorki skal flytja farm né póst með flugi til ESB/EES án þess að hann sæti flugverndarráðstöfunum. Aðeins má samþykkja farm og póst, sem RA3-umboðsaðili afhendir ACC3-flugrekanda eða öðrum RA3-umboðsaðila, sem verndaðan farm eða póst ef RA3-umboðsaðilinn hefur framkvæmt slíkar flugverndarráðstafanir. Nánari upplýsingar um slíkar ráðstafanir er að finna í eftirfarandi hlutum þessa gátlista.

RA3-umboðsaðilinn skal hafa verklagsreglur til að tryggja að viðeigandi flugverndarráðstafanir séu viðhafðar vegna alls farms og pósts, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, og að verndaður farmur eða póstur sé varinn þar til hann er afhentur ACC3-flugrekanda eða öðrum RA3-umboðsaðila. Flugverndarráðstafanir skulu samanstanda af einu af eftirfarandi:

a) handleit sem skal vera fullnægjandi svo hægt sé að tryggja, með fullnægjandi vissu, að engir bannaðir hlutir séu faldir í sendingunni,

b) öðrum flugverndarráðstöfunum, sem eru hluti af verndarferli birgðakeðju, þannig að hægt sé að tryggja, með fullnægjandi vissu, að engir bannaðir hlutir séu faldir í sendingunni og sem annar RA3-umboðsaðili, þekktur sendandi frá þriðja landi (KC3-sendandi) eða skráður sendandi frá þriðja landi (AC3-sendandi), sem RA3-umboðsaðilinn tilnefnir, hefur beitt.

Tilvísun: Liður 6.8.3

2.1. Hefur einingin komið á fót flugverndaráætlun?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal fara beint í lið 2.5.	
2.2. Flugverndaráætlun einingar	
Dagsetning — nota skal sniðið dd/mm/áááá	
Útgáfa	
Hefur flugverndaráætlun verið lögð fram og/eða samþykkt af hlutaðeigandi yfirvaldi í ríki einingarinnar? Ef svarið er JÁ, skal lýsa ferlinu:	

2.3. Tekur flugverndaráætlunin nægilega vel til þáttanna sem taldir eru upp á gátlistanum (3.–9. hluta)?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal útskýra það og tilgreina ástæður.	
2.4. Er flugverndaráætlunin endanleg, traust og fullgerð?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.	
2.5. Hefur einingin komið á ferli til að tryggja að flugfarmur eða flugpóstur sæti viðeigandi flugverndarráðstöfunum áður en hann er afhentur ACC3-flugrekanda eða öðrum RA3-umboðsaðila?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa ferlinu.	
2.6. Er stjórnunarkerfi hjá einingunni (t.d. stjórntæki, leiðbeiningar) til að tryggja að flugverndarráðstafanir, sem krafist er, séu framkvæmdar?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa stjórnunarkerfinu og skýra hvort það sé viðurkennt, hvort eftirlit sé haft með því og hvort hlutaðeigandi yfirvald eða önnur eining lætur það í té.	
Ef svarið er NEI, skal útskýra hvernig einingin tryggir að flugverndarráðstafanir séu framkvæmdar á tilskilinn hátt.	
2.7. Niðurstöður og almennar athugasemdir um það hvort ferlið sé áreiðanlegt, endanlegt og traust.	
Athugasemdir frá einingunni.	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni flugverndar.	

3. HLUTI

Ráðning og þjálfun starfsfólks

Markmið: Til að tryggja að tilskildum flugverndarráðstöfunum sé beitt skal RA3-umboðsaðili fela ábyrgu og hæfu starfsfólki að tryggja vernd flugfarms eða flugpósts. Starfsfólk, sem hefur aðgang að vernduðum flugfarmi, verður að hafa tilskilda hæfni til að gegna skyldustörfum sínum sem og viðeigandi þjálfun.

Til að ná því markmiði skal RA3-umboðsaðili setja verklagsreglur til að tryggja að allt starfsfólk (fastráðið, í tímabundnu starfi, afleysingafólk, bílstjórar o.s.frv.), sem hefur beinan aðgang án fylgdar að flugfarmi eða flugpósti sem sætir eða hefur sætt flugverndarráðstöfunum:

a) hafi verið látið sæta grunn- og reglubundinni athugun í aðdraganda ráðningar og/eða bakgrunnsskoðun, sem er a.m.k. í samræmi við kröfur, sem staðaryfirvöld gera til fullgilds RA3-athafnasvæðis, og

b) hafi lokið grunn- og reglubundinni þjálfun í flugvernd til að vera meðvitað um þá ábyrgð sem það ber, með tilliti til flugverndar, í samræmi við kröfur sem staðaryfirvöld gera til fullgilds RA3-athafnasvæðis.

Athugasemd:

— Bakgrunnsskoðun felur í sér athugun á deili einstaklings og fyrri reynslu hans, þ.m.t., ef lög heimila það, á mögulegum afbrotaferli hans, sem er hluti af mati á hæfi einstaklingsins til að framkvæma flugverndarráðstafanir og/eða að fá aðgang án fylgdar að haftasvæðum flugverndar (skilgreining í 17. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar).

— Við athugun í aðdraganda ráðningar skal staðfesta deili á einstaklingnum á grundvelli skjalfestra sönnunargagna, fara yfir ráðningarsögu, menntun og hvers konar rof þar á næstliðin fimm ár ásamt því að fara fram á að einstaklingurinn undirriti yfirlýsingu um mögulegan afbrotaferil í öllum búseturíkjum a.m.k. næstliðin fimm ár (skilgreining Sambandsins).

Tilvísun: Liður 6.8.3.1.

3.1. Hefur verið sett verklagsregla, sem tryggir að allt starfsfólk, sem hefur beinan aðgang án fylgdar að vernduðum flugfarmi eða flugpósti, sæti athugun í aðdraganda ráðningar þar sem lagt er mat á bakgrunn þess og hæfni?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ skal tilgreina þann fjölda næstliðinna ára sem tekið er tillit til við athugun í aðdraganda ráðningar og tilgreina hvaða eining framkvæmir skoðunina.	
3.2. Felur þessi verklagsregla í sér?	
□ Bakgrunnsskoðun □ Athugun í aðdraganda ráðningar □ Athugun á sakaskrá □ Viðtöl □ Annað (nánari upplýsingar). Gera skal grein fyrir framangreindum þáttum, tilgreina skal hvaða eining framkvæmir þessa þætti og, ef við á, næstliðið tímabil sem tekið er til athugunar.	
3.3. Hefur verið sett verklagsregla sem tryggir að einstaklingur, sem ber ábyrgð á beitingu og umsjón með framkvæmd flugverndarráðstafana á starfsstöð, sæti athugun í aðdraganda ráðningar þar sem lagt er mat á bakgrunn hans og hæfni?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ skal tilgreina þann fjölda næstliðinna ára sem tekið er tillit til við athugun í aðdraganda ráðningar og tilgreina hvaða eining framkvæmir skoðunina.	
3.4. Felur þessi verklagsregla í sér?	
□ Bakgrunnsskoðun □ Athugun í aðdraganda ráðningar □ Athugun á sakaskrá □ Viðtöl □ Annað (nánari upplýsingar). Gera skal grein fyrir framangreindum þáttum, tilgreina skal hvaða eining framkvæmir þessa þætti og, ef við á, næstliðið tímabil sem tekið er til athugunar.	

3.5. Fær starfsfólk, sem hefur beinan aðgang án fylgdar að vernduðum flugfarmi eða flugpósti, þjálfun í flugvernd áður en það fær þennan aðgang?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa inntaki og lengd þjálfunarinnar.	
3.6. Fær starfsfólk, sem tekur á móti, skimar og/eða ver flugfarm eða flugpóst, sérstaka starfstengda þjálfun?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa inntaki og lengd þjálfunarnámskeiðanna.	
3.7. Fær starfsfólk, sem um getur í liðum 3.5 og 3.6, reglubundna þjálfun?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal tilgreina inntak og tíðni reglubundnu þjálfunarinnar.	
3.8. Niðurstaða: tryggja ráðstafanir, sem gerðar eru vegna ráðningar og þjálfunar starfsfólks, að allt starfsfólk, sem hefur aðgang að vernduðum flugfarmi eða flugpósti, hafi verið ráðið til starfa með tilhlýðilegum hætti og að það hafi hlotið fullnægjandi þjálfun til að það geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem það ber með tilliti til flugverndar?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.	
Athugasemdir frá einingunni.	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni flugverndar.	

4. HLUTI

Verklagsreglur um móttöku

Markmið: RA3-umboðsaðilinn getur tekið við farmi eða pósti frá öðrum RA3-umboðsaðila, KC3-sendanda, AC3-sendanda eða frá óþekktum sendanda. RA3-umboðsaðilinn skal hafa viðeigandi verklagsreglur um móttöku farms og pósts til að staðfesta hvort sendingin komi frá verndaðri birgðakeðju eða ekki og síðan hvaða verndarráðstafanir þurfi að gilda um hana.

RA3-umboðsaðili má halda gagnagrunn þar sem finna má a.m.k. eftirfarandi upplýsingar um hvern viðurkenndan umboðsaðila eða þekktan sendanda, sem hlotið hefur ESB-fullgildingu flugverndar í samræmi við lið 6.8.4.1 og sem RA3-umboðsaðilinn tekur á móti farmi eða pósti frá með beinum hætti, sem afhenda á ACC3-flugrekanda, með tilliti til flutnings inn í Sambandið:

a) upplýsingar um fyrirtækið, þ.m.t. áreiðanlegt heimilisfang fyrirtækisins,

b) hvers eðlis fyrirtækið er, að undanskildum viðkvæmum viðskiptaupplýsingum,

c) tengiliðaupplýsingar, þ.m.t. tengiliðaupplýsingar einstaklings eða einstaklinga sem bera ábyrgð á flugvernd,

d) skráningarnúmer fyrirtækisins, ef við á,

e) fullgildingarskýrsla, þar sem hún liggur fyrir.

Tilvísun: Liðir 6.8.3.1 og 6.8.4.3

Athugasemd: RA3-umboðsaðili getur aðeins tekið við farmi frá AC3-sendanda sem vernduðum farmi ef þessi RA3-umboðsaðili hefur tilnefnt þennan sendanda sjálfur sem AC3-sendanda og gerir grein fyrir farminum sem þessi sendandi afhendir.

4.1. Staðfestir einingin hvort sending, sem hún tekur við, kemur frá öðrum RA3-umboðsaðila, KC3-sendanda, AC3-sendanda eða óþekktum sendanda?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, hvernig er því háttað?	
4.2. Kemur einingin á fót og viðheldur hún gagnagrunni, sem inniheldur upplýsingar um hvern RA3-umboðsaðila, KC3-sendanda og AC3-sendanda, sem hún tekur við flugfarmi eða flugpósti frá með beinum hætti, sem afhenda á ACC3-flugrekanda, með tilliti til flutnings inn í Sambandið?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal tilgreina upplýsingarnar sem eru í gagnagrunninum.	
Ef svarið er NEI, hvernig hefur einingin vitneskju um að farmurinn komi frá öðrum RA3-umboðsaðila, KC3-sendanda eða AC3-sendanda?	
4.3. Tilnefnir einingin sendendur sem AC3-sendendur?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa verklagsreglunni og verndarráðstöfunum sem einingin krefst af sendandanum.	
4.4. Þegar eining tekur á móti sendingu, gengur hún úr skugga um hvort ákvörðunarstaður hennar sé flugvöllur í ESB/EES?	
JÁ eða NEI — nánari útskýring.	
4.5. Ef svarið er JÁ — lætur einingin þá allan flugfarm eða flugpóst sæta sömu flugverndarráðstöfunum þegar ákvörðunarstaðurinn er flugvöllur í ESB/EES?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa verklaginu.	
4.6. Þegar eining tekur á móti sendingu, gengur hún þá úr skugga um hvort meðhöndla eigi sendinguna sem farm eða póst sem mikil áhætta fylgir (HRCM) (sjá skilgreiningu í 6. hluta), þ.m.t. sendingar sem flytja á með öðrum hætti en með flugi?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, hvernig er því háttað? Lýsa skal verklaginu.	
4.7. Þegar eining, sem fengið hefur fullgildingu, tekur á móti verndaðri sendingu, gengur hún þá úr skugga um hvort hún hafi verið varin gegn óheimilum aðgangi og/eða hvort vernd hennar hafi verið rofin?	
JÁ eða NEI	

Ef svarið er JÁ, skal lýsa því nánar (innsigli, lásar, skoðun o.s.frv.).	
4.8. Er þess krafist að einstaklingurinn, sem afhendir sendinguna, leggi fram opinbert auðkennisskírteini með mynd?	
JÁ eða NEI	
4.9. Er ferli í notkun til að auðkenna sendingar þar sem krafist er skimunar?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, hvernig er því háttað?	
4.10. Niðurstaða: Eru verklagsreglur um móttöku fullnægjandi til að ganga úr skugga um hvort farmur eða póstur, sem flytja á með flugi til ESB/EES, komi frá verndaðri birgðakeðju eða hvort þörf sé á að skima hann?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.	
Athugasemdir frá einingunni.	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni flugverndar.	

5. HLUTI

Skimun

Markmið: Þegar RA3-umboðsaðili tekur við farmi og pósti, sem kemur ekki frá verndaðri birgðakeðju, þarf RA3-umboðsaðilinn að skima þessar sendingar með viðeigandi hætti áður en hægt er að afhenda þær ACC3-flugrekanda sem verndaðan farm. RA3-umboðsaðili skal hafa verklagsreglur til að tryggja að farmur eða póstur sem fluttur er með flugi til ESB/EES, vegna flugskipta, gegnumferðar eða affermingar á flugvelli í Sambandinu, sé skimaður með því að nota úrræðin eða aðferðirnar, sem um getur í löggjöf Sambandsins, þannig að tryggt sé, með fullnægjandi vissu, að hann innihaldi enga bannaða hluti.

Ef hlutaðeigandi yfirvald í þriðja landi eða einhver fyrir þess hönd framkvæmir skimun á flugfarmi eða flugpósti skal RA3-umboðsaðili greina frá þeirri staðreynd og tilgreina með hvaða hætti fullnægjandi skimun er tryggð.

Tilvísun: Liður 6.8.3

5.1. Sér önnur eining um skimun fyrir hönd einingarinnar?	
JÁ eða NEI	
Ef JÁ: Tilgreina skal eðli þessara eininga og veita nánari upplýsingar um þær: — einkarekið skimunarfyrirtæki, — fyrirtæki sem starfar eftir opinberum reglum, — opinber starfræksla eða aðili á vegum ríkisins sem annast skimun, — annað. Tilgreina skal eðli samkomulags/samnings á milli einingarinnar, sem hefur fengið fullgildingu, og einingarinnar sem sér um skimunina fyrir hennar hönd.	

5.2. Hvaða aðferðir eru notaðar við að skima flugfarm og flugpóst?	
Tilgreina skal m.a. upplýsingar um búnað sem notaður er til að skima flugfarm og flugpóst (t.d. framleiðanda, tegund, útgáfu hugbúnaðar, staðla, raðnúmer o.s.frv.) að því er varðar allar aðferðirnar sem beitt er.	
5.3. Er búnaðurinn eða aðferðin, (t.d. sprengjuleitarhundar) sem notuð er, í nýjustu skrá yfir búnað og aðferðir sem uppfylla kröfur ESB, Evrópusambands flugmálastjórna (ECAC) eða Öryggisstjórnar samgöngumála í Bandaríkjunum (TSA)?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal veita nánari upplýsingar.	
Ef svarið er NEI, skal veita nánari upplýsingar, tilgreina samþykki fyrir búnaði og dagsetningu þess sem og allt sem bendir til þess að búnaðurinn uppfylli kröfur ESB um búnað.	
5.4. Er búnaðurinn notaður í samræmi við notkunarleiðbeiningar (e. *concept of operation* – CONOPS) framleiðanda og er hann prófaður reglulega og haldið við?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa ferlinu.	
5.5. Er tekið tillit til þess hvers eðlis sendingin er við skimun?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa hvernig tryggt sé að aðferðin, sem valin er til skimunar, sé fullnægjandi til að tryggja, með fullnægjandi vissu, að engir bannaðir hlutir séu faldir í sendingunni.	
5.6. Er ferli í notkun sem fylgja á ef skimunarbúnaður gefur frá sér viðvörun? (Í sumum búnaði (t.d. röntgenbúnaði) setur rekstraraðilinn sjálfur viðvörunina í gang).	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa ferlinu, sem fylgja á þegar viðvörun er gefin, til að tryggja, með fullnægjandi vissu, að um enga bannaða hluti sé að ræða.	
Ef svarið er NEI, skal útskýra hvað verður um sendinguna.	
5.7. Eru einhverjar sendingar undanþegnar öryggisleit?	
JÁ eða NEI	
5.8. Eru einhverjar undanþágur sem samrýmast ekki skrá Sambandsins?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal gefa nánari upplýsingar.	

5.9. Er aðgangi að skimunarsvæði stýrt til að tryggja að einungis starfsfólk með heimild og starfsfólk, sem hlotið hefur þjálfun, hafi aðgang að því?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því.	
5.10. Er viðhöfð virk gæðastjórnun og/eða fyrirkomulag prófana?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því.	
5.11. Niðurstaða: Er allur flugfarmur eða flugpóstur skimaður með einu af þeim úrræðum eða aðferðum sem taldar eru upp í lið 6.2.1 í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998, þannig að tryggt sé, með fullnægjandi vissu, að ekki sé um að ræða neina bannaða hluti?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæðu.	
Athugasemdir frá einingunni.	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni flugverndar.	

6. HLUTI

Farmur eða póstur sem mikil áhætta fylgir (HRCM)

Markmið: Ef sendingar koma upphaflega frá tilteknum stöðum eða hafa flugskipti á tilteknum stöðum, sem eru skilgreindir þannig að mikil áhætta fylgi þeim samkvæmt Sambandinu, eða svo virðist sem vernd sendinganna hafi verið verulega rofin ber að meðhöndla þær sem farm eða póst sem mikil áhætta fylgir (HRCM). Slíkar sendingar þarf að skima í samræmi við sérstök fyrirmæli. RA3-umboðsaðili skal hafa verklagsreglur til að tryggja að borið sé kennsl á farm eða póst, sem fluttur er með flugi til ESB/EES og mikil áhætta fylgir, sem og að hann sæti viðeigandi flugverndarráðstöfunum eins og skilgreint er í löggjöf Sambandsins.

ACC3-flugrekandi, sem RA3-umboðsaðili afhendir flugfarm eða flugpóst, skal hafa heimild til að gefa RA3-umboðsaðilanum nýjustu, viðeigandi upplýsingar um upprunastaði mikillar áhættu.

RA3-umboðsaðilinn skal gera sömu ráðstafanir, hvort sem hann tekur við farmi og pósti, sem mikil áhætta fylgir, frá flugrekanda eða með öðrum flutningsmáta.

Tilvísun: Liður 6.7

Athugasemd: Farmur eða póstur, sem mikil áhætta fylgir, og heimild hefur verið gefin að fluttur verði til ESB/EES, skal fá útgefna stöðu flugverndar „SHR“, sem þýðir að sendingin telst örugg fyrir flutning með farþega-, vöru- og póstloftfari í samræmi við kröfur um sendingar sem mikil áhætta fylgir.

6.1. Veit starfsfólk, sem ber ábyrgð á flugverndarráðstöfunum, hvaða flugfarm og flugpóst ber að meðhöndla sem farm og póst sem mikil áhætta fylgir?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því.	

6.2. Hafa verið settar verklagsreglur hjá einingunni um hvernig bera skuli kennsl á farm og póst sem mikil áhætta fylgir?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því.	
6.3. Fellur farmur og póstur, sem mikil áhætta fylgir, undir verklagsreglur um skimun farms og pósts, sem mikil áhætta fylgir, samkvæmt löggjöf Sambandsins?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina hvaða verklagsreglum skuli beitt.	
6.4. Gefur einingin, að skimun lokinni, út yfirlýsingu um stöðu flugverndar „SHR“ í skjölum sem fylgja sendingunni?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því hvernig staða flugverndar er gefin út og í hvaða skjali.	
6.5. Niðurstaða: Er ferlið, sem einingin hefur komið á, viðeigandi og fullnægjandi til að tryggja að allur farmur og póstur, sem mikil áhætta fylgir, hafi hlotið viðeigandi meðhöndlun áður en hann er settur um borð í loftfar?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæðu.	
Athugasemdir frá einingunni.	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni flugverndar.	

7. HLUTI

Vörn fyrir verndaðan flugfarm og flugpóst

Markmið: RA3-umboðsaðili skal hafa verklagsreglur til að tryggja að farmur og/eða póstur, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, sé varinn gegn óheimilum aðgangi og/eða gegn því að vernd hans verði rofin, frá því að öryggisleit eða aðrar flugverndarráðstafanir voru gerðar eða frá því að tekið er við honum eftir að hann hefur farið í gegnum skimun eða sætt flugverndarráðstöfunum og þar til hann er settur um borð í loftfar eða afhentur ACC3-flugrekanda eða öðrum RA3-umboðsaðila. Ef flugfarmur og flugpóstur, sem áður var verndaður, er ekki varinn eftir það er ekki heimilt að setja hann um borð í loftfar eða afhenda hann ACC3-flugrekanda eða öðrum RA3-umboðsaðila sem verndaðan farm eða póst.

Veita má vörnina með því að nota mismunandi úrræði, s.s. áþreifanleg úrræði (fyrirstöður, læst herbergi o.s.frv.), mannleg úrræði (eftirlitsferðir, þjálfað starfsfólk o.s.frv.) eða tæknileg úrræði (eftirlitsmyndavélar (CCTV), innbrotsviðvörunarkerfi o.s.frv.).

Verndaður farmur eða póstur, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, skal vera aðskilinn frá öðrum flugfarmi eða flugpósti sem ekki er verndaður.

Tilvísun: Liður 6.8.3.1.

7.1. Gerir önnur eining ráðstafanir til að verja verndaðan flugfarm og flugpóst fyrir hönd einingarinnar sem hefur fengið fullgildingu?	
JÁ eða NEI	

Ef JÁ: Tilgreina skal eðli þessara eininga og veita nánari upplýsingar um þær: — einkarekið skimunarfyrirtæki, — fyrirtæki sem starfar eftir opinberum reglum, — opinber starfræksla eða aðili á vegum ríkisins sem annast skimun, — annað.	
7.2. Eru viðhafðar flugverndarráðstafanir og vörn til að koma í veg fyrir að vernd flugfarmsins og flugpóstsins verði rofin meðan á skimun stendur?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því. Tilgreina skal hvaða tegund eða tegundum varna er beitt: — áþreifanlegum vörnum (girðingu, fyrirstöðu, traustbyggðri byggingu o.s.frv.), — mannlegum vörnum (eftirlitsferðum o.s.frv.), — tæknilegum vörnum (eftirlitsmyndavélum, innbrotsviðvörunarkerfi o.s.frv.) og gera grein fyrir því hvernig þær eru skipulagðar.	
7.3. Hafa einungis starfsmenn með aðgangsheimild aðgang að vernduðum flugfarmi eða flugpósti?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því. Tilgreina skal hvernig eftirliti er háttað með öllum aðgangsleiðum (þ.m.t. dyrum og gluggum) að auðgreinanlegum og vernduðum flugfarmi eða flugpósti.	
7.4. Hafa verið settar verklagsreglur, sem tryggja að farmur eða póstur, sem fluttur er með flugi til ESB/EES og fellur undir flugverndarráðstafanir, sé varinn gegn óheimilum aðgangi frá því hann hefur verið verndaður og þar til hann er settur um borð í loftfar eða afhentur ACC3-flugrekanda eða öðrum RA3-umboðsaðila?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því hvernig hann er varinn (með áþreifanlegum, mannlegum eða tæknilegum úrræðum o.s.frv.). Tilgreina skal einnig hvort byggingin sé traustbyggð og hvaða efni eru notuð, ef þessar upplýsingar eru tiltækar.	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.	
7.5. Niðurstaða: Eru ráðstafanir, sem gerðar eru til að verja sendingar, nægilega traustar til að koma í veg fyrir ólöglegt athæfi?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæðu.	

Athugasemdir frá einingunni.	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni flugverndar.	

8. HLUTI

Skjöl

Markmið: Staða flugverndar fyrir sendinguna skal koma fram í gögnum, sem fylgja sendingunni, í flugfarmbréfi, í sambærilegum póstskjölum eða í sérstakri yfirlýsingu og annaðhvort á rafrænu formi eða skriflega. RA3-umboðsaðilinn skal gefa út stöðu flugverndar.

Tilvísun: d-liður liðar 6.3.2.6 og 6.8.3.4.

Athugasemd: heimilt er að tilgreina eftirfarandi stöðu flugverndar:

— „SPX“ þýðir að sendingin telst örugg fyrir flutning með farþega-, vöru- og póstloftfari eða

— „SCO“ þýðir að sendingin er aðeins örugg fyrir flutning með vöru- og póstloftfari eða

— „SHR“ þýðir að sendingin telst örugg fyrir flutning með farþega-, vöru- og póstloftfari samkvæmt kröfum um farm sem mikil áhætta fylgir.

8.1. Tilgreinir einingin stöðu farmsins í fylgiskjölum (t.d. flugfarmbréfi) og hvernig stöðunni var náð?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal útskýra af hverju svo er ekki.	
8.2. Niðurstaða: Er skjalaferlið fullnægjandi til að tryggja að farmi eða pósti fylgi viðeigandi skjöl þar sem tilgreind er rétt verndarstaða?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæðu.	
Athugasemdir frá einingunni.	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni flugverndar.	

9. HLUTI

Flutningar

Markmið: Verja verður flugfarm og flugpóst gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að vernd hans sé rofin frá því að hann hefur verið verndaður og þar til hann er settur um borð í loftfar eða afhentur ACC3-flugrekanda eða öðrum RA3-umboðsaðila. Þetta felur í sér vörn meðan á flutningi til loftfars stendur eða til ACC3-flugrekanda eða annars RA3-umboðsaðila. Ef flugfarmur og flugpóstur, sem þegar hefur verið verndaður, er ekki varinn meðan á flutningi stendur er ekki heimilt að setja hann um borð í loftfar eða afhenda hann ACC3-flugrekanda eða öðrum RA3-umboðsaðila sem verndaðan farm.

Meðan á flutningi til loftfars, ACC3-flugrekanda eða annars RA3-umboðsaðila stendur er RA3-umboðsaðilinn ábyrgur fyrir að verja verndaðar sendingar. Þetta felur m.a. í sér tilvik þegar önnur eining sér um flutninginn fyrir hans hönd, eins og t.d. farmmiðlari. Þetta á ekki við um tilvik þegar sendingar eru fluttar á ábyrgð ACC3-flugrekanda eða annars RA3-umboðsaðila.

Tilvísun: Liður 6.8.3

9.1. Hvernig er flugfarmur eða flugpóstur fluttur til ACC3-flugrekanda eða annars RA3-umboðsaðila? a) Sér einingin, sem hefur fengið fullgildingu, sjálf um flutninginn?	
JÁ eða NEI	
b) Annast annar RA3-umboðsaðili eða ACC3-flugrekandi flutninginn?	
JÁ eða NEI	
c) Notar einingin, sem hefur fengið fullgildingu, verktaka?	
JÁ eða NEI	
9.2. Er flugfarminum eða flugpóstinum pakkað þannig að augljóst sé hvort vernd hans hafi verið rofin?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, hvernig?	
9.3. Er ökutækið innsiglað eða því læst áður en flutningur hefst?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, hvernig?	
9.4. Í þeim tilvikum sem innsiglisnúmer eru notuð er þá aðgangi að innsiglum stýrt og eru númerin skráð þegar þeim er úthlutað?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er já, skal tilgreina hvernig:	
9.5. Skrifar viðkomandi farmflytjandi undir yfirlýsingu farmflytjanda, ef við á?	
JÁ eða NEI	
9.6. Hefur einstaklingur, sem flytur farminn, hlotið fullnægjandi þjálfun vegna flugverndar og flugverndarvitundar áður en honum var heimilað að flytja flugfarm og/eða flugpóst sem hefur sætt flugverndarráðstöfunum?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa viðkomandi tegund flugverndar-ráðstafana (athugun í aðdraganda ráðningar, bakgrunns-skoðun o.s.frv.) og tegund þjálfunar (þjálfun í flugverndar-vitund o.s.frv.) sem um er að ræða.	
9.7. Niðurstaða: Eru ráðstafanir fullnægjandi til að verja flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi meðan á flutningi stendur?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.	

Athugasemdir frá einingunni.	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni flugverndar.	

10. HLUTI

Uppfylling krafna

Markmið: Eftir að hafa lagt mat á 1.-9. hluta þessa gátlista skal ESB-matsmaður flugverndar ákvarða hvort sannprófun á starfsstöð staðfesti framkvæmd flugverndarráðstafana í samræmi við markmið þessa gátlista fyrir farm eða póst sem fluttur er með flugi til ESB/EES.

Tvær atburðarásir eru mögulegar. ESB-matsmaður flugverndar kemst að þeirri niðurstöðu að einingunni:

a) hafi tekist að ná markmiðunum sem um getur á þessum gátlista; matsmaðurinn skal afhenda einingunni, sem hefur fengið fullgildingu, frumrit af fullgildingarskýrslunni og lýsa yfir að einingin sé tilnefnd sem viðurkenndur umboðsaðili frá þriðja landi með ESB-fullgildingu flugverndar,

b) hafi ekki tekist að ná markmiðunum sem um getur á þessum gátlista. Í slíku tilviki er einingunni ekki heimilt að afhenda ACC3-flugrekanda eða öðrum RA3-umboðsaðila verndaðan farm eða póst sem fluttur er með flugi til ákvörðunarstaðar í ESB/EES. Einingin skal fá eintak af fullgerðum gátlista þar sem frávikin koma fram.

Almennt séð verður ESB-matsmaður flugverndar að ákveða hvort farmur eða póstur, sem er í umsjón einingar, sem hefur fengið fullgildingu, sé meðhöndlaður þannig að hann teljist verndaður þegar hann er afhentur ACC3-flugrekanda eða öðrum RA3-umboðsaðila og þar með unnt að fljúga með hann til ESB/EES í samræmi við viðeigandi löggjöf Sambandsins.

ESB-matsmaður flugverndar verður að hafa í huga að mat hans við sannprófun byggist á heildstæðri og hlutlægri aðferðafræði.

10.1. Almennar niðurstöður:	
Mat (og tilkynning) (leggja skal áherslu á það sem á við) Ef um er að ræða „STAÐIÐ“ telst einingin vera tilnefnd sem RA3-umboðsaðili frá þriðja landi með ESB-fullgildingu flugverndar.	Staðið/Ekki staðið
Þegar niðurstaða heildarmatsins sýnir að eining hafi ekki staðist matið skal skrá hér á eftir þau svið þar sem einingunni hefur ekki tekist að uppfylla tilskildar verndarkröfur eða ef um er að ræða sérstaka bresti. Einnig má gefa ráð varðandi þær breytingar sem gera þarf til að uppfylla tilskildar kröfur og þar með að fá stöðuna „STAÐIÐ“.	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni flugverndar.	
Athugasemdir frá einingunni.	

Nafn matsmanns:

Dagsetning:

Undirskrift:

VIÐAUKI

Skrá yfir einstaklinga og einingar sem hafa verið heimsótt og viðtöl tekin við

Tilgreina skal nafn einingar, nafn tengiliðar og hvenær heimsókn eða viðtal fór fram.

Nafn einingar	Nafn tengiliðar	Dagsetning heimsóknar eða viðtals

FYLGISKJAL 6-C3

GÁTLISTI FYRIR FULLGILDINGU FYRIR ACC3-FLUGREKENDUR

Tilnefning sem ACC3-flugrekandi (*flugrekandi sem flytur farm eða póst með flugi til Evrópusambandsins frá flugvelli í þriðja landi*) er forsenda þess að geta flutt farm eða póst með flugi til Evrópusambandsins([13]) (ESB) eða Íslands, Noregs og Sviss og gerð er krafa um hana samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998.

ACC3-tilnefning er grundvallarskilyrði fyrir öll flug sem flytja farm eða póst sem fer í flugskipti, gegnumferð eða affermingu á flugvöllum í ESB/EES([14]). Hlutaðeigandi yfirvöld aðildarríkja Evrópusambandsins, Íslands, Noregs og Sviss bera hvert fyrir sig ábyrgð á tilnefningu sérstakra flugrekenda sem ACC3-flugrekenda. Tilnefningin er byggð á flugverndaráætlun flugrekanda og sannprófun á starfsstöð í tengslum við það hvort framkvæmd samrýmist markmiðunum sem um getur í þessum gátlista fyrir fullgildingu.

Gátlistinn er tækið sem ESB-matsmaður flugverndar á að nota til að meta verndarstigið fyrir flugfarm eða flugpóst til ESB/EES sem ACC3-flugrekandi flytur eða er ábyrgur fyrir eða flugrekandi sem sækir um ACC3-tilnefningu.

Fullgildingarskýrsluna skal afhenda hlutaðeigandi yfirvaldi, sem veitir tilnefningu, og einingunni, sem hefur fengið fullgildingu, innan eins mánaðar hið lengsta eftir að sannprófun á starfsstöð hefur farið fram. Óaðskiljanlegir hlutar fullgildingarskýrslu skulu a.m.k. vera:

— fullgerður gátlisti, undirritaður af ESB-matsmanni flugverndar og, ef við á, með athugasemdum frá einingunni sem hefur fengið fullgildingu,

([13]) Aðildarríki Evrópusambandsins: Austurríki, Belgía, Búlgaría, Króatía, Kýpur, Tékkland, Danmörk, Eistland, Finnland, Frakkland, Þýskaland, Grikkland, Ungverjaland, Írland, Ítalía, Lettland, Litháen, Lúxemborg, Malta, Holland, Pólland, Portúgal, Rúmenía, Slóvakía, Slóvenía, Spánn, Svíþjóð og Bretland.

([14]) Gátlisti um fullgildingu varðandi flugfarm/flugpóst/loftfar þar sem ákvörðunarstaðurinn er ESB/EES, á að sama skapi við flugfarm/flugpóst/loftfar þar sem ákvörðunarstaðurinn er ESB ásamt Íslandi, Noregi og Sviss.

— yfirlýsing um skuldbindingar (fylgiskjal 6-H1 við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998), sem einingin, sem hefur fengið fullgildingu, hefur undirritað og

— yfirlýsing um sjálfstæði (fylgiskjal 11-A við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998), að því er varðar einingunа, sem hefur fengið fullgildingu, sem ESB-matsmaður flugverndar hefur undirritað.

Númeraröð blaðsíðna, dagsetning ESB-fullgildingar flugverndar og merking hverrar blaðsíðu með upphafsstöfum matsmanns og einingarinnar, sem hefur fengið fullgildingu, skulu sýna fram á heildarsamfellu fullgildingarskýrslunnar. Fullgildingarskýrslan skal ávallt vera á ensku.

Meta skal 3. hluta — Flugverndaráætlun flugrekanda, 6. hluta — Gagnagrunnur, 7. hluta — Skimun og 8. hluta — Farmur eða póstur sem mikil áhætta fylgir, miðað við kröfurnar í liðum 6.7 og 6.8 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998. Að því er varðar aðra hluta fela grunnkröfur í sér kröfur og ráðlagðar starfsvenjur í 17. viðauka við samþykkt um alþjóðaflugmál og leiðbeiningar sem finna má í handbók Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um flugvernd (skjal nr. 8973-takmörkuð dreifing).

Athugasemdir til útskýringar:

— Fylla skal út alla hluta gátlistans. Ef engar upplýsingar eru fáanlegar verður að gera grein fyrir því.

— Að loknum hverjum hluta skal ESB-matsmaður flugverndar komast að niðurstöðu um það hvort og að hve miklu leyti markmið þessa hluta hafa náðst.

1. HLUTI

Auðkenning einingarinnar, sem hefur fengið fullgildingu, og deili á matsmanni

1.1. Dagsetning eða dagsetningar fullgildingar **Nota skal nákvæmt snið fyrir dagsetningar, s.s. 01.10.2012–02.10.2012.**	
dd/mm/áááá	
1.2. Dagsetning fyrri fullgildingar og einstakt alstafakennimerki (UAI) ACC3-flugrekandans, ef slíkt liggur fyrir.	
dd/mm/áááá	
Einstakt alstafakennimerki	
1.3. Upplýsingar um matsmann flugverndar	
Nafn	
Fyrirtæki/stofnun/yfirvald	
Einstakt alstafakennimerki	
Tölvupóstfang	
Símanúmer (þ.m.t. alþjóðakóðar).	
1.4. Nafn flugrekanda sem á að fullgilda.	
Nafn	
Flugrekandaskírteini (AOC) gefið út í (nafn ríkis):	

Kóði Alþjóðasambands flugrekenda (IATE) eða kóði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) ef kóði Alþjóðasambands flugrekenda er ekki til fyrir flugrekandann. Tilgreina skal um hvorn kóðann er að ræða.	
Ríkið sem ber ábyrgð á tilnefningu flugrekanda sem ACC3-flugrekanda.	
1.5. Upplýsingar um staðsetningu flugvalla í þriðja landi, sem á að fullgilda, eða farm- eða póststöðvar sem tengjast þeim.	
Nafn	
Kóði Alþjóðasambands flugrekenda (eða Alþjóðaflugmálastofnunarinnar) fyrir flugvöllinn	
Land	
1.6. Eðli viðskipta flugrekandans — Það getur verið um að ræða fleiri en eina tegund viðskipta.	
a) Flugrekandi sem flytur farþega og farm og/eða póst. b) Flugrekandi sem flytur aðeins farm og póst. c) Flugrekandi sem flytur aðeins farm. d) Flugrekandi sem flytur aðeins póst. e) Samræmingaraðili (e. *integrator*). f) Leigusali (e. *charter*).	
1.7. Nafn og titill einstaklings sem ber ábyrgð á vernd flugfarms eða flugpósts frá þriðja landi.	
Nafn	
Starfsheiti	
Tölvupóstfang	
Símanúmer (þ.m.t. alþjóðakóðar).	
1.8. Heimilisfang aðalskrifstofu flugrekanda á flugvellinum sem heimsóttur er.	
Númer/deild/bygging/flugvöllur	
Gata	
Bæjarfélag	
Póstnúmer	
Ríki (ef við á)	
Land	

1.9. Heimilisfang aðalskrifstofu flugrekanda, t.d. höfuðstöðvar fyrirtækisins.	
Númer/deild/bygging/flugvöllur	
Gata	
Bæjarfélag	
Póstnúmer	
Ríki (ef við á)	
Land	

2. HLUTI

Skipulag og ábyrgð ACC3-flugrekanda á flugvellinum

Markmið: Hvorki skal flytja farm né póst til ESB/EES nema hann sæti flugverndarráðstöfunum. Nánari upplýsingar um slíkar ráðstafanir er að finna í eftirfarandi hlutum þessa gátlista. ACC3-flugrekandi skal ekki taka við farmi eða pósti til flutnings með loftfari til ESB nema viðurkenndur umboðsaðili með ESB-fullgildingu flugverndar, þekktur sendandi með ESB-fullgildingu flugverndar eða skráður sendandi viðurkennds umboðsaðila með ESB-fullgildingu flugverndar geti staðfest og gert grein fyrir notkun skimunar eða annarra flugverndarráðstafana eða slíkar sendingar verði skimaðar í samræmi við löggjöf Sambandsins.

ACC3-flugrekandi skal koma á tilteknu ferli til að tryggja að viðeigandi flugverndarráðstafanir séu viðhafðar vegna flugfarms og flugpósts sem fluttur er til ESB/EES nema hann sé undanþeginn skimun, í samræmi við löggjöf Sambandsins, og að þessi farmur eða póstur sé varinn þar til hann er settur um borð í loftfar. Flugverndarráðstafanir samanstanda af:

— handleit sem skal vera fullnægjandi svo hægt sé að tryggja, með fullnægjandi vissu, að engir bannaðir hlutir séu faldir í sendingunni eða

— öðrum flugverndarráðstöfunum sem eru hluti af verndarferli birgðakeðju, þannig að hægt sé að tryggja, með fullnægjandi vissu, að engir bannaðir hlutir séu faldir í sendingunni, sem viðurkenndir umboðsaðilar með ESB-fullgildingu flugverndar eða þekktir sendendur eða skráðir sendendur með ESB-fullgildingu flugverndar nota.

Tilvísun: Liður 6.8.3

2.1. Hefur flugrekandi komið á ferli til að tryggja að flugfarmur eða flugpóstur sæti viðeigandi flugverndarráðstöfunum áður en hann er settur um borð í loftfar sem flýgur til ESB/EES?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa ferlinu.	
2.2. Framkvæmir flugrekandi eða eining fyrir hans hönd, sem fellur undir flugverndaráætlun hans, flugverndarráðstafanir?	
Ef svarið er JÁ, skal veita nánari upplýsingar.	
Ef svarið er NEI, hvaða einingar, sem ekki falla undir flugverndaráætlun flugrekanda, viðhafa flugverndarráðstafanir vegna flugfarms eða flugpósts sem flugrekandinn flytur til ESB/EES?	

Tilgreina skal eðli þessara eininga og veita nánari upplýsingar um þær: — einkarekið afgreiðslufyrirtæki, — fyrirtæki sem starfar eftir opinberum reglum, — opinber starfræksla eða aðili á vegum ríkisins sem annast skimun, — annað.	
2.3. Hvaða tæki og fyrirmæli notar flugrekandinn til að tryggja að flugverndarráðstafanir séu framkvæmdar með tilskildum hætti?	
2.4. Getur flugrekandinn farið fram á viðeigandi flugverndarráðstafanir ef einingar, sem falla ekki undir flugverndaráætlun hans, s.s. opinber starfræksla, framkvæma skimunina?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal veita nánari upplýsingar.	
2.5. Hefur verið komið á fót áætlun fyrir flugfarm eða flugpóst að því er varðar viðurkennda umboðsaðila eða þekkta sendendur, í samræmi við kröfur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, í því ríki þar sem flugvöllurinn er staðsettur og þar sem fullgildingarheimsóknin fer fram?	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa þáttum áætlunarinnar og hvernig henni hefur verið komið á fót.	
2.6. Niðurstöður og almennar athugasemdir um það hvort ferlið sé áreiðanlegt, endanlegt og traust.	
Athugasemdir frá flugrekanda	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni flugverndar	

3. HLUTI

Flugverndaráætlun flugrekanda

Markmið: ACC3-flugrekandi skal tryggja að flugverndaráætlun hans taki til allra flugverndarráðstafana sem eru viðeigandi og fullnægjandi fyrir flugfarm og -póst sem fluttur er til ESB.

Flugverndaráætlun og tengd gögn flugrekanda skulu liggja til grundvallar flugverndarráðstöfunum sem framkvæmdar eru í samræmi við markmið þessa gátlista. Flugrekandinn kann að vilja koma gögnum sínum til ESB-matsmanns flugverndar áður en heimsókn hans hefst svo hann geti kynnt sér upplýsingar um starfsstöðvarnar sem hann á að heimsækja.

Tilvísun: Liður 6.8.2.1 og fylgiskjal 6-G

Athugasemd: Eftirfarandi liðir, sem taldir eru upp í fylgiskjali 6-G við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998, skulu fá viðeigandi yfirferð:

a) lýsing á ráðstöfunum sem gerðar eru varðandi flugfarm og flugpóst,

b) verklagsreglur um móttöku,

c) kerfi og viðmiðanir varðandi viðurkennda umboðsaðila,

d) kerfi og viðmiðanir varðandi þekkta sendendur,

e) kerfi og viðmiðanir varðandi skráða sendendur,

f) kröfur varðandi skimun,

g) staðsetning skimunar,

h) upplýsingar um skimunarbúnað,

i) upplýsingar um viðkomandi flugrekanda eða þjónustuveitanda,

j) skrá yfir undanþágur frá öryggisleit,

k) upplýsingar um meðhöndlun flugfarms og flugpósts sem mikil áhætta fylgir.

3.1. Flugverndaráætlun flugrekanda	
Dagsetning — nota skal nákvæmt snið fyrir dagsetningar dd/mm/áááá	
Útgáfa	
Hefur áætlunin verið lögð fyrir hlutaðeigandi yfirvald ESB/EES áður? Ef svarið er JÁ, var það í tengslum við ACC3-tilnefningu? Af öðrum ástæðum?	
3.2. Tekur flugverndaráætlunin nægilega vel til allra þátta skárinnar hér að framan?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal útskýra það og tilgreina ástæður.	
3.3. Eru flugverndarráðstafanirnar, sem lýst er í flugverndaráætluninni, viðeigandi og fullnægjandi til að vernda flugfarm eða -póst sem fluttur er til ESB/EES samkvæmt tilskildum kröfum?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal útskýra það og tilgreina ástæður.	
3.4. Niðurstaða: Er flugverndaráætlunin endanleg, traust og fullgerð?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.	
Athugasemdir frá flugrekanda	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni flugverndar	

4. HLUTI

Ráðning og þjálfun starfsfólks

Markmið: ACC3-flugrekandi skal fela ábyrgu og hæfu starfsfólki að tryggja vernd flugfarms eða flugpósts. Starfsfólk sem hefur aðgang að vernduðum flugfarmi skal hafa tilskilda hæfni til að gegna skyldustörfum sínum sem og viðeigandi þjálfun.

Til að ná því markmiði skal ACC3-flugrekandi setja tiltekna verklagsreglu til að tryggja að allt starfsfólk (fastráðið, í tímabundnu starfi, afleysingafólk, ökumenn o.s.frv.) sem hefur beinan aðgang án fylgdar að flugfarmi eða flugpósti sem er eða hefur sætt flugverndarráðstöfunum:

— hafi verið látið sæta grunn- og reglubundinni athugun í aðdraganda ráðningar og/eða bakgrunnsskoðun, sem er a.m.k. í samræmi við kröfur staðaryfirvalda á flugvellinum sem hefur hlotið fullgildingu, og

— hafi lokið grunn- og reglubundinni þjálfun í flugvernd til að vera meðvitað um þá ábyrgð sem það ber með tilliti til flugverndar í samræmi við kröfur staðaryfirvalda á þeim flugvelli sem hefur hlotið fullgildingu.

Tilvísun: Liður 6.8.3.1

Athugasemd:

— Bakgrunnsskoðun felur í sér athugun á deili einstaklings og fyrri reynslu hans, þ.m.t., ef lög heimila það, á mögulegum afbrotaferli hans, sem er hluti af mati á hæfi einstaklingsins til að framkvæma flugverndarráðstafanir og/eða að fá aðgang án fylgdar að haftasvæðum flugverndar (skilgreining í 17. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar).

— Við athugun í aðdraganda ráðningar skal staðfesta deili á einstaklingnum á grundvelli skjalfestra sönnunargagna, fara yfir ráðningarsögu, menntun og hvers konar rof þar á næstliðin fimm ár ásamt því að fara fram á að einstaklingurinn undirriti yfirlýsingu um mögulegan afbrotaferil í öllum búseturíkjum a.m.k. næstliðin fimm ár (skilgreining Sambandsins).

4.1. Hefur verið sett verklagsregla sem tryggir að allt starfsfólk sem hefur beinan aðgang án fylgdar að vernduðum flugfarmi eða -pósti sæti athugun í aðdraganda ráðningar þar sem lagt er mat á bakgrunn þess og hæfni?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ skal tilgreina þann fjölda næstliðinna ára sem tekið er tillit til við athugun í aðdraganda ráðningar og tilgreina hvaða eining framkvæmir skoðunina.	
4.2. Felur þessi verklagsregla í sér?	
— Bakgrunnsskoðun — Athugun í aðdraganda ráðningar — Athugun á sakaskrá — Viðtöl — Annað (nánari upplýsingar). Gera skal grein fyrir framangreindum þáttum, tilgreina skal hvaða eining framkvæmir þessa þætti og, ef við á, næstliðið tímabil sem tekið er til athugunar.	
4.3. Hefur verið sett verklagsregla sem tryggir að einstaklingur, sem ber ábyrgð á beitingu og eftirliti með framkvæmd flugverndarráðstafana á starfsstöð, sæti athugun í aðdraganda ráðningar þar sem lagt er mat á bakgrunn hans og hæfni?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal tilgreina þann fjölda næstliðinna ára sem tekið er tillit til við athugun í aðdraganda ráðningar og tilgreina hvaða eining framkvæmir skoðunina.	
4.4. Felur þessi verklagsregla í sér?	
— Bakgrunnsskoðun — Athugun í aðdraganda ráðningar — Athugun á sakaskrá — Viðtöl — Annað (nánari upplýsingar). Gera skal grein fyrir framangreindum þáttum, tilgreina skal hvaða eining framkvæmir þessa þætti og, ef við á, næstliðið tímabil sem tekið er til athugunar.	

4.5. Fær starfsfólk, sem hefur beinan aðgang án fylgdar að vernduðum flugfarmi eða flugpósti, þjálfun í flugvernd áður en það fær þennan aðgang?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa inntaki og lengd þjálfunarinnar.	
4.6. Fær starfsfólk, sem tekur á móti, skimar og/eða ver flugfarm eða flugpóst, sérstaka starfstengda þjálfun?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa inntaki og lengd þjálfunarnámskeiðanna.	
4.7. Fær starfsfólk, sem um getur í liðum 4.5 og 4.6, reglubundna þjálfun?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal tilgreina inntak og tíðni reglubundnu þjálfunarinnar.	
4.8. Niðurstaða: tryggja ráðstafanir, sem gerðar eru vegna ráðningar og þjálfunar starfsfólks, að öllu starfsfólki, sem hefur aðgang að vernduðum flugfarmi eða flugpósti, hafi verið úthlutað verkefnum með tilhlýðilegum hætti og að það hafi hlotið fullnægjandi þjálfun til að það geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem það ber með tilliti til flugverndar?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.	
Athugasemdir frá flugrekanda	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni flugverndar	

5. HLUTI

Verklagsreglur um móttöku

Markmið: ACC3-flugrekandi skal setja tiltekna verklagsreglu, að því er varðar fyrri ráðstafanir, til að leggja mat á og sannprófa verndarstig sendingar við móttöku.

Í verklagsreglunni skulu koma fram eftirfarandi þættir:

— sannprófun á því hvort sendingin hafi borist frá einstaklingi, sem viðurkenndur umboðsaðili eða þekktur sendandi með ESB-fullgildingu flugverndar, eins og skráð er í gagnagrunni hans (6. hluta), hefur tilnefnt eða frá skráðum sendanda þessa viðurkennda umboðsaðila,

— sannprófun á því hvort sendingunni fylgi allar tilskildar verndarupplýsingar (flugfarmbréf og upplýsingar um verndarstöðu á pappír eða með rafrænum hætti) sem samsvara þeim flugfarmi og póstsendingum sem tekið er á móti,

— sannprófun á því hvort sendingin beri nokkur merki þess að vernd hennar hafi verið rofin og

— sannprófun á því hvort meðhöndla beri sendinguna sem farm og póst sem mikil áhætta fylgir (HRCM).

Tilvísun: Liður 6.8.3.1

Athugasemd:

— Með viðurkenndum umboðsaðila eða þekktum sendanda er átt við einingu sem meðhöndlar farm og sem ESB-matsmaður flugverndar hefur veitt fullgildingu með fullnægjandi hætti eða þar sem verndarráðstafanir hafa verið felldar inn í flugverndaráætlun ACC3-flugrekanda sem hefur fengið ESB-fullgildingu (í slíkum tilvikum ber ACC3-flugrekandinn meðábyrgð á verndarráðstöfunum).

— Með skráðum sendanda er átt við einingu sem meðhöndlar farm sjálf á ábyrgð viðurkennds umboðsaðila með ESB-fullgildingu flugverndar. Viðurkenndi umboðsaðilinn ber fulla ábyrgð á flugverndarráðstöfunum sem skráði sendandinn beitir.

— Tilnefndur einstaklingur skal vera sá sem falið er að afhenda flugrekandanum flugfarm eða flugpóst. Sá sem afhendir flugrekandanum sendinguna skal framvísa kennivottorði, vegabréfi, ökuskírteini eða öðru skjali með ljósmynd sem landsyfirvald hefur gefið út eða sem það viðurkennir.

5.1. Þegar flugrekandi tekur á móti sendingu með beinum hætti, gengur hann þá úr skugga um hvort hún komi frá viðurkenndum umboðsaðila, þekktum sendanda eða skráðum sendanda sem hefur fengið fullgildingu eða viðurkenningu samkvæmt löggjöf um flugfarm í Sambandinu og er skráður í gagnagrunn flugrekandans?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa verklaginu.	
5.2. Þegar flugrekandi tekur á móti sendingu með beinum hætti, gengur hann þá úr skugga um hvort ákvörðunarstaður hennar sé flugvöllur í ESB/EES?	
JÁ eða NEI — nánari útskýring.	
5.3. Ef svarið er JÁ — lætur flugrekandinn þá allan farm eða póst sæta sömu flugverndarráðstöfunum þegar ákvörðunarstaðurinn er á flugvelli í ESB/EES?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa verklaginu.	
5.4. Þegar flugrekandi tekur á móti sendingu með beinum hætti, gengur hann þá úr skugga um hvort meðhöndla beri sendinguna sem farm eða póst sem mikil áhætta fylgir (HRCM), þ.m.t. sendingar sem flytja á með öðrum hætti en með flugi?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, hvernig er því háttað? Lýsa skal verklaginu.	
5.5. Þegar flugrekandi tekur á móti verndaðri sendingu, gengur hann þá úr skugga um hvort hún hafi verið varin gegn óheimilum aðgangi og/eða hvort vernd hennar hafi verið rofin?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ skal lýsa því nánar (innsigli, lásar o.s.frv.).	
5.6. Þegar flugrekandi tekur á móti flugfarmi/flugpósti vegna gegnumferðar á þessum stað (farmur/póstur sem fer með sama loftfari og hann kom með), gengur hann þá úr skugga um, á grundvelli uppgefinna gagna, hvort beita þurfi frekari flugverndarráðstöfunum?	
JÁ eða NEI	

Ef svarið er JÁ, hvernig gengur hann úr skugga um það?	
Ef svarið er NEI, hvaða flugverndarráðstöfunum er beitt til að vernda farm og póst sem er fluttur til ESB/EES?	
5.7. Þegar flugrekandi tekur á móti flugfarmi/flugpósti vegna flugskipta á þessum stað (farmur/póstur sem fer með öðru loftfari en hann kom með), gengur hann þá úr skugga, á grundvelli uppgefinna gagna, hvort beita þurfi frekari flugverndarráðstöfunum?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, hvernig gengur hann úr skugga um það?	
Ef svarið er NEI, hvaða flugverndarráðstöfunum er beitt til að vernda farm og póst sem er fluttur til ESB/EES?	
5.8. Er þess krafist að einstaklingurinn, sem afhendir flugrekandanum verndaðan, þekktan flugfarm, leggi fram opinbert auðkennisskírteini með mynd?	
JÁ eða NEI	
5.9. Niðurstaða: Eru verklagsreglur um móttöku fullnægjandi til að ganga úr skugga um hvort flugfarmur eða flugpóstur komi frá verndaðri birgðakeðju eða hvort þörf sé á að skima hann?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.	
Athugasemdir frá flugrekanda	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni flugverndar	

6. HLUTI

Gagnagrunnur

Markmið: Ef ACC3-flugrekanda er ekki gert skylt að skima 100% flugfarm eða flugpóst, sem fluttur er til ESB/EES, skal hann tryggja að farmurinn eða pósturinn komi frá viðurkenndum umboðsaðila með ESB-fullgildingu flugverndar eða þekktum sendanda eða skráðum sendanda viðurkennds umboðsaðila.

Í því skyni að vakta skoðunarskrár er varðar viðkomandi vernd skal ACC3-flugrekandi halda gagnagrunn þar sem veittar eru eftirfarandi upplýsingar um hverja einingu eða einstakling, sem flugrekandinn tekur við farmi eða pósti frá með beinum hætti:

— staða einingarinnar sem um er að ræða (viðurkenndur umboðsaðili eða þekktur sendandi),

— upplýsingar um fyrirtækið, þ.m.t. áreiðanlegt heimilisfang fyrirtækisins,

— hvers eðlis fyrirtækið er, að undanskildum viðkvæmum viðskiptaupplýsingum,

— tengiliðaupplýsingar, þ.m.t. tengiliðaupplýsingar einstaklings eða einstaklinga sem bera ábyrgð á flugvernd,

— skráningarnúmer fyrirtækisins, ef við á.

Ef ACC3-flugrekandi tekur á móti flugfarmi eða flugpósti skal hann athuga hvort einingin sé skráð í gagnagrunninum. Ef einingunа er ekki að finna í gagnagrunninum skal skima flugfarminn eða flugpóstinn, sem einingin afhenti, áður en hann er settur um borð í loftfar.

Tilvísun: Liðir 6.8.4.1 og 6.8.4.3

6.1. Heldur flugrekandinn gagnagrunn þar sem er að finna, eins og við á, upplýsingarnar sem um getur að framan, um: — viðurkennda umboðsaðila með ESB-fullgildingu flugverndar, — þekkta sendendur með ESB-fullgildingu flugverndar, — skráða sendendur viðurkennds umboðsaðila (valfrjálst)?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ skal lýsa gagnagrunninum.	
Ef svarið er NEI, skal útskýra af hverju svo er ekki.	
6.2. Hefur starfsfólk, sem tekur á móti flugfarmi og flugpósti, greiðan aðgang að gagnagrunninum?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa ferlinu.	
6.3. Er gagnagrunnurinn uppfærður reglulega til að veita starfsfólki, sem tekur á móti flugfarmi og flugpósti, áreiðanleg gögn?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal útskýra af hverju svo er ekki.	
6.4. Niðurstaða: Heldur flugrekandi gagnagrunn sem tryggir fullt gagnsæi um tengsl hans við einingar, sem hann tekur beint við farmi eða pósti frá (sem búið er að skima eða sem hefur sætt flugverndarráðstöfunum) til flutnings inn í Sambandið/EES?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.	
Athugasemdir frá flugrekanda	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni flugverndar	

7. HLUTI

Skimun

Markmið: Ef ACC3-flugrekandi tekur við farmi og pósti frá einingu, sem ekki hefur ESB-fullgildingu flugverndar, eða farmurinn, sem tekið er við, hefur ekki verið varinn gegn óheimilum aðgangi frá því að flugvarnarráðstöfunum var beitt skal ACC3-flugrekandi tryggja að þessi farmur verði skimaður áður en hann er settur um borð í loftfar. ACC3-flugrekandi skal koma á tilteknu ferli til að tryggja að flugfarmur og flugpóstur, sem fluttur er til ESB/EES, vegna flugskipta, gegnumferðar eða affermingar á flugvelli Sambandsins, sé skimaður með því að nota úrræðin eða aðferðirnar, sem um getur í löggjöf Sambandsins, þannig að tryggt sé, með fullnægjandi vissu, að hann innihaldi enga bannaða hluti.

Ef ACC3-flugrekandi skimar ekki sjálfur flugfarm eða flugpóst skal hann tryggja að viðeigandi skimun eigi sér stað samkvæmt kröfum Sambandsins. Verklagsreglur um skimun skulu, eftir því sem við á, taka til meðhöndlunar á farmi og pósti í flugskiptum og gegnumferð.

Ef hlutaðeigandi yfirvald í þriðja landi eða einhver fyrir þess hönd framkvæmir skimun á flugfarmi eða flugpósti skal ACC3-flugrekandi, sem tekur á móti slíkum flugfarmi eða flugpósti frá einingu, lýsa því í flugverndaráætlun sinni og tilgreina með hvaða hætti fullnægjandi skimun er tryggð.

Tilvísun: Liðir 6.8.3.1, 6.8.3.2, 6.8.3.3

7.1. Framkvæmir flugrekandi skimun eða eining fyrir hans hönd sem fellur undir flugverndaráætlun hans?	
Ef svarið er JÁ skal veita nánari upplýsingar. Ef við á, skal veita nánari upplýsingar um einingu eða einingar sem falla undir flugverndaráætlun flugrekandans: — Nafn — Heimilisfang tiltekinnar starfsstöðvar — Hvort hann sé viðurkenndur rekstraraðili, ef við á.	
Ef svarið er NEI, hvaða einingar, sem falla ekki undir flugverndaráætlun flugrekanda, skima flugfarm eða flugpóst sem flugrekandinn flytur til ESB/EES? Tilgreina skal eðli þessara eininga og veita nánari upplýsingar um þær: — einkarekið afgreiðslufyrirtæki, — fyrirtæki sem starfar eftir opinberum reglum, — opinber starfræksla eða aðili á vegum ríkisins sem annast skimun, — annað.	
7.2. Hvaða aðferðir eru notaðar við að skima flugfarm og flugpóst?	
Tilgreina skal aðferðirnar, þ.m.t. upplýsingar um búnað sem notaður er til að skima flugfarm og flugpóst (framleiðanda, tegund, útgáfu hugbúnaðar, staðla, raðnúmer o.s.frv.) fyrir allar aðferðirnar sem notaðar eru	
7.3. Er búnaðurinn eða aðferðin, (t.d. sprengjuleitarhundar) sem notuð er, í nýjustu skrá yfir búnað og aðferðir sem uppfylla kröfur ESB, Evrópusambands flugmálastjórna (ECAC) eða Öryggisstjórnar samgöngumála í Bandaríkjunum (TSA)?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal veita nánari upplýsingar.	
Ef svarið er NEI, skal veita nánari upplýsingar, tilgreina samþykki fyrir búnaði og dagsetningu þess sem og allt sem bendir til þess að búnaðurinn uppfylli kröfur ESB um búnað.	
7.4. Er búnaðurinn notaður í samræmi við notkunarleiðbeiningar (e. *concept of operation* – CONOPS) framleiðanda og er hann prófaður reglulega og haldið við?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa ferlinu.	

7.5. Er tekið tillit til þess hvers eðlis sendingin er við skimun?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa hvernig tryggt sé að aðferðin, sem valin er til skimunar, sé fullnægjandi til að tryggja, með fullnægjandi vissu, að engir bannaðir hlutir séu faldir í sendingunni.	
7.6. Er ferli í notkun sem fylgja á ef skimunarbúnaður gefur frá sér viðvörun?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa ferlinu, sem fylgja á þegar viðvörun er gefin, til að tryggja, með fullnægjandi vissu, að um enga bannaða hluti sé að ræða.	
Ef svarið er NEI, skal útskýra hvað verður um sendinguna.	
7.7. Eru einhverjar sendingar undanþegnar öryggisleit?	
JÁ eða NEI	
7.8. Eru einhverjar undanþágur sem samrýmast ekki skrá Sambandsins?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal gefa nánari upplýsingar.	
7.9. Er aðgangi að skimunarsvæði stýrt til að tryggja að einungis heimilað starfsfólk og starfsfólk sem hlotið hefur þjálfun hafi aðgang að því?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því.	
7.10. Er viðhöfð virk gæðastjórnun og/eða fyrirkomulag prófana?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því.	
7.11. Niðurstaða: Er allur flugfarmur eða flugpóstur skimaður með einu af þeim úrræðum eða aðferðum sem taldar eru upp í lið 6.2.1 í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998, þannig að tryggt sé, með fullnægjandi vissu, að ekki sé um að ræða neina bannaða hluti?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæðu.	
Athugasemdir frá flugrekanda	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni flugverndar	

8. HLUTI

Farmur eða póstur sem mikil áhætta fylgir (HRCM)

Markmið: Ef sendingar koma upphaflega frá tilteknum stöðum eða hafa flugskipti á tilteknum stöðum, sem eru skilgreindir þannig að mikil áhætta fylgi þeim samkvæmt ESB, eða svo virðist sem vernd sendinganna hafi verið verulega rofin, ber að meðhöndla þær sem farm eða póst sem mikil áhætta fylgir (HRCM). Slíkar sendingar þarf að skima í samræmi við sérstök fyrirmæli. Viðeigandi yfirvald ESB/EES, sem hefur tilnefnt ACC3-flugrekandann, skal ákvarða hvaða upprunastöðum fylgir mikil áhætta og fyrirmæli um skimun. ACC3-flugrekandinn skal hafa verklagsreglu til að tryggja að borið sé kennsl á farm eða póst, sem fluttur er til ESB/EES og mikil áhætta fylgir, sem og að hann sæti viðeigandi flugverndarráðstöfunum eins og skilgreint er í löggjöf Sambandsins.

ACC3-flugrekandinn skal vera í sambandi við hlutaðeigandi yfirvald, sem er ábyrgt fyrir flugvöllum í ESB/EES sem flugrekandinn flytur farm til, þannig að hann hafi nýjustu upplýsingar um upprunastaði sem mikil áhætta fylgir.

ACC3-flugrekandinn skal gera sömu ráðstafanir, hvort sem hann tekur við farmi og pósti, sem mikil áhætta fylgir, frá öðrum flugrekanda eða með öðrum flutningsmáta.

Tilvísun: Liðir 6.7 og 6.8.3.4

Athugasemd: Farmur eða póstur, sem mikil áhætta fylgir, og heimild hefur verið gefin að fluttur verði til ESB/EES, skal fá útgefna stöðu flugverndar „SHR“, sem þýðir að sendingin telst örugg fyrir flutning með farþega-, vöru- og póstloftfari í samræmi við kröfur um sendingar sem mikil áhætta fylgir.

8.1. Veit starfsfólk flugrekanda, sem ber ábyrgð á flugverndarráðstöfunum, hvaða flugfarm og flugpóst ber að meðhöndla sem farm og póst sem mikil áhætta fylgir?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því.	
8.2. Hefur flugrekandi sett verklagsreglur um hvernig bera skuli kennsl á farm og póst sem mikil áhætta fylgir?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því.	
8.3. Fellur farmur og póstur, sem mikil áhætta fylgir, undir verklagsreglur um skimun samkvæmt löggjöf ESB?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina hvaða verklagsreglum skuli beitt.	
8.4. Gefur flugrekandi, að skimun lokinni, út yfirlýsingu um stöðu flugverndar „SHR“ í skjölum sem fylgja sendingunni?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því hvernig staða flugverndar er gefin út og í hvaða skjali.	
8.5. Niðurstaða: Er ferlið, sem flugrekandi hefur komið á, viðeigandi og fullnægjandi til að tryggja að allur farmur og póstur, sem mikil áhætta fylgir, hafi hlotið viðeigandi meðhöndlun áður en hann er settur um borð í loftfar?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæðu.	
Athugasemdir frá flugrekanda	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni flugverndar.	

9. HLUTI

Vörn

Markmið: ACC3-flugrekandi skal koma á ferli til að tryggja að flugfarmur eða flugpóstur, sem fluttur er til ESB/EES, sé varinn gegn óheimilum aðgangi frá því að öryggisleit eða aðrar flugverndarráðstafanir eru gerðar eða frá því að tekið er við honum eftir að hann hefur farið í gegnum skimun eða sætt flugverndarráðstöfunum og þar til hann er settur um borð í loftfar.

Veita má vörnina með því að nota mismunandi úrræði, s.s. áþreifanleg úrræði (fyrirstöður, læst herbergi o.s.frv.), mannleg úrræði (eftirlitsferðir, þjálfað starfsfólk o.s.frv.) eða tæknileg úrræði (eftirlitsmyndavélar (CCTV), innbrotsviðvörunarkerfi o.s.frv.).

Verndaður farmur eða póstur, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, skal vera aðskilinn frá öðrum flugfarmi eða flugpósti sem ekki er verndaður.

Tilvísun: Liður 6.8.3

9.1. Gerir flugrekandi eða eining fyrir hans hönd, sem fellur undir flugverndaráætlun hans, ráðstafanir til að verja flugfarm og flugpóst?	
Ef svarið er JÁ, skal veita nánari upplýsingar.	
Ef svarið er NEI, hvaða einingar, sem ekki falla undir flugverndaráætlun flugrekanda, gera ráðstafanir til að verja flugfarm og flugpóst sem flugrekandinn flytur til ESB/EES? Tilgreina skal eðli þessara eininga og veita nánari upplýsingar um þær: — einkarekið afgreiðslufyrirtæki, — fyrirtæki sem starfar eftir opinberum reglum, — opinber starfræksla eða aðili á vegum ríkisins sem annast skimun, — annað.	
9.2. Eru viðhafðar flugverndarráðstafanir og vörn til að koma í veg fyrir að vernd flugfarmsins eða flugpóstinum verði rofin meðan á skimun stendur?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því.	
9.3. Er viðhaft ferli sem tryggir að flugfarmur/flugpóstur, sem fluttur er til ESB/EES og fellur undir flugverndarráðstafanir, sé varinn gegn óheimilum aðgangi frá því að hann hefur verið varinn og þar til hann er settur um borð í loftfar?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því hvernig hann er varinn.	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.	
9.4. Niðurstöður: Eru ráðstafanir, sem gerðar eru til að verja sendingar, nægilega traustar til að koma í veg fyrir ólöglegt athæfi?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæðu.	
Athugasemdir frá flugrekanda	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni flugverndar.	

10. HLUTI

Meðfylgjandi skjöl

Markmið: ACC3-flugrekandi skal tryggja:

1) að staða flugverndar fyrir sendinguna komi fram í meðfylgjandi skjölum, í flugfarmbréfi, í sambærilegum póstskjölum eða í sérstakri yfirlýsingu og annaðhvort á rafrænu eða skriflegu formi og

2) að einstaka alstafakennimerkið komi fram í skjölum sem fylgja sendingum, annaðhvort á rafrænu eða skriflegu formi,

Tilvísun: d-liður liðar 6.3.2.6, liður 6.8.3.4 og 6.8.3.5

Athugasemd: heimilt er að tilgreina eftirfarandi stöðu flugverndar:

— „SPX“ þýðir að sendingin telst örugg fyrir flutning með farþega-, vöru- og póstloftfari eða

— „SCO“ þýðir að sendingin er aðeins örugg fyrir flutning með vöru- og póstloftfari eða

— „SHR“ þýðir að sendingin telst örugg fyrir flutning með farþega-, vöru- og póstloftfari samkvæmt kröfum um farm sem mikil áhætta fylgir.

Ef viðurkenndum umboðsaðila er ekki til að dreifa hefur ACC3-flugrekandi eða flugrekandi, sem kemur frá þriðja landi og er undanþeginn ACC3-fyrirkomulaginu, heimild til að gefa út yfirlýsingu um stöðu flugverndar.

10.1. Fylgja sendingum skjöl sem staðfesta fyrri og núverandi flugverndarráðstafanir?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa innihaldi skjalanna.	
Ef svarið er NEI, skal útskýra af hverju og hvernig flugrekandi meðhöndlar farm eða póst sem „verndaðan“ þegar hann er settur um borð í loftfar.	
10.2. Er einstaka alstafakennimerki ACC3-flugrekandans að finna í skjölunum?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal útskýra af hverju svo er ekki.	
10.3. Er verndarstaða farmsins tilgreind í skjölunum og hvernig þeirri stöðu var náð?	
JÁ eða NEI	
10.4. Niðurstaða: Er skjalaferlið fullnægjandi til að tryggja að farmi eða pósti fylgi viðeigandi skjöl þar sem tilgreind er rétt verndarstaða?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæðu.	
Athugasemdir frá flugrekanda	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni flugverndar.	

11. HLUTI

Uppfylling krafna

Markmið: Eftir að hafa lagt mat á framangreinda tíu hluta þessa gátlista skal ESB-matsmaður flugverndar komast að niðurstöðu um það hvort sannprófun á starfsstöð samsvari innihaldi þess hluta flugverndaráætlunar flugrekanda þar sem lýst er ráðstöfunum, sem gripið er til í tengslum við flugfarm/flugpóst sem fluttur er til ESB/EES, og hvort flugverndarráðstafanirnar uppfylli markmið þessa gátlista með fullnægjandi hætti.

Í niðurstöðum skal greina á milli fjögurra mögulegra megintilvika:

1) flugverndaráætlun flugrekanda samrýmist fylgiskjali 6-G við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 og með sannprófun á starfsstöð er staðfest að farið sé að markmiðum þessa gátlista eða

2) flugverndaráætlun flugrekanda samrýmist fylgiskjali 6-G við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 en sannprófun á starfsstöð staðfestir ekki að farið sé að markmiðum þessa gátlista eða

3) flugverndaráætlun flugrekanda samrýmist ekki fylgiskjali 6-G við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 en sannprófun á starfsstöð staðfestir að farið sé að markmiðum þessa gátlista eða

4) flugverndaráætlun flugrekanda samrýmist ekki fylgiskjali 6-G við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 og sannprófun á starfsstöð staðfestir ekki að farið sé að markmiðum þessa gátlista.

11.1. Almennar niðurstöður: Tilgreina skal tilvikið sem best samsvarar aðstæðunum sem hafa fengið fullgildingu.	
1, 2, 3 eða 4	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni flugverndar.	
Athugasemdir frá flugrekanda	

Nafn matsmanns:

Dagsetning:

Undirskrift:

VIÐAUKI

Skrá yfir einstaklinga og einingar sem hafa verið heimsótt og viðtöl hafa verið tekin við

Tilgreina skal nafn einingar, nafn tengiliðar og dagsetningu heimsóknar eða viðtals.

Nafn einingar	Nafn tengiliðar	Dagsetning heimsóknar eða viðtals

FYLGISKJAL 6-C4

GÁTLISTI FYRIR ÞEKKTA SENDENDUR FRÁ ÞRIÐJA LANDI MEÐ ESB-FULLGILDINGU FLUGVERNDAR

Einingar frá þriðja landi eiga kost á að verða hluti af verndaðri birgðakeðju ACC3-flugrekanda (*flugrekandi sem flytur flugfarm eða flugpóst inn í Evrópusambandið frá flugvelli í þriðja landi*) með því að óska eftir tilnefningu sem þekktur sendandi frá þriðja landi með ESB-fullgildingu flugverndar (KC3-sendandi). KC3-sendandi er eining, sem annast afgreiðslu farms í þriðja landi, sem hefur fengið fullgildingu og verið samþykkt sem slík á grundvelli ESB-fullgildingar flugverndar.

KC3-sendandi skal tryggja að viðhafðar séu flugverndarráðstafanir vegna allra sendinga til Sambandsins([15]) og að sendingarnar séu varðar gegn óheimilum aðgangi frá því að flugverndarráðstafanirnar voru gerðar og þar til þær hafa verið afhentar ACC3-flugrekanda eða viðurkenndum umboðsaðila frá þriðja landi með ESB-fullgildingu flugverndar (RA3-umboðsaðili).

Í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 er mælt fyrir um forsendur fyrir því að geta flutt farm eða póst með flugi til Evrópusambandsins (ESB) eða Íslands, Noregs og Sviss.

Gátlistinn er tæki sem ESB-matsmaður flugverndar á að nota til að meta verndarstig fyrir farm eða póst([16]), sem einingin, sem sækir um tilnefningu sem KC3-sendandi, flytur með flugi til ESB/EES eða er ábyrg fyrir flutningnum. Gátlistann á aðeins að nota í tilvikunum sem eru tilgreind í b-lið liðar 6.8.4.1 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998. Í tilvikunum, sem tilgreind eru í a-lið liðar 6.8.4.1 í fyrrnefndum viðauka, skal ESB-matsmaður flugverndar nota ACC3-gátlistann.

Ef ESB-matsmaður flugverndar kemst að þeirri niðurstöðu að einingu hafi tekist að ná markmiðum þessa gátlista, skal hann afhenda einingunni, sem hefur fengið fullgildingu, fullgildingarskýrslu. Í fullgildingarskýrslunni skal greina frá því að einingin sé tilnefnd sem þekktur sendandi frá þriðja landi með ESB-fullgildingu flugverndar (KC3-sendandi). KC3-sendandinn skal geta notað skýrsluna í viðskiptatengslum sínum við alla ACC3-flugrekendur og alla RA3-umboðsaðila. Óaðskiljanlegir hlutar fullgildingarskýrslu skulu a.m.k. vera eftirfarandi:

a) fullgerður gátlisti (fylgiskjal 6-C4 við reglugerð (ESB) 2015/1998), undirritaður af ESB-matsmanni flugverndar og, ef við á, með athugasemdum frá einingunni sem hefur fengið fullgildingu,

([15]) Aðildarríki Evrópusambandsins: Austurríki, Belgía, Búlgaría, Króatía, Kýpur, Tékkland, Danmörk, Eistland, Finnland, Frakkland, Þýskaland, Grikkland, Ungverjaland, Írland, Ítalía, Lettland, Litháen, Lúxemborg, Malta, Holland, Pólland, Portúgal, Rúmenía, Slóvakía, Slóvenía, Spánn, Svíþjóð og Bretland.

([16]) Gátlisti um fullgildingu varðandi flugfarm/flugpóst/loftfar þar sem ákvörðunarstaðurinn er ESB/EES, á að sama skapi við flugfarm/flugpóst/loftfar þar sem ákvörðunarstaðurinn er ESB ásamt Íslandi, Noregi og Sviss.

b) yfirlýsing um skuldbindingar (fylgiskjal 6-H3 við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998), undirrituð af einingunni sem hefur fengið fullgildingu og

c) yfirlýsing um sjálfstæði (fylgiskjal 11-A við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998), að því er varðar einingunа, sem hefur fengið fullgildingu, sem ESB-matsmaður flugverndar hefur undirritað.

Númeraröð blaðsíðna, dagsetning ESB-fullgildingar flugverndar og merking hverrar blaðsíðu með upphafsstöfum matsmanns og einingarinnar, sem hefur fengið fullgildingu, skulu sýna fram á heildarsamfellu fullgildingarskýrslunnar. Skýrslan skal ávallt vera á ensku.

Að því er varðar þá hluta sem ekki er hægt að meta, samkvæmt kröfunum í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998, fela grunnkröfur í sér kröfur og ráðlagðar starfsvenjur í 17. viðauka við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningsflug og leiðbeiningar sem finna má í handbók Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um flugvernd (skjal nr. 8973-takmörkuð dreifing).

Ef sú niðurstaða fæst við ESB-fullgildingu flugverndar að einingunni hafi ekki tekist að ná markmiðunum, sem um getur á þessum gátlista, skal einingin fá eintak af fullgerðum gátlista þar sem frávikin koma fram.

Athugasemdir til útskýringar:

1) Fylla skal út alla hluta gátlistans. Ef engar upplýsingar eru fáanlegar verður að gera grein fyrir því.

2) Að loknum hverjum hluta skal ESB-matsmaður flugverndar komast að niðurstöðu um það hvort og að hve miklu leyti markmið þessa hluta hafa náðst.

1. HLUTI

Rekstraraðili og ábyrgð

1.1. Dagsetning eða dagsetningar fullgildingar	
Nota skal nákvæmt snið fyrir dagsetningar, s.s. 01.10.2012–02.10.2012.	
dd/mm/áááá	
1.2. Dagsetning fyrri fullgildingar, ef við á.	
dd/mm/áááá	
Fyrra KC3-skráningarnúmer, ef það liggur fyrir.	
Skírteini fyrir viðurkenndan rekstraraðila (AEO)/C-TPAT staða/útgáfa annarra skírteina, ef mögulegt.	
1.3. Upplýsingar um matsmann flugverndar	
Heiti	
Fyrirtæki/stofnun/yfirvald	
Einstakt alstafakennimerki (UAI)	
Tölvupóstfang	
Símanúmer (þ.m.t. alþjóðakóðar).	
1.4. Nafn einingar	
Heiti	
Númer fyrirtækis (t.d. kenninúmer í fyrirtækjaskrá, ef við á)	

Númer/Deild/Bygging	
Gata	
Bæjarfélag	
Póstnúmer	
Ríki (ef við á)	
Land	
Heimilisfang pósthólfs, ef við á	
1.5. Aðalheimilisfang stofnunar (ef það er annað en starfsstöðvarinnar sem á að fullgilda)	
Númer/Deild/Bygging	
Gata	
Bæjarfélag	
Póstnúmer	
Ríki (ef við á)	
Land	
Heimilisfang pósthólfs, ef við á	
1.6. Eðli viðskipta – tegund farms sem er meðhöndlaður	
Hvert er eðli viðskiptanna – hverrar tegundar er farmurinn sem er meðhöndlaður á athafnasvæði umsækjanda?	
1.7. Ber umsækjandi ábyrgð á...	
a) framleiðslu? b) pökkun? c) geymslu? d) sendingu? e) öðru? Tilgreina skal um hvað er að ræða	
1.8. Áætlaður fjöldi starfsmanna á starfsstöð	
Fjöldi	
1.9. Nafn og titill einstaklings sem ber ábyrgð á vernd flugfarms eða flugpósts frá þriðja landi.	
Nafn	
Starfsheiti	

Tölvupóstfang	
Símanúmer (þ.m.t. alþjóðakóðar).	

2. HLUTI

Skipulag og ábyrgð þekkts sendanda frá þriðja landi með ESB-fullgildingu flugverndar

Markmið: Hvorki skal flytja farm né póst með flugi til ESB/EES án þess að hann sæti flugverndarráðstöfunum. Aðeins má samþykkja farm og póst, sem KC3-sendandi afhendir ACC3-flugrekanda eða RA3-umboðsaðila, sem verndaðan farm eða póst ef KC3-sendandinn hefur framkvæmt slíkar flugverndarráðstafanir. Nánari upplýsingar um slíkar ráðstafanir er að finna í eftirfarandi hlutum þessa gátlista.

KC3-sendandinn skal hafa verklagsreglur til að tryggja að viðeigandi flugverndarráðstafanir séu viðhafðar vegna alls farms eða pósts, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, og að verndaður farmur eða póstur sé varinn þar til hann er afhentur ACC3-flugrekanda eða RA3-umboðsaðila. Flugverndarráðstafanirnar skulu samanstanda af ráðstöfunum sem tryggja, með fullnægjandi vissu, að engir bannaðir hlutir séu faldir í sendingunni.

Tilvísun: Liður 6.8.3

2.1. Hefur einingin komið á fót flugverndaráætlun?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal fara beint í lið 2.5.	
2.2. Upplýsingar um flugverndaráætlun einingar	
Dagsetning – nota skal nákvæmt snið fyrir dagsetningar dd/mm/áááá	
Útgáfunúmer	
Hefur flugverndaráætlun verið lögð fyrir og/eða samþykkt af hlutaðeigandi yfirvaldi í ríkinu þar sem einingin er staðsett? Ef svarið er JÁ, skal lýsa ferlinu.	
2.3. Tekur flugverndaráætlunin nægilega vel til þáttanna sem taldir eru upp á gátlistanum (4.–11. hluta)?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal útskýra það og tilgreina ástæðurnar.	
2.4. Er flugverndaráætlunin endanleg, traust og fullgerð?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.	
2.5. Hefur einingin komið á ferli til að tryggja að farmur eða póstur, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, sæti viðeigandi flugverndarráðstöfunum áður en hann er afhentur ACC3-flugrekanda eða RA3-umboðsaðila?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa ferlinu.	

2.6. Er stjórnunarkerfi hjá einingunni (t.d. stjórntæki, leiðbeiningar o.s.frv.) til að tryggja að flugverndarráðstafanir, sem krafist er, séu framkvæmdar?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa stjórnunarkerfinu og skýra hvort hlutaðeigandi yfirvald eða önnur eining hafi samþykkt það, skoðað eða látið það í té.	
Ef svarið er NEI, skal útskýra hvernig einingin tryggir að flugverndarráðstafanir séu framkvæmdar samkvæmt kröfum.	
2.7. Niðurstöður og almennar athugasemdir um það hvort ferlið sé áreiðanlegt, endanlegt og traust.	
Athugasemdir frá einingunni	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni flugverndar	

3. HLUTI

Auðgreinanlegur flugfarmur eða flugpóstur

Markmið: Að staðfesta hvenær eða hvar farmur eða póstur verður auðgreinanlegur sem flugfarmur eða flugpóstur.

3.1. Staðfesta skal með skoðun á sviði framleiðslu, pökkunar, geymslu, vals, sendingar og á hvers konar öðrum sviðum, sem máli skipta, hvar og hvernig farmur eða póstur, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, verður auðgreinanlegur sem slíkur.	
Lýsa skal nánar.	
Athugasemdir frá einingunni	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni flugverndar	

ATH: Í 6.–9. hluta ætti að gefa ítarlegar upplýsingar um vörn auðgreinanlegs flugfarms eða flugpósts gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að vernd hans sé rofin.

4. HLUTI

Ráðning og þjálfun starfsfólks

Markmið: Til að tryggja að flugverndarráðstöfunum, sem krafist er, sé beitt skal KC3-sendandi fela ábyrgu og hæfu starfsfólki að tryggja vernd flugfarms eða flugpósts. Starfsfólk, sem hefur aðgang að auðgreinanlegum flugfarmi, skal hafa tilskilda hæfni til að gegna skyldustörfum sínum sem og viðeigandi þjálfun.

Til að ná því markmiði skal KC3-sendandi hafa verklagsreglur til að tryggja að allt starfsfólk (fastráðið, í tímabundnu starfi, afleysingafólk, bílstjórar o.s.frv.), sem hefur beinan aðgang án fylgdar að flugfarmi eða flugpósti, sem sætir eða hefur sætt flugverndarráðstöfunum:

a) hafi verið látið sæta grunn- og reglubundinni athugun í aðdraganda ráðningar og/eða bakgrunnsskoðun, sem er a.m.k. í samræmi við kröfur, sem staðaryfirvöld gera til KC3-umboðsaðilans, sem hefur fengið fullgildingu, og

b) hafi lokið grunn- og reglubundinni verndarþjálfun til að vera meðvitað um þá ábyrgð sem það ber, með tilliti til flugverndar, í samræmi við kröfur sem staðaryfirvöld gera til KC3-athafnasvæðis sem hefur fengið fullgildingu.

Athugasemd:

— Bakgrunnsskoðun felur í sér athugun á deili einstaklings og fyrri reynslu hans, þ.m.t., ef lög heimila það, á mögulegum afbrotaferli hans sem er hluti af mati á hæfi einstaklingsins til að framkvæma flugverndarráðstafanir og/eða að fá aðgang án fylgdar að haftasvæðum flugverndar (skilgreining í 17. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar).

— Við athugun í aðdraganda ráðningar skal staðfesta deili á einstaklingnum á grundvelli skjalfestra sönnunargagna, fara yfir ráðningarsögu, menntun og hvers konar rof þar á næstliðin fimm ár ásamt því að fara fram á að einstaklingurinn undirriti yfirlýsingu um mögulegan afbrotaferil í öllum búseturíkjum a.m.k. næstliðin fimm ár (skilgreining Sambandsins).

Tilvísun: Liður 6.8.3.1

4.1. Hefur verið sett verklagsregla sem tryggir að allt starfsfólk, sem hefur aðgang að auðgreinanlegum flugfarmi eða flugpósti, sæti athugun í aðdraganda ráðningar þar sem lagt er mat á bakgrunn þess og hæfni?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal tilgreina þann fjölda næstliðinna ára sem tekið er tillit til við athugun í aðdraganda ráðningar og tilgreina hvaða eining framkvæmir skoðunina.	
4.2. Felur þessi verklagsregla í sér?	
☐ Bakgrunnsskoðun ☐ Athugun í aðdraganda ráðningar ☐ Athugun á sakaskrá ☐ Viðtöl ☐ Annað (nánari upplýsingar). Gera skal grein fyrir framangreindum þáttum, tilgreina skal hvaða eining framkvæmir þessa þætti og, ef við á, næstliðið tímabil sem tekið er til athugunar.	
4.3. Hefur verið sett verklagsregla sem tryggir að einstaklingur, sem ber ábyrgð á beitingu og umsjón með framkvæmd flugverndarráðstafana á starfsstöð, sæti athugun í aðdraganda ráðningar þar sem lagt er mat á bakgrunn hans og hæfni?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ skal tilgreina þann fjölda næstliðinna ára sem tekið er tillit til við athugun í aðdraganda ráðningar og tilgreina hvaða eining framkvæmir skoðunina.	
4.4. Felur þessi verklagsregla í sér?	
☐ Bakgrunnsskoðun ☐ Athugun í aðdraganda ráðningar ☐ Athugun á sakaskrá ☐ Viðtöl ☐ Annað (nánari upplýsingar). Gera skal grein fyrir framangreindum þáttum, tilgreina skal hvaða eining framkvæmir þessa þætti og, ef við á, næstliðið tímabil sem tekið er til athugunar.	

4.5. Fær starfsfólk, sem hefur aðgang að auðgreinanlegum flugfarmi eða flugpósti, þjálfun áður en það fær þennan aðgang?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa inntaki og lengd þjálfunarinnar.	
4.6. Fær starfsfólk, sem um getur í lið 4.5, reglubundna þjálfun?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal tilgreina inntak og tíðni reglubundnu þjálfunarinnar.	
4.7. Niðurstaða: tryggja ráðstafanir, sem gerðar eru vegna ráðningar og þjálfunar starfsfólks, að allt starfsfólk, sem hefur aðgang að auðgreinanlegum farmi eða pósti, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, hafi verið ráðið til starfa með tilhlýðilegum hætti og að það hafi hlotið tilhlýðilega þjálfun til að það geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem það ber með tilliti til flugverndar?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.	
Athugasemdir frá einingunni	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni flugverndar	

5. HLUTI

Áþreifanleg vernd

Markmið: KC3-sendandi skal hafa verklagsreglur til að tryggja að auðgreinanlegur farmur og/eða póstur, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, sé varinn gegn óheimilum aðgangi og/eða gegn því að vernd hans sé rofin. Ef slíkur farmur eða póstur er ekki varinn er ekki heimilt að senda hann áfram til ACC3-flugrekanda eða RA3-umboðsaðila sem verndaðan farm eða póst.

Einingin verður að sýna fram á hvernig starfsstöð hennar eða athafnasvæði er varið og að settar hafi verið viðeigandi verklagsreglur um aðgangsstýringu. Mikilvægt er að stýra aðgangi að svæðinu þar sem auðgreinanlegur flugfarmur eða flugpóstur er meðhöndlaður eða geymdur. Vernda þarf allar dyr, glugga og aðrar aðgangsleiðir til að vernda farm eða póst, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, eða viðhafa aðgangsstýringu.

Áþreifanleg vernd getur verið en takmarkast þó ekki við:

— áþreifanlegar hindranir, t.d. girðingar eða fyrirstöður,

— tækni, með því að nota viðvörunarkerfi og/eða lokað eftirlitsmyndakerfi (CCTV),

— mannlega vernd, t.d. starfsfólk sem eingöngu sinnir eftirlitsstarfi.

Tilvísun: Liður 6.8.3.1

5.1. Eru allar aðgangsleiðir að auðgreinanlegum flugfarmi eða flugpósti háðar aðgangsstýringu og takmarkast aðgangur við starfsmenn með aðgangsheimild?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, hvernig er aðgangsstýringu háttað? Skýra skal og lýsa. Hér geta verið fleiri en einn svarmöguleiki. □ Flugverndarstarfsfólk sér um aðgangsstýringu □ Annað starfsfólk sér um aðgangsstýringu □ Handvirk skoðun ef einstaklingum er heimilt að fara inn á svæðið □ Rafrænt aðgangsstýrikerfi □ Annað, tilgreina skal nánar.	
Ef svarið er JÁ, hvernig er tryggt að einstaklingurinn hafi heimild til að fara inn á svæðið? Skýra skal og lýsa. Hér geta verið fleiri en einn svarmöguleiki. — Með því að nota auðkenniskort fyrirtækis — Með því að nota annars konar auðkenniskort, t.d. vegabréf eða ökuskírteini — Flugverndarstarfsfólk notar skrá yfir starfsmenn með aðgangsheimild — Rafræn heimild, t.d. með því að nota flögu — Úthlutun lykla eða aðgangskóða til starfsmanna með aðgangsheimild — Annað, tilgreina skal nánar.	
5.2. Eru allar aðgönguleiðir að auðgreinanlegum flugfarmi eða flugpósti verndaðar? Hér eru meðtaldar aðgönguleiðir, sem eru ekki notaðar að staðaldri, og leiðir, sem eru venjulega ekki notaðar sem aðgönguleiðir, t.d. gluggar.	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, hvernig eru þessar aðgönguleiðir verndaðar? Skýra skal og lýsa. Hér geta verið fleiri en einn svarmöguleiki. — Viðurvist flugverndarstarfsfólks — Rafræn aðgangsstýrikerfi sem heimila aðgang eins einstaklings í senn — Fyrirstöður, t.d. hlerar eða læsingar — Eftirlitsmyndavélakerfi — Innbrotaviðvörunarkerfi.	
5.3. Eru einhverjar viðbótarráðstafanir til að auka vernd á athafnasvæðinu almennt?	
JÁ eða NEI	

Ef svarið er JÁ, skal skýra hverjar þær eru og lýsa þeim. □ Girðingar eða fyrirstöður □ Eftirlitsmyndavélakerfi □ Innbrotaviðvörunarkerfi □ Eftirlit og eftirlitsferðir □ Annað, tilgreina skal nánar.	
5.4. Er byggingin traustbyggð?	
JÁ eða NEI	
5.5. Niðurstaða: Gerir einingin fullnægjandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir óheimilan aðgang að þeim hlutum starfsstöðvarinnar eða athafnasvæðisins þar sem auðgreinanlegur farmur eða póstur, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, er meðhöndlaður eða geymdur?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.	
Athugasemdir frá einingunni	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni flugverndar	

6. HLUTI

Framleiðsla

Markmið: KC3-sendandi skal hafa verklagsreglur til að tryggja að auðgreinanlegur farmur og/eða póstur, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, sé varinn gegn óheimilum aðgangi og/eða gegn því að vernd hans sé rofin meðan á framleiðslu stendur. Ef slíkur farmur eða póstur er ekki varinn er ekki heimilt að senda hann áfram til ACC3-flugrekanda eða RA3-umboðsaðila sem verndaðan farm eða póst.

Einingin verður að sýna fram á að aðgangi að framleiðslusvæðinu sé stýrt og umsjón sé höfð með framleiðsluferlinu. Ef framleiðsluvaran verður auðgreinanleg sem farmur eða póstur, sem fluttur er með flugi til ESB/EES á framleiðsluferlinu, skal einingin, upp frá því, sýna að ráðstafanir séu gerðar til að verja flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að vernd hans sé rofin.

Svara skal þessum spurningum ef unnt er að auðkenna framleiðsluvöruna sem farm eða póst, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, meðan á framleiðsluferlinu stendur.

6.1. Er aðgangi að framleiðslusvæðinu stýrt og takmarkast aðgangur við starfsmenn með aðgangsheimild?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ skal skýra hvernig aðgangsstýringu er háttað og hvernig aðgangur takmarkast við starfsmenn með aðgangsheimild.	
6.2. Er umsjón höfð með framleiðsluferlinu?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa hvernig þeirri umsjón er háttað.	

6.3. Eru viðhafðar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að vernd framleiðsluvöru sé rofin á framleiðslustigi?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ skal lýsa því.	
6.4. Niðurstaða: Gerir einingin fullnægjandi ráðstafanir til verja auðgreinanlegan farm eða póst, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, gegn því að vernd hans sé rofin á framleiðslustigi?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.	
Athugasemdir frá einingunni	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni flugverndar	

7. HLUTI

Pökkun

Markmið: KC3-sendandi skal hafa verklagsreglur til að tryggja að auðgreinanlegur farmur og/eða póstur, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, sé varinn gegn óheimilum aðgangi og/eða gegn því að vernd hans sé rofin á pökkunarferlinu. Ef slíkur farmur eða póstur er ekki varinn er ekki heimilt að senda hann áfram til ACC3-flugrekanda eða RA3-umboðsaðila sem verndaðan farm eða póst.

Einingin verður að sýna fram á að aðgangi að pökkunarsvæðinu sé stýrt og umsjón sé höfð með pökkunarferlinu. Ef framleiðsluvaran verður auðgreinanlegur farmur eða póstur, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, meðan á pökkun stendur, skal einingin, upp frá því, sýna að ráðstafanir séu gerðar til að verja flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að vernd hans sé rofin frá og með þessu stigi. Skoða þarf allar fullunnar vörur áður en þeim er pakkað.

Svara skal þessum spurningum ef unnt er að auðkenna framleiðsluvöruna sem farm eða póst sem fluttur er með flugi til ESB/EES meðan á pökkunarferlinu stendur.

7.1. Er aðgangi að pökkunarsvæðinu stýrt og takmarkast aðgangur við starfsmenn með aðgangsheimild?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal skýra hvernig aðgangsstýringu er háttað og hvernig aðgangur takmarkast við starfsmenn með aðgangsheimild.	
7.2. Er umsjón höfð með pökkunarferlinu?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa hvernig þeirri umsjón er háttað.	
7.3. Eru viðhafðar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að vernd framleiðsluvörunnar sé rofin á pökkunarstigi?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ skal lýsa því.	

7.4. Lýsa skal fullunnum ystu umbúðum: a) Eru fullfrágengnar ystu umbúðir traustar?	
JÁ eða NEI	
Lýsa skal nánar.	
b) Sést það auðveldlega á fullfrágengnum ystu umbúðum ef vernd þeirra hefur verið rofin?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ skal lýsa því hvaða ferli er notað til að gera ystu umbúðir þannig úr garði að auðvelt sé að sjá hvort vernd þeirra hafi verið rofin, t.d. með því að nota innsiglisnúmer, sérstaka stimpla eða öryggislímband o.s.frv.	
Ef svarið er NEI skal lýsa því hvaða varnarráðstafanir eru gerðar til að tryggja heilleika sendinga.	
7.5. Niðurstaða: Gerir einingin fullnægjandi ráðstafanir til að verja auðgreinanlegan farm eða póst, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að vernd hans sé rofin meðan á pökkun stendur?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.	
Athugasemdir frá einingunni	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni flugverndar	

8. HLUTI

Geymsla

Markmið: KC3-sendandi skal hafa verklagsreglur til að tryggja að auðgreinanlegur farmur og/eða póstur, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, sé varinn gegn óheimilum aðgangi og/eða gegn því að vernd hans sé rofin meðan hann er í geymslu. Ef slíkur farmur eða póstur er ekki varinn er ekki heimilt að senda hann áfram til ACC3-flugrekanda eða RA3-umboðsaðila sem verndaðan farm eða póst.

Einingin verður að sýna fram á að aðgangi að geymslusvæðinu sé stýrt. Ef framleiðsluvaran verður auðgreinanlegur farmur eða póstur, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, meðan hún er í geymslu, skal einingin, upp frá því, sýna að ráðstafanir hafi verið gerðar til að verja flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að vernd hans sé rofin frá og með þessu stigi.

Svara skal þessum spurningum ef unnt er að auðkenna framleiðsluvöruna sem farm eða póst, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, meðan á geymsluferlinu stendur.

8.1. Er aðgangi að geymslusvæðinu stýrt og takmarkast aðgangur við starfsmenn með aðgangsheimild?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal skýra hvernig aðgangsstýringu er háttað og hvernig aðgangur takmarkast við starfsmenn með aðgangsheimild.	

8.2. Er fullfrágenginn og pakkaður flugfarmur eða flugpóstur geymdur á verndaðan hátt og gengið úr skugga um að vernd hans sé ekki rofin?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ skal lýsa því.	
Ef svarið er NEI, skal skýra hvernig einingin tryggir að fullfrágenginn og pakkaður farmur og póstur, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, sé varinn gegn óheimilum aðgangi og að vernd hans sé ekki rofin.	
8.3. Niðurstaða: Gerir einingin fullnægjandi ráðstafanir til að verja auðgreinanlegan farm eða póst, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að vernd hans sé rofin meðan hann er í geymslu?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI skal tilgreina ástæður.	
Athugasemdir frá einingunni	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni flugverndar	

9. HLUTI

Sending

Markmið: KC3-sendandi skal hafa verklagsreglur til að tryggja að auðgreinanlegur farmur og/eða póstur, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, sé varinn gegn óheimilum aðgangi og/eða gegn því að vernd hans sé rofin á sendingarferlinu. Ef slíkur farmur eða póstur er ekki varinn er ekki heimilt að senda hann áfram til ACC3-flugrekanda eða RA3-umboðsaðila sem verndaðan farm eða póst.

Einingin verður að sýna fram á að aðgangi að sendingarsvæðinu sé stýrt. Ef framleiðsluvaran verður auðgreinanleg sem farmur eða póstur, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, meðan á sendingu stendur, skal einingin, upp frá því, sýna að ráðstafanir séu gerðar til að verja flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að vernd hans sé rofin.

Svara skal þessum spurningum ef unnt er að auðkenna framleiðsluvöruna sem farm eða póst, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, meðan á sendingarferlinu stendur.

9.1. Er aðgangi að sendingarsvæðinu stýrt og takmarkast aðgangur við starfsmenn með aðgangsheimild?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ skal skýra hvernig aðgangsstýringu er háttað og hvernig aðgangur takmarkast við starfsmenn með aðgangsheimild.	
9.2. Hver hefur aðgang að sendingarsvæðinu? Hér geta verið fleiri en einn svarmöguleiki.	
☐ Starfsfólk einingarinnar ☐ Bílstjórar ☐ Gestir ☐ Verktakar ☐ Aðrir, tilgreina skal nánar.	

9.3. Er höfð umsjón með sendingarferlinu?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ skal lýsa hvernig þeirri umsjón er háttað.	
9.4. Eru viðhafðar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að vernd framleiðsluvara sé rofin á sendingarsvæðinu?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ skal lýsa því.	
9.5. Niðurstaða: Gerir einingin fullnægjandi ráðstafanir til að verja auðgreinanlegan farm eða póst, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að vernd hans sé rofin meðan á sendingarferlinu stendur?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI skal tilgreina ástæður.	
Athugasemdir frá einingunni	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni flugverndar	

10. HLUTI

Sendingar frá öðrum aðilum

Markmið: KC3-sendandi skal hafa verklagsreglur til að tryggja að farmur eða póstur, sem á ekki uppruna sinn hjá honum, skuli ekki sendur áfram til ACC3-flugrekanda eða RA3-umboðsaðila sem verndaður farmur eða póstur.

KC3-sendanda er heimilt að afhenda RA3-umboðsaðila eða ACC3-flugrekanda sendingar sem eiga ekki uppruna sinn hjá honum, að því tilskildu:

a) að þær séu aðskildar frá sendingum, sem eiga uppruna sinn hjá honum, og

b) að uppruni þeirra komi skýrt fram á sendingunni eða á meðfylgjandi gögnum.

RA3-umboðsaðili eða ACC3-flugrekandi skal skima allar slíkar sendingar áður en þær eru settar um borð í loftfar.

10.1. Tekur einingin við farm- eða póstsendingum sem ætlunin er að senda með flugi frá einhverri annarri einingu?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, hvernig er þessum sendingum haldið aðskildum frá farmi eða pósti fyrirtækisins og hvernig eru þær auðkenndar fyrir viðurkenndan umboðsaðila eða farmflytjanda?	
Athugasemdir frá einingunni	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni flugverndar.	

11. HLUTI

Flutningar

Markmið: KC3-sendandi skal hafa verklagsreglur til að tryggja að auðgreinanlegur farmur og/eða póstur, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, sé varinn gegn óheimilum aðgangi og/eða gegn því að vernd hans sé rofin meðan á flutningi stendur. Ef slíkur farmur eða póstur er ekki varinn getur ACC3-flugrekandi eða RA3-umboðsaðili ekki tekið við honum sem vernduðum farmi eða pósti.

Meðan á flutningi stendur ber KC3-sendandi ábyrgð á því að verja verndaðar sendingar. Þetta felur m.a. í sér tilvik þegar önnur eining sér um flutninginn fyrir hans hönd, eins og t.d. farmmiðlari. Þetta á ekki við um tilvik þegar sendingar eru fluttar á ábyrgð ACC3-flugrekanda eða RA3-umboðsaðila.

Svara skal þessum spurningum ef unnt er að auðkenna framleiðsluvöruna sem farm eða póst, sem fluttur er með flugi til ESB/EES, meðan á flutningi stendur.

11.1. Hvernig er flugfarmur eða flugpóstur fluttur til ACC3-flugrekanda eða RA3-umboðsaðila? a) Sér einingin, sem hefur fengið fullgildingu, sjálf um flutninginn?	
JÁ eða NEI	
b) Sér ACC3-flugrekandi eða RA3-umboðsaðili um flutninginn?	
JÁ eða NEI	
c) Notar einingin, sem hefur fengið fullgildingu, verktaka?	
JÁ eða NEI	
11.2. Er flugfarminum eða flugpóstinum pakkað þannig að augljóst sé hvort vernd hans hafi verið rofin?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, hvernig?	
11.3. Er ökutækið innsiglað eða því læst áður en flutningur á því hefst?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, hvernig?	
11.4. Í þeim tilvikum sem innsiglisnúmer eru notuð er þá aðgangi að innsiglum stýrt og eru númerin skráð?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er já skal tilgreina hvernig:	
11.5. Skrifar viðkomandi farmflytjandi undir yfirlýsingu farmflytjanda, ef við á?	
JÁ eða NEI	
11.6. Hefur einstaklingur, sem flytur farminn, gengist undir sérstaka þjálfun í flugverndarráðstöfunum og flugverndarvitund áður en honum var heimilað að flytja verndaðan flugfarm og/eða flugpóst?	
JÁ eða NEI	

Ef svarið er JÁ skal lýsa viðkomandi tegund flugverndarráðstafana (athugun í aðdraganda ráðningar, bakgrunnsskoðun o.s.frv.) og tegund þjálfunar (þjálfun í flugverndarvitund o.s.frv.) sem um er að ræða.	
11.7. Niðurstaða: Eru ráðstafanir fullnægjandi til að verja flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi meðan á flutningi stendur?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI skal tilgreina ástæður.	
Athugasemdir frá einingunni	
Athugasemdir frá ESB-matsmanni flugverndar	

12. HLUTI

Uppfylling krafna

Markmið: Eftir að hafa lagt mat á fyrstu ellefu atriði þessa gátlista skal ESB-matsmaður flugverndar komast að niðurstöðu um það hvort sannprófun hans á starfsstöð staðfesti framkvæmd flugverndarráðstafana í samræmi við markmið þessa gátlista fyrir farm eða póst sem fluttur er með flugi til ESB/EES.

Tvær atburðarásir eru mögulegar. ESB-matsmaður flugverndar kemst að þeirri niðurstöðu að einingunni:

a) hafi tekist að ná markmiðunum sem um getur á þessum gátlista; matsmaðurinn skal afhenda einingunni, sem hefur fengið fullgildingu, frumrit af fullgildingarskýrslunni og lýsa yfir að einingin sé tilnefnd sem þekktur sendandi frá þriðja landi með ESB-fullgildingu flugverndar (KC3-sendandi),

b) hafi ekki tekist að ná markmiðunum sem um getur á þessum gátlista. Í slíku tilviki er einingunni ekki heimilt að afhenda ACC3-flugrekanda eða RA3-umboðsaðila farm eða póst, sem fluttur er með flugi til ákvörðunarstaðar í ESB/EES, án þess að aðili, sem hefur til þess heimild, hafi skimað hann. Einingin skal fá eintak af fullgerðum gátlista þar sem frávikin koma fram.

Almennt séð verður ESB-matsmaður flugverndar að ákveða hvort farmur eða póstur, sem er í umsjón einingar, sem hefur fengið fullgildingu, sé meðhöndlaður þannig að hann teljist verndaður þegar hann er afhentur ACC3-flugrekanda eða RA3-umboðsaðila og þar með unnt að fljúga með hann til ESB/EES í samræmi við viðeigandi löggjöf Sambandsins.

ESB-matsmaður flugverndar verður að hafa í huga að matið byggist á heildstæðri og hlutlægri aðferðafræði.

12.1. Almennar niðurstöður:	
Mat (og tilkynning) (leggja skal áherslu á það sem á við) Ef um er að ræða „STAÐIÐ“ telst einingin vera tilnefnd sem þekktur sendandi frá þriðja landi með ESB-fullgildingu flugverndar (KC3-sendandi).	Staðið/Ekki staðið
Þegar niðurstaða heildarmatsins sýnir að eining hafi ekki staðist matið skal skrá hér á eftir þau svið þar sem einingunni hefur ekki tekist að uppfylla tilskildar verndarkröfur eða ef um er að ræða sérstaka bresti. Einnig má gefa ráð varðandi þær breytingar sem gera þarf til að uppfylla tilskildar kröfur og þar með að fá stöðuna „staðið“.	

Athugasemdir frá ESB-matsmanni flugverndar.	
Athugasemdir frá einingunni	

Nafn matsmanns:

Dagsetning:

Undirskrift:

VIÐAUKI

Skrá yfir einstaklinga og einingar sem hafa verið heimsótt og viðtöl tekin við

Tilgreina skal nafn einingar, nafn tengiliðar og hvenær heimsókn eða viðtal fór fram.

Nafn einingar	Nafn tengiliðar	Dagsetning heimsóknar eða viðtals

FYLGISKJAL 6–D

LEIÐBEININGAR UM FLUGVERND FYRIR SKRÁÐA SENDENDUR

Þessar leiðbeiningar voru samdar fyrir þig og til upplýsingar fyrir starfsfólk þitt sem sér um undirbúning flugfarm- og flugpóstsendinga og ráðstafanir vegna þeirra. Þessar leiðbeiningar eru látnar þér í té í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008([17]) og framkvæmdargerðir hennar.

Athafnasvæði

Aðgangur að svæðum þar sem sendingar með auðgreinanlegum flugfarmi eða flugpósti eru undirbúnar, pakkaðar og/eða geymdar skal vera undir eftirliti til að tryggja að óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgang að sendingunum.

Gestir skulu ávallt njóta fylgdar eða þeim meinaður aðgangur að þeim svæðum þar sem auðgreinanlegur flugfarmur eða flugpóstur er undirbúinn, pakkaður og/eða geymdur.

Starfsfólk

Sannreyna skal ráðvendni alls starfsfólks sem á að ráða og sem mun hafa aðgang að auðgreinanlegum flugfarmi eða flugpósti. Með þessari sannprófun skal a.m.k. staðfesta deili á einstaklingnum (ef mögulegt er með kennivottorði með ljósmynd, ökuskírteini eða vegabréfi) og ferilskráin og/eða veitt meðmæli skulu athuguð.

Öllu starfsfólki með aðgang að auðgreinanlegum flugfarmi eða flugpósti skal gert grein fyrir þeirri ábyrgð sem það ber á flugvernd, eins og fram kemur í þessum leiðbeiningum.

([17]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 (Stjtíð. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72).

Tilnefndur ábyrgðarmaður

Tilnefna skal a.m.k. einn einstakling sem ber ábyrgð á notkun og eftirliti með að þessum leiðbeiningum sé fylgt (tilnefndur ábyrgðarmaður).

Heilleiki sendingar

Flugfarm- eða flugpóstsendingar skulu ekki innihalda neina bannaða hluti nema gerð hafi verið grein fyrir þeim á tilhlýðilegan hátt og þeir meðhöndlaðir samkvæmt lögum og reglum.

Flugfarm- eða flugpóstsendingar skulu varðar gegn óheimilum aðgangi.

Flugfarm- eða flugpóstsendingum skal pakkað á fullnægjandi hátt og þeim lokað með innsigli, ef unnt er, þannig að það sjáist hvort vernd þeirra hafi verið rofin.

Gefa skal ítarlega lýsingu á flugfarm- eða flugpóstsendingum í meðfylgjandi gögnum ásamt upplýsingum um rétt heimilisfang.

Flutningar

Ef skráði sendandinn ber ábyrgð á flutningi flugfarm- eða flugpóstsendinga skulu sendingarnar varðar gegn óheimilum aðgangi.

Ef skráði sendandinn notar verktaka:

a) skulu sendingarnar innsiglaðar fyrir flutning og

b) skal yfirlýsing flutningafyrirtækis, sem er að finna í fylgiskjali 6-E, hljóta samþykki hlutaðeigandi flutningafyrirtækis sem annast flutninginn fyrir hönd skráða sendandans.

Skráði sendandinn skal geyma undirrituðu yfirlýsinguna eða afrit af sambærilegu skjali frá hlutaðeigandi yfirvaldi.

Frávik

Tilkynna skal tilnefndum ábyrgðarmanni um augljós frávik, eða þegar grunur leikur á um slíkt, sem tengjast þessum leiðbeiningum. Tilnefndur ábyrgðarmaður skal grípa til viðeigandi aðgerða.

Sendingar frá öðrum aðilum

Skráðum sendanda er heimilt að senda viðurkenndum umboðsaðila sendingar sem eiga ekki uppruna sinn hjá honum, að því tilskildu:

a) að þær séu aðskildar frá sendingum, sem eiga uppruna sinn hjá honum, og

b) að uppruni þeirra komi skýrt fram á sendingunni eða á meðfylgjandi gögnum.

Allar slíkar sendingar skulu skimaðar áður en þær eru settar um borð í loftfar.

Fyrirvaralausar skoðanir

Skoðunarmönnum á sviði flugverndar frá hlutaðeigandi yfirvaldi er heimilt að framkvæma fyrirvaralausar skoðanir til að sannreyna að farið sé að þessum leiðbeiningum. Skoðunarmenn skulu ávallt bera opinber skilríki sem þeir verða að sýna, sé þess óskað, þegar skoðun fer fram á athafnasvæði þeirra. Á skilríki skal vera nafn skoðunarmanns og mynd af honum.

Bannaðir hlutir

Samsettur sprengju- og íkveikjubúnaður skal ekki vera í farmsendingum nema kröfur allra öryggisreglna séu uppfylltar að fullu.

Yfirlýsing um skuldbindingar

Ekki þarf að undirrita „yfirlýsingu um skuldbindingar — skráður sendandi“ og leggja hana fyrir viðurkenndan umboðsaðila ef fyrirtækið þitt er handhafi skírteinis fyrir viðurkenndan rekstraraðila, sem um getur í b- eða c-lið 1. mgr. 14. gr. a í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2454/93([18]).

Hins vegar verður að tilkynna viðurkennda umboðsaðilanum tafarlaust um það ef fyrirtækið þitt er ekki lengur handhafi skírteinis fyrir viðurkenndan rekstraraðila. Í því tilviki mun viðurkenndi umboðsaðilinn tilkynna þér hvernig tryggja eigi stöðu skráða sendandans.

YFIRLÝSING UM SKULDBINDINGAR — SKRÁÐUR SENDANDI

Í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008([19]) og framkvæmdargerðir hennar,

lýsi ég því yfir

— að [heiti fyrirtækis] fari að þessum „leiðbeiningum um flugvernd fyrir skráða sendendur“,

— að [heiti fyrirtækis] sjái til þess að starfsfólki með aðgang að flugfarmi eða flugpósti sé tilkynnt um þessar leiðbeiningar,

— að [heiti fyrirtækis] tryggi öryggi flugfarms eða flugpósts þar til hann hefur verið afhentur viðurkenndum umboðsaðila,

— að [heiti fyrirtækis] samþykki að heimilt sé að flugverndarráðstafanir séu viðhafðar vegna þessarar sendingar, þ.m.t. skimun, og

— að [heiti fyrirtækis] samþykki fyrirvaralausar skoðanir á athafnasvæði sínu, sem eru framkvæmdar af hlutaðeigandi yfirvaldi þess aðildarríkis þar sem það er staðsett til að meta hvort [heiti fyrirtækis] fari að þessum leiðbeiningum.

Ég tek fulla ábyrgð á þessari yfirlýsingu.

Nafn:

Staða innan fyrirtækis:

Dagsetning:

Undirskrift:

FYLGISKJAL 6-E

YFIRLÝSING FLUTNINGAFYRIRTÆKIS

Í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008([20]) og framkvæmdargerðir hennar,

staðfesti ég hér með að eftirfarandi verklagsreglum um flugvernd verði fylgt þegar flugfarmur eða flugpóstur, sem sætt hefur flugverndarráðstöfunum, er sóttur, fluttur, geymdur og afhentur [fyrir hönd *nafn viðurkennds umboðsaðila/flugrekanda sem viðhefur flugverndarráðstafanir vegna farms eða pósts/þekkts sendanda/skráðs sendanda*]:

— allt starfsfólk, sem flytur þennan flugfarm eða flugpóst, mun hafa fengið almenna þjálfun í flugverndarvitund í samræmi við lið 11.2.7 í viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998,

— ráðvendni alls starfsfólks, sem á að ráða og mun hafa aðgang að þessum flugfarmi eða flugpósti, verður sannreynd; með þessari sannprófun skal a.m.k. staðfesta deili á einstaklingnum (ef mögulegt er með kennivottorði með ljósmynd, ökuskírteini eða vegabréfi) og ferilskráin og/eða veitt meðmæli skulu athuguð,

([18]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2454/93 frá 2. júlí 1993 um ákvæði til framkvæmdar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2913/92 um tollalög Bandalagsins (Stjtíð. EB L 253, 11.10.1993, bls. 1).

([19]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 (Stjtíð. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72).

([20]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 (Stjtíð. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72).

— farmrými í ökutækjum munu verða innsigluð eða þeim læst; segldúkur, sem er í hliðum ökutækja, mun verða festur tryggilega með TIR-vírum; hleðslurými vörubifreiða með flötum palli mun verða undir eftirliti á meðan flugfarmur er fluttur,

— rétt fyrir lestun mun verða leitað í farmrýminu og áreiðanleika leitarinnar viðhaldið þar til lestun er lokið,

— hver ökumaður mun hafa meðferðis kennivottorð, vegabréf, ökuskírteini eða annað skjal, með ljósmynd af einstaklingnum, sem hlutaðeigandi yfirvald hefur gefið út eða viðurkennt,

— ökumenn munu ekki stöðva utan áætlunar, milli þess sem þeir sækja og afhenda sendingar; þegar ekki verður hjá því komist mun ökumaður kanna hvort vernd farmsins sé tryggð sem og ástand lása og/eða innsigla er hann snýr aftur; ef ökumaður verður var við að vernd farmsins hafi verið rofin mun hann tilkynna það yfirmanni sínum og ekki er heimilt að afhenda flugfarminn eða flugpóstinn án þess að tilkynna við afhendingu að vernd hans hafi verið rofin,

— flutningar munu ekki verða boðnir út til þriðja aðila nema þriðji aðilinn:

a) hafi flutningssamning við viðurkenndan umboðsaðila, þekktan sendanda eða skráðan sendanda, sem ber ábyrgð á flutningnum [sama nafn og hér að framan] eða

b) sé samþykktur eða vottaður af hlutaðeigandi yfirvaldi eða

c) hafi flutningssamning við undirritað flutningafyrirtæki, sem krefst þess að þriðji aðilinn semji ekki við annan undirverktaka, og framkvæmi þær verklagsreglur um flugvernd sem settar eru í þessari yfirlýsingu. Undirritað flutningafyrirtæki ber fulla ábyrgð á öllum flutningum fyrir hönd viðurkennda umboðsaðilans, þekkta sendandans eða skráðs sendanda og

— önnur þjónusta (t.d. geymsla) verður ekki boðin út til annars aðila en viðurkennds umboðsaðila eða einingar, sem hlutaðeigandi yfirvald hefur vottað eða samþykkt og skráð sem þjónustuaðila fyrir þessa þjónustu.

Ég tek fulla ábyrgð á þessari yfirlýsingu.

Nafn:

Staða innan fyrirtækis:

Heiti og heimilisfang félags:

Dagsetning:

Undirskrift:

FYLGISKJAL 6-F

FARMUR OG PÓSTUR

6-Fi

ÞRIÐJU LÖND SEM OG ÖNNUR LÖND OG YFIRRÁÐASVÆÐI, SEM ÞRIÐJI HLUTI VI. BÁLKAR SÁTTMÁLANS UM STARFSHÆTTI EVRÓPUSAMBANDSINS GILDIR EKKI UM, SKV. 355. GR. ÞESS SÁTTMÁLA, SEM UPPFYLLA FLUGVERNDARKRÖFUR SEM VIÐURKENNT ER AÐ JAFNGILDI SAMEIGINLEGUM GRUNNKRÖFUM.

Engin ákvæði hafa verið samþykkt.

6-Fii

ÞRIÐJU LÖND SEM OG ÖNNUR LÖND OG YFIRRÁÐASVÆÐI, SEM ÞRIÐJI HLUTI VI. BÁLKAR SÁTTMÁLANS UM STARFSHÆTTI EVRÓPUSAMBANDSINS GILDIR EKKI UM, SKV. 355. GR. ÞESS SÁTTMÁLA, ÞAR SEM EKKI ER GERÐ KRAFA UM TILNEFNINGU ACC3-FLUGREKANDA, ERU SKRÁÐ Í FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR C(2015) 8005.

6-Fiii

FULLGILDINGARSTARFSEMI ÞRIÐJU LANDA SEM OG ANNARRA LANDA OG YFIRRÁÐASVÆÐA, SEM ÞRIÐJI HLUTI VI. BÁLKAR SÁTTMÁLANS UM STARFSHÆTTI EVRÓPUSAMBANDSINS GILDIR EKKI UM, SKV. 355. GR. ÞESS SÁTTMÁLA, SEM VIÐURKENNT ER AÐ JAFNGILDI FULLGILDINGU FLUGVERNDAR.

Engin ákvæði hafa verið samþykkt.

FYLGISKJAL 6-G

ÁKVÆÐI ER VARÐA FARM OG PÓST FRÁ ÞRIÐJU LÖNDUM

Í flugverndaráætlun ACC3-flugrekanda skal eftirfarandi koma fram, eftir því sem við á, annaðhvort sérstaklega fyrir hvern flugvöll í þriðja landi eða sem almennt skjal þar sem tilgreind eru öll frávik á tilgreindum flugvöllum í þriðju löndum:

a) lýsing á ráðstöfunum varðandi flugfarm og flugpóst,

b) verklagsreglur um móttöku,

c) kerfi og viðmiðanir varðandi viðurkennda umboðsaðila,

d) kerfi og viðmiðanir varðandi þekkta sendendur,

e) kerfi og viðmiðanir varðandi skráða sendendur,

f) kröfur varðandi skimun,

g) staðsetning skimunar,

h) upplýsingar um skimunarbúnað,

i) upplýsingar um viðkomandi flugrekanda eða þjónustuveitanda,

j) skrá yfir undanþágur frá öryggisleit,

k) upplýsingar um meðhöndlun flugfarms og flugpósts sem mikil áhætta fylgir.

FYLGISKJAL 6-H1

YFIRLÝSING UM SKULDBINDINGAR — ACC3-FLUGREKANDI MEÐ ESB-FULLGILDINGU FYRIR FLUGVERND

Fyrir hönd [nafn flugrekanda] tek ég mið af eftirfarandi:

Í þessari skýrslu er ákvarðað flugverndarstig fyrir vinnu við farm, sem er fluttur með flugi til ESB/EES, að því er varðar verndarkröfurnar sem taldar eru upp í gátlistanum eða sem um getur í honum.

Einungis er unnt að tilnefna [nafn flugrekanda] sem „flugrekanda sem flytur flugfarm eða flugpóst inn í Sambandið frá flugvelli í þriðja landi“ (ACC3-flugrekandi) þegar hlutaðeigandi yfirvald aðildarríkis Evrópusambandsins eða Íslands, Noregs eða Sviss hefur, í þeim tilgangi, tekið við og samþykkt skýrslu um ESB-fullgildingu og upplýsingar um ACC3-flugrekandann hafa verið færðar í gagnagrunn Sambandsins um verndaða aðfangakeðju.

Ef skýrslan sýnir fram á að ekki sé farið að verndarráðstöfunum, sem hún vísar til, gæti það leitt til afturköllunar á tilnefningu [nafn flugrekanda] sem ACC3-flugrekanda, sem þegar hefur fengist fyrir þennan flugvöll, og mun það koma í veg fyrir að [nafn flugrekanda] geti flutt flugfarm/flugpóst til ESB/EES frá þessum flugvelli.

Skýrslan gildir í fimm ár og fellur því úr gildi eigi síðar en ... .

Fyrir hönd [nafn flugrekanda] lýsi ég því yfir:

— að [nafn flugrekanda] mun samþykkja viðeigandi framhaldsaðgerðir í þeim tilgangi að vakta kröfurnar sem staðfestar eru í skýrslunni,

— að allar breytingar á starfrækslu [nafn flugrekanda] þar sem ekki er gerð krafa um fulla endurfullgildingu munu verða færðar í upphaflegu skýrsluna, þannig að nýjum upplýsingum verður bætt við en þær eldri verða áfram sýnilegar. Þetta getur varðað eftirfarandi breytingar:

1) heildarábyrgð á vernd er úthlutað einhverjum öðrum en einstaklingnum sem tilgreindur er í lið 1.7 í fylgiskjali 6-C3 við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998,

2) allar aðrar breytingar á athafnasvæði eða verklagsreglum sem líklegt er að hafi veruleg áhrif á vernd,

— að [nafn flugrekanda] mun tilkynna yfirvöldum, sem tilnefndu hann sem ACC3-flugrekanda, um það ef [nafn flugrekanda] hættir starfsemi, hættir að meðhöndla flugfarm/flugpóst eða getur ekki lengur uppfyllt kröfurnar sem hafa fengið fullgildingu í þessari skýrslu,

— að [nafn flugrekanda] mun viðhalda verndarstiginu, sem staðfest er í þessari skýrslu, í samræmi við markmiðin, sem sett eru fram í þessum gátlista, og, eftir því sem við á, framkvæma og beita viðbótarverndarráðstöfunum, sem gerð er krafa um, til að öðlast tilnefningu sem ACC3-flugrekandi, ef staðfest hefur verið að verndarkröfurnar séu ófullnægjandi, þar til starfsemi [nafn flugrekanda] fær fullgildingu síðar.

Fyrir hönd [nafn flugrekanda] tek ég fulla ábyrgð á þessari yfirlýsingu.

Nafn:

Staða innan fyrirtækis:

Dagsetning:

Undirskrift:

FYLGISKJAL 6-H2

YFIRLÝSING UM SKULDBINDINGAR — VIÐURKENNDUR UMBOÐSAÐILI FRÁ ÞRIÐJA LANDI MEÐ ESB-FULLGILDINGU FLUGVERNDAR (RA3-umboðsaðili)

Fyrir hönd [nafn RA3-umboðsaðila] tek ég mið af eftirfarandi:

Í þessari skýrslu er ákvarðað flugverndarstig fyrir vinnu við farm, sem er fluttur með flugi til ESB/EES, að því er varðar verndarkröfurnar sem taldar eru upp í gátlistanum eða sem um getur í honum.

Einungis er unnt að tilnefna [nafn RA3-umboðsaðila] sem „viðurkenndan umboðsaðila frá þriðja landi með ESB-fullgildingu flugverndar“ (RA3-umboðsaðili) þegar ESB-matsmaður flugverndar, sem er skráður í gagnagrunn Sambandsins um verndaða aðfangakeðju, hefur lokið ESB-fullgildingu flugverndar með fullnægjandi hætti með stöðunni „STAÐIÐ“.

Ef skýrslan sýnir fram á að ekki sé farið að verndarráðstöfunum, sem vísað er til í henni, gæti það leitt til þess að tilnefning [nafn RA3-umboðsaðila] sem RA3-umboðsaðili fyrir þetta athafnasvæði, sem þegar hefur fengist, yrði afturkölluð sem mun koma í veg fyrir að [nafn RA3-umboðsaðila] geti flutt verndaðan farm eða póst með flugi til ákvörðunarstaðar í ESB/EES og afhent hann ACC3-flugrekanda eða öðrum RA3-umboðsaðila.

Skýrslan gildir í fimm ár og fellur því úr gildi eigi síðar en ... .

Fyrir hönd [nafn RA3-umboðsaðila] lýsi ég því yfir:

a) að [nafn RA3-umboðsaðila] muni samþykkja viðeigandi framhaldsaðgerðir í þeim tilgangi að vakta kröfurnar sem staðfestar eru í skýrslunni,

b) að allar breytingar á starfrækslu [nafn RA3-umboðsaðila], þar sem ekki er gerð krafa um fulla endurfullgildingu, muni verða færðar í upphaflegu skýrsluna, þannig að nýjum upplýsingum verði bætt við en þær eldri verði áfram sýnilegar; Þetta getur varðað eftirfarandi breytingar:

1) heildarábyrgð á vernd er úthlutað einhverjum öðrum en einstaklingnum sem tilgreindur er í lið 1.8 í fylgiskjali 6-C2 við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998,

2) hvers konar aðrar breytingar verði á athafnasvæði eða verklagsreglum sem líklegt er að hafi veruleg áhrif á vernd,

c) að [nafn RA3-umboðsaðila] muni tilkynna ACC3-flugrekendum og RA3-umboðsaðilum, sem hann afhendir verndaðan flugfarm og/eða flugpóst, um það ef [nafn RA3-umboðsaðila] hættir starfsemi, hættir að meðhöndla flugfarm eða flugpóst eða getur ekki lengur uppfyllt kröfurnar sem eru fullgiltar í þessari skýrslu,

d) að [nafn RA3-umboðsaðila] skuli viðhalda verndarstiginu, sem staðfest er í þessari skýrslu, í samræmi við markmiðin, sem sett eru fram í þessum gátlista, og, eftir því sem við á, framkvæma og beita viðbótarverndarráðstöfunum, sem gerð er krafa um, til að öðlast tilnefningu sem RA3-umboðsaðili, ef staðfest hefur verið að verndarkröfurnar séu ófullnægjandi, þar til starfsemi [nafn RA3-umboðsaðila] fær fullgildingu síðar.

Fyrir hönd [nafn RA3-umboðsaðila] tek ég fulla ábyrgð á þessari yfirlýsingu.

Nafn:

Staða innan fyrirtækis:

Dagsetning:

Undirskrift:

FYLGISKJAL 6-H3

YFIRLÝSING UM SKULDBINDINGAR — ÞEKKTUR SENDANDI FRÁ ÞRIÐJA LANDI MEÐ ESB-FULLGILDINGU FLUGVERNDAR (KC3-SENDANDI)

Fyrir hönd [nafn KC3-sendanda] tek ég mið af eftirfarandi:

Í þessari skýrslu er ákvarðað flugverndarstig fyrir vinnu við farm, sem er fluttur með flugi til ESB/EES, að því er varðar verndarkröfurnar sem taldar eru upp í gátlistanum eða sem um getur í honum.

Einungis er unnt að tilnefna [nafn KC3-sendanda] sem „þekktan sendanda frá þriðja landi með ESB-fullgildingu flugverndar“ (KC3-sendanda) þegar ESB-matsmaður flugverndar, sem er skráður í gagnagrunn Sambandsins um verndaða aðfangakeðju, hefur lokið ESB-fullgildingu flugverndar með fullnægjandi hætti með stöðunni „STAÐIÐ“.

Ef skýrslan sýnir fram á að ekki sé farið að verndarráðstöfunum, sem vísað er til í henni, gæti það leitt til þess að tilnefning [nafn KC3-sendanda] sem KC3-sendandi fyrir þetta athafnasvæði, sem þegar hefur fengist, yrði afturkölluð sem mun koma í veg fyrir að [nafn KC3-sendanda] geti flutt verndaðan farm eða póst með flugi til ákvörðunarstaðar í ESB/EES og afhent hann ACC3-flugrekanda eða viðurkenndum umboðsaðila frá þriðja landi með ESB-fullgildingu flugverndar (RA3-umboðsaðili).

Skýrslan gildir í fimm ár og fellur því úr gildi eigi síðar en ... .

Fyrir hönd [nafn KC3-sendanda] lýsi ég því yfir:

a) að [nafn KC3-sendanda] muni samþykkja viðeigandi framhaldsaðgerðir í þeim tilgangi að vakta kröfurnar sem staðfestar eru í skýrslunni,

b) að allar breytingar á starfrækslu [nafn KC3-sendanda], þar sem ekki er gerð krafa um fulla endurfullgildingu, muni verða færðar í upphaflegu skýrsluna, þannig að nýjum upplýsingum verði bætt við en þær eldri verði áfram sýnilegar; þetta getur varðað eftirfarandi breytingar:

1) heildarábyrgð á vernd er úthlutað einhverjum öðrum en einstaklingnum sem tilgreindur er í lið 1.9 í fylgiskjali 6-C4 við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998,

2) hvers konar aðrar breytingar verði á athafnasvæði eða verklagsreglum sem líklegt er að hafi veruleg áhrif á vernd,

c) að [nafn KC3-sendanda] muni tilkynna ACC3-flugrekendum og RA3-umboðsaðilum, sem hann afhendir verndaðan flugfarm og/eða flugpóst, um það ef [nafn KC3-sendanda] hættir starfsemi, hættir að meðhöndla flugfarm/flugpóst eða getur ekki lengur uppfyllt kröfurnar sem eru fullgiltar í þessari skýrslu.

d) að [nafn KC3-sendanda] skuli viðhalda verndarstiginu, sem staðfest er í þessari skýrslu, í samræmi við markmiðin, sem sett eru fram í þessum gátlista, og, eftir því sem við á, framkvæma og beita viðbótarverndarráðstöfunum, sem gerð er krafa um, til að öðlast tilnefningu sem KC3-sendandi, ef staðfest hefur verið að verndarkröfurnar séu ófullnægjandi, þar til starfsemi [nafn KC3-sendanda] fær fullgildingu síðar.

Fyrir hönd [nafn KC3-sendanda] tek ég fulla ábyrgð á þessari yfirlýsingu.

Nafn:

Staða innan fyrirtækis:

Dagsetning:

Undirskrift:

FYLGISKJAL 6-I

Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 er mælt fyrir um ákvæði um farm sem mikil áhætta fylgir.

FYLGISKJAL 6-J

Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 er mælt fyrir um ákvæði um skimunarbúnað.

7. PÓSTUR OG REKSTRARVÖRUR FLUGREKANDA

7.0 ALMENN ÁKVÆÐI

Nema annað sé tekið fram eða nema yfirvald, rekstraraðili flugvallar, eining eða annar flugrekandi tryggi framkvæmd flugverndarráðstafana, eins og um getur í 4., 5. og 6. kafla, skal flugrekandi sjá til þess að þær ráðstafanir sem settar eru fram í þessum kafla komi til framkvæmda að því er varðar póst og rekstrarvörur flugrekanda.

7.1 PÓSTUR OG REKSTRARVÖRUR FLUGREKANDA SEM SETJA Á UM BORÐ Í LOFTFAR

7.1.1 Áður en pósti og rekstrarvörum flugrekanda er komið fyrir í lest flugfars skulu þau annaðhvort skimuð eða þau varin í samræmi við 5. kafla eða sæta flugverndareftirliti og þau varin í samræmi við 6. kafla.

7.1.2 Áður en póstur og rekstrarvörur flugrekanda eru sett um borð í hvaða hluta loftfarsins sem er, að undanskilinni lestinni, skulu þau skimuð og varin í samræmi við ákvæðin um handfarangur í 4. kafla.

7.1.3 Póstur og rekstrarvörur flugrekanda, sem á að setja um borð í loftfar, falla einnig undir viðbótarákvæðin sem mælt er fyrir um í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.

7.2 REKSTRARVÖRUR FLUGREKANDA SEM NOTAÐAR ERU VIÐ INNRITUN FARÞEGA OG FARANGURS

7.2.1 Rekstrarvörur flugrekanda, sem notaðar eru í tengslum við innritun farþega og farangurs og sem nota mætti til að stefna flugvernd í hættu, skulu varðar eða vera undir eftirliti til að koma í veg fyrir óheimilan aðgang.

Litið skal svo á að sjálfsafgreiðsla í innritun og samsvarandi kostir á Netinu, sem farþegum er heimilt að nota, heimili aðgang að slíkum rekstrarvörum.

7.2.2 Rekstrarvörum, sem hefur verið hent en hægt væri að nota til að auðvelda óheimilan aðgang eða til að færa farangur inn á haftasvæði flugverndar eða um borð í loftfar, skal eytt eða þær eyðilagðar.

7.2.3 Eftirlit skal haft með brottfararkerfum og innritunarkerfum til að koma í veg fyrir óheimilan aðgang.

Litið skal svo á að sjálfsafgreiðsla í innritun, sem farþegum er heimilt að nota, heimili aðgang að slíkum kerfum.

8. BIRGÐIR TIL NOTKUNAR UM BORÐ

8.0 ALMENN ÁKVÆÐI

8.0.1 Yfirvöld, rekstraraðili flugvallar, flugrekandi eða eining, sem ber ábyrgð í samræmi við landsbundnu flugverndaráætlunina í almenningsflugi, sem um getur í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008, skal sjá til þess að þær ráðstafanir sem settar eru fram í þessum kafla komi til framkvæmda, nema annað sé tekið fram.

8.0.2 Í þessum kafla merkir „birgðir til notkunar um borð“ alla þá hluti sem ætlunin er að taka með um borð í loftfarið og farþegar eða áhöfn nota, neyta eða kaupa meðan á flugi stendur, að undanskildum:

a) handfarangri,

b) hlutum, sem aðrir einstaklingar en farþegar hafa meðferðis, og

c) pósti og rekstrarvörum flugrekanda.

Í þessum kafla merkir „viðurkenndur birgir birgða til notkunar um borð“ birgi sem hefur verklagsreglur sem uppfylla sameiginlegar reglur og kröfur um flugvernd þannig að unnt sé að afhenda birgðir til notkunar um borð beint um borð í loftfarið.

Í þessum kafla merkir „þekktur birgir birgða til notkunar um borð“ birgi sem hefur verklagsreglur sem uppfylla sameiginlegar reglur og kröfur um flugvernd þannig að unnt sé að afhenda flugrekanda eða viðurkenndum birgi birgðir til notkunar um borð en ekki beint um borð í loftfarið.

8.0.3 Birgðir skulu teljast birgðir til notkunar um borð frá því að þær eru auðgreinanlegar sem birgðir sem taka á með um borð í loftfar og farþegar eða áhöfn nota, neyta eða kaupa meðan á flugi stendur.

8.0.4 Skráin yfir bannaða hluti í birgðum til notkunar um borð er sú sama og sett er fram í fylgiskjali 1-A. Meðhöndla skal bannaða hluti í samræmi við lið 1.6.

8.1 FLUGVERNDARRÁÐSTAFANIR

8.1.1 **Flugverndarráðstafanir — almenn ákvæði**

8.1.1.1 Birgðir til notkunar um borð skulu skimaðar áður en þær eru fluttar inn á haftasvæði flugverndar:

a) nema flugrekandi, sem flytur birgðirnar um borð í eigið loftfar, hafi viðhaft tilskildar flugverndarráðstafanir vegna þeirra og þær hafi verið varðar gegn óheimilum aðgangi frá því þessar ráðstafanir voru gerðar og þar til þær voru fluttar um borð í loftfarið eða

b) nema viðurkenndur birgir hafi viðhaft tilskildar flugverndarráðstafanir vegna birgðanna og þær hafi verið varðar gegn óheimilum aðgangi frá því þessar ráðstafanir voru gerðar og þar til þær komu inn á haftasvæði flugverndar eða voru afhentar, ef við á, flugrekanda eða öðrum viðurkenndum birgi eða

c) nema þekktur birgir hafi viðhaft tilskildar flugverndarráðstafanir vegna birgðanna og þær hafi verið varðar gegn óheimilum aðgangi frá því þessar ráðstafanir voru gerðar og þar til þær voru afhentar flugrekanda eða viðurkenndum birgi.

8.1.1.2 Sé ástæða til að ætla að vernd birgða til notkunar um borð hafi verið rofin eða þær hafi ekki verið varðar gegn óheimilum aðgangi frá því þetta eftirlit fór fram, skulu þær skimaðar aftur áður en farið er með þær inn á haftasvæði flugverndar.

8.1.1.3 Flugverndarráðstafanir vegna birgða til notkunar um borð falla einnig undir viðbótarákvæðin sem mælt er fyrir um í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.

8.1.2 **Skimun**

8.1.2.1 Úrræðin eða aðferðin, sem notuð er við skimun birgða til notkunar um borð, skal taka tillit til hvers eðlis birgðirnar eru og skal vera af slíkum gæðum að hægt sé að tryggja með fullnægjandi vissu að engir bannaðir hlutir séu faldir í birgðunum.

8.1.2.2 Skimun birgða til notkunar um borð fellur einnig undir viðbótarákvæðin sem mælt er fyrir um í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.

8.1.2.3 Við skimun skulu eftirfarandi úrræði eða aðferðir notaðar, annaðhvort einar sér eða ásamt öðrum aðferðum:

a) sjónræn skoðun,

b) handleit,

c) röntgenbúnaður,

d) búnaður til greiningar sprengiefnis,

e) snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni ásamt aðferðinni í a-lið,

f) sprengjuleitarhundar, ásamt aðferðinni í a-lið.

Þegar vopnaleitarmaður getur ekki ákvarðað hvort birgðirnar innihaldi bannaða hluti eða ekki skal þeim ekki hleypt í gegn eða þær endurskimaðar þannig að fullnægjandi sé að mati vopnaleitarmanns.

8.1.3 **Samþykki viðurkenndra birgja**

8.1.3.1 Hlutaðeigandi yfirvald skal samþykkja viðurkennda birgja.

Samþykki viðurkennds birgis skal gilda um tiltekna starfsstöð.

Hver eining, sem viðhefur flugverndarráðstafanir, eins og um getur í lið 8.1.5, og afhendir birgðir til notkunar um borð, beint um borð í loftfarið, skal samþykkt sem viðurkenndur birgir. Þetta á ekki við um flugrekanda sem viðhefur þessar flugverndarráðstafanir sjálfur og sem afhendir birgðir aðeins í eigin loftför.

8.1.3.2 Eftirfarandi verklagsreglur gilda um samþykki viðurkenndra birgja:

a) Einingin skal óska eftir samþykki frá hlutaðeigandi yfirvaldi aðildarríkisins þar sem starfsstöðin er staðsett til að fá stöðu sem viðurkenndur birgir.

Umsækjandinn skal leggja flugverndaráætlun fyrir hlutaðeigandi yfirvald. Í áætluninni skal lýsa þeim aðferðum og verklagsreglum sem birgirinn á að fylgja til að fara að kröfunum í lið 8.1.5. Í áætluninni skal einnig lýst hvernig birgirinn skuli hafa eftirlit með því að farið sé að þessum aðferðum og verklagsreglum.

Umsækjandinn skal einnig leggja fram „yfirlýsingu um skuldbindingar — viðurkenndir birgjar birgða til notkunar um borð“ sem er að finna í fylgiskjali 8-A. Yfirlýsingin skal undirrituð af lagalegum fyrirsvarsmanni eða af einstaklingi sem ber ábyrgð á verndinni.

Hlutaðeigandi yfirvald skal geyma undirrituðu yfirlýsinguna.

b) Hlutaðeigandi yfirvald, eða ESB-matsmaður flugverndar fyrir hönd þess, skal rannsaka flugverndaráætlunina og síðan framkvæma sannprófun á tilteknum starfsstöðvum til að meta hvort umsækjandinn fari að kröfunum í lið 8.1.5.

c) Ef hlutaðeigandi yfirvald telur að upplýsingarnar, sem gefnar eru í a- og b-lið, séu fullnægjandi er því heimilt að samþykkja birginn sem viðurkenndan birgi fyrir tilteknar starfsstöðvar. Ef hlutaðeigandi yfirvald telur upplýsingarnar ófullnægjandi skal einingunni, sem sækir um samþykki sem viðurkenndur birgir, tafarlaust tilkynnt um ástæður þess.

8.1.3.3 Viðurkenndur birgir skal endurmetinn með reglulegu millibili og eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Þetta felur í sér sannprófun á starfsstöð viðurkennds birgis í því skyni að meta hvort hann fari enn að kröfunum í lið 8.1.5.

Skoðun hlutaðeigandi yfirvalds á athafnasvæði viðurkennda birgisins í samræmi við landsbundna gæðastjórnunaráætlun má líta á sem sannprófun á starfsstöð, að því tilskildu að skoðunin taki til allra krafna í lið 8.1.5.

8.1.3.4 Ef hlutaðeigandi yfirvald telur að viðurkenndi umboðsaðilinn uppfylli ekki lengur kröfurnar í lið 8.1.5 skal það svipta hinn viðurkennda birgi stöðu sinni að því er varðar tilteknar starfsstöðvar.

8.1.3.5 Með fyrirvara um rétt hvers aðildarríkis til að gera strangari kröfur, í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008, skal viðurkenndur birgir, sem er samþykktur í samræmi við lið 8.1.3, viðurkenndur í öllum aðildarríkjum.

8.1.4 **Tilnefning þekktra birgja**

8.1.4.1 Hver eining („birgir“), sem viðhefur flugverndarráðstafanir, eins og um getur í lið 8.1.5, og afhendir birgðir til notkunar um borð en ekki beint um borð í loftfarið, skal tilnefnd sem þekktur birgir af hlutaðeigandi rekstraraðila eða einingu sem hún afhendir birgðirnar („tilnefnd eining“). Þetta á ekki við um viðurkenndan birgi.

8.1.4.2 Til að vera tilnefndur sem þekktur birgir verður birgirinn að láta tilnefndri einingu í té:

a) „yfirlýsingu um skuldbindingar — viðurkenndir birgjar birgða til notkunar um borð“ sem er að finna í fylgiskjali 8-B. Yfirlýsingin skal undirrituð af lagalegum fyrirsvarsmanni og

b) flugverndaráætlun sem tekur til flugverndarráðstafana, eins og um getur í lið 8.1.5.

8.1.4.3 Allir þekktir birgjar skulu tilnefndir á grundvelli fullgildingar á því:

a) hvort flugverndaráætlunin sé viðeigandi og heildstæð, að því er varðar lið 8.1.5, og

b) hvort flugverndaráætlunin hafi verið framkvæmd án frávika.

Ef hlutaðeigandi yfirvald eða tilnefnd eining telur að þekkti birgirinn uppfylli ekki lengur kröfurnar í lið 8.1.5 skal tilnefndi aðilinn, án tafar, svipta hinn þekkta birgi stöðu sinni.

8.1.4.4 Hlutaðeigandi yfirvald í hverju aðildarríki skal tilgreina í flugverndaráætlun sinni í almenningsflugi, eins og um getur í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008, ef innlendur úttektarmaður, ESB-matsmaður flugverndar eða einstaklingur, sem kemur fram fyrir hönd tilnefndrar einingar og er skipaður og þjálfaður í þessum tilgangi, á að fullgilda flugverndaráætlunina og sjá um framkvæmd hennar.

Fullgildingarnar skulu skráðar og ef ekki er kveðið á um annað í þessari löggjöf skulu þær eiga sér stað fyrir tilnefningu og endurteknar á tveggja ára fresti eftir það.

Ef fullgildingin er ekki gerð af hálfu tilnefndu einingarinnar skal hún hafa aðgang að öllum gögnum um hana.

8.1.4.5 Fullgilding á framkvæmd flugverndaráætlunar, þar sem staðfest er að frávikum sé ekki til að dreifa, skal annaðhvort vera:

a) heimsókn á starfsstöð birgisins á tveggja ára fresti eða

b) reglulegar athuganir, sem skulu hefjast strax eftir tilnefningu, við móttöku birgða, sem þessi þekkti birgir afhendir, þ.m.t.:

— sannprófun á því að einstaklingurinn, sem afhendir birgðir fyrir hönd þekkta birgisins, hafi fengið tilhlýðilega þjálfun og

— sannprófun á að birgðirnar séu verndaðar á tilhlýðilegan hátt og

— skimun birgðanna með sama hætti og birgðir sem koma frá óþekktum birgjum.

Þessar athuganir skulu vera ófyrirsjáanlegar og fara fram a.m.k. einu sinni á hverju þriggja mánaða tímabili eða í 20% af afhendingum þekkts sendanda til tilnefndu einingarinnar.

Aðeins má notast við kostinn í b-lið ef hlutaðeigandi yfirvald í hverju aðildarríki hefur tilgreint í flugverndaráætlun sinni í almenningsflugi að einstaklingurinn, sem kemur fram fyrir hönd tilnefndu einingarinnar, eigi að framkvæma fullgildinguna.

8.1.4.6 Í flugverndaráætlun tilnefndu einingarinnar skal mælt fyrir um aðferðirnar, sem á að nota, og verklagið, sem fylgja á, meðan á tilnefningu stendur og þegar henni er lokið.

8.1.4.7 Tilnefnda einingin skal geyma:

a) skrá yfir alla þekkta birgja, sem hún hefur tilnefnt, þar sem fram kemur hvenær tilnefning þeirra fellur úr gildi og

b) undirritaða yfirlýsingu, afrit af flugverndaráætluninni og allar skýrslur um framkvæmd hennar, að því er varðar hvern þekktan birgi, í a.m.k. sex mánuði eftir að tilnefning hans féll úr gildi.

Þessi gögn skulu vera aðgengileg hlutaðeigandi yfirvaldi samkvæmt beiðni í tengslum við samræmisvöktun.

8.1.5 **Flugverndarráðstafanir sem flugrekandi, viðurkenndur birgir og þekktur birgir eiga að beita**

8.1.5.1 Flugrekandi, viðurkenndur birgir og þekktur birgir birgða til notkunar um borð skulu:

a) tilnefna einstakling ábyrgan fyrir flugvernd í fyrirtækinu,

b) sjá til þess að einstaklingar með aðgang að birgðum til notkunar um borð fái almenna þjálfun í flugverndarvitund, í samræmi við lið 11.2.7, áður en þeim er veittur aðgangur að birgðunum,

c) koma í veg fyrir óheimilan aðgang að athafnasvæði sínu og birgðum til notkunar um borð,

d) tryggja, með fullnægjandi vissu, að engir bannaðir hlutir séu faldir í birgðum til notkunar um borð og

e) nota innsigli, sem sýnir hvort vernd ökutækjanna og/eða gámanna, sem flytja birgðir til notkunar um borð, hafi verið rofin eða verja ökutækin og/eða gámana með áþreifanlegum hætti.

Ákvæði e-liðar gildir ekki um flutning innan flugsvæðis.

8.1.5.2 Ef þekktur birgir felur flutning birgða öðru fyrirtæki, sem ekki er þekktur birgir flugrekandans eða viðurkennda birgisins, skal þekkti birgirinn tryggja að farið sé að öllum flugverndarráðstöfunum sem tilgreindar eru í lið 8.1.5.1.

8.1.5.3 Flugverndarráðstafanir, sem flugrekandi og viðurkenndur birgir eiga að beita, falla einnig undir viðbótarákvæðin sem mælt er fyrir um í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.

8.2 VÖRN BIRGÐA TIL NOTKUNAR UM BORÐ

Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 er mælt fyrir um ítarleg ákvæði um vörn birgða til notkunar um borð.

8.3 VIÐBÓTARÁKVÆÐI UM FLUGVERND FYRIR BIRGÐIR AF VÖKVA, ÚÐAEFNUM OG GELI (LAGs) OG AF POKUM MEÐ INNSIGLI, SEM SÝNIR HVORT VERND ÞEIRRA HAFI VERIÐ ROFIN, TIL NOTKUNAR UM BORÐ (STEBs)

8.3.1 Birgðir af pokum með innsigli, sem sýnir hvort vernd þeirra hafi verið rofin, til notkunar um borð skulu afhentar í umbúðum með innsigli, sem sýnir hvort vernd þeirra hafi verið rofin, á flugsvæði eða haftasvæði flugverndar.

8.3.2 Frá því fyrst er tekið á móti þeim á flugsvæði eða á haftasvæði flugverndar og þar til þau eru seld um borð í loftfarinu skulu vökvar, úðaefni og gel og pokar með innsigli, sem sýnir hvort vernd þeirra hafi verið rofin, varin gegn óheimilum aðgangi.

8.3.3 Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 er mælt fyrir um ítarleg ákvæði að því er varðar viðbótarákvæði um flugvernd varðandi birgðir af vökvum, úðaefnum og geli og pokum með innsigli, sem sýnir hvort vernd þeirra hafi verið rofin, til notkunar um borð.

FYLGISKJAL 8-A

YFIRLÝSING UM SKULDBINDINGAR

VIÐURKENNDUR BIRGIR BIRGÐA TIL NOTKUNAR UM BORÐ

Í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008([21]) og framkvæmdargerðir hennar,

lýsi ég því yfir

— að eftir minni bestu vitund eru upplýsingarnar í flugverndaráætlun fyrirtækisins réttar og nákvæmar,

— að aðferðunum og verklagsreglunum, sem settar eru fram í þessari flugverndaráætlun, verði hrint í framkvæmd og þeim viðhaldið á öllum þeim starfsstöðvum sem teknar eru fram í áætluninni,

— að þessi flugverndaráætlun verði aðlöguð og henni breytt til að fara að öllum viðeigandi breytingum á löggjöf Sambandsins í framtíðinni nema [heiti fyrirtækis] tilkynni [heiti hlutaðeigandi yfirvalds] að það óski ekki lengur eftir að afhenda birgðir til notkunar um borð beint um borð í loftfar (og óski því ekki lengur eftir því að vera viðurkenndur birgir),

— að [heiti fyrirtækis] muni tilkynna [heiti hlutaðeigandi yfirvalds] skriflega:

a) um minni háttar breytingar á flugverndaráætlun fyrirtækisins, t.d. breytingar er varða heiti fyrirtækisins, einstakling sem ber ábyrgð á flugvernd eða tengiliðaupplýsingar, tafarlaust en a.m.k. innan 10 virkra daga, og

b) um meiri háttar fyrirhugaðar breytingar, t.d. nýjar verklagsreglur um skimun, meiri háttar byggingarframkvæmdir, sem gætu haft áhrif á það að fyrirtækið geti farið að viðeigandi löggjöf Sambandsins eða breytingu á starfsstöð/heimilisfangi, a.m.k. 15 virkum dögum áður en hafist er handa við fyrirhugaðar breytingar,

— að til að tryggja að farið sé að viðeigandi löggjöf Sambandsins muni [heiti fyrirtækis] sýna fulla samvinnu við allar skoðanir, þegar slíkt er nauðsynlegt, og veita aðgang að öllum þeim gögnum sem skoðunarmenn fara fram á,

— að [heiti fyrirtækis] muni upplýsa [heiti hlutaðeigandi yfirvalds] um öll alvarleg flugverndarbrot og allar grunsamlegar aðstæður, sem gætu skipt máli fyrir birgðir til notkunar um borð, einkum allar tilraunir til að fela bannaða hluti í birgðum,

— að [heiti fyrirtækis] muni sjá til þess að viðkomandi starfsfólk fái viðeigandi þjálfun, í samræmi við 11. kafla viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998, og geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem það ber á flugvernd innan ramma flugverndaráætlunar fyrirtækisins og

— að [heiti fyrirtækis] muni upplýsa [hlutaðeigandi yfirvald]:

a) ef það hættir starfsemi,

b) ef það afhendir ekki lengur birgðir til notkunar um borð beint um borð í loftfar eða

c) ef það getur ekki lengur farið að kröfum viðeigandi löggjafar Sambandsins.

Ég tek fulla ábyrgð á þessari yfirlýsingu.

Nafn:

Staða innan fyrirtækis:

Dagsetning:

Undirskrift:

([21]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 (Stjtíð. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72).

FYLGISKJAL 8-B

YFIRLÝSING UM SKULDBINDINGAR

ÞEKKTUR BIRGIR BIRGÐA TIL NOTKUNAR UM BORÐ

Í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008([22]) og framkvæmdargerðir hennar,

lýsi ég því yfir

— að [heiti fyrirtækis]

a) muni tilnefna einstakling ábyrgan fyrir flugvernd í fyrirtækinu,

b) muni sjá til þess að einstaklingar með aðgang að birgðum til notkunar um borð fái almenna þjálfun í flugverndarvitund, í samræmi við lið 11.2.7 í viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998, áður en þeim er veittur aðgangur að birgðunum. Enn fremur skal tryggja að einstaklingar, sem annast skimun birgða til notkunar um borð, fái þjálfun samkvæmt lið 11.2.3.3 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 og einstaklingar, sem hafa annars konar umsjón með starfsmönnum flugverndar, að því er varðar birgðir til notkunar um borð, fái þjálfun, samkvæmt lið 11.2.3.10 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998, og

c) muni koma í veg fyrir óheimilan aðgang að athafnasvæði sínu og birgðum til notkunar um borð,

d) muni tryggja, með fullnægjandi vissu, að engir bannaðir hlutir séu faldir í birgðum til notkunar um borð og

e) muni nota innsigli, sem sýnir hvort vernd ökutækjanna og/eða gámanna, sem flytja birgðir til notkunar um borð, hafi verið rofin eða verja ökutækin og/eða gámana (þessi liður gildir ekki um flutning innan flugsvæðis);

þegar flutningur birgða er falinn öðru fyrirtæki, sem ekki er þekktur birgir flugrekandans eða viðurkennda birgisins, mun [heiti fyrirtækis] tryggja að farið sé að öllum framangreindum flugverndarráðstöfunum,

— að til að tryggja að farið sé að ákvæðum muni [heiti fyrirtækis] sýna fulla samvinnu við allar skoðanir, eftir því sem þörf krefur, og veita aðgang að öllum þeim gögnum sem skoðunarmenn fara fram á,

— að [heiti fyrirtækis] muni upplýsa [heiti flugrekanda eða viðurkennds birgis sem það afhendir birgðir] um öll alvarleg flugverndarbrot og allar grunsamlegar aðstæður, sem gætu skipt máli fyrir birgðir til notkunar um borð, einkum allar tilraunir til að fela bannaða hluti í birgðum,

— að [heiti fyrirtækis] muni sjá til þess að viðkomandi starfsfólk fái viðeigandi þjálfun, í samræmi við 11. kafla viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998, og geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem það ber á flugvernd og

— að [heiti fyrirtækis] muni tilkynna [flugrekanda eða viðurkenndum birgi sem það afhendir birgðir til notkunar um borð]:

a) ef það hættir starfsemi eða

b) ef það getur ekki lengur farið að kröfum viðeigandi löggjafar Sambandsins.

Ég tek fulla ábyrgð á þessari yfirlýsingu.

Lagalegur fyrirsvarsmaður

Nafn:

Dagsetning:

Undirskrift:

([22]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 (Stjtíð. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72).

9. FLUGVALLARBIRGÐIR

9.0 ALMENN ÁKVÆÐI

9.0.1 Nema annað sé tekið fram eða nema yfirvald eða eining tryggi framkvæmd skimunar skal rekstraraðili flugvallar sjá til þess að þær ráðstafanir sem settar eru fram í þessum kafla komi til framkvæmda.

9.0.2 Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „flugvallarbirgðir“: allir hlutir sem ætlunin er að selja, nota eða gera tiltæka á haftasvæði flugverndar á flugvöllum, í hvaða til gangi eða til hvers konar starfsemi sem er, að undanskildum „hlutum sem aðrir einstaklingar en farþegar hafa meðferðis“,

b) „þekktur birgir flugvallarbirgða“: birgir sem hefur verklagsreglur sem uppfylla sameiginlegar reglur og kröfur um flugvernd þannig að unnt sé að flytja flugvallarbirgðir inn á haftasvæði flugverndar.

9.0.3 Birgðir teljast flugvallarbirgðir frá þeim tíma sem þær eru auðgreinanlegar sem birgðir sem ætlað er að selja, nota eða gera tiltækar á haftasvæðum flugverndar á flugvöllum.

9.0.4 Skráin yfir bannaða hluti í flugvallarbirgðum er sú sama og sett er fram í fylgiskjali 1-A. Meðhöndla skal bannaða hluti í samræmi við lið 1.6.

9.1 FLUGVERNDARRÁÐSTAFANIR

9.1.1 **Flugverndarráðstafanir — almenn ákvæði**

9.1.1.1 Flugvallarbirgðir skulu skimaðar áður en heimilt er að flytja þær inn á haftasvæði flugverndar:

a) nema rekstraraðili flugvallar, sem flytur birgðirnar til eigin flugvallar, hafi viðhaft tilskildar flugverndarráðstafanir vegna þeirra og birgðirnar hafi verið varðar gegn óheimilum aðgangi frá því þessar ráðstafanir voru gerðar og þar til þær voru fluttar inn á haftasvæði flugverndar eða

b) nema þekktur eða viðurkenndur birgir hafi haft tilskildar flugverndarráðstafanir með birgðunum og þær hafi verið varðar gegn óheimilum aðgangi frá því þessar ráðstafanir voru gerðar og þar til þær voru fluttar inn á haftasvæði flugverndar.

9.1.1.2 Heimilt er að flugvallarbirgðir, sem koma frá haftasvæðum flugverndar, séu undanþegnar þessum flugverndarráðstöfunum.

9.1.1.3 Sé ástæða til að ætla að vernd flugvallarbirgða, sem sætt hafa flugverndarráðstöfunum, hafi verið rofin eða þær hafi ekki verið varðar gegn óheimilum aðgangi frá því þessar ráðstafanir voru gerðar skulu þær skimaðar aftur áður en farið er með þær inn á haftasvæði flugverndar.

9.1.2 **Skimun**

9.1.2.1 Það úrræði eða sú aðferð sem notuð er við skimun flugvallarbirgða skal taka tillit til hvers eðlis birgðirnar eru og skal vera af slíkum gæðum að hægt sé að tryggja, með fullnægjandi vissu, að engir bannaðir hlutir séu faldir í birgðunum.

9.1.2.2 Skimun flugvallarbirgða fellur einnig undir viðbótarákvæðin sem mælt er fyrir um í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.

9.1.2.3 Við skimun skulu eftirfarandi úrræði eða aðferðir notaðar, annaðhvort sitt í hvoru lagi eða saman:

a) sjónræn skoðun,

b) handleit,

c) röntgenbúnaður,

d) búnaður til greiningar sprengiefnis,

e) snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni ásamt aðferðinni í a-lið,

f) sprengjuleitarhundar, ásamt aðferðinni í a-lið;

þegar vopnaleitarmaður getur ekki ákvarðað hvort birgðirnar innihaldi bannaða hluti eða ekki skal þeim ekki hleypt í gegn eða þær endurskimaðar þannig að fullnægjandi sé að mati vopnaleitarmanns.

9.1.3 **Tilnefning þekktra birgja**

9.1.3.1 Hver eining („birgir“), sem viðhefur flugverndarráðstafanir, eins og um getur í lið 9.1.4, og afhendir flugvallarbirgðir, skal tilnefnd sem þekktur birgir af hlutaðeigandi rekstraraðila flugvallarins.

9.1.3.2 Til að vera tilnefndur sem þekktur birgir verður birgirinn að láta rekstraraðila flugvallar í té:

a) „yfirlýsingu um skuldbindingar — þekktur birgir flugvallarbirgða“ sem er að finna í fylgiskjali 9-A; yfirlýsingin skal undirrituð af lagalegum fyrirsvarsmanni og

b) flugverndaráætlun sem tekur til flugverndarráðstafana, eins og um getur í lið 9.1.4.

9.1.3.3 Allir þekktir birgjar skulu tilnefndir á grundvelli fullgildingar á því:

a) hvort flugverndaráætlunin sé viðeigandi og heildstæð að því er varðar lið 9.1.4 og

b) hvort flugverndaráætlunin hafi verið framkvæmd án frávika.

Ef hlutaðeigandi yfirvald eða rekstraraðili flugvallarins telur að þekkti birgirinn uppfylli ekki lengur kröfurnar í lið 9.1.4 skal rekstraraðili flugvallarins tafarlaust svipta hinn þekkta birgi stöðu sinni.

9.1.3.4 Hlutaðeigandi yfirvald í hverju aðildarríki skal tilgreina í flugverndaráætlun sinni í almenningsflugi, eins og um getur í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008, ef innlendur úttektarmaður, ESB-matsmaður flugverndar eða einstaklingur, sem kemur fram fyrir hönd rekstraraðila flugvallar og er skipaður og þjálfaður í þessum tilgangi, á að fullgilda flugverndaráætlunina og sjá um framkvæmd hennar.

Fullgildingarnar skulu skráðar og ef ekki er kveðið á um annað í þessari löggjöf skulu þær eiga sér stað fyrir tilnefningu og endurteknar á tveggja ára fresti eftir það.

Ef fullgildingin er ekki gerð af hálfu rekstraraðila flugvallar skal hann hafa aðgang að öllum gögnum um hana.

9.1.3.5 Fullgilding á framkvæmd flugverndaráætlunar, þar sem staðfest er að frávikum sé ekki til að dreifa, skal annaðhvort vera:

a) heimsókn á starfsstöð birgisins á tveggja ára fresti eða

b) reglulegar athuganir, sem skulu hefjast strax eftir tilnefningu, í tengslum við móttöku birgða á haftasvæði flugverndar, sem þessi þekkti birgir afhendir, þ.m.t.:

— sannprófun á því að einstaklingurinn, sem afhendir birgðir fyrir hönd þekkta birgisins, hafi fengið tilhlýðilega þjálfun og

— sannprófun á að birgðirnar séu verndaðar á tilhlýðilegan hátt og

— skimun birgðanna með sama hætti og birgðir sem koma frá óþekktum birgjum.

Þessar athuganir skulu vera ófyrirsjáanlegar og fara fram a.m.k. einu sinni á hverju þriggja mánaða tímabili eða í 20% af afhendingum þekkts sendanda til rekstraraðila flugvallar.

Aðeins má notast við kostinn í b-lið ef hlutaðeigandi yfirvald í hverju aðildarríki hefur tilgreint í flugverndaráætlun sinni í almenningsflugi að einstaklingur, sem kemur fram fyrir hönd rekstraraðila flugvallar, skuli framkvæma fullgildinguna.

9.1.3.6 Í flugverndaráætlun rekstraraðila flugvallar skal mælt fyrir um aðferðirnar, sem á að nota, og verklagið, sem fylgja á, meðan á tilnefningu stendur og þegar henni er lokið.

9.1.3.7 Rekstraraðili flugvallar skal geyma:

a) skrá yfir alla þekkta birgja, sem hann hefur tilnefnt, þar sem fram kemur hvenær tilnefning þeirra fellur úr gildi og

b) undirritaða yfirlýsingu, afrit af flugverndaráætluninni og allar skýrslur um framkvæmd hennar, að því er varðar hvern þekktan birgi, í a.m.k. sex mánuði eftir að tilnefning hans féll úr gildi.

Þessi gögn skulu vera aðgengileg hlutaðeigandi yfirvaldi samkvæmt beiðni í tengslum við samræmisvöktun.

9.1.4 **Flugverndarráðstafanir sem þekktur birgir eða rekstraraðili flugvallar á að beita**

9.1.4.1 Þekktur birgir flugvallarbirgða eða rekstraraðili flugvallar, sem afhendir flugvallarbirgðir á haftasvæði flugverndar, skal:

a) tilnefna einstakling ábyrgan fyrir flugvernd í fyrirtækinu,

b) sjá til þess að einstaklingar með aðgang að flugvallarbirgðum fái almenna þjálfun í flugverndarvitund, í samræmi við lið 11.2.7, áður en þeim er veittur aðgangur að birgðunum,

c) koma í veg fyrir óheimilan aðgang að athafnasvæði sínu og flugvallarbirgðum,

d) tryggja, með fullnægjandi vissu, að engir bannaðir hlutir séu faldir í flugvallarbirgðum og

e) nota innsigli, sem sýnir hvort vernd ökutækjanna og/eða gámanna, sem flytja flugvallarbirgðir, hafi verið rofin eða verja ökutækin og/eða gámana.

Ákvæði e-liðar gildir ekki um flutning innan flugsvæðis.

9.1.4.2 Ef þekktur birgir felur flutning birgða til flugvallarins öðru fyrirtæki, sem ekki er þekktur birgir rekstraraðila flugvallarins, skal þekkti birgirinn tryggja að farið sé að öllum flugverndarráðstöfunum sem tilgreindar eru í þessum lið.

9.2 VÖRN FLUGVALLARBIRGÐA

Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 er mælt fyrir um ítarleg ákvæði um vörn flugvallarbirgða.

9.3 VIÐBÓTARÁKVÆÐI UM FLUGVERND FYRIR BIRGÐIR AF VÖKVA, ÚÐAEFNUM OG GELI OG AF POKUM MEÐ INNSIGLI SEM SÝNIR HVORT VERND ÞEIRRA HAFI VERIÐ ROFIN

9.3.1 Birgðir af pokum með innsigli, sem sýnir hvort vernd þeirra hafi verið rofin, skulu afhentar í umbúðum með innsigli, sem sýnir hvort vernd þeirra hafi verið rofin, á flugsvæði fyrir innan þann stað þar sem eftirlit með brottfararspjöldum fer fram eða á haftasvæði flugverndar.

9.3.2 Frá því fyrst er tekið á móti þeim á flugsvæði eða á haftasvæði flugverndar og þar til þau eru seld á afgreiðslustöðum skulu vökvar, úðaefni og gel og pokar með innsigli, sem sýnir hvort vernd þeirra hafi verið rofin, varin gegn óheimilum aðgangi.

9.3.3 Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 er mælt fyrir um ítarleg ákvæði að því er varðar viðbótarákvæði um flugvernd varðandi birgðir af vökvum, úðaefnum og geli og pokum með innsigli sem sýnir hvort vernd þeirra hafi verið rofin.

FYLGISKJAL 9-A

YFIRLÝSING UM SKULDBINDINGAR

ÞEKKTUR BIRGIR FLUGVALLARBIRGÐA

Í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008([23]) og framkvæmdargerðir hennar,

lýsi ég því yfir

— að [heiti fyrirtækis]

a) muni tilnefna einstakling ábyrgan fyrir flugvernd í fyrirtækinu,

b) muni sjá til þess að einstaklingar með aðgang að flugvallarbirgðum fái almenna þjálfun í flugverndarvitund, í samræmi við lið 11.2.7 í viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998, áður en þeim er veittur aðgangur að birgðunum; enn fremur skal hann tryggja að einstaklingar, sem annast framkvæmd skimunar flugvallarbirgða, fái þjálfun, samkvæmt lið 11.2.3.3 í viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 og einstaklingar, sem hafa annars konar umsjón með starfsmönnum flugverndar að því er varðar flugvallarbirgðir, fái þjálfun, samkvæmt lið 11.2.3.10 í viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998, og

c) muni koma í veg fyrir óheimilan aðgang að athafnasvæði sínu og flugvallarbirgðum,

d) muni tryggja, með fullnægjandi vissu, að engir bannaðir hlutir séu faldir í flugvallarbirgðum og

e) muni nota innsigli, sem sýnir hvort vernd ökutækjanna og/eða gámanna, sem flytja flugvallarbirgðir, hafi verið rofin eða verja ökutækin og/eða gámana (þessi liður gildir ekki um flutning innan flugsvæðis).

[Heiti fyrirtækis] mun tryggja að farið sé að öllum framangreindum flugverndarráðstöfunum þegar flutningur birgða er falinn öðru fyrirtæki, sem ekki er þekktur birgir rekstraraðila flugvallarins,

— að til að tryggja að farið sé að ákvæðum muni [heiti fyrirtækis] sýna fulla samvinnu við allar skoðanir, eftir því sem þörf krefur, og veita aðgang að öllum þeim gögnum sem skoðunarmenn fara fram á,

— að [heiti fyrirtækis] muni upplýsa [rekstraraðila flugvallar] um öll alvarleg flugverndarbrot og allar grunsamlegar aðstæður, sem gætu skipt máli fyrir flugvallarbirgðir, einkum allar tilraunir til að fela bannaða hluti í birgðum,

— að [heiti fyrirtækis] muni sjá til þess að viðkomandi starfsfólk fái viðeigandi þjálfun, í samræmi við 11. kafla viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998, og geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem það ber á flugvernd og

— að [heiti fyrirtækis] muni upplýsa [rekstraraðila flugvallar]:

a) ef það hættir starfsemi eða

b) ef það getur ekki lengur farið að kröfum viðeigandi löggjafar ESB.

Ég tek fulla ábyrgð á þessari yfirlýsingu.

Lagalegur fyrirsvarsmaður

Nafn:

Dagsetning:

Undirskrift:

([23]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 (Stjtíð. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72).

10. FLUGVERNDARRÁÐSTAFANIR Á FLUGI

Engin ákvæði í þessari reglugerð.

11. RÁÐNING OG ÞJÁLFUN STARFSFÓLKS

11.0 ALMENN ÁKVÆÐI

11.0.1 Yfirvald, rekstraraðili flugvallar, flugrekandi eða eining, sem ræður einstaklinga sem framkvæma eða bera ábyrgð á að framkvæma ráðstafanir í samræmi við landsbundnu flugverndaráætlunina í almenningsflugi, sem um getur í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008, skal sjá til þess að þessir einstaklingar uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í þessum kafla.

11.0.2 Í þessum kafla merkir „vottun“ formlegt mat og staðfesting hlutaðeigandi yfirvalds eða staðfesting fyrir hönd þess þar sem tilgreint er að einstaklingur hafi lokið viðeigandi þjálfun með fullnægjandi hætti og að hann hafi til að bera nægilega hæfni til að inna af hendi þau störf sem honum eru falin með viðunandi hætti.

11.0.3 Í þessum kafla er litið svo á að „búseturíki“ sé sérhvert land þar sem einstaklingur hefur verið búsettur í a.m.k. sex mánuði samfleytt og „rof“ í skrá yfir menntun eða starfsferilskrá merkir rof í meira en 28 daga.

11.0.4 Í þessum kafla merkir „hæfni“ geta til að sýna fram á viðunandi þekkingu og færni.

11.0.5 Við mat á því hvaða þjálfun er nauðsynleg, samkvæmt þessum kafla, má taka tillit til hæfni sem einstaklingar hafa öðlast fyrir ráðningu.

11.0.6 Þegar verið er að meta þjálfunarþörf, samkvæmt þessum kafla, má taka tillit til viðeigandi hæfni, sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð en tengist ekki flugvernd sérstaklega, sem hefur fengist fyrir tilstuðlan þjálfunar sem annar aðili en leiðbeinandi veitir í samræmi við lið 11.5 þessarar reglugerðar og/eða fyrir tilstuðlan þjálfunarnámskeiðs sem hlutaðeigandi yfirvald hefur ekki tilgreint eða samþykkt.

11.0.7 Þegar einstaklingur hefur fengið þjálfun og öðlast hæfni, sem tilgreind er í lið 11.2, þarf ekki að endurtaka þjálfunina fyrir önnur störf, nema að því er varðar reglubundna þjálfun.

11.1 RÁÐNINGAR

11.1.1 Starfsfólk, sem er ráðið til að framkvæma eða til að bera ábyrgð á því að framkvæma skimun, aðgangsstýringu eða aðrar flugverndarráðstafanir á haftasvæði flugverndar, skal hafa gengist undir fullnægjandi athugun á bakgrunni.

11.1.2 Starfsfólk, sem er ráðið til að framkvæma eða til að bera ábyrgð á því að framkvæma skimun, aðgangsstýringu eða aðrar flugverndarráðstafanir á öðru svæði en haftasvæði flugverndar skal hafa gengist undir fullnægjandi athugun á bakgrunni eða athugun í aðdraganda ráðningar. Í samræmi við viðeigandi landsreglur skal hlutaðeigandi yfirvald ákvarða hvort athugun á bakgrunni eða athugun í aðdraganda ráðningar skuli fara fram, nema annað sé tiltekið í þessari reglugerð.

11.1.3 Í samræmi við viðeigandi reglur Sambandsins og landslög skal athugun á bakgrunni a.m.k.:

a) staðfesta deili á einstaklingi á grundvelli skjala því til sönnunar,

b) ná yfir sakaskrár í öllum búseturíkjum a.m.k. næstu fimm árin á undan og

c) ná yfir störf, menntun og hvers konar rof þar á a.m.k. næstu fimm árin á undan.

11.1.4 Í samræmi við viðeigandi reglur Sambandsins og landslög skal athugun í aðdraganda ráðningar a.m.k.:

a) staðfesta deili á einstaklingi á grundvelli skjala því til sönnunar,

b) ná yfir störf, menntun og hvers konar rof þar á a.m.k. næstu fimm árin á undan og

c) fela það í sér að einstaklingur skrifi undir yfirlýsingu þar sem afbrotaferill í öllum búseturíkjum, a.m.k. næstu fimm árin á undan, sé tilgreindur.

11.1.5 Bakgrunnsskoðun og athugun í aðdraganda ráðningar skal lokið áður en einstaklingur fær þjálfun í flugvernd sem felur í sér aðgang að upplýsingum sem eru ekki aðgengilegar öllum. Endurtaka skal bakgrunnsskoðanir með reglulegu millibili og eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.

11.1.6 Ráðningarferlið fyrir alla einstaklinga, sem ráðnir eru samkvæmt liðum 11.1.1 og 11.1.2, skal a.m.k. fela í sér skriflega umsókn og viðtalsferli sem ætlað er til þess að gera frummat á getu og hæfni.

11.1.7 Einstaklingar, sem ráðnir eru til að framkvæma flugverndarráðstafanir, skulu hafa þá andlegu og líkamlegu getu og hæfni sem þarf til að vinna verkefni sín með skilvirkum hætti og skal þeim gerð grein fyrir eðli þessara krafna í upphafi ráðningarferlisins.

Meta skal getu og hæfni í ráðningarferlinu og áður en reynslutíma lýkur.

11.1.8 Geyma skal skjöl um ráðningar, þ.m.t. niðurstöður úr öllum matsprófum, allra einstaklinga sem ráðnir eru samkvæmt liðum 11.1.1 og 11.1.2, a.m.k. jafn lengi og samningur þeirra gildir.

11.2 ÞJÁLFUN

11.2.1 **Almennar þjálfunarkröfur**

11.2.1.1 Áður en einstaklingum er leyft að framkvæma flugverndarráðstafanir án umsjónar skulu þeir hafa lokið viðeigandi þjálfun með viðunandi árangri.

11.2.1.2 Þjálfun einstaklinga, sem sinna verkefnum sem tilgreind eru í liðum 11.2.3.1–11.2.3.5 og lið 11.2.4, skal fela í sér fræðilegan og verklegan hluta ásamt starfsþjálfun á vinnustað.

11.2.1.3 Hlutaðeigandi yfirvald skal tilgreina efni námskeiðanna eða samþykkja það áður en:

a) leiðbeinandi veitir einhverja þá þjálfun sem krafist er samkvæmt reglugerð (EB) nr. 300/2008 og framkvæmdargerðum hennar eða

b) notað er tölvustutt þjálfunarnámskeið til að uppfylla kröfur reglugerðar (EB) nr. 300/2008 og framkvæmdargerða hennar.

Tölvustudd þjálfun má fara fram með eða án stuðnings frá leiðbeinanda eða þjálfara.

11.2.1.4 Þjálfunarskrár allra einstaklinga, sem hafa fengið þjálfun, skulu geymdar a.m.k. jafn lengi og samningur þeirra gildir.

11.2.2 **Grunnþjálfun**

Að lokinni grunnþjálfun skulu einstaklingar, sem sinna þeim verkefnum sem tilgreind eru í liðum 11.2.3.1, 11.2.3.4 og 11.2.3.5 sem og í liðum 11.2.4, 11.2.5 og 11.5, búa yfir eftirfarandi hæfni:

a) þekkingu á undangengnu ólöglegu athæfi í almenningsflugi, hryðjuverkastarfsemi og núverandi hættum,

b) þekkingu á lagarammanum fyrir flugvernd,

c) þekkingu á markmiðum flugverndar og skipulagningu hennar, þ.m.t. skyldur og ábyrgð einstaklinga sem framkvæma flugverndarráðstafanir,

d) þekkingu á verklagsreglum um aðgangsstýringu,

e) þekkingu á auðkenniskortakerfum sem notuð eru á flugvellinum,

f) þekkingu á verklagsreglum þegar stöðva á einstaklinga og við hvaða aðstæður eigi að stöðva eða tilkynna einstaklinga,

g) þekkingu á verklagsreglum um skýrslugjöf,

h) getu til að bera kennsl á bannaða hluti,

i) getu til að bregðast á réttan hátt við atvikum sem tengjast flugvernd,

j) þekkingu á því hvernig mannleg hegðun og mannleg viðbrögð geta haft áhrif á árangur flugverndar,

k) getu til að tjá sig greinilega og af öryggi.

11.2.3 **Starfsþjálfun fyrir einstaklinga sem framkvæma flugvernd**

11.2.3.1 Að lokinni starfsþjálfun skulu einstaklingar, sem sjá um skimun einstaklinga, handfarangurs, hluta sem þeir hafa meðferðis, og lestarfarangurs, búa yfir eftirfarandi hæfni:

a) skilningi á fyrirkomulagi á skimunarstað flugverndar og skimunarferlisins,

b) þekkingu á því hvernig hægt er að fela bannaða hluti,

c) getu til að bregðast á réttan hátt við því þegar bannaðir hlutir finnast,

d) þekkingu á getu og takmörkunum öryggisbúnaðar eða skimunaraðferða sem notaðar eru,

e) þekkingu á verklagsreglum í neyðartilvikum;

ef verksvið hlutaðeigandi einstaklings krefst þess, skal þjálfunin auk þess hafa í för með sér eftirfarandi hæfni:

f) færni í persónulegum samskiptum, einkum hvernig eigi að takast á við menningarlegan mismun og farþega sem kunna að valda röskun,

g) þekkingu á aðferðum við handleit,

h) getu til að framkvæma handleit með fullnægjandi hætti til að tryggja, með fullnægjandi vissu, að bannaðir hlutir, sem hafa verið faldir, finnist,

i) þekkingu á undanþágum frá skimun og sérstökum verklagsreglum um flugvernd,

j) getu til að stjórna þeim öryggisbúnaði sem notaður er,

k) getu til að lesa rétt úr myndunum, sem öryggisbúnaðurinn birtir, og

l) þekkingu á kröfum um vörn lestarfarangurs.

11.2.3.2 Að lokinni þjálfun einstaklinga, sem annast skimun farms og pósts, skulu þeir búa yfir eftirfarandi hæfni:

a) þekkingu á undangengnu ólöglegu athæfi í almenningsflugi, hryðjuverkastarfsemi og núverandi hættum,

b) þekkingu á viðeigandi lagaskilyrðum,

c) þekkingu á markmiðum flugverndar og skipulagningu hennar, þ.m.t. skyldum og ábyrgð einstaklinga sem sjá um flugverndarráðstafanir í birgðakeðjunni,

d) getu til að bera kennsl á bannaða hluti,

e) getu til að bregðast á réttan hátt við því þegar bannaðir hlutir finnast,

f) þekkingu á getu og takmörkunum öryggisbúnaðar eða skimunaraðferða sem notaðar eru,

g) þekkingu á því hvernig hægt er að fela bannaða hluti,

h) þekkingu á verklagsreglum í neyðartilvikum,

i) þekkingu á kröfum um vörn farms og pósts;

ef verksvið hlutaðeigandi einstaklings krefst þess, skal þjálfunin auk þess hafa í för með sér eftirfarandi hæfni:

j) þekkingu á kröfum um skimun farms og pósts, þ.m.t. undanþágum og sérstökum verklagsreglum um flugvernd,

k) þekkingu á því hvaða skimunaraðferðir eru bestar fyrir mismunandi tegundir af farmi og pósti,

l) þekkingu á aðferðum við handleit,

m) getu til að framkvæma handleit með fullnægjandi hætti til að tryggja, með fullnægjandi vissu, að bannaðir hlutir, sem hafa verið faldir, finnist,

n) getu til að stjórna þeim öryggisbúnaði sem notaður er,

o) getu til að lesa rétt úr myndunum sem öryggisbúnaðurinn birtir,

p) þekkingu á kröfum um flutninga.

11.2.3.3 Að lokinni þjálfun skulu einstaklingar, sem sjá um skimun pósts og rekstrarvara flugrekanda, birgða til notkunar um borð og flugvallarbirgða, búa yfir eftirfarandi hæfni:

a) þekkingu á undangengnu ólöglegu athæfi í almenningsflugi, hryðjuverkastarfsemi og núverandi hættum,

b) þekkingu á viðeigandi lagaskilyrðum,

c) þekkingu á markmiðum flugverndar og skipulagningu hennar, þ.m.t. skyldum og ábyrgð einstaklinga sem sjá um flugverndarráðstafanir í birgðakeðjunni,

d) getu til að bera kennsl á bannaða hluti,

e) getu til að bregðast á réttan hátt við því þegar bannaðir hlutir finnast,

f) þekkingu á því hvernig hægt er að fela bannaða hluti,

g) þekkingu á verklagsreglum í neyðartilvikum,

h) þekkingu á getu og takmörkunum öryggisbúnaðar eða skimunaraðferða sem notaðar eru;

ef verksvið hlutaðeigandi einstaklings krefst þess skal þjálfunin auk þess hafa í för með sér eftirfarandi hæfni:

i) þekkingu á aðferðum við handleit,

j) getu til að framkvæma handleit með fullnægjandi hætti til að tryggja, með fullnægjandi vissu, að bannaðir hlutir, sem hafa verið faldir, finnist,

k) getu til að stjórna þeim öryggisbúnaði sem notaður er,

l) getu til að lesa rétt úr myndunum sem öryggisbúnaðurinn birtir,

m) þekkingu á kröfum um flutninga.

11.2.3.4 Að lokinni sérstakri þjálfun skulu einstaklingar, sem annast skoðanir ökutækja, búa yfir eftirfarandi hæfni:

a) þekkingu á lagaskilyrðum um skoðun ökutækja, þ.m.t. undanþágum og sérstökum verklagsreglum um flugvernd,

b) getu til að bregðast á réttan hátt við því þegar bannaðir hlutir finnast,

c) þekkingu á því hvernig hægt er að fela bannaða hluti,

d) þekkingu á verklagsreglum í neyðartilvikum,

e) þekkingu á tækni, sem er beitt við skoðun ökutækja,

f) getu til að annast skoðun ökutækja með fullnægjandi hætti til að tryggja, með fullnægjandi vissu, að bannaðir hlutir, sem hafa verið faldir, finnist.

11.2.3.5 Að lokinni sérstakri þjálfun skulu einstaklingar, sem framkvæma aðgangsstýringu á flugvelli og sjá um eftirlit og eftirlitsferðir, búa yfir eftirfarandi hæfni:

a) þekkingu á lagaskilyrðum um aðgangsstýringu, þ.m.t. undanþágum og sérstökum verklagsreglum um flugvernd,

b) þekkingu á aðgangsstýrikerfum sem notuð eru á flugvellinum,

c) þekkingu á heimildum, þ.m.t. skilríkjum og leyfisbréfum fyrir ökutæki, sem veita aðgang að flugsvæðum á flugvöllum, og getu til að þekkja þessar heimildir,

d) þekkingu á verklagsreglum um eftirlitsferðir og við að stöðva einstaklinga og við hvaða aðstæður eigi að stöðva eða tilkynna einstaklinga,

e) getu til að bregðast á réttan hátt við því þegar bannaðir hlutir finnast,

f) þekkingu á verklagsreglum í neyðartilvikum,

g) færni í persónulegum samskiptum, einkum hvernig eigi að takast á við menningarlegan mismun og farþega sem kunna að valda röskun.

11.2.3.6 Eftir þjálfun skulu einstaklingar, sem sjá um flugverndarleit í loftfari, búa yfir eftirfarandi hæfni:

a) þekkingu á lagaskilyrðum um flugverndarleit í loftfari,

b) þekkingu á útfærslu loftfars af þeirri tegund þar sem einstaklingurinn á að framkvæma flugverndarleit,

c) getu til að bera kennsl á bannaða hluti,

d) getu til að bregðast á réttan hátt við því þegar bannaðir hlutir finnast,

e) þekkingu á því hvernig hægt er að fela bannaða hluti,

f) getu til að framkvæma flugverndarleit í loftfari með fullnægjandi hætti til að tryggja, með fullnægjandi vissu, að bannaðir hlutir, sem hafa verið faldir, verði fundnir;

ef einstaklingur hefur undir höndum flugvallarskilríki skal hann, að lokinni þjálfun, einnig búa yfir eftirfarandi hæfni:

g) þekkingu á undangengnu ólöglegu athæfi í almenningsflugi, hryðjuverkastarfsemi og núverandi hættum,

h) þekkingu á lagarammanum fyrir flugvernd,

i) þekkingu á markmiðum flugverndar og skipulagningu hennar, þ.m.t. skyldum og ábyrgð einstaklinga sem sjá um flugverndarráðstafanir,

j) skilningi á fyrirkomulagi á skimunarstað flugverndar og skimunarferlisins,

k) þekkingu á aðgangsstýringu og viðeigandi verklagsreglum um skimun,

l) þekkingu á flugvallarskilríkjum sem notuð eru á flugvellinum.

11.2.3.7 Að lokinni þjálfun skulu einstaklingar, sem sjá um vörn loftfara, búa yfir eftirfarandi hæfni:

a) þekkingu á því hvernig verja eigi loftfar og koma í veg fyrir óheimilan aðgang að því,

b) þekkingu á verklagsreglum um innsiglun loftfars, ef það á við um einstaklinginn sem á að þjálfa,

c) þekkingu á flugvallarskilríkjum sem notuð eru á flugvellinum,

d) þekkingu á verklagsreglum við að stöðva einstaklinga og við hvaða aðstæður eigi að stöðva eða tilkynna einstaklinga,

e) þekkingu á verklagsreglum í neyðartilvikum;

ef einstaklingur hefur undir höndum flugvallarskilríki skal hann, að lokinni þjálfun, einnig búa yfir eftirfarandi hæfni:

f) þekkingu á undangengnu ólöglegu athæfi í almenningsflugi, hryðjuverkastarfsemi og núverandi hættum,

g) þekkingu á lagarammanum fyrir flugvernd,

h) þekkingu á markmiðum flugverndar og skipulagningu hennar, þ.m.t. skyldum og ábyrgð einstaklinga sem sjá um flugverndarráðstafanir,

i) skilningi á fyrirkomulagi á skimunarstað flugverndar og skimunarferlisins,

j) þekkingu á aðgangsstýringu og viðeigandi verklagsreglum um skimun.

11.2.3.8 Að lokinni þjálfun skulu einstaklingar, sem sjá um tengingu farangurs við farþega, búa yfir eftirfarandi hæfni:

a) þekkingu á undangengnu ólöglegu athæfi í almenningsflugi, hryðjuverkastarfsemi og núverandi hættum,

b) þekkingu á viðeigandi lagaskilyrðum,

c) þekkingu á markmiðum flugverndar og skipulagningu hennar, þ.m.t. skyldum og ábyrgð einstaklinga sem sjá um flugverndarráðstafanir,

d) getu til að bregðast á réttan hátt við því þegar bannaðir hlutir finnast,

e) þekkingu á verklagsreglum í neyðartilvikum,

f) þekkingu á kröfum og tækni varðandi tengsl milli farþega og farangurs,

g) þekkingu á kröfum um vörn fyrir rekstrarvörur flugrekanda sem notaðar eru við innritun farþega og farangurs.

11.2.3.9 Að lokinni þjálfun skulu einstaklingar, sem sjá um flugverndarráðstafanir vegna farms og pósts, að undanskilinni skimun, búa yfir eftirfarandi hæfni:

a) þekkingu á undangengnu ólöglegu athæfi í almenningsflugi, hryðjuverkastarfsemi og núverandi hættum,

b) þekkingu á viðeigandi lagaskilyrðum,

c) þekkingu á markmiðum flugverndar og skipulagningu hennar, þ.m.t. skyldum og ábyrgð einstaklinga sem sjá um flugverndarráðstafanir í birgðakeðjunni,

d) þekkingu á verklagsreglum til að stöðva einstaklinga og við hvaða aðstæður eigi að stöðva eða tilkynna einstaklinga,

e) þekkingu á verklagsreglum um skýrslugjöf,

f) getu til að bera kennsl á bannaða hluti,

g) getu til að bregðast á réttan hátt við því þegar bannaðir hlutir finnast,

h) þekkingu á því hvernig hægt er að fela bannaða hluti,

i) þekkingu á kröfum um vörn farms og pósts,

j) þekkingu á kröfum um flutninga, ef við á.

11.2.3.10 Að lokinni þjálfun skulu einstaklingar, sem sjá um flugverndarráðstafanir vegna pósts og rekstrarvara flugrekanda, birgða til notkunar um borð og flugvallarbirgða, að undanskilinni skimun, búa yfir eftirfarandi hæfni:

a) þekkingu á undangengnu ólöglegu athæfi í almenningsflugi, hryðjuverkastarfsemi og núverandi hættum,

b) þekkingu á viðeigandi lagaskilyrðum,

c) þekkingu á markmiðum flugverndar og skipulagningu hennar, þ.m.t. skyldum og ábyrgð einstaklinga sem sjá um flugverndarráðstafanir,

d) þekkingu á verklagsreglum til að stöðva einstaklinga og við hvaða aðstæður eigi að stöðva eða tilkynna einstaklinga,

e) þekkingu á verklagsreglum um skýrslugjöf,

f) getu til að bera kennsl á bannaða hluti,

g) getu til að bregðast á réttan hátt við því þegar bannaðir hlutir finnast,

h) þekkingu á því hvernig hægt er að fela bannaða hluti,

i) þekkingu á kröfum um vörn pósts og rekstrarvara flugrekanda, birgða til notkunar um borð og flugvallarbirgða, ef við á,

j) þekkingu á kröfum um flutninga, ef við á.

11.2.4 **Sérstök þjálfun fyrir einstaklinga, sem hafa beina umsjón með einstaklingum, sem sjá um flugverndarráðstafanir (umsjónaraðilar)**

Að lokinni sérstakri þjálfun skulu umsjónaraðilar búa yfir eftirfarandi hæfni, til viðbótar við hæfni einstaklinganna sem umsjón skal höfð með:

a) þekkingu á viðeigandi lagaskilyrðum og hvernig uppfylla eigi þau,

b) þekkingu á eftirlitsverkefnum,

c) þekkingu á innri gæðastjórnun,

d) getu til að bregðast á réttan hátt við því þegar bannaðir hlutir finnast,

e) þekkingu á verklagsreglum í neyðartilvikum,

f) getu til að veita handleiðslu og þjálfun á vinnustað og hvetja aðra;

ef verksvið hlutaðeigandi einstaklings krefst þess skal þjálfunin auk þess hafa í för með sér eftirfarandi hæfni:

g) þekkingu á aðferðum við lausn deilumála,

h) þekkingu á getu og takmörkunum öryggisbúnaðar eða skimunaraðferða sem notaðar eru.

11.2.5 **Sérstök þjálfun fyrir einstaklinga sem bera almenna ábyrgð á því að tryggja, á lands- eða staðarvísu, að flugverndaráætlun og framkvæmd hennar uppfylli öll lagaákvæði (yfirmenn flugverndar)**

Eftir sérstaka þjálfun skulu yfirmenn flugverndar búa yfir eftirfarandi hæfni:

a) þekkingu á viðeigandi lagaskilyrðum og hvernig uppfylla eigi þau,

b) þekkingu á innri gæðastjórnun, gæðastjórnun á landsvísu, á vettvangi Sambandsins og á alþjóðlegum vettvangi,

c) getu til að hvetja aðra,

d) þekkingu á getu og takmörkunum öryggisbúnaðar eða skimunaraðferða sem notaðar eru.

11.2.6 **Þjálfun einstaklinga annarra en farþega sem þurfa að hafa aðgang að haftasvæðum flugverndar án fylgdar**

11.2.6.1 Einstaklingar, aðrir en farþegar, sem þurfa að hafa aðgang að haftasvæðum flugverndar án fylgdar og heyra ekki undir liði 11.2.3–11.2.5 og lið 11.5, skulu fá þjálfun í flugverndarvitund áður en heimild er gefin út sem veitir þeim aðgang að haftasvæðum flugverndar án fylgdar.

Hlutaðeigandi yfirvald getur undanþegið einstaklinga þessari kröfu um þjálfun, af hlutlægum ástæðum, ef aðgangur þeirra takmarkast við svæði í flugstöðinni sem eru aðgengileg farþegum.

11.2.6.2 Að lokinni þjálfun í flugverndarvitund skal viðkomandi búa yfir eftirfarandi hæfni:

a) þekkingu á undangengnu ólöglegu athæfi í almenningsflugi, hryðjuverkastarfsemi og núverandi hættum,

b) þekkingu á viðeigandi lagaskilyrðum,

c) þekkingu á markmiðum flugverndar og skipulagningu hennar, þ.m.t. skyldum og ábyrgð einstaklinga sem sjá um flugverndarráðstafanir,

d) skilningi á fyrirkomulagi á skimunarstað flugverndar og skimunarferlisins,

e) þekkingu á aðgangsstýringu og viðeigandi verklagsreglum um skimun,

f) þekkingu á flugvallarskilríkjum sem notuð eru á flugvellinum,

g) þekkingu á verklagsreglum um skýrslugjöf,

h) getu til að bregðast á réttan hátt við atvikum er tengjast flugvernd.

11.2.6.3 Allir einstaklingar, sem fá þjálfun í flugverndarvitund, þurfa að sýna skilning á öllum þeim sviðum sem um getur í lið 11.2.6.2 áður en þeim er veitt aðgangsheimild að haftasvæðum flugverndar án fylgdar.

11.2.7 **Þjálfun einstaklinga sem þurfa að búa yfir almennri flugverndarvitund**

Að lokinni almennri þjálfun í flugverndarvitund skal viðkomandi búa yfir eftirfarandi hæfni:

a) þekkingu á undangengnu ólöglegu athæfi í almenningsflugi, hryðjuverkastarfsemi og núverandi hættum,

b) þekkingu á viðeigandi lagaskilyrðum,

c) þekkingu á markmiðum flugverndar og skipulagningu hennar í vinnuumhverfi sínu, þ.m.t. skyldum og ábyrgð einstaklinga sem framkvæma flugverndarráðstafanir,

d) þekkingu á verklagsreglum um skýrslugjöf,

e) getu til að bregðast á réttan hátt við atvikum sem tengjast flugvernd.

Allir einstaklingar, sem fá almenna þjálfun í flugverndarvitund, þurfa að sýna fram á skilning á öllum þeim sviðum sem um getur í þessum lið áður en þeir hefja störf.

Þessi þjálfun gildir ekki um leiðbeinendur sem heyra undir lið 11.5.

11.3 VOTTUN EÐA SAMÞYKKI

11.3.1 Einstaklingar, sem framkvæma verk, sem tilgreind eru í liðum 11.2.3.1–11.2.3.5, skulu sæta:

a) upphafsferli vegna vottunar eða samþykkis og

b) endurvottun á a.m.k. þriggja ára fresti, að því er varðar einstaklinga sem nota röntgenbúnað eða búnað til greiningar sprengiefnis eða mannlega rýna, sem vinna við öryggisskanna, og

c) endurvottun eða endurnýjun á samþykki á a.m.k. fimm ára fresti að því er varðar alla aðra einstaklinga.

Heimilt er að undanþiggja einstaklinga, sem framkvæma verkefnin sem talin eru upp í lið 11.2.3.3, þessum kröfum ef þeir hafa aðeins heimild til að framkvæma sjónræna skoðun og/eða handleit.

11.3.2 Einstaklingar, sem nota röntgenbúnað eða búnað til greiningar sprengiefnis, eða mannlegir rýnar, sem vinna við öryggisskanna, skulu standast staðlað próf í myndtúlkun sem hluta af upphafsferli fyrir vottun eða samþykki.

11.3.3 Ferlið fyrir endurvottun eða endurnýjun á samþykki fyrir einstaklinga, sem nota röntgenbúnað eða búnað til greiningar sprengiefnis eða fyrir mannlega rýna, sem vinna við öryggisskanna, skal bæði fela í sér staðlað próf í myndtúlkun og mat á frammistöðu við vinnu.

11.3.4 Takist endurvottun eða endurnýjun á samþykki ekki innan hæfilegra tímamarka, að öllu jöfnu innan þriggja mánaða, verða viðeigandi flugverndarréttindi afturkölluð.

11.3.5 Skrár um vottun eða samþykki allra einstaklinga, sem hafa fengið vottun eða samþykki, eftir því sem við á, skulu geymdar a.m.k. jafn lengi og samningur þeirra gildir.

11.4 REGLUBUNDIN ÞJÁLFUN

11.4.1 Einstaklingar, sem nota röntgenbúnað eða búnað til greiningar sprengiefnis, skulu gangast undir reglubundna þjálfun sem felur í sér þjálfun í myndgreiningu og próf sem tengist því. Þjálfunin skal vera í formi:

a) kennslu í kennslustofu og/eða tölvustuddrar kennslu eða

b) þjálfunar á vinnustað þar sem vörpun hættuhermimynda (e. *Threat Image Projection* (TIP)) er notuð með því skilyrði að fyrir liggi a.m.k. 6 000 sýndarmyndir í safni röntgenbúnaðar eða í safni búnaðar til greiningar sprengiefnis, eins og tilgreint er hér á eftir, og að einstaklingurinn vinni a.m.k. sem nemur einum þriðja af vinnutíma sínum við þennan búnað.

Einstaklingurinn skal fá niðurstöður úr prófunum og skulu þær skráðar og heimilt er að taka tillit til þeirra sem hluta af endurvottunarferlinu eða ferlinu við endurnýjun á samþykki.

Að því er varðar kennslu í kennslustofu og/eða tölvustudda kennslu skulu einstaklingar fá þjálfun í myndgreiningu og taka a.m.k. sex klukkustunda próf tengt því á hálfs árs fresti með því að nota annaðhvort:

— safn með a.m.k. 1 000 sýndarmyndum af a.m.k. 250 mismunandi hættulegum hlutum, þ.m.t. myndir af íhlutum hættulegra hluta, þar sem hver hlutur sést frá ólíkum sjónarhornum og myndirnar eru valdar úr safninu með ófyrirsjáanlegum hætti meðan á þjálfun og prófum stendur, eða

— þær hættuhermimyndir úr safni hættuhermimynda sem notast er við sem sleppa oftast í gegnum kerfið, ásamt nýlegum myndum af hættulegum hlutum, sem skipta máli fyrir viðkomandi tegund skimunar og taka til allra tegunda hættulegra hluta, sem máli skipta, að því tilskildu að myndirnar séu aðeins notaðar í eitt skipti á þriggja ára tímabili meðan á þjálfun tiltekins vopnaleitarmanns stendur.

Við þjálfun þeirra sem vinna við hættuhermimyndir á vinnustað skal nota safn með a.m.k. 6 000 sýndarmyndum af a.m.k. 1 500 mismunandi hættulegum hlutum, þ.m.t. myndir af íhlutum hættulegra hluta þar sem hver hlutur sést frá ólíkum sjónarhornum.

11.4.2 Mannlegir rýnar, sem vinna við öryggisskanna, skulu gangast undir reglubundna þjálfun sem felur í sér þjálfun í myndgreiningu og próf sem tengist því. Þjálfunin skal vera í formi kennslu í kennslustofu og/eða tölvustuddrar kennslu í a.m.k. sex klukkustundir á hverju sex mánaða tímabili.

Einstaklingurinn skal fá niðurstöður úr prófunum og skulu þær skráðar og heimilt er að taka tillit til þeirra sem hluta af endurvottunarferlinu eða ferlinu við endurnýjun á samþykki.

11.4.3 Einstaklingar sem sinna verkefnum, sem tilgreind eru í lið 11.2, öðrum en þeim sem um getur í lið 11.4.1 og 11.4.2, skulu gangast undir reglubundna þjálfun með nægilega reglulegu millibili til að tryggja að þeir viðhaldi hæfni og tileinki sér nýja hæfni í samræmi við þróun á sviði flugverndar.

Reglubundin þjálfun skal fara fram:

a) að því er varðar hæfni sem hlýst við grunnþjálfun, við sértæka þjálfun og þjálfun í flugverndarvitund, á a.m.k. fimm ára fresti, eða, í tilvikum þegar hæfni hefur ekki verið nýtt í sex mánuði eða meira, áður en flugverndarstörf hefjast á ný og

b) að því er varðar nýja hæfni eða aukna hæfni, sem krafist er til að tryggja að einstaklingum, sem sjá um flugverndarráðstafanir eða bera ábyrgð á framkvæmd þess, verði tilkynnt tafarlaust, og, eigi síðar en eftirlitið á að fara fram, um nýjar ógnir og lagaskilyrði.

Kröfurnar í a-lið gilda ekki um hæfni sem hlýst við sérstaka þjálfun og sem ekki er lengur gerð krafa um varðandi verkefnin sem einstaklingnum eru falin.

11.4.4 Skrár yfir reglubundna þjálfun allra einstaklinga, sem hafa fengið þjálfun, skulu geymdar a.m.k. jafn lengi og samningur þeirra gildir.

11.5 MENNTUN OG HÆFI LEIÐBEINENDA

11.5.1 Leiðbeinendur skulu uppfylla eftirfarandi kröfur hið minnsta:

a) hafa gengist undir fullnægjandi athugun á bakgrunni í samræmi við lið 11.1.3 og 11.1.5,

b) hafa hæfni á sviði kennslutækni,

c) hafa þekkingu á starfsumhverfi viðkomandi flugverndarsvæðis,

d) hafa hæfni á sviði verndarþátta sem á að kenna.

Vottun skal a.m.k. gilda um þá leiðbeinendur sem hafa heimild til að sjá um þá þjálfun sem skilgreind er í liðum 11.2.3.1–11.2.3.5 og í lið 11.2.4 (nema það varði þjálfun umsjónarmanna sem hafa eingöngu umsjón með einstaklingunum sem um getur í liðum 11.2.3.6–1.2.3.10) og 11.2.5.

11.5.2 Leiðbeinendur skulu fá reglulega þjálfun eða upplýsingar um þróun á viðeigandi sviðum.

11.5.3 Hlutaðeigandi yfirvald skal halda skrá eða hafa aðgang að skrám yfir leiðbeinendur sem starfa í aðildarríkinu.

11.5.4 Ef hlutaðeigandi yfirvald telur að þjálfun hjá leiðbeinanda hafi ekki lengur í för með sér viðeigandi hæfni eða ef leiðbeinandi gerir ekki bakgrunnsathugun skal yfirvaldið annaðhvort draga samþykki sitt fyrir námskeiðinu til baka eða sjá til þess að leiðbeinandanum sé vikið tímabundið úr starfi eða hann tekinn af skrá yfir leiðbeinendur, eins og við á. Ef gripið er til slíkra aðgerða skal hlutaðeigandi yfirvald einnig tilgreina hvernig leiðbeinandinn getur óskað eftir því að tímabundinn brottrekstur hans verði dreginn til baka, hann verði settur aftur á skrá yfir leiðbeinendur eða að samþykki þjálfunarnámskeiðsins öðlist gildi á ný.

11.5.5 Hæfni, sem leiðbeinandi hefur öðlast, með hliðsjón af því að uppfylla kröfur samkvæmt þessum kafla í einu aðildarríki, skal viðurkennd í öðru aðildarríki.

11.6 ESB-FULLGILDING FLUGVERNDAR

11.6.1 ESB-fullgilding flugverndar er staðlað, skjalfest, óhlutdrægt og hlutlægt ferli við að útvega og meta gögn til að ákvarða að hve miklu leyti fullgild eining uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 300/2008 og framkvæmdargerðum hennar.

11.6.2 **ESB-fullgilding flugverndar**

ESB-fullgilding flugverndar:

a) getur verið krafa til að öðlast eða viðhalda réttarstöðu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 300/2008 og framkvæmdargerðum hennar,

b) getur verið framkvæmd af hlutaðeigandi yfirvaldi eða matsmanni, sem hefur verið samþykktur sem ESB-matsmaður flugverndar, eða matsmanni sem viðurkennt er að jafngildi honum, í samræmi við þennan kafla,

c) skal fela í sér mat á verndarráðstöfunum, sem gerðar eru á ábyrgð einingar sem fengið hefur fullgildingu, eða hluta þessara ráðstafana, sem einingin sækist eftir fullgildingu fyrir. Hún skal a.m.k. fela í sér:

1) mat á skjölum, sem varða flugvernd, þ.m.t. flugverndaráætlun einingarinnar, sem fengið hefur fullgildingu, eða jafngildi hennar og

2) sannprófun á framkvæmd ráðstafana varðandi flugvernd sem felur í sér sannprófun á starfsemi starfsstöðvar viðkomandi einingarinnar sem fengið hefur fullgildingu,

d) skal viðurkennd af öllum aðildarríkjunum.

11.6.3 **Kröfur um að samþykkja ESB-matsmenn flugverndar**

11.6.3.1 Aðildarríki skulu samþykkja ESB-matsmenn flugverndar á grundvelli getu þeirra til að framkvæma samræmismat sem skal taka til:

a) sjálfstæðis frá atvinnugreininni sem hefur fengið fullgildingu, nema annað sé tilgreint,

b) viðeigandi hæfni starfsfólks á því verndarsviði sem á að fullgilda sem og aðferðirnar til að viðhalda slíkri hæfni á því stigi sem um getur í lið 11.6.3.5 og

c) virkni og það hvort fullgildingarferlið sé viðeigandi.

11.6.3.2 Ef við á, skal við samþykkið taka tillit til faggildingarvottorða í tengslum við viðkomandi samhæfðra staðla, þ.e. til EN-ISO/IEC 17020 í stað þess að endurmeta getu til samræmismats.

11.6.3.3 ESB-matsmaður flugverndar getur verið hvaða einstaklingur eða lögaðili sem er.

11.6.3.4 Veita má landsbundinni faggildingarstofu, sem komið er á fót samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008([24]), heimild til að faggilda getu lögaðila við samræmismat til að framkvæma ESB-fullgildingu flugverndar, samþykkja stjórnsýsluráðstafanir hvað það varðar og hafa eftirlit með starfsemi í tengslum við ESB-fullgildingu flugverndar.

11.6.3.5 Sérhver einstaklingur, sem framkvæmir ESB-fullgildingu flugverndar, skal hafa viðeigandi hæfni og bakgrunn og skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

a) hafa gengist undir bakgrunnsskoðun í samræmi við lið 11.1.3 sem skal endurtekin a.m.k. fimmta hvert ár,

b) framkvæma ESB-fullgildingu flugverndar af óhlutdrægni og á hlutlægan hátt, hann skal skilja merkingu sjálfstæðis og beita aðferðum til að forðast hagsmunaárekstra að því er varðar einingar sem hafa fengið fullgildingu,

c) búa yfir fullnægjandi fræðilegri þekkingu og fenginni reynslu á sviði gæðastjórnunar sem og að búa yfir hæfni og persónulegum eiginleikum til að safna, skrá og meta niðurstöður, sem byggjast á þessum gátlista, einkum hvað varðar:

1) meginreglur, verklagsreglur og tækni varðandi samræmisvöktun,

2) þætti sem hafa áhrif á mannlega frammistöðu og umsjón,

3) hlutverk og valdsvið matsmanns, þ.m.t. varðandi hagsmunaárekstra,

([24]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og um niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 339/93 (Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30).

d) sýna fram á viðeigandi hæfni sem byggist á þjálfun og/eða lágmarksstarfsreynslu að því er varðar eftirfarandi svið:

1) almennar meginreglur Sambandsins á sviði flugverndar og kröfur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á sviði flugverndar,

2) sérstakar kröfur um aðgerðirnar sem hafa fengið fullgildingu og hvernig þær eru notaðir við starfsemina,

3) tækni og starfsaðferðir í tengslum við flugvernd sem eru viðeigandi við fullgildingarferlið,

e) gangast undir reglubundna þjálfun nægilega oft til að tryggja að núverandi hæfni sé viðhaldið og tileinki sér nýja hæfni með tilliti til þróunar á sviði flugverndar.

11.6.3.6 Hlutaðeigandi yfirvald skal annaðhvort sjálft útvega þjálfun fyrir ESB-matsmann flugverndar eða samþykkja og halda skrá yfir viðeigandi þjálfunarnámskeið á sviði flugverndar.

11.6.3.7 Aðildarríki geta takmarkað samþykki á ESB-matsmanni flugverndar við fullgildingaraðgerðir sem eingöngu eru framkvæmdar innan yfirráðasvæðis þess aðildarríkis fyrir hönd hlutaðeigandi yfirvalds þess. Í slíkum tilvikum gilda ekki kröfurnar í lið 11.6.4.2.

11.6.3.8 Samþykki á ESB-matsmanni flugverndar rennur út að fimm árum liðnum hið mesta.

11.6.4 **Viðurkenning á ESB-matsmanni flugverndar og afturköllun hennar**

11.6.4.1 ESB-matsmaður flugverndar telst ekki samþykktur fyrr en upplýsingarnar um hann hafa verið skráðar í „gagnagrunn Sambandsins um verndaða aðfangakeðju“. Hlutaðeigandi yfirvald eða einhver fyrir þess hönd skal láta ESB-matsmanni flugverndar í té sönnun um hver staða hans er. Á því tímabili sem ekki er unnt að setja færslur um ESB-matsmann flugverndar í gagnagrunn Sambandsins um verndaða aðfangakeðju skal hlutaðeigandi yfirvald tilkynna framkvæmdastjórninni um allar nauðsynlegar upplýsingar varðandi ESB-matsmanninn og skal framkvæmdastjórnin gera upplýsingarnar aðgengilegar fyrir öll aðildarríkin.

11.6.4.2 Öll aðildarríkin skulu viðurkenna samþykkta ESB-matsmenn flugverndar.

11.6.4.3 Ef ESB-matsmaður flugverndar sýnir fram á að hann uppfylli ekki lengur kröfurnar, sem um getur í lið 11.6.3.1 eða 11.6.3.5, skal hlutaðeigandi yfirvald eða yfirvöld sem samþykktu hann draga samþykki sitt til baka og fella matsmanninn brott úr „gagnagrunni Sambandsins um verndaða aðfangakeðju“.

11.6.4.4 Heimilt er að samþykkja atvinnugreinasamtök og einingar á þeirra ábyrgð sem starfa, samkvæmt gæðakerfum, sem ESB-matsmenn flugverndar, að því tilskildu að jafngildar ráðstafanir þessara áætlana tryggi óhlutdrægt og hlutlægt mat. Samþykkið skal veitt í samstarfi við viðeigandi yfirvöld a.m.k. tveggja aðildarríkja.

11.6.4.5 Framkvæmdastjórninni er heimilt að viðurkenna fullgildingarstarfsemi yfirvalda eða matsmanna flugverndar sem fellur undir valdsvið þriðja lands eða alþjóðastofnunar eða sem þau viðurkenna, ef unnt er að staðfesta að starfsemin jafngildi ESB-fullgildingu flugverndar. Skrá yfir slíkt skal vera að finna í fylgiskjali 6-Fiii.

11.6.5 **Skýrsla um ESB-fullgildingu vegna flugverndar („fullgildingarskýrslan“)**

11.6.5.1 Í fullgildingarskýrslu skal skrá ESB-fullgildingu flugverndar og skal hún a.m.k. innihalda:

a) fullgerðan gátlista, sem ESB-matsmaður flugverndar hefur undirritað, og, ef farið er fram á það, athugasemdir frá einingunni, sem fengið hefur fullgildingu, í nauðsynlegum smáatriðum,

b) yfirlýsingu um athugasemdir sem einingin, sem hefur fengið fullgildingu, hefur undirritað og

c) yfirlýsingu um sjálfstæði, að því er varðar einingunа, sem hefur fengið fullgildingu, og sem einstaklingur, sem framkvæmir ESB-fullgildingu flugverndar, hefur undirritað.

11.6.5.2 ESB-matsmaður flugverndar skal ákvarða að hve miklu leyti samræmis hafi verið gætt við markmið þessa gátlista og skrá niðurstöðurnar í viðeigandi hluta hans.

11.6.5.3 Í yfirlýsingu um skuldbindingu skal einingin, sem hefur fengið fullgildingu, skýra frá þeirri skuldbindingu sinni að vilja stunda starfsemi samkvæmt starfrækslukröfum sem hafa fengið fullnægjandi fullgildingu.

11.6.5.4 Einingu, sem hefur fengið fullgildingu, er heimilt að lýsa yfir að hún sé samþykk eða ósamþykk samræmisstiginu sem ákvarðað er í fullgildingarskýrslunni. Slík yfirlýsing skal vera órjúfanlegur þáttur fullgildingarskýrslunnar.

11.6.5.5 Númeraröð blaðsíðna, dagsetning ESB-fullgildingar flugverndar og merking hverrar blaðsíðu með upphafsstöfum matsmanns og fulltrúa einingarinnar, sem fengið hefur fullgildingu, skulu sanna heildarsamfellu fullgildingarskýrslunnar.

11.6.5.6 Fullgildingarskýrslan skal ávallt vera á ensku, hún skal afhent hlutaðeigandi yfirvaldi og, ef við á, einingunni, sem fengið hefur fullgildingu, innan eins mánaðar hið mesta, eftir að sannprófun á starfsstöð hefur farið fram.

11.7 GAGNKVÆM VIÐURKENNING Á ÞJÁLFUN

11.7.1 Hæfni, sem einstaklingur öðlast, með hliðsjón af því að uppfylla kröfur samkvæmt reglugerð (EB) nr. 300/2008 og framkvæmdargerðum hennar, í einu aðildarríki skal viðurkennd í öðru aðildarríki.

FYLGISKJAL 11-A

YFIRLÝSING UM SJÁLFSTÆÐI — ESB-MATSMAÐUR FLUGVERNDAR

a) Ég staðfesti að ég hef ákvarðað samræmisstig einingarinnar, sem fengið hefur fullgildingu, af óhlutdrægni og á hlutlægan hátt.

b) Ég staðfesti að ég starfa ekki, og hef ekki, á næstliðnum tveimur árum, starfað hjá einingunni. sem fengið hefur fullgildingu.

c) Ég staðfesti að ég hef hvorki fjárhagslega né aðra beina eða óbeina hagsmuni af niðurstöðu fullgildingar á starfseminni einingarinnar, sem fengið hefur fullgildingu, eða hlutdeildarfélögum hennar.

d) Ég staðfesti að ég hef ekki og hef ekki haft, á næstliðnum 12 mánuðum, nein viðskiptatengsl, s.s. þjálfun og ráðgjöf umfram fullgildingarferlið, við eininguna, sem fengið hefur fullgildingu, á sviðum sem varða flugvernd.

e) Ég staðfesti að ESB-fullgildingarskýrsla vegna flugverndar er byggð á ítarlegu staðreyndamati á viðeigandi gögnum um vernd, þ.m.t. á flugverndaráætlun einingarinnar, sem fengið hefur fullgildingu, eða jafngildi hennar, og á sannprófunaraðgerðum á starfsstöð.

f) Ég staðfesti að ESB-fullgildingarskýrsla vegna flugverndar er byggð á mati á öllum sviðum er varða vernd þar sem matsmanni ber að gefa álit sitt, byggt á viðeigandi ESB-gátlista.

g) Ég staðfesti að ég hef notað aðferð, sem gerir mögulegt að leggja fram aðskildar ESB-fullgildingarskýrslur vegna flugverndar, að því er varðar hverja einingu, sem fengið hefur fullgildingu, sem tryggir hlutlægni og óhlutdrægni við öflun og mat staðreynda, þegar unnið er að því að fullgilda nokkrar einingar í sameiginlegri aðgerð.

h) Ég staðfesti að ég hef ekki tekið á móti fjárhagslegum ávinningi eða annars konar ávinningi, að undanskildu hóflegu gjaldi fyrir fullgildingu og endurgreiðslu á ferða- og gistikostnaði.

Ég tek fulla ábyrgð á ESB-fullgildingarskýrslu vegna flugverndar.

Nafn einstaklingsins sem framkvæmir fullgildinguna:

Nafn ESB-matsmanns flugverndar:

Dagsetning:

Undirskrift:

12. **FLUGVERNDARBÚNAÐUR**

12.0 ALMENN ÁKVÆÐI

12.0.1 Yfirvald, rekstraraðili eða eining sem notar búnað til að framkvæma ráðstafanir, sem hún ber ábyrgð á, í samræmi við landsbundnu flugverndaráætlunina í almenningsflugi, sem um getur í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008, skal gera raunhæfar ráðstafanir til að tryggja að þessi búnaður uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í þessum kafla.

Hlutaðeigandi yfirvald skal veita framleiðendum aðgang að upplýsingunum, sem eru flokkaðar í samræmi við ákvörðun (ESB, KBE) 2015/444, eftir því sem starfsemi viðkomandi krefst.

12.0.2 Venjubundnar prófanir skulu gerðar á hverjum einstökum hlut í flugverndarbúnaðinum.

12.0.3 Framleiðendur tækjabúnaðar skulu leggja fram notkunarleiðbeiningar og skal tækjabúnaðurinn notaður í samræmi við þær.

12.1 MÁLMLEITARHLIÐ (WTMD)

12.1.1 **Almennar meginreglur**

12.1.1.1 Málmleitarhliðið skal a.m.k. geta fundið tiltekna málmhluti, bæði stakan hlut eða fleiri hluti saman, og gefið það til kynna með viðvörunarmerki.

12.1.1.2 Þegar hlutur finnst með hjálp málmleitarhliðs skal það vera óháð því hvar málmhluturinn er staðsettur eða hvernig hann snýr.

12.1.1.3 Málmleitarhliðið skal vera kirfilega fest við traustan grunn.

12.1.1.4 Á málmleitarhliðinu skal vera sjónrænt merki sem gefur til kynna að búnaðurinn sé í notkun.

12.1.1.5 Stjórntækið, sem er notað til að stilla fundvísi málmleitarhliðsins, skal varið og einungis aðgengilegt starfsmönnum með aðgangsheimild.

12.1.1.6 Málmleitarhliðið skal bæði gefa frá sér sjónræna og heyranlega viðvörun þegar það finnur málmhluti sem um getur í lið 12.1.1.1. Viðvörunin verður bæði að sjást og heyrast í tveggja metra fjarlægð.

12.1.1.7 Sjónræn viðvörun skal gefa til kynna styrk merkisins sem málmleitarhliðið hefur greint.

12.1.1.8 Málmleitarhliðið skal vera staðsett þannig að öruggt sé að þættir, sem valda truflunum, hafi ekki áhrif á búnaðinn.

12.1.2 **Staðlar sem gilda um málmleitarhlið**

12.1.2.1 Tveir staðlar gilda um málmleitarhlið. Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 er mælt fyrir um ítarlegar kröfur um þessa staðla.

12.1.2.2 Öll málmleitarhlið, sem eru eingöngu notuð við skimun annarra einstaklinga en farþega, skulu a.m.k. uppfylla staðal 1.

12.1.2.3 Öll málmleitarhlið, sem eru notuð við skimun farþega, skulu uppfylla staðal 2.

12.1.3 **Viðbótarkröfur um málmleitarhlið**

Öll málmleitarhlið, þar sem samningur um uppsetningu var gerður frá og með 5. janúar 2007, skulu geta:

a) gefið frá sér hljóðmerki og/eða sjónrænt merki fyrir visst hlutfall einstaklinga, sem fara í gegnum málmleitarhliðið, án þess að viðvörunin, sem um getur í lið 12.1.1.1, heyrist eða sjáist; það skal vera hægt að stilla hve stórt hlutfallið á að vera og

b) talið fjölda skimaðra einstaklinga, að undanskildum einstaklingum sem fara í gegnum málmleitarhliðið í gagnstæða átt, og

c) talið fjölda viðvarana og

d) reiknað út fjölda viðvarana sem hlutfall af fjölda skimaðra einstaklinga.

12.1.4 **Viðbótarkröfur um málmleitarhlið sem er notað samhliða skóskanna (e. *shoe metal detection equipment* (SMD))**

12.1.4.1 Málmleitarhlið, sem er notað samhliða skóskanna, skal a.m.k. geta fundið og gefið til kynna með sjónrænu merki tilgreinda málmhluti, bæði stakan hlut og fleiri hluti saman, og skal merkið sýna í hvaða hæð viðkomandi hlutur (eða hlutir) eru staðsettir á tilteknum einstaklingi sem gengur í gegnum hliðið. Þetta skal vera óháð tegund og fjölda hluta og hvernig þeir snúa.

12.1.4.2 Öll málmleitarhlið, sem eru notuð samhliða skóskanna, skulu geta fundið og gefið til kynna hvers konar viðvaranir, sem málmhlutir á einstaklingi kalla fram, á a.m.k. tveimur líkamssvæðum. Fyrsta svæðið skal samsvara neðri hluta fótleggjar einstaklings, frá gólfi og að hámarki 35 cm yfir gólfhæð. Öll önnur svæði skulu vera fyrir ofan fyrsta svæðið.

12.2 HANDMÁLMLEITARTÆKI (HHMD)

12.2.1 Handmálmleitartæki skal geta fundið hluti bæði úr járni og öðrum málmum. Málmur sem finnst og staðsetning hans skulu gefin til kynna með viðvörunarmerki.

12.2.2 Stjórntækið, sem er notað til að stilla næmi handmálmleitartækisins, skal varið og einungis aðgengilegt starfsmönnum með aðgangsheimild.

12.2.3 Handmálmleitartækið skal gefa frá sér heyranlega viðvörun þegar það finnur málmhluti. Unnt skal vera að heyra viðvörunina í eins metra fjarlægð.

12.2.4 Þættir sem valda truflunum skulu ekki hafa áhrif á nothæfi handmálmleitartækisins.

12.2.5 Á handmálmleitartækinu skal vera sjónrænt merki sem sýnir að búnaðurinn sé í notkun.

12.3 RÖNTGENBÚNAÐUR

Röntgenbúnaður skal vera í samræmi við ítarlegur kröfur sem mælt er fyrir um í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.

12.4 BÚNAÐUR TIL GREININGAR SPRENGIEFNIS

12.4.1 **Almennar meginreglur**

12.4.1.1 Búnaður til greiningar sprengiefnis skal geta fundið tilgreint magn ásamt meira magni af sprengiefnum í farangri eða öðrum sendingum og gefið það til kynna með viðvörunarmerki.

12.4.1.2 Þetta skal vera óháð lögun sprengiefnisins, hvar það er staðsett í farangrinum og hvernig það snýr.

12.4.1.3 Greiningarkerfið fyrir sprengiefni skal gefa frá sér viðvörunarmerki við eftirfarandi aðstæður:

— þegar það finnur sprengiefni og

— þegar það finnur hlut sem kemur í veg fyrir að sprengiefni finnist og

— þegar innihaldi tösku eða sendingar er of þétt pakkað til að hægt sé að greina það.

12.4.2 **Staðlar fyrir greiningarkerfi fyrir sprengiefni**

12.4.2.1 Öll greiningarkerfi fyrir sprengiefni, sem eru sett upp fyrir 1. september 2014, skulu a.m.k. uppfylla staðal 2.

12.4.2.2 Staðall 2 fellur úr gildi 1. september 2020.

12.4.2.3 Hlutaðeigandi yfirvald getur heimilað að greiningarkerfi fyrir sprengiefni, samkvæmt staðli 2, sem sett voru upp á bilinu 1. janúar 2011 til 1. september 2014, verði notuð áfram, í síðasta lagi til 1. september 2022.

12.4.2.4 Hlutaðeigandi yfirvald skal tilkynna framkvæmdastjórninni um það þegar það heimilar að greiningarkerfi fyrir sprengiefni, samkvæmt staðli 2, verði notuð áfram frá og með 1. september 2020.

12.4.2.5 Öll greiningarkerfi fyrir sprengiefni, sem eru sett upp frá og með 1. september 2014, skulu uppfylla staðal 3.

12.4.2.6 Öll greiningarkerfi fyrir sprengiefni skulu uppfylla staðal 3, eigi síðar en september 2020, nema liður 12.4.2.3 eigi við.

12.4.2.7 Allur búnaður til greiningar sprengiefnis, sem er hannaður til að skima handfarangur, skal a.m.k. uppfylla staðal C1.

12.4.2.8 Allur búnaður til greiningar sprengiefnis, sem er hannaður til að skima handfarangur sem inniheldur fartölvur og önnur stór raftæki, skal a.m.k. uppfylla staðal C2.

12.4.2.9 Allur búnaður til greiningar sprengiefnis, sem er hannaður til að skima handfarangur, sem inniheldur fartölvur, önnur stór raftæki og vökva, úðaefni og gel, skal a.m.k. uppfylla staðal C3.

12.4.3 **Kröfur um myndgæði fyrir greiningarkerfi fyrir sprengiefni**

Myndgæði fyrir greiningarkerfi fyrir sprengiefni skal vera í samræmi við ítarlegur kröfur sem mælt er fyrir um í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.

12.5 VÖRPUN HÆTTUHERMIMYNDA (TIP)

12.5.1 **Almennar meginreglur**

12.5.1.1 Kerfið fyrir vörpun hættuhermimynda skal geta varpað samsettum hættuhermimyndum (e. *Combined Threat Images*, CTI) eða tilbúnum hættuhermimyndum (e. *Fictional Threat Images*, FTI).

Samsettar hættuhermimyndir eru röntgenmyndir af farangri eða öðrum sendingum sem innihalda hættulega hluti.

Tilbúnar hættuhermimyndir eru röntgenmyndir af hættulegum hlutum sem er varpað á röntgenmyndir af farangri eða öðrum sendingum sem verið er að skima.

Hættulegu hlutunum skal dreift jafnt í röntgenmynd af farangri og sendingum og skulu ekki staðsettir á ákveðnum stað.

Unnt skal vera að stilla hlutfall samsettra hættuhermimynda og tilbúinna hættuhermimynda sem á að varpa.

Þegar samsettar hættuhermimyndir eru notaðar:

a) verður framkvæmdin að tryggja að vopnaleitarmaður sjái ekki farangurinn eða aðrar sendingar, sem settar eru í röntgenbúnaðinn eða búnaðinn til greiningar sprengiefnis, og að hann geti ekki ákvarðað hvort um vörpun eða hugsanlega vörpun samsettra hættuhermimynda sé að ræða og

b) skal kerfið fyrir vörpun hættuhermimynda og stærð myndasafnsins tryggja, með fullnægjandi vissu, að vopnaleitarmaður fái ekki sömu samsettu hættuhermimyndina aftur á 12 mánaða tímabili.

Þegar samsettar hættuhermimyndir eru notaðar við vörpun hættuhermimynda með búnaði til greiningar sprengiefnis, sem er alfarið notaður við skimun lestarfarangurs, gildir krafan í b-lið aðeins frá og með 1. janúar 2019.

12.5.1.2 Vörpun hættuhermimynda skal ekki draga úr afkastagetu og eðlilegri starfsemi röntgenbúnaðar eða búnaðar til greiningar sprengiefnis.

Vopnaleitarmaður skal ekki fá neina ábendingu um að samsettri hættuhermimynd eða tilbúinni hættuhermimynd verði brátt varpað eða hafi þegar verið varpað fyrr en skilaboð birtist í samræmi við lið 12.5.2.2.

12.5.1.3 Meðhöndlun hættuhermimynda skal varin og einungis aðgengileg starfsmönnum sem til þess hafa heimild.

12.5.1.4 Tilnefna skal stjórnanda hættuhermimynda sem ber ábyrgð á stillingu kerfis fyrir vörpun hættuhermimynda.

12.5.1.5 Hlutaðeigandi yfirvald skal reglulega vakta rétta framkvæmd kerfa fyrir vörpun hættuhermimynda, tryggja að kerfin séu rétt stillt, þ.m.t. raunveruleg og viðeigandi vörpun samsettra hættuhermimynda og tilbúinna hættuhermimynda, ef þær eru í notaðar, að kerfin samrýmist kröfunum og að söfn sýndarmynda séu uppfærð.

12.5.2 **Samsetning kerfisins fyrir vörpun hættuhermimynda**

12.5.2.1 Kerfið fyrir vörpun hættuhermimynda skal a.m.k. samanstanda af eftirfarandi:

a) safni af samsettum hættuhermimyndum eða tilbúnum hættuhermimyndum og

b) möguleikanum á að birta og fjarlægja skilaboð og

c) möguleikanum á að skrá og birta niðurstöður um viðbrögð einstakra vopnaleitarmanna.

12.5.2.2 Kerfið fyrir vörpun hættuhermimynda skal sýna vopnaleitarmanni skilaboð við allar eftirfarandi aðstæður:

a) þegar vopnaleitarmaður hefur brugðist við samsettri hættuhermimynd eða tilbúinni hættuhermimynd sem var varpað,

b) þegar vopnaleitarmaður hefur ekki brugðist við samsettri hættuhermimynd eða tilbúinni hættuhermimynd sem var varpað,

c) þegar vopnaleitarmaður hefur brugðist við en samsettri hættuhermimynd eða tilbúinni hættuhermimynd hefur ekki verið varpað,

d) þegar tilraun til að varpa samsettri hættuhermimynd eða tilbúinni hættuhermimynd mistókst og vopnaleitarmaðurinn sá að um var að ræða samsetta eða tilbúna hættuhermimynd.

Skilaboðin skulu birt með þeim hætti að þau skyggi ekki á myndina af viðkomandi farangri eða sendingu.

Skilaboðin skulu sýnd þar til vopnaleitarmaðurinn fjarlægir þau. Að því er varðar a- og b-lið skulu skilaboðin birt ásamt samsettri hættuhermimynd eða tilbúinni hættuhermimynd.

12.5.2.3 Vopnaleitarmanni er einungis heimilt að fá aðgang að búnaði með innbyggðri og uppsettri hættuhermimynd með því að nota einstakt kennimerki.

12.5.2.4 Kerfið fyrir vörpun hættuhermimynda skal geta vistað niðurstöður viðbragða einstakra vopnaleitarmanna í a.m.k. 12 mánuði og á sniði sem gefur kost á skýrslugjöf.

12.5.2.5 Samsetning kerfisins fyrir vörpun hættuhermimynda fellur einnig undir ítarlegu viðbótarákvæðin sem mælt er fyrir um í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.

12.6 SNEFILGREININGARTÆKI FYRIR SPRENGIEFNI

12.6.1 Snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni skal geta safnað og greint snefilmagn af ögnum á eða gufu frá menguðu yfirborði eða úr innihaldi farangurs eða sendinga og gefið sprengiefni til kynna með viðvörunarmerki. Tækið skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur um skimun:

a) ekki skal nota rekstrarvörur lengur en framleiðandi rekstrarvörunnar mælir með eða ef virkni vörunnar virðist hafa rýrnað við notkun,

b) aðeins skal nota snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni í því umhverfi þar sem notkun þess hefur verið samþykkt.

Reglur skulu gilda um snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni að því er varðar töku agna- og gufusýna. Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 er mælt fyrir um ítarlegar kröfur um þessa staðla.

12.6.2 Kröfur um snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni, sem nota agnasýni, skulu gilda um snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni sem eru tekin í notkun frá og með 1. september 2014.

12.6.3 Hlutaðeigandi yfirvald getur heimilað áframhaldandi notkun snefilgreiningartækis fyrir sprengiefni, sem er ekki vottað í samræmi við fylgiskjal 12-L, sem tekið var í notkun fyrir 1. júlí 2014 og þar sem notað er agnasýni, til og með 1. júlí 2020, í síðasta lagi.

12.7 BÚNAÐUR TIL AÐ SKIMA VÖKVA, ÚÐAEFNI OG GEL

12.7.1 **Almennar meginreglur**

12.7.1.1 Búnaður til greiningar sprengiefnis í fljótandi formi skal geta greint og gefið til kynna með viðvörunarmerki ef tilgreint magn af hættulegum efnum er í vökvanum, úðaefninu og gelinu eða ef þau eru í meira magni.

12.7.1.2 Greiningin skal vera óháð lögun eða efni ílátsins sem inniheldur vökva, úðaefni eða gel.

12.7.1.3 Búnaðurinn skal notaður þannig að öruggt sé að ílátinu sé komið fyrir og snúi þannig að hægt sé að tryggja að greiningargeta búnaðarins sé nýtt til fulls.

12.7.1.4 Búnaðurinn skal gefa frá sér viðvörunarmerki við eftirfarandi aðstæður:

a) þegar hann finnur hættuleg efni,

b) þegar hann greinir hlut sem kemur í veg fyrir að hættulegt efni finnist,

c) þegar hann getur ekki metið hvort vökvinn, úðaefnið eða gelið sé skaðlaust eða ekki,

d) þegar innihaldi skimaðrar tösku er of þétt pakkað til að hægt sé að greina það.

12.7.2 **Staðlar fyrir búnað til greiningar sprengiefnis í fljótandi formi (LEDS)**

12.7.2.1 Þrír staðlar skulu gilda um búnað til greiningar sprengiefnis í fljótandi formi. Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 er mælt fyrir um ítarlegar kröfur um þessa staðla.

12.7.2.2 Allur búnaður til greiningar sprengiefnis í fljótandi formi skal uppfylla staðal 1.

Heimilt er að nota búnað til greiningar sprengiefnis í fljótandi formi, sem uppfyllir staðal 1, eigi síðar en til 30. janúar 2016.

12.7.2.3 Staðall 2 gildir um hvers konar búnað til greiningar sprengiefnis í fljótandi formi, sem settur er upp frá og með þeim degi sem þessi reglugerð öðlast gildi.

Hvers konar búnaður til greiningar sprengiefnis í fljótandi formi skal uppfylla staðal 2 eigi síðar en frá og með 31. janúar 2016.

12.7.3 **Samþykki fyrir búnaði sem notaður er við skimun vökva, úðaefna og gels**

Ef búnaður hlýtur samþykki hlutaðeigandi yfirvalds í aðildarríki, eða einhvers fyrir hönd þess, og telst því uppfylla staðlana, sem mælt er fyrir um í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005, skulu önnur aðildarríki viðurkenna að þessi búnaður uppfylli þessa staðla. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni nafn þeirra aðila sem eru tilnefndir til að samþykkja búnað ásamt öðrum viðeigandi upplýsingum um þá, ef óskað er eftir því. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna hinum aðildarríkjunum um þessa aðila.

12.8 AÐFERÐIR VIÐ SKIMUN ÞAR SEM NOTUÐ ER NÝ TÆKNI

12.8.1 Aðildarríki getur heimilað nýja aðferð við skimun þar sem notuð er ný tækni, sem ekki er mælt er fyrir um í þessari reglugerð, að því tilskildu:

a) að aðferðin sé notuð í því skyni að meta nýja aðferð við skimun og

b) að aðferðin hafi ekki neikvæð áhrif á heildarflugvernd, sem komið hefur verið á, og

c) að einstaklingar, þ.m.t. farþegar sem þetta snertir, fái viðeigandi upplýsingar um að tilraun fari fram.

12.8.2 Hlutaðeigandi aðildarríki, sem hefur í hyggju að leyfa notkun aðferðar við skimun, skal, áður en áætluð notkun hefst, tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum skriflega um fyrirhuguðu skimunaraðferðina, sem það ætlar að leyfa, og láta fylgja með mat þar sem tilgreint er hvernig aðildarríkið skuli tryggja að beiting nýju aðferðarinnar uppfylli kröfuna í b-lið liðar 12.8.1. Í tilkynningunni skulu einnig koma fram ítarlegar upplýsingar um þann stað eða þá staði þar sem aðferðin við skimun verður notuð og fyrirhugaða lengd matstímabilsins.

12.8.3 Ef framkvæmdastjórnin gefur aðildarríkinu jákvætt svar, eða ef ekkert svar berst innan þriggja mánaða frá móttöku skriflegu beiðninnar, er aðildarríkinu heimilt að leyfa notkun nýju aðferðarinnar við skimun með því að nota nýja tækni.

Ef framkvæmdastjórnin er ekki fullviss um að hin fyrirhugaða aðferð við skimun veiti fullnægjandi tryggingu fyrir því að almennri flugvernd verði viðhaldið í Sambandinu skal framkvæmdastjórnin tilkynna aðildarríkinu þar um innan þriggja mánaða frá móttöku tilkynningarinnar, sem um getur í lið 12.8.2, þar sem hún útskýrir efasemdir sínar. Við slíkar aðstæður skal viðkomandi aðildarríki ekki hefja notkun aðferðarinnar við skimun fyrr en framkvæmdastjórnin hefur gefið samþykki sitt.

12.8.4 Lengd matstímabilsins fyrir hverja aðferð við skimun, með því að nota nýja tækni, skal vera að hámarki 18 mánuðir. Framkvæmdastjórninni er heimilt að framlengja matstímabilið um hámark 12 mánuði til viðbótar, að því tilskildu að aðildarríkið leggi fram gild rök fyrir framlengingunni.

12.8.5 Hlutaðeigandi yfirvald í viðkomandi aðildarríki skal, a.m.k. á sex mánaða fresti á matstímabilinu, leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslu um framvindu matsins. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna hinum aðildarríkjunum um innihald framvinduskýrslunnar. Ef engin framvinduskýrsla er lögð fram er framkvæmdastjórninni heimilt að fara fram á það við aðildarríkið að það stöðvi tilraunina tímabundið.

12.8.6 Ef framkvæmdastjórnin er ekki fullviss, á grundvelli skýrslu, um að aðferðin við skimun, sem verið er að gera tilraun með, veiti fullnægjandi tryggingu fyrir því að almennri flugvernd verði viðhaldið í Sambandinu skal framkvæmdastjórnin tilkynna aðildarríkinu að tilrauninni verði hætt þar til hægt er að gefa slíka tryggingu.

12.8.7 Matstímabilið má aldrei vera lengra en 30 mánuðir.

12.9 SPRENGJULEITARHUNDAR

12.9.1 **Almennar meginreglur**

12.9.1.1 Sprengjuleitarhundur skal geta fundið og vísað á tilgreint magn af sprengiefni og meira magn.

12.9.1.2 Þetta skal vera óháð lögun sprengiefnisins, hvar það er staðsett í farangrinum og hvernig það snýr.

12.9.1.3 Sprengjuleitarhundur skal gefa frá sér viðvörun í formi bendingar (e. *passive response*) þegar hann finnur sprengiefni, sem sett er fram í fylgiskjali 12-D í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.

12.9.1.4 Nota má sprengjuleitarhund og þjálfara hans við skimun ef þeir hafa verið samþykktir hvor í sínu lagi og sem teymi.

12.9.1.5 Sprengjuleitarhundur og þjálfari hans skulu gangast undir grunnþjálfun og reglubundna þjálfun til að tryggja að þeir öðlist og viðhaldi þeirri hæfni sem krafist er og, ef við á, tileinki sér nýja hæfni.

12.9.1.6 Til að sprengjuleitarhundateymi, sem samanstendur af sprengjuleitarhundi og þjálfara eða þjálfurum hans, verði samþykkt skal teymið hafa lokið þjálfunarnámskeiði með fullnægjandi hætti.

12.9.1.7 Sprengjuleitarhundateymi skal hljóta samþykki hlutaðeigandi yfirvalds eða einhvers fyrir hönd þess í samræmi við fylgiskjal 12-E og 12-F í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.

12.9.1.8 Eftir að hafa hlotið samþykki hlutaðeigandi yfirvalds er heimilt að nota sprengjuleitarhundateymi við vopnaleit með því að nota aðferðina „svæðisleit“ (e. *free running*) eða „lyktgreiningu sprengiefnis“ (e. *remote explosive scent tracing*).

12.9.2 **Staðlar um sprengjuleitarhunda**

12.9.2.1 Í fylgiskjali 12-D í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 er mælt fyrir um kröfur um árangur af notkun sprengjuleitarhunda.

12.9.2.2 Sprengjuleitarhundateymi, sem notað er við skimun einstaklinga, handfarangurs, hluta, sem einstaklingar aðrir en farþegar hafa meðferðis, ökutækja, loftfara, birgða til notkunar um borð og flugvallarbirgða ásamt haftasvæðum flugvallar, skal uppfylla staðal 1 að því er varðar greiningu.

12.9.2.3 Sprengjuleitarhundateymi, sem notað er við skimun lestarfarangurs, pósts og rekstrarvara flugrekanda, farms og pósts skal uppfylla staðal 2 að því er varðar greiningu.

12.9.2.4 Sprengjuleitarhundateymi, sem hefur verið samþykkt til að finna sprengiefni með því að nota aðferðina „lyktgreiningu sprengiefnis“, má aðeins nota við skimun farms en ekki við skimun á öðrum svæðum sem falla undir staðal 2.

12.9.2.5 Sprengjuleitarhundur, sem notaður er við skimun sprengiefna, skal útbúinn með viðeigandi hætti í því skyni að auðkenna hann á ótvíræðan hátt.

12.9.2.6 Þegar sprengjuleitarhundur framkvæmir sprengjuleit skal sá þjálfari sem hefur verið samþykktur til að vinna með honum ávallt vera með í för.

12.9.2.7 Sprengjuleitarhundur, sem hefur verið samþykktur til að nota aðferðina „svæðisleit“, skal aðeins hafa einn þjálfara. Einn þjálfari hlýtur ekki samþykki til að stjórna fleirum en tveimur sprengjuleitarhundum.

12.9.2.8 Sprengjuleitarhundur, sem er samþykktur til að nota aðferðina „lyktgreiningu sprengiefnis“, skal í mesta lagi hafa tvo þjálfara.

12.9.3 **Þjálfunarkröfur**

Almennar þjálfunarkröfur

12.9.3.1 Þjálfun sprengjuleitarhundateymis skal fela í sér fræðilegan og verklegan hluta ásamt starfsþjálfun á vinnustað.

12.9.3.2 Hlutaðeigandi yfirvald skal tilgreina námsefni þjálfunarnámskeiðanna eða samþykkja það.

12.9.3.3 Þjálfunin skal vera á vegum hlutaðeigandi yfirvalds eða viðkomandi fyrir hönd þess og skal hún vera í höndum leiðbeinenda með menntun og hæfi í samræmi við lið 11.5.

12.9.3.4 Hunda, sem á að þjálfa til að leita að sprengiefnum, skal ekki nota til annarra verkefna.

12.9.3.5 Meðan á þjálfun stendur skal nota hjálparbúnað sem svarar til sprengiefnisins.

12.9.3.6 Allir einstaklingar, sem meðhöndla hjálparbúnaðinn, skulu fá þjálfun til að koma í veg fyrir mengun.

Grunnþjálfun fyrir sprengjuleitarhundateymi

12.9.3.7 Sprengjuleitarhundateymi skal gangast undir grunnþjálfun sem byggist á þeim kröfum sem mælt er fyrir um í lið 12.9.3 í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.

12.9.3.8 Grunnþjálfun fyrir sprengjuleitarhundateymi skal fela í sér verklega þjálfun í fyrirhuguðu starfsumhverfi.

Reglubundin þjálfun fyrir sprengjuleitarhundateymi

12.9.3.9 Sprengjuleitarhundur og þjálfari hans skulu uppfylla kröfur um reglubundna þjálfun, bæði hvor í sínu lagi og saman sem teymi.

12.9.3.10 Tilgangur reglubundinnar þjálfunar er að viðhalda núverandi hæfni, eins og krafist er í grunnþjálfuninni, og áunninni hæfni í samræmi við þróun á sviði flugverndar.

12.9.3.11 Reglubundin þjálfun sprengjuleitarhundateymis skal fara fram á a.m.k. sex vikna fresti. Lengd reglubundinnar þjálfunar skal að lágmarki vera fjórar klukkustundir á hverju sex vikna tímabili.

12.9.3.12 Ef sprengjuleitarhundur er látinn gangast undir þjálfun, a.m.k. einu sinni í viku, til að bera kennsl á öll þau efni sem tilgreind eru í fylgiskjali 12-D í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 gildir 11. liður ekki.

Þjálfunarskrá fyrir sprengjuleitarhundateymi

12.9.3.13 Halda skal skrár yfir grunnþjálfun og reglubundna þjálfun sprengjuleitarhunds og þjálfara hans, a.m.k. þann tíma sem ráðningarsamningur þeirra er í gildi, og skulu skrárnar gerðar aðgengilegar hlutaðeigandi yfirvaldi, óski það eftir því.

Verkleg þjálfun fyrir sprengjuleitarhundateymi

12.9.3.14 Sprengjuleitarhundur, sem notaður er við skimun, skal gangast undir verklega þjálfun til að tryggja að hann uppfylli kröfur um árangur sem settar eru fram í fylgiskjali 12-D í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.

12.9.3.15 Verkleg þjálfun skal vera samfelld og af handahófi allan þann tíma sem hundurinn gegnir störfum og skal meta greiningargetu hundsins með því að nota viðurkenndan þjálfunarbúnað.

12.9.4 **Málsmeðferð við samþykki**

12.9.4.1 Málsmeðferðin við samþykki skal tryggja að öll eftirfarandi hæfni sé metin:

a) geta sprengjuleitarhundsins til að uppfylla kröfur um greiningargetu sem mælt er fyrir um í fylgiskjali 12-D í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005,

b) geta sprengjuleitarhundsins til að láta vita af sprengiefnum með bendingu,

c) geta sprengjuleitarhundsins og þjálfara hans til að vinna markvisst saman sem teymi,

d) geta þjálfarans til að stjórna sprengjuleitarhundinum á réttan hátt og túlka og bregðast á viðeigandi hátt við viðbrögðum hundsins þegar hann finnur sprengiefni.

12.9.4.2 Í málsmeðferðinni við samþykki skal líkt eftir svæðunum þar sem sprengjuleitarhundateymið á að vinna.

12.9.4.3 Sprengjuleitarhundateymið skal hafa lokið fullnægjandi þjálfun á hverju því svæði sem sótt er um samþykki fyrir.

12.9.4.4 Málsmeðferð við samþykki skal framkvæmd í samræmi við fylgiskjal 12-E og 12-F í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.

12.9.4.5 Gildistími hverrar samþykktar skal ekki vera lengri en 12 mánuðir.

12.9.5 **Gæðastjórnun**

12.9.5.1 Sprengjuleitarhundateymið fellur undir þær ráðstafanir um gæðastjórnun sem settar eru fram í fylgiskjali 12-G í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.

12.9.6 **Aðferð við skimun**

Kveðið er á um frekari, ítarlegar kröfur í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.

12.10 MÁLMLEITARTÆKI (MDE)

Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 er mælt fyrir um ítarleg ákvæði um notkun málmleitartækja.

12.11 ÖRYGGISSKANNAR

12.11.1 **Almennar meginreglur**

Öryggisskanni er kerfi til að skima einstaklinga, sem getur greint málmhluti og hluti sem eru ekki úr málmi, aðgreindir frá húðinni, sem einstaklingar bera á líkama sínum eða innan klæða.

Öryggisskanni undir stjórn mannlegs rýnis getur samanstaðið af greiningarkerfi, sem býr til mynd af líkama einstaklings, sem mannlegur rýnir greinir til að staðfesta að hvorki málmhlutir né hlutir sem eru ekki úr málmi, aðgreindir frá húðinni, séu á líkama einstaklings sem er skimaður. Þegar mannlegi rýnirinn ber kennsl á slíkan hlut skal hann tilkynna vopnaleitarmanninum staðsetningu hans þannig að unnt sé að framkvæma frekari leit. Í slíku tilviki skal mannlegi rýnirinn teljast óaðskiljanlegur hluti af greiningarkerfinu.

Öryggisskanni með sjálfvirkri hættugreiningu getur samanstaðið af greiningarkerfi sem með sjálfvirkum hætti ber kennsl á málmhluti og hluti, sem eru ekki úr málmi, aðgreindir frá húðinni, og einstaklingurinn, sem er skimaður, ber á líkama sínum. Þegar kerfið ber kennsl á slíkan hlut skal það gefa vopnaleitarmanninum til kynna staðsetningu hans á hermimynd.

Öryggisskanni skal uppfylla alla eftirfarandi staðla að því er varðar skimun farþega:

a) öryggisskanninn skal a.m.k. greina og gefa til kynna með viðvörun sérstaka málmhluti og hluti, sem eru ekki úr málmi, þ.m.t. sprengiefni, bæði staka hluti og nokkra hluti saman,

b) greining hlutar skal vera óháð staðsetningu hans og hvernig hann snýr,

c) á kerfinu skal vera sjónrænt merki sem sýnir að búnaðurinn sé í notkun,

d) öryggisskannar skulu vera staðsettir þannig að tryggt sé að truflandi þættir hafi ekki áhrif á nothæfi þeirra.

e) rétt virkni öryggisskanna skal prófuð daglega,

f) öryggisskanninn skal notaður í samræmi við notkunarleiðbeiningar framleiðandans.

Öryggisskannar fyrir skimun á farþegum skulu settir upp og notaðir í samræmi við tilmæli ráðsins 1999/519/EB([25]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/35/ESB([26]).

12.11.2 **Staðlar fyrir öryggisskanna**

Mælt er fyrir um nothæfiskröfur fyrir öryggisskanna í fylgiskjali 12-K sem skal flokkað sem „CONFIDENTIEL UE/EU CONFIDENTIAL“ og meðhöndlað í samræmi við ákvörðun (ESB, KBE) 2015/444.

Öryggisskannar skulu uppfylla staðalinn, sem er skilgreindur í fylgiskjali 12-K, frá því að reglugerð þessi öðlast gildi.

12.11.2.1 Allir öryggisskannar skulu uppfylla staðal 1.

Staðall 1 fellur úr gildi 1. janúar 2022.

12.11.2.2 Staðall 2 gildir um öryggisskanna sem eru settir upp frá og með 1. janúar 2019.

12.12 SKÓSKANNI

12.12.1 **Almennar meginreglur**

12.12.1.1 Skóskanni skal a.m.k. geta greint tiltekna málmhluti, bæði stakan hlut eða fleiri hluti saman, og gefið það til kynna með viðvörunarmerki.

12.12.1.2 Þegar hlutur finnst með hjálp skóskanna skal það óháð því hvar málmhluturinn er staðsettur eða hvernig hann snýr.

12.12.1.3 Skóskanni skal festur við traustan grunn.

([25]) Tilmæli ráðsins 1999/519/EB frá 12. júlí 1999 um takmörkun á váhrifum sem almenningur verður fyrir af völdum rafsegulsviðs (0 Hz til 300 GHZ) (Stjtíð. ESB L 199, 30.7.1999, bls. 59).

([26]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/35/ESB frá 26. júní 2013 um lágmarkskröfur um heilbrigði og öryggi að því er varðar áhættu starfsmanna vegna váhrifa eðlisfræðilegra áhrifavalda (rafsegulsviðs) (20. sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) og niðurfellingu tilskipunar 2004/40/EB (Stjtíð. ESB L 179, 29.6.2013, bls. 1).

12.12.1.4 Á skóskanna skal vera sjónrænt merki sem sýnir að búnaðurinn sé í notkun.

12.12.1.5 Stjórntækið, sem er notað til að stilla fundvísi skóskannans, skal varið og einungis aðgengilegt starfsmönnum sem hafa til þess heimild.

12.12.1.6 Skóskanni skal bæði gefa frá sér sjónræna og heyranlega viðvörun þegar hann finnur málmhluti, eins og um getur í lið 12.12.1.1. Viðvörunin skal bæði sjást og heyrast í eins metra fjarlægð.

12.12.1.7 Skóskanni skal vera þannig staðsettur að öruggt sé að truflandi þættir hafi ekki áhrif á búnaðinn.

12.12.2 **Staðlar fyrir skóskanna**

12.12.2.1 Tveir staðlar gilda um skóskanna. Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 er mælt fyrir um ítarlegar kröfur um þessa staðla.

12.12.2.2 Allir skóskannar, sem eru eingöngu notaðir við skimun annarra einstaklinga en farþega, skulu a.m.k. uppfylla staðal 1.

12.12.2.3 Allir skóskannar, sem eru notaðir við skimun farþega, skulu uppfylla staðal 2.

12.12.2.4 Allir skóskannar skulu geta starfað í hæð frá gólfi og upp í 35 cm hæð hið minnsta til að finna orsök viðvarana sem málmleitarhlið gefur frá sér.

12.13 SJÁLFVIRKUR GREININGARHUGBÚNAÐUR (e. *Auto Clear Software*, ACS)

12.13.1 **Almennar meginreglur**

12.13.1.1 Sjálfvirkur greiningarhugbúnaður skal geta metið allar tegundir mynda úr röntgenbúnaði eða búnaði til greiningar sprengiefnis til að ákvarða hvort þær innihaldi hættulega hluti og ætti tafarlaust að geta samþykkt einfaldar myndir án hættulegra hluta.

12.13.1.2 Sjálfvirkur greiningarhugbúnaður skal sýna vopnaleitarmanni þær myndir sem innihalda hugsanlega hættulega hluti eða sem eru of flóknar til að búnaðurinn geti greint þær.

12.13.1.3 Sjálfvirkur greiningarhugbúnaður skal ekki draga úr afkastagetu og eðlilegri starfsemi röntgenbúnaðar og búnaðar til greiningar sprengiefnis.

12.13.1.4 Þegar sjálfvirkur greiningarhugbúnaður er í gangi skal vopnaleitarmaður sjá sjónrænt merki þess efnis.

12.13.1.5 Þegar sjálfvirkur greiningarhugbúnaður er notaður í búnaði til greiningar sprengiefnis skal sjálfvirki greiningarhugbúnaðurinn ekki koma í veg fyrir að búnaðurinn til greiningar sprengiefnis gefi frá sér viðvörun.

12.13.1.6 Sjálfvirkur greiningarhugbúnaður skal ekki samþykkja samsettar hættuhermimyndir og myndir úr röntgenbúnaði eða búnaði til greiningar sprengiefnis sem innihalda tilbúnar hættuhermimyndir sem er varpað úr kerfinu fyrir vörpun hættuhermimynda.

12.13.1.7 Stýribúnaðurinn fyrir sjálfvirka greiningarhugbúnaðinn skal varinn og einungis aðgengilegur starfsmönnum sem hafa til þess heimild.

12.13.2 **Nothæfiskröfur**

12.13.2.1 Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 er mælt fyrir um ítarleg ákvæði um nothæfiskröfur fyrir sjálfvirkan greiningarhugbúnað.

FYLGISKJAL 12-A

Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 er mælt fyrir um ítarleg ákvæði um nothæfiskröfur fyrir málmleitarhlið og skóskanna.

FYLGISKJAL 12-B

Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 er mælt fyrir um ítarleg ákvæði um nothæfiskröfur fyrir búnað til greiningar sprengiefnis.

FYLGISKJAL 12-C

Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 er mælt fyrir um ítarleg ákvæði um nothæfiskröfur fyrir búnað sem notaður er til að skima vökva, úðaefni og gel.

FYLGISKJAL 12-D

Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 er mælt fyrir um ítarleg ákvæði um kröfur um árangur af starfi sprengjuleitarhunda (EDD).

FYLGISKJAL 12-E

Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 er mælt fyrir um ítarleg ákvæði um málsmeðferð við samþykki fyrir sprengjuleitarhunda.

FYLGISKJAL 12-F

Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 er mælt fyrir um ítarleg ákvæði um prófunarsvæði og -aðstæður í tengslum við samþykki fyrir sprengjuleitarhunda.

FYLGISKJAL 12-G

Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 er mælt fyrir um ítarleg ákvæði um gæðastjórnun í tengslum við sprengjuleitarhunda.

FYLGISKJAL 12-H

Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 er mælt fyrir um ítarleg ákvæði um sprengjuleitarhunda sem starfa samkvæmt aðferðinni „svæðisleit“ (e. *free running*) — staðlar um aðferðir við notkun.

FYLGISKJAL 12-I

Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 er mælt fyrir um ítarleg ákvæði um sprengjuleitarhunda sem starfa samkvæmt aðferðinni „lyktgreining sprengiefnis“ (e. *remote explosive scent tracing*) — staðlar um aðferðir við notkun.

FYLGISKJAL 12-J

Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 er mælt fyrir um ítarleg ákvæði um nothæfiskröfur fyrir málmleitartæki.

FYLGISKJAL 12-K

Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 er mælt fyrir um ítarleg ákvæði um nothæfiskröfur fyrir öryggisskanna.

FYLGISKJAL 12-L

Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 er mælt fyrir um ítarleg ákvæði um nothæfiskröfur fyrir snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni.

FYLGISKJAL 12-M

Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 er mælt fyrir um ítarleg ákvæði um nothæfiskröfur fyrir sjálfvirkan greiningarhugbúnað.

ÁKVÖRÐUN NR. S7 **2016/EES/27/15**

frá 22. desember 2009

um að breyta frá reglugerðum (EBE) nr. 1408/71 og 574/72 yfir í reglugerðir (EB) nr. 883/2004 og 987/2009 og beitingu verklagsreglna vegna endurgreiðslna

(2010/C 107/05) (*)

FRAMKVÆMDARÁÐIÐ UM SAMRÆMINGU ALMANNATRYGGINGAKERFA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 72. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl 2004 um samræmingu almannatryggingakerfa ([1]), en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um öll álitaefni sem lúta að framkvæmd og túlkun í tengslum við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og reglugerðar (EB) nr. 987/2009 ([2]),

með hliðsjón af 87.–91. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004,

með hliðsjón af 7. mgr. 64. gr. og 93.–97. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvæði reglugerða (EB) nr. 883/2004 og (EB) nr. 987/2009 taka gildi 1. maí 2010 og reglugerðir (EBE) nr. 1408/71 (3) og (EBE) nr. 574/72 (4) falla úr gildi þann sama dag, nema í tilvikum sem falla undir 1. mgr. 90. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og 1. mgr. 96. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009.

2) Nauðsynlegt er að skýra hvaða aðildarríki er kröfuaðildarríki og hvaða aðildarríki er skuldaraðildarríki við aðstæður þar sem aðstoð var veitt eða heimiluð samkvæmt reglugerðum (EBE) nr. 1408/71 og 574/72 en kostnaður vegna aðstoðarinnar er endurgreiddur eftir gildistöku reglugerða (EB) nr. 883/2004 og 987/2009, einkum ef ábyrgð á greiðslu kostnaðar breytist samkvæmt nýju reglugerðunum.

3) Nauðsynlegt er að skýra hvaða tilhögun á endurgreiðslu skuli fylgja við aðstæður þar sem aðstoð var veitt samkvæmt reglugerðum (EBE) nr. 1408/71 og 574/72 en er endurgreidd eftir gildistökudag reglugerða (EB) nr. 883/2004 og 987/2009.

4) Ákvæði 5. mgr. ákvörðunar nr. H1 skýrir stöðu vottorða (E-eyðublaða) og evrópska sjúkratryggingakortsins (þ.m.t. bráðabirgðavottorðanna) sem eru gefin út fyrir gildistökudag reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og reglugerðar (EB) nr. 987/2009.

5) Í ákvæðum 4. mgr. ákvörðunar S1 og 2. mgr. ákvörðunar nr. S4 er mælt fyrir um almennar meginreglur um hver beri ábyrgð á kostnaði vegna aðstoðar, sem er veitt á grundvelli gilds evrópsks sjúkratryggingakorts, sem einnig ættu að gilda þegar umbreyting á sér stað.

6) Samkvæmt 62. og 63. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 skulu þau aðildarríki, sem ekki eru skráð í 3. viðauka við reglugerð (EB) nr. 987/2009, endurgreiða aðstoð sem aðstandendum, sem ekki hafa fasta búsetu í sama aðildarríki og hinn tryggði, og lífeyrisþegum og aðstandendum þeirra er veitt á grundvelli raunverulegra útgjalda frá og með 1. maí 2010.

7) Þar til bær stofnun, sem ber ábyrgð á kostnaði við aðstoð sem veitt er aðstandendum, sem ekki hafa fasta búsetu í sama aðildarríki og hinn tryggði, og lífeyrisþegum og aðstandendum þeirra í búseturíki sínu, skal greiða kostnað við aðstoð sem er veitt skv. 19. gr. (1. mgr.), 20. gr. (1. mgr.) og 27. gr. (1. og 3. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 883/2004.

8) Samkvæmt 7. mgr. 64. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 geta þau aðildarríki, sem eru skráð í 3. viðauka, haldið áfram í fimm ár eftir 1. maí 2010 að beita 94. og 95. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 við útreikning á föstum fjárhæðum.

9) Með reglugerð (EB) nr. 987/2009 eru teknar upp nýjar málsmeðferðarreglur um endurgreiðslu við heilbrigðisþjónustu með það að markmiði að hraða endurgreiðslu milli aðildarríkja og komast hjá uppsöfnun krafna sem verða óuppgerðar um langt skeið.

10) Nauðsynlegt er að stofnanir í þeim aðstæðum, sem um getur hér að framan, búi við gagnsæi og njóti leiðbeininga til að tryggja einsleita og samræmda beitingu á ákvæðum Bandalagsins.

Í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 71. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

I. Umbreytingarfyrirkomulag við ákvörðun ábyrgðar aðildarríkis á kostnaði við fyrirframákveðna meðferð og nauðsynlega umönnun með tilliti til þess ef breytingar verða á því hvar ábyrgð liggur samkvæmt reglugerð (EB) nr. 883/2004

1. Ef einstaklingi var veitt meðferð fyrir 1. maí 2010 skal ákvarða í samræmi við ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 hver skuli bera ábyrgð á greiðslu kostnaðar einstaklingsins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB C 107, 27.4.2010, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 15, 15.3.2012, bls. 21.

([1]) Stjtíð. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 284, 30.10.2009, bls. 1.

2. Ef einstaklingur fær leyfi til að fara til yfirráðasvæðis annars aðildarríkis til þess að fá þar meðferð sem hentar ástandi hans (fyrirframákveðin meðferð) samkvæmt reglugerðum (EBE) nr. 1408/71 og 574/72 og meðferðin er veitt að hluta eða að öllu leyti eftir 30. apríl 2010 skal stofnunin sem veitti leyfið greiða allan kostnað af meðferðinni.

3. Ef meðferð einstaklings hefst skv. a-lið 3. mgr. 22. gr. eða a-lið 1. mgr. 31. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 skal greiða kostnað við slíka meðferðar í samræmi við ákvæði þessara greina, jafnvel þótt breyting hafi verið gerð á því hver ber ábyrgð á greiðslu kostnaðar einstaklingsins samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 883/2004. Ef meðferð er haldið áfram eftir 31. maí 2010 skal þar til bær stofnun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 883/2004 greiða þann kostnað sem stofnað er til eftir þann dag.

4. Ef meðferð var veitt skv. 1. mgr. 19. gr. eða 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 eftir 30. apríl 2010 á grundvelli gilds evrópsks sjúkratryggingakorts, sem gefið er út fyrir 1. maí 2010, er ekki hægt að neita að endurgreiða kostnað við slíka meðferð með þeim rökum að ábyrgð gagnvart heilbrigðisþjónustu fyrir einstaklinga hafi breyst samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 883/2004.

Stofnun, sem gert er að endurgreiða kostnað vegna aðstoðar sem veitt er á grundvelli evrópsks sjúkratryggingakorts, getur farið fram á það að sú stofnun, sem viðkomandi var með réttu skráður hjá þegar aðstoðin var veitt, endurgreiði fyrrnefndu stofnuninni kostnað vegna þeirrar aðstoðar eða semji um málið við hlutaðeigandi einstakling hafi hann ekki átt rétt á að nýta evrópska sjúkratryggingakortið.

II. **Umbreytingarfyrirkomulag við útreikning á meðalkostnaði**

1. Aðferðin við útreikning á meðalkostnaði fyrir árin til og með 2009 skal falla undir ákvæði 94. og 95. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72, jafnvel þótt meðalkostnaður sé lagður fyrir endurskoðunarnefndina eftir 30. apríl 2010.

2. Aðildarríki, sem eru ekki skráð í 3. viðauka við reglugerð (EB) nr. 987/2009, geta, á tímabilinu frá 1. janúar 2010 til 30. apríl 2010, annaðhvort reiknað meðalkostnað að nýju skv. 94. og 95. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 eða notað meðalkostnað ársins 2009.

III. **Málsmeðferð við endurgreiðslu á grundvelli raunverulegra útgjalda**

1. Kröfur um endurgreiðslu á grundvelli raunverulegra útgjalda, sem eru færð í bókhald kröfuaðildarríkisins fyrir 1. maí 2010, skulu falla undir fjárhagsákvæði reglugerðar (EBE) nr. 574/72.

Þessar kröfur skulu lagðar fyrir samskiptastofnun skuldaraðildarríkisins eigi síðar en 31. desember 2011.

2. Allar kröfur um endurgreiðslu á grundvelli raunverulegra útgjalda, sem eru færðar í bókhald kröfuaðildarríkisins eftir 30. apríl 201, skulu falla undir nýju málsmeðferðarreglurnar í samræmi við ákvæði 66.-68. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009.

IV. **Málsmeðferð við endurgreiðslu á grundvelli fastra fjárhæða**

1. Meðalkostnaður fyrir árin til og með 2009 skal lagður fyrir endurskoðunarnefndina eigi síðar en 31. desember 2011. Meðalkostnaður fyrir árin til og með 2010 skal lagður fyrir endurskoðunarnefndina eigi síðar en 31. desember 2012.

2. Allar kröfur um endurgreiðslu á grundvelli fastra fjárhæða, sem eru birtar í Stjórnatíðindum Evrópusambandsins fyrir 1. maí 2010, skulu lagðar fram eigi síðar en 1. maí 2011.

3. Allar kröfur um endurgreiðslu á grundvelli fastra fjárhæða, sem eru birtar eftir 30. apríl 2010, skulu falla undir nýju málsmeðferðarreglurnar í samræmi við 66.-68. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009.

V. **Lokaákvæði**

1. Við beitingu umbreytingarfyrirkomulagsins skal leiðbeinandi meginregla vera gott samstarf milli stofnana, gagnsemi og sveigjanleiki.

2. Ákvörðun þessi skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Hún kemur til framkvæmda á gildistökudegi reglugerðar (EB) nr. 987/2009.

Formaður framkvæmdaráðsins,

Lena MALMBERG

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/75/EB **2016/EES/27/16**

frá 13. júlí 2009

um veltigrindur á dráttarvélum á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt (kyrrstöðuprófun)

(kerfisbundin útgáfa)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun ráðsins 79/622/EBE frá 25. júní 1979 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi veltigrindur á landbúnaðardráttarvélum á hjólum (kyrrstöðuprófun) ([3]) hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum([4]). Til glöggvunar og hagræðingar ber því að kerfisbinda tilskipunina.

2) Í tilskipun 79/622/EBE, sem er ein sértilskipana sem fjalla um EB-gerðarviðurkenningarkerfið sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum, en henni var skipt út með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB frá 26. maí 2003 um gerðarviðurkenningu á dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt, eftirvögnum þeirra og útskiptanlegum, dregnum tækjum ásamt kerfum þeirra, íhlutum og aðskildum tæknieiningum ([5]), er mælt fyrir um tækniforskriftir varðandi hönnun og smíði dráttarvéla fyrir landbúnað eða skógrækt að því er varðar veltigrindur þeirra (kyrrstöðuprófun). Þessar tækniforskriftir varða samræmingu laga aðildarríkjanna til að gera kleift að EB-gerðarviðurkenningaraðferðin, sem kveðið er á um í tilskipun 2003/37/EB, eigi við um allar gerðir dráttarvéla. Af þessum sökum gilda ákvæðin, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2003/37/EB að því er varðar dráttarvélar fyrir landbúnað eða skógrækt, eftirvagna þeirra og útskiptanleg, dregin tæki ásamt kerfum þeirra, íhlutum og aðskildum tæknieiningum, um þessa tilskipun.

3) Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi fresti til lögleiðingar tilskipananna sem eru settir fram í B-hluta X. viðauka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Þessi tilskipun gildir um dráttarvélar sem eru skilgreindar í j-lið 2.gr. tilskipunar 2003/37/EB og hafa eftirtalda eiginleika:

a) fríhæð undir afturási er ekki meiri en 1 000 mm,

b) föst eða breytileg lágmarkssporvídd eins drifáss er 1 150 mm eða meiri,

c) hægt er að koma fyrir fjöltengibúnaði fyrir tæki sem hægt er að losa af og dráttarbeisli,

d) massi yfir 800 kg sem samsvarar massa dráttarvélarinnar án hleðslu eins og um getur í lið 2.1.1 í I. viðauka við tilskipun 2003/37/EB, ásamt veltigrind sem er fest á í samræmi við þessa tilskipun og stærstu hjólbörðum sem framleiðandi mælir með.

2. gr.

1. Aðildarríki skal veita öllum gerðum veltigrinda og festingum þeirra við dráttarvélina, sem fullnægja kröfum um smíði og prófun í I. - V. viðauka, EB-gerðarviðurkenningu íhlutar.

2. Aðildarríki sem hefur veitt EB-gerðarviðurkenningu íhlutar skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sannprófa, að svo miklu leyti sem nauðsyn krefur, í samvinnu við lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum ef þess gerist þörf, að framleidd eintök séu í samræmi við viðurkennda gerð. Slík sannprófun skal eingöngu felast í skyndikönnunum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 261, 3.10.2009, bls. 40. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 126/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 15, 15.3.2012, bls. 8.

([1]) Stjtíð. ESB C 211, 19.8.2008, bls. 17.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 17. júní 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 22. júní 2009.

([3]) Stjtíð. EB L 179, 17.7.1979, bls. 1.

([4]) Sjá A-hluta X. viðauka.

([5]) Stjtíð. ESB L 171, 9.7.2003, bls. 1.

3. gr.

Aðildarríkin skulu fyrir hverja gerð veltigrinda og festinga þeirra við dráttarvélina, sem þau viðurkenna skv. 2. gr., gefa út handa framleiðanda dráttarvélarinnar eða veltigrindarinnar eða viðkomandi viðurkennds fulltrúa hans merki EB-gerðarviðurkenningar íhlutar sem samræmist fyrirmyndinni sem sýnd er í VI. viðauka.

Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að notuð séu merki sem geta valdið því að veltigrindum sem hlotið hafa gerðarviðurkenningu íhlutar skv. 1. gr. og öðrum búnaði verði ruglað saman.

4. gr.

Aðildarríkjunum er óheimilt að banna að veltigrindur eða festingar þeirra við dráttarvélina séu settar á markað af ástæðum sem varða smíði þeirra ef þær hafa EB-gerðarviðurkenningarmerki íhlutar.

Þó er aðildarríki heimilt að banna að veltigrindur sem hafa EB-gerðarviðurkenningarmerki íhlutar séu settar á markað ef þær eru ítrekað í ósamræmi við viðurkenndu gerðina.

Aðildarríkið skal þegar í stað tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um ráðstafanirnar sem það hefur gert og tilgreina ástæður fyrir ákvörðun sinni.

5. gr.

Lögbær yfirvöld í hverju aðildarríki skulu innan eins mánaðar senda lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja afrit af EB-gerðarviðurkenningarvottorði íhlutar, en fyrirmynd að því er að finna í VII. viðauka, fyrir hverja gerð veltigrinda sem þau viðurkenna eða synja um að viðurkenna.

6. gr.

1. Ef aðildarríki sem hefur veitt EB-gerðarviðurkenningu íhlutar kemst að raun um að veltigrindur og festingar þeirra við dráttarvélina með eins EB-gerðarviðurkenningarmerki íhlutar samrýmist ekki þeirri gerð sem það viðurkenndi, skal það gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að framleidd eintök séu í samræmi við viðurkennda gerð.

Lögbær yfirvöld þess ríkis skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum um ráðstafanir sem gripið hefur verið til og sem geta, ef nauðsyn krefur, þar sem um er að ræða alvarlegan og endurtekinn skort á samræmi, leitt til afturköllunar á EB-gerðarviðurkenningu íhlutar.

Þessi yfirvöld skulu grípa til sams konar ráðstafana berist þeim tilkynning frá lögbærum yfirvöldum annars aðildarríkis um slíkan skort á samræmi.

2. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu innan eins mánaðar tilkynna hvert öðru um sérhverja afturköllun á EB-gerðarviðurkenningu íhlutar og um ástæður fyrir slíkum ráðstöfunum.

7. gr.

Allar ákvarðanir teknar samkvæmt ákvæðum sem samþykkt eru til framkvæmdar þessari tilskipun og þar sem synjað er um EB-gerðarviðurkenningu íhlutar fyrir veltigrindur og festingar þeirra við dráttarvélina, eða hún dregin til baka eða að bannað er að setja slíkan búnað á markað eða nota hann, skal rökstyðja ítarlega.

Ákvörðun skal tilkynnt hlutaðeigandi aðila og um leið skal kynna honum þau lagaúrræði sem hann getur nýtt sér samkvæmt gildandi lögum í aðildarríkjunum og þann frest sem hann hefur til þess.

8. gr.

1. Aðildarríkjum er óheimilt að synja um EB-gerðarviðurkenningu, útgáfu skjalsins sem um getur í u-lið 2. gr. tilskipunar 2003/37/EB eða landsbundna gerðarviðurkenningu fyrir gerð dráttarvélar af ástæðum sem varða veltigrindur, ef þær uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í I. – IX. viðauka.

2. Aðildarríkjum er ekki heimilt að gefa út skjalið sem kveðið er á um í u-lið 2.gr. tilskipunar 2003/37/EB fyrir gerð dráttarvélar sem uppfyllir ekki kröfur þessarar tilskipunar.

Aðildarríkjum er heimilt að synja um landsbundna gerðarviðurkenningu að því er varðar gerð dráttarvélar ef hún uppfyllir ekki kröfur þessarar tilskipunar.

9. gr.

Aðildarríkjum er óheimilt að synja um að dráttarvél sé skráð eða að banna sölu hennar, að hún sé tekin í notkun eða notuð af ástæðum sem varða veltigrindur og festingar þeirra við dráttarvélina ef þær uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í I. til IX. viðauka.

10. gr.

Dráttarvél sem er vísað til í 1. gr. verður að hafa veltigrind sem fullnægir kröfunum sem mælt er fyrir um í I. til IV. viðauka vegna EB-gerðarviðurkenningar.

Þó er heimilt að setja veltigrindur á dráttarvélarnar, sem eru skilgreindar í 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/57/EB frá 13. júlí 2009 varðandi veltigrindur á dráttarvélum á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt ([6]), á dráttarvélar sem eru skilgreindar í 1. gr. þeirrar reglugerðar, sem fullnægja kröfunum sem mælt er fyrir um í I. til IV. viðauka þeirrar tilskipunar.

([6]) Stjtíð. ESB L 261, 3.10.2009, bls. 1.

11. gr.

Samþykkja skal nauðsynlegar breytingar til að laga kröfurnar í I. til IX. viðauka að tækniframförum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 20. gr. tilskipunar 2003/37/EB.

12. gr.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni texta helstu ákvæða í landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

13. gr.

Tilskipun 79/622/EBE, eins og henni var breytt með gerðunum sem eru tilgreindar í A-hluta X. viðauka, er felld úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna, að því er varðar þá fresti til lögleiðingar tilskipananna, sem settir eru fram í B-hluta X. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í XI. viðauka.

14. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2010.

15. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. júlí 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins*
forseti.	*forseti.*
H.-G. PÖTTERING	E. ERLANDSSON

SKRÁ YFIR VIÐAUKA

I. VIÐAUKI	Skilyrði fyrir EB-gerðarviðurkenningu íhlutar
II. VIÐAUKI	Skilyrði að því er varðar prófanir á styrkleika veltigrinda og festinga þeirra við dráttarvélar
III. VIÐAUKI	Prófunaraðferð
IV. VIÐAUKI	Myndir
V. VIÐAUKI	Fyrirmynd að prófunarskýrslu um EB-gerðarviðurkenningarprófun íhlutar að því er varðar veltigrind (öryggisrammi eða -hús) með tilliti til styrkleika hennar auk styrkleika festinga hennar við dráttarvél (kyrrstöðuprófun)
VI.VIÐAUKI	Merki
VII. VIÐAUKI	Fyrirmynd að EB-gerðarviðurkenningarvottorði íhlutar
VIII. VIÐAUKI	Skilyrði fyrir EB-gerðarviðurkenningu
IX. VIÐAUKI	Viðauki við EB-gerðarviðurkenningarvottorð fyrir gerð dráttarvélar með hliðsjón af styrkleika veltigrinda (öryggishús eða -rammi) og festinga þeirra við dráttarvélina (kyrrstöðuprófun)
X. VIÐAUKI	A-hluti: Niðurfelld tilskipun með skrá yfir síðari breytingar hennar B-hluti: Skrá yfir fresti til lögleiðingar í landslög
XI. VIÐAUKI	Samsvörunartafla

I. VIÐAUKI

Skilyrði fyrir EB-gerðarviðurkenningu íhlutar

1. SKILGREINING

1.1. „Veltigrind (öryggishús eða rammi)“, hér á eftir nefnd „veltigrind“: grind á dráttarvél, sem er einkum ætluð til þess að forðast eða draga úr áhættu ökumanns ef dráttarvél veltur við hefðbundna notkun.

1.2. Það er einkenni á grindum sem eru tilgreindar í lið 1.1. að innan þeirra er nægjanlega stórt autt svæði til að verja ökumanninn eins og fram kemur í prófunum sem kveðið er á um í II. og III. viðauka.

2. ALMENNAR KRÖFUR

2.1. Allar veltigrindur og festingar þeirra við dráttarvélina skulu vera hannaðar og smíðaðar þannig að þær fullnægi þeim grundvallarkröfum sem mælt er fyrir um í lið 1.

2.2. Þessu skilyrði telst fullnægt ef kröfur II. og III. viðauka eru uppfylltar.

3. UMSÓKN UM EB-GERÐARVIÐURKENNINGU ÍHLUTAR

3.1. Framleiðandi dráttarvélar eða veltigrindar eða viðeigandi viðurkenndur fulltrúi hans skal leggja fram umsókn um EB-gerðarviðurkenningu íhlutar fyrir dráttarvél með hliðsjón af styrkleika veltigrindar og festinga hennar við dráttarvélina.

3.2. Eftirtalin skjöl í þríriti og eftirfarandi upplýsingar skulu fylgja umsókn um EB-gerðarviðurkenningu íhlutar:

– almenn yfirlitsteikning sem miðast annað hvort við kvarða eða sýnir mál veltigrindarinnar. Teikningin verður einkum að sýna festingarhluta í smáatriðum,

– ljósmyndir frá hlið og aftan frá er sýna festingaratriði í smáatriðum,

– stutt lýsing á veltigrind og gerð yfirbyggingar, lýsing í smáatriðum á festingum á dráttarvélinni og, ef nauðsyn krefur, bólstrun, aðgengi og undankomuleið, bólstrun að innanverðu, og búnaði til að koma í veg fyrir að dráttarvélin rúlli áfram við veltu og á hitunarbúnaði og loftræstibúnaði,

– lýsing í smáatriðum á því efni sem er notað í hluta sem eru burðarvirki, þar á meðal knegtum og boltum til festingar (sjá V. viðauka).

3.3. Láta skal tækniþjónustunni sem annast prófanir vegna gerðarviðurkenningar íhlutar í té dráttarvél sem er dæmigerð fyrir þá gerð dráttarvélar sem veltigrindin sem á að viðurkenna er ætluð. Veltigrindin skal vera áföst dráttarvélinni.

3.4. Handhafi EB-gerðarviðurkenningar íhlutar getur farið fram á að hún nái einnig til annarra gerða dráttarvéla. Lögbært yfirvald sem upphaflega veitti EB-gerðarviðurkenningu íhlutar skal heimila rýmkunina ef hin viðurkennda veltigrind og dráttarvélagerð(-ir) sem sótt er um rýmkun fyrir uppfylla eftirtalin skilyrði:

– massi dráttarvélar án fargs, samkvæmt skilgreiningu liðar 1.3. í II. viðauka, er ekki meiri en 5% af viðmiðunarmassa í prófuninni,

– áfestingaraðferð og þeir íhlutir dráttarvélar sem fest er við skulu vera eins,

– íhlutir eins og aurbretti og vélarhlíf sem geta stutt veltigrindina skulu vera eins,

– staðsetning og helstu mál sætisins í veltigrindinni og hlutfallsleg staðsetning veltigrindarinnar og dráttarvélarinnar skal vera slík að auða svæðið hefði verið varið í grind með sveigju í öllum prófunum,

4. MERKINGAR

4.1. Eftirtaldar merkingar skulu vera á hverri einingu veltigrinda sem eru eins og viðurkennda gerðin:

4.1.1. vörumerki eða viðskiptaheiti,

4.1.2. gerðarviðurkenningarmerki íhlutar sem samræmist fyrirmyndinni í IV. viðauka,

4.1.3. raðnúmer veltigrindar,

4.1.4. tegund(-ir) og gerð(-ir) dráttarvélar(-véla) sem veltigrindin er ætluð.

4.2. Allar þessar upplýsingar skulu settar á litla merkiplötu.

4.3. Þessar merkingar skulu vera auðsjáanlegar, læsilegar og óafmáanlegar.

———

II. VIÐAUKI

Skilyrði að því er varðar prófanir á styrkleika veltigrinda og festinga þeirra við dráttarvélar

1. ALMENNAR KRÖFUR

1.1. Tilgangur prófana

Í prófunum sem eru gerðar með sérstökum útbúnaði á að líkja eftir því álagi sem veltigrind verður fyrir þegar dráttarvél veltur. Þessar prófanir, sem er lýst í III. viðauka, gera kleift að athuga styrkleika veltigrindarinnar og festinga sem festa hana við dráttarvélina og þeirra hluta dráttarvélarinnar sem flytja álag prófunarinnar.

1.2. Undirbúningur fyrir prófun

1.2.1. Veltigrindin verður að vera í samræmi við forskriftir raðframleiðslunnar. Hún skal fest á þá dráttarvél sem hún er hönnuð fyrir í samræmi við þá aðferð sem framleiðandi ákveður. Ekki er nauðsynlegt að nota fullbúna dráttarvél í prófunina, þó skulu veltigrind og hlutar dráttarvélarinnar sem eru festir á fyrir prófunina teljast lágmarksbúnaður, hér á eftir nefndur „uppistaða“.

1.2.2. Uppistaðan skal kyrfilega fest við prófunarpall þannig að festingar uppistöðu við prófunarpall svigni ekki umtalsvert til hliðanna jafnhliða veltigrindinni með álagi. Aðferð sem er notuð til að festa uppistöðuna við prófunarpallinn má ekki valda því að styrkleiki uppistöðunnar breytist.

1.2.3. Styrkja verður uppistöðuna eða breyta þannig að veltigrindin og festingar hennar við ósveigjanlega hluta dráttarvélarinnar gleypi alla prófunarorkuna.

1.2.3.1. Til að fullnægja kröfum liðar 1.2.3. skal breytingin fela í sér læsingu á fjöðrunarbúnaði dráttarvélarinnar þannig að hann gleypi ekki hluta af prófunarorkunni.

1.2.4. Dráttarvélin verður, þegar prófun fer fram, að vera með öllum íhlutum raðframleiðslunnar sem eru hluti af burðarvirki er haft gætu áhrif á styrkleika veltigrindar eða sem teljast nauðsynlegir vegna styrkleikaprófunarinnar.

Íhlutir sem geta valdið hættu á auða svæðinu verða að vera festir þannig að unnt sé að skoða þá til að sjá hvort kröfum liðar 4 hefur verið fullnægt.

Við prófunina skal fjarlæga alla íhluti sem ökumaðurinn getur sjálfur fjarlægt. Ef hægt er að halda dyrum og gluggum opnum eða fjarlægja þau meðan dráttarvélin er í notkun skal halda þeim opnum eða fjarlægja þau meðan prófunin fer fram til þess að styrkja ekki veltigrindina frekar. Skapi þau, í þessari stöðu, hættu fyrir ökumanninn ef svo færi að dráttarvélin ylti, skal þess getið í prófunarskýrslunni.“

1.3. Massi dráttarvélar

Viðmiðunarmassinn m_t sem er notaður í formúlum (sjá III. viðauka) til að reikna út orku og álagskraft skal vera a.m.k. sá massi sem er skilgreindur í lið 2.1.1. í I. viðauka við tilskipun 2003/37/EB (þ.e. að undanskildum valfrjálsum aukabúnaði en að meðtöldum kælivökva, olíum, eldsneyti, verkfærum og ökumanni) ásamt veltigrind og vera minni en 75 kg.

Valfrjáls lóð að framan og aftan, þyngdarklossar á hjólbörðum, áföst áhöld, áfestur búnaður og sérstakir íhlutir teljast ekki með.

2. TÆKI OG BÚNAÐUR

2.1. Lárétt álagsprófun (frá hlið og eftir endilöngu)

2.1.1. Efni, búnaður og nægilega góður festibúnaður til að tryggja að uppistaðan sé tryggilega fest við prófunarpallinn, óháð því hvort hjólbarðar eru til staðar.

2.1.2. Ósveigjanleg stoð sem er beitt með láréttum krafti á veltigrindina eins og sýnt er á mynd 1 og 2 í IV. viðauka.

2.1.2.1. Lóðrétt þvermál ósveigjanlegu stoðarinnar skal vera 150 mm.

2.1.2.2. Gera verður ráðstafanir til að álagið dreifist jafnt miðað við álagsstefnu og eftir stoð með lengd sem er nákvæmlega heilt margfeldi af 50 og er á bilinu 250 og 700 mm.

2.1.2.3. Snertibrúnir stoðarinnar við veltigrindina skulu hafa sveigju sem hefur að hámarki 50 mm radíus.

2.1.2.4. Hjöruliðir—eða annað sem samsvarar þeim—skulu felldir inn í til að tryggja að álagsbúnaðurinn þvingi ekki grindina til að snúast eða hreyfast á annan veg en í álagsstefnuna.

2.1.2.5. Ef lárétt lengd veltigrindar sem álagi er beitt á er ekki bein lína miðað við stefnu álagsins skal svæðið þannig nýtt að álagið dreifist á lengdina.

2.1.3. Búnaður til að mæla, eftir því sem tæknilega er unnt, þá orku sem veltigrindin og ósveigjanlegu hlutar dráttarvélarinnar sem hún er fest við gleypa, t.d. með því að mæla kraft í þeirri stefnu sem því er beitt og samsvarandi sveigju er tengist punkti á grind dráttarvélarinnar.

2.1.4. Útbúnaður til að sanna að veltigrindin hafi hvergi farið inn á auða svæðið meðan á prófuninni stóð. Heimilt er að nota útbúnað samkvæmt mynd 6a, 6b og 6c í IV. viðauka.

2.2. Álagsprófun að framan og aftan

2.2.1. Efni, búnaður og nægilega góður festibúnaður til að tryggja að uppistaðan sé tryggilega fest við prófunarpall, óháð því hvort hjólbarðar eru til staðar.

2.2.2. Útbúnaður til að beita lóðréttum krafti á veltigrind, eins og er sýnt á mynd 3 í IV. viðauka, að meðtalinni ósveigjanlegri álagsstoð sem er 250 mm að breidd.

2.2.3. Búnaður til að mæla lóðréttan kraft.

2.2.4. Útbúnaður til að sanna að veltigrindin hafi hvergi farið inn á auða svæðið meðan á prófuninni stóð. Heimilt er að nota útbúnað samkvæmt mynd 6a, 6b og 6c í IV. viðauka.

2.3. Vikmörk í mælingum

2.3.1. Mál: ± 3 mm.

2.3.2. Sveigja: ± 3mm.

2.3.3. Massi dráttarvélar ± 20kg.

2.3.4. Álag og kraftur: ± 2%.

2.3.5. Álagsstefna: frávik frá láréttum og lóðréttum stefnum eins og tilgreint er í III. viðauka:

– við upphaf prófunar, án álags: ± 2,

– á meðan á prófun stendur, með álagi: 10° yfir og 20° undir hinu lárétta. Frávikum frá þessu skal halda í lágmarki.

3. PRÓFANIR

3.1. Almennar kröfur

3.1.1. Röð prófana

3.1.1.1. Röð prófana skal vera sem hér segir:

3.1.1.1.1. Álag eftir endilöngu (liður 1.2. í III. viðauka).

Í dráttarvélum þar sem a.m.k. 50% massa samkvæmt skilgreiningu liðar 1.3. er á afturhjólunum skal álag eftir endilöngu beitt aftan frá (dæmi 1). Á öðrum dráttarvélum skal álag eftir endilöngu beitt framan frá (dæmi 2).

3.1.1.1.2. Fyrsta álagsprófun

Fyrsta álagsprófun skal gerð á sama enda veltigrindar og álagi eftir endilöngu er beitt, þ.e.:

– að aftan í dæmi 1 (liður 1.5. í III. viðauka), eða

– að framan í dæmi 2 (liður 1.6. í III. viðauka).

3.1.1.1.3. Álag frá hlið (liður 1.3. í III. viðauka)

3.1.1.1.4. Önnur álagsprófun

Önnur álagsprófun skal gerð á þeim enda veltigrindar þar sem álagi eftir endilöngu er ekki beitt, þ.e.:

– að framan í dæmi 1 (liður 1.6. í III. viðauka), eða

– að aftan í dæmi 2 (liður 1.5. í III. viðauka).

3.1.1.1.5. Annað álag eftir endilöngu (liður 1.7. í III. viðauka)

Beita skal öðru álagi eftir endilöngu á dráttarvélar með veltigrind sem hægt er að halla ef álag eftir endilöngu (sjá lið 3.1.1.1.1.) veldur ekki halla á veltigrindinni.

3.1.1.2. Ef festingarbúnaðurinn slitnar eða hreyfist til á meðan á prófun stendur skal hefja prófun að nýju.

3.1.1.3. Óheimilt er að gera við eða gera breytingar á dráttarvélinni eða veltigrindinni á meðan á prófunum stendur.

3.1.2. Sporvídd

Annaðhvort skal fjarlægja hjólin eða stilla sporvídd þannig að tryggt sé að þau hafi engin áhrif á veltigrindina á meðan á prófunum stendur.

3.1.3. Íhlutir sem valda ekki hættu fjarlægðir

Allir íhlutir dráttarvélarinnar og veltigrindarinnar sem virka, í heild sinni, sem hlíf fyrir ökumann, einnig fyrir veðri, skulu vera á dráttarvélinni þegar hún er tekin til skoðunar.

Óþarfi er að setja á veltigrind, sem á að prófa, rúður að framan, á hliðum eða að aftan úr öryggisgleri eða svipuðu efni eða laus borð, festingar og aukabúnað sem styrkja grindina ekki á nokkurn hátt og skapa ekki hættu ef dráttarvélin veltur.

3.1.4. Tækjabúnaður

Veltigrindin skal búin nauðsynlegum tækjum til þess að unnt sé að fá gögn til að gera kraftsveigjulínurit (sjá mynd 4 í IV. viðauka). Varanleg heildarsveigja veltigrindar skal mæld og skráð á hverju stigi prófunarinnar (sjá mynd 5 í IV. viðauka).

3.1.5. Álagsstefna

Ef um er að ræða dráttarvél þar sem sætið er ekki á miðjuplani dráttarvélarinnar og/eða styrkleiki grindar er ósamhverfur nær hliðarálag að öllum líkindum inn á auða svæðið á meðan á prófunum stendur (sjá einnig lið 1.3. í III. viðauka).

4. SKILYRÐI FYRIR SAMÞYKKI

4.1. Veltigrind sem lögð er fram til EB-gerðarviðurkenningar íhlutar telst hafa fullnægt kröfum um styrk ef hún uppfyllir eftirtalin skilyrði:

4.1.1. Veltigrindin hefur hvergi farið inn á auða svæðið sem lýst er í lið 3.2 í III. viðauka né heldur hefur það fallið utan veltigrindarinnar á meðan á prófunum stóð eins og tilgreint er í liðum 1.2, 1.3, 1.5, 1.6 og eftir því sem við á lið 1.7 í III. viðauka.

Ef yfirálagsprófun er gerð þá skal krafturinn sem beitt er þegar sú orka sem tiltekin er hefur verið tekin upp, vera meiri en 0,8 af hámarkskraftinum sem beitt er bæði á meðan á aðalprófun stendur og í viðkomandi yfirálagsprófun (sjá myndir 4b og 4c í IV. viðauka).

4.1.2. Á meðan á prófunum stendur má veltigrindin ekki þrengja á nokkurn hátt að sætisgrind.

4.1.3. Þegar nauðsynlegu orkustigi er náð í hverri tiltekinni láréttri álagsprófun skal krafturinn vera meiri en 0,8 af hámarksorku.

4.2. Auk þess mega önnur atriði ekki skapa hættu fyrir ökumann, t.d. ónóg bólstrun í lofti eða annars staðar þar sem höfuð ökumanns getur rekist í.

5. PRÓFUNARSKÝRSLA

5.1. Prófunarskýrsla skal fylgja EB-gerðarviðurkenningarvottorði íhlutar sem um getur í VII. viðauka. Skýrslan skal vera eins og sýnt er í V. viðauka. Í henni skal koma fram:

5.1.1. Almenn lýsing á byggingarlagi veltigrindar (sjá V. viðauka þar sem fram koma mál sem verður að fara eftir), einnig upplýsingar um hvernig komast má greiðlega inn í og út úr dráttarvélinni auk undankomuleiðar, upplýsingar um hitunar- og loftræstikerfi og annan aukabúnað ef hann er fyrir hendi og ef þeir gætu haft áhrif á auða svæðið eða valdið hættu.

5.1.2. Nákvæmar skýringar á sérstökum atriðum eins og búnaði til að koma í veg fyrir áframhaldandi veltu dráttarvélarinnar.

5.1.3. Stutt lýsing á bólstrun að innanverðu.

5.1.4. Greinargerð um gerð framrúða og annarra rúða og um EB-merki eða annars konar merki um viðurkenningu.

5.2. Ef EB-gerðarviðurkenning íhlutar nær einnig til annarra gerða dráttarvéla verður einnig að koma fram í skýrslunni nákvæm tilvísun í skýrslu um upphaflega EB-gerðarviðurkenningu íhlutar svo og nákvæmar upplýsingar um kröfur sem mælt er fyrir um í lið 3.4. í I. viðauka.

5.3. Í skýrslunni verður að koma greinilega fram gerð dráttarvélar (tegund, gerð og verslunarheiti o.s.frv.) sem prófuð er og fyrir hvaða gerðir veltigrindin er ætluð.

6. TÁKN

m_t = viðmiðunarmassi dráttarvélarinnar (kg), samkvæmt skilgreiningu liðar 1.3.

D = sveigja (mm) grindarinnar á þeim stað og í þá stefnu sem álaginu er beitt.

D’ = sveigja (mm) grindarinnar fyrir útreiknaða, nauðsynlega orku.

F = stöðuálagskraftur (N) (njúton).

F_{max} = hámarksstöðuálagskraftur sem fyrir kemur við álag (N), að undanskildu yfirálagi.

F’ = kraftur fyrir útreiknaða, nauðsynlega orku.

F-D = ferill fyrir kraft/sveigju.

E_{is} = orka sem á að gleypa við álag frá hlið (J) (júl).

$E_{il\,1}$ = orka sem á að gleypa við álag eftir endilöngu (J).

$E_{il\,2}$ = orka sem á að gleypa við beitingu annars álags eftir endilöngu (J).

F_r kraftur sem beitt er að aftan í álagsprófun (N).

F_f kraftur sem beitt er að framan í álagsprófun (N).

———

III. VIÐAUKI

PRÓFUNARAÐFERÐ

1. LÁRÉTTAR ÁLAGSPRÓFANIR

1.1. Almenn ákvæði um láréttar álagsprófanir

1.1.1. Álagi á veltigrind skal dreift með ósveigjanlegri stoð sem er í samræmi við forskriftirnar sem mælt er fyrir um í lið 2.1.2 í II. viðauka og staðsett hornrétt á álagsstefnu, stoðin getur verið með búnaði sem kemur í veg fyrir að hún renni til hliðar. Sveigja þegar álagi er beitt má ekki vera meira en 5 mm/s. Við prófun skal skrá samtímis gildi F og D þegar sveigjan er aukin um 15 mm eða minna, svo tryggja megi nákvæmni. Við álagsprófun má ekki minnka álagið fyrr en prófuninni er lokið, þó er leyfilegt að hætta að auka álagið ef óskað er, t.d. til þess að skrá mælingar.

1.1.2. Ef álagi er beitt á bogna burðareiningu skal fara eftir þeim forskriftum sem mælt er fyrir um í lið 2.1.2.5 í II. viðauka. Þó skal álaginu beitt samkvæmt kröfum í lið 1.1.1 að ofan og lið 2.1.2 í II. viðauka.

1.1.3. Ef enginn þverbiti er við álagspunkt er heimilt að nota varaprófunarstoð sem eykur þó ekki styrk grindarinnar.

1.1.4. Veltigrindin skal skoðuð þegar álagi er létt af eftir lok álagsprófunar. Ef sprungur eða rifur hafa myndast við álagsprófun skal gera yfirálagsprófun, sem er tilgreind í lið 1.4 hér að aftan, áður en prófun með næsta álagi í röðinni, sem tilgreint er í lið 3.1.1.1 í II. viðauka, fer fram.

1.2. Álag eftir endilöngu (sjá mynd 2 í IV. viðauka)

Álag skal vera lárétt og samsíða lóðréttu miðjuplani dráttarvélarinnar.

Í dráttarvélum þar sem a.m.k. 50% massa samkvæmt skilgreiningu liðar 1.3. í II. viðauka er á afturhjólunum skal álagi eftir endilöngu að aftan og álagi frá hlið beitt hvoru á sína hlið við lengdarmiðjuplan veltigrindarinnar. Í dráttarvélum þar sem a.m.k. 50% massa er á framhjólunum skal álagi eftir endilöngu að framan og álagi frá hlið beitt á sömu hlið miðað við lengdarmiðjuplan veltigrindarinnar.

Því skal beitt á efsta þverbita veltigrindarinnar (þ.e. þann hluta sem líklegt er að komi fyrst við jörðu við veltu).

Álagspunktur skal vera einn sjötti af breidd efsta hluta veltigrindarinnar ef mælt er inn á við frá ytra horni. Breidd veltigrindar telst vera fjarlægð milli tveggja lína sem eru samsíða lóðréttu miðjuplani dráttarvélarinnar og nær hún til ystu brúnar veltigrindarinnar á láréttu plani er nær til efsta hluta efsta þverbita grindarinnar.

Lengd stoðar má ekki vera minni en einn þriðji af breidd veltigrindar (eins og áður er lýst) og ekki meira en 49 mm yfir þessu lágmarki.

Álagi eftir endilöngu sem er beitt að aftan og framan eins og skilgreint er í lið 3.1.1.1. í II. viðauka.

Hætta skal prófun þegar:

a) aflögunarorka sem veltigrind gleypir er jöfn eða meiri en nauðsynleg orka vegna $E_{il\ 1}$ (þar sem $E_{il\ 1} = 1{,}4\ m_t$),

b) grindin fer inn á auða svæðið eða ver það ekki lengur.

1.3. Álag frá hlið (sjá mynd 1 í IV. viðauka)

Álag skal sett lárétt, 90° á lóðrétt miðjuplan dráttarvélarinnar. Það skal sett efst undir veltigrindina á punkti sem er 300 mm framan við viðmiðunarpunkt sætis þegar sætið er eins aftarlega og unnt er (sjá lið 2.3.1). Ef hliðarútskot er á veltigrindinni sem myndi snerta jörðu fyrst ef dráttarvélin ylti á hliðina skal álaginu beitt á þann stað. Þegar um er að ræða dráttarvél með vendisæti ökumanns skal álagið sett á efsta hluta veltigrindarinnar mitt á milli tveggja viðmiðunarpunkta sætisins.

Stoðin skal vera eins löng og nauðsyn krefur en þó ekki lengri en 700 mm að lengd.

Hætta skal prófun þegar:

a) aflögunarorka sem veltigrind gleypir er jöfn eða meiri en nauðsynleg orka vegna E_{is} (þar sem $E_{is} = 1{,}75\ m_t$), eða

b) grindin fer inn á auða svæðið eða ver það ekki lengur.

1.4. Yfirálagsprófun (sjá myndir 4a, 4b og 4c í IV. viðauka)

1.4.1. Framkvæma skal yfirálagsprófun ef krafturinn minnkar um meira en 3% á meðan síðustu 5% sveigjunnar er náð þar sem grindin gleypir orkuna sem er nauðsynleg (sjá mynd 4b).

1.4.2. Yfirálagsprófun felur í sér að lárétt álag er aukið smám saman, um 5% af upphaflegri nauðsynlegri orku upp í að hámarki 20% af þeirri orku sem bætt er við (sjá mynd 4c).

1.4.2.1. Yfirálagsprófun telst fullnægjandi ef í hvert sinn sem aukning verður um 5, 10 eða 15% á þeirri orku sem nauðsynleg er minnkar kraftur um minna en 3% miðað við hver 5% í aukningu og helst hærri en 0,8 F_{max}.

1.4.2.2. Yfirálagsprófun telst fullnægjandi ef krafturinn er meiri en 0,8 af hámarksstöðuálagskrafti eftir að grindin hefur gleypt 20% af þeirri orku sem bætt er við.

1.4.2.3. Viðbótarsprungur eða rifur og/eða að farið sé inn á auða svæðið eða það ekki varið sem skyldi vegna sveigju eru leyfilegar við yfirálagsprófun. Þó má grindin ekki fara inn á auða svæðið eftir að álagið hefur verið tekið af og skal það fullkomlega varið.

1.5. Álag að aftan

Stoðin skal vera staðsett yfir efstu burðareiningu að aftan og skulu afleiðingar álagskraftsins koma fram á lóðréttu lengdarviðmiðunarplani. Beita skal kraftinum $F_r = 20\ m_t$.

Ef aftari hluti á þaki veltigrindar stenst ekki mesta álagskraft skal beita krafti á þakið þar til það sveigist til hliðar þannig að það fari saman við plan er tengir efri hluta veltigrindar við þann hluta aftan á dráttarvélinni sem getur borið þyngd dráttarvélarinnar við veltu. Því næst skal aflétta kraftinum og dráttarvélin eða álagskraftur færður þannig að stoðin sé yfir þeim punkti veltigrindarinnar sem myndi styðja við dráttarvélina ef hún ylti alveg. Beita skal kraftinum F_r.

Beita skal kraftinum F_r í a.m.k. fimm sekúndur eftir að sjáanleg sveigja sést ekki lengur.

Stöðva skal prófun ef grindin fer inn á auða svæðið eða ef það er ekki varið sem skyldi.

1.6. Álag að framan

Stoðin skal vera staðsett yfir fremstu burðareiningu að framan og skulu afleiðingar álagskraftsins koma fram á lóðréttu lengdarviðmiðunarplani. Beita skal kraftinum $F_r = 20m_t$.

Ef fremri hluti á þaki veltigrindar stenst ekki mesta álagskraft skal beita krafti á þakið þar til það sveigist til hliðar þannig að það fari saman við plan er tengir efri hluta veltigrindar við þann hluta framan á dráttarvélinni sem getur borið þyngd dráttarvélarinnar við veltu. Því næst skal aflétta kraftinum og dráttarvélin eða álagskraftur færður þannig að stoðin sé yfir þeim punkti veltigrindarinnar sem myndi styðja við dráttarvélina ef hún ylti alveg. Beita skal kraftinum F_f.

Beita skal kraftinum F_f í a.m.k. fimm sekúndur eftir að sjáanleg sveigja sést ekki lengur.

Stöðva skal prófun ef grindin fer inn á auða svæðið eða ef það er ekki varið sem skyldi.

1.7. Annað álag eftir endilöngu

Álag skal vera lárétt samsíða lóðréttu miðjuplani dráttarvélarinnar.

Öðru álagi eftir endilöngu skal beitt að aftan eða framan samkvæmt skilgreiningu liðar 3.1.1.1. í II. viðauka.

Því skal beitt í öfugri stefnu við og á fjarlægasta hornið miðað við álag eftir endilöngu í lið 1.2.

Því skal beitt við efsta þverbita veltigrindarinnar (þ.e. þann hluta sem líklegt er að lendi fyrst í jörðu við veltu).

Álagspunktur skal vera einn sjötti af breidd efsta hluta veltigrindarinnar ef mælt er inn á við frá ytra horni. Breidd veltigrindar telst vera fjarlægð milli tveggja lína sem eru samsíða lóðréttu miðjuplani dráttarvélarinnar og nær hún til ystu brúnar veltigrindarinnar á láréttu plani er nær til efsta hluta efsta þverbita grindarinnar.

Lengd stoðar má ekki vera minni en einn þriðji af breidd veltigrindar (eins og áður er lýst) og ekki meira en 49 mm yfir þessu lágmarki.

Hætta skal prófun þegar:

a) aflögunarorka sem veltigrind gleypir er jöfn eða meiri en nauðsynleg orka vegna $E_{il\ 2}$ (þar sem $E_{il\ 2} = 0{,}35\ m_t$), eða

b) grindin fer inn á auða svæðið eða ver það ekki lengur.

2. AUÐA SVÆÐIÐ

2.1. Auða svæðið er sýnt á mynd 6 í IV. viðauka og er skilgreint með hliðsjón af lóðréttu viðmiðunarplani sem liggur venjulega eftir endilangri dráttarvélinni og gegnum viðmiðunarpunkt sætis sem er lýst í lið 2.3. og miðju stýrishjóls. Gera skal ráð fyrir að viðmiðunarplanið færist lárétt með sætinu og stýrishjólinu þegar álagi er beitt en haldist hornrétt á gólf dráttarvélarinnar eða veltigrindina ef á þeim er fjöðrunarbúnaður.

Ef unnt er að stilla stýrishjólið skal það vera stillt miðað við eðlilegan akstur þar sem ökumaður situr í sætinu.

2.2. Mörk svæðisins eru mæld sem:

2.2.1. lóðrétt plön 250 mm sitt hvoru megin viðmiðunarplansins sem nær 300 mm upp á við frá viðmiðunarpunkti sætis,

2.2.2. samsíða plön sem ná frá efri brúnum plana sem um getur í lið 2.2.1. 900 mm að hámarki yfir viðmiðunarpunkt sætis og hallast þannig að efri brún plans sem er á hlið miðað við högg frá hlið sé a.m.k. 100 mm frá viðmiðunarplaninu,

2.2.3. lárétt plan sem er 900 mm yfir viðmiðunarpunkti sætis,

2.2.4. hallandi plan sem er hornrétt á viðmiðunarplan og í punkt 900 mm beint yfir viðmiðunarpunkti sætis og aftasti punktur á bakstoð sætis,

2.2.5. yfirborð, sem er bogið ef nauðsyn krefur, gert af röð af beinum línum sem eru hornréttar á viðmiðunarplan sem nær niður á við frá aftasta punkti sætis og snertir bakstoð sætis eftir allri endilangri lengd þess.

2.2.6. bogið yfirborð, hornrétt á viðmiðunarplan, með 120 mm radíus sem snertir plönin sem um getur í liðum 2.2.3. og 2.2.4.,

2.2.7. bogið yfirborð, hornrétt á viðmiðunarplan, með 900 mm radíus sem nær fram um 400 mm og í snertingu við planið sem um getur í lið 2.2.3 í punkti sem er 150 mm framan við viðmiðunarpunkt sætis,

2.2.8. hallandi plan, hornrétt á viðmiðunarplanið, og tengist yfirborði sem um getur í lið 2.2.7. á fremri brún þess og er 40 mm frá stýrishjóli. Ef stýrishjólið er í eðlilegri stillingu kemur snertiplan við yfirborðið sem um getur í lið 2.2.7. í stað þessa plans,

2.2.9. lóðrétt plan, hornrétt á viðmiðunarplan, 40 mm framan við stýrishjól,

2.2.10. lárétt plan gegnum viðmiðunarpunkt sætis,

2.2.11. þegar um er að ræða dráttarvél með vendisæti ökumanns skal auða svæðið vera samansett úr þeim tveimur svæðum sem ákvarðast af tveimur staðsetningum stýrisins og sætisins,

2.2.12. Þegar um er að ræða dráttarvél, þar sem hægt er að koma fyrir mismunandi sætum, skulu prófanirnar miðast við sameinaða auða svæðið umhverfis viðmiðunarpunkta allra sæta sem hægt er að velja um. Veltigrindin skal ekki fara inn á sameinaða auða svæðið umhverfis hina mismunandi viðmiðunarpunkta sætisins.

2.2.13. ef fram koma tillögur um ný sæti eftir að prófunum lýkur skal athuga með útreikningum hvort auða svæðið umhverfis viðmiðunarpunkt nýja sætisins falli algerlega innan þess svæðis sem áður hefur verið ákvarðað. Að öðrum kosti er ný prófun nauðsynleg.

2.3. Staðsetning sætis og viðmiðunarpunktur sætis

2.3.1. Til þess að skilgreina auða svæðið í lið 2.1. skal sætið vera í öftustu stillingu miðað við lárétt stillingarsvæði. Það skal vera við hæsta punkt lóðrétts stillingarsvæðis ef það er óháð láréttri stillingu.

Ákvarða skal viðmiðunarpunkt með því að nota það tæki sem lýst er á mynd 7 og 8 í IV. viðauka þannig að líkt sé eftir því að ökumaður sitji í sætinu. Tækið skal gert úr sætisplötu og bakplötu. Neðri bakplatan skal vera með samskeytum í mjaðmarhæð (A) og í lendarhæð (B) og er hæð samskeyta (B) stillanleg.

2.3.2. Viðmiðunarpunktur er skilgreindur sem punktur í lengdarmiðjuplani sætis þar sem snertiplan neðri bakplötu og lárétt plan skerast. Lárétta planið sker neðra borð sætisplötu 150 mm fyrir framan framangreint snertiplan.

2.3.3. Ef í sæti er fjöðrunarbúnaður sem hægt er að stilla eftir þyngd ökumanns skal setja sætið í miðstillingu.

Tækið skal vera á sætinu. Síðan er settur á það 550 N kraftur á stað sem er 50 mm fyrir framan samskeyti (A), þar næst er þrýst létt á bakplöturnar tvær í snertistefnu að bakstoðinni,

2.3.4. Ef ekki reynist mögulegt að ákvarða nákvæma snertilínu við bakstoðina (ofan og neðan við mjóhrygg) á eftirfarandi við:

2.3.4.1. liggi engin snertilína að neðra svæðinu er neðri hluta bakplötu þrýst lóðrétt á bakstoðina,

2.3.4.2. liggi engin snertilína að efra svæðinu eru samskeytin (B) fest í hæð sem er 230 mm yfir viðmiðunarpunkti sætis, ef neðri hluti bakplötu er lóðréttur. Því næst er báðum hlutum bakplötu þrýst létt að sætisbakinu.

3. EFTIRLIT OG MÆLINGAR

3.1. Auða svæðið

Veltigrind skal skoðuð á meðan á hverri prófun stendur til að sjá hvort einhver hluti veltigrindarinnar hafi farið inn á auða svæðið í kringum ökumannssætið samkvæmt skilgreiningu liðar 2.1. Að auki skal skoða veltigrindina til að ákvarða hvort einhver hluti auða svæðisins sé óvarinn af veltigrindinni. Að því er þetta varðar telst það óvarið af veltigrind ef einhver hluti þess hefði snert jörðu ef dráttarvélin hefði oltið á þá hlið sem álaginu er beitt á. Að því er þetta varðar skulu hjólbarðar vera eins smáir og sporstilling eins lítil og unnt er samkvæmt forskrift framleiðanda.

3.2. Varanleg sveigja

Að prófunum loknum skal varanleg sveigja veltigrindar skráð. Að því er þetta varðar skal skrá stöðu helstu hluta veltigrindar miðað við viðmiðunarpunkt sætis áður en prófun hefst.

———

IV. VIÐAUKI

MYNDIR

Mynd 1 Álag frá hlið

Mynd 2 Álag eftir endilöngu beitt að aftan

Mynd 3 Dæmi um fyrirkomulag við álagsprófun

Mynd 4a Ferill fyrir kraft/sveigju — yfirálagsprófun ekki nauðsynleg

Mynd 4b Ferill fyrir kraft/sveigju — yfirálagsprófun nauðsynleg

Mynd 4c Ferill fyrir kraft/sveigju — yfirálagsprófun haldið áfram

Mynd 5 Lýsing á hugtökunum „varanleg sveigja“, „fjaðrandi sveigja“ og „heildarsveigja“


Mynd 6a Auða svæðið séð frá hlið

Mynd 6b Auða svæðið séð aftan og framan frá

Mynd 6c Firðrækin eftirmynd

Mynd 7 Búnaður til að ákvarða viðmiðunarpunkt sætis

Mynd 8 Aðferð við að ákvarða viðmiðunarpunkt sætis




Mynd 1

(2) **Álag frá hlið**

Mynd 2


Álag eftir endilöngu beitt að aftan (þegar a.m.k. 50% af massa dráttarvélarinnar er á hjólunum)

(1) Viðmiðunarpunktur sætis



Mynd 3

Dæmi um fyrirkomulag við álagsprófun




1. Viðmiðunarpunktur aF′ = 0,95 D′

1.1. Yfirálagsprófun er ekki nauðsynleg þar sem aF′ < 1,03 F′

Mynd 4a

Ferill fyrir kraft/sveigju — yfirálagsprófun ekki nauðsynleg




1. Viðmiðunarpunktur aF′ = 0,95 D′

1.1. Yfirálagsprófun er nauðsynleg þar sem aF′ > 1,03 F′

1.2. Ef bF′ er minna en 0,97 F′, þarf yfirálagsprófun að fara fram

Mynd 4b

Ferill fyrir kraft/sveigju — yfirálagsprófun nauðsynleg



1. Viðmiðunarpunktur aF′ = 0,95 D′

1.1. Yfirálagsprófun er nauðsynleg þar sem aF′ > 1,03 F′

1.2. Yfirálagsprófun en fullnægjandi þar sem bF′ > 0,97 F′ og bF′ > 0,8 F_{max}

1.3. Þar sem cF′ < 0,97 bF′ þarf að halda yfirálagsprófun áfram

1.4. Þar sem dF′ < 0,97 cF′ þarf að halda yfirálagsprófun áfram


1.5. Yfirálagsprófun er fullnægjandi þar sem eF′ > 0,8 F_{max}

Ath.: Ef F fellur einhvern tíma niður fyrir 0,8 F_{max}, skal grindinni hafnað.

Mynd 4c


Ferill fyrir kraft/sveigju — yfirálagsprófun haldið áfram

1. Varanleg sveigja
2. Fjaðrandi sveigja
3. Heildarsveigja (varanleg og fjaðrandi)




Mynd 5

Lýsing á hugtökunum varanleg sveigja, fjaðrandi sveigja og heildarsveigja



Mynd 6a


Auða svæðið séð frá hlið



Mál í mm


Mynd 6b

Auða svæðið séð aftan og framan frá




Mynd 6c

Firðrækin eftirmynd



Mynd 7

Búnaður til að ákvarða viðmiðunarpunkt sætis



Mynd 8

Aðferð við að ákvarða viðmiðunarpunkt sætis

———

V. VIÐAUKI

FYRIRMYND

Skýrsla um prófun vegna EB-gerðarviðurkenningar íhlutar á styrkleika veltigrindar (öryggisramma eða -húsi) og festinga hennar við dráttarvélina

(kyrrstöðuprófun)

Veltigrind	
Tegund	
Gerð	
Tegund dráttarvélar	
Gerð dráttarvélar	

Prófunarstöð

EB-gerðarviðurkenningarnúmer íhlutar .....

1. Vörumerki eða viðskiptaheiti veltigrindar .....

.....

2. Nafn og heimilisfang framleiðanda veltigrindar og/eða dráttarvélar .....

.....

3. Ef við á, nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðanda veltigrindar og/eða dráttarvélar .....

.....

4. Forskriftir dráttarvéla sem prófaðar eru

4.1. Vörumerki eða viðskiptaheiti .....

4.2. Gerð og verslunarheiti .....

4.3. Raðnúmer .....

4.4. Massi dráttarvélar án fargs með áfastri veltigrind, án ökumanns ..... kg

Hjólbarðastærð

að framan .....

að aftan .....

5. Rýmkun EB-gerðarviðurkenningar íhlutar til annarra gerða dráttarvéla ([1]).....

5.1 Vörumerki eða viðskiptaheiti .....

([1]) Þessi atriði skulu gefin upp við hverja rýmkun

5.2. Gerð eða verslunarheiti .....

5.3. Massi dráttarvélar án fargs með áfastri veltigrind, án ökumanns ..... kg

Hjólbarðastærð

að framan .....

að aftan .....

6. Forskriftir veltigrinda

6.1. Almenn yfirlitsteikning af veltigrind og festingum hennar við dráttarvélina

6.2. Ljósmyndir frá hlið og aftan frá er sýna festingaratriði í smáatriðum

6.3. Stutt lýsing á veltigrind og gerð yfirbyggingar, lýsing í smáatriðum á festingum á dráttarvélinni og klæðningu, aðgengi og undankomuleið, bólstrun að innanverðu og búnaði til að koma í veg fyrir að dráttarvélin rúlli áfram við veltu og á hitunarbúnaði og loftræstibúnaði

6.4. Mál

6.4.1. Hæð þakhluta yfir viðmiðunarpunkti sætis ..... mm

6.4.2. Hæð þakhluta yfir fótabretti dráttarvélar ..... mm

6.4.3. Breidd veltigrindar að innan 900 mm yfir viðmiðunarpunkti sætis ..... mm

6.4.4. Breidd veltigrindar að innan miðað við punkt yfir sæti sem er stillt miðað við miðju stýrishjóls ..... mm

6.4.5. Fjarlægð frá miðju stýrishjóls til þess hluta veltigrindar sem er á hægri hönd ..... mm

6.4.6. Fjarlægð frá miðju stýrishjóls til þess hluta veltigrindar sem er á vinstri hönd ..... mm

6.4.7. Lágmarksfjarlægð frá hjólhring stýris að veltigrind ..... mm

6.4.8. Breidd dyra

að ofan, ... mm

um miðju ..... mm

að neðan ..... mm

6.4.9. Hæð dyra:

yfir fótabretti ..... mm

yfir efsta stigþrepi ..... mm

yfir neðsta stigþrepi ..... mm

6.4.10. Mesta hæð dráttarvélar með áfastri veltigrind ..... mm

6.4.11. Mesta breidd veltigrindar (að frátöldum hlífum) ..... mm

6.4.12. Lárétt fjarlægð til afturhluta veltigrindar frá viðmiðunarpunkti sætis í 900 mm hæð ..... mm

6.5 Nákvæmar upplýsingar um og gæði efnis sem er notað, staðlar sem farið er eftir .....

Grind ..... (efni og mál)

Festingar ..... (efni og mál)

Klæðning ..... (efni og mál)

Þök ..... (efni og mál)

Bólstrun að innanverðu ..... (efni og mál)

Festingar og boltar ..... (flokkur og mál)

Gerð framrúða og annarra rúða og nákvæmar upplýsingar um merkingar .....

7. Niðurstaða prófunar

7.1. Álagsprófanir

Álagsprófanir voru gerðar vinstra/hægra megin([1]) að aftan og hægra/vinstra megin ([1]) að framan og á hægri/vinstri ([1]) hlið

7.2. Viðmiðunarmassi sem var notaður til að reikna álagsorku og álagskraft var ..... kg

7.3. Kröfum vegna sprungna og rifa og um vörn fyrir auða svæðið var fullnægt.

7.4. Álagsorka

að aftan/framan ([1]) ..... kJ

á hlið ..... kJ

Álagskraftur ..... kN

Önnur álagsprófun eftir endilöngu var gerð hægra/vinstra megin að framan/aftan ([1]) ..... kJ

7.5. Heildarsveigja sem er varanleg mældist eftir prófun:

að aftan: ..... fram á við/ aftur á við ([1])

til vinstri ..... mm

til hægri ..... mm

að framan: ..... fram á við/ aftur á við ([1])

til vinstri ..... mm

til hægri ..... mm

([1]) Strikið yfir það sem ekki á við.

til hliðar

að framan ..... mm

að aftan ..... mm

að ofan niður á við/upp á við([1]):

að framan ..... mm

að aftan ..... mm

8. Númer skýrslu .....

9. Dagsetning skýrslu .....

10. Undirskrift .....

([1]) Strikið yfir það sem ekki á við.

VI. VIÐAUKI

MERKI


EB-gerðarviðurkenningarmerki íhlutar skal vera rétthyrningur utan um lítið „e“ og skal auðkennisnúmer aðildarríkisins sem veitti gerðarviðurkenningu íhlutarins fylgja:

1. fyrir Þýskaland,
2. fyrir Frakkland,
3. fyrir Ítalíu,
4. fyrir Holland,
5. fyrir Svíþjóð,
6. fyrir Belgíu,
7. fyrir Ungverjaland,
8. fyrir Tékkland,
9. fyrir Spán,
11. fyrir Breska Konungsríkið,
12. fyrir Austurríki,
13. fyrir Lúxemborg,
17. fyrir Finnland,
18. fyrir Danmörku,
19. fyrir Rúmeníu,
20. fyrir Pólland,
21. fyrir Portúgal,
23. fyrir Grikkland,
24. fyrir Írland,
26. fyrir Slóveníu,
27. fyrir Slóvakíu,
29. fyrir Eistland,
32. fyrir Lettland,
34. fyrir Búlgaríu,
36. fyrir Litháen,
49. fyrir Kýpur,
50. fyrir Möltu.

Hjá rétthyrningnum skal einnig vera EB-gerðarviðurkenningarnúmer íhlutarins er samsvarar númeri EB-gerðarviðurkenningarvottorðs íhlutarins sem er gefið út með hliðsjón af styrkleika veltigrindar og festinga hennar við dráttarvélina.

Dæmi um EB-gerðarviðurkenningarmerki íhlutar

Á EB-gerðarviðurkenningarmerki íhlutar skal bætt við tákninu „S“



Skýringartexti: Veltigrind, með EB-gerðarviðurkenningarmerki íhlutar sem er sýnt að ofan, er grind sem hlaut EB-gerðarviðurkenningu í Þýskalandi (e 1) samkvæmt númeri 1471.

VII. VIÐAUKI

FYRIRMYND

EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ ÍHLUTAR

Nafn lögbærs yfirvalds

Tilkynning varðandi veitingu, synjun, afturköllun eða rýmkun EB-gerðarviðurkenningar íhlutar með hliðsjón af styrkleika veltigrindar (öryggishúss eða -ramma) og festinga hennar við dráttarvélina

(Kyrrstöðuprófun)

EB-gerðarviðurkenningarnúmer íhlutar: .....

.....rýmkun ([1])

1. Vörumerki eða viðskiptaheiti veltigrindar .....

.....

2. Nafn og heimilisfang framleiðanda veltigrindar .....

.....

3. Ef við á, nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðanda veltigrindar .....

.....

4. Vörumerki eða viðskiptaheiti, gerð eða verslunarheiti á dráttarvél sem veltigrind á að fara á .....

.....

5. Rýmkun EB-gerðarviðurkenningar íhlutar fyrir eftirtaldar gerðir dráttarvéla .....

.....

5.1. Massi dráttarvélar án fargs eins og hann er skilgreindur í lið 1.3. í II. viðauka er 5% eða meira yfir/er ekki meira en 5% yfir([2]) viðmiðunarmassanum sem er notaður fyrir prófun.

5.2. Áfestingaraðferðir og festingarpunktar eru/eru ekki ([2]) af sömu gerð.

5.3. Allir íhlutir sem eru líklegir til að styrkja veltigrindina eru/eru ekki ([2]) af sömu gerð.

5.4. Kröfum fjórða undirliðar í lið 3.4. í I. viðauka hefur/hefur ekki ([2]) verið fullnægt.

6. Lagt fram til EB-gerðarviðurkenningar íhlutar þann .....

7. Prófunarstöð .....

.....

8. Dagsetning og númer skýrslu prófunarstöðvar .....

9. Dagsetning veitingar, synjunar, afturköllunar EB-gerðarviðurkenningar íhlutar ([2]) .....

10. Dagsetning veitingar, synjunar, afturköllunar á rýmkun EB-gerðarviðurkenningar ([2]) .....

.....

11. Staður .....

12. Dagsetning .....

13. Eftirtalin skjöl með númeri gerðarviðurkenningar íhlutar, sem sýnt er að framan, fylgja þessu vottorði (t.d. skýrslu prófunarstöðvar) .....

14. Athugasemdir, ef einhverjar .....

15. Undirskrift .....

([1]) Greinið frá, eftir atvikum, hvort um er að ræða fyrstu, aðra o.s.frv. rýmkun á upprunalegri EB-gerðarviðurkenningu íhlutar

([2]) Strikið yfir það sem ekki á við.

VIII. VIÐAUKI

Skilyrði fyrir EB-gerðarviðurkenningu

1. Framleiðandi dráttarvélar eða viðurkenndur fulltrúi hans skal leggja fram umsókn um EB-gerðarviðurkenningu fyrir dráttarvél með hliðsjón af styrkleika veltigrindar og festinga hennar við dráttarvélina.

2. Tækniþjónustan sem annast gerðarviðurkenningarprófanir skal fá í hendur dráttarvél sem er dæmigerð fyrir þá gerð sem viðurkenna á og skal vera búið að setja viðurkennda veltigrind og festingar hennar á.

3. Tækniþjónustan sem annast gerðarviðurkenningarprófanir skal ganga úr skugga um hvort hin viðurkennda gerð veltigrindar verður fest á þá gerð dráttarvélar sem á að gerðarviðurkenna. Hún skal einkum ganga úr skugga um að festingar veltigrindarinnar samsvari þeim sem voru prófaðar þegar EB-gerðarviðurkenning íhlutarins var veitt.

4. Handhafi EB-gerðarviðurkenningar getur sótt um rýmkun svo hún nái einnig til annarra gerða veltigrinda.

5. Lögbær yfirvöld skulu heimila slíka rýmkun með eftirtöldum skilyrðum:

5.1. hin nýja gerð veltigrindar og festingar hennar við dráttarvél verða að hafa öðlast EB-gerðarviðurkenningu íhlutar,

5.2. hin nýja gerð veltigrindar skal hönnuð þannig að hún passi á þá gerð dráttarvélar sem sótt er um rýmkun EB-gerðarviðurkenningar fyrir,

5.3. festingar veltigrindarinnar við dráttarvélina samsvara þeim festingum sem voru prófaðar þegar EB-gerðarviðurkenning íhlutar var veitt.

6. Vottorð, en fyrirmynd að því er að finna í IX. viðauka, skal fylgja EB-gerðarviðurkenningarvottorði vegna hverrar gerðarviðurkenningar eða rýmkunar gerðarviðurkenningar sem hefur verið veitt eða synjað um.

7. Ef umsókn um EB-gerðarviðurkenningu vegna gerðar dráttarvélar er lögð fram á sama tíma og beiðni um EB-gerðarviðurkenningu íhlutar vegna gerðar veltigrindar sem á að festa á gerð dráttarvélar sem sótt er um EB-gerðarviðurkenningu fyrir á eftirlitið sem mælt er fyrir um í 2. og 3. lið ekki við.

———

IX. VIÐAUKI

FYRIRMYND

Nafn lögbærs yfirvalds

VIÐAUKI VIÐ EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ FYRIR GERÐ DRÁTTARVÉLAR MEÐ HLIÐSJÓN AF STYRKLEIKA VELTIGRINDA (ÖRYGGISHÚSS EÐA -RAMMA) OG FESTINGA ÞEIRRA VIÐ DRÁTTARVÉLINA

(Kyrrstöðuprófun)

(2. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB frá 26. maí 2003 um gerðarviðurkenningu á dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt, eftirvögnum þeirra og útskiptanlegum, dregnum tækjum ásamt kerfum þeirra, íhlutum og aðskildum tæknieiningum og um niðurfellingu á tilskipun 74/150/EBE)

EB-gerðarviðurkenningarnúmer íhlutar: .....

.....rýmkun ([1])

1. Viðskiptaheiti eða vörumerki dráttarvélar .....

.....

2. Gerð dráttarvélar .....

.....

3. Nafn og heimilisfang framleiðanda dráttarvélar .....

.....

4. Ef við á, nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðanda .....

.....

5. Viðskiptaheiti eða vörumerki veltigrindar .....

.....

6. Rýmkun á EB-gerðarviðurkenningu íhlutar fyrir eftirtaldar gerðir veltigrinda .....

7. Dráttarvél lögð fram til EB-gerðarviðurkenningar þann .....

8. Tækniþjónusta sem sér um eftirlit með samræmi EB-gerðarviðurkenninga .....

.....

9. Dagsetning skýrslu sem þjónustan gefur út .....

10. Númer skýrslu sem þjónustan gefur út .....

11. EB-gerðarviðurkenning með hliðsjón af styrkleika veltigrinda og festinga þeirra við dráttarvélina veitt/synjað um hana ([2]) .....

12. Rýmkun EB-gerðarviðurkenningar með hliðsjón af styrkleika veltigrinda og festinga þeirra við dráttarvélina veitt/synjað um hana ([2]) .....

13. Staður .....

14. Dagsetning .....

15. Undirskrift .....

([1]) Greinið frá, eftir atvikum, hvort um er að ræða fyrstu, aðra o.s.frv. rýmkun á upprunalegri EB-gerðarviðurkenningu íhlutar

([2]) Strikið yfir það sem ekki á við.

X. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun ásamt skrá yfir síðari breytingar hennar

(sem um getur í 13. gr.)

Tilskipun ráðsins 79/622/EBE (Stjtíð. EB L 179, 17.7.1979, bls. 1)	
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 82/953/EBE (Stjtíð. EB L 386, 31.12.1982, bls. 31)	
Ákvæði h-liðar í Lið IX.A.15 í I. viðauka við aðildarlögin frá 1985 (Stjtíð. EB L 302, 15.11.1985, bls. 213)	
Tilskipun ráðsins 87/354/EBE (Stjtíð. EB L 192, 11.7.1987, bls. 43)	Einungis að því er varðar tilvísanir í tilskipun 79/662/EBE í 1. gr. og h-lið 9. liðar í viðaukanum
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 88/413/EBE (Stjtíð. EB L 200, 26.7.1988, bls. 32)	
Ákvæði liðar XI.C.II.4 í I. viðauka við aðildarlögin frá 1994 (Stjtíð. ESB C 241, 29.8.1994, bls. 206)	
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/40/EB (Stjtíð. EB L 124, 18.5.1999, bls. 11)	
Ákvæði liðar 1.A.29 í II. viðauka við aðildarlögin frá 2003 (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 61)	
Tilskipun ráðsins 2006/96/EB (Stjtíð. EB L 363, 20.12. 2006, bls. 81)	Einungis að því er varðar tilvísanir í tilskipun 79/622/EBE í 1. gr. og lið A.28 í viðaukanum

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til lögleiðingar í aðildarríkjunum

(sem um getur í 13. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar
79/622/EBE	27. desember 1980
82/953/EBE	30. september 1983 ([1])
87/354/EBE	31. desember 1987
88/413/EBE	30. september 1988 ([2])
1999/40/EB	30. júní 2000 ([3])
2006/96/EB	31. desember 2006

([1]) Í samræmi við 2. gr. tilskipunar 82/953/EBE:

„1. Frá og með 1. október 1983 er aðildarríkjunum:

– óheimilt að neita að veita gerðum dráttarvéla EBE-gerðarviðurkenningu eða neita að gefa út skjal sem um getur í síðasta undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE eða að veita innlenda gerðarviðurkenningu, eða

– banna að dráttarvélar séu teknar í notkun,

ef veltigrind þessarar gerðar dráttarvélar eða dráttarvéla er í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

2. Frá og með 1. október 1984 er aðildarríkjunum:

– óheimilt að gefa út skjal sem um getur í síðasta undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE vegna gerðar dráttarvélar ef veltigrind hennar er ekki í samræmi við ákvæði þeirrar tilskipunar,

– heimilt að neita að veita innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð dráttarvélar ef veltigrind er ekki í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

3. Frá og með 1. október 1985 mega aðildarríkin banna að dráttarvél sé tekin í notkun ef veltigrind hennar er ekki í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

4. Ákvæði 1. til 3. mgr. eru með fyrirvara um ákvæði tilskipunar 77/536/EBE.“

([2]) Í samræmi við 2. gr. tilskipunar 88/413/EBE:

„1. Frá 1. október 1988 er aðildarríkjunum:

– óheimilt að neita að veita EBE-gerðarviðurkenningu fyrir gerðir dráttarvéla eða neita að gefa út skjal sem um getur í síðasta undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE eða að veita innlenda gerðarviðurkenningu, eða

– banna að dráttarvélar séu teknar í notkun,

ef veltigrindur þessarar gerðar dráttarvélar eða dráttarvéla eru í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

2. Frá 1. október 1989 er aðildarríkjunum:

– óheimilt að gefa út skjal sem um getur í síðasta undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE vegna gerðar dráttarvélar ef veltigrindur hennar eru ekki í samræmi við ákvæði þeirrar tilskipunar,

– heimilt að neita að veita innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð dráttarvélar ef veltigrind hennar er ekki í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.“

([3]) Í samræmi við 2. gr. tilskipunar 1999/40/EB:

„1. Frá 1. júlí 2000 er aðildarríkjum óheimilt:

– að synja um EB-gerðarviðurkenningu, útgáfu skjalsins sem kveðið er á um í þriðja undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð dráttarvélar, eða

– að banna að dráttarvélar séu teknar í notkun,

ef dráttarvélarnar, sem um ræðir, eru í samræmi við kröfurnar í tilskipun 79/622/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

2. Frá 1. janúar 2001:

– skulu aðildarríkin ekki lengur gefa út skjalið, sem kveðið er á um í þriðja undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE, fyrir gerð dráttarvélar sem uppfyllir ekki kröfurnar í tilskipun 79/622/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun,

– er aðildarríkjunum heimilt að synja um landsbundna gerðarviðurkenningu fyrir gerð dráttarvélar sem er ekki í samræmi við kröfurnar í tilskipun 79/622/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.“

XI. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 79/622/EBE	Tilskipun 1999/40/EB	Þessi tilskipun
1. og 2. gr.		2. og 3. gr.
1. mgr. 3. gr.		1. mgr. 4. gr.
2. mgr. 3. gr.		Önnur og þriðja málsgrein 4. gr.
4. og 5. gr.		5. og 6. gr.
Fyrsti málsliður 6. gr.		1. mgr. 7. gr.
Annar málsliður 6. gr.		2. mgr. 7. gr.
	2. gr.	8. gr.
8. gr.		9. gr.
Inngangsorð 9. gr.		Inngangsorð 1. gr.
Fyrsti undirliður 9. gr.		a-liður 1. gr.
Annar undirliður 9. gr.		b-liður 1. gr.
Þriðji undirliður 9. gr.		c-liður 1. gr.
Fjórði undirliður 9. gr.		d-liður 1. gr.
10. og 11. gr.		10. og 11. gr.
1. mgr. 12. gr.		—
2. mgr. 12. gr.		12. gr.
—		13. og 14. gr.
13. gr.		15. gr.
I. til IX. viðauki		I. til IX. viðauki
—		X. viðauki
—		XI. viðauki

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2016/EES/27/17**

frá 28. febrúar 2012

um að fastsetja niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB um losun í iðnaði, vegna framleiðslu á járni og stáli

(tilkynnt með númeri C(2012) 903)

(2012/135/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun) ([1]), einkum 5. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 1. mgr. 13. gr. tilskipunar 2010/75/ESB er gerð sú krafa að framkvæmdastjórnin skipuleggi upplýsingaskipti um losun í iðnaði milli sín og aðildarríkjanna, viðkomandi iðnaðar og frjálsra félagasamtaka, sem styðja umhverfisvernd, í því skyni að stuðla að samantekt tilvísunarskjala um bestu, fáanlegu tækni (BAT) eins og skilgreint er í 11. mgr. 3. gr. þeirrar tilskipunar.

2) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. tilskipunar 2010/75/ESB skulu upplýsingaskiptin varða frammistöðu stöðva og tækni að því er varðar losun, gefin upp sem skammtíma- og langtímameðaltöl, eftir því sem við á, og tengdar viðmiðunaraðstæður, notkun og eðli hráefna, vatnsnotkun, orkunotkun og myndun úrgangs og tæknina sem notuð er, tengda vöktun, áhrif þvert umhverfisþætti, efnahagslegan og tæknilegan framkvæmanleika og þróun á þeim vettvangi og einnig bestu, fáanlegu tækni og tækninýjungar sem eru sanngreindar að teknu tilliti til þáttanna sem tilgreindir eru í a- og b-lið 2. mgr. 13. gr. þeirrar tilskipunar.

3) „Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni“, eins og skilgreint er í 12. mgr. 3. gr. tilskipunar 2010/75/ESB, eru lykilþáttur í tilvísunarskjölum um bestu, fáanlegu tækni þar sem settar eru fram niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni, lýsing á henni, upplýsingar til að meta nothæfi hennar, losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni, tengd vöktun, tengd notkunargildi og, eftir því sem við á, viðeigandi ráðstafanir til úrbóta á staðnum.

4) Í samræmi við 3. mgr. 14. gr. tilskipunar 2010/75/ESB eiga niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni að vera viðmiðun fyrir setningu leyfisskilyrða fyrir stöðvar sem falla undir 2. kafla þeirrar tilskipunar.

5) Í 3. mgr. 15. gr. tilskipunar 2010/75/ESB er gerð sú krafa að lögbært yfirvald setji viðmiðunarmörk fyrir losun sem tryggi að við venjuleg rekstrarskilyrði fari losun fari ekki yfir losunargildin sem tengjast bestu, fáanlegu tækni, eins og mælt er fyrir um í ákvörðununum um niðurstöður um bestu fáanlegu tækni sem um getur í 5. mgr. 13. gr. þeirrar tilskipunar.

6) Í 4. mgr. 15. gr. tilskipunar 2010/75/ESB er kveðið á um undanþágur frá kröfunum, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 15. gr., einungis ef kostnaður sem tengist því að ná losunargildunum er óeðlilega mikill í samanburði við umhverfislegan ávinning vegna landfræðilegrar staðsetningar, staðbundinna umhverfisaðstæðna eða tæknilegra eiginleika viðkomandi stöðvar.

7) Í 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 2010/75/ESB er kveðið á um að vöktunarkröfurnar í leyfinu, sem um getur í c-lið 1. mgr. 14. gr., eigi að byggjast á niðurstöðum vöktunar eins og lýst er í niðurstöðum um bestu, fáanlega tækni.

8) Innan fjögurra ára frá birtingu ákvarðana um niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni skal lögbært yfirvald, í samræmi við 3. mgr. 21. gr. tilskipunar 2010/75/ESB, endurmeta og, ef nauðsyn krefur, uppfæra öll skilyrði fyrir leyfum og tryggja að stöðin uppfylli þessi leyfisskilyrði.

9) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 16. maí 2011 um að koma á fót samstarfsvettvangi til upplýsingaskipta skv. 13. gr. tilskipunar 2010/75/ESB um losun í iðnaði ([2]) var komið á fót samstarfsvettvangi sem samanstendur af fulltrúum aðildarríkjanna, viðkomandi iðnaðar og frjálsra félagasamtaka sem styðja umhverfisvernd.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 70, 8.3.2012, bls. 63. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 229/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17.

([2]) Stjtíð. ESB C 146, 17.5.2011, bls. 3.

10) Hinn 13. september 2011 fékk framkvæmdastjórnin álit ([3]) samstarfsvettvangsins, í samræmi við 4. mgr. 13. gr. tilskipunar 2010/75/ESB, á fyrirhuguðu efni tilvísunarskjalanna um bestu, fáanlegu tækni vegna framleiðslu á járni og stáli og gerði það aðgengilegt öllum.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 75. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni (BAT) vegna framleiðslu á járni og stáli eru settar fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. febrúar 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

([3]) http://circa.europa.eu/Public/irc/env/ied/library?l=/ied_art_13_forum/opinions_article

VIÐAUKI

NIÐURSTÖÐUR UM BESTU, FÁANLEGU TÆKNI VEGNA FRAMLEIÐSLU Á JÁRNI OG STÁLI

GILDISSVIÐ

ALMENN ATRIÐI

SKILGREININGAR

1.1. Almennar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni

1.1.1. Umhverfisstjórnunarkerfi

1.1.2. Orkustjórnun

1.1.3. Stjórnun efnis

1.1.4. Stjórnun leifa frá vinnslu, s.s. aukaafurða og úrgangs

1.1.5. Dreifð ryklosun frá geymslu efna, meðhöndlun og flutningi hráefna og (millistigs)vara

1.1.6. Vatnsstjórnun og meðhöndlun skólps

1.1.7. Vöktun

1.1.8. Lokun

1.1.9. Hávaði

1.2. Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir glæðingarverksmiðjur

1.3. Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir kögglunarstöðvar

1.4. Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir koksofnaver

1.5. Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir háofna

1.6. Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir stálframleiðslu og -steypu með súrefnisblæstri

1.7. Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir stálframleiðslu og -steypu í rafknúnum ljósbogaofni

GILDISSVIÐ

Þessar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni varða eftirfarandi starfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2010/75/ESB, nánar tiltekið:

– starfsemi 1.3: koksframleiðsla

– starfsemi 2.1: brennsla og glæðing málmgrýtis (þ.m.t. brennisteinsgrýtis)

– starfsemi 2.2: framleiðsla á hrájárni eða stáli (fyrsta eða önnur bræðsla), þ.m.t. samfelld málmsteypa, þar sem afkastagetan er meiri en 2,5 tonn á klukkustund.

Niðurstöðurnar um bestu, fáanlegu tækni taka einkum til eftirfarandi ferla:

– lestun, losun og meðhöndlun hráefnis í lausu

– blöndun og samsetning hráefna

– glæðing og kögglun járngrýtis

– framleiðsla á koksi úr kokskolum

– framleiðsla á heitum málmi í háofni, þ.m.t. gjallvinnsla

– framleiðsla og hreinsun á stáli með súrefnisferli, þ.m.t. brennisteinshreinsun í deiglu á fyrri stigum, málmvinnsla í deiglu á síðari stigum og gjallvinnsla

– framleiðsla á stáli í rafknúnum ljósbogaofnum, þ.m.t. málmvinnsla í deiglu á síðari stigum og gjallvinnsla

– samfelld málmsteypa (steypt þunn plata/þunn ræma og heil plata (næstum í lokaformi))

Þessar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fjalla ekki um eftirfarandi starfsemi:

– framleiðslu á kalki í ofnum, sem fellur undir tilvísunarskjal um bestu fáanlegu tækni (BREF) í framleiðsluiðnaði með sement, kalk og magnesíumoxíð (CLM)

– meðhöndlun á ryki til að endurheimta járnlausa málma (t.d. ryk úr rafknúnum ljósbogaofnum) og framleiðslu á járnblendi, sem fellur undir tilvísunarskjal um bestu fáanlegu tækni (BREF) í iðnaði með járnlausan málm (NFM)

– brennisteinssýruver í koksofnum sem falla undir tilvísunarskjal um bestu, fáanlegu tækni í iðnaði með mikið magn af ólífrænum íðefnum - ammoníak, sýrur og áburð (LVIC-AAF BREF).

Önnur tilvísunarskjöl, sem varða starfsemi sem fellur undir þessar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni, eru eftirfarandi:

Tilvísunarskjöl	Starfsemi
Tilvísunarskjal um bestu fáanlegu tækni sem varðar stór brennsluver (LCP)	Brennsluver með nafnvarmaafl sem er 50 MW eða meira
Tilvísunarskjal um bestu fáanlegu tækni í vinnsluiðnaði með járnríkan málm	Úrvinnsla s.s. völsun, sýruböðun, yfirborðsmeðferð, o.s.frv.
	Samfelld málmsteypa á þunnum plötum/þunnum ræmum og heilum plötum (næstum í lokaformi)

Tilvísunarskjöl	Starfsemi
Tilvísunarskjal um bestu fáanlegu tækni sem varðar losun frá geymslu (EFS)	Geymsla og meðhöndlun
Tilvísunarskjal um bestu fáanlegu tækni sem varðar kælikerfi í iðnaði (ICS)	Kælikerfi
Almennar meginreglur varðandi vöktun (MON)	Vöktun á losun og notkun
Tilvísunarskjal um bestu fáanlegu tækni sem varðar orkunýtni (ENE)	Almenn orkunýtni
Efnahagslegir þættir og þverlæg umhverfisáhrif (e. *Economic and Cross-Media Effects* (ECM))	Efnahagslegir þættir og áhrif sem ganga þvert á umhverfisþættina

Tæknin, sem er talin upp og lýst í þessum niðurstöðum um bestu, fáanlegu tækni, er hvorki forskrift né tæmandi. Nota má aðra tækni sem tryggir a.m.k. samsvarandi umhverfisverndarstig.

ALMENN ATRIÐI

Árangur í umhverfismálum sem tengist bestu, fáanlegu tækni er gefinn upp sem svið fremur en stök gildi. Svið getur endurspeglað mismun innan tiltekinna tegunda stöðva (t.d. mismun á hreinleika og gæðum lokaafurðarinnar, mismun á hönnun, byggingu, stærð og afkastagetu stöðvarinnar) sem leiðir til breytileika í þeim árangri í umhverfismálum sem næst með því að nota bestu, fáanlegu tækni.

FRAMSETNING LOSUNARGILDA SEM TENGJAST BESTU, FÁANLEGU TÆKNI (BAT-AELs)

Í þessum niðurstöðum um bestu, fáanlegu tækni eru losunargildi, sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun í andrúmsloft, gefin upp sem:

– massi losaðra efna í rúmmáli úrgangslofts við stöðluð skilyrði (273,15 K, 101,3 kPa), eftir að vatnsgufuinnihald hefur verið dregið frá, gefinn upp í einingunum g/Nm^3, mg/Nm^3, µg/Nm^3 eða ng/Nm^3 eða

– massi losaðra efna í massaeiningu vara sem myndast eða eru unnar (notkunar- eða losunarstuðlar), gefinn upp í einingunum kg/t, g/t, mg/t eða µg/t.

og losunargildi, sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun í vatn, eru gefin upp sem:

– massi losaðra efna í rúmmáli skólps, gefinn upp í einingunum g/l, mg/l eða µg/l.

SKILGREININGAR

Í þessum niðurstöðum um bestu, fáanlegu tækni er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

– „ný stöð“: stöð sem er tekin í gagnið á stöðvarsvæðinu eftir birtingu þessara niðurstaðna um bestu, fáanlegu tækni eða stöð sem kemur að öllu leyti í stað stöðvar sem fyrir er eftir birtingu þessara niðurstaðna um bestu, fáanlegu tækni

– „stöð sem fyrir er“: stöð sem er ekki ný stöð,

– „köfnunarefnisoxíð (NO_X)“: summa köfnunarefnisoxíðs (NO) og köfnunarefnistvíoxíðs (NO_2), gefin upp sem köfnunarefnistvíoxíð NO_2

– „brennisteinsoxíð (SO_X)“: summa brennisteinstvíoxíðs (SO_2) og brennisteinsþríoxíðs (SO_3), gefin upp sem brennisteinstvíoxíð SO_2

— „HCl“: öll loftkennd klóríð, gefin upp sem HCl

— „HF“: öll loftkennd flúoríð, gefin upp sem HF

1.1. *Almennar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni*

Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni, sem koma fram í þessum lið, eiga almennt við nema annað sé tekið fram.

Vinnslusértæka besta, fáanlega tæknin, sem er tilgreind í liðum 1.2–1.7, gildir til viðbótar við almennu bestu, fáanlegu tæknina sem getið er í þessum lið.

1.1.1. Umhverfisstjórnunarkerfi

1. Besta, fáanlega tækni er að koma til framkvæmda og fylgja umhverfisstjórnunarkerfi (EMS) sem felur í sér alla eftirfarandi þætti:

I. skuldbindingar stjórnenda, þ.m.t. yfirstjórnar,

II. skilgreiningu á umhverfisstefnu sem tekur til stöðugra endurbóta á stöðinni af hálfu stjórnenda,

III. áætlanagerð og að koma á nauðsynlegum málsmeðferðarreglum, almennum og sértækum markmiðum í tengslum við fjárhagsáætlun og fjárfestingu,

IV. framkvæmd málsmeðferðarreglna þar sem sérstök áhersla er lögð á:

  i. skipulag og ábyrgð

  ii. þjálfun, næmi og hæfni

  iii. samskipti

  iv. aðild starfsmanna

  v. skjalahald

  vi. skilvirka vinnslustjórnun

  vii. viðhaldsáætlanir

  viii. viðbúnað og viðbrögð við neyðarástandi

  ix. að tryggt sé að farið sé að ákvæðum umhverfislöggjafarinnar,

V. mat á frammistöðu og að gripið sé til aðgerða til úrbóta þar sem sérstök áhersla er lögð á:

  i. vöktun og mælingar (sjá einnig tilvísunarskjal um almennar meginreglur um vöktun)

  ii. aðgerðir til úrbóta og forvarnarstarf

  iii. viðhald skráa

  iv. óháða (ef það er gerlegt) innri og ytri endurskoðun til að ákvarða hvort umhverfisstjórnunarkerfið samræmist skipulagðri tilhögun eða ekki og hafi verið hrint í framkvæmd og viðhaldið á tilhlýðilegan hátt,

VI. endurskoðun yfirstjórnar á umhverfisstjórnunarkerfinu og áframhaldandi hentugleika þess, nægjanleika og skilvirkni,

VII. að fylgjast með þróun hreinni tækni,

VIII. að taka tillit til umhverfisáhrifa af völdum lokunar stöðvarinnar, sem síðar verður, á því stigi þegar ný stöð er hönnuð og meðan hún er í rekstri,

IX. reglubundna notkun samanburðarviðmiðana eftir geirum.

Nothæfi

Gildissvið (t.d. sundurliðunarstig) og eðli umhverfisstjórnunarkerfisins (t.d. staðlað eða ekki staðlað) mun almennt tengjast eðli og umfangi stöðvarinnar og því hversu flókin hún er og þeim umhverfisáhrifum sem hún kann að hafa.

1.1.2. Orkustjórnun

2. Besta, fáanlega tækni er að draga úr notkun varmaorku með því að nota sambland af eftirfarandi tækni:

I. bætt og hámörkuð kerfi til að ná fram snurðulausri og stöðugri vinnslu, sem eru rekin í samræmi við stillipunkta vinnslubreytanna með því að nota

i. hámörkun vinnslustjórnunar, þ.m.t. tölvustýrð, sjálfvirk eftirlitskerfi

ii. nútímaleg þyngdarmælingakerfi til mötunar á eldsneyti í föstu formi

iii. forhitun, að því marki sem framast er unnt miðað við núverandi vinnslusamsetningu.

II. heimting umframhita úr ferlum, einkum af kælingarsvæðum þeirra

III. hámörkuð gufu- og hitastjórnun

IV. beiting vinnslusamþættrar endurnotkunar á skynjanlegum hita eftir því sem framast er unnt.

Í tengslum við orkustjórnun, sjá tilvísunarskjal um bestu fáanlegu tækni sem varðar orkunýtni (BREF (ENE)).

Lýsing á bestu, fáanlegu tækni I.i

Eftirfarandi þættir eru mikilvægir vegna samþættra stálverksmiðja til að bæta heildarorkunýtni:

– hámörkun orkunotkunar

– vöktun á Netinu vegna mikilvægasta orkuflæðisins og brennsluferlisins á staðnum, þ.m.t. vöktun á öllum afgaslogum til að koma í veg fyrir orkutap, auðvelda tafarlaust viðhald og ná fram órofnu framleiðsluferli

– skýrslugjafar- og greiningatæki til að kanna meðaltal orkunotkunar í hverju ferli

– skilgreining á sértækum orkunotkunargildum fyrir viðkomandi ferli og samanburður á þeim til lengri tíma

– að annast orkuúttektir, eins og skilgreint er í tilvísunarskjali um bestu fáanlegu tækni sem varðar orkunýtni, þ.e. að greina kostnaðarhagkvæm tækifæri til orkusparnaðar.

Lýsing á bestu, fáanlegu tækni II–IV

Vinnslusamþætt tækni, notuð til að bæta orkunýtni í stálframleiðslu með því að bæta varmaendurheimt, tekur til eftirfarandi:

– samþættrar varma- og raforkuframleiðslu með endurheimt frávarma með varmaskiptum og dreifingu, annaðhvort til annarra hluta stálverksmiðja eða til fjarhitunardreifikerfis

– uppsetningar á gufukötlum eða fullnægjandi kerfum í stórum ofnum fyrir upphitun (ofnar geta náð yfir hluta af gufuþörfinni)

– forhitunar á brunalofti í ofnum og öðrum brennslukerfum til að spara eldsneyti, að teknu tilliti til skaðlegra áhrifa, t.d. aukningar á köfnunarefnisoxíði í útblæstrinum

– einangrunar á gufurörum og heitavatnsrörum

– endurheimt varma frá framleiðsluvörum, t.d. glæðingu

– notkunar á varmadælum og sólarrafhlöðum þegar kæla þarf stál

– notkunar á útblásturskötlum í ofnum með hátt hitastig

– uppgufunar súrefnis og kælingar á þjöppu til orkuskipta með hefðbundnum varmaskiptum

– notkunar á afblásturshverflum til að breyta hreyfiorku gass sem myndast í háofninum í raforku.

Nothæfi bestu, fáanlegu tækni II–IV

Hægt er að nota samþætta varma- og raforkuvinnslu í öllum járn- og stálverum nálægt þéttbýlissvæðum með viðeigandi eftirspurn eftir hita. Sértæk orkunotkun ræðst af umfangi vinnslunnar, vörugæðum og tegund stöðvar (t.d. lofttæmimeðhöndlað magn í súrefnisofni (BOF), glæðingarhitastig, þykkt vara o.s.frv.).

3. Besta, fáanlega tækni er að draga úr frumorkunotkun með kjörnýtingu á orkuflæði og með því að hámarka notkun á afsognu vinnslugasi, s.s. koksofnagasi, háofnagasi og súrefnisofnagasi.

Lýsing

Vinnslusamþætt tækni til að bæta orkunýtni í samþættum stálverksmiðjum með því að hámarka nýtingu á vinnslugasi tekur til eftirfarandi:

– notkunar á gashylkjum fyrir allt gas sem er aukaafurð eða öðrum fullnægjandi kerfum fyrir skammtímageymslu og geymslu undir þrýstingi (e. *pressure holding facility*)

– aukningar á þrýstingi í gasdreifikerfinu ef um orkutap er að ræða í afgaslogunum, í því skyni að nýta meira vinnslugas sem leiðir af sér aukna nýtingu

– gasauðgunar með vinnslugasi og mismunandi varmagildi fyrir mismunandi neytendur

– hitunar á brunaofnum með vinnslugasi

– notkunar á tölvustýrðu kerfi til að stjórna varmagildi

– skráningar og notkunar á hitastigi koks- og útblástursgass

– fullnægjandi málsetningar á afkastagetu orkuendurnýtingarstöðva fyrir vinnslugas, einkum að því er varðar breytileika vinnslugastegunda.

Nothæfi

Sértæk orkunotkun ræðst af umfangi vinnslunnar, vörugæðum og tegund stöðvar (t.d. lofttæmimeðhöndlað magn í súrefnisofni (BOF), glæðingarhitastig, þykkt vara o.s.frv.).

4. Besta, fáanlega tækni er að nota brennisteins- og rykhreinsað umframgas úr koksofnum og rykhreinsað gas úr háofnum og súrefnisofnum (blandað eða aðskilið) í kötlum eða í samþættum varma- og raforkuverum til að framleiða gufu, rafmagn og/eða varma með því að nota umframfrávarma fyrir innri eða ytri hitunardreifikerfi ef um er að ræða eftirspurn frá þriðja aðila.

Nothæfi

Samstarf og samningur við þriðja aðila er e.t.v. ekki undir yfirráðum rekstraraðilans og fellur því e.t.v. ekki undir gildissvið leyfisins.

5. Besta, fáanlega tækni er að lágmarka raforkunotkun með því að nota eftirfarandi tækni, aðra eða báðar:

I. orkustjórnunarkerfi

II. mölunar-, dælu-, loftræsti- og flutningsbúnað og annan rafmagnstengdan búnað með mikla orkunýtni.

Nothæfi

Ekki er hægt að nota tíðnistýrðar (e. *frequency controlled*) dælur ef áreiðanleiki dælanna er afar mikilvægur vegna öryggis vinnslunnar.

1.1.3. Stjórnun efnis

6. Besta, fáanlega tækni er að hámarka stjórnun og eftirlit með innra flæði efna í því skyni að koma í veg fyrir mengun, koma í veg fyrir eyðileggingu, tryggja fullnægjandi ílagsgæði, gera endurnotkun og endurvinnslu mögulega og til að bæta vinnslugetu og kjörnýtingu málmframleiðni.

Lýsing

Viðeigandi geymsla og meðhöndlun ílagsefna og framleiðsluleifa getur stuðlað að því að lágmarka ryklosun í lofti frá lagersvæðum og færiböndum, þ.m.t. umhleðslustaðir, og koma í veg fyrir mengun í jarðvegi, grunnvatni og afrennslisvatni (sjá einnig besta, fáanlega tækni 11 (BAT 11)).

Fullnægjandi stjórnun á samþættum stálverksmiðjum og leifum, þ.m.t. úrgangi, frá öðrum stöðvum og geirum gerir það kleift að hámarka innri og/eða ytri notkun hráefna (sjá einnig bestu, fáanlegu tækni 8, 9 og 10).

Efnisstjórnun nær til stýrðrar förgunar á smærri hlutum, sem engin fjárhagsleg not eru af, af heildarmagni leifa frá samþættum stálverksmiðjum.

7. Besta, fáanlega tækni til að ná fram lágum losunargildum fyrir viðkomandi mengunarefni er að velja viðeigandi gæði fyrir brotajárn og önnur hráefni. Að því er varðar brotajárn er besta, fáanlega tækni að láta fara fram viðeigandi skoðun m.t.t. sýnilegra aðskotaefna sem gætu innihaldið þungmálma, einkum kvikasilfur, eða gætu leitt til myndunar á fjölklóruðum díbensódíoxínum/fúrönum (PCDD/F) og fjölklóruðum bífenýlum (PCB).

Hægt er að nota eftirfarandi tækni, eina og sér eða í samsetningum, til að bæta notkun á brotajárni:

– forskrift fyrir samþykktarviðmiðunum, sem henta framleiðslusniðinu, í innkaupapöntunum á brotajárni

– góða þekkingu á samsetningu brotajárns með því að fylgjast náið með uppruna brotajárnsins; í undantekningartilvikum gæti bræðsluprófun verið hjálpleg til að sýna eiginleika m.t.t. samsetningar brotajárnsins

– fullnægjandi aðstöðu til að taka á móti sendingum og skoða þær

– verklagsreglur til að útiloka brotajárn sem er ekki hentugt til notkunar í stöðinni

– geymslu á brotajárni samkvæmt mismunandi viðmiðunum (t.d. stærð, málmblöndur, hreinleikastig); geymslu á brotajárni, sem getur hugsanlega losað aðskotaefni út í jarðveg, á ógegndræpu yfirborði með framræslu- og söfnunarkerfi; notkun á þaki sem getur dregið úr þörfinni fyrir slíkt kerfi

– setja saman brotajárnsfarm fyrir mismunandi bræðslur með tilliti til þekkingar á samsetningu í því skyni að nota hentugasta brotajárnið til framleiðslu á stálflokknum (þetta er mjög mikilvægt í sumum tilvikum til að forðast að fyrir hendi séu óæskilegir þættir og í öðrum tilvikum til að nýta sér málmblönduþætti sem eru fyrir hendi í brotajárninu og þörf er á fyrir framleiðslu á stálflokknum)

– tafarlaus skil á öllu brotajárni, sem myndast innan stöðvar, til brotajárnsmóttöku til endurvinnslu

– fyrirliggjandi starfrækslu- og stjórnunaráætlun

– flokkun brotajárns til að lágmarka áhættu á að taka með hættuleg eða járnlaus aðskotaefni, einkum fjölklóruð bífenýl (PCB) og olíu eða feiti. Alla jafna annast brotajárnsbirgirinn þetta en af öryggisástæðum skoðar rekstraraðilinn alla brotajárnsfarma í lokuðum umbúðum. Af þeim sökum er hugsanlegt að athuga um aðskotaefni um leið, eftir því sem unnt er. Mats á litlu magni af plasti (þ.e. sem plasthúðaðra íhluta) kann að vera krafist

– eftirlit með geislavirkni samkvæmt ráðleggingum sérfræðingahóps efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu

– hægt er að bæta framkvæmd skyldubundinnar fjarlægingar brotajárnsvinnsluaðila á íhlutum, sem innihalda kvikasilfur, úr úr sér gengnum ökutækjum og raf- og rafeindabúnaðarúrgangi með því að:

  – gera kröfu um það í samningi um brotajárnskaup að kvikasilfur sé ekki fyrir hendi

  – hafna brotajárni sem inniheldur sýnilega rafeindaíhluti og samsetningar.

Nothæfi

Val og flokkun á brotajárni er e.t.v. ekki að öllu leyti undir yfirráðum rekstraraðila.

1.1.4. Stjórnun leifa frá vinnslu, s.s. aukaafurða og úrgangs

8. Besta, fáanlega tækni fyrir fastar leifar er að nota samþætta tækni og rekstrartækni til að lágmarka úrgang með notkun innan stöðvar eða með því að nota sérstaka endurvinnsluferla (innan eða utan stöðvar).

Lýsing

Tækni til endurvinnslu á járnríkum leifum nær yfir sérstaka endurvinnslutækni s.s. OxyCup®-stokkaofn, DK-ferli, ferli til að draga úr bræðslu eða kaldbundna (e. *cold bonded*) kögglun sem og tækni fyrir framleiðsluleifarnar sem er tilgreind í liðum 9.2–9.7.

Nothæfi

Þar eð þriðji aðili getur annast ferlin sem eru tilgreind er endurvinnslan sjálf e.t.v. ekki undir yfirráðum rekstraraðila járn- og stálversins og fellur því e.t.v. ekki undir gildissvið leyfisins.

9. Besta, fáanlega tækni er að hámarka ytri notkun eða endurvinnslu á föstum leifum, sem ekki er hægt að nota eða endurvinna samkvæmt bestu, fáanlegu tækni 8, þegar slíkt er mögulegt og í samræmi við reglur um úrgang. Besta, fáanlega tækni er að stjórna leifum, sem hvorki er hægt að komast hjá né endurvinna, undir eftirliti.

10. Besta, fáanlega tækni er að nota bestu starfrækslu- og viðhaldsvenjur við söfnun, meðhöndlun, geymslu og flutning á öllum föstum leifum og við setningu hlífa á umhleðslustöðum til að komast hjá losun í loft og vatn.

1.1.5. Dreifð ryklosun frá geymslu efna, meðhöndlun og flutningi hráefna og (millistigs)vara

11. Besta, fáanlega tækni er að koma í veg fyrir eða draga úr dreifðri ryklosun frá geymslu efna, meðhöndlun og flutningi með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

Ef hreinsunartækni er notuð er besta, fáanlega tækni að hámarka hremmingargetu og síðan hreinsun með viðeigandi tækni, s.s. þeirri sem er tilgreind hér á eftir. Söfnun ryklosunar næst upptökunum hefur forgang.

I. Almenn tækni tekur til eftirfarandi:

  – komið er á aðgerðaáætlun um dreifingu ryks innan ramma umhverfisstjórnunarkerfis stálverksmiðjunnar,

  – tímabundin stöðvun á tiltekinni starfsemi er tekin til athugunar ef í ljós kemur að hún er uppspretta PM_{10} sem veldur háu gildi í umhverfinu; í þessu skyni verður nauðsynlegt að vera með fullnægjandi PM_{10}-vaktara, með tengdri vöktun á vindátt og -styrk, til að unnt sé að þríhyrningamæla og sanngreina lykiluppsprettur fyrir fingert ryk.

II. Tækni til að koma í veg fyrir losun á ryki, meðan á meðhöndlun og flutningi hráefnis í lausu stendur, tekur til eftirfarandi:

  – að snúa miklum efnisbingjum þannig að þeir snúi upp í ríkjandi vindátt

  – að setja upp vindfyrirstöðu (e. *wind barrier*) eða nota ósnortið landsvæði til að veita skjól

  – að stjórna rakainnihaldi efnis sem er afhent

  – að gefa sérstakan gaum að verklagsreglum til að komast hjá ónauðsynlegri meðhöndlun á efni og mikilli, óafmarkaðri fallhæð

  – fullnægjandi afmörkunar á færiböndum og í trogum o.s.frv.

– notkunar á vatnsúða með aukefnum, s.s. latexi, til að minnka ryk, eftir því sem við á

– strangra viðhaldskrafna varðandi búnað

– að gera strangar kröfur í daglegum rekstri, einkum varðandi þrif og vætingu vega

– notkunar á færanlegum og kyrrstæðum ryksugubúnaði

– að minnka ryk eða sjúga það burtu og notkun á hreinsibúnaði með pokasíu (e. *bag filter cleaning plant*) til að minnka upptök verulegrar rykmyndunar

– notkunar á sópbílum með minni losun til að annast venjubundna hreinsun á vegum með hörðu yfirborði.

III. Tækni til efnisafhendingar, geymslu- og endurnýtingarstarfsemi tekur til eftirfarandi:

– að loka losunartrog alveg af inni í byggingu, sem er búin loftsogi með síu fyrir rykmyndandi efni, eða trogin skulu búin rykhlífum og losunargrindur (e. *unloading grid*) tengdar við rykafsogs- og hreinsunarkerfi

– að takmarka fallhæð í að hámarki 0,5 m, ef mögulegt er

– notkunar á vatnsúða (helst með endurnýttu vatni) til að minnka ryk

– að tengja geymslutunnur við síueiningar til að hafa stjórn á ryki, ef nauðsyn krefur

– notkunar á alveg lokuðum búnaði til endurheimtar úr tunnum

– brotajárn er geymt undir skýli og á hörðum yfirborðsflötum til að draga úr áhættu á jarðvegsmengun, ef nauðsyn krefur, (notuð er tímastillt afhendingarþjónusta til að minnka svæðið og þar með losun)

– lágmörkunar á að hreyft sé við efnisbingjum

– takmörkunar á hæð og stjórnunar á almennri lögun efnisbingja

– notkunar á geymslu innanhúss eða geymslu í kerjum fremur en að hafa efnisbingi utanhúss, ef umfang geymslunnar er hæfilegt

– notkunar á ósnortnu landsvæði, jarðvegsgörðum eða gróðursetningu á hávöxnu grasi og sígrænum trjám á opnum svæðum til að mynda skjólveggi til að fanga og taka í sig ryk án langtímaskaða

– vatnssprautusáningar (e. *hydro-seeding*) á sorphaugum og gjallhaugum

– svæðið er gert að grænu svæði með því að þekja ónotuð svæði með yfirborðsjarðvegi og gróðursetja gras, runna og annan gróður sem þekur jörðina

– að væta yfirborðið með endingargóðum, rykbindandi efnum

– að þekja yfirborðið með yfirbreiðslum eða klæða efnisbingi (t.d. með latexi)

– notkunar á geymslu með stoðveggjum til að minnka óvarið yfirborð

– ef nauðsyn krefur er unnt gera ráðstafanir til að malbika ógegndræp yfirborð og setja fráveitubúnað.

IV. Ef eldsneyti og hráefni er afhent sjóleiðis og ryklosun getur verið veruleg tekur sum tækni til eftirfarandi:

– notkunar rekstraraðila a sjálflosandi skipum eða lokuðum losunartækjum með samfelldri losun (e. *enclosed continuous unloader*). Að öðrum kosti skal lágmarka ryk sem myndast vegna losunartækja af gripskóflugerð (e. *grab-type ship unloader*) með samblandi af því að tryggja að efni sem er afhent innihaldi nægilega mikinn raka, með því að lágmarka fallhæð og með því að nota vatnsúða eða fingert vatnsmistur við opið á affermingartrogi skipsins

– að forðast sjó við úðun á málmum eða bræðsluefnum þar eð slíkt leiðir til þess að rafstöðuskiljur (e. *electrostatic precipitator*) glæðingarverksmiðjunnar mengast af natríumklóríði. Klór sem er bætt við hráefnin getur einnig leitt til aukinnar losunar (t.d. fjölklóruð díbensódíoxín/fúrön) og hindrað hringrás síuryks

– geymslu á kolefni, kalki og kalsíumkarbíði í duftformi í lokuðum sílóum og flutnings þeirra með lofti eða geymslu og flutnings í lokuðum pokum.

V. Tækni til að losa lest eða vörubifreið tekur til eftirfarandi:

– ef nauðsyn krefur vegna rykmyndunar: notkunar á sérnota losunarbúnaði sem er hannaður þannig að hann er alveg lokaður.

VI. Að því er varðar mjög rekviðkvæm efni, sem geta haft í för með sér verulega ryklosun, tekur sum tækni til eftirfarandi:

– notkunar á umhleðslustöðum, titrandi skilrúmum, mölunarvélum, trogum o.þ.h., sem hægt er að loka alveg og tengja við búnað með pokasíu

– notkunar á miðlægum eða staðbundnum ryksugukerfum fremur en þvotti til að fjarlægja leka þar eð áhrifin takmarkast við einn miðil og endurvinnsla á efni sem lekur niður er einföld.

VII. Tækni til að meðhöndla og vinna gjall tekur til eftirfarandi:

– að halda haugum af kornuðu gjalli röku vegna gjallmeðhöndlunar og -vinnslu þar eð þurrkað gjall úr háofnum og stálgjall getur framkallað ryk

– notkunar á aflokuðum gjallmulningsbúnaði búnum skilvirku sogi og pokasíum til að draga úr ryklosun.

VIII. Tækni til að meðhöndla brotajárn tekur til eftirfarandi:

– að geyma brotajárn undir skýli og/eða á steyptum gólfum til að lágmarka ryk vegna ökutækja á ferð.

IX. Tækni til að taka til athugunar við flutning á efni tekur til eftirfarandi:

– að hafa fáar aðgangsleiðir frá aðalvegum

– notkunar á búnaði til að þrífa hjólin til að koma í veg fyrir að leðja og ryk berist yfir á opinbera vegi

– að nota hart yfirborð á flutningavegi (malbik eða asfalt) til að lágmarka myndun rykskýja við flutning á efnum og þrif á vegum

– að einskorða ökutæki við sérleiðir með girðingum, skurðum eða görðum úr endurunnu gjalli

– að væta rykuga vegi með vatnsúða, t.d. þar sem gjall er meðhöndlað

– að tryggja að ökutæki til vöruflutninga séu ekki yfirfull til að koma í veg fyrir hvers kyns leka

– að tryggja að ökutæki til vöruflutninga séu með yfirbreiðslu til að hylja efnið sem flutt er

– að lágmarka fjölda flutninga

– notkunar á lokuðum eða aflokuðum færiböndum

– notkunar á rörlaga færiböndum, þar sem mögulegt er, til að lágmarka efnistap þegar stefna efnis breytist sem yfirleitt á sér stað við flutning efnisins milli færibanda

– góðra starfsvenja við flutning á bráðnu málmefni og meðhöndlun á deiglu

– rykhreinsunar á umhleðslustöðum færibanda.

1.1.6. Vatnsstjórnun og meðhöndlun skólps

12. Besta, fáanlega tækni fyrir meðhöndlun skólps er að koma í veg fyrir, safna saman og aðskilja skólptegundir, hámarka innri endurvinnslu og nota fullnægjandi meðhöndlun fyrir hvert lokaflæði. Þetta tekur til tækni þar sem m.a. eru notaðar olíuskiljur, síun eða botnfelling. Í þessu samhengi er hægt að nota eftirfarandi tækni ef tilgreindar forsendur eru fyrir hendi:

– að forðast notkun á drykkjarhæfu vatni fyrir framleiðslulínur

– að auka fjölda og/eða afkastagetu vatnshringrásarkerfa þegar nýjar stöðvar eru byggðar eða þegar stöðvar sem fyrir eru eru nútímavæddar/endurbyggðar

– að miðstýra dreifingu ferskvatns sem kemur inn

– að láta vatnið falla í fossa þar til stakar breytur ná löglegum eða tæknilegum mörkum

– að nota vatnið í öðrum stöðvum ef einungis stakar breytur í vatninu verða fyrir áhrifum og frekari notkun er möguleg

– að halda meðhöndluðu og ómeðhöndluðu skólpi aðskildu; með þessari ráðstöfun er mögulegt að farga skólpi á mismunandi hátt með hóflegum kostnaði

– að nota regnvatn þegar unnt er.

Nothæfi

Vatnsstjórnun í samþættum stálverksmiðjum mun aðallega takmarkast af tiltækileika og gæðum ferskvatns og staðbundnum lagakröfum. Í stöðvum sem fyrir eru getur núverandi tilhögun vatnshringrása takmarkað notkunarsviðið.

1.1.7. Vöktun

13. Besta, fáanlega tækni er að mæla eða meta allar viðeigandi breytur, sem eru nauðsynlegar til að stjórna ferlunum frá stjórnherbergjum með nútímalegum tölvustýrðum kerfum til að tryggja samfellda aðlögun og til að hámarka ferlin rafrænt, til að tryggja stöðuga og snurðulausa vinnslu og auka þannig orkunýtni og hámarka afrakstur og bæta viðhaldsvenjur.

14. Besta, fáanlega tækni er að mæla losun mengunarefna úr reykháfum frá helstu upptökum losunar úr öllum ferlum, sem eru tilgreind í liðum 1.2–1.7, þegar losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni eru tilgreind og í vinnslugaskyntum orkuverum í járn- og stálverksmiðjum.

Besta, fáanlega tækni er að nota samfelldar mælingar, a.m.k. í tengslum við:

– frumlosun á ryki, köfnunarefnisoxíði (NO_X) og brennisteinstvíoxíði (SO_2) úr glæðingarfæriböndum (e. *sinter strand*)

– losun köfnunarefnisoxíða (NO_X) og brennisteinstvíoxíðs (SO_2) úr herslufæriböndum (e. *induration strand*) í kögglunarstöðvum

– ryklosun frá steypuskálum háofna (e. *blast furnace cast house*)

– afleidda losun ryks frá súrefnisofnum

– losun köfnunarefnisoxíða (NO_X) frá orkuverum

– ryklosun frá stórum rafknúnum ljósbogaofnum.

Að því er varðar aðra losun er besta, fáanlega tækni að taka til athugunar að nota samfellda vöktun á losun sem byggist á massaflæði og losunareiginleikum.

15. Að því er varðar viðeigandi upptök losunar, sem ekki eru tilgreind í bestu, fáanlegu tækni 14, er besta, fáanlega tækni að mæla losun mengunarefna úr öllum ferlum, sem eru tilgreind í liðum 1.2–1.7, og úr vinnslugaskyntum orkuverum innan járn- og stálverksmiðja sem og alla efnisþætti/mengunarefni vinnslugass, sem skipta máli, reglulega og ósamfellt. Þetta tekur til ósamfelldrar vöktunar á vinnslugasi, losun úr reykháfum, fjölklóruðum díbensódíoxínum/fúrönum (PCDD/F) og vöktunar á losun skólps en tekur ekki til dreifðrar losunar (sjá bestu, fáanlegu tækni 16).

Lýsing (sem á við um bestu, fáanlegu tækni 14 og 15)

Vöktun á vinnslugasi veitir upplýsingar um samsetningu á vinnslugasi og um óbeina losun frá brennslu vinnslugass, s.s. losun á ryki, þungmálmum og brennisteinsoxíði (SO_x).

Hægt er að mæla losun úr reykháfum með reglubundnum, stökum mælingum við viðeigandi upptök losunar í tilteknum farvegi á nægilega löngu tímabili til að fá dæmigerð losunargildi.

Að því er varðar vöktun á losun skólps er ýmiss konar staðlað verklag tiltækilegt vegna sýnatöku og greininga á vatni og skólpi, þ.m.t.:

– slembisýni sem vísar til þess að eitt sýni er tekið úr skólpflæði

– samsett sýni sem vísar til þess að sýni eru tekin samfellt á tilteknu tímabili eða til sýnis sem samanstendur af nokkrum sýnum sem annaðhvort eru tekin samfellt eða ósamfellt á tilteknu tímabili og blandað saman

– slembisýni sem fullnægir tilteknum skilyrðum (e. *qualified random sample*) skal vísa til samsetts sýnis úr a.m.k. fimm slembisýnum sem tekin eru í mesta lagi á tveggja klukkustunda fresti með a.m.k. tveggja mínútna millibili og blandað saman.

Vöktun skal framkvæmd samkvæmt viðeigandi EN- eða ISO-stöðlum. Ef EN- eða ISO-staðlar eru ekki fáanlegir skal nota landsbundna staðla eða aðra alþjóðlega staðla sem tryggja að gögnin verði vísindalega jafn traust.

16. Besta, fáanlega tækni er að ákvarða stærðargráðu dreifðrar losunar frá viðkomandi upptökum með aðferðunum sem tilgreindar eru hér á eftir. Þegar þess er kostur er betra að nota beinar mæliaðferðir fremur en óbeinar aðferðir eða mat sem byggir á útreikningum með losunarstuðlum.

– Beinar mæliaðferðir ef losunin er mæld við sjálf upptökin. Í þessu tilviki er hægt að mæla eða ákvarða styrk og massastrauma.

– Óbeinar mæliaðferðir ef ákvörðun losunar fer fram í tiltekinni fjarlægð frá upptökunum; bein mæling á styrk og massastraumi er ekki möguleg.

– Útreikningur með losunarstuðlum.

Lýsing

Bein mæling eða ígildi beinnar mælingar

Dæmi um beinar mælingar eru mælingar í vindgöngum, með hlífum eða öðrum aðferðum s.s. ígildi losunarmælinga á þaki iðjuvers. Í síðara tilvikinu eru vindhraði og svæðið við þakbrúnina þar sem loftopið er mæld og streymið reiknað út. Þversniði mæliflatarins á loftopinu við þakbrúnina er skipt niður í geira með jafnstóru yfirborðssvæði (reitamæling (e. *grid measurement*)).

Óbeinar mælingar

Dæmi um óbeinar mælingar ná til notkunar á sporlofttegundum (e. *tracer gas*), aðferðum með andhverfum dreifingarlíkönum (e. *reverse dispersion modelling (RDM) methods*) og massajöfnuðaraðferð með leysigeislaratsjá (e. *light detection and ranging* (LIDAR)).

Útreikningur á losun með losunarstuðlum.

Leiðbeiningar varðandi notkun á losunarstuðlum til að meta dreifða ryklosun frá geymslu og meðhöndlun hráefnis í lausu og rykmyndun frá vegum vegna umferðar eru eftirfarandi:

– VDI 3790 3. hluti

– US EPA AP 42

1.1.8. L o k u n

17. Besta, fáanlega tækni er að koma í veg fyrir mengun við lokun með því að nota nauðsynlega tækni eins og tilgreint er hér á eftir:

Atriði við hönnun vegna lokunar úr sér genginna stöðva:

I. að taka tillit til umhverfisáhrifa af völdum lokunar stöðvarinnar, sem síðar verður, á því stigi þegar ný stöð er hönnuð þar eð fyrirhyggja gerir lokun auðveldari, hreinlegri og ódýrari

II. lokun skapar umhverfisáhættu varðandi mengun lands (og grunnvatns) og myndar mikið magn af föstum úrgangi; forvarnartækni er vinnslusértæk en almenn atriði geta tekið til eftirfarandi:

i. forðast neðanjarðarmannvirki

ii. bæta inn þáttum sem auðvelda niðurrif

iii. velja yfirborðsáferðarefni sem auðvelt er að afmenga

iv. nota uppsetningu búnaðar sem lágmarkar innilokuð íðefni og auðveldar tæmingu eða hreinsun

v. hanna sveigjanlegar sjálfstæðar einingar sem auðvelda lokun í áföngum

vi. nota lífbrjótanleg og endurvinnanleg efni þar sem mögulegt er.

1.1.9. H á v a ð i

18. Besta, fáanlega tækni er að draga úr hávaðamengun frá viðkomandi upptökum í járn- og stálframleiðsluferlinu með því að nota eina af eftirfarandi tækni eða fleiri, háð staðbundnum aðstæðum og samkvæmt þeim:

– hrinda í framkvæmd stefnuáætlun til að draga úr hávaða

– loka háværa starfsemi/einingar af

– titringseinangra starfsemi/einingar

– innri og ytri klæðning úr hljóðdeyfandi efni

– hljóðeinangra byggingar til að skýla allri háværri starfsemi með búnaði sem umbreytir efni

– byggja hljóðeinangrandi veggi, t.d. með byggingu húsnæðis eða náttúrulegum tálmum, s.s. ræktun trjáa og runna milli verndaða svæðisins og háværu starfseminnar

– úttakshjóðdeyfa á útblástursreykháfum (e. *exhaust stack*)

– einangra loftrásir og loftræstitæki (e. *final blower*) sem eru staðsett í hljóðeinangruðum byggingum

– loka dyrum og gluggum á skýldum svæðum.

1.2. *Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir glæðingarverksmiðjur*

Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni, sem koma fram í þessum lið, geta átt við um allar glæðingarverksmiðjur nema annað sé tekið fram.

Losun út í andrúmsloft

19. Besta, fáanlega tækni fyrir blöndun/samsetningu er að koma í veg fyrir eða draga úr dreifðri ryklosun með því að pressa fíngert efnið saman með því að aðlaga rakainnihaldið (sjá einnig bestu, fáanlegu tækni 11).

20. Besta, fáanlega tækni fyrir frumlosun frá glæðingarverksmiðjum er að draga úr ryklosun frá úrgangslofti glæðingarfæribanda með pokasíu.

Besta, fáanlega tækni fyrir frumlosun frá stöðvum sem fyrir eru er að draga úr ryklosun frá úrgangslofti glæðingarfæribanda með því að nota þróaðar rafstöðuskiljur þegar ekki er hægt að nota pokasíur.

Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir ryk er < 1–15 mg/Nm^3 fyrir pokasíu og < 20–40 mg/Nm^3 fyrir þróaða rafstöðuskilju (sem ætti að vera hönnuð og starfrækt til að ná þessum gildum), bæði ákvörðuð sem sólarhringsmeðaltal.

P o k a s í a

Lýsing

Pokasíur, sem eru notaðar í glæðingarverksmiðjum, eru yfirleitt settar á eftir rafstöðuskilju sem fyrir er eða loftskilju en einnig er hægt að nota þær sem sjálfstæðan búnað.

Nothæfi

Að því er varðar stöðvar sem fyrir eru geta kröfur, s.s. um rými fyrir stöð á eftir rafstöðuskilju, skipt máli. Sérstaklega skal huga að aldri og afkastagetu rafstöðuskilju sem fyrir er.

Þróuð rafstöðuskilja

Lýsing

Þróaðar rafstöðuskiljur einkennast af einum af eftirfarandi þáttum eða samblandi af þeim:

– góðri vinnslustjórnun

– viðbótarrafsviðum

– aðlöguðum styrk rafsviðs

– aðlöguðu rakainnihaldi

– formeðhöndlun með aukefnum

– hærri spennu eða mismikilli, púlsaðri spennu (e. *pulsed voltage*)

– hraðri viðbragðsspennu

– mikilli yfirlegð af orkupúlsum (e. *energy pulse superimposition*)

– hreyfingu á rafskautum

– aukinni fjarlægð rafskautsplötu (e. *electrode plate*) eða öðrum þáttum sem bæta skilvirkni hreinsunar.

21. Besta, fáanlega tækni fyrir frumlosun frá glæðingarfæriböndum er að koma í veg fyrir eða draga úr losun kvikasilfurs með því að velja hráefni sem innihalda lítið kvikasilfur (sjá bestu, fáanlegu tækni 7) eða meðhöndla úrgangsloft ásamt inndælingu með virku kolefni eða virkjuðu brúnkolakoksi.

Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir kvikasilfur er < 0,03–0,05 mg/Nm^3, sem meðaltal á sýnatökutímabilinu (stök mæling, punktasýni í a.m.k. hálfa klukkustund).

22. Besta, fáanlega tækni fyrir frumlosun frá glæðingarfæriböndum er að draga úr losun brennisteinsoxíða (SO_X) með því að nota einhverja þá tækni sem nefnd er hér á eftir eða sambland af þeim:

I. að minnka brennisteinsílag með því að nota koksofnagas með litlu brennisteinsinnihaldi

II. að minnka brennisteinsílag með því að lágmarka eyðslu á koksofnagasi

III. að minnka brennisteinsílag með því að nota járngrýti með litlu brennisteinsinnihaldi

IV. inndælingu á fullnægjandi ásogsefnum í loftrás fyrir úrgangsloft (e. *waste gas duct*) glæðingarfæribandsins á undan rykhreinsun með pokasíu (sjá bestu, fáanlegu tækni 20)

V. með vothreinsun brennisteins (e. *wet desulphurisation*) eða ferli með endurnýjun á virku kolefni (e. *regenerative activated carbon (RAC) process*) (þar sem tekið er sérstakt tillit til forsendna fyrir notkun).

Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir brennisteinsoxíð (SO_X) með því að nota bestu, fáanlegu tækni I–IV er < 350–500 mg/Nm^3, gefið upp sem brennisteinstvíoxíð (SO_2) og ákvarðað sem sólarhringsmeðaltal, þar sem lægra gildið tengist bestu, fáanlegu tækni IV.

Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir brennisteinsoxíð (SO_X) með því að nota bestu, fáanlegu tækni V er < 100 mg/Nm^3, gefið upp sem brennisteinstvíoxíð (SO_2) og ákvarðað sem sólarhringsmeðaltal.

Lýsing á ferli með endurnýjun á virku kolefni sem er tilgreint samkvæmt bestu**, fáanlegu tækni V**

Tækni til þurrhreinsunar brennisteins byggist á ásogi brennisteinstvíoxíðs (SO_2) með virku kolefni. Þegar brennisteinshlaðið (e. *SO_2-laden*), virkt kolefni er endurnýjað kallast ferlið endurnýjun á virku kolefni (RAC). Í þessu tilviki er hægt að nota vandaða og dýra gerð af virku kolefni og brennisteinssýra (H_2SO_4) myndast sem aukaafurð. Beðið er endurnýjað, annaðhvort með vatni eða varma. Í sumum tilvikum er notað virkt kolefni, að stofni til úr brúnkolum, á síðari stigum til að „fínstilla“ fyrirliggjandi brennisteinseiningu til hreinsunar. Í þessu tilviki er brennisteinshlaðna, virka kolefnið alla jafna brennt við stýrð skilyrði.

Hægt er að þróa kerfi til endurnýjunar á virku kolefni (e. *RAC-system*) sem ferli í einum eða tveimur áföngum.

Í ferli í einum áfanga er úrgangsloftið leitt gegn um beð með virku kolefni og virka kolefnið dregur mengunarefnin í sig Auk þess á sér stað fjarlæging köfnunarefnisoxíða (NO_X) þegar ammoníaki (NH_3) er sprautað inn í gasstreymið framan við hvatabeðið.

Í ferli í tveimur áföngum er úrgangsloftið leitt gegn um tvö beð með virku kolefni. Hægt er að sprauta ammoníakinu inn framan við beðið til að draga úr losun köfnunarefnisoxíða (NO_X).

Nothæfi tækni sem er tilgreind samkvæmt bestu, fáanlegu tækni V

Vothreinsun brennisteins: Kröfur um rými geta skipt máli og geta takmarkað nothæfið. Taka verður tillit til mikils fjárfestingar- og rekstrarkostnaðar og verulegra áhrifa, sem ganga þvert á umhverfisþættina, s.s. framleiðslu og förgunar á grugglausn og viðbótarráðstafana til að hreinsa skólp Þessi tækni er ekki notuð í Evrópu þegar þetta er ritað en gæti komið til greina ef ólíklegt er að umhverfisgæðastaðlar náist með beitingu annarrar tækni.

Endurnýjun á virku kolefni (RAC): Koma ætti upp rykhreinsun á undan ferli með endurnýjun á virku kolefni til að draga úr rykmagni í inntaksopi. Yfirleitt eru skipulagning stöðvar og kröfur um rými mikilvægir þættir þegar þessi tækni er skoðuð en einkum varðandi svæði með fleiri en einu glæðingarfæribandi.

Taka verður tillit til hás fjárfestingar- og rekstrarkostnaðar, einkum ef vönduð og dýr gerð af virku kolefni er notuð og þörf er á brennisteinssýruveri. Þessi tækni er ekki notuð í Evrópu þegar þetta er ritað en gæti verið valkostur í nýjum verum sem beint er samtímis að brennisteinsoxíðum (SO_X,) köfnunarefnisoxíðum (NO_X), ryki og fjölklóruðu díbensódíoxíni/fúrani og við aðstæður þar sem ólíklegt er að umhverfisgæðastaðlar náist með beitingu annarrar tækni.

23. Besta, fáanlega tækni fyrir frumlosun frá glæðingarfæriböndum er að draga úr heildarlosun köfnunarefnisoxíða (NO_X) með því að nota einhverja þá tækni sem nefnd er hér á eftir eða sambland af þeim:

I. ráðstafanir, sem eru samþætt ferli, sem geta tekið til eftirfarandi:

   i. hringrásar úrgangslofts

   ii. annarra grundvallarráðstafana, s.s. notkunar á harðkolum eða notkunar á köfnunarefnisoxíðsrýrum brennurum (e. *low-NO_X burner*) til uppkveikingar

II. útblástursshreinsitækni (e. *end-of-pipe technique*) sem getur tekið til:

   i. ferlis með endurnýjun á virku kolefni

   ii. valvísrar afoxunar með hvötum (SRC).

Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir köfnunarefnisoxíð (NO_X) með því að nota vinnslusamþættar ráðstafanir er < 500 mg/Nm^3, gefið upp sem köfnunarefnistvíoxíð (NO_2) og ákvarðað sem sólarhringsmeðaltal.

Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir köfnunarefnisoxíð (NO_X) með því að nota endurnýjun á virku kolefni er < 250 mg/Nm^3 og með því að nota valvísa afoxun með hvötum er það < 120 mg/Nm^3, gefið upp sem köfnunarefnistvíoxíð (NO_2) í tengslum við 15% súrefnisinnihald og ákvarðað sem sólarhringsmeðaltal.

Lýsing á *hringrás úrgangslofts* samkvæmt bestu, fáanlegu tækni I.i

Í endurnýtingu úrgangslofts að hluta til fara hlutar af glæðingarúrgangsloftinu aftur inn í hringrás glæðingarferlisins. Endurnýting úrgangslofts að hluta til frá öllu færibandinu var upphaflega þróuð til að draga úr streymi úrgangslofts og þar með úr massalosun helstu mengunarefna. Þar að auki getur það leitt til minni orkunotkunar. Notkun á hringrás úrgangslofts krefst sérstaks átaks til að tryggja að gæði og framleiðni glæðingar verði ekki fyrir neikvæðum áhrifum. Gefa skal sérstakan gaum að kolsýringi úrgangsloftsins í hringrásinni til að koma í veg fyrir að starfsmenn verði fyrir kolsýringseitrun. Ýmis ferli hafa verið þróuð, s.s.:

– úrgangsloft frá öllu færibandinu er endurnýtt að hluta til

– úrgangsloft frá aftasta hluta glæðingarfæribandsins er endurnýtt ásamt varmaskiptum

   – úrgangsloft frá hluta af aftasta hluta glæðingarfæribandsins er endurnýtt og notað er úrgangsloft frá glæðingarkælinum (e. *sinter cooler*)

   – hluti af úrgangsloftinu er endurnýttur yfir í aðra hluta glæðingarfæribandsins.

Nothæfi bestu, fáanlegu tækni I.i

Nothæfi þessarar tækni er staðarsértæk. Taka verður til athugunar hliðarráðstafanir til að tryggja að gæði glæðingar (vélrænn styrkur í köldu ástandi) og framleiðni færibands verði ekki fyrir neikvæðum áhrifum. Þær geta verið tiltölulega umfangslitlar og auðveldar í framkvæmd, með hliðsjón af staðbundnum aðstæðum, eða þvert á móti verið veigameiri og geta verið dýrar og erfiðar í innleiðingu. Í öllum tilvikum ætti að endurskoða vinnsluskilyrði færibandsins þegar þessi tækni er innleidd.

Í stöðvum sem fyrir eru er e.t.v. ekki mögulegt að setja upp endurnýtingu á úrgangslofti að hluta til vegna takmörkunar á rými.

Mikilvæg atriði til að ákvarða nothæfi þessarar tækni taka til eftirfarandi:

– upphaflegrar samsetningar færibandsins (t.d. tvöfaldar eða einfaldar loftrásir við lofthólfin (e. *wind-box*), tiltækt rými fyrir nýjan búnað og, sé þess krafist, lengingar færibandsins)

– upphaflegrar hönnunar á búnaði sem fyrir er (t.d. viftum, búnaði til gashreinsunar og glæðingarvinsunar og kælingar)

– upphaflegra rekstrarskilyrði (t.d. hráefni, hæð lags, sogþrýstingur, hlutfall óleskjaðs kalks í blöndunni, sértækt streymi, hlutfall af innri dreifingu efnis sem fer aftur í umferð í stöðinni)

– núverandi afkastagetu með tilliti til framleiðni og notkunar á eldsneyti í föstu formi

– basastuðull glæðingar og samsetning hleðslunnar (e. *burden*) við háofninn (t.d. hlutfall glæðingar samanborið við köggla í hleðslunni, járninnihald þessara efnisþátta).

Nothæfi *annarra grundvallarráðstafana* samkvæmt bestu, fáanlegu tækni I.ii

Notkun á harðkolum ræðst af tiltækileika harðkola með lægra köfnunarefnisinnihaldi, samanborið við koksofnagas.

Sjá bestu, fáanlegu tækni 22 varðandi lýsingu og nothæfi ferlis með endurnýjun á virku kolefni samkvæmt bestu, fáanlegu tækni II.i

Nothæfi ferlis valvísrar afoxunar með hvötum (e. *SCR*-process) samkvæmt bestu, fáanlegu tækni II.ii

Hægt er að nota valvísa afoxun með hvötum í kerfi með miklu ryki, kerfi með litlu ryki og sem kerfi með hreinu gasi (e. *clean gas system*). Fram að þessu hafa einungis verið notuð kerfi með hreinu gasi (eftir rykhreinsun og hreinsun brennisteins) í glæðingarverksmiðjum. Brýnt er að gasið innihaldi lítið ryk (< 40 mg ryk/Nm^3) og þungmálma því þau geta gert yfirborð hvatans óvirkt. Auk þess gæti þurft brennisteinshreinsun fyrir hvötun. Önnur forsenda er að lágmarkshitastig útblásturs nemi u.þ.b. 300 °C. Þetta krefst orkuílags.

Hár fjárfestinga- og rekstrarkostnaður, þörf á endurnýjun hvata, notkun ammoníaks (NH_3) og ammoníakssleppi (e. *slip*), uppsöfnun á sprengifimu ammóníumnítrati (NH_4NO_3), myndun á ætandi brennisteinsþríoxíði (SO_3) og viðbótarorka sem þörf er á til endurhitunar, sem getur takmarkað möguleika á endurheimt á skynjanlegum hita í glæðingarferlinu, geta takmarkað nothæfið. Þessi tækni gæti komið til greina ef ólíklegt er að umhverfisgæðastaðlar náist með beitingu annarrar tækni.

24. Besta, fáanlega tækni fyrir frumlosun frá glæðingarfæriböndum er að koma í veg fyrir og/eða draga úr losun fjölklóraðra díbensódíoxína/fúrana og fjölklóraðra bífenýla með því að nota einhverja þá tækni sem nefnd er hér á eftir eða sambland af þeim:

I. forðast, eftir því sem framast er unnt, hráefni sem innihalda fjölklóruð díbensódíoxín/fúrön og fjölklóruð bífenýl eða forefni þeirra (sjá bestu, fáanlegu tækni 7)

II. minnka myndun fjölklóraðra díbensódíoxína/fúrana með því að bæta við köfnunarefnissamböndum

III. hringrás úrgangslofts (sjá bestu, fáanlegu tækni 23 varðandi lýsingu og nothæfi).

25. Besta, fáanlega tækni fyrir frumlosun frá glæðingarfæriböndum er að draga úr losun fjölklóraðra díbensódíoxína/fúrana og fjölklóraðra bífenýla með inndælingu á fullnægjandi ásogsefnum í loftrás fyrir úrgangsloft glæðingarfæribandsins á undan rykhreinsun með pokasíu eða þróaðri rafstöðuskilju ef ekki er hægt að nota pokasíu (sjá bestu, fáanlegu tækni 20).

Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir fjölklóruð díbensódíoxín/fúrön er < 0,05–0,2 ng I-TEQ/Nm^3 fyrir pokasíuna og < 0,2–0,4 ng-I-TEQ/Nm^3 fyrir þróuðu rafstöðuskiljuna, bæði ákvörðuð fyrir 6–8 klukkustunda slembisýni við stöðug skilyrði.

26. Besta, fáanlega tækni fyrir afleidda losun frá frárennsli glæðingarfæribanda, mölun glæðingar, kælingu, vinsun og umhleðslustöðum færibanda er að koma í veg fyrir ryklosun og/eða ná fram skilvirku afsogi og draga síðan úr ryklosun með því að nota sambland af eftirfarandi tækni:

I. setning hlífa og/eða aflokun

II. rafstöðuskilja eða pokasía.

Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir ryk er < 10 mg/Nm^3 fyrir pokasíu og < 30 mg/Nm^3 fyrir rafstöðuskilju, bæði ákvörðuð sem sólarhringsmeðaltal.

Vatn og skólp

27. Besta, fáanlega tækni er að lágmarka vatnsnotkun í glæðingarverksmiðjum með því að endurnýta kælivatn, eftir því sem framast er unnt, nema notuð séu gegnumstreymiskælikerfi.

28. Besta, fáanlega tækni er að meðhöndla frárennslisvatn frá glæðingarverksmiðjum ef skolvatn er notað eða ef hreinsunarkerfi fyrir rakt úrgangsloft er notað, að því undanskildu að nota kælivatn fyrir losun, með því að nota sambland af eftirfarandi tækni:

I. útfelling þungmálma

II. hlutleysing

III. sandsíun.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni, sem byggjast á slembisýni sem fullnægir tilteknum skilyrðum eða 24 klukkustunda samsettu sýni, eru:

– svifagnir	< 30 mg/l
– efnafræðileg súrefnisþörf (COD) (*)	< 100 mg/l
– þungmálmar	< 0,1 mg/l

(summa arsens (As), kadmíums (Cd), króms (Cr), kopars (Cu), kvikasilfurs (Hg), nikkels (Ni), blýs (Pb) og sinks (Zn)).

Leifar frá framleiðslu

29. Besta, fáanlega tækni er að koma í veg fyrir myndun úrgangs í glæðingarverksmiðjum með því að nota einhverja þá tækni sem nefnd er hér á eftir eða sambland af þeim (sjá bestu, fáanlegu tækni 8):

I. valvísa endurvinnslu leifa á staðnum aftur yfir í glæðingarferlið með því að útiloka þungmálma, basa- eða klóríðauðgaðar, fíngerðar rykagnir (t.d. ryk af síðasta rafstöðuskiljusvæði)

II. ytri endurvinnslu í hvert sinn sem endurvinnsla á staðnum er hindruð.

Besta, fáanlega tækni er að stjórna leifum frá vinnslu í glæðingarverksmiðjum, sem hvorki er hægt að komast hjá né endurvinna, undir eftirliti.

30. Besta, fáanlega tækni er að endurnýta leifar, sem kunna að innihalda olíu, s.s. ryk, seyru og eldhúð sem inniheldur járn og kolefni frá glæðingarfæribandinu og annarri vinnslu í samþættu stálverksmiðjunni, eftir því sem framast er unnt, aftur á glæðingarfæribandinu, að teknu tilliti til olíuinnihalds eftir því sem við á.

(*) Í sumum tilvikum er heildarmagn lífræns kolefnis mælt í stað efnafræðilegrar súrefnisþarfar (til að komast hjá kvikasilfursklóríði ($HgCl_2$) sem er notað í greiningunni á efnafræðilegri súrefnisþörf. Reikna skal fylgni milli efnafræðilegrar súrefnisþarfar og heildarmagns lífræns kolefnis fyrir hverja glæðingarverksmiðju í hverju einstöku tilviki. Hlutfall efnafræðilegrar súrefnisþarfar/heildarmagns lífræns kolefnis getur verið breytilegt, u.þ.b. á bilinu 2 til 4.

31. Besta, fáanlega tækni er að minnka vetniskolefnisinnihald í efnismötun glæðingar (e. *sinter feed*) með viðeigandi vali og formeðhöndlun á endurunnum leifum frá vinnslunni.

Í öllum tilvikum ætti innihald olíu í endurunnum leifum frá vinnslunni að vera < 0,5% og í innihaldi efnismötunar glæðingar < 0,1%.

Lýsing

Hægt er að lágmarka vetniskolefnaílag, einkum með því að draga úr olíuílagi. Olía kemur aðallega inn í efnismötun glæðingar með því að bæta við eldhúð. Olíuinnihald eldhúðar getur verið mjög breytilegt, háð uppruna hennar.

Tækni til að lágmarka olíuílag með ryki og eldhúð tekur til eftirfarandi:

– að takmarka ílag olíu með því að aðskilja og velja síðan einungis ryk og eldhúð sem inniheldur litla olíu

– notkun á góðri tækni í daglegum rekstri völsunarstöðva getur leitt til verulegrar minnkunar á innihaldi mengandi olíu í eldhúðinni

– fjarlæging olíu úr eldhúð með því að:

  – hita eldhúðina í u.þ.b. 800 °C, vetniskolefni olíunnar verða rokgjörn og hrein eldhúð næst; hægt er að brenna rokgjörnu vetniskolefnin.

  – draga olíuna úr eldhúðinni með leysi.

Orka

32. Besta, fáanlega tækni er að draga úr notkun varmaorku í glæðingarverksmiðjum með því að nota einhverja þá tækni sem nefnd er hér á eftir eða sambland af þeim:

I. endurheimta skynjanlegan hita úr úrgangslofti glæðingarkælisins

II. endurheimta skynjanlegan hita, ef unnt er, úr úrgangslofti glæðingarristar (e. *sintering grate*)

III. hámarka hringrás úrgangslofts til að nota skynjanlegan hita (sjá bestu, fáanlegu tækni 23 varðandi lýsingu og nothæfi).

Lýsing

Tvenns konar möguleg, endurnotanleg úrgangsorka er losuð frá glæðingarverksmiðjunum:

– skynjanlegur hiti úr úrgangslofti frá glæðingarvélunum

– skynjanlegur hiti kæliloftsins frá glæðingarkælinum.

Hringrás úrgangslofts að hluta til er sérstakt afbrigði af varmaendurheimt úr úrgangslofti frá glæðingarvélum og fjallað er um það í bestu, fáanlegu tækni 23. Skynjanlegur hiti er fluttur beint aftur í glæðingarbeðið með heitu lofttegundunum í hringrásinni. Þegar þetta er ritað (2010) er þetta eina hagkvæma aðferðin til að endurheimta hita úr úrgangslofti.

Hægt er að endurheimta skynjanlegan hita í heita loftinu frá glæðingarkælinum á einn eða fleiri eftirfarandi hátt:

– framleiðsla á gufu í hitara fyrir frárennslisvatn til notkunar í járn- og stálverksmiðjum

– heitavatnsframleiðsla til fjarhitunar

– forhitun brunalofts í íkveikjuhlíf glæðingarverksmiðjunnar

– forhitun glæðingarhráefnis

– notkun á lofttegundum frá glæðingarkæli í hringrásarkerfi úrgangslofts.

Nothæfi

Í einhverjum stöðvum getur núverandi tilhögun orðið til þess að kostnaður við varmaendurheimt úr úrgangslofti frá glæðingu eða úrgangslofti frá glæðingarkæli verður mjög hár.

Endurheimt varma úr úrgangslofti með varmaskiptum myndi leiða til óviðunandi rakaþéttingar- og tæringarvandamála.

1.3. *Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir kögglunarstöðvar*

Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni, sem koma fram í þessum lið, geta átt við um allar kögglunarstöðvar nema annað sé tekið fram.

Losun út í andrúmsloft

33. Besta, fáanlega tækni er að draga úr ryklosun í úrgangsloft frá

– formeðhöndlun, þurrkun, mölun, bleytingu, blöndun og kögglun hráefnis,

– frá herslufæribandinu og

– frá meðhöndlun köggla og vinsun

með því að nota einhverja þá tækni sem nefnd er hér á eftir eða sambland af þeim:

I. rafstöðuskilju

II. pokasíu

III. votþvegil

Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir ryk er < 20 mg/Nm^3 fyrir mulning, mölun og þurrkun og < 10–15 mg/Nm^3 fyrir öll önnur vinnslustig eða í tilvikum þar sem allt úrgangsloft er meðhöndlað saman, allt ákvarðað sem sólarhringsmeðaltal.

34. Besta, fáanlega tækni er að draga úr losun brennisteinsoxíða (SO_X), vetnisklóríðs (HCl) og vetnisflúoríðs (HF) frá úrgangslofti herslufæribanda með því að nota eina af eftirfarandi tækni:

I. votþvegil

II. hálfþurrt frásog og síðan rykhreinsunarkerfi

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni, ákvörðuð sem sólarhringsmeðaltal, fyrir þessi efnasambönd eru:

– brennisteinsoxíð (SO_X), gefin upp sem brennisteinstvíoxíð (SO_2) < 30–50 mg/Nm^3

– vetnisflúoríð (HF) < 1–3 mg/Nm^3

– vetnisklóríð (HCl) < 1–3 mg/Nm^3.

35. Besta, fáanlega tækni er að draga úr losun köfnunarefnisoxíða (NO_X) frá þurrkunar- og mölunarhlutanum og úrgangslofti herslufæribanda með því að nota tækni sem er samþætt ferli.

Lýsing

Hönnun stöðvar með sérsniðnum lausnum skal bestuð m.t.t. lítillar losunar köfnunarefnisoxíða (NO_X) frá öllum brennsluhlutum. Hægt er að ná fram skerðingu á myndun köfnunarefnisoxíða (NO_X) frá varma með því að lækka (toppgildi) hitastig í brennurum og draga úr umframmagni súrefnis í brunaloftinu. Auk þess er hægt að ná fram minni losun köfnunarefnisoxíða (NO_X) með samblandi af lítilli orkunotkun og litlu köfnunarefnisinnihaldi í eldsneytinu (kol og olía).

36. Besta, fáanlega tækni fyrir stöðvar sem fyrir eru er að draga úr losun köfnunarefnisoxíða (NO_X) frá þurrkunar- og mölunarhlutanum og úrgangslofti frá herslufærubandi með því að nota eina af eftirfarandi tækni:

I. valvísa afoxun með hvötum (SCR) sem útblástursbreinsitækni

II. hvaða tækni aðra sem er sem nógu skilvirk til að skerða losun köfnunarefnisoxíða (NO_X) um a.m.k. 80%.

Nothæfi

Að því er varðar stöðvar sem fyrir eru, bæði einþrepa ristarbrennsluofn (e. *straight grate system*) og tvíþrepa ristar- og rörbrennsluofn (e. *grate kiln system*), er erfitt að ná fram rekstrarskilyrðum sem eru nauðsynleg til að henta hvarftanki fyrir valvísa afoxun með hvötum. Vegna mikils kostnaðar ætti einungis að íhuga þessa útblástursbreinsitækni við aðstæður þar sem ólíklegt er að umhverfisgæðastaðlar náist með beitingu annarrar tækni.

37. Besta, fáanlega tækni fyrir nýjar stöðvar er að draga úr losun köfnunarefnisoxíða (NO_X) frá þurrkunar- og mölunarhlutanum og úrgangslofti frá herslufærubandi með því að nota valvísa afoxun með hvötum (SCR) sem útblástursreinsitækni.

Vatn og skólp

38. Besta, fáanlega tækni fyrir kögglunarstöðvar er að lágmarka vatnsnotkun og losun hreinsunar-, vothreinsunar- og kælivatns og endurnýta það eftir því sem framast er unnt.

39. Besta, fáanlega tækni fyrir kögglunarstöðvar er að meðhöndla frárennslisvatn fyrir losun með því að nota sambland af eftirfarandi tækni:

I. hlutleysing

II. hnatfelling

III. botnfelling

IV. sandsíun

V. útfelling þungmálma.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni, sem byggjast á slembisýni sem fullnægir tilteknum skilyrðum eða 24 klukkustunda samsettu sýni, eru:

– svifagnir	< 50 mg/l
– efnafræðileg súrefnisþörf (COD (*))	< 160 mg/l
– Kjeldahl-köfnunarefni	< 45 mg/l
– þungmálmar	< 0,55 mg/l

(summa arsens (As), kadmíums (Cd), króms (Cr), kopars (Cu), kvikasilfurs (Hg), nikkels (Ni), blýs (Pb) og sinks (Zn)).

Leifar frá framleiðslu

40. Besta, fáanlega tækni er að koma í veg fyrir myndun úrgangs frá kögglunarstöðvum með skilvirkri endurvinnslu á staðnum eða endurnotkun á leifum (t.d. grænum kögglum sem ná ekki lágmarksstærð og hitameðhöndluðum kögglum)

Besta, fáanlega tækni er að stjórna leifum frá vinnslu í kögglastöðvum (e. *pellet plant*) undir eftirliti, t.d. seyru úr hreinsun skólps, sem hvorki er hægt að forðast né endurvinna.

Orka

41. Besta, fáanlega tækni er að minnka/lágmarka varmaorkuorkunotkun í kögglunarstöðvum með því að nota einhverja þá tækni sem nefnd er hér á eftir eða sambland af þeim:

I. vinnslusamþætta endurnotkun á skynjanlegum hita eins langt frá mismunandi hlutum herslufæribandsins og unnt er

II. nota umframfrávarma fyrir innri eða ytri hitunardreifikerfi ef um er að ræða eftirspurn frá þriðja aðila.

(*) Í sumum tilvikum er heildarmagn lífræns kolefnis mælt í stað efnafræðilegrar súrefnisþarfar (til að komast hjá kvikasilfursklóríði ($HgCl_2$) sem er notað í greiningunni á efnafræðilegri súrefnisþörf. Reikna skal fylgni milli efnafræðilegrar súrefnisþarfar og heildarmagns lífræns kolefnis fyrir hverja glæðingarverksmiðju í hverju einstöku tilviki. Hlutfall efnafræðilegrar súrefnisþarfar/heildarmagns lífræns kolefnis getur verið breytilegt, u.þ.b. á bilinu 2 til 4.

Lýsing

Hægt er að nota heitt loft frá stærsta kælingarhlutanum sem viðbótarbrunaloft í brennsluhlutanum. Síðan er hægt að nota hitann frá brennsluhlutanum í þurrkunarhluta herslufæribandsins. Einnig er hægt að nota hita frá minni kælingarhluta í þurrkunarhlutanum.

Hægt er að nota umframhita frá kælingarhlutanum í þurrkunarhólfum þurrkunar- og mölunareiningarinnar. Heita loftið er flutt gegn um einangrað leiðslukerfi sem kallast „hringrásarloftstokkur fyrir heitt loft“ (e. *hot air recirculation duct*).

Nothæfi

Endurheimt á skynjanlegum hita er vinnslusamþættur hluti af kögglunarstöðvum. Hægt er að nota hringrásarloftstokk fyrir heitt loft í stöðvum sem fyrir eru þar sem hönnunin er sambærileg og nægar birgðir af skynjanlegum hita.

Samstarf og samningur við þriðja aðila er e.t.v. ekki undir yfirráðum rekstraraðilans og fellur því e.t.v. ekki undir gildissvið leyfisins.

1.4. *Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir koksofnaver*

Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni, sem koma fram í þessum lið, geta átt við um öll koksofnaver nema annað sé tekið fram.

Losun út í andrúmsloft

42. Besta, fáanlega tækni fyrir kolamölunarver (e. *coal grinding plant*) (tilreiðsla á kolum, þ.m.t. mulning, mölun, fínmulning og vinsun) er að koma í veg fyrir eða draga úr ryklosun með því að nota einhverja þá tækni sem nefnd er hér á eftir eða sambland af þeim:

I. aflokun byggingar og/eða búnaðar (mulningarvél, fínmulningarvél, sigti) og

II. skilvirkt afsog og síðan notkun á hreinsunarkerfum fyrir þurrt ryk.

Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir ryk er < 10 – 20 mg/Nm^3, sem meðaltal á sýnatökutímabilinu (stök mæling, punktasýni í a.m.k. hálfa klukkustund).

43. Besta, fáanlega tækni fyrir geymslu og meðhöndlun á fínmuldum kolum er koma í veg fyrir eða draga úr dreifðri ryklosun með því að nota einhverja þá tækni sem nefnd er hér á eftir eða sambland af þeim:

I. geyma fínmulið efni í birgðatönkum og vörugeymslum

II. nota lokuð eða aflokuð færibönd

III. lágmarka fallhæð, háð stærð stöðvar og byggingu

IV. draga úr losun frá áfyllingu á kolaturn og frá áfyllingarbifreið

V. nota skilvirkt afsog og síðan rykhreinsun.

Þegar besta, fáanlega tækni V er notuð eru losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir ryk < 10–20 mg/Nm^3, sem meðaltal á sýnatökutímabilinu (stök mæling, punktasýni í a.m.k. hálfa klukkustund).

44. Besta, fáanlega tækni er að fylla á koksofnahólf með áfyllingarkerfum með minni losun.

Lýsing

Frá sjónarmiði samþættingar eru „reyklaus“ áfylling eða raðbundin áfylling með tvöföldum rispípum (e. *ascension pipe*) eða færanlegum rispípum (e. *jumper pipe*) ákjósanlegustu aðferðirnar vegna þess að allar lofttegundir og ryk eru meðhöndluð um leið og koksofnagasið er meðhöndlað.

Ef lofttegundirnar eru sogaðar út og meðhöndlaðar utan koksofnsins er áfylling með meðhöndlun afsoguðu lofttegundanna á landi hins vegar ákjósanlegasta aðferðin. Meðhöndlun ætti að samanstanda af skilvirku afsogi á losuninni og síðan brennslu til að draga úr lífrænum efnasamböndum og notkun á pokasíu til að fækka ögnum.

Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir ryk frá kerfum til að fylla á kol, með meðhöndlun afsognu lofttegundanna á landi, er < 5 g/t koksi sem jafngildir < 50 mg/Nm^3, sem meðaltal á sýnatökutímabilinu (stök mæling, punktasýni í a.m.k. hálfa klukkustund).

Tímalengd sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir sýnilega losun frá áfyllingu er < 30 sekúndur á hverja áfyllingu, sem mánaðarlegt meðaltal með notkun vöktunaraðferðar sem lýst er í bestu, fáanlegu tækni 46.

45. Besta, fáanlega tækni fyrir koksvinnslu er að sjúga koksofnagasið út meðan á vinnslu stendur, eftir því sem framast er unnt.

46. Besta, fáanlega tækni fyrir koksver er að draga úr losun með því að ná fram samfelldri, órofinni koksframleiðslu með því að nota eftirfarandi tækni:

I. víðtækt viðhald á ofnhólfum, ofnhurðum og þéttilistum á körmum, rispípum, áfyllingaropum og öðrum búnaði (sérþjálfað greininga- og viðhaldsstarfsfólk skal fylgja kerfisbundinni áætlun)

II. forðast miklar sveiflur á hitastigi

III. heildstætt eftirlit með og vöktun á koksofninum

IV. hreinsun á hurðum, þéttilistum á körmum, áfyllingaropum, lokum og rispípum eftir meðhöndlun (á við um nýjar stöðvar og í sumum tilvikum um stöðvar sem fyrir eru)

V. viðhalda frjálsu gasflæði í koksofnum

VI. fullnægjandi stillingu á þrýstingi við koksvinnslu og notkun á fjaðurspenntum, sveigjanlegum þéttihurðum eða hurðum með hnífskörpum brúnum (e. *knife-edged door*) (ef um er að ræða ofna ≤ 5 m á hæð og í vel nothæfu ástandi)

VII. nota vatnsþéttar rispípur til að draga úr sýnilegri losun frá öllum búnaðinum sem myndar leið frá koksofnasamstæðunni yfir að aðalsafnrörum, svanahálsrörum og föstum rispípum

VIII. þétta lok á áfyllingaropum með leirkvoðu (eða öðru heppilegu þéttiefni) til að draga úr sýnilegri losun frá öllum opum

IX. tryggja að koks verði fullunnið (forðast losun á „grænu“ koksi) með því að nota fullnægjandi tækni

X. setja upp stærri koksofnahólf (á við um nýjar stöðvar eða í sumum tilvikum þegar stöð kemur að öllu leyti í stað stöðvar sem fyrir er)

XI. nota stillanlegan þrýstistilli á ofnhólf við koksvinnslu þar sem mögulegt er, (á við um nýjar stöðvar og getur verið möguleiki fyrir stöðvar sem fyrir eru; meta skal vandlega möguleikann á að setja þessa tækni upp í stöðvum sem fyrir eru og það er háð stöðu hverrar stöðvar fyrir sig).

Hlutfall sýnilegrar losunar frá öllum hurðum, sem tengist bestu, fáanlegu tækni, er < 5–10%.

Hlutfall sýnilegrar losunar frá öllum upptökum, sem tengist bestu, fáanlegu tækni VII og VIII, er < 1%.

Hlutföllin tengjast tíðni leka, samanborið við heildarfjölda hurða, rispípa eða loka á áfyllingaropum, sem mánaðarlegt meðaltal, með því að nota vöktunaraðferð sem lýst er hér á eftir.

Eftirfarandi aðferðir eru í notkun til að meta dreifða losun frá koksofnum:

– EPA-303-aðferðin

– DMT-aðferðafræðin (Deutsche Montan Technologie GmbH)

– aðferðafræði þróuð af BCRA (British Carbonisation Research Association).

– Aðferðafræði sem notuð er í Hollandi (Niðurlandi) byggist á að telja sýnilega leka frá rispípum og áfyllingaropum en útilokar sýnilega losun vegna eðlilegrar starfsemi (kolaáfylling, kokslosun (e. *coke pushing*)).

47. Besta, fáanlega tækni fyrir gashreinsistöðvar er að lágmarka dreifða losun lofttegunda með því að nota eftirfarandi tækni:

I. lágmarka fjölda tengikraga með því að sjóða rörasamskeyti saman þar sem mögulegt er

II. nota viðeigandi lokanir fyrir tengikraga og loka

III. nota gasþéttar dælur (t.d. seguldælur (e. *magnetic pump*))

IV. forðast losun frá þrýstilokum í geymslutönkum með því að:

– tengja ventilúttakið (e. *valve outlet*) við aðalsafnrör koksofnagassins eða

– safna lofttegundunum og brenna þær síðan.

Nothæfi

Tæknina er bæði hægt að nota í nýjum stöðvum og stöðvum sem fyrir eru. Í nýjum stöðvum gæti reynst auðveldara að ná gasþéttni en í stöðvum sem fyrir eru.

48. Besta, fáanlega tækni er að minnka brennisteinsinnihald koksofnagassins með því að nota eina af eftirfarandi tækni:

I. hreinsun brennisteins með frásogskerfum

II. blautoxandi (e. *wet oxidative)* brennisteinshreinsun.

Styrkur brennisteinsvetnisleifa (H_2S), sem tengist bestu, fáanlegu tækni, ákvarðaður sem daglegt meðaltal, er < 300 – 1000 mg/Nm^3 ef um er að ræða notkun á bestu, fáanlegu tækni I (hærri gildin tengjast hærri umhverfishita og lægri gildin lægri umhverfishita) og < 10 mg/Nm^3 ef um er að ræða notkun á bestu, fáanlegu tækni II.

49. Besta, fáanlega tækni fyrir kyndingu koksofna (e. *coke oven underfiring*) er að draga úr losun með því að nota eftirfarandi tækni:

I. koma í veg fyrir leka milli ofnhólfsins og hitahólfsins með því að starfrækja koksofninn reglubundið

II. gera við leka milli ofnhólfsins og hitahólfsins (á einungis við um stöðvar sem fyrir eru)

III. bæta inn tækni með lítilli losun köfnunarefnisoxíða (NO_X) í hönnun nýrra samstæðna, s.s. þrepaskiptum bruna og notkun á þynnri múrsteinum og eldföstu efni með betri varmaleiðni (á einungis við um nýjar stöðvar)

IV. nota brennisteinshreinsað koksofnagas og vinnslugas.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni, ákvörðuð sem sólarhringsmeðaltal og tengjast 5% súrefnisinnihaldi, eru:

– brennisteinsoxíð (SO_X), gefin upp sem brennisteinstvíoxíð (SO_2) < 200–500 mg/Nm^3

– ryk < 1–20 mg/Nm^3 ([4])

– köfnunarefnisoxíð (NO_X), gefin upp sem köfnunarefnistvíoxíð (NO_2) < 350–500 mg/Nm^3 fyrir nýjar stöðvar eða stöðvar sem hafa verið nútímavæddar að verulegu leyti (yngri en 10 ára) og 500–650 mg/Nm^{3}fyrir eldri stöðvar sem eru með vel viðhaldnar samstæður og bættu inn tækni með lítilli losun köfnunarefnisoxíða (NO_X).

50. Besta, fáanlega tækni fyrir kokslosun er að draga úr ryklosun með því að nota eftirfarandi tækni:

I. afsog með samþættri koksflutningsvél (e. *integrated coke transfer machine*), sem búin er hlíf

II. meðhöndlun á afsogna loftinu á landi, með pokasíu eða öðrum hreinsunarkerfum

III. kyrrstæð eða færanleg bifreið til snöggkælingar.

Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir ryk frá kokslosun er < 10 mg/Nm^3 ef um er að ræða pokasíur og < 20 mg/Nm^3 í öðrum tilvikum, ákvarðað sem meðaltal á sýnatökutímabilinu (stök mæling, punktasýni í a.m.k. hálfa klukkustund).

Nothæfi

Í stöðvum sem fyrir eru getur skortur á rými takmarkað nothæfið.

([4]) Neðra markbilið hefur verið skilgreint á grundvelli afkastagetu einnar tiltekinnar stöðvar, sem náðist við raunveruleg rekstrarskilyrði með bestu, fáanlegu tækni, sem náði besta árangrinum í umhverfismálum.

51. Besta, fáanlega tækni til snöggkælingar á koksi er að draga úr ryklosun með því að nota eina af eftirfarandi tækni:

I. þurrkælingu á koksi (e. *coke dry quenching* (CDQ)) með endurheimt á skynjanlegum hita og fjarlægingu á ryki frá áfyllingar-, meðhöndlunar- og vinsunarstarfsemi með pokasíu

II. hefðbundna blautkælingu með lágmarkslosun (e. *emission-minimised conventional wet quenching*)

III. stöðgaða kokskælingu (e. *coke stabilisation quenching*) (CSQ).

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir ryk, ákvörðuð sem meðaltal á sýnatökutímabilinu, eru:

– < 20 mg/Nm^3 ef um er að ræða þurrkælingu á koksi

– < 25 g/t koksi ef um er að ræða hefðbundna blautkælingu með lágmarkslosun ([5])

– < 10 g/t koksi ef um er að ræða stöðgaða kokskælingu ([6]).

Lýsing á bestu, fáanlegu tækni I

Að því er varðar samfellda starfrækslu á verksmiðjum til þurrkælingar á koksi er um tvo valkosti að ræða. Í öðru tilvikinu er eining til þurrkælingar á koksi samsett af tveimur til fjórum hólfum. Ein eining er alltaf í viðbragðsstöðu. Af því leiðir að blautkæling er ekki nauðsynleg en eining til þurrkælingar á koksi krefst meiri afkastagetu en koksofnaverið sem hefur mikinn kostnað í för með sér. Í hinu tilvikinu er viðbótarkerfi til blautkælingar nauðsynlegt.

Ef um er að ræða að breyta stöð til blautkælingar í stöð til þurrkælingar er hægt að nota blautkælingarkerfið í þessu skyni. Slík eining til þurrkælingar á koksi hefur ekki vinnslugetu umfram koksofnaver.

Nothæfi bestu, fáanlegu tækni II

Hægt er að útbúa turna til snöggkælingar, sem fyrir eru, með hlífum til að draga úr losun. Nauðsynlegt er að lágmarkshæð turns sé a.m.k. 30 m til að tryggja fullnægjandi blástursskilyrði.

Nothæfi bestu, fáanlegu tækni III

Þar eð kerfið er stærra en nauðsyn krefur til hefðbundinnar snöggkælingar getur skortur á rými í stöðinni verið takmarkandi.

52. Besta, fáanlega tækni fyrir koksflokkun og -meðhöndlun er að koma í veg fyrir eða draga úr ryklosun með því að nota sambland af eftirfarandi tækni:

I. aflokun byggingar eða búnaðar

II. skilvirkt afsog og síðan þurrrykhreinsun.

Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir ryk er < 10 mg/Nm^3, ákvarðað sem meðaltal á sýnatökutímabilinu (stök mæling, punktasýni í a.m.k. hálfa klukkustund).

Vatn og skólp

53. Besta, fáanlega tækni er að lágmarka og endurnota vatn til snöggkælingar eftir því sem framast er unnt.

54. Besta, fáanlega tækni er að forðast að endurnota vinnsluvatn með umtalsverðri, lífrænni ákomu (s.s. hráskólp frá koksofnum, skólp sem inniheldur mikið magn vetniskolefna o.s.frv.) sem snöggkælingarvatn.

55. Besta, fáanlega tækni er að formeðhöndla skólp frá koksvinnslunni og hreinsun á koksofnagasi fyrir losun yfir í skólphreinsistöð með því að nota einhverja þá tækni sem nefnd er hér á eftir eða sambland af þeim:

I. fjarlægja tjöru og fjölhringa, arómatísk vetniskolefni á skilvirkan hátt með hnatfellingu og síðan floti, botnfellingu og síun, eitt og sér eða í samsetningum

II. nota skilvirka ammoníakstrípun með basísku efni og gufu.

([5]) Þetta gildi er byggt á notkun ójafnhraða (e. *non-isokinetic*) Mohrhauer-aðferðarinnar (áður VDI 2303)
([6]) Þetta gildi er byggt á notkun jafnhraða sýnatökuaðferðar samkvæmt VDI 2066

56. Besta, fáanlega tækni fyrir formeðhöndlað skólp frá koksvinnslunni og hreinsun á koksofnagasi er að nota líffræðilega meðhöndlun á skólpi með samþættri nítrateyðingu/nítrunarstigum.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni, sem byggjast á slembisýni sem fullnægir tilteknum skilyrðum eða 24 klukkustunda samsettu sýni og eiga einungis við stöðvar til hreinsunar á skólpi með einn koksofn, eru:

– efnafræðileg súrefnisþörf (COD (*))	< 220 mg/l
– lífræn súrefnisþörf í 5 daga (BOD_5)	< 20 mg/l
– súlfíð, auðlosanleg (**)	< 0,1 mg/l
– þíósýanat (SCN^-)	< 4 mg/l
– sýaníð (CN^-), auðlosanlegt (***)	< 0,1 mg/l
– fjölhringa, arómatísk vetniskolefni (PAH) (summa flúorantens, bensó[b]flúorantens, bensó[k]flúorantens, bensó[a]pýrens, indenó[1,2,3-cd]pýrens og bensó[g,h,i]perýlens)	< 0,05 mg/l
– fenól	< 0,5 mg/l
– summa ammoníakköfnunarefnis (NH_4^+-N), nítratköfnunarefnis (NO_3^--N) og nítrítköfnunarefnis (NO_2^--N)	< 15–50 mg/l.

Að því er varðar summu ammoníakköfnunarefnis (NH_4^+-N), nítratköfnunarefnis (NO_3^--N) og nítrítköfnunarefnis (NO_2^--N) eru gildin < 35 mg/l yfirleitt tengd við notkun á þróuðum, líffræðilegum skólphreinsistöðvum með fornítrateyðingu/nítrun og eftirnítrateyðingu.

Leifar frá framleiðslu

57. Besta, fáanlega tækni er að endurvinna leifar úr vinnslu s.s. tjöru úr vatni af kolum og frárennsli frá þurreimingunni og virka umframseyru úr skólphreinsistöðinni til baka í kolaefnismötunina í koksofnaverinu.

Orka

58. Besta, fáanlega tækni er að nota afsogna koksofnagasið sem eldsneyti eða afoxunarefni eða til framleiðslu á íðefnum.

1.5. *Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir háofna*

Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni, sem koma fram í þessum lið, geta átt við um alla háofna nema annað sé tekið fram.

Losun út í andrúmsloft

59. Besta, fáanlega tækni fyrir loft sem hrekst undan við losun úr birgðatönkum kolainndælingareiningarinnar er að fanga ryklosunina og framkvæma síðan þurrrykhreinsun.

Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir ryk er < 20 mg/Nm^3, ákvarðað sem meðaltal á sýnatökutímabilinu (stök mæling, punktasýni í a.m.k. hálfa klukkustund).

60. Besta, fáanlega tækni við hráefnablöndun (blöndun, samsetning) og flutning er að lágmarka ryklosun og, ef við á, afsog með rykhreinsun í kjölfarið með rafstöðuskilju eða pokasíu.

(*) Í sumum tilvikum er heildarmagn lífræns kolefnis mælt í stað efnafræðilegrar súrefnisþarfar (til að komast hjá kvikasilfursklóríði ($HgCl_2$) sem er notað í greiningunni á efnafræðilegri súrefnisþörf. Reikna skal fylgni milli efnafræðilegrar súrefnisþarfar og heildarmagns lífræns kolefnis fyrir hvert koksofnaver í hverju einstöku tilviki. Hlutfall efnafræðilegrar súrefnisþarfar/heildarmagns lífræns kolefnis getur verið breytilegt, u.þ.b. á bilinu 2 til 4.

(**) Þetta gildi er byggt á notkun DIN 38405 D 27 eða öðrum landsbundnum eða alþjóðlegum staðli sem tryggir að gögnin verði vísindalega jafn traust.

(***) Þetta gildi er byggt á notkun DIN 38405 D 13-2 eða öðrum landsbundnum eða alþjóðlegum staðli sem tryggir að gögnin verði vísindalega jafn traust.

61. Besta, fáanlega tækni fyrir steypuskála (aftöppunarop (e. *tap hole*), rennur, áfyllingarstaðir fyrir skotdeiglur (e. *torpedo ladle*), skúmsleifar (e. *skimmer*)) er að koma í veg fyrir eða draga úr dreifðri ryklosun með því að nota eftirfarandi tækni:

I. þekja rennurnar

II. hámarka hremmingargetu að því er varðar dreifðra ryklosun og eitraðar lofttegundir með síðari hreinsun á útblæstri með rafstöðuskilju eða pokasíu

III. halda aftur af eitruðum lofttegundum með því að nota köfnunarefni við aftöppun, eftir atvikum, og ef kerfi til söfnunar og rykhreinsunar við aftöppun losunar er ekki sett upp.

Þegar besta, fáanlega tækni II er notuð er losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir ryk < 1–15 mg/Nm^3, ákvarðað sem sólarhringsmeðaltal.

62. Besta, fáanlega tækni er að nota tjörulausa rennufóðringu (e. *runner lining*).

63. Besta, fáanlega tækni er að lágmarka losun háofnagass við áfyllingu með því að nota einhverja þá tækni sem nefnd er hér á eftir eða sambland af þeim:

I. klukkulaus haus (e. *bell-less top*) með fyrstu og annarri jöfnun (e. *primary and secondary equalising*)

II. gas- eða loftræstingarendurnýtingarkerfi

III. notkun á háofnagasi til að mynda þrýsting í efstu birgðatönkunum.

Nothæfi bestu, fáanlegu tækni II

Á við um nýjar stöðvar. Á einungis við um stöðvar sem fyrir eru ef bræðsluofninn er með klukkulausu áfyllingarkerfi. Á ekki við um stöðvar þar sem aðrar lofttegundir en háofnagas (t.d. köfnunarefni) eru notaðar til að mynda þrýsting í efstu birgðatönkum bræðsluofnsins.

64. Besta, fáanlega tækni er að draga úr ryklosun frá háofnagasi með því að nota einhverja þá tækni sem nefnd er hér á eftir eða sambland af þeim:

I. nota búnað til þurrhreinsunar á ryki fyrirfram s.s.:

  i. hlífðarplötur

  ii. rykfangara

  iii. loftskiljur

  iv. rafstöðuskiljur.

II. síðari rykhreinsun s.s.:

  i. tálmaþvegil (e. *hurdle-type scrubber*)

  ii. þrengslaþvegil (e. *venturi scrubber*)

  iii. hringbilsþvegil (e. *annular gap scrubber*)

  iv. rafstöðuskiljur með vatnsgufu (e. *wet electrostatic precipitator*)

  v. sundrara.

Að því er varðar hreinsað háofnagas er styrkur rykleifa sem tengist bestu, fáanlegu tækni < 10 mg/Nm^3, ákvarðaður sem meðaltal á sýnatökutímabilinu (stök mæling, punktasýni í a.m.k. hálfa klukkustund).

65. Besta, fáanlega tækni fyrir heitblástursofna er að draga úr losun með því að nota brennisteins- og rykhreinsað umframgas úr koksofnum, rykhreinsað gas úr háofnum, rykhreinsað gas úr súrefnisofnum og jarðgas, aðskilið eða í samsetningu.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni, ákvörðuð sem sólarhringsmeðaltal og tengjast 3% súrefnisinnihaldi, eru:

– brennisteinsoxíð (SO_X), gefin upp sem brennisteinstvíoxíð (SO_2) < 200 mg/Nm^3

– ryk < 10 mg/Nm^3

– köfnunarefnisoxíð (NO_x), gefin upp sem köfnunarefnistvíoxíð (NO_2) < 100 mg/Nm^3.

Vatn og skólp

66. Besta, fáanlega tækni fyrir vatnsnotkun og losun frá hreinsun reyks frá háofni er að lágmarka og endurnota hreinsunarvatn eftir því sem framast er unnt, t.d. við kornun gjalls, ef nauðsyn krefur eftir meðhöndlun með malarsíu (e. *gravel-bed filter*).

67. Besta, fáanlega tækni til að meðhöndla skólp frá hreinsun reyks frá háofni er að nota hnatfellingu (storknun) og botnfellingu og draga úr auðlosanlegu sýaníði, ef nauðsyn krefur.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni, sem byggjast á slembisýni sem fullnægir tilteknum skilyrðum eða 24 klukkustunda samsettu sýni, eru:

– svifagnir	< 30 mg/l
– járn	< 5 mg/l
– blý	< 0,5 mg/l
– sink	< 2 mg/l
– sýaníð (CN^-), auðlosanlegt (*)	< 0,4 mg/l.

Leifar frá framleiðslu

68. Besta, fáanlega tækni er að koma í veg fyrir myndun úrgangs frá bræðsluofnum með því að nota einhverja þá tækni sem nefnd er hér á eftir eða sambland af þeim:

I. viðeigandi söfnun og geymslu til að auðvelda sérstaka meðhöndlun

II. endurvinnslu á staðnum á grófu ryki frá hreinsun reyks frá háofni og ryki frá rykhreinsun steypuskála, að teknu tilhlýðilegu tilliti til áhrifa af losun frá stöðinni þar sem hún er endurunnin

III. vatnshvirflun (e. *hydrocyclonage*) seyru og síðan endurvinnslu á staðnum á grófum ögnum (á alltaf við þegar blaut rykhreinsun er notuð og ef dreifing sinkinnihalds í mismunandi kornastærð gerir skaplegan aðskilnað mögulegan)

IV. gjallmeðhöndlun, helst með kyrningu (ef markaðsaðstæður gera það kleift), til ytri notkunar á gjalli (t.d. í sementiðnaðinum eða til vegagerðar).

Besta, fáanlega tækni er að stjórna leifum frá vinnslu í háofnum, sem hvorki er hægt að komast hjá né endurvinna, undir eftirliti.

69. Besta, fáanlega tækni til að lágmarka losun úr gjallmeðhöndlun er að þétta reyk ef minnkunar á lykt er krafist.

Auðlindastjórnun

70. Besta, fáanlega tækni fyrir auðlindastjórnun háofna er að draga úr koksnotkun með efnum sem er sprautað beint inn, s.s. fínmulin kol, olía, svartolía, tjara, olíuleifar, koksofnagas, jarðgas og úrgangur, s.s. málmleifar, notuð olía og ýrulausnir, olíukenndar leifar, fita og plastúrgangur, hvert fyrir sig eða sambland af þeim.

Nothæfi

Kolainndæling: Aðferðin er nothæf fyrir alla háofna sem eru útbúnir með inndælingu fyrir fínmulin kol og súrefnisauðgun.

Gasinndæling: Tuyère-inndæling koksofnagass er að miklu leyti háð tiltækileika gass sem hægt er að nota á áhrifaríkan hátt annars staðar í samþættu stálverksmiðjunni.

(*) Þetta gildi er byggt á notkun DIN 38405 D 13-2 eða öðrum landsbundnum eða alþjóðlegum staðli sem tryggir að gögnin verði vísindalega jafn traust.

Plastinndæling: Hafa skal í huga að þessi tækni er að miklu leyti háð staðbundnum aðstæðum og markaðsaðstæðum. Plast getur innihaldið klór (Cl) og þungmálma s.s. kvikasilfur (Hg), kadmíum (Cd), blý (Pb) og sink (Zn). Magn kvikasilfurs (Hg), króms (Cr), kopars (Cu), nikkels (Ni) og móbýldens (Mo) í háofnagasinu getur aukist, háð samsetningu úrgangsins sem er notaður (t.d. léttir efnisþættir frá tætingu).

Bein inndæling á notuðum olíum, fitu og ýrulausnum sem afoxunarefni og á járnleifum í föstu formi: Samfelld starfræksla á þessi kerfi styðst við vöruferilsstjórnunarhugmyndir um afhendingu og geymslu á leifum. Flutningatæknin, sem er notuð, er einnig sérstaklega mikilvæg í árangursríkri starfrækslu.

Orka

71. Besta, fáanlega tækni er að viðhalda snurðulausri, samfelldri starfrækslu á háofninum í stöðugu ástandi til að lágmarka losun og til að draga úr líkum á því að hráefni sleppi út.

72. Besta, fáanlega tækni er að nota afsogið háofnagas sem eldsneyti.

73. Besta, fáanlega tækni er að endurnýta orku úr toppþrýstingi háofnagassins ef nægur toppgasþrýstingur og lítill basastyrkur eru fyrir hendi.

Nothæfi

Unnt er að nota endurheimt á toppgasþrýstingi í nýjum stöðvum og í sumum tilvikum í stöðvum sem fyrir eru en þó með frekari vandkvæðum og viðbótarkostnaði. Viðunandi toppgasþrýstingur, sem er meiri en 1,5 bör (yfirþrýstingur), er grundvallaratriði við notkun þessarar tækni.

Í nýjum stöðvum er hægt að aðlaga toppgashverfilinn og gashreinsunarbúnað háofnsins hvort að öðru til að ná fram mikilli skilvirkni, bæði við hreinsun og endurnýtingu orku.

74. Besta, fáanlega tækni er að forhita brennslugas eða brunaloft fyrir heitblástursofna með úrgangslofti heitblástursofnsins og að hámarka brennsluferli heitblástursofnsins.

Lýsing

Til að hámarka orkunýtni hitabúnaðarins er hægt að nota einhverja þá tækni sem nefnd er hér á eftir eða sambland af þeim:

– tölvustudd starfræksla hitabúnaðarins

– forhitun á eldsneyti eða brunalofti í tengslum við einangrun á kaldblásturslínu (e. *cold blast line*) og loftrás úrgangslofts

– hentugri brennarar til að bæta brennslu

– skjót súrefnismæling og síðan aðlögun á skilyrðum við brennslu.

Nothæfi

Nothæfi forhitunar á eldsneyti fer eftir hagkvæmni ofnanna þar eð þetta ákvarðar hitastig úrgangsloftsins (við hitastig úrgangslofts sem er undir 250 °C er t.d. ekki víst að varmaendurheimt sé tæknilega eða fjárhagslega hagkvæmur kostur).

Uppsetning á tölvustuddri stýringu gæti krafist uppsetningar á fjórða ofninum ef um er að ræða háofna með þremur ofnum (ef unnt er) til að hámarka hagræðið.

1.6. *Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir stálframleiðslu og -steypu með súrefnisblæstri*

Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni, sem koma fram í þessum lið, geta átt við um alla stálframleiðslu og -steypu í súrefnisofnum nema annað sé tekið fram.

Losun út í andrúmsloft

75. Besta, fáanlega tækni fyrir gasendurheimt súrefnisofna (BOF) með bældri brennslu (e. *suppressed combustion*) er að sjúga súrefnisofnsgasið út við blástur, eftir því sem framast er unnt, og hreinsa það með því að nota sambland af eftirfarandi tækni:

I. bælt brennsluferli

II. rykhreinsun fyrirfram til að fjarlægja gróft ryk með tækni til þurraðskiljunar (t.d. hlífðarplata, loftskilja) eða blautskiljurum (e. *wet separator*)

III. rykhreinsun með:

i. þurrrykhreinsun (t.d. rafstöðuskilja) í nýjum stöðvum og stöðvum sem fyrir eru

ii. blautri rykhreinsun (t.d. rafstöðuskilja með vatnsgufu eða votþvegill) fyrir stöðvar sem fyrir eru.

Styrkleiki rykleifa sem tengist bestu, fáanlegu tækni, eftir jöfnun á súrefnisofnagasinu, er:

– 10–30 mg/Nm^3 fyrir bestu, fáanlegu tækni III.i

– < 50 mg/Nm^3 fyrir bestu, fáanlegu tækni III.ii.

76. Besta, fáanlega tækni fyrir gasendurheimt súrefnisofna (BOF) við súrefnisblástur, ef um er að ræða fulla brennslu, er að draga úr ryklosun með því að nota eina af eftirfarandi tækni:

I. þurrrykhreinsun (t.d. rafstöðuskilja eða pokasía) í nýjum stöðvum og stöðvum sem fyrir eru

II. blauta rykhreinsun (t.d. rafstöðuskilja með vatnsgufu eða votþvegill) fyrir stöðvar sem fyrir eru.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir ryk, ákvörðuð sem meðaltal á sýnatökutímabilinu (stök mæling, punktasýni í a.m.k. hálfa klukkustund), eru:

– 10–30 mg/Nm^3 fyrir bestu, fáanlegu tækni I

– < 50 mg/Nm^3 fyrir bestu, fáanlegu tækni II.

77. Besta, fáanlega tækni er að lágmarka ryklosun frá súrefnislensuopinu (e. *lance hole*) með því að nota einhverja þá tækni sem nefnd er hér á eftir eða sambland af þeim:

I. þekja lensuopið við súrefnisblástur

II. inndælingu á óhvarfgjarnri lofttegund eða gufu inn í lensuopið til að dreifa rykinu

III. notkun á annars konar hönnun á lokun ásamt lensuhreinsibúnaði (e. *lance cleaning device*).

78. Besta, fáanlega tækni fyrir fylgirykhreinsun (e. *secondary dedusting*), þ.m.t. losun frá eftirfarandi vinnslu:

– heitum málmi úr skotdeiglu (eða blöndunarbúnaði fyrir heitan málm) er ausið aftur í áfyllingardeigluna

– formeðhöndlun á heitum málmi (t.d. forhitun á kerjum, hreinsun brennisteins, hreinsun fosfórs, hreinsun gjalls, tilfærsluferli og vigtun heitra málma)

– vinnsla í tengslum við súrefnisofna s.s. forhitun á kerjum, yfirflæði (e. *slopping*) við súrefnisblástur, áfylling á heitum málmi og brotajárni, aftöppun á fljótandi stáli og gjalli frá súrefnisofninum og

– fylgimálmvinnsla og samfelld málmsteypa,

er að draga úr ryklosun með vinnslusamþættri tækni, s.s. almennri tækni til að koma í veg fyrir eða stjórna dreifðri losun, og með því að nota viðeigandi aflokun og hlífar með skilvirku afsogi og síðan hreinsun á útblæstri með pokasíu eða rafstöðuskilju.

Heildarmeðaltal ryksöfnunarvirkni sem tengist bestu, fáanlegu tækni er > 90%

Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir ryk, sem sólarhringsmeðaltal fyrir allan rykhreinsaðan útblástur, er < 1–15 mg/Nm^3 ef um er að ræða pokasíur og < 20 mg/Nm^3 ef um er að ræða rafstöðuskiljur.

Ef losun frá formeðhöndlun á heitum málmi og fylgimálmvinnslu er meðhöndluð aðskilið er losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir ryk, sem sólarhringsmeðaltal, < 1–10 mg/Nm^3 fyrir pokasíur og < 20 mg/Nm^3 fyrir rafstöðuskiljur.

Lýsing

Almenn tækni til að koma í veg fyrir dreifða losun frá viðkomandi fylgiuppsprettum frá súrefnisofnavinnslu tekur til eftirfarandi:

– óháðrar föngunar og notkunar á rykhreinsunarbúnaði fyrir hvert undirferli í súrefnisofnastöðinni

– réttrar stjórnunar brennisteinshreinsunarstöðvarinnar til að koma í veg fyrir losun í andrúmsloft

– búnaður til brennisteinshreinsunar er alveg lokaður af

– lokið er alltaf haft á þegar deigla fyrir heitan málm er ekki í notkun, hreinsun á deiglum fyrir heitan málm og fjarlæging á skófum er framkvæmd reglulega eða að öðrum kosti er notað loftafsogskerfi á þaki (e. *roof extraction system*)

– ef loftafsogskerfi á þaki er ekki notað er deigla fyrir heitan málm alltaf höfð framan við málmbræðsluofninn í u.þ.b. tvær mínútur eftir að heitur málmur er settur í ofninn

– tölvustýringar og kjörnýtingar í stálframleiðsluferlinu, t.d. þannig að komið sé í veg fyrir yfirflæði (þ.e. þegar gjallið freyðir það mikið að það flæðir út úr kerinu) eða dregið úr því

– að draga úr yfirflæði við aftöppun með því að takmarka þætti sem valda yfirflæði og nota efni sem hindra yfirflæði

– að loka dyrum í herbergjum umhverfis ofninn meðan á súrefnisblæstri stendur

– samfellds eftirlits með sýnilegri losun með myndavél á þakinu

– notkunar á loftafsogskerfi á þaki.

Nothæfi

Í stöðvum sem fyrir eru getur hönnun stöðvarinnar takmarkað möguleika á tilhlýðilegri rýmingu.

79. Besta, fáanlega tækni til gjallvinnslu á staðnum er að draga úr ryklosun með því að nota einhverja þá tækni sem nefnd er hér á eftir eða sambland af þeim:

I. skilvirkt afsog úr gjallmulnings- og vinsunarbúnaði og síðan hreinsun á útblæstri, ef við á

II. flytja ómeðhöndlað gjall í hjólaskóflum

III. afsog eða bleytingu á umhleðslustöðum færibanda fyrir niðurbrotið efni

IV. bleytingu á gjallgeymsluhaugum

V. notkun á vatnsúða við hleðslu á brotnu gjalli.

Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir ryk, ef besta, fáanlega tækni I er notuð, er <10 –20 mg/Nm^3, ákvarðað sem meðaltal á sýnatökutímabilinu (stök mæling, punktasýni í a.m.k. hálfa klukkustund).

Vatn og skólp

80. Besta, fáanlega tækni er að koma í veg fyrir eða draga úr vatnsnotkun og skólplosun frá frumrykhreinsun á súrefnisofnagasi með því að nota eina af eftirfarandi tækni, eins og sett er fram í bestu, fáanlegu tækni 75 og bestu, fáanlegu tækni 76:

– þurrrykhreinsun á súrefnisofnagasi,

– lágmarka hreinsunarvatn og endurnota það eftir því sem framast er unnt (t.d. við kornun gjalls) ef blaut rykhreinsun er notuð.

81. Besta, fáanlega tækni er að lágmarka skólplosun frá samfelldri málmsteypu með því að nota sambland af eftirfarandi tækni:

I. fjarlægja föst efni með hnatfellingu, botnfellingu og/eða síun

II. fjarlægja olíu í skúmtönkum (e. *skimming tank*) eða öðrum skilvirkum búnaði

III. hringrás kælivatns og vatns úr myndun lofttæmis eftir því sem framast er unnt.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni, sem byggjast á slembisýni sem fullnægir tilteknum skilyrðum eða 24 klukkustunda samsettu sýni, fyrir skólp úr vélum til samfelldrar málmsteypu, eru:

– svifagnir	< 20 mg/l
– járn	< 5 mg/l
– sink	< 2 mg/l
– nikkel	< 0,5 mg/l
– króm samtals	< 0,5 mg/l
– vetniskolefni samtals	< 5 mg/l.

Leifar frá framleiðslu

82. Besta, fáanlega tækni er að koma í veg fyrir myndun úrgangs með því að nota einhverja þá tækni sem nefnd er hér á eftir eða sambland af þeim (sjá bestu, fáanlegu tækni 8):

I. viðeigandi söfnun og geymslu til að auðvelda sérstaka meðhöndlun

II. endurvinnslu á staðnum á ryki frá hreinsun reyks frá súrefnisofni, ryki frá fylgirykhreinsun og eldhúð frá samfelldri málmsteypu, til baka yfir í stálframleiðsluferlið, að teknu tilhlýðilegu tilliti til áhrifa af losun frá stöðinni þar sem endurvinnslan fer fram

III. endurvinnslu á staðnum á gjalli frá súrefnisofnum og smáum efnisögnum gjalls frá súrefnisofnum við ýmsa notkun

IV. gjallmeðhöndlun ef markaðsaðstæður gera ytri notkun gjalls kleifa (t.d. sem blöndunarefni (e. *aggregate*) í efni eða í byggingariðnaði)

V. notkun á síuryki og seyru til ytri endurheimtar á járni og járnlausum málmum, s.s. sinki í iðnaði með járnlausa málma

VI. notkun á botnfellingarþróm fyrir seyru og síðan endurvinnslu á grófum ögnum í glæðingar-/háofninum eða í sementsiðnaðinum ef dreifing kornastærðar gerir skaplegan aðskilnað mögulegan.

Nothæfi bestu, fáanlegu tækni V

Hægt er að nota heitkögglun og endurvinnslu á ryki með endurheimt á kögglum, sem innihalda mikið sink, til ytri endurnotkunar þegar þurr rafstöðuskiljun er notuð til að hreinsa súrefnisofnagasið. Endurheimt sinks með kögglun á ekki við í blautum rykhreinsunarkerfum vegna óstöðugrar botnfellingar í botnfellingarþróm af völdum vetnismyndunar (vegna efnahvarfs málmkennds sinks og vatns). Af þessum öryggisástæðum skal takmarka sinkinnihaldið í seyrunni við 8–10%.

Besta, fáanlega tækni er að stjórna leifum frá vinnslu í súrefnisofnum, sem hvorki er hægt að komast hjá né endurvinna, undir eftirliti.

Orka

83. Besta, fáanlega tækni er að safna, hreinsa og jafna súrefnisofnagas til síðari notkunar sem eldsneyti.

Nothæfi

Í sumum tilvikum er e.t.v. ekki efnahagslega hagkvæmt eða, með tilliti til viðeigandi orkustjórnunar, ekki gerlegt að endurheimta súrefnisofnagasið með bældri brennslu. Í þeim tilvikum er hægt að brenna súrefnisofnagasið með gufuframleiðslu. Tegund brennslu (full eða bæld brennsla) fer eftir staðbundinni orkustjórnun.

84. Besta, fáanlega tækni er að draga úr orkunotkun með því að nota deiglur með loki.

Nothæfi

Lokin geta verið mjög þung þar eð þau eru gerð úr eldföstum múrsteinum og því getur afkastageta krana og hönnun allrar byggingarinnar takmarkað nothæfið í stöðvum sem fyrir eru. Til er mismunandi tæknileg hönnun til að koma kerfinu í framkvæmd við tilteknar aðstæður í stálveri.

85. Besta, fáanlega tækni er að hámarka vinnsluna og draga úr orkunotkun með því að nota beint aftöppunarferli eftir blástur.

Lýsing

Bein aftöppun útheimtir venjulega dýran búnað s.s. sökklensukerfi (e. *sub-lance system*) eða DROP IN-nemakerfi til að tappa af án þess að beðið sé eftir efnagreiningu á sýnum sem tekin eru (bein aftöppun). Einnig hefur ný tækni verið þróuð til að hægt sé að tappa beint af án slíks búnaðar. Þessi tækni krefst mikillar reynslu og þróunarvinnu. Kolefnin eru í raun blásin beint niður í 0,04% og baðhitinn lækkar samtímis niður í nokkuð lága tölu. Bæði hitastigið og súrefnisvirknin eru mæld m.t.t. frekari aðgerða fyrir aftöppun.

Nothæfi

Gerð er krafa um hentugan búnað til greiningar á heitum málmi og gjallstöðvunar og framkvæmd tækninnar verður auðveldari ef ljósbogaofn til framhaldsvinnslu kvikmálms er fyrir hendi.

86. Besta, fáanlega tækni er að draga úr orkunotkun með samfelldri steypu á ræmum, nánast í endanlegu formi til notkunar, ef gæði og framleiðslusamsetning framleiddu stálflokkanna réttlætir það.

Lýsing

Samfelld steypa á ræmum, nánast í endanlegu formi til notkunar, er samfelld málmsteypa á stáli í ræmum af þykkt sem er undir 15 mm. Málmsteypuferlið fer fram ásamt beinni heitvölsun, kælingu og uppvafningu á ræmunum án milliofns fyrir upphitun sem er notaður í hefðbundinni málmsteyputækni, t.d. samfelldri málmsteypu á plötum eða þunnum plötum. Þess vegna er ræmusteypa (e. *strip casting*) tækni til að framleiða flatar stálræmur af mismunandi breiddum og þykktum sem eru undir 2 mm.

Nothæfi

Nothæfið ræðst af framleiddum flokkum stáls (t.d. er ekki hægt að framleiða þungar plötur með þessari vinnslu) og af vöruúrvali (framleiðslusamsetningu) einstakra stálvera. Í stöðvum sem fyrir eru getur nothæfið takmarkast af skipulagi og tiltæku rými þar eð t.d. ísetning endurbótarhlutar með ræmusteypara (e. *strip caster*) krefst u.þ.b. 100 metra lengdar.

1.7. *Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir stálframleiðslu og -steypu í rafknúnum ljósbogaofni*

Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni, sem koma fram í þessum lið, geta átt við um alla stálframleiðslu og -steypu í rafknúnum ljósbogaofnum nema annað sé tekið fram.

Losun út í andrúmsloft

87. Besta, fáanlega tækni fyrir vinnslu í rafknúnum ljósbogaofni er að koma í veg fyrir kvikasilfurslosun með því að forðast, eftir því sem framast er unnt, hráefni og hjálparefni sem innihalda kvikasilfur (sjá bestu, fáanlegu tækni 6 og 7).

88. Besta, fáanlega tækni fyrir fyrstu rykhreinsun og fylgirykhreinsun í rafknúnum ljósbogaofni (þ.m.t. forhitun á brotajárni, áfylling, bræðsla, aftöppun, ljósbogaofn til framhaldsvinnslu kvikmálms og fylgimálmvinnsla) er að ná fram skilvirku afsogi á öllum losunaruppsprettum með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir og nota síðan rykhreinsun með pokasíu:

I. sambland af beinu gasafsogi (4. eða 2. op) og hlífakerfum

II. beint gasafsog og afsogshýsing (e. *doghouse system*)

III. beint gasafsog og algjör rýming byggingar (afkastalitlir rafknúnir ljósbogaofnar þurfa e.t.v. ekki beint gasafsog til að ná sömu afsogsskilvirkni).

Heildarmeðaltal söfnunarvirkni sem tengist bestu, fáanlegu tækni er > 98%.

Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir ryk er < 5 mg/Nm^3, ákvarðað sem sólarhringsmeðaltal.

Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir kvikasilfur er < 0,05 mg/Nm^3, ákvarðað sem meðaltal á sýnatökutímabilinu (stök mæling, punktasýni í a.m.k. fjórar klukkustundir).

89. Besta, fáanlega tækni fyrir fyrstu rykhreinsun og fylgirykhreinsun í rafknúnum ljósbogaofni (þ.m.t. forhitun á brotajárni, áfylling, bræðsla, aftöppun, ljósbogaofn til framhaldsvinnslu kvikmálms og fylgimálmvinnsla) er að koma í veg fyrir og draga úr losun fjölklóraðra díbensódíoxína/fúrana og fjölklóraðra bífenýla með því að forðast, eftir því sem framast er unnt, hráefni sem innihalda fjölklóruð díbensódíoxín/fúrön og fjölklóruð bífenýl eða forefni þeirra (sjá bestu, fáanlegu tækni 6 og 7) og með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim ásamt viðeigandi rykhreinsunarkerfi:

I. viðeigandi eftirbrennslu

II. viðeigandi snöggkælingu

III. inndælingu á fullnægjandi ásogsefnum í loftrásina á undan rykhreinsun.

Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir fjölklóruð díbensódíoxín/fúrön er < 0,1 ng I-TEQ/Nm^3, byggt á 6–8 klukkustunda slembisýni við stöðug skilyrði. Í sumum tilvikum er einungis hægt að ná losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni með grundvallarráðstöfunum.

Nothæfi bestu, fáanlegu tækni I

Í stöðvum sem fyrir eru þarf að taka tillit til aðstæðna, s.s. tiltæks rýmis, tiltekins loftrásakerfis fyrir útblástur (e. *off-gas duct system*) o.s.frv., til að meta nothæfið.

90. Besta, fáanlega tækni til gjallvinnslu á staðnum er að draga úr ryklosun með því að nota einhverja þá tækni sem nefnd er hér á eftir eða sambland af þeim:

I. skilvirkt afsog úr gjallmulnings- og vinsunarbúnaði og síðan hreinsun á útblæstri, ef við á

II. flytja ómeðhöndlað gjall í hjólaskóflum

III. afsog eða bleytingu á umhleðslustöðum færibanda fyrir niðurbrotið efni

IV. bleytingu á gjallgeymsluhaugum

V. notkun á vatnsúða við hleðslu á brotnu gjalli.

Ef besta, fáanlega tækni I er notuð eru losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir ryk < 10–20 mg/Nm^3, ákvörðuð sem meðaltal á sýnatökutímabilinu (stök mæling, punktasýni í a.m.k. hálfa klukkustund).

Vatn og skólp

91. Besta, fáanlega tækni er að lágmarka vatnsnotkun frá vinnslu rafknúinna ljósbogaofna með því að nota vatnskælikerfi með lokaðri hringrás til að kæla búnað ofnsins, eftir því sem framast er unnt, nema notuð séu gegnumstreymiskælikerfi.

92. Besta, fáanlega tækni er að lágmarka skólplosun frá samfelldri málmsteypu með því að nota sambland af eftirfarandi tækni:

I. fjarlægja föst efni með hnatfellingu, botnfellingu og/eða síun

II. fjarlægja olíu í skúmtönkum eða í öðrum skilvirkum búnaði

III. hringrás kælivatns og vatns úr myndun lofttæmis eftir því sem framast er unnt.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir skólp frá vélum til samfelldrar málmsteypu, sem byggjast á slembisýni sem fullnægir tilteknum skilyrðum eða 24 klukkustunda samsettu sýni, eru:

– svifagnir	< 20 mg/l
– járn	< 5 mg/l
– sink	< 2 mg/l
– nikkel	< 0,5 mg/l
– króm samtals	< 0,5 mg/l
– vetniskolefni samtals	< 5 mg/l

Leifar frá framleiðslu

93. Besta, fáanlega tækni er að koma í veg fyrir myndun úrgangs með því að nota einhverja þá tækni sem nefnd er hér á eftir eða sambland af þeim:

I. viðeigandi söfnun og geymslu til að auðvelda sérstaka meðhöndlun

II. endurnýtingu og endurvinnslu á staðnum á eldföstum efnum úr mismunandi vinnslu og notkun innan stöðvar, t.d. til að skipta út dólómíti, magnesíti og kalki

III. notkun á síuryki til ytri endurheimtar á járnlausum málmum, s.s. sinki í iðnaði með járnlausa málma, ef nauðsyn krefur, eftir auðgun síuryks með hringrás í rafknúna ljósbogaofninn

IV. aðskilnað á eldhúð frá samfelldri málmsteypu í vatnsmeðhöndlunarferlinu og endurheimt og síðan endurvinnslu, t.d. í glæðingar-/háofni eða í sementsiðnaðinum

V. ytri notkun á eldföstum efnum og gjalli frá vinnslu í rafknúnum ljósbogaofni sem fylgihráefni ef markaðsaðstæður gera það kleift.

Besta, fáanlega tækni er að stjórna leifum frá vinnslu í rafknúnum ljósbogaofnum, sem hvorki er hægt að komast hjá né endurvinna, undir eftirliti.

Nothæfi

Ytri notkun eða endurvinnsla framleiðsluleifa, eins og tilgreint er samkvæmt bestu, fáanlegu tækni III–V, ræðst af samstarfi og samþykki þriðja aðila, sem er e.t.v. ekki undir yfirráðum rekstraraðilans, og því fellur aðilinn e.t.v. ekki undir gildissvið leyfisins.

Orka

94. Besta, fáanlega tækni er að draga úr orkunotkun með samfelldri steypu á ræmum, nánast í endanlegu formi til notkunar, ef gæði og framleiðslusamsetning framleiddu stálflokkanna réttlætir það.

Lýsing

Samfelld steypa á ræmum, nánast í endanlegu formi til notkunar, er samfelld málmsteypa á stáli í ræmum af þykkt sem er undir 15 mm. Málmsteypuferlið fer fram ásamt beinni heitvölsun, kælingu og uppvafningu á ræmunum án milliofns fyrir upphitun sem er notaður í hefðbundinni málmsteyputækni, t.d. samfelldri málmsteypu á plötum eða þunnum plötum. Þess vegna er ræmusteypa (e. *strip casting*) tækni til að framleiða flatar stálræmur af mismunandi breiddum og þykktum sem eru undir 2 mm.

Nothæfi

Nothæfið ræðst af framleiddum flokkum stáls (t.d. er ekki hægt að framleiða þungar plötur með þessari vinnslu) og af vöruúrvali (framleiðslusamsetningu) einstakra stálvera. Í stöðvum sem fyrir eru getur nothæfið takmarkast af skipulagi og tiltæku rými þar eð t.d. ísetning endurbótarhlutar með ræmusteypara (e. *strip caster*) krefst u.þ.b. 100 metra lengdar.

Hávaði

95. Besta, fáanlega tækni er að draga úr hávaðamengun frá stöðvum með rafknúnum ljósbogaofni og vinnslu sem myndar mikla hljóðorku með því að nota sambland af eftirfarandi byggingar- og rekstrartækni, háð staðbundnum aðstæðum og samkvæmt þeim (til viðbótar við notkun tækninnar sem tilgreind er í bestu, fáanlegu tækni 18):

I. smíða byggingu með rafknúnum ljósbogaofni þannig að hún dragi í sig hávaða frá vélrænum höggum sem stafa af starfrækslu ofnsins

II. smíða og setja upp krana til að flytja áfyllingarkörfurnar til að koma í veg fyrir vélræn högg

III. sérstök notkun á hljóðeinangrun á innveggjum og þökum til að koma í veg fyrir að hávaði frá byggingu með rafknúnum ljósbogaofni berist í loftinu

IV. ofn og útveggir hafðir aðskildir til að draga úr hávaða frá byggingu með rafknúnum ljósbogaofni sem rekja má til hönnunar

V. hýsa vinnslu sem framleiðir mikla hljóðorku (t.d einingu með rafknúnum ljósbogaofni og afkolunareiningu (e. *decarburisation unit*) innan aðalbyggingar.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2016/EES/27/18

frá 11. febrúar 2013

um að fastsetja niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB um losun í iðnaði, vegna sútunar á húðum og skinnum

(tilkynnt með númeri C(2013) 618)

(2013/84/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun) ([1]), einkum 5. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 1. mgr. 13. gr. tilskipunar 2010/75/ESB er gerð sú krafa að framkvæmdastjórnin skipuleggi upplýsingaskipti um losun í iðnaði milli sín og aðildarríkjanna, viðkomandi iðnaðar og frjálsra félagasamtaka, sem styðja umhverfisvernd, í því skyni að stuðla að samantekt tilvísunarskjala um bestu, fáanlegu tækni (BAT) eins og skilgreint er í 11. mgr. 3. gr. þeirrar tilskipunar.

2) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. tilskipunar 2010/75/ESB skulu upplýsingaskiptin varða frammistöðu stöðva og tækni að því er varðar losun, sett fram sem skammtíma- og langtímameðaltöl, eftir því sem við á, og tengdar viðmiðunaraðstæður, notkun og eðli hráefna, vatnsnotkun, orkunotkun og myndun úrgangs, tæknina sem notuð er, tengda vöktun, áhrif þvert á umhverfisþættina, efnahagslegan og tæknilegan lífvænleika og þróun á þeim vettvangi, bestu, fáanlegu tækni og tækninýjungar sem eru sanngreindar að teknu tilliti til þáttanna sem nefndir eru í a- og b-lið 2. mgr. 13. gr. þeirrar tilskipunar.

3) „Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni“, eins og skilgreint er í 12. mgr. 3. gr. tilskipunar 2010/75/ESB, eru lykilþáttur í tilvísunarskjölum um bestu, fáanlegu tækni þar sem settar eru fram niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni, lýsing á henni, upplýsingar til að meta notkunarsvið hennar, losunargildin sem tengjast þessari bestu, fáanlegu tækni, tengd vöktun, tengd notkunargildi og, eftir því sem við á, viðeigandi ráðstafanir til úrbóta á staðnum.

4) Í samræmi við 3. mgr. 14. gr. tilskipunar 2010/75/ESB eiga niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni að vera viðmiðun fyrir setningu leyfisskilyrða fyrir stöðvar sem falla undir II. kafla þeirrar tilskipunar.

5) Í 3. mgr. 15. gr. tilskipunar 2010/75/ESB er gerð sú krafa að lögbært yfirvald setji viðmiðunarmörk fyrir losun sem tryggja, við venjuleg rekstrarskilyrði, að losun fari ekki yfir losunargildin sem tengjast bestu, fáanlegu tækni eins og mælt er fyrir um í ákvörðununum um niðurstöður um bestu fáanlegu tækni sem vísað er til í 5. mgr. 13. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

6) Í 4. mgr. 15. gr. tilskipunar 2010/75/ESB er kveðið á um undanþágur frá kröfunum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 15. gr., einungis ef kostnaður sem tengist því að ná þeim losunargildum sem tengjast bestu, fáanlegu tækni er óeðlilega mikill í samanburði við umhverfislegan ávinning vegna landfræðilegrar staðsetningar, staðbundinna umhverfisaðstæðna eða tæknilegra eiginleika viðkomandi stöðvar.

7) Í 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 2010/75/ESB er kveðið á um að vöktunarkröfurnar í leyfinu, sem um getur í c-lið 1. mgr. 14. gr. tilskipunarinnar, eigi að byggjast á niðurstöðum vöktunar eins og lýst er í niðurstöðum um bestu, fáanlegu tækni.

8) Innan fjögurra ára frá birtingu ákvarðana um niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni skal lögbært yfirvald, í samræmi við 3. mgr. 21. gr. tilskipunar 2010/75/ESB, endurmeta og, ef nauðsyn krefur, uppfæra öll skilyrði fyrir leyfum og tryggja að stöðin uppfylli þessi leyfisskilyrði.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 45, 16.2.2013, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 229/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17.

9) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 16. maí 2011 um að koma á fót samstarfsvettvangi til upplýsingaskipta skv. 13. gr. tilskipunar 2010/75/ESB um losun í iðnaði ([2]) var komið á fót samstarfsvettvangi sem samanstendur af fulltrúum aðildarríkjanna, viðkomandi iðnaðar og frjálsra félagasamtaka sem styðja umhverfisvernd.

10) Hinn 13. september 2012 fékk framkvæmdastjórnin álit samstarfsvettvangsins ([3]), í samræmi við 4. mgr. 13. gr. tilskipunar 2010/75/ESB, á fyrirhuguðu efni tilvísunarskjalanna um bestu, fáanlegu tækni vegna sútunar á húðum og skinnum og gerði það aðgengilegt öllum.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 75. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni (BAT) vegna sútunar á húðum og skinnum eru settar fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 11. febrúar 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

([2]) Stjtíð. ESB C 146, 17.5.2011, bls. 3.

([3]) http://circa.europa.eu/Public/irc/env/ied/library?l=/ied_art_13_forum/opinions_article

VIÐAUKI

NIÐURSTÖÐUR UM BESTU FÁANLEGU TÆKNI VEGNA SÚTUNAR Á HÚÐUM OG SKINNUM

GILDISSVIÐ 606

SKILGREININGAR 606

1.1. Almennar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni vegna sútunar á húðum og skinnum 607

1.1.1. Umhverfisstjórnunarkerfi 607

1.1.2. Góðar starfsvenjur í daglegum rekstri 607

1.2. Vöktun 608

1.3. Vatnsnotkun haldið í lágmarki 609

1.4. Skerðing á losun í skólp 610

1.4.1. Skerðing á losun í skólp frá vinnslustigum í kalkhúsi (e. *beamhouse*) 610

1.4.2. Skerðing á losun í skólp frá vinnslustigum í sútunarsal 611

1.4.3. Skerðing á losun í skólp frá vinnslustigum eftir sútun 612

1.4.4. Önnur skerðing á losun í skólp 612

1.5. Meðhöndlun losunar í vatn 613

1.6. Losun í lofti 615

1.6.1. Lykt 615

1.6.2. Rokgjörn, lífræn efnasambönd 616

1.6.3. Efnisagnir 617

1.7. Meðhöndlun úrgangs 617

1.8. Orka 619

GILDISSVIÐ

Þessar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni varða eftirfarandi starfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2010/75/ESB, nánar tiltekið:

– 6.3 *Sútun á húðum og skinnum þar sem vinnslugetan er yfir 12 tonnum af fullunninni vöru á dag.*

– 6.11 *Einkarekin meðhöndlun á skólpi sem fellur ekki undir tilskipun ráðsins 91/271/EBE* ([4]) *og er losað af stöð* sem stundar starfsemi sem fellur undir lið 6.3 hér að framan.

Nema annað sé tekið fram geta þessar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni gilt um allar stöðvar sem falla undir niðurstöðurnar.

Önnur tilvísunarskjöl, sem varða starfsemi sem fellur undir þessar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni, eru eftirfarandi:

Tilvísunarskjal	Viðfangsefni
Orkunýtni (ENE)	Almenn orkunýtni
Efnahagslegir þættir og þverlæg umhverfisáhrif (e. *Economic and Cross-Media Effects* (ECM))	Efnahagslegir þættir og þverlæg umhverfisáhrif tækni
Almennar meginreglur varðandi vöktun (MON)	Vöktun á losun og notkun
Losun frá geymslu (EFS)	Losun frá tönkum, pípulögnum og efnum sem eru í geymslu
Brennsla úrgangs (WI)	Brennsla úrgangs
Úrgangsmeðhöndlunariðnaður (WT)	Meðhöndlun úrgangs

Tæknin, sem er talin upp og lýst í þessum niðurstöðum um bestu, fáanlegu tækni, er hvorki forskrift né tæmandi. Nota má aðra tækni sem tryggir a.m.k. samsvarandi umhverfisverndarstig.

SKILGREININGAR

Að því er varðar þessar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni gilda eftirfarandi skilgreiningar:

Kalkhús/afhárun	Sá hluti sútunarstöðvarinnar þar sem húðir eru bleyttar, kalkaðar, skrapaðar og afháraðar, ef nauðsyn krefur, fyrir sútunarferlið.
Aukaafurð	Hlutur eða efni sem uppfyllir kröfurnar í 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB ([1]).
Stöð sem fyrir er	Stöð sem er ekki ný stöð.
Vinnsluker sem fyrir er	Vinnsluker sem er ekki nýtt vinnsluker.
Ný stöð	Stöð sem er tekin í gagnið í fyrsta sinn eftir birtingu þessara niðurstaðna um bestu, fáanlegu tækni eða stöð sem kemur að öllu leyti í stað stöðvar sem fyrir er eftir birtingu þessara niðurstaðna um bestu, fáanlegu tækni.
Nýtt vinnsluker	Vinnsluker sem er tekið í gagnið í fyrsta sinn í stöðinni eftir birtingu þessara niðurstaðna um bestu, fáanlegu tækni eða alger endursmíði vinnslukers eftir birtingu þessara niðurstaðna um bestu, fáanlegu tækni.
Sútunarstöð	Stöð sem sinnir starfseminni „sútun á húðum og skinnum þar sem vinnslugetan er yfir 12 tonnum af fullunninni vöru á dag“ (starfsemi 6.3 í I. viðauka við tilskipun 2010/75/ESB).
Sútunarsalur	Sá hluti sútunarstöðvar þar sem pæklun og sútun fara fram.
Skólphreinsistöð fyrir þéttbýli	Stöð sem fellur undir tilskipun 91/271/EBE.

([1]) Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3.

([4]) Stjtíð. EB L 135, 30.5.1991, bls. 40.

1.1. *Almennar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni vegna sútunar á húðum og skinnum*

1.1.1. Umhverfisstjórnunarkerfi

1. Í því skyni að bæta heildarvistvænleika sútunarstöðvar er besta, fáanlega tækni að hrinda í framkvæmd og fylgja umhverfisstjórnunarkerfi sem felur í sér alla eftirfarandi þætti:

i. skuldbindingu stjórnar, þ.m.t. yfirstjórnar,

ii. skilgreiningu á umhverfisstefnu sem felur í sér stöðugar endurbætur á stöðinni af hálfu stjórnenda,

iii. áætlanagerð og að koma á nauðsynlegum málsmeðferðarreglum, almennum og sértækum markmiðum í tengslum við fjárhagsáætlun og fjárfestingu,

iv. framkvæmd málsmeðferðarreglna þar sem sérstök áhersla er lögð á:

a) skipulag og ábyrgð,

b) þjálfun, næmi og hæfni,

c) samskipti,

d) aðild starfsmanna,

e) skjalahald,

f) skilvirka vinnslustjórnun,

g) viðhaldsáætlanir,

h) viðbúnað og viðbrögð við neyðarástandi,

i) að tryggt sé að farið sé að ákvæðum umhverfislöggjafarinnar,

v. mat á frammistöðu og að gripið sé til aðgerða til úrbóta þar sem sérstök áhersla er lögð á:

a) vöktun og mælingar (sjá einnig tilvísunarskjal um almennar meginreglur um vöktun),

b) aðgerðir til úrbóta og forvarnarstarf,

c) viðhald skráa,

d) óháða (ef það er gerlegt) innri og ytri endurskoðun til að ákvarða hvort umhverfisstjórnunarkerfið samræmist skipulagðri tilhögun eða ekki og hafi verið hrint í framkvæmd og viðhaldið á tilhlýðilegan hátt,

vi. endurskoðun yfirstjórnar á umhverfisstjórnunarkerfinu og áframhaldandi hentugleika þess, nægjanleika og skilvirkni,

vii. að fylgjast með þróun hreinni tækni,

viii. að taka tillit til umhverfisáhrifa af völdum lokunar stöðvarinnar, sem síðar verður, á því stigi þegar ný stöð er hönnuð og meðan hún er í rekstri,

ix. reglubundna notkun samanburðarviðmiðana eftir geirum.

Að því er varðar sútun skinna og húða sérstaklega er einnig mikilvægt að hafa í huga eftirfarandi hugsanlega þætti umhverfisstjórnunarkerfisins:

x. að auðvelda lokun, viðhald skráa er varða þá staði á stöð þar sem tiltekin vinnslustig fara fram,

xi. önnur atriði sem tilgreind eru í niðurstöðum um bestu, fáanlegu tækni 2 (BAT 2).

Nothæfi

Gildissvið (t.d. sundurliðunarstig) og eðli umhverfisstjórnunarkerfisins (t.d. staðlað eða ekki staðlað) mun almennt tengjast eðli og umfangi stöðvarinnar og því hversu flókin hún er og þeim umhverfisáhrifum sem hún kann að hafa.

1.1.2. Góðar starfsvenjur í daglegum rekstri

2. Í því skyni að halda umhverfisáhrifum framleiðsluferlisins í lágmarki er besta, fáanlega tækni að beita meginreglunum um góðar starfsvenjur í daglegum rekstri með því að nota sambland af eftirfarandi tækni:

i. vandlegu vali og eftirliti með efnum og hráefnum (t.d. gæði skinna, gæði íðefna),

ii. aðfanga- og afurðagreiningu á grundvelli íðefnaskrár (e. *chemical inventory*), þ.m.t. magn og eiturefnafræðilegir eiginleikar,

iii. lágmörkun á íðefnanotkun að því lágmarksmagni sem krafist er samkvæmt gæðaforskrift fullunnu vörunnar,

iv. vandlegri meðhöndlun og geymslu á hráefnum og fullunnum vörum til að draga úr lekum, slysum og vatnssóun,

v. aðskilnaði á straumum úrgangs, ef það er gerlegt, í því skyni að gera kleift að endurvinna tiltekna strauma úrgangs,

vi. vöktun á mikilvægum vinnslubreytum til að tryggja stöðugleika framleiðsluferlisins,

vii. reglulegu viðhaldi á kerfunum fyrir meðhöndlun frárennslis,

viii. endurskoðun á möguleikum til endurnotkunar á vinnsluvatni/þvottavatni,

ix. endurskoðun á möguleikum vegna förgunar úrgangs.

1.2. *Vöktun*

3. Besta, fáanlega tækni er að vakta losun og aðrar vinnslubreytur sem máli skipta, þ.m.t. þær sem tilgreindar eru hér á eftir, með viðeigandi tilgreindri tíðni og að vakta losun samkvæmt EN-stöðlum. Ef EN-staðlar eru ekki fáanlegir er besta, fáanlega tækni að nota staðla Alþjóðlegu staðlasamtakanna, landsbundna staðla eða aðra alþjóðlega staðla sem tryggja að gögnin verði vísindalega jafn traust.

	Breyta	Tíðni	Nothæfi
a	**Mælingar á vatnsnotkun á vinnslustigunum tveimur: fram að sútun og eftir sútun og skráning framleiðslu á sama tímabili.**	Að minnsta kosti mánaðarlega.	Gildir um stöðvar þar sem blautvinnsla fer fram.
b	**Skráning á magni íðefna, sem notuð eru í vinnslunni, sem er notað á hverju vinnslustigi og skráning framleiðslu á sama tímabili.**	Að minnsta kosti árlega.	Á almennt við.
c	**Vöktun á styrk súlfíðs og heildarstyrk króms í skólpi eftir meðhöndlun til beinnar sleppingar út í viðtökuvatn með því að nota samsett sýni sem eru dæmigerð fyrir hlutfallslegt rennsli yfir 24 klukkustunda tímabil.** **Vöktun á styrk súlfíðs og heildarstyrk króms eftir útfellingu á krómi til óbeinnar sleppingar með því að nota samsett sýni sem eru dæmigerð fyrir hlutfallslegt rennsli yfir 24 klukkustunda tímabil.**	Vikulega eða mánaðarlega.	Vöktun á styrk króms skal fara fram á stöð eða utan hennar þar sem útfelling á krómi á sér stað. Ef það er fjárhagslega hagkvæmt skal vöktun á styrk súlfíðs fara fram á stöðvum sem annast einhvern hluta skólphreinsunar innan stöðvarinnar eða utan hennar, að því er varðar að meðhöndla skólp frá sútunarstöðvum.
d	**Vöktun á efnafræðilegri súrefnisþörf, lífrænni súrefnisþörf og ammoníaksbundnu köfnunarefni eftir skólphreinsun innan stöðvar eða utan hennar til beinnar sleppingar út í viðtökuvatn með því að nota samsett sýni sem eru dæmigerð fyrir hlutfallslegt rennsli yfir 24 klukkustunda tímabil.** **Vöktun á heildarmagni svifagna eftir skólphreinsun innan stöðvar eða utan hennar til beinnar sleppingar út í viðtökuvatn.**	Vikulega eða mánaðarlega. Þörf er á tíðari mælingum ef vinnsla breytist.	Á við um stöðvar sem annast einhvern hluta skólphreinsunar innan stöðvarinnar eða utan hennar, að því er varðar að meðhöndla skólp frá sútunarstöðvum.

	Breyta	Tíðni	Nothæfi
e	**Vöktun á halógenuðum lífrænum efnasamböndum eftir skólphreinsun innan stöðvar eða utan hennar til beinnar sleppingar út í viðtökuvatn.**	Með reglulegu millibili.	Á við um stöðvar þar sem halógenuð lífræn efnasambönd eru notuð við framleiðsluferlið og geta sloppið út í viðtökuvatn.
f	**Mælingar á sýrustigi eða möguleika á afoxun/oxun við vökvaúttak votþvegla.**	Samfellt.	Á við um stöðvar sem nota vothreinsun til að draga úr losun á brennisteinsvetni eða ammoníaki út í andrúmsloftið.
g	**Árlegt skráarhald yfir leysa og skráning framleiðslu á sama tímabili.**	Árlega.	Á við um stöðvar sem sjá um lokameðhöndlun með því að nota leysa og vatnsblönduð yfirborðsmeðferðarefni eða svipuð efni til að takmarka notkun á leysum.
h	**Vöktun á losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda við úttak hreinsibúnaðar og skráning framleiðslu.**	Samfellt eða með reglulegu millibili.	Á við um stöðvar þar sem fram fer lokameðhöndlun með leysum ásamt hreinsun.
i	**Leiðbeinandi vöktun á þrýstingsfalli í pokasíum.**	Með reglulegu millibili.	Á við um stöðvar sem nota pokasíur til að draga úr losun á efnisögnum ef bein slepping á sér stað út í andrúmsloftið.
j	**Prófanir á hremmingargetu vothreinsunarkerfa.**	Árlega.	Á við um stöðvar sem nota vothreinsun til að draga úr losun á efnisögnum ef bein slepping á sér stað út í andrúmsloftið.
k	**Skráning á magni leifa úr vinnslu sem er sent til endurheimtar, endurnotkunar, endurnýtingar og förgunar.**	Með reglulegu millibili.	Á almennt við.
l	**Skráning allrar orkunotkunar og framleiðslu á sama tímabili.**	Með reglulegu millibili.	Á almennt við.

1.3. *Vatnsnotkun haldið í lágmarki*

4. Til að lágmarka vatnsnotkun er besta, fáanlega tækni að nota aðra eða báðar tækniaðferðirnar sem eru tilgreindar hér á eftir.

	Tækni	Lýsing	Nothæfi
a	**Hámarksvatnsnýting á öllum stigum blautvinnslu, þ.m.t. þvottur í lotum í stað þess að þvo með rennandi vatni**	Hámarksvatnsnýtingu er náð með því að ákvarða hámarksmagnið sem þarf fyrir hvert vinnslustig og nota mælibúnað til að rétt magn sé notað. Þvottur í lotum felur í sér þvott á húðum og skinnum við vinnslu með því að setja nauðsynlegt magn af hreinu vatni í vinnsluker og er virkni þess nýtt til að ná tilskildum hristingi í stað þess að nota rennandi vatn við þvottinn sem felur í sér inn- og útstreymi mikils vatnsmagns.	Á við um allar stöðvar sem sinna blautvinnslu.
b	**Notkun á litlu vatnsmagni (e. *short float*)**	Notkun á litlu vatnsmagni felur í sér að magn vinnsluvatns í hlutfalli við magn húða og skinna sem eru í vinnslu er minna en þegar hefðbundnar vinnsluaðferðir eru notaðar. Á þessari minnkun eru neðri mörk vegna þess að vatnið gegnir einnig hlutverki sem smurefni og kælivökvi fyrir húðirnar eða skinnin við vinnslu. Snúningur vinnslukerja, sem innihalda takmarkað magn af vatni, krefst öflugri drifbúnaðar vegna þess að massinn, sem verið er að snúa, er ójafn.	Ekki er unnt að nota þessa tækni í litunarferlinu eða við vinnslu á kálfskinni. Nothæfið takmarkast líka við: — ný vinnsluker, — vinnsluker sem fyrir eru sem gefa möguleika á notkun á litlu vatnsmagni eða unnt er að breyta þeim svo það sé mögulegt.

Endurskoðun á möguleikum á því að endurnota vinnsluvatn/þvottavatn er liður í umhverfisstjórnunarkerfi (sjá bestu, fáanlegu tækni 1) og meginreglunum um góðar starfsvenjur í daglegum rekstri (sjá bestu, fáanlegu tækni 2).

Gildi fyrir vatnsnotkun í tengslum við bestu, fáanlegu tækni

Sjá töflu 1 (nautgripahúðir) og töflu 2 (skinn af sauðfé).

Tafla 1

Gildi fyrir vatnsnotkun í tengslum við bestu, fáanlegu tækni til vinnslu á nautgripahúðum

Vinnslustig	Vatnsnotkun á hvert tonn af óunninni húð ([1]) (m^3/t)	
	Ósaltaðar húðir	Saltaðar húðir
Frá óunnum húðum til krómsútaðra/hvítsútaðra	10 til 15	13 til 18
Vinnsla eftir sútun og lokameðhöndlun	6 til 10	6 til 10
Heildarnotkun.	16 til 25	19 til 28

([1]) Mánaðarleg meðalgildi. Vinnsla kálfskinna og jurtasútun getur krafist meiri vatnsnotkunar

Tafla 2

Gildi fyrir vatnsnotkun í tengslum við bestu, fáanlegu tækni til vinnslu á skinnum af sauðfé

Vinnslustig	Tiltekin vatnsnotkun ([1])
	lítrar á hvert skinn
Frá óunnum húðum til pæklaðra	65 til 80
Frá pækluðum húðum til krómsútaðra	30 til 55
Vinnsla eftir sútun og lokameðhöndlun	15 til 45
Samtals	110 til 180

([1]) Mánaðarleg meðalgildi. Gæruskinn af sauðfé geta krafist meiri vatnsnotkunar.

1.4. *Skerðing á losun í skólp*

1.4.1. Skerðing á losun í skólp frá vinnslustigum í kalkhúsi (e. *beamhouse*)

5. Í því skyni að draga úr innihaldi mengunarefna í skólpi fyrir hreinsun vegna vinnslustiga í kalkhúsinu er besta, fáanlega tækni að nota viðeigandi sambland af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir.

Tækni		Lýsing	Nothæfi
a	**Notkun á litlu vatnsmagni (e. *short float*)**	Notkun á litlu vatnsmagni felur í sér minnkað magn af vinnsluvatni. Þegar minna vatn er fyrir hendi er dregið úr magni þeirra íðefna, sem notuð eru í vinnslunni, sem er fargað í óhvörfuðu formi.	Þessa tækni er ekki hægt að nota við vinnslu á kálfskinni. Nothæfið takmarkast líka við: — ný vinnsluker, — vinnsluker sem fyrir eru sem gefa möguleika á notkun á litlu vatnsmagni eða unnt er að breyta þeim svo það sé mögulegt.

Tækni		Lýsing	Nothæfi
b	**Notkun á hreinum húðum eða skinnum**	Notkun á húðum og skinnum sem hafa minna af húsdýraáburði á yfirborðinu, mögulega með formlegu kerfi um hreinar húðir (e. *clean hides scheme*).	Nothæfi takmarkast af framboði af hreinum húðum.
c	**Vinnsla á nýjum húðum eða skinnum**	Notaðar eru ósaltaðar húðir eða skinn. Notuð er hröð kæling eftir slátrun ásamt annaðhvort stuttum afhendingartíma eða flutningi og geymslu við hitastýrð skilyrði til að koma í veg fyrir að þau spillist.	Nothæfið takmarkast af framboði nýrra húða eða skinna. Þetta er ekki hægt að nota ef aðfangakeðjan er lengri en tveir dagar.
d	**Laust salt hrist af húðum með vélrænum aðferðum**	Saltaðar húðir eru opnaðar fyrir vinnslu þannig að unnt sé að hrista þær eða þeim velt þannig að laust salt dettur af þeim og þær eru ekki settar í bleyti.	Nothæfið takmarkast við sútunarstöðvar sem vinna saltaðar húðir.
e	**Hár varðveitt við afhárun**	Afhárun er gerð með því að leysa upp hárrótina frekar en allt hárið. Hárið, sem eftir er, er síað úr frárennslinu. Dregið er úr styrk efna til að brjóta niður hár í frárennslinu.	Þessi tækni á ekki við ef stöðvar sem vinna hár til notkunar eru ekki innan hæfilegrar flutningsfjarlægðar eða ef ekki er unnt að nýta hárið. Nothæfið takmarkast líka við: — ný vinnsluker, — vinnsluker sem fyrir eru sem gefa möguleika á notkun tækninnar eða unnt er að breyta þeim svo það sé mögulegt.
f	**Notkun á lífrænum brennisteinssamböndum eða ensímum við afhárun nautgripahúða**	Dregið er úr magni ólífrænna súlfíða við afhárun með því að nota að hluta til lífræn brennisteinssambönd í stað þeirra eða með því að nota að auki viðeigandi ensím.	Viðbótarnotkun á ensímum á ekki við um sútunarstöðvar sem framleiða leður með sjáanlegum hárham (t.d. anilínleður).
g	**Minni notkun á ammóníumi við afkölkun**	Notkun á ammóníumsamböndum við afkölkun er að hluta til eða öllu leyti skipt út fyrir inndælingu koltvísýrings og/eða notkun á öðrum staðgönguefnum til afkölkunar.	Ekki er unnt að skipta ammóníumsamböndum að öllu leyti út fyrir koltvísýring við afkölkun í vinnslu á efnum sem eru þykkri en 1,5 mm. Nothæfi þess að skipta ammóníumsamböndum að hluta til eða að öllu leyti út fyrir koltvísýring við afkölkun takmarkast einnig við: — ný vinnsluker, — vinnsluker sem fyrir eru sem gefa möguleika á notkun koltvísýrings við afkölkun eða unnt er að breyta þeim svo það sé mögulegt.

1.4.2. Skerðing á losun í skólp frá vinnslustigum í sútunarsal

6. Í því skyni að draga úr innihaldi mengunarefna í skólpinu fyrir hreinsun vegna vinnslustiga í sútunarsalnum er besta, fáanlega tækni að nota viðeigandi sambland af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir.

Tækni		Lýsing	Nothæfi
a	**Notkun á litlu vatnsmagni (e. *short float*)**	Notkun á litlu vatnsmagni felur í sér minnkað magn af vinnsluvatni. Þegar minna vatn er fyrir hendi er dregið úr magni þeirra íðefna, sem notuð eru í vinnslunni, sem er fargað í óhvörfuðu formi.	Þessa tækni er ekki hægt að nota við vinnslu á kálfskinni. Nothæfið takmarkast líka við: — ný vinnsluker, — vinnsluker sem fyrir eru sem gefa möguleika á notkun á litlu vatnsmagni eða unnt er að breyta þeim svo það sé mögulegt.
b	**Upptaka krómsútunarefna hámörkuð**	Bestun á vinnslubreytum (t.d. sýrustig, vatnsmagn, hitastig, tími og snúningshraði tunnu) og notkun íðefna til að auka hlutfall krómsútunarefna sem húðirnar eða skinnin taka upp.	Á almennt við.
c	**Hámarkaðar aðferðir við jurtasútun**	Sútun í tunnu notuð við hluta af vinnslunni. Notkun á forsútunarefnum til að auðvelda gegnþrengingu jurtatannína.	Þetta er ekki hægt að nota við framleiðslu á leðri í sóla, sem er jurtasútað.

1.4.3. Skerðing á losun í skólp frá vinnslustigum eftir sútun

7. Í því skyni að draga úr innihaldi mengunarefna í skólpinu fyrir hreinsun vegna vinnslustiga eftir sútun er besta, fáanlega tækni að nota viðeigandi sambland af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir.

Tækni		Lýsing	Nothæfi
a	**Notkun á litlu vatnsmagni (e. *short float*)**	Notkun á litlu vatnsmagni felur í sér minnkað magn af vinnsluvatni. Þegar minna vatn er fyrir hendi er dregið úr magni þeirra íðefna, sem notuð eru í vinnslunni, sem er fargað í óhvörfuðu formi.	Ekki er unnt að nota þessa tækni í litunarferlinu eða við vinnslu á kálfskinni. Nothæfið takmarkast líka við: — ný vinnsluker, — vinnsluker sem fyrir eru sem gefa möguleika á notkun á litlu vatnsmagni eða unnt er að breyta þeim svo það sé mögulegt.
b	**Hámörkun endursútunar, litunar og áburðar fituefna**	Bestun á vinnslubreytum til að tryggja hámarksupptöku íðefna sem notuð eru í vinnslunni.	Á almennt við.

1.4.4. Önnur skerðing á losun í skólp

8. Í því skyni að koma í veg fyrir losun tiltekinna varnarefna í skólp er besta, fáanlega tækni að vinna eingöngu húðir eða skinn sem hafa ekki verið meðhöndluð með slíkum efnum.

Lýsing

Tæknin tekur til forskrifta í vörusamningum um efni sem eru laus við varnarefni sem eru:

— tilgreind í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/105/EB frá 16. desember 2008 um umhverfisgæðakröfur að því er varðar stefnu í vatnsmálum ([5]),

— tilgreind í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 frá 29. apríl 2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni ([6]),

— flokkuð sem krabbameinsvaldar, stökkbreytivaldar eða æxlunarskaðandi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna ([7]).

Dæmi um slík efni eru DDT (díklórdífenýltríklóretan), sýklódíenvarnarefni (aldrín, díeldrín, endrín, ísódrín) og HCH (hexaklórsýklóhexan), þ.m.t. lindan.

Nothæfi

Á almennt við um sútunarstöðvar að því marki sem unnt er að stjórna forskriftunum fyrir birgja skinna og húða utan ESB.

9. Í því skyni að halda losun sæfiefna í skólp í lágmarki er besta, fáanlega tækni að vinna húðir eða skinn eingöngu með sæfivörum sem eru samþykktar í samræmi við ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([8]).

1.5. *Meðhöndlun losunar í vatn*

10. Í því skyni að draga úr losun í viðtökuvatn er besta, fáanlega tækni að hreinsa skólp með því að nota viðeigandi sambland af eftirfarandi tækni, innan stöðvarinnar eða utan hennar:

i. vélræna meðhöndlun,

ii. eðlis- og efnafræðilega meðhöndlun,

iii. líffræðilega meðhöndlun,

iv. líffræðilega fjarlægingu köfnunarefnis.

Lýsing

Notkun viðeigandi samblands af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir. Unnt er að nota sambland tækniaðferða innan stöðva eða utan þeirra, í tveimur eða þremur áföngum.

Tækni		Lýsing	Nothæfi
a	**Vélræn meðhöndlun**	Vinsun stórsærra fastra efna, fleyting fitu, olíu og feiti og fjarlæging fastra efna með botnfellingu.	Á almennt við um meðhöndlun á stöðinni og/eða utan hennar.
b	**Eðlis- og efnafræðileg meðhöndlun**	Oxun og/eða útfelling súlfíðs, efnafræðileg súrefnisþörf og fjarlæging svifagna, t.d. með storknun og hnatfellingu. Krómútfelling með því að hækka sýrustigið í pH 8 eða meira með notkun á basa (t.d. kalsíumhýdroxíði, magnesíumoxíði, natríumkarbónati, natríumhýdroxíði, natríumálati).	Á almennt við um meðhöndlun á stöðinni og/eða utan hennar.
c	**Líffræðileg meðhöndlun**	Loftháð, líffræðileg hreinsun skólps með loftun, þ.m.t. fjarlæging svifagna t.d. með botnfellingu eða annars stigs fleytingu.	Á almennt við um meðhöndlun á stöðinni og/eða utan hennar.
d	**Líffræðileg fjarlæging köfnunarefnis**	Nítrun ammoníaksbundinna köfnunarefnissambanda í nítröt og síðan afoxun nítrata í loftkennt köfnunarefni.	Á við um stöðvar með beina losun í viðtökuvatn. Erfitt að hrinda í framkvæmd í stöðvum sem fyrir eru þar sem er takmarkað rými.

([5]) Stjtíð. ESB L 348, 24.12.2008, bls. 84.
([6]) Stjtíð. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 7.
([7]) Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.
([8]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni

Sjá töflu 3. Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni gilda um:

i. beina losun skólps frá skólphreinsistöðvum við sútunarstöðvar,

ii. beina losun skólps frá skólphreinsistöðvum sem eru einkareknar og falla undir lið 6.11 í I. viðauka við tilskipun 2010/75/ESB og sem meðhöndla aðallega skólp frá sútunarstöðvum.

Tafla 3

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir beina losun skólps eftir meðhöndlun

Breyta	Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni mg/l (mánaðarleg meðalgildi sem byggjast á meðaltali dæmigerðra samsettra sólarhringssýna sem eru tekin á mánaðartímabili)
Efnafræðileg súrefnisþörf (COD)	200–500([1])
Lífræn súrefnisþörf $(BOD)_5$	15–25
Svifagnir	< 35
Ammoníaksbundið köfnunarefni NH_4-N (sem N)	< 10
Króm samtals (sem Cr)	< 0,3–1
Súlfíð (sem S)	< 1

([1]) Efra gildið tengist styrk efnafræðilegrar súrefnisþarfar við inntak sem er ≥ 8000 mg/l.

11. Í því skyni að draga úr króminnihaldi í losun skólps er besta, fáanlega tækni að nota krómútfellingu á stöðinni eða utan hennar.

Lýsing

Sjá bestu, fáanlegu tækni 10, tækni b.

Skilvirkni krómútfellingar er meiri ef um er að ræða aðskilda, óblandaða strauma sem bera með sér króm.

Nothæfi

Á almennt við um meðhöndlun innan stöðvar og/eða utan hennar á skólpi í frárennsli sútunarstöðva þar sem fram fer krómsútun og/eða endursútun.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni

Sjá töflu 3 fyrir losunargildi króms sem tengjast bestu, fáanlegu tækni að því er varðar beina losun í viðtökuvatn og töflu 4 fyrir losunargildi króms sem tengjast bestu, fáanlegu tækni að því er varðar óbeina losun í skólphreinsistöðvar í þéttbýli.

12. Í því skyni að draga úr heildarlosun á krómi og súlfíði með óbeinni losun skólps frá sútunarstöðvum í skólphreinsistöðvar í þéttbýli er besta, fáanlega tækni að beita krómútfellingu og súlfíðoxun.

Lýsing

Sjá bestu, fáanlegu tækni 10, tækni b.

Skilvirkni fjarlægingar er meiri ef um er að ræða aðskilda, óblandaða strauma sem bera með sér króm/súlfíð.

Súlfíðoxun felur í sér hvataða oxun (loftun með mangansöltum).

Nothæfi

Krómútfelling á almennt við um meðhöndlun innan stöðvar og/eða utan hennar á skólpi í frárennsli súrunarstöðva þar sem fram fer krómsútun og/eða endursútun.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni

Sjá töflu 4 fyrir losunargildi króms og súlfíðs sem tengjast bestu, fáanlegu tækni að því er varðar óbeina losun í skólphreinsistöðvar í þéttbýli.

Tafla 4

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir heildarlosun á krómi og súlfíði með óbeinni losun skólps frá súrunarstöðvum í skólphreinsistöðvar í þéttbýli

Breyta	Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni
	mg/l (mánaðarleg meðalgildi sem byggjast á meðaltali dæmigerðra samsettra sólarhringssýna sem eru tekin á mánaðartímabili)
Króm samtals (sem Cr)	< 0,3–1
Súlfíð (sem S)	< 1

1.6. *Losun í lofti*

1.6.1. Lykt

13. Í því skyni að draga úr myndun ammoníakslyktar frá vinnslu er besta, fáanlega tækni að skipta ammóníumsamböndum að hluta til eða að öllu leyti út við afkölkun.

Nothæfi

Ekki er unnt að skipta ammóníumsamböndum að öllu leyti út fyrir koltvísýring við afkölkun í vinnslu á efnum sem eru þykkri en 1,5 mm.

Nothæfi þess að skipta ammóníumsamböndum að hluta til eða að öllu leyti út fyrir koltvísýring við afkölkun takmarkast einnig við ný vinnsluker og vinnsluker sem fyrir eru sem gefa möguleika á notkun koltvísýrings við afkölkun eða sem unnt er að breyta svo það sé mögulegt.

14. Í því skyni að draga úr losun lyktar frá vinnslustigum og skólphreinsun er besta, fáanlega tækni að draga úr losun ammoníaks og brennisteinsvetnis með hreinsun og/eða lífsíun útblásturs með greinanlegri lykt af þessum lofttegundum.

15. Í því skyni að koma í veg fyrir að lykt myndist af niðurbroti óunninna húða eða skinna er besta, fáanlega tækni að nota söltun og geymslu, sem ætlað er að koma í veg fyrir niðurbrot, ásamt mikilli birgðaveltu.

Lýsing

Rétt söltun eða hitastýring, hvort um sig ásamt mikilli birgðaveltu, til að koma í veg fyrir lykt frá niðurbroti.

16. Í því skyni að draga úr losun lyktar frá úrgangi er besta, fáanlega tækni að nota verklag við meðhöndlun og geymslu sem er ætlað að draga úr niðurbroti úrgangs.

Lýsing

Stjórnun á geymslu úrgangs og kerfisbundin fjarlæging á úrgangi, sem getur rotnað, af stöðinni áður en niðurbrot skapar vandamál í tengslum við lykt.

Nothæfi

Á einungis við um stöðvar sem framleiða úrgang sem getur rotnað.

17. Í því skyni að draga úr losun lyktar frá frárennsli kalkhússins er besta, fáanlega tækni að stjórna sýrustigi og fjarlægja síðan súlfíðinnihaldið með hreinsun.

Lýsing

Að viðhalda sýrustigi í frárennsli, sem inniheldur súlfíð, frá kalkhúsinu yfir pH 9,5 þar til súlfíðið hefur verið meðhöndlað (innan stöðvar eða utan hennar) með einni af eftirfarandi tækni:

i. hvataðri oxun (mangansölt notuð sem hvati),

ii. líffræðilegri oxun,

iii. útfellingu eða

iv. blöndun í lokuðu kerfi kera sem eru búin hreinsara eða kolefnasíu fyrir útblástur.

Nothæfi

Á einungis við um stöðvar þar sem fram fer súlfíðafhárun.

1.6.2. Rokgjörn, lífræn efnasambönd

18. Í því skyni að draga úr losun í lofti á halógenuðum, rokgjörnum, lífrænum efnasamböndum er besta, fáanlega tækni að skipta halógenuðum, rokgjörnum, lífrænum efnasamböndum, sem notuð eru við vinnslu, út fyrir efni sem ekki eru halógenuð.

Lýsing

Halógenuðum leysum skipt út fyrir leysa sem ekki eru halógenaðir.

Nothæfi

Á ekki við um þurrfituhreinsun á skinnum af sauðfé sem fram fer í vélum með lokaðri hringrás.

19. Í því skyni að draga úr losun í lofti á rokgjörnum, lífrænum efnasamböndum vegna lokameðhöndlunar er besta, fáanlega tækni að nota aðra tæknina sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af báðum en sú fyrri er tekin fram yfir þá síðari:

Tækni		Lýsing
a	**Notkun á vatnsblönduðum yfirborðsmeðferðarefnum ásamt skilvirku kerfi til áburðar**	Takmörkun á losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda með því að nota vatnsblönduð yfirborðsmeðferðarefni þar sem hvert lag er borið á með einni af eftirfarandi tækni: teppahúðun (e. *curtain coating*) eða rúlluhúðun (e. *roller coating*) eða bættum úðunaraðferðum.
b	**Notkun á loftræstitæki með útsogi og hreinsunarkerfi**	Meðhöndlun á útblæstri með því að nota útsogskerfi sem er búið einu eða fleiri af eftirfarandi: vothreinsun, ásogi, lífsíun eða brennslu.

Notkunargildi fyrir leysa í tengslum við bestu, fáanlegu tækni og losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir rokgjörn, lífræn efnasambönd

Notkunarhlutföll fyrir leysa í tengslum við notkun vatnsblandaðra yfirborðsmeðferðarefna ásamt skilvirku notkunarkerfi og styrkbil losunargildis sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir tiltekna losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda, þar sem loftræstitæki með útsogi og hreinsunarkerfi eru notuð sem valkostur í staðinn fyrir að nota vatnsblönduð lokameðhöndlunarefni, eru gefin upp í töflu 5.

Tafla 5

Notkunargildi fyrir leysa í tengslum við bestu, fáanlegu tækni og losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda

Breyta	Tegund framleiðslu g/m^2 (ársmeðaltalsgildi á hverja einingu af fullunnu leðri)		Gildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni
Notkunargildi fyrir leysa	Þar sem vatnsblönduð yfirborðsmeðferðarefni eru notuð ásamt skilvirku kerfi til áburðar	Leður fyrir húsgögn og vélknúin ökutæki	10–25
		Leður í skó og fatnað og leðurvörur	40–85
		Húðað leður (þykkt húðar > 0,15 mm)	115–150

Breyta	Tegund framleiðslu g/m^2 (ársmeðaltalsgildi á hverja einingu af fullunnu leðri)	Gildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni
Losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda	Þegar loftræstitæki með útsogi og hreinsunarkerfi er notað sem valkostur í staðinn fyrir að nota vatnsblönduð lokameðhöndlunarefni	9–23([1])

([1]) Styrkbil losunargildis sem tengist bestu, fáanlegu tækni, gefið upp sem heildarkolefni.

1.6.3. Efnisagnir

20. Í því skyni að draga úr losun efnisagna í lofti frá þurrum frágangsstigum framleiðslu er besta, fáanlega tækni að nota loftræstitæki með útsogi sem er búið pokasíum eða votþveglum.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni

Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir efnisagnir er 3 til 6 mg fyrir hvern normalrúmmetra af útblæstri, gefið upp sem 30 mínútna meðaltal.

1.7. *Meðhöndlun úrgangs*

21. Í því skyni að takmarka úrgangsmagn sem sent er til förgunar er besta, fáanlega tækni að skipuleggja aðgerðir á staðnum til að hámarka hluta leifa frá vinnslu, sem unnt er að nota sem aukaafurðir, þ.m.t. eftirfarandi:

Leifar frá vinnslu	Notkun sem aukaafurð
Hár og ull	— Fyllingarefni — Ullartextílefni
Kalkaður afskurður	— Kollagenframleiðsla
Ósútaðar þynnur	— Unnið í leður — Framleiðsla á pylsugörnum — Kollagenframleiðsla — Nagbein
Sútaðar þynnur og afskurður	— Fullunnið til notkunar í bútasaum, litlar leðurvörur o.s.frv. — Kollagenframleiðsla

22. Í því skyni að takmarka úrgangsmagn sem sent er til förgunar er besta, fáanlega tækni að skipuleggja aðgerðir á staðnum til að auðvelda endurnotkun úrgangs eða, ef það er ekki hægt, endurvinnslu úrgangs eða, ef það er ekki hægt, aðra endurheimt, þ.m.t.:

Úrgangur	Endurnotkun eftir forvinnslu	Endurunnið sem	Önnur endurheimt
Hár og ull	— Framleiðsla á vatnsrofsmyndefni prótína	— Áburður	— Endurnýting orku
Óunninn afskurður		— Lím unnið úr skinni	— Endurnýting orku
Kalkaður afskurður	— Tólg — Framleiðsla á tæknilegu gelatíni	— Lím unnið úr skinni	
Úrgangur frá sköfun	— Framleiðsla á vatnsrofsmyndefni prótína — Tólg	— Lím unnið úr skinni	— Framleiðsla á staðgöngueldsneyti — Endurnýting orku

Úrgangur	Endurnotkun eftir forvinnslu	Endurunnið sem	Önnur endurheimt
Ósútaðar þynnur	— Framleiðsla á tæknilegu gelatíni — Framleiðsla á vatnsrofsmyndefni prótína	— Lím unnið úr skinni	— Endurnýting orku
Sútaðar þynnur og afskurður	— Framleiðsla á leðurtrefjaplötum úr afskurði sem ekki er fullunninn — Framleiðsla á vatnsrofsmyndefni prótína		— Endurnýting orku
Sútaður afrakstur	— Framleiðsla á leðurtrefjaplötum — Framleiðsla á vatnsrofsmyndefni prótína		— Endurnýting orku
Seyra frá hreinsun skólps			— Endurnýting orku

23. Í því skyni að draga úr íðefnanotkun og draga úr magni leðurúrgangs, sem inniheldur krómsútunarefni, sem sent er til förgunar er besta, fáanlega tækni að nota kalksundrun.

Lýsing

Sundrunin fer fram á fyrri stigum vinnslu til að framleiða ósútaða aukaafurð.

Nothæfi

Á aðeins við um stöðvar sem nota krómsútun.

Á ekki við:

— þegar húðir eða skinn eru unnin fyrir heilar afurðir (þ.e. óklofnar)

— þegar þarf að framleiða stífara leður (t.d. leður í skó),

— þegar jafnari þykkt er nauðsynleg í fullunnu vörunni,

— þegar sútaðar þynnur eru framleiddar sem vara eða aukaafurð.

24. Í því skyni að draga úr magni króms í seyru, sem er send til förgunar, er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

Tækni		Lýsing	Nothæfi
a	**Endurheimt á krómi til endurnotkunar í sútunarstöð**	Endurupplausn króms sem er unnið með útfellingu úr sútunarvökvanum með brennisteinssýru til notkunar að hluta til í stað ferskra krómsalta.	Nothæfið takmarkast af þörfinni á að framleiða leður með eiginleika sem uppfylla kröfur neytenda, einkum að því er varðar litun (minni litheldni og ekki eins skærir litir) og mistrun (e. *fogging*).
b	**Endurheimt á krómi til endurnotkunar í öðrum iðnaði**	Notkun á krómseyru sem hráefni í öðrum iðnaði.	Á eingöngu við ef notandi í iðnaði fyrirfinnst að því er varðar endurheimtan úrgang.

25. Í því skyni að draga úr orku- og íðefnanotkun og kröfunum um vinnslugetu í tengslum við síðari meðhöndlun á seyru er besta, fáanlega tækni að minnka vatnsinnihald seyru með því að útvatna hana.

Nothæfi

Á við um allar stöðvar sem sinna blautvinnslu.

1.8. *Orka*

26. Í því skyni að draga úr orkunotkun við þurrkun er besta, fáanlega tækni að hámarka undirbúning fyrir þurrkun með votpressun eða annarri vélrænni útvötnun.

27. Í því skyni að draga úr orkunotkun í blautvinnslu er besta, fáanlega tækni að nota lítið vatnsmagn (e. *short float*).

Lýsing

Að draga úr þeirri orku sem notuð er til að hita vatn með því að draga úr heitavatnsnotkun.

Nothæfi

Ekki er unnt að nota þessa tækni í litunarferlinu eða við vinnslu á kálfskinni.

Nothæfið takmarkast líka við:

— ný vinnsluker,

— vinnsluker sem fyrir eru sem gefa möguleika á notkun á litlu vatnsmagni eða unnt er að breyta þeim svo það sé mögulegt.

Orkunotkunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni

Sjá töflu 6.

Tafla 6

Sértæk orkunotkun sem tengist bestu, fáanlegu tækni

Vinnslustig	Sértæk orkunotkun á hverja einingu af hráefni ([1])
	GJ/t
Vinnsla á nautgripahúðum frá óunnum húðum til krómsútaðra eða hvítsútaðra	< 3
Vinnsla á nautgripahúðum frá óunnu til fullunnins leðurs	< 14
Vinnsla á skinnum af sauðfé frá óunnu til fullunnins leðurs	< 6

([1]) Orkunotkunargildi (gefin upp sem ársmeðaltal sem ekki er leiðrétt í frumorku) felur í sér orkunotkun í framleiðsluferlinu, þ.m.t. raforku og alla upphitun innanhúss, en ekki orkunotkun fyrir hreinsun skólps.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2016/EES/27/19

frá 26. mars 2013

um að fastsetja niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB um losun í iðnaði, vegna framleiðslu á sementi, kalki og magnesíumoxíði

(tilkynnt með númeri C(2013) 1728)

(2013/163/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun) ([1]), einkum 5. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 1. mgr. 13. gr. tilskipunar 2010/75/ESB er gerð sú krafa að framkvæmdastjórnin skipuleggi upplýsingaskipti um losun í iðnaði milli sín og aðildarríkjanna, viðkomandi iðnaðar og frjálsra félagasamtaka, sem styðja umhverfisvernd, í því skyni að stuðla að samantekt tilvísunarskjala um bestu, fáanlega tækni (BAT) eins og skilgreint er í 11. mgr. 3. gr. þeirrar tilskipunar.

2) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. tilskipunar 2010/75/ESB skulu upplýsingaskiptin varða frammistöðu stöðva og tækni að því er varðar losun, sett fram sem skammtíma- og langtímameðaltöl, eftir því sem við á, og tengdar viðmiðunaraðstæður, notkun og eðli hráefna, vatnsnotkun, orkunotkun og myndun úrgangs, tæknina sem notuð er, tengda vöktun, áhrif þvert á umhverfisþættina, efnahagslegan og tæknilegan lífvænleika og þróun á þeim vettvangi, bestu, fáanlegu tækni og tækninýjungar sem eru sanngreindar að teknu tilliti til þáttanna sem nefndir eru í a- og b-lið 2. mgr. 13. gr. þeirrar tilskipunar.

3) „Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni“, eins og skilgreint er í 12. mgr. 3. gr. tilskipunar 2010/75/ESB, eru lykilþáttur í tilvísunarskjölum um bestu, fáanlegu tækni þar sem settar eru fram niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni, lýsing á henni, upplýsingar til að meta notkunarsvið hennar, losunargildin sem tengjast þessari bestu, fáanlegu tækni, tengd vöktun, tengd notkunargildi og, eftir því sem við á, viðeigandi ráðstafanir til úrbóta á staðnum.

4) Í samræmi við 3. mgr. 14. gr. tilskipunar 2010/75/ESB eiga niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni að vera viðmiðun fyrir setningu leyfisskilyrða fyrir stöðvar sem falla undir II. kafla þeirrar tilskipunar.

5) Í 3. mgr. 15. gr. tilskipunar 2010/75/ESB er gerð sú krafa að lögbært yfirvald setji viðmiðunarmörk fyrir losun sem tryggja, við venjuleg rekstrarskilyrði, að losun fari ekki yfir losunargildin sem tengjast bestu, fáanlegu tækni eins og mælt er fyrir um í ákvörðununum um niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni sem vísað er til í 5. mgr. 13. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

6) Í 4. mgr. 15. gr. tilskipunar 2010/75/ESB er kveðið á um undanþágur frá kröfunum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 15. gr., einungis ef kostnaður sem tengist því að ná þeim losunargildum sem tengjast bestu, fáanlegu tækni er óeðlilega mikill í samanburði við umhverfislegan ávinning vegna landfræðilegrar staðsetningar, staðbundinna umhverfisaðstæðna eða tæknilegra eiginleika viðkomandi stöðvar.

7) Í 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 2010/75/ESB er kveðið á um að vöktunarkröfurnar í leyfinu, sem um getur í c-lið 1. mgr. 14. gr. tilskipunarinnar, eigi að byggjast á niðurstöðum vöktunar eins og lýst er í niðurstöðum um bestu, fáanlegu tækni.

8) Innan fjögurra ára frá birtingu ákvarðana um niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni á lögbært yfirvald, í samræmi við 3. mgr. 21. gr. tilskipunar 2010/75/ESB, að endurmeta og, ef nauðsyn krefur, uppfæra öll skilyrði fyrir leyfum og tryggja að stöðin uppfylli þessi leyfisskilyrði.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 100, 9.4.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 229/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17.

9) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 16. maí 2011 um að koma á fót samstarfsvettvangi til upplýsingaskipta skv. 13. gr. tilskipunar 2010/75/ESB um losun í iðnaði ([2]) var komið á fót samstarfsvettvangi sem samanstendur af fulltrúum aðildarríkjanna, viðkomandi iðnaðar og frjálsra félagasamtaka sem styðja umhverfisvernd.

10) Hinn 13. september 2012 fékk framkvæmdastjórnin álit samstarfsvettvangsins, í samræmi við 4. mgr. 13. gr. tilskipunar 2010/75/ESB, á fyrirhuguðu efni tilvísunarskjalanna um bestu, fáanlegu tækni vegna framleiðslu á sementi, kalki og magnesíumoxíði og gerði það aðgengilegt öllum ([3]).

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 75. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni (BAT) vegna framleiðslu á sementi, kalki og magnesíumoxíði eru settar fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. mars 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

([2]) Stjtíð. ESB C 146, 17.5.2011, bls. 3.

([3]) http://circa.europa.eu/Public/irc/env/ied/library?l=/ied_art_13_forum/opinions_article

VIÐAUKI

NIÐURSTÖÐUR UM BESTU, FÁANLEGU TÆKNI (BAT) VEGNA FRAMLEIÐSLU Á SEMENTI, KALKI OG MAGNESÍUMOXÍÐI

GILDISSVIÐ 624

ATHUGASEMD UM UPPLÝSINGASKIPTI 625

SKILGREININGAR 625

ALMENN ATRIÐI 626

NIÐURSTÖÐUR UM BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 627

1.1 Almennar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni 627

1.1.1 Umhverfisstjórnunarkerfi 627

1.1.2 Hávaði 628

1.2 Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir sementsiðnaðinn 629

1.2.1 Almenn grunntækni 629

1.2.2 Vöktun 630

1.2.3 Orkunotkun og val á vinnslu 630

1.2.4 Notkun úrgangs 632

1.2.5 Ryklosun 633

1.2.6 Loftkennd efnasambönd 636

1.2.7 Losun fjölklóraðra díbensódíoxína/fúrana 640

1.2.8 Losun málma 640

1.2.9 Vinnslutap/úrgangur 641

1.3 Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir kalkiðnaðinn 641

1.3.1 Almenn grunntækni 641

1.3.2 Vöktun 642

1.3.3 Orkunotkun 642

1.3.4 Notkun kalksteins 644

1.3.5 Val á eldsneyti 644

1.3.6 Ryklosun 645

1.3.7 Loftkennd efnasambönd 648

1.3.8 Losun fjölklóraðra díbensódíoxína/fúrana 652

1.3.9 Losun málma 652

1.3.10 Vinnslutap/úrgangur 653

1.4 Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir magnesíumoxíðiðnaðinn 653

1.4.1 Vöktun 653

1.4.2 Orkunotkun 654

1.4.3 Ryklosun 654

1.4.4 Loftkennd efnasambönd 656

1.4.5 Vinnslutap/úrgangur 658

1.4.6 Notkun úrgangs sem eldsneyti og/eða hráefni 659

LÝSING Á TÆKNI 659

1.5 Lýsing á tækni fyrir sementsiðnaðinn 659

1.5.1 Ryklosun 659

1.5.2 Losun köfnunarefnisoxíðs (NO_x) 660

1.5.3 Losun brennisteinsoxíðs (SO_x) 661

1.6 Lýsing á tækni fyrir kalkiðnaðinn 662

1.6.1 Ryklosun 662

1.6.2 Losun köfnunarefnisoxíðs (NO_x) 663

1.6.3 Losun brennisteinsoxíðs (SO_x) 663

1.7 Lýsing á tækni fyrir magnesíuiðnaðinn (þurrvinnsluferli) 663

1.7.1 Ryklosun 663

1.7.2 Losun brennisteinsoxíðs (SO_x) 664

GILDISSVIÐ

Þessar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni varða eftirfarandi iðnaðarstarfsemi, sem er tilgreind í lið 3.1 í I. viðauka við tilskipun 2010/75/ESB, nánar tiltekið:

„3.1. Framleiðsla á sementi, kalki og magnesíumoxíði“ sem felur í sér:

a) framleiðslu á sementsgjalli í hverfiofnum með afkastagetu sem er yfir 500 tonnum á dag eða í annars konar ofnum þar sem framleiðsluafköstin eru yfir 50 tonnum á dag,

b) framleiðslu á kalki í ofnum með framleiðslugetu yfir 50 tonnum á dag,

c) framleiðslu á magnesíumoxíði í ofnum með framleiðslugetu yfir 50 tonnum á dag.

Að því er varðar c-lið í lið 3.1 hér að ofan fjalla þessar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni einungis um framleiðslu á magnesíumoxíði (MgO) með þurrvinnsluferli sem grundvallast á unnu, náttúrulegu magnesíti (magnesíumkarbónat - $MgCO_3$).

Að því er varðar framangreinda starfsemi ná þessar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni einkum yfir eftirfarandi:

— framleiðslu á sementi, kalki og magnesíumoxíði (þurrvinnsluferli)

— hráefni – geymsla og undirbúningur

— eldsneyti – geymsla og undirbúningur

— notkun úrgangs sem hráefni og/eða eldsneyti – gæðakröfur, eftirlit og undirbúningur

— framleiðsluvörur – geymsla og undirbúningur

— pökkun og dreifing.

Þessar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fjalla ekki um eftirfarandi starfsemi:

— framleiðslu á magnesíumoxíði með blautvinnsluferli með notkun magnesíumklóríðs sem upphafsefnis, sem fellur undir tilvísunarskjal um bestu, fáanlegu tækni varðandi mikið magn af ólífrænum íðefnum – þurrefni og annar iðnaður (LVIC-S)

— framleiðslu á brenndu dólómíti með mjög litlu kolefni (þ.e. blanda af kalsíum- og magnesíumoxíðum sem eru framleidd með því að afkalka dólómít næstum alveg ($CaCO_3.MgCO_3$). Afgangsmagn koltvísýrings (CO_2) í framleiðsluvörunni er undir 0,25% og rúmþyngd vel undir 3,05 g/cm^3)

stokkofna (e. *shaft kiln*) fyrir framleiðslu á sementsgjalli

starfsemi sem er ekki í beinum tengslum við aðalstarfsemi s.s. vinnslu hráefna úr jörðu.

Önnur tilvísunarskjöl, sem varða starfsemi sem fellur undir þessar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni, eru eftirfarandi:

Tilvísunarskjöl	Starfsemi
Losun frá geymslu (EFS)	Geymsla og meðhöndlun hráefna og framleiðsluvara
Almennar meginreglur varðandi vöktun (MON)	Vöktun losunar
Úrgangsmeðhöndlunariðnaður (WT)	Meðhöndlun úrgangs
Orkunýtni (ENE)	Almenn orkunýtni
Efnahagslegir þættir og þverlæg umhverfisáhrif (e. *Economic and Cross-Media Effects* (ECM))	Efnahagslegir þættir og áhrif sem ganga þvert á umhverfisþættina

Tæknin, sem er talin upp og lýst í þessum niðurstöðum um bestu, fáanlegu tækni, er hvorki forskrift né tæmandi. Nota má aðra tækni sem tryggir a.m.k. samsvarandi umhverfisverndarstig.

Ef þessar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fjalla um sambrennslustöðvar fyrir úrgang er það með fyrirvara um ákvæði IV. kafla og VI. viðauka við tilskipun 2010/75/ESB.

Ef þessar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fjalla um orkunýtni er það með fyrirvara um ákvæði nýrrar tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB ([4]) um orkunýtni.

ATHUGASEMD UM UPPLÝSINGASKIPTI

Upplýsingaskiptum um bestu, fáanlegu tækni varðandi sement-, kalk- og magnesíumoxíðgeirana lauk á árinu 2008. Upplýsingar sem lágu fyrir þá, að viðbættum viðbótarupplýsingum um losun frá framleiðslu magnesíumoxíðs, voru notaðar til að komast að þessum niðurstöðum um bestu, fáanlegu tækni.

SKILGREININGAR

Að því er varðar þessar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni gilda eftirfarandi skilgreiningar:

Heiti sem er notað	Skilgreining
Ný stöð	Stöð sem er tekin í gagnið á stöðvarsvæðinu eftir birtingu þessara niðurstaðna um bestu, fáanlegu tækni eða stöð sem kemur að öllu leyti í stað stöðvar sem fyrir er eftir birtingu þessara niðurstaðna um bestu, fáanlegu tækni
Stöð sem fyrir er	Stöð sem er ekki ný stöð
Meiri háttar uppfærsla	Uppfærsla á stöðinni/ofninum sem felur í sér meiri háttar breytingu á kröfum eða tækni varðandi ofninn eða að ofninum er skipt út
„Notkun úrgangs sem eldsneyti og/eða hráefni“	Heitið nær yfir notkun á: — úrgangseldsneyti með marktæku varmagildi og — úrgangsefnum án marktæks varmagildis en með steinefnaþáttum, sem eru notaðir sem hráefni fyrir millistigsafurðina gjall, og — úrgangsefni sem hafa bæði marktækt varmagildi og steinefnaþætti

Skilgreining fyrir tilteknar framleiðsluvörur

Heiti sem er notað	Skilgreining
Hvítt sement	Sement sem fellur undir eftirfarandi kóða í vöruskrá EB 2007: 26.51.12.10 – Hvítt Portlandsement
Sérstakt sement	Sérstakt sement sem fellur undir eftirfarandi kóða í vöruskrá EB 2007: 26.51.12.50 – Álsement 26.51.12.90 – Annað vatnsharðnandi sement
Brennt eða glætt dólómít	Blanda af kalsíum- og magnesíumoxíðum, framleidd með afkölkun dólómíts ($CaCO_3.MgCO_3$), afgangsmagn koltvísýrings (CO_2) í framleiðsluvörunni er yfir 0,25% og rúmþyngd verslunarvörunnar vel undir 3,05 g/cm^3. Innihald óbundins magnesíumoxíðs (MgO) er að jafnaði á bilinu 25% til 40%.
Sindrað, brennt dólómít	Blanda af kalsíum- og magnesíumoxíðum sem er eingöngu notuð til framleiðslu á eldföstum múrsteinum og öðrum eldföstum vörum með rúmþyngd að lágmarki 3,05 g/cm^3.

([4]) Stjtíð. ESB L 315, 14.11.2012, bls. 1.

Skilgreining fyrir tiltekin loftmengunarefni

Heiti sem er notað	Skilgreining
Köfnunarefnisoxíð (NO_x) gefið upp sem köfnunarefnistvíoxíð (NO_2)	Summa köfnunarefnisoxíða (NO) og köfnunarefnistvíoxíða (NO_2), gefin upp sem köfnunarefnistvíoxíð NO_2.
Brennisteinsoxíð (SO_x) gefið upp sem brennisteinstvíoxíð (SO_2)	Summa brennisteinstvíoxíðs (SO_2) og brennisteinsþríoxíðs (SO_3), gefin upp sem brennisteinstvíoxíð SO_2
Vetnisklóríð, gefið upp sem HCl	Öll loftkennd klóríð, gefin upp sem HCl
Vetnisflúoríð, gefið upp sem HF	Öll loftkennd flúoríð, gefin upp sem vetnisflúoríð (HF)

Skammstafanir

ASK	Hringlaga stokkofn
DBM	Glædd magnesía
I-TEQ	Alþjóðlegt eiturjafngildi
LRK	Langur hverfiofn
MFSK	Stokkofn með blandaðri efnismötun
OK	Aðrir ofnar Að því er varðar kalkiðnaðinn nær þetta yfir: tvíhalla stokkofna (e. *double-inclined shaft kiln*) fjölhólfa stokkofna stokkofna með miðjubrennara stokkofna með úthólfi (e. *external chamber shaft kiln*) stokkofna með geislabrennara stokkofna með innri hvelfingu stokkofna með færanlegri rist topplaga ofna blossaglæðingarofna hólfaofna sem snúast (e. *rotating hearth kiln*)
OSK	Aðrir stokkofnar (stokkofnar aðrir en hringlaga stokkofn (ASK) og stokkofn með blandaðri efnismötun (MFSK)
PCDD	Fjölklórað díbensó-p-díoxín
PCDF	Fjölklórað díbensófúran
PFRK	Endurnýtingarofn með samhliða streymi
PRK	Hverfiofn með forhitara

ALMENN ATRIÐI

Meðaltímar og viðmiðunaraðstæður fyrir losun í andrúmsloft

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni (BAT-AELs), sem gefin eru í þessum niðurstöðum um bestu, fáanlegu tækni, eiga við um staðalskilyrði: þurrt loft við hitastigið 273 K og þrýstinginn 1013 hPa.

Gildi sem gefin eru sem styrkleiki eiga við í eftirfarandi viðmiðunaraðstæðum:

Starfsemi		Viðmiðunaraðstæður
Ofnastarfsemi	Sementsiðnaðurinn	10% súrefni miðað við rúmmál
	Kalkiðnaðurinn ([1])	11% súrefni miðað við rúmmál
	Magnesíumoxíðiðnaðurinn (þurrvinnsluferli) ([2])	10% súrefni miðað við rúmmál
Önnur starfsemi en ofnastarfsemi	Öll vinnsla	Engin leiðrétting fyrir súrefni
	Kalkvötnunarstöðvar	Eins og er losað (engin leiðrétting fyrir súrefni og fyrir þurrt loft)

Að því er varðar meðaltíma gilda eftirfarandi skilgreiningar:

Dagsmeðalgildi	Meðalgildi á 24 klukkustunda tímabili, mælt með stöðugri vöktun á losun
Meðaltal á sýnatökutímabilinu	Meðalgildi punktmælinga (reglubundinna), sem standa í a.m.k. 30 mínútur hver, nema annað sé tekið fram

([1]) Að því er varðar sindrað, brennt dólómít, sem er framleitt með „tveggja þrepa ferli“ (e. *double-pass process*) á leiðrétting fyrir súrefni ekki við.
([2]) Að því er varðar glædda magnesíu, sem er framleidd með „tveggja þrepa ferli“ á leiðrétting fyrir súrefni ekki við.

Umbreyting í viðmiðunarstyrk súrefnis

Formúlan til að reikna út styrk losunarinnar við viðmiðunargildi súrefnis er eftirfarandi:

$$E_R = \frac{21 - O_R}{21 - O_M} * E_M$$

þar sem:

E_R (mg/Nm^3): styrkur losunar í hlutfalli við viðmiðunargildi súrefnis O_R

O_R (% miðað við rúmmál): viðmiðunargildi súrefnis

E_M (mg/Nm^3): styrkur losunar í hlutfalli við mælt gildi súrefnis O_M

O_M (% miðað við rúmmál): mælt súrefnisgildi.

NIÐURSTÖÐUR UM BESTU, FÁANLEGU TÆKNI

1.1 **Almennar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni**

Besta, fáanlega tækni, sem getið er í þessum lið, gildir um allar stöðvar sem falla undir þessar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni (sement-, kalk- og magnesíumoxíðiðnaðinn).

Vinnslusértæka besta, fáanlega tæknin, sem er tilgreind í liðum 1.2–1.4, gildir til viðbótar við almennu bestu, fáanlegu tæknina sem getið er í þessum lið.

1.1.1 *Umhverfisstjórnunarkerfi*

1. Í því skyni að bæta heildarvistvænleika vera/stöðva, sem framleiða sement, kalk og magnesíumoxíð, er besta, fáanlega tækni við framleiðslu að koma á og fylgja umhverfisstjórnunarkerfi sem felur í sér alla eftirfarandi þætti:

i. skuldbindingu stjórnar, þ.m.t. yfirstjórnar,

ii. skilgreiningu á umhverfisstefnu sem felur í sér stöðugar endurbætur á stöðinni af hálfu stjórnenda,

iii. áætlanagerð og að koma á nauðsynlegum málsmeðferðarreglum, almennum og sértækum markmiðum í tengslum við fjárhagsáætlun og fjárfestingu,

iv. framkvæmd málsmeðferðarreglna þar sem sérstök áhersla er lögð á:

a) skipulag og ábyrgð

b) þjálfun, næmi og hæfni

c) samskipti

d) aðild starfsmanna

e) skjalahald

f) skilvirka vinnslustjórnun

g) viðhaldsáætlanir

h) viðbúnað og viðbrögð við neyðarástandi

i) að tryggt sé að farið sé að ákvæðum umhverfislöggjafarinnar,

v. mat á frammistöðu og að gripið sé til aðgerða til úrbóta þar sem sérstök áhersla er lögð á:

a) vöktun og mælingar (sjá einnig tilvísunarskjal um almennar meginreglur um vöktun)

b) aðgerðir til úrbóta og forvarnarstarf

c) viðhald skráa

d) óháða (ef það er gerlegt) innri og ytri endurskoðun til að ákvarða hvort umhverfisstjórnunarkerfið samræmist skipulagðri tilhögun eða ekki og hafi verið hrint í framkvæmd og viðhaldið á tilhlýðilegan hátt,

vi. endurskoðun yfirstjórnar á umhverfisstjórnunarkerfinu og áframhaldandi hentugleika þess, nægjanleika og skilvirkni,

vii. að fylgjast með þróun hreinni tækni,

viii. að taka tillit til umhverfisáhrifa af völdum lokunar stöðvarinnar, sem síðar verður, á því stigi þegar ný stöð er hönnuð og meðan hún er í rekstri,

ix. reglubundna notkun samanburðarviðmiðana eftir geirum.

Nothæfi

Gildissvið (t.d. sundurliðunarstig) og eðli umhverfisstjórnunarkerfisins (t.d. staðlað eða ekki staðlað) mun almennt tengjast eðli og umfangi stöðvarinnar og því hversu flókin hún er og þeim umhverfisáhrifum sem hún kann að hafa.

1.1.2 *Hávaði*

2. Í því skyni að draga úr/lágmarka hávaðamengun meðan á framleiðsluferli sements, kalks og magnesíumoxíðs stendur er besta, fáanlega tækni að nota sambland af eftirfarandi tækni:

	Tækni
a	Velja viðeigandi staðsetningu fyrir háværa starfsemi
b	Loka háværa starfsemi/einingar af

	Tækni
c	Nota titringseinangrun á starfsemi/einingar
d	Nota innri og ytri klæðningu úr hljóðdeyfandi efni
e	Nota hljóðeinangraðar byggingar til að skýla allri háværri starfsemi með búnaði sem umbreytir efni
f	Nota hljóðeinangrandi veggi og/eða náttúrulega hljóðtálma
g	Nota úttakshjóðdeyfa á útblástursreykháfa (e. *exhaust stack*)
h	Einangra loftrásir og loftræstitæki (e. *final blower*) sem eru staðsett í hljóðeinangruðum byggingum
i	Loka dyrum og gluggum á skýldum svæðum.
j	Nota hljóðeinangrun í vélabyggingum
k	Nota hljóðeinangrun við op á veggjum, t.d. með því að setja inntak þar sem færiband kemur inn
l	Setja upp hljóðgleypa við loftúttök, t.d. úttak fyrir hreint loft á rykhreinsunareiningum
m	Minnka streymi í loftrásum
n	Nota hljóðeinangrun í loftrásir
o	Hafa hávaðavalda og íhluti sem geta hugsanlega magnað hljóð aðskilda, t.d. þjöppur og loftrásir
p	Nota hljóðdeyfa á viftur með síu
q	Nota hljóðeinangraðar einingar í tæknibúnað (t.d. þjöppur)
r	Nota gúmmíhlífar á kvarnir (forðast að málmur snerti málm)
s	Smíða byggingar eða rækta tré og runna milli verndaða svæðisins og háværu starfseminnar

1.2 **Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir sementsiðnaðinn**

Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni, sem koma fram í þessum lið, geta átt við um allar stöðvar í sementsiðnaðinum nema annað sé tekið fram.

1.2.1 *Almenn grunntækni*

3. Í því skyni að draga úr losun frá ofninum og nota orku á skilvirkan hátt er besta, fáanlega tækni að ná fram snurðulausri og stöðugri vinnslu í ofninum, sem er keyrður í samræmi við stillipunkta vinnslubreytnanna, með því að nota eftirfarandi tækni:

	Tækni
a	Hámörkun vinnslustjórnunar, þ.m.t. tölvustýrt, sjálfvirkt eftirlit
b	Nota nútímalegt þyngdarmælingakerfi til mötunar á eldsneyti í föstu formi

4. Til að koma í veg fyrir og/eða draga úr losun er besta, fáanlega tækni að velja vandlega öll efni sem fara inn í ofninn og hafa eftirlit með þeim.

Lýsing

Vandlegt val og eftirlit með efnum sem fara inn í ofninn geta dregið úr losun. Efnasamsetning efnanna og það hvernig ofninn er mataður á þeim eru þættir sem ætti að taka tillit til við valið. Efnin sem getið er í bestu, fáanlegu tækni 11 og í bestu, fáanlegu tækni 24–28 geta talist til efna sem gefa tilefni til áhyggna.

1.2.2 *Vöktun*

5. Besta, fáanlega tækni er að vakta og mæla vinnslubreytur og losun reglulega og vakta losun í samræmi við viðeigandi EN-staðla eða, ef EN-staðlar eru ekki fáanlegir, staðla Alþjóðlegu staðlasamtakanna, landsbundna staðla eða aðra alþjóðlega staðla sem tryggja að gögnin verði vísindalega jafn traust, þ.m.t. eftirfarandi:

	Tækni	Nothæfi
a	Samfelldar mælingar á vinnslubreytum sem sýna stöðugleika vinnslunnar s.s. hitastig, súrefnisinnihald (O_2), þrýsting og streymi	Á almennt við
b	Vöktun á mikilvægum vinnslubreytum og þeim haldið stöðugum, þ.e. einsleit hráefnisblöndun og eldsneytismötun, regluleg skömmtun og umframmagn súrefnis	Á almennt við
c	Samfelldar mælingar á losun ammoníaks (NH_3) þegar valvís, óhvötuð afoxun er notuð	Á almennt við
d	Samfelldar mælingar á losun ryks, köfnunarefnisoxíðs (NO_x), brennisteinsoxíðs (SO_x), og kolsýrings (CO)	Á við um vinnslu í ofnum
e	Reglulegar mælingar á losun fjölklóraðra díbensódíoxína/fúrana og málms	
f	Samfelldar eða reglulegar mælingar á losun vetnisklóríðs (HCl), vetnisflúoríðs (HF) og heildarmagni lífræns kolefnis (TOC)	
g	Samfelldar eða reglulegar mælingar á ryki	Á við um aðra starfsemi en ofnastarfsemi Að því er varðar lítil upptök (< 10 000 Nm^3/h) frá rykmyndandi starfsemi, annarri en kælingu og helstu mölunarvinnslum, skal tíðni mælinga eða frammistöðumats byggjast á viðhaldsstjórnunarkerfi.

Lýsing

Val á milli samfelldra mælinga eða reglulegra mælinga, sem getið er í bestu, fáanlegu tækni 5(f), grundvallast á upptökum losunar og tegund mengunarefnis sem búist er við.

1.2.3 *Orkunotkun og val á vinnslu*

1.2.3.1 Val á vinnslu

6. Í því skyni að draga úr orkunotkun er besta, fáanlega tækni að nota þurrvinnsluofn (e. *dry process kiln*) með fjölþrepa forhitun og forglæðingu (e. *precalcination*).

Lýsing

Í þessari gerð ofnakerfa er hægt að nota útblástursloft og endurheimtan frávarma frá kælinum til að forhita og forglæða hráefnismötunina áður en hún fer inn í ofninn sem skapar umtalsverðan sparnað að því er varðar orkunotkun.

Nothæfi

Á við um nýjar stöðvar og meiri háttar endurnýjun, háð rakainnihaldi hráefna.

Orkunotkunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni

Sjá töflu 1.

Tafla 1

Orkunotkunargildi, sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir nýjar stöðvar og meiri háttar endurnýjun, með notkun þurrvinnsluofna með fjölþrepa forhitun og forglæðingu

Vinnsla	Eining	Orkunotkunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni ([1])
Þurrvinnsla með fjölþrepa forhitun og forglæðingu	MJ/tonn af gjalli	2900–3300 ([2])([3])

([1]) Gildi eiga ekki við um stöðvar sem framleiða sérstakt sementsgjall eða hvítt sementsgjall sem krefst umtalsvert hærra vinnsluhitastigs vegna vöruforskrifta.
([2]) Við venjuleg (að undanskildu t.d. ræsingu og stöðvun) og hámörkuð rekstrarskilyrði.
([3]) Framleiðslugetan hefur áhrif á orkuþörfina: meiri afkastageta leiðir til orkusparnaðar og minni afkastageta krefst meiri orku. Orkunotkun ræðst einnig af fjölda loftskiljuforhitaraþrepa: fleiri loftskiljuforhitaraþrep leiða til minni orkunotkunar í ofnavinnslu. Viðeigandi fjöldi loftskiljuforhitaraþrepa ákvarðast aðallega af rakainnihaldi hráefnanna.

1.2.3.2 Orkunotkun

7. Í því skyni að draga úr/lágmarka varmaorkunotkun er besta, fáanlega tækni að nota sambland af eftirfarandi tækni:

	Tækni	Nothæfi
a	Nota bætt og hámörkuð ofnakerfi og snurðulausa og stöðuga vinnslu í ofnum, sem eru starfrækt í samræmi við stillipunkta vinnslubreytanna með því að nota: I. hámörkun vinnslustjórnunar, þ.m.t. tölvustýrð, sjálfvirk eftirlitskerfi II. nútímaleg þyngdarmælingakerfi til mötunar á eldsneyti í föstu formi III. forhitun og forglæðingu að því marki sem mögulegt er, að teknu tilliti til núverandi samsetningar ofnakerfisins	Á almennt við. Að því er varðar ofna sem fyrir eru er nothæfi forhitunar og forglæðingar háð samsetningu ofnakerfisins
b	Endurheimta umframhita úr ofnum, einkum af kælingarsvæði þeirra. Einkum er hægt að nota umframhita ofns af kælingarsvæði (heitt loft) eða frá forhitaranum til að þurrka hráefni	Á almennt við í sementsiðnaðinum. Endurheimt umframhita frá kælingarsvæði á við þegar ristarkælar (e. *grate cooler*) eru notaðir. Takmörkuð endurheimtargeta næst fram í snúningskælum (e. *rotary cooler*)
c	Nota viðeigandi fjölda loftskiljuþrepa í tengslum við einkenni og eiginleika hráefna og eldsneytis sem notuð eru	Loftskiljuforhitaraþrep eiga við í nýjum stöðvum og meiri háttar endurnýjun.
d	Nota eldsneyti með eiginleika sem hafa jákvæð áhrif á varmaorkunotkun	Tæknin á almennt við um sementsofna, háð tiltækileika eldsneytis, og að því er varðar ofna sem fyrir eru er það háð tæknilegum möguleikum á að dæla eldsneytinu inn í ofninn
e	Þegar hefðbundnu eldsneyti er skipt út fyrir úrgangseldsneyti: nota hámörkuð og hentug sementsofnakerfi til að brenna úrgang	Á almennt við um allar tegundir sementsofna
f	Lágmarka hjástreymi	Á almennt við um sementsiðnaðinn

Lýsing

Fjölmargir þættir hafa áhrif á orkunotkun nútímalegra ofnakerfa s.s. eiginleikar hráefna (t.d. rakainnihald, brennanleiki), notkun eldsneytis með mismunandi eiginleika sem og notkun á gashjástreymiskerfi. Enn fremur hefur framleiðslugeta ofnsins áhrif á orkuþörfina.

Tækni 7c: viðeigandi fjöldi loftskiljuþrepa fyrir forhitun ákvarðast af gegnumstreymi og rakainnihaldi hráefna og eldsneytis, sem þarf að þurrka með útblásturshita sem eftir er, sökum þess að staðbundin hráefni eru mjög mismunandi að því er varðar rakainnihald þeirra eða brennanleika.

Tækni 7d: hægt er að nota hefðbundið eldsneyti og úrgangseldsneyti í sementsiðnaðinum. Eiginleikar eldsneytis sem notað er, s.s. fullnægjandi varmagildi og lítið rakainnihald, hafa jákvæð áhrif á sértæka orkunotkun ofnsins.

Tækni 7f: fjarlæging á heitu hráefni og heitu gasi leiðir til meiri sértækrar orkunotkunar sem svarar til u.þ.b. 6–12 MJ/tonnum af gjalli á hvert prósentustig af fjarlægðu inntaksgasi ofnsins. Lágmörkun gashjástreymis hefur þar af leiðandi jákvæð áhrif á orkunotkun.

8. Til að draga úr frumorkunotkun er besta, fáanlega tækni að íhuga að draga úr gjallinnihaldi sements og sementsvara.

Lýsing

Hægt er að minnka gjallinnihald sements og sementsvara með því að bæta við fylliefnum og/eða fyllingarefnum s.s. háofnagjalli, kalksteini, svifösku og possolana í mölunarþrepinu í samræmi við viðeigandi sementsstaðla.

Nothæfi

Á almennt við um sementsiðnaðinn, háð (staðbundnum) tiltækileika fylliefna og/eða fyllingarefna og sérstökum eiginleikum staðbundinna markaða.

9. Í því skyni að draga úr frumorkunotkun er besta, fáanlega tækni að íhuga samvinnslu raf- og varmaorku/samþætt varma- og raforkuver.

Lýsing

Hægt er að nota raf- og varmaorkuver til að framleiða gufuafl og rafmagn eða nota samþætt varma- og raforkuver í sementsiðnaðinum með því að endurheimta frávarma frá gjallkælinum eða úr útblæstri frá ofnum með því að nota hefðbundin gufuhringrásarferli eða aðra tækni. Enn fremur er hægt að endurheimta umframhita úr gjallkælinum eða úr útblæstri frá ofnum til fjarhitunar eða notkunar í iðnaði.

Nothæfi

Tæknin á við um alla sementsofna ef nægur umframhiti er tiltækur, ef hægt er að ná viðeigandi vinnslubreytum og ef efnahagslegur lífvænleiki er tryggður.

10. Í því skyni að draga úr/lágmarka raforkunotkun er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem nefnd er hér á eftir eða sambland af þeim:

	Tækni
a	Nota orkustjórnunarkerfi
b	Nota mölunarbúnað og annan rafmagnstengdan búnað með mikla orkunýtni
c	Nota bætt vöktunarkerfi
d	Minnka loftleka inn í kerfið
e	Hámörkun vinnslustjórnunar

1.2.4 *Notkun úrgangs*

1.2.4.1 Gæðaeftirlit með úrgangi

11. Til að tryggja eiginleika úrgangs sem á að nota sem eldsneyti og/eða hráefni í sementsofna og draga úr losun er besta, fáanlega tækni að beita eftirfarandi tækni:

	Tækni
a	Nota gæðatryggingarkerfi til að tryggja eiginleika úrgangs og greina allan úrgang sem á að nota sem hráefni og/eða eldsneyti í sementsofna m.t.t.: I. stöðugra gæða II. eðlisrænna viðmiðana, t.d. myndunar losunar, grófleika, hvarfgirni, brennanleika, varmagildis III. efnafræðilegra viðmiðana, t.d. klór-, brennisteins-, basa- og fosfatsinnihalda og málminnihalda sem skiptir máli
b	Stjórna fjölda viðeigandi breytna fyrir allan úrgang, sem á að nota sem hráefni og/eða eldsneyti í sementsofnum, s.s. klór, málma sem skipta máli (t.d. kadmíum, kvikasilfur, þallíum), brennistein, heildarinnihald halógena
c	Nota gæðatryggingarkerfi fyrir hvern úrgangsfarm

Lýsing

Mismunandi tegundir úrgangsefna geta komið í staðinn fyrir frumhráefni og/eða jarðefnaeldsneyti í sementsframleiðslu og munu stuðla að því að spara náttúruauðlindir.

1.2.4.2 Mötun úrgangs inn í ofninn

12. Til að tryggja viðeigandi meðhöndlun úrgangs, sem er notaður sem eldsneyti og/eða hráefni í sementsofna, er besta, fáanlega tækni að nota eftirfarandi tækni:

	Tækni
a	Nota viðeigandi staði til að mata ofninn á úrganginum m.t.t. hitastigs og viðstöðutíma sem fer eftir hönnun ofnsins og starfrækslu
b	Mötun með úrgangsefnum, sem innihalda lífræna efnisþætti sem geta orðið rokgjarnir framan við glæðingarsvæðið, á svæðum þar sem hitastig er nægilega hátt í ofnakerfinu
c	Starfrækslu sem er með þeim hætti að lofttegundir, sem myndast við sambrennslu úrgangs, eru hitaðar á skipulegan og jafnan hátt og jafnvel við óhagstæðustu aðstæður upp í a.m.k. 850 °C í tvær sekúndur
d	Hækka hitastigið í 1100 °C ef hættulegur úrgangur sem inniheldur meira en 1% af halógenuðum, lífrænum efnum, gefin upp sem klór, er sambrenndur
e	Mötun með úrgangi er samfelld og stöðug
f	Seinka eða stöðva sambrennslu úrgangs vegna starfsemi á borð við ræsingu og/eða stöðvun ef ekki er hægt að ná viðeigandi hitastigi og viðstöðutíma, sbr. a- til d-lið hér að framan

1.2.4.3 Öryggisstjórnun vegna notkunar á hættulegum úrgangsefnum

13. Besta, fáanlega tækni er að beita öryggisstjórnun við geymslu, meðhöndlun og mötun á hættulegum úrgangsefnum, s.s. með því að nota nálgun, byggða á áhættumati, samkvæmt upptökum og tegund úrgangs, við merkingar, eftirlit, sýnatöku og prófanir á úrgangi sem á að meðhöndla.

1.2.5 *Ryklosun*

1.2.5.1 Dreifð ryklosun

14. Í því skyni að lágmarka/koma í veg fyrir dreifða ryklosun frá rykmyndandi starfsemi er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem nefnd er hér á eftir eða sambland af þeim:

	Tækni	Nothæfi
a	Nota einfalt og línulegt fyrirkomulag á stöðvarsvæðinu	Á einungis við um nýjar stöðvar

	Tækni	Nothæfi
b	Loka af/afmarka rykmyndandi starfsemi, s.s. mölun, sigtun og blöndun	Á almennt við
c	Breiða yfir færibönd og lyftur, sem eru hannaðar sem lokuð kerfi, ef líklegt er að ryk losni og dreifist frá rykugu efni	
d	Fækka loftlekum og lekastöðum	
e	Nota sjálfvirkan búnað og eftirlitskerfi	
f	Tryggja vandkvæðalausa starfsemi	
g	Nota færanlegan og kyrrstæðan ryksugubúnað til að tryggja viðeigandi og heildstætt viðhald á stöðinni. — Meðan á viðhaldsstarfsemi stendur eða ef um er að ræða vandræði með færibandakerfið getur efni lekið niður. Til að koma í veg fyrir myndun á dreifðu ryki meðan á fjarlægingu stendur skal nota ryksugukerfi. Auðvelt er að búa nýjar byggingar kyrrstæðu rörakerfi fyrir ryksugun en yfirleitt er betra að búa byggingar sem fyrir eru færanlegum kerfum og sveigjanlegum tengingum — Í sérstökum tilvikum gæti hringrásarferli verið tekið fram yfir kerfi með loftknúnum færiböndum	
h	Loftræsta og safna ryki í dúksíur: — Öll meðhöndlun efnis skal, eftir því sem hægt er, fara fram í lokuðum kerfum sem er haldið við undirþrýsting. Loftið sem sogið er út í þessu skyni er síðan rykhreinsað með dúksíu áður en það er losað út í andrúmsloftið	
i	Nota lokaða geymslu með sjálfvirku meðhöndlunarkerfi: — Síló fyrir gjall og lokuð, alsjálfvirk geymslusvæði fyrir hráefni eru talin skilvirkasta lausnin á vandræðum með dreift ryk sem myndast í miklum birgðum. Þessar gerðir af geymslum eru búnar einni dúksíu eða fleiri til að koma í veg fyrir myndun ryks sem dreifist meðan á lestun eða losun stendur — Nota geymslusíló með fullnægjandi rúmtaki, hæðarmælum með aftengingarrofum og með síum til að taka við lofti sem ber með sér ryk sem losnar við áfyllingu	
j	Nota sveigjanleg áfyllingarrör fyrir dreifingu og lestun, búin rykafsogskerfi fyrir lestun á sementi sem er beint að hleðslugólfi vöruflutningabifreiðarinnar	

15. Í því skyni að lágmarka/koma í veg fyrir dreifða ryklosun frá geymslusvæðum efnis í lausu er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem nefnd er hér á eftir eða sambland af þeim:

	Tækni
a	Breiða yfir geymslusvæði efnis í lausu eða efnisbingi eða loka þau af með hlíf, vegg eða aflokun sem samanstendur af lóðréttum grænum gróðri (manngerðri eða náttúrulegri vindfyrirstöðu til að verja lausa stafla gegn vindinum)
b	Nota vindfyrirstöðu fyrir lausar birgðir: — Forðast skal geymslu birgða af rykugu efni utandyra en ef þær eru fyrir hendi er mögulegt að minnka dreift ryk með því að nota vindfyrirstöðu sem er hönnuð á tilhlýðilegan hátt
c	Nota vatnsúða og efnafræðilega rykbælingu: — Ef punktupptök dreifðs ryks eru nokkuð staðbundin er hægt að setja upp vatnsúðainnsprautunarkerfi. Væting á rykögnum stuðlar að kögglun og þar með að því að ryk setjist. Einnig eru fáanleg ýmiss konar efni til að bæta heildarskilvirkni vatnsúðans

	Tækni
d	Tryggja lagningu bundins slitlags, bleytingu vega og góðar starfsvenjur: — Svæði, sem völuflutningabifreiðar aka á, skulu lögð bundnu slitlagi þegar kostur er og yfirborðinu haldið eins hreinu og unnt er. Bleyting vega getur dregið úr ryklosun, einkum í þurru veðri. Einnig er hægt að hreinsa þá með götusópurum. Beita skal góðum starfsvenjum í daglegum rekstri til að halda dreifðri ryklosun í lágmarki
e	Tryggja vætingu efnisbingja: — Hægt er að minnka dreifða ryklosun við efnisbingi með fullnægjandi vætingu á hleðslu- og afhleðslustöðum og með því að nota færibönd með stillanlegri hæð
f	Jafna losunarhæð við mismunandi hæð haugsins, sjálfkrafa ef unnt er eða með því að draga úr losunarhraðanum, ef ekki er hægt að forðast dreifða ryklosun við hleðslu- eða afhleðslustaði geymslustaða

1.2.5.2 Ryklosun sem beint er í farveg frá rykmyndandi starfsemi

Þessi hluti varðar ryklosun sem stafar frá annarri rykmyndandi starfsemi en ofnbrennslu, kælingu og helstu mölunarvinnslum. Þetta tekur til vinnslu s.s. mölunar á hráefnum, færibanda og lyfta fyrir hráefni, geymslu hráefna, gjalls og sements, geymslu eldsneytis og dreifingar á sementi.

16. Í því skyni að draga úr ryklosun sem beint er í farveg er besta, fáanlega tækni að nota viðhaldsstjórnunarkerfi sem tekur sérstaklega á frammistöðu sía, sem eru notaðar í annarri rykmyndandi starfsemi en ofnbrennslu, kælingu og helstu mölunarvinnslum. Með tilliti til þessa stjórnunarkerfis er besta, fáanlega tækni að þurrhreinsa útblástur með síu.

Lýsing

Að því er varðar rykmyndandi starfsemi er yfirleitt notuð dúksía til að þurrhreinsa útblástur með síu. Lýsing á dúksíum kemur fram í lið 1.5.1.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni

Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir ryklosun sem beint er í farveg frá rykmyndandi starfsemi (annarri en frá ofnbrennslu, kælingu og helstu mölunarvinnslum) er < 10 mg/Nm^3 sem meðaltal á sýnatökutímabilinu (punktamælingar í a.m.k. hálfa klukkustund).

Hafa skal í huga að að því er varðar lítil upptök (< 10 000 Nm^3/h) verður að taka tillit til forgangsnálgunar, sem byggist á viðhaldsstjórnunarkerfi, að því er varðar tíðni athugana á frammistöðu síunnar (sjá einnig bestu, fáanlegu tækni 5).

1.2.5.3 Ryklosun frá ofnbrennsluferlum

17. Í því skyni að draga úr ryklosun frá útblæstri úr ofnbrennsluferlum er besta, fáanlega tækni að þurrhreinsa útblástur með síu.

	Tækni ([1])	Nothæfi
a	Rafstöðuskiljur	Á við um öll ofnakerfi
b	Dúksíur	
c	Blendingssíur (e. *hybrid filter*)	

([1]) Lýsing tækninnar er sett fram í lið 1.5.1.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni

Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir ryklosun frá útblæstri úr ofnbrennsluferlum er <10–20 mg/Nm^3 sem dagsmeðalgildi. Lægra gildið næst ef dúksíur eða nýjar eða uppfærðar rafstöðuskiljur eru notaðar.

1.2.5.4 Ryklosun frá kælingar- og mölunarvinnslum

18. Í því skyni að draga úr ryklosun frá útblæstri úr kælingar- og mölunarvinnslum er besta, fáanlega tækni að þurrhreinsa útblástur með síu.

	Tækni ([1])	Nothæfi
a	Rafstöðuskiljur	Á almennt við um gjallkæla og sementskvarnir.
b	Dúksíur	Á almennt við um gjallkæla og kvarnir.
c	Blendingssíur	Á við um gjallkæla og sementskvarnir.

([1]) Lýsing tækninnar er sett fram í lið 1.5.1.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni

Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir ryklosun frá útblæstri úr kælingar- og mölunarvinnslum er <10 – 20 mg/Nm^3, sem dagsmeðalgildi eða meðaltal á sýnatökutímabilinu (punktamælingar í a.m.k. hálfa klukkustund). Lægra gildið næst ef dúksíur eða nýjar eða uppfærðar rafstöðuskiljur eru notaðar.

1.2.6 *Lofikennd efnasambönd*

1.2.6.1 Losun köfnunarefnisoxíðs (NO_x)

19. Í því skyni að draga úr losun köfnunarefnisoxíðs (NO_x) frá útblæstri úr ofnbrennsluferlum og/eða forhitunar-/forglæðingarferlum er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem nefnd er hér á eftir eða sambland af þeim:

	Tækni ([1])	Nothæfi
a	Grunntækni	
	I. Kæling loga	Á við um allar tegundir ofna sem eru notaðar við sementsframleiðslu. Nothæfið getur takmarkast af vörugæðakröfum og mögulegum áhrifum á stöðugleika vinnslu.
	II. Köfnunarefnisoxíðsrýrir brennarar (lág-NO_x-brennari)	Á við um alla hverfiofna, bæði í aðalofninum og í forglæðaranum (e. *precalciner*)
	III. Brennsla í miðjum ofni	Á almennt við um langa hverfiofna
	IV. Steingerandi efnum bætt við til að bæta brennanleika hráefna (steingert gjall)	Á almennt við um hverfiofna, háð gæðakröfum fyrir fullunnu vöruna
	V. Hámörkun vinnslu	Á almennt við um alla ofna
b	Þrepaskiptur bruni (hefðbundið eldsneyti eða úrgangseldsneyti), einnig ásamt forglæðara og notkun á hámarkaðri eldsneytissamsetningu	Að jafnaði er einungis hægt að beita þessu í ofnum sem eru búnir forglæðara Verulegar breytingar á stöð eru nauðsynlegar í loftskiljuforhitarakerfum án forglæðara. Í ofnum án forglæðara gæti brennsla eldsneytis í kögglum haft jákvæð áhrif á að draga úr köfnunarefnisoxíði (NO_x), háð getu til að skapa loftumhverfi með stýrðri skerðingu og til að stjórna tengdri kolsýringslosun
c	Valvís, óhvötuð afoxun	Að meginreglu til á þetta við um sementshverfiofna (e. *rotary cement kiln*) Inndælingarstaðir eru breytilegir eftir tegund vinnslu í ofnum. Í löngum blautvinnslu- og þurrvinnsluofnum getur verið erfitt að ná réttu hitastigi og viðstöðutíma sem þörf er á. Sjá einnig bestu, fáanlegu tækni 20
d	Valvís, hvötuð afoxun	Nothæfi er háð viðeigandi hvata og þróunarferli í sementsiðnaðinum

([1]) Lýsing tækninnar er sett fram í lið 1.5.2.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni

Sjá töflu 2.

Tafla 2

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir köfnunarefnisoxíð (NO_x) frá útblæstri úr ofnbrennsluferlum og/eða forhitunar-/forglæðingarferlum í sementsiðnaðinum

Ofntegund	Eining	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni (dagsmeðalgildi)
Ofnar með forhitara	mg/Nm^3	< 200–450 (1) (2)
Lepol-ofnar og langir hverfiofnar	mg/Nm^3	400–800 (3)

(1) Efra styrkbil losunargildis sem tengist bestu, fáanlegu tækni er 500 mg/Nm^3 ef upphaflegt gildi köfnunarefnisoxíðs (NO_x) eftir grunntækni er > 1000 mg/Nm^3.

(2) Hönnun ofnakerfa sem til eru, eiginleikar eldsneytissamsetninga, þ.m.t. brennanleiki úrgangs og hráefnis (t.d. sérstakt sementsgjall eða hvítt sementsgjall), geta haft áhrif á getu til að haldast innan styrkbils. Gildi undir 350 mg/Nm^3 nást í ofnum við hagstæð skilyrði þegar valvís, óhvötuð afoxun er notuð. Á árinu 2008 var tilkynnt um að lægra gildið 200 mg/Nm^3 hefði verið mánaðarlegt meðaltal í þremur stöðvum (notuð var blanda sem brann auðveldlega) sem notuðu valvísa, óhvataða afoxun.

(3) Háð upphaflegum gildum og ammoníakssleppi (e. NH_3-*slip*).

20. Þegar valvís, óhvötuð afoxun er notuð er besta, fáanlega tækni að ná fram skilvirkri skerðingu á köfnunarefnisoxíði (NO_x) meðan ammoníakssleppi er haldið eins litlu og unnt er, með því að nota eftirfarandi tækni:

	Tækni
a	Nota viðeigandi og nægilega skilvirkra skerðingu á köfnunarefnisoxíði (NO_x) ásamt stöðugu vinnsluferli
b	Nota góða efnahlutfallsdreifingu ammoníaks til að ná fram mestri skerðingu köfnunarefnisoxíðs (NO_x) og til að draga úr ammoníakssleppi (NH_3-*slip*)
c	Að halda losun ammoníakssleppis (vegna óhvarfaðs ammoníaks) úr útblæstrinum eins lítilli og unnt er, að teknu tilliti til fylgni milli skilvirkni við að draga úr köfnunarefnisoxíði (NO_x) og ammoníakssleppis

Nothæfi

Valvís, óhvötuð afoxun á almennt við um sementshverfiofna. Inndælingarstaðir eru breytilegir eftir tegund vinnslu í ofnum. Í löngum blautvinnslu- og þurrvinnsluofnum getur verið erfitt að ná réttu hitastigi og viðstöðutíma sem þörf er á. Sjá einnig bestu, fáanlegu tækni 19.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni

Sjá töflu 3.

Tafla 3

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrirammoníakssleppi í útblæstri þegar valvís, óhvötuð afoxun er notuð

Breyta	Eining	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni (dagsmeðalgildi)
Ammoníakssleppi (NH_3-*slip*)	mg/Nm^3	< 30–50 (1)

(1) Ammoníakssleppið er háð upphaflegu gildi köfnunarefnisoxíðs (NO_x) og skilvirkni við að draga úr köfnunarefnisoxíðum. Að því er varðar Lepol-ofna og langa hverfiofna getur gildið jafnvel verið enn hærra.

1.2.6.2 Losun brennisteinsoxíðs (SO_x)

21. Í því skyni að draga úr/lágmarka losun brennisteinsoxíðs (SO_x) frá útblæstri úr ofnbrennsluferlum og/eða forhitunar-/forglæðingarferlum er besta, fáanlega tækni að nota eina af eftirfarandi tækni:

	Tækni ([1])	Nothæfi
a	Viðbót íseygra efna	Að meginreglu til á viðbót íseygra efna við um öll ofnakerfi þó að hún sé mest notuð í hvirfilforhiturum (e. *suspension preheater*). Kalk sem er bætt við í efnismötun ofnsins dregur úr gæðum agna/korna og veldur steymisvandamálum í Lepol-ofnum. Að því er varðar ofna með forhitara hefur komið í ljós að bein inndæling á leskjuðu kalki inn í útblásturinn er ekki eins skilvirk og það að bæta leskjuðu kalki við í efnismötun ofnsins.
b	Votþvegill	Á við um allar tegundir sementsofna með viðeigandi (fullnægjandi) gildi brennisteinstvíoxíðs (SO_2) til að framleiða gifs

([1]) Lýsing á tækninni kemur fram í lið 1.5.3.

Lýsing

Unnt er að halda losunargildum brennisteinsoxíðs (SO_x) lágum, háð hráefnum og eldsneytisgæðum, þannig að ekki sé þörf á tækni til að draga úr losuninni.

Ef nauðsyn krefur er hægt að nota grunntækni og/eða tækni til að draga úr losun, s.s. viðbót íseygra efna eða votþvegil, til að minnka losun brennisteinsoxíðs (SO_x).

Votþveglar hafa þegar verið starfræktir í stöðvum þar sem upphafleg gildi brennisteinsoxíðs (SO_x) án hreinsunar eru hærri en 800–1000 mg/Nm^3.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni

Sjá töflu 4.

Tafla 4

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir brennisteinsoxíð (SO_x) frá útblæstri úr ofnbrennsluferlum og/eða forhitunar-/forglæðingarferlum í sementsiðnaðinum

Breyta	Eining	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni ([1]) ([2]) (dagsmeðalgildi)
Brennisteinsoxíð (SO_x) gefið upp sem brennisteinstvíoxíð (SO_2)	mg/Nm^3	< 50–400

([1]) Í styrkbilinu er tekið tillit til brennisteinsinnihalds í hráefnunum.
([2]) Að því er varðar hvítt sementsgjall og framleiðslu á sérstöku sementsgjalli getur geta gjalls til að halda brennisteini í eldsneyti verið umtalsvert minni sem leiðir til meiri losunar á brennisteinsoxíðum (SO_X).

22. Í því skyni að draga úr losun brennisteinstvíoxíðs (SO_2) frá ofninum er besta, fáanlega tækni að hámarka hráefnismölunarvinnsluna.

Lýsing

Tæknin felst í því að hámarka hráefnismölunarvinnsluna þannig að starfræksla hráefniskvarnarinnar verði til þess að minnka brennisteinstvíoxíð (SO_2) ofnsins. Þessu er hægt að ná fram með því að aðlaga þætti, s.s.:

— raka í hráefni

— hitastig í kvörninni

— viðstöðutíma í kvörninni

— fínleika malaðs efnis.

Nothæfi

Á við ef þurrmölunarvinnsla er notuð í samsettum ham (e. *compound mode*)

1.2.6.3 Losun kolsýrings (CO) og kolsýringskeyrslur (e. *CO trips*)

1.2.6.3.1 Fækkun kolsýringskeyrslna

23. Í því skyni að lágmarka tíðni kolsýringskeyrslna (CO) og halda heildarlengd þeirra undir 30 mínútum árlega er besta, fáanlega tækni, þegar rafstöðuskiljur eða blendingssíur eru notaðar, að nota sambland af eftirfarandi tækni:

	Tækni
a	Stjórna kolsýringskeyrslum til að stytta niðritíma rafstöðuskilju
b	Samfelldar, sjálfvirkar mælingar á kolsýringi með vöktunarbúnaði sem er með stuttan viðbragðstíma og staðsettur nálægt upptökum koltvísýringsins

Lýsing

Af öryggisástæðum, vegna hættu á sprengingum, verður að slökkva á rafstöðuskiljum við hækkuð gildi kolsýrings í útblæstrinum. Eftirfarandi tækni kemur í veg fyrir kolsýringskeyrslu og fækkar því skiptum sem rafstöðuskilja er stöðvuð:

— eftirlit með brennsluferli

— eftirlit með lífrænum hluta hráefnanna

— eftirlit með gæðum eldsneytis og eldsneytismötunarkerfi.

Truflanir verða aðallega í ræsingaraðgerðarfasa. Vegna rekstraröryggis verða gasgreiningartæki til að verja rafstöðuskiljur að vera tengd á öllum stigum aðgerða og hægt er að stytta niðritíma rafstöðuskiljunnar með því að nota varavöktunarkerfi sem er í gangi allan tímann.

Hámarka þarf kerfi til samfelldrar vöktunar á kolsýringi m.t.t. viðbragðstíma og það skal staðsett nálægt upptökum kolsýringsins (CO), t.d. við úttak forhitaraturnsins (e. *preheater tower outlet*) eða við ofninntakið ef um er að ræða blautvinnsluofn (e. *wet kiln*).

Þegar blendingssíur eru notaðar er mælt með því að síuhaldarinn sé jarðtengdur með gataplötunni.

1.2.6.4 Losun á heildarmagni lífræns kolefnis (TOC)

24. Til að halda losun á heildarmagni lífræns kolefnis frá útblæstri úr ofnbrennsluferlum lítilli er besta, fáanlega tækni að forðast mötun með hráefnum sem innihalda mikið af rokgjörnum, lífrænum efnasamböndum inn í ofnakerfið gegnum hráefnismötunarleiðina.

1.2.6.5 Losun vetnisklóríðs (HCl) og vetnisflúoríðs (HF)

25. Til að koma í veg fyrir/draga úr losun vetnisklóríðs (HCl) frá útblæstri úr ofnbrennsluferlum er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá grunntækni sem nefnd er hér á eftir eða sambland af þeim:

	Tækni
a	Nota hráefni og eldsneyti með litlu klórinnihaldi
b	Takmarka klórinnihald í öllum úrgangi sem á að nota sem hráefni og/eða eldsneyti í sementsofna

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni

Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir losun á vetnisklóríði (HCl) er <10 mg/Nm^3 sem dagsmeðalgildi eða meðaltal á sýnatökutímabilinu (punktamælingar í a.m.k. hálfa klukkustund).

26. Til að koma í veg fyrir/draga úr losun vetnisflúoríðs (HF) frá útblæstri úr ofnbrennsluferlum er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá grunntækni sem nefnd er hér á eftir eða sambland af þeim

	Tækni
a	Nota hráefni og eldsneyti með litlu flúorinnihaldi
b	Takmarka flúorinnihald í öllum úrgangi sem á að nota sem hráefni og/eða eldsneyti í sementsofna

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni

Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir losun á vetnisflúoríði (HF) er <1 mg/Nm^3 sem dagsmeðalgildi eða meðaltal á sýnatökutímabilinu (punktamælingar í a.m.k. hálfa klukkustund).

1.2.7 *Losun fjölklóraðra díbensódíoxína/fúrana*

27. Til að koma í veg fyrir losun fjölklóraðra díbensódíoxína/fúrana eða halda losun fjölklóraðra díbensódíoxína/fúrana frá útblæstri úr ofnbrennsluferlum lítilli er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem nefnd er hér á eftir eða sambland af þeim:

	Tækni	Nothæfi
a	Velja vandlega og stjórna ílagi í ofna (hráefni), þ.e. klór, kopar og rokgörn, lífræn efnasambönd	Á almennt við
b	Velja vandlega og stjórna ílagi í ofna (eldsneyti), þ.e. klór og kopar	Á almennt við
c	Takmarka/forðast notkun úrgangs sem inniheldur klóruð lífræn efni	Á almennt við
d	Forðast mötun með eldsneyti sem inniheldur mikið magn halógena (t.d. klór) í fylgibrennslu	Á almennt við
e	Snöggkæla útblástur ofnsins, í undir 200 °C, og lágmarka viðstöðutíma útblásturs og súrefnisinnihalds á svæðum þar sem hitastigið er á bilinu 300 til 450 °C	Á við um langa blautvinnsluofna og langa þurrvinnsluofna (e. *long dry kiln*) án forhitunar. Þessi þáttur er þegar innbyggður í nútímalega forhitara- og forglæðaraofna
f	Stöðva sambrennslu úrgangs vegna starfsemi á borð við ræsingu og/eða stöðvun	Á almennt við

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni

Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir losun á fjölklóruðum díbensódíoxínum/fúrönum frá útblæstri úr ofnbrennsluferlum er <0,05 – 0,1 ng PCDD/F I-TEQ/Nm^3, sem meðaltal á sýnatökutímabilinu (6–8 klst.).

1.2.8 *Losun málma*

28. Til að lágmarka losun málma frá útblæstri úr ofnbrennsluferlum er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem nefnd er hér á eftir eða sambland af þeim:

	Tækni
a	Velja efni sem innihalda lítið af málmum sem skipta máli og takmarka magn viðkomandi málma í efnum, einkum kvikasilfur
b	Nota gæðatryggingarkerfi til að tryggja eiginleika úrgangsefnanna sem notuð eru
c	Nota skilvirka tækni til að fjarlægja ryk eins og fram kemur í bestu, fáanlegu tækni 17.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni

Sjá töflu 5.

Tafla 5

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir málma úr útblæstri frá ofnbrennsluferlum

Málmar	Eining	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni (meðaltal á sýnatökutímabilinu (punktamælingar í a.m.k. hálfa klukkustund))
Hg	mg/Nm^3	< 0,05 ([2])
Σ (Cd, Tl)	mg/Nm^3	< 0,05 ([1])
Σ (As, Sb, Pb, Cr, Co, Cu, Mn, Ni, V)	mg/Nm^3	< 0,5 ([1])

([1]) Tilkynnt hefur verið um lítinn styrk, byggt á gæðum hráefnanna og eldsneytisins. Gildi sem eru hærri en 0,03 mg/Nm^3 þarf að rannsaka nánar. Við gildi sem eru nálægt 0,05 mg/Nm^3 þarf að íhuga viðbótartækni (t.d. að lækka hitastig útblástursins, virkt kolefni).
([2]) Tilkynnt hefur verið um lítinn styrk, byggt á gæðum hráefnanna og eldsneytisins.

1.2.9 *Vinnslutap/*úrgangur

29. Í því skyni að draga úr föstum úrgangi frá framleiðsluferli sements ásamt því að spara hráefni er besta, fáanlega tækni að:

	Tækni	Nothæfi
a	Endurnýta ryk, sem safnað hefur verið, í vinnslunni, verði því við komið	Á almennt við en háð efnasamsetningu ryksins
b	Nýta þetta ryk í aðrar verslunarvörur, ef unnt er	Notkun á rykinu í aðrar verslunarvörur er e.t.v. ekki undir yfirráðum rekstraraðilans

Lýsing

Hægt er að endurvinna samsafnað ryk aftur inn í framleiðsluferlið, þegar því verður við komið. Endurvinnslan getur farið fram beint inn í ofninn eða í efnismötun ofnsins (innihald alkalímálms er takmarkandi þáttur) eða með íblöndun við fullunnar sementsvörur. Þegar samsafnað ryk er endurunnið aftur inn í framleiðsluferlin gæti þurft gæðatryggingarverklag. Hægt er að finna önnur not fyrir efni sem ekki er hægt að endurvinna (t.d. aukefni fyrir hreinsun brennisteins úr útblæstri í brennsluverum).

1.3 **Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir kalkiðnaðinn**

Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni, sem koma fram í þessum lið, geta átt við um allar stöðvar í kalkgeiranum nema annað sé tekið fram.

1.3.1*Almenn grunntækni*

30. Í því skyni að draga úr allri losun frá ofninum og nota orku á skilvirkan hátt er besta, fáanlega tækni að ná fram snurðulausri og stöðugri vinnslu í ofninum, sem er keyrður í samræmi við stillipunkta vinnslubreytnanna, með því að nota eftirfarandi tækni:

	Tækni
a	Hámörkun vinnslustjórnunar, þ.m.t. tölvustýrt, sjálfvirkt eftirlit
b	Notkun á nútímalegum þyngdarmælingarkerfum til mötunar á eldsneyti í föstu formi og/eða streymismælum fyrir lofttegundir

Nothæfi

Hámörkun vinnslustjórnunar á við um allar kalkstöðvar í mismiklum mæli. Alla jafna er ekki hægt að ná fram fullkominni vinnslusjálfvirkni vegna óviðráðanlegra breytna, þ.e. gæði kalksteinsins.

31. Til að koma í veg fyrir og/eða draga úr losun er besta, fáanlega tækni að velja vandlega öll hráefni sem fara inn í ofninn og hafa eftirlit með þeim.

Lýsing

Hráefni sem fara inn í ofninn hafa umtalsverð áhrif á losun í andrúmsloft vegna óhreinindainnihalds þeirra; þess vegna getur vandlegt val á hráefnum dregið úr þessari losun við upptök. Til dæmis hefur breytilegt brennisteins- og klórinnihald í kalksteininum/dólómítinu áhrif á styrkbil losunar á brennisteinstvíoxíði (SO_2) og vetnisklóríði (HCl) í útblæstrinum en tilvist lífrænna efna hefur áhrif á losun á heildarmagni lífræns kolefnis og kolsýringi (CO).

Nothæfi

Nothæfið fer eftir (staðbundnum) tiltækileika hráefna sem innihalda lítið af óhreinindum. Tegund fullunninnar vöru og tegund ofns sem er notaður geta sett frekari skorður.

1.3.2 *Vöktun*

32. Besta, fáanlega tækni er að vakta og mæla vinnslubreytur og losun reglulega og vakta losun í samræmi við viðeigandi EN-staðla eða, ef EN-staðlar eru ekki fáanlegir, staðla Alþjóðlegu staðlasamtakanna, landsbundna staðla eða aðra alþjóðlega staðla sem tryggja að gögnin verði vísindalega jafn traust, þ.m.t. eftirfarandi:

	Tækni	Nothæfi
a	Samfelldar mælingar á vinnslubreytum sem sýna stöðugleika vinnslunnar s.s. hitastig, súrefnisinnihald (O_2), þrýstingur, streymi og kolsýringslosun (CO)	Á við um vinnslu í ofnum
b	Vöktun á mikilvægum vinnslubreytum og þeim haldið stöðugum, t.d. eldsneytismötun, reglulegri skömmtun og umframmagni súrefnis	
c	Samfelldar eða reglulegar mælingar á losun ryks, köfnunarefnisoxíðs (NO_x), brennisteinsoxíðs (SO_x), kolsýrings (CO) og ammoníaks (NH_3) þegar valvís, óhvötuð afoxun er notuð	Á við um vinnslu í ofnum
d	Samfelldar eða reglulegar mælingar á losun vetnisklóríðs (HCl) og vetnisflúoríðs (HF) ef úrgangur er sambrenndur	Á við um vinnslu í ofnum
e	Samfelldar eða reglulegar mælingar á losun heildarmagns lífræns kolefnis eða samfelldar mælingar ef úrgangur er sambrenndur	Á við um vinnslu í ofnum
f	Reglulegar mælingar á losun fjölklóraðra díbensódíoxína/fúrana og málms	Á við um vinnslu í ofnum
g	Samfelldar eða reglulegar mælingar á ryklosun	Á við um aðra vinnslu en í ofnum Að því er varðar lítil upptök (<10 000 Nm^3/h) skal tíðni mælinga byggjast á viðhaldsstjórnunarkerfi

Lýsing

Val á milli samfelldra mælinga eða reglulegra mælinga, sem getið er í bestu, fáanlegu tækni 32(c) til 32(f), grundvallast á upptökum losunar og tegund mengunarefnis sem búist er við.

Að því er varðar reglulegar mælingar á losun ryks, köfnunarefnisoxíðs (NO_x), brennisteinsoxíðs (SO_x) og kolsýrings (CO) er tíðnin einu sinni í mánuði og allt að einu sinni á ári við venjuleg rekstrarskilyrði gefin upp sem vísbending.

Að því er varðar reglulegar mælingar á losun fjölklóraðra díbensódíoxína/fúrana, heildarmagns lífræns kolefnis, vetnisklóríðs (HCl), vetnisflúoríðs (HF) og málms skal beita tíðni sem hentar hráefnum og eldsneyti sem notuð eru í vinnslunni.

1.3.3 *Orkunotkun*

33. Í því skyni að draga úr/lágmarka varmaorkunotkun er besta, fáanlega tækni að nota sambland af eftirfarandi tækni:

	Tækni	Lýsing	Nothæfi
a	Nota bætt og hámörkuð ofnakerfi og snurðulausa og stöðuga vinnslu í ofnum, sem eru starfrækt í samræmi við stillipunkta vinnslubreytnanna með: I. hámörkun vinnslustjórnunar II. varmaendurheimt frá útblæstri (t.d. notkun á umframvarma frá hverfiofnum til að þurrka kalkstein vegna annarrar vinnslu, s.s. kalksteinsmölun) III. nútímaleg þyngdarmælinga-kerfi til mötunar á eldsneyti í föstu formi IV. viðhaldi búnaðar (t.d. loft-þéttni, veðrun á eldföstu efni) V. notkun á steinum af hentug-ustu kornastærð	Það að halda eftirlitsbreytum ofnsins nálægt bestu gildum hefur þau áhrif að fækka öllum notkunarbreytum, m.a. vegna færri stöðvunartímabila og raskana. Notkun á steinum af hentugustu kornastærð er háð tiltækileika hráefna	Tækni (a) II á einungis við um langa hverfiofna
b	Nota eldsneyti með eiginleika sem hafa jákvæð áhrif á varmaorkunotkun	Eiginleikar eldsneytis, t.d. hátt varmagildi og lítið rakainnihald, geta haft jákvæð áhrif á varmaorkunotkun	Nothæfið fer eftir tæknilegum möguleika á að mata ofninn á valda eldsneytinu og á tiltækileika hentugs eldsneytis (t.d. hátt varmagildi og lítill raki) sem getur orðið fyrir áhrifum af stefnu aðildarríkisins í orkumálum
c	Takmarka umframloft	Notkun á minna umframlofti til brennslu hefur bein áhrif á eldsneytisnotkun þar eð hátt hlutfall lofts krefst meiri varmaorku til að hita umframmagnið upp. Takmörkun á umframlofti hefur einungis áhrif á varmaorkunotkun í löngum hverfiofni (LRK) og hverfiofni með forhitara (PRK). Tæknin getur mögulega aukið losun heildarmagns lífræns kolefnis og kolsýrings (CO)	Á við um langan hverfiofn (LRK) og hverfiofn með forhitara (PRK) innan marka mögulegrar ofhitnunar á sumum stöðum í ofninum sem leiðir af sér styttri endingartíma eldfastra efna

Notkunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni

Sjá töflu 6.

Tafla 6

Gildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir varmaorkunotkun í kalkiðnaði og iðnaði með brennt dólómít

Ofntegund	Varmaorkunotkun ([1]) GJ/tonn af vöru
Langir hverfiofnar (LRK)	6,0–9,2
Hverfiofnar með forhitara (PRK)	5,1–7,8
Endurnýtingarofnar með samhliða streymi (PFRK)	3,2–4,2
Hringlaga stokkofnar (ASK)	3,3–4,9

Ofntegund	Varmaorkunotkun ([1]) GJ/tonn af vöru
Stokkofnar með blandaðri efnismötun (MFSK)	3,4–4,7
Aðrir ofnar (OK)	3,5–7,0

([1]) Orkunotkun ræðst af tegund vöru, vörugæðum, vinnsluskilyrðum og hráefnum

34. Í því skyni að lágmarka raforkunotkun er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem nefnd er hér á eftir eða sambland af þeim:

	Tækni
a	Nota orkustjórnunarkerfi
b	Nota kalkstein af hentugustu kornastærð
c	Nota mölunarbúnað og annan rafmagnstengdan búnað með mikla orkunýtni

Lýsing – Tækni (b)

Yfirleitt er einungis hægt að brenna grófar kalksteinsvölur í lóðréttum ofnum. Þó er einnig hægt að nýta lítil brot í hverfiofnum sem nota meiri orku og í nýjum lóðréttum ofnum er hægt að brenna litlar agnir, frá 10 mm. Stærri steinagnir, sem eru settar í efnismötun ofnsins, eru meira notaðar í lóðrétta ofna en í hverfiofna.

1.3.4 *Notkun kalksteins*

35. Í því skyni að lágmarka kalksteinsnotkun er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem nefnd er hér á eftir eða sambland af þeim:

	Tækni	Nothæfi
a	Sértæk vinnsla hráefna úr jörðu, mölun og vel skipulögð notkun á kalksteini (gæði, kornastærð)	Á almennt við í kalkiðnaðinum; þó er vinnsla á steinum háð gæðum kalksteinsins
b	Velja ofna þar sem hámörkuð tækni er notuð sem gerir það kleift að vinna úr fleiri stærðum kalksteinskorna til að nýta unninn kalkstein sem allra best	Á við um nýjar stöðvar og meiri háttar endurnýjun á ofnum. Að meginreglu til er einungis hægt að brenna grófar kalksteinsvölur í lóðréttum ofnum. Hægt er að starfrækja endurnýtingarofna með samhliða streymi (PFRK) fyrir fínmalað kalk og/eða hverfiofna með smærri kalksteinskornastærð

1.3.5 *Val á eldsneyti*

36. Til að koma í veg fyrir/draga úr losun er besta, fáanlega tækni að velja vandlega eldsneyti sem fer inn í ofninn og hafa eftirlit með því.

Lýsing

Eldsneyti sem fer inn í ofninn getur haft umtalsverð áhrif á losun í andrúmsloft vegna óhreinindainnihalds þess. Innihald brennisteins (einkum að því er varðar langa hverfiofna), köfnunarefnis og klórs hefur áhrif á styrkbil losunar á brennisteinsoxíði (SO_x), köfnunarefnisoxíði (NO_x) og vetnisklóríði (HCl) í útblæstrinum. Val á viðeigandi eldsneyti eða eldsneytissamsetningu getur leitt til minni losunar, háð efnasamsetningu eldsneytisins og tegund ofns sem er notuð.

Nothæfi

Hægt er að starfrækja allar tegundir ofna, að undanskildum stokkofnum með blandaðri efnismötun, með öllum tegundum eldsneytis og eldsneytissamsetninga, háð tiltækileika eldsneytis sem getur orðið fyrir áhrifum af stefnu aðildarríkisins í orkumálum. Val á eldsneyti ræðst einnig af æskilegum gæðum fullunnu vörunnar, tæknilegum möguleika á að mata valda ofninn á eldsneytinu og efnahagslegum þáttum.

1.3.5.1 Notkun úrgangseldsneytis

1.3.5.1.1 Gæðaeftirlit með úrgangi

37. Til að tryggja eiginleika úrgangs sem á að nota sem eldsneyti í kalkofnum er besta, fáanlega tækni að beita eftirfarandi tækni:

	Tækni
a	Nota gæðatryggingarkerfi til að tryggja og hafa eftirlit með eiginleikum úrgangs og greina allan úrgang sem á að nota sem eldsneyti í ofninn m.t.t.: I. stöðugra gæða II. eðlisrænna viðmiðana, t.d. myndunar losunar, grófleika, hvarfgirni, brennanleika, varmagildis III. efnafræðilegra viðmiðana, t.d. heildarinnihald klórs, brennisteins, basa og fosfats og málminnihald sem skiptir máli (t.d. heildarinnihald króms, blýs, kadmíums, kvikasilfurs, þallíums)
b	Hafa eftirlit með magni efnisþátta sem skipta máli í öllum úrgangi sem á að nota sem eldsneyti, s.s. heildarinnihald halógena, málma (t.d. heildarinnihald króms, blýs, kadmíums, kvikasilfurs, þallíums) og brennisteins

1.3.5.1.2 Mötun úrgangs inn í ofninn

38. Til að koma í veg fyrir/draga úr losun sem stafar af notkun úrgangseldsneytis í ofninum er besta, fáanlega tækni að nota eftirfarandi tækni:

	Tækni
a	Nota viðeigandi brennara til mötunar á hentugum úrgangi, háð hönnun ofnsins og starfrækslu hans
b	Starfrækslu sem er með þeim hætti að lofttegundir, sem myndast við sambrennslu úrgangs, eru hitaðar á skipulegan og jafnan hátt og jafnvel við óhagstæðustu aðstæður upp í a.m.k. 850 °C í tvær sekúndur
c	Hækka hitastigið í 1100 °C ef hættulegur úrgangur sem inniheldur meira en 1% af halógenuðum, lífrænum efnum, gefin upp sem klór, er sambrenndur
d	Mötun með úrgangi er samfelld og stöðug
e	Hætta mötun úrgangs vegna starfsemi á borð við ræsingu og/eða stöðvun ef ekki er hægt að ná viðeigandi hitastigi og viðstöðutíma, eins og getið er í b- og c-lið hér að framan

1.3.5.1.3 Öryggisstjórnun vegna notkunar á hættulegum úrgangsefnum

39. Til að koma í veg fyrir losun af slysni er besta, fáanlega tækni að nota öryggisstjórnun við geymslu, meðhöndlun og mötun á hættulegum úrgangi inn í ofninn.

Lýsing

Notkun öryggisstjórnunar við geymslu, meðhöndlun og mötun á hættulegum úrgangsefnum samanstendur af nálgun, byggðri á áhættumati, samkvæmt upptökum og tegund úrgangs, við merkingar, eftirlit, sýnatöku og prófanir á úrgangi sem á að meðhöndla.

1.3.6 *Ryklosun*

1.3.6.1 Dreifð ryklosun

40. Í því skyni að lágmarka/koma í veg fyrir dreifða ryklosun frá rykmyndandi starfsemi er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem nefnd er hér á eftir eða sambland af þeim:

	Tækni
a	Lokun/afmörkun á rykmyndandi starfsemi, s.s. mölun, sigtun og blöndun
b	Nota lokuð færibönd og lyftur, sem eru hannaðar sem lokuð kerfi, ef líklegt er að ryk losni frá rykugu efni
c	Nota geymslusíló með fullnægjandi rúmtaki, hæðarmælum með aftengingarrofum og með síum til að taka við lofti sem ber með sér ryk sem losnar við áfyllingu
d	Nota hringrásarferli sem er tekið fram yfir kerfi með loftknúnum færiböndum

	Tækni
e	Meðhöndlun efnis í lokuðum kerfum, sem er haldið við undirþrýsting, og útsogið loft rykhreinsað með dúksíu áður en það er losað út í andrúmsloftið
f	Loftlekum og lekastöðum fækkað, lokið við stöðina
g	Viðeigandi og heildstætt viðhald á stöðinni
h	Nota sjálfvirkan búnað og eftirlitskerfi
i	Nota samfellda og vandkvæðalausa starfsemi
j	Notkun á sveigjanlegum áfyllingarrörum, sem eru búin rykafsogskerfi fyrir lestun á kalki, sem er beint að hleðslugólfi vöruflutningabifreiðarinnar

Nothæfi

Við tilreiðslu hráefna, t.d. mölun og sigtun, er yfirleitt ekki þörf á rykskiljun vegna rakainnihalds hráefnanna.

41. Í því skyni að lágmarka/koma í veg fyrir dreifða ryklosun frá geymslusvæðum efnis í lausu er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem nefnd er hér á eftir eða sambland af þeim:

	Tækni
a	Loka geymslustaði af með því að nota hlíf, vegg eða lóðréttan grænan gróður (manngerða eða náttúrulega vindfyrirstöðu til að verja lausa stafla gegn vindinum)
b	Nota vörusíló og lokuð, alsjálfvirk geymslusvæði fyrir hráefni. Þessar gerðir af geymslum eru búnar einni dúksíu eða fleiri til að koma í veg fyrir myndun ryks sem dreifist meðan á lestun eða losun stendur
c	Minnka dreifða ryklosun við efnisbingi með því að nota fullnægjandi vætingu á hleðslu- og afhleðslustöðum varabirgða og með því að nota færibönd með stillanlegri hæð Þegar notuð er væting eða ráðstafanir/tækni til úðunar er hægt að þétta jörðina og safna saman umframvatni og ef nauðsyn krefur er hægt að meðhöndla það og nota í lokaðri hringrás
d	Draga úr dreifðri ryklosun við hleðslu- eða afhleðslustaði geymslustaða, ef ekki er hægt að forðast hana, með því að jafna losunarhæð við mismunandi hæð haugsins, sjálfkrafa ef unnt er, eða með því að draga úr losunarhraðanum
e	Halda stöðunum rökum, einkum þurrum svæðum, með því að nota úðunartæki og hreinsa þau með hreinsibílum
f	Nota ryksugukerfi meðan á fjarlægingu stendur. Auðvelt er að búa nýjar byggingar kyrrstæðu hreinsikerfi fyrir ryksugun en yfirleitt er betra að búa byggingar sem fyrir eru færanlegum kerfum og sveigjanlegum tengingum
g	Draga úr dreifðri ryklosun á svæðum, sem vöruflutningabifreiðar aka á, með því að leggja þau bundnu slitlagi þegar kostur er og halda yfirborðinu eins hreinu og unnt er. Bleyting vega getur dregið úr ryklosun, einkum í þurru veðri. Hægt er að beita góðum starfsvenjum í daglegum rekstri til að halda dreifðri ryklosun í lágmarki

1.3.6.2 Ryklosun sem beint er í farveg frá annarri rykmyndandi starfsemi en frá ofnbrennsluferlum

42. Í því skyni að draga úr ryklosun sem beint er í farveg frá rykmyndandi starfsemi, annarri en frá ofnbrennsluferlum, er besta, fáanlega tækni að nota eina af eftirfarandi tækni og nota viðhaldsstjórnunarkerfi sem tekur sérstaklega á frammistöðu sía:

	Tækni ([1]) ([2])	Nothæfi
a	Dúksía	Á almennt við í mölunarstöðvum og afleiddri vinnslu í kalkiðnaðinum, flutningi á efni og geymslu- og hleðslustöðvum. Nothæfi dúksía í kalkvötnunarstöðvum kann að takmarkast af miklum raka og lágu hitastigi útblástursins
b	Votþveglar	Eiga aðallega við í kalkvötnunarstöðvum

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.6.1.
([2]) Ef nauðsyn krefur er hægt að nota skilvindur/loftskiljur til formeðhöndlunar á útblæstrinum.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni

Sjá töflu 7.

Tafla 7

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir ryklosun sem beint er í farveg frá rykmyndandi starfsemi, annarri en frá ofnbrennsluferlum

Tækni	Eining	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni (dagsmeðaltal eða meðaltal á sýnatökutímabilinu (punktamælingar í a.m.k. hálfa klukkustund))
Dúksía	mg/Nm^3	< 10
Votþvegill	mg/Nm^3	< 10–20

Hafa skal í huga að að því er varðar lítil upptök (< 10 000 Nm^3/h) verður að taka tillit til forgangsnálgunar að því er varðar tíðni athugana á frammistöðu síunnar (sjá bestu, fáanlegu tækni 32).

1.3.6.3 Ryklosun frá ofnbrennsluferlum

43. Í því skyni að draga úr ryklosun frá útblæstri úr ofnbrennsluferlum er besta, fáanlega tækni að hreinsa útblástur með síu. Hægt er að nota einhverja þá tækni sem nefnd er hér á eftir eða sambland af þeim:

	Tækni ([1])	Nothæfi
a	Rafstöðuskilja (ESP)	Á við um öll ofnakerfi
b	Dúksía	Á við um öll ofnakerfi
c	Votrykskilja (e. *wet dust separator*)	Á við um öll ofnakerfi
d	Skilvinda/loftskilja	Skilvindur henta einungis sem forskiljur (e. *pre-separator*) og hægt er að nota þær til að forhreinsa útblástur frá öllum ofnakerfum

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.6.1.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni

Sjá töflu 8.

Tafla 8

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir ryklosun úr útblæstri frá ofnbrennsluferlum

Tækni	Eining	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni (dagsmeðalgildi eða meðaltal á sýnatökutímabilinu (punktamælingar í a.m.k. hálfa klukkustund))
Dúksía	mg/Nm^3	< 10
Rafstöðuskiljur eða aðrar síur	mg/Nm^3	< 20 ([1])

([1]) Í undantekningartilvikum, ef eðlisviðnám ryks er mikið, gæti losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni verið hærra, allt að 30 mg/Nm^3 sem dagsmeðalgildi.

1.3.7 *Loftkennd efnasambönd*

1.3.7.1 Grunntækni til að draga úr losun loftkenndra efnasambanda

44. Í því skyni að draga úr losun loftkenndra efnasambanda (þ.e. köfnunarefnisoxíð (NO_x), brennisteinsoxíð (SO_x), vetnisklóríð (HCl), kolsýringur (CO), heildarmagn lífræns kolefnis/rokgjarnt, lífrænt efnasamband, rokgjarnir málmar) frá útblæstri úr ofnbrennsluferlum er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem nefnd er hér á eftir eða sambland af þeim:

	Tækni	Nothæfi
a	Vandlegt val og eftirlit með efnum sem fara inn í ofninn	Á almennt við
b	Draga úr forefnum mengunarefna í eldsneyti og, ef unnt er, í hráefnum, þ.e. I. velja eldsneyti, ef það er tiltækilegt, sem inniheldur lítið af brennisteini (einkum fyrir langa hverfiofna), köfnunarefni og klór II. velja hráefni, ef unnt er, sem innihalda lítið af lífrænu efni III. velja hentug úrgangseldsneyti fyrir vinnsluna og brennarann	Á almennt við í kalkiðnaðinum, háð staðbundnum tiltækileika hráefna og eldsneytis, tegund ofns sem notuð er, æskilegum gæðum vörunnar og tæknilegum möguleika á að mata valda ofninn á tiltekinni tegund eldsneytis
c	Nota tækni til að hámarka vinnslu til að tryggja skilvirkt frásog brennisteinstvíoxíðs (t.d. skilvirka snertingu milli lofttegunda úr ofninum og óleskjaða kalksins)	Á við um allar kalkstöðvar. Alla jafna er ekki hægt að ná fram fullkominni vinnslusjálfvirkni vegna óviðráðanlegra breytna, þ.e. gæði kalksteinsins.

1.3.7.2 Losun köfnunarefnisoxíðs (NO_x)

45. Í því skyni að draga úr losun köfnunarefnisoxíðs (NO_X) frá útblæstri úr ofnbrennsluferlum er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem nefnd er hér á eftir eða sambland af þeim:

	Tækni	Nothæfi
a	Grunntækni	Á almennt við
	I. Viðeigandi val á eldsneyti ásamt takmörkun á köfnunarefnisinnihaldi í eldsneytinu	Á almennt við í kalkiðnaðinum, háð tiltækileika eldsneytis, sem getur orðið fyrir áhrifum af stefnu aðildarríkisins í orkumálum, og tæknilegum möguleika á að mata valda ofninn á tiltekinni tegund eldsneytis
	II. Hámörkun vinnslu, þ.m.t. mótun loga og hitasnið (e. *temperature profile*)	Hægt er að hámarka vinnslu og vinnslustjórnun í kalkframleiðslu en það ræðst af gæðum fullunnu vörunnar
	III. Hönnun brennara (köfnunarefnisoxíðsrýr brennari) ([1])	Köfnunarefnisoxíðsrýrir brennarar eiga við í hverfiofnum og hringlaga stokkofnum og skapa aðstæður þar sem hlutfall fyrsta stigs lofts (e. *primary air*) er hátt. Brennsla í endurnýtingarofnum með samhliða streymi (PFRK) og öðrum stokkofnum er án loga og þar af leiðandi eiga köfnunarefnisoxíðsrýrir brennarar ekki við í þessa ofntegund
	IV. Þrepaskipting með lofti ([1])	Á ekki við um stokkofna. Á einungis við um hverfiofna með forhitara en ekki þegar fullbrennt kalk er framleitt. Nothæfinu geta verið settar skorður vegna takmarkana af völdum þess af hvaða tegund fullunna varan er, vegna hugsanlegrar ofhitnunar á sumum stöðum í ofninum og hugsanlegra skemmda á eldföstum fóðringum
b	Valvís, óhvötuð afoxun([1])	Á við um Lepol-hverfiofna. Sjá einnig bestu, fáanlegu tækni 46

([1]) Lýsing á tækninni kemur fram í lið 1.6.2.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni

Sjá töflu 9.

Tafla 9

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir köfnunarefnisoxíð (NO_x) frá útblæstri úr ofnbrennsluferlum í kalkiðnaðinum

Ofntegund	Eining	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni (dagsmeðalgildi eða meðaltal á sýnatökutímabilinu (punktamælingar í a.m.k. hálfa klukkustund), gefið upp sem köfnunarefnistvíoxíð (NO_2))
Endurnýtingarofn með samhliða streymi (PFRK), hringlaga stokkofn (ASK), stokkofn með blandaðri efnismötun (MFSK), aðrir stokkofnar (OSK)	mg/Nm^3	100–350 ([1]) ([3])
Langur hverfiofn (LRK), hverfiofn með forhitara (PRK)	mg/Nm^3	< 200–500 ([1]) ([2])

([1]) Efri hluti styrkbilanna tengist framleiðslu á brenndu dólómíti og fullbrenndu kalki. Hærri gildi en efri hluti styrkbilsins geta tengst framleiðslu á sindruðu, brenndu dólómíti.

([2]) Að því er varðar langan hverfiofn (LRK) og hverfiofn með forhitara (PRK), með stokk sem framleiðir fullbrennt kalk, er efra gildið allt að 800 mg/Nm^3.

([3]) Ef grunntækni, eins og tilgreint er í bestu, fáanlegu tækni 45 (a)I, er ekki nægileg til að ná þessu þrepi og ef fylgitækni á ekki við til að draga úr losun köfnunarefnisoxíðs (NOx) í 350 mg/Nm3 er efra gildið 500 mg/Nm^3, einkum að því er varðar fullbrennt kalk og vegna notkunar á lífmassa sem eldsneyti.

46. Þegar valvís, óhvötuð afoxun er notuð er besta, fáanlega tækni að ná fram skilvirkri skerðingu á köfnunarefnisoxíði (NO_x) meðan ammoníakssleppi er haldið eins litlu og unnt er, með því að nota eftirfarandi tækni:

	Tækni
a	Nota viðeigandi og nægilega skilvirka skerðingu ásamt stöðugu vinnsluferli
b	Nota góðan efnahlutfallsstuðul og dreifingu ammoníaks til að ná fram mestri skerðingu köfnunarefnisoxíðs (NO_x) og til að draga úr ammoníakssleppi
c	Að halda losun ammoníakssleppis (NH_3-*slip*) (vegna óhvarfaðs ammoníaks) úr útblæstrinum eins lítilli og unnt er, að teknu tilliti til fylgni milli skilvirkni við að draga úr köfnunarefnisoxíði (NO_x) og ammoníakssleppis.

Nothæfi

Á einungis við um Lepol-hverfiofna þar sem mögulegt er að ná kjörhitasviði á bilinu 850 til 1020 °C. Sjá einnig bestu, fáanlegu tækni 45, tækni b.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni

Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir losun á ammoníakssleppi (NH_3-*slip*) frá útblæstri er <30 mg/Nm^3 sem dagsmeðalgildi eða meðaltal á sýnatökutímabilinu (punktamælingar í a.m.k. hálfa klukkustund).

1.3.7.3 Losun brennisteinsoxíðs (SO_x)

47. Í því skyni að draga úr losun brennisteinsoxíðs SO_x frá útblæstri úr ofnbrennsluferlum er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem nefnd er hér á eftir eða sambland af þeim:

	Tækni	Nothæfi
a	Hámörkun vinnslu til að tryggja skilvirkt frásog brennisteinstvíoxíðs (t.d. skilvirka snertingu milli lofttegunda úr ofninum og óleskjaða kalksins)	Hámörkun vinnslustjórnunar á við um allar kalkstöðvar
b	Velja eldsneyti sem inniheldur lítið af brennisteini	Á almennt við, háð tiltækileika eldsneytis, einkum til notkunar í langa hverfiofna (LRK), vegna mikillar losunar brennisteinsoxíðs (SO_x)
c	Nota tækni með viðbót íseygra efna (t.d. að bæta við íseygu efni, þurrhreinsa útblástur með síu, votþvegil eða inndælingu á virku kolefni) [(1)]	Að meginreglu til er hægt að nota tækni með viðbót íseygra efna í kalkiðnaðinum; þó hefur þessari tækni ekki ennþá verið beitt í kalkiðnaðinum á árinu 2007. Þörf er á frekari rannsóknum, einkum að því er varðar hverfikalkofna (e. *rotary lime kiln*) til að meta nothæfi þeirra

([1]) Lýsing á tækninni kemur fram í lið 1.6.3.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni

Sjá töflu 10.

Tafla 10

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir brennisteinsoxíð (SO_x) frá útblæstri úr ofnbrennsluferlum í kalkiðnaðinum

Ofntegund	Eining	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni (1) (2) (dagsmeðalgildi eða meðaltal á sýnatökutímabilinu (punktamælingar í a.m.k. hálfa klukkustund), brennisteinsoxíð (SO_x) gefið upp sem brennisteinstvíoxíð (SO_2))
Endurnýtingarofn með samhliða streymi (PFRK), hringlaga stokkofn (ASK), stokkofn með blandaðri efnismötun (MFSK), aðrir stokkofnar (OSK), hverfiofn með forhitara (PRK)	mg/Nm^3	< 50–200
Langur hverfiofn (LRK)	mg/Nm^3	< 50–400

(1) Gildið ræðst af upphaflegu gildi brennisteinsoxíðs (SO_x) í útblæstrinum og á tækninni sem notuð er til að draga úr því.
(2) Að því er varðar framleiðslu á sindruðu, brenndu dólómíti þar sem „tveggja þrepa ferlið“ er notað gæti losun brennisteinsoxíðs (SO_X) verið meiri en efri hluti styrkbilsins.

1.3.7.4 Losun kolsýrings (CO) og kolsýringskeyrslur (e. *CO trips*)

1.3.7.4.1 Losun kolsýrings (CO)

48. Í því skyni að draga úr losun kolsýrings (CO) frá útblæstri úr ofnbrennsluferlum er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem nefnd er hér á eftir eða sambland af þeim:

	Tækni	Nothæfi
a	Velja hráefni sem innihalda lítið af lífrænu efni	Á almennt við um kalkiðnaðinn innan takmarkana sem stafa af staðbundnum tiltækileika og samsetningu hráefna, tegund ofns sem er notuð og gæðum fullunnu vörunnar
b	Nota tækni til að hámarka vinnslu til að ná fram stöðugri og algerri brennslu	Á við um allar kalkstöðvar. Alla jafna er ekki hægt að ná fram fullkominni vinnslusjálfvirkni vegna óviðráðanlegra breytna, þ.e. gæði kalksteinsins.

Sjá einnig bestu, fáanlegu tækni 30 og 31 í lið 1.3.1 og bestu, fáanlegu tækni 32 í lið 1.3.2. í þessu samhengi.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni

Sjá töflu 11.

Tafla 11

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir kolsýring (CO) úr útblæstri frá ofnbrennsluferlum

Ofntegund	Eining	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni (1) (2) (dagsmeðalgildi eða meðaltal á sýnatökutímabilinu (punktamælingar í a.m.k. hálfa klukkustund))
Endurnýtingarofn með samhliða streymi (PFRK), aðrir stokkofnar (OSK), langir hverfiofnar (LRK), hverfiofn með forhitara (PRK)	mg/Nm^3	< 500

(1) Losun getur verið meiri, háð hráefnum sem notuð eru og/eða tegund kalks sem er framleitt, t.d. vatnsharðnandi kalk.
(2) Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni á ekki við um stokkofn með blandaðri efnismötun (MFSK) og hringlaga stokkofn (ASK).

1.3.7.4.2 Fækkun kolsýringskeyrslna

49. Til að draga úr tíðni kolsýringskeyrslna þegar rafstöðuskiljur eru notaðar er besta, fáanlega tækni að nota eftirfarandi tækni:

	Tækni
a	Stjórna kolsýringskeyrslum til að stytta niðritíma rafstöðuskilju
b	Samfelldar, sjálfvirkar mælingar á kolsýringi með vöktunarbúnaði sem er með stuttan viðbragðstíma og staðsettur nálægt upptökum koltvísýringsins

Lýsing

Af öryggisástæðum, vegna hættu á sprengingum, verður að slökkva á rafstöðuskiljum við hækkuð gildi kolsýrings í útblæstrinum. Eftirfarandi tækni kemur í veg fyrir kolsýringskeyrslu og fækkar því skiptum sem rafstöðuskilja er stöðvuð:

— eftirlit með brennsluferli

— eftirlit með lífrænum hluta hráefnanna

— eftirlit með gæðum eldsneytis og eldsneytismótunarkerfi.

Truflanir verða aðallega í ræsingaraðgerðarfasa. Vegna rekstraröryggis verða gasgreiningartæki til að verja rafstöðuskiljur að vera tengd á öllum stigum aðgerða og hægt er að stytta niðritíma rafstöðuskiljunnar með því að nota varavöktunarkerfi sem er í gangi allan tímann.

Hámarka þarf kerfi til samfelldrar vöktunar á kolsýringi m.t.t. viðbragðstíma og það skal staðsett nálægt upptökum kolsýringsins (CO), t.d. við úttak forhitaraturnsins eða við ofninntakið ef um er að ræða blautvinnsluofn.

Nothæfi

Á almennt við um hverfiofna sem eru búnir rafstöðuskiljum (ESP).

1.3.7.5 Losun á heildarmagni lífræns kolefnis (TOC)

50. Í því skyni að draga úr losun heildarmagns lífræns kolefnis frá útblæstri úr ofnbrennsluferlum er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem nefnd er hér á eftir eða sambland af þeim:

	Tækni
a	Nota almenna grunntækni og vöktun (sjá einnig bestu, fáanlegu tækni 30 og 31 í lið 1.3.1 og bestu, fáanlegu tækni 32 í lið 1.3.2.).
b	Forðast mötun með hráefnum sem innihalda mikið af rokgjörnum, lífrænum efnasamböndum inn í ofnakerfið (að undanskilinni framleiðslu á vatnsharðnandi kalki)

Nothæfi

Að því er varðar nothæfi almennrar grunntækni og vöktunar, sjá bestu, fáanlegu tækni 30 og 31 í lið 1.3.1 og bestu, fáanlegu tækni 32 í lið 1.3.2.

Tækni b á almennt við um kalkiðnaðinn, háð tiltækileika staðbundinna hráefna og/eða tegund kalks sem framleitt er.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni

Sjá töflu 12.

Tafla 12

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir heildarmagn lífræns kolefnis úr útblæstri frá ofnbrennsluferlum

Ofntegund	Eining	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni ([1]) (dagsmeðalgildi eða meðaltal á sýnatökutímabilinu (punktamælingar í a.m.k. hálfa klukkustund))
Langur hverfiofn (LRK), hverfiofn með forhitara (PRK)	mg/Nm^3	< 10
Hringlaga stokkofn (ASK), stokkofn með blandaðri efnismötun (MFSK) ([2]), endurnýtingarofn með samhliða streymi (PFRK) ([2])	mg/Nm^3	< 30

([1]) Gildi getur verið hærra, háð magni lífrænna efna í hráefnum sem notuð eru og/eða tegund kalks sem er framleitt, einkum að því er varðar framleiðslu á náttúrulegu vatnsharðnandi kalki.
([2]) Í undantekningartilvikum getur gildið verið hærra.

1.3.7.6 Losun vetnisklóríðs (HCl) og vetnisflúoríðs (HF)

51. Í því skyni að draga úr losun vetnisklóríðs (HCl) og losun vetnisflúoríðs (HF) frá útblæstri úr ofnbrennsluferlum þegar úrgangur er notaður er besta, fáanlega tækni að nota eftirfarandi grunntækni:

	Tækni
a	Nota hefðbundin eldsneyti sem inniheldur lítið af klór og flúori
b	Takmarka klór- og flúorinnihald í öllum úrgangi sem á að nota sem eldsneyti í kalkofn

Nothæfi

Tæknin á almennt við í kalkiðnaðinum en háð staðbundnum tiltækileika hentugs eldsneytis.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni

Sjá töflu 13.

Tafla 13

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun vetnisklóríðs (HCl) og vetnisflúoríðs (HF) frá útblæstri úr ofnbrennsluferlum þegar úrgangur er notaður

Losun	Eining	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni (dagsmeðalgildi eða meðalgildi á sýnatökutímabilinu (punktamælingar í a.m.k. hálfa klukkustund))
HCl	mg/Nm^3	< 10
Vetnisflúoríð HF	mg/Nm^3	< 1

1.3.8 *Losun fjölklóraðra díbensódíoxína/fúrana*

52. Til að koma í veg fyrir eða draga úr losun fjölklóraðra díbensódíoxína/fúrana frá útblæstri úr ofnbrennsluferlum er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá grunntækni sem nefnd er hér á eftir eða sambland af þeim:

	Tækni
a	Velja eldsneyti sem inniheldur lítið af klór
b	Takmarka koparílag í eldsneytinu
c	Lágmarka viðstöðutíma útblásturs og súrefnisinnihald á svæðum þar sem hitastigið er á bilinu 300 til 450 °C

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni eru < 0,05–0,1 ng PCDD/F I-TEQ/Nm^3sem meðaltal á sýnatökutímabilinu (6–8 klst.).

1.3.9 *Losun málma*

53. Til að lágmarka losun málma frá útblæstri úr ofnbrennsluferlum er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem nefnd er hér á eftir eða sambland af þeim:

	Tækni
a	Velja eldsneyti sem inniheldur lítið af málmum
b	Nota gæðatryggingarkerfi til að tryggja eiginleika úrgangseldsneytisins sem notað er
c	Takmarka magn málma sem skipta máli í efnum, einkum kvikasilfurs
d	Nota tækni eða sambland af þeim til að fjarlægja ryk eins og fram kemur í bestu, fáanlegu tækni 43.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni

Sjá töflu 14.

Tafla 14

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir málma frá útblæstri úr ofnbrennsluferlum þegar úrgangur er notaður

Málmar	Eining	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni (meðaltal á sýnatökutímabilinu (punktamælingar í a.m.k. hálfa klukkustund))
Hg	mg/Nm^3	< 0,05
Σ (Cd, Tl)	mg/Nm^3	< 0,05
Σ (As, Sb, Pb, Cr, Co, Cu, Mn, Ni, V)	mg/Nm^3	< 0,5

ATH: Tilkynnt var um lítinn styrk þegar notuð var tækni eins og getið er í bestu, fáanlegu tækni 53 a til d.

Sjá einnig bestu, fáanlegu tækni 37 (lið 1.3.5.1.1) og bestu, fáanlegu tækni 38 (lið 1.3.5.1.2) í þessu samhengi.

1.3.10 *Vinnslutap/*úrgangur

54. Í því skyni að draga úr föstum úrgangi frá kalkframleiðsluferli og spara hráefni er besta, fáanlega tækni að nota eftirfarandi tækni:

	Tækni	Nothæfi
a	Endurnýta ryk, sem safnað hefur verið, eða aðrar efnisagnir (t.d. sand, möl) í vinnslunni	Á almennt við þegar því verður við komið
b	Nýta ryk, óleskjað kalk sem stenst ekki forskriftir og vatnað kalk sem stenst ekki forskriftir í valdar verslunarvörur	Almennt nýtt í mismunandi tegundir af völdum verslunarvörum, þegar því verður við komið.

1.4 **Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir magnesíumoxíðiðnaðinn**

Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni, sem koma fram í þessum lið, geta átt við um allar stöðvar í magnesíumoxíðiðnaðinum (þurrvinnsluferli) nema annað sé tekið fram.

1.4.1 *Vöktun*

55. Besta, fáanlega tækni er að vakta og mæla vinnslubreytur og losun reglulega og vakta losun í samræmi við viðeigandi EN-staðla eða, ef EN-staðlar eru ekki fáanlegir, staðla Alþjóðlegu staðlasamtakanna, landsbundna staðla eða aðra alþjóðlega staðla sem tryggja að gögnin verði vísindalega jafn traust, þ.m.t. eftirfarandi:

	Tækni	Nothæfi
a	Samfelldar mælingar á vinnslubreytum sem sýna stöðugleika vinnslunnar s.s. hitastig, súrefnisinnihald (O_2), þrýstingur, streymi	Á almennt við um vinnslu í ofnum
b	Vöktun á mikilvægum vinnslubreytum og þeim haldið stöðugum, þ.e. hráefni og eldsneytismötun, regluleg skömmtun og umframmagn súrefnis	
c	Samfelldar eða reglulegar mælingar á losun ryks, köfnunarefnisoxíðs (NO_x), brennisteinsoxíðs (SO_x) og kolsýrings (CO)	Á almennt við um vinnslu í ofnum
d	Samfelldar eða reglulegar mælingar á ryklosun	Á við um aðra vinnslu en í ofnum. Að því er varðar lítil upptök (<10 000 Nm^3/h) skal tíðni mælinga eða frammistöðumat byggjast á viðhaldsstjórnunarkerfi

Lýsing

Val á milli samfelldra mælinga eða reglulegra mælinga, sem getið er í bestu, fáanlegu tækni 55(c), grundvallast á upptökum losunar og tegund mengunarefnis sem búist er við.

Að því er varðar reglulegar mælingar á losun ryks, köfnunarefnisoxíðs (NO_x), brennisteinsoxíðs (SO_x) og kolsýrings (CO) frá vinnslu í ofnum er tíðnin einu sinni í mánuði og allt að einu sinni á ári við venjuleg rekstrarskilyrði gefin upp sem vísbending.

1.4.2 *Orkunotkun*

56. Í því skyni að draga úr varmaorkunotkun er besta, fáanlega tækni að nota sambland af eftirfarandi tækni:

	Tækni	Lýsing	Nothæfi
a	Nota bætt og hámörkuð ofnakerfi og snurðulausa og stöðuga vinnslu í ofnum með því að nota: I. hámörkun vinnslustjórnunar II. varmaendurheimt frá útblæstri úr ofnum og kælum	Hægt er að nota varmaendurheimt frá útblæstri með forhitun á magnesítinu til að draga úr eldsneytisorkunotkun. Hægt er að nota varma sem er endurheimtur frá ofninum til að þurrka eldsneyti, hráefni og sumt umbúðaefni	Hámörkun vinnslustjórnunar á við um allar tegundir ofna sem eru notaðar í magnesíuiðnaðinum.
b	Nota eldsneyti með eiginleika sem hafa jákvæð áhrif á varmaorkunotkun	Eiginleikar eldsneytis, t.d. hátt varmagildi og lítið rakainnihald, hafa jákvæð áhrif á varmaorkunotkun	Á almennt við, háð tiltækileika eldsneytis, ofnategundum sem notaðar eru, æskilegum gæðum vörunnar og tæknilegum möguleika á að dæla eldsneytinu inn í ofninn.
c	Takmarka umframloft	Umframmagn súrefnis til að ná tilskildum gæðum varanna og hámarksbrennslu er í reynd yfirleitt u.þ.b. 1–3%	Á almennt við

Notkunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni

Varmaorkunotkun sem tengist bestu, fáanlegu tækni er 6–12 GJ/t, háð vinnslu og vörum ([5]).

57. Í því skyni að lágmarka raforkunotkun er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem nefnd er hér á eftir eða sambland af þeim:

	Tækni
a	Nota orkustjórnunarkerfi
b	Nota mölunarbúnað og annan rafmagnstengdan búnað með mikla orkunýtni

1.4.3*Ryklosun*

1.4.3.1Dreifð ryklosun

58. Í því skyni að lágmarka/koma í veg fyrir dreifða ryklosun frá rykmyndandi starfsemi er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem nefnd er hér á eftir eða sambland af þeim:

	Tækni
a	Einfalt og línulegt fyrirkomulag á svæðinu
b	Góðar starfsvenjur varðandi byggingar og vegi ásamt viðeigandi og heildstæðu viðhaldi á stöðinni
c	Vökva hráefnisbirgðir
d	Lokun/afmörkun á rykmyndandi starfsemi, s.s. mölun og sigtun
e	Nota lokuð færibönd og lyftur, sem eru hannaðar sem lokuð kerfi, ef líklegt er að ryk losni frá rykugu efni

([5]) Þetta styrkbil endurspeglar einungis upplýsingar sem veittar eru í kaflanum um magnesíumoxíð í tilvísunarskjali um bestu fáanlegu tækni. Sértækari upplýsingar um bestu framkvæmdartæknina ásamt vörum sem framleiddar eru voru ekki gefnar.

	Tækni
f	Nota geymslusíló með fullnægjandi rúmtaki og útbúa þau með síum til að taka við lofti sem ber með sér ryk sem losnar við áfyllingu
g	Hringrásarferli er tekið fram yfir kerfi með loftknúnum færiböndum
h	Fækka loftlekum og lekastöðum
i	Nota sjálfvirkan búnað og eftirlitskerfi
k	Nota samfellda og vandkvæðalausa starfsemi

1.4.3.2 Ryklosun sem beint er í farveg frá annarri rykmyndandi starfsemi en frá ofnbrennsluferlum

59. Í því skyni að draga úr ryklosun sem beint er í farveg frá rykmyndandi starfsemi, annarri en frá ofnbrennsluferlum, er besta, fáanlega tækni að hreinsa útblástur með síu með því að nota eina af eftirfarandi tækni eða sambland af þeim og nota viðhaldsstjórnunarkerfi sem tekur sérstaklega á frammistöðu tækni:

	Tækni [1]	Nothæfi
a	Dúksíur	Á almennt við um allar einingar í framleiðsluferli magnesíumoxíðs, einkum að því er varðar rykmyndandi starfsemi, vinsun og mölun
b	Skilvindur/loftskiljur	Vegna kerfisháðs, takmarkaðs aðskilnaðar er aðallega hægt að nota loftskiljur sem forskiljur fyrir gróft ryk og útblástur
c	Votrykskiljur	Á almennt við

[1] Lýsing á tækninni kemur fram í lið 1.7.1.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni

Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir ryklosun sem beint er í farveg frá rykmyndandi starfsemi, annarri en frá ofnbrennsluferlum, er < 10 mg/Nm^3, sem dagsmeðalgildi eða meðaltal á sýnatökutímabilinu (punktamælingar í a.m.k. hálfa klukkustund).

Hafa skal í huga að að því er varðar lítil upptök (< 10 000 Nm^3/h) verður að taka tillit til forgangsnálgunar, sem byggist á viðhaldsstjórnunarkerfi, að því er varðar tíðni athugana á frammistöðu síunnar (sjá bestu, fáanlegu tækni 55).

1.4.3.3 Ryklosun frá ofnbrennsluferli

60. Í því skyni að draga úr ryklosun frá útblæstri úr ofnbrennsluferlum er besta, fáanlega tækni að hreinsa útblástur með síu með því að nota eina af eftirfarandi tækni eða sambland af þeim:

	Tækni [1]	Nothæfi
a	Rafstöðuskiljur	Rafstöðuskiljur eiga aðallega við í hverfiofnum. Þær eiga við fyrir útblástursbitastig yfir daggarmarki og allt að 370–400 °C
b	Dúksíur	Að meginreglu til er hægt er að nota dúksíur til að fjarlægja ryk úr útblæstri í öllum einingum í framleiðsluferli magnesíumoxíðs. Hægt er að nota þær fyrir útblástursbitastig yfir daggarmarki og allt að 280 °C. Að því er varðar framleiðslu á basískri, brenndri magnesíu (CCM) og glæddri magnesíu (DBM), vegna hás hitastigs, ætandi eiginleika og mikils magns útblásturs sem stafar af ofnbrennsluferlum, verður að nota sérstakar dúksíur með síuefni sem þolir hátt hitastig. Þó hefur reynslan í magnesíu-iðnaðinum, þar sem glædd magnesía er framleidd, leitt í ljós að hentugur búnaður er ekki tiltækur fyrir útblástursbitastig, sem nemur u.þ.b. 400 °C, við magnesíuframleiðslu

	Tækni ([1])	Nothæfi
c	Skilvindur/loftskiljur	Vegna kerfisháðs, takmarkaðs aðskilnaðar er aðallega hægt að nota loftskiljur sem forskiljur fyrir gróft ryk og útblástur
d	Votrykskiljur	Á almennt við

([1]) Lýsing á tækninni kemur fram í lið 1.7.1.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni

Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir ryklosun frá útblæstri úr ofnbrennsluferlum er < 20–35 mg/Nm^3 sem dagsmeðalgildi eða meðaltal á sýnatökutímabilinu (punktamælingar í a.m.k. hálfa klukkustund).

1.4.4 *Loftkennd efnasambönd*

1.4.4.1 Almenn grunntækni til að draga úr losun loftkenndra efnasambanda

61. Í því skyni að draga úr losun loftkenndra efnasambanda (þ.e. köfnunarefnisoxíðs (NO_x), vetnisklóríðs (HCl), brennisteinsoxíðs (SO_x), kolsýrings CO) frá útblæstri úr ofnbrennsluferlum er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá grunntækni sem nefnd er hér á eftir eða sambland af þeim:

	Tækni	Nothæfi
a	Vandlegt val og eftirlit með efnum sem fara inn í ofninn til að draga úr forefnum mengunarefna, þ.e.: I. velja eldsneyti sem inniheldur lítið af brennisteini, ef það er tiltækilegt, klór og köfnunarefni II. velja hráefni sem innihalda lítið af lífrænu efni III. velja hentug úrgangseldsneyti fyrir vinnsluna og brennarann	Á almennt við, háð tiltækileika hráefna og eldsneytis, tegund ofns sem notuð er, æskilegum gæðum vörunnar og tæknilegum möguleika á að dæla eldsneytinu inn í valda ofninn. Hægt er að líta á úrgangsefni sem eldsneyti í magnesíuiðnaðinum en þau hafa enn ekki verið notuð í magnesíuiðnaðinum á árinu 2007
b	Nota ráðstafanir/tækni til að hámarka vinnslu til að tryggja snurðulausa og stöðuga vinnslu í ofnum, sem eru starfrækt í samræmi við tilskilinn lofthlutfallsstuðul	Hámörkun vinnslustjórnunar á við um allar tegundir ofna sem eru notaðar í magnesíuiðnaðinum. Þó getur háþróað vinnslustjórnunarkerfi reynst nauðsynlegt

1.4.4.2 Losun köfnunarefnisoxíðs (NO_x)

62. Í því skyni að draga úr losun köfnunarefnisoxíðs (NO_x) frá útblæstri úr ofnbrennsluferlum er besta, fáanlega tækni að nota sambland af eftirfarandi tækni:

	Tækni	Nothæfi
a	Viðeigandi val á eldsneyti ásamt takmörkuðu köfnunarefnisinnihaldi í eldsneytinu	Á almennt við, háð tiltækileika eldsneytis
b	Hámörkun vinnslu og bætta brennslutækni	Á almennt við í magnesíuiðnaðinum

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni

Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir losun köfnunarefnisoxíðs (NO_X) frá útblæstri úr ofnbrennsluferlum er < 500–1500 mg/Nm^3 sem dagsmeðalgildi eða meðaltal á sýnatökutímabilinu (punktamælingar í a.m.k. hálfa klukkustund), gefið upp sem köfnunarefnistvíoxíð (NO_2). Hærri gildin tengjast vinnslu glæddrar magnesíu við háan hita.

1.4.4.3 Losun kolsýrings (CO) og kolsýringskeyrslur

1.4.4.3.1 Losun kolsýrings (CO)

63. Í því skyni að draga úr losun kolsýrings (CO) frá útblæstri sem kemur úr ofnbrennsluferlum er besta, fáanlega tækni að nota sambland af eftirfarandi tækni:

	Tækni	Lýsing
a	Velja hráefni sem innihalda lítið af lífrænu efni	Hluti af losun kolsýrings (CO) stafar af lífrænu efni í hráefnum; þannig getur val á hráefnum, sem innihalda lítið af lífrænu efni, dregið úr kolsýringslosun
b	Hámörkun vinnslustjórnunar	Alger og rétt brennsla er nauðsynleg til að draga úr losun kolsýrings (CO). Hægt er að stjórna loftflæði frá kæli og fyrsta stigs lofti sem og dragsúg í skorsteinsviftunni (e. *stack fan*) til að halda súrefnisgildi á bilinu 1 (glæðing) til 1,5% (brennt) meðan á brennslunni stendur. Breyting á loft- og eldsneytishleðslu getur dregið úr losun kolsýrings (CO). Enn fremur er hægt að minnka kolsýringslosun (CO) með því að breyta dýpt brennarans
c	Mötun með eldsneyti á stýrðan, stöðugan og samfelldan hátt	Viðbót eldsneytis á stýrðan hátt felur m.a. í sér að: — nota þyngdarmatara (e. *weight feeder*) og nákvæma snúningsloka til mötunar á jarðolíukoksi og/eða — nota rennslismæla og nákvæmnisloka til að stilla af mötun á svartolíu eða lofttegundum inn í ofnbrennarann

Nothæfi

Tækni til að draga úr losun kolsýrings (CO) á almennt við um magnesíuiðnaðinn. Val á hráefnum sem innihalda lítið af lífrænu efni er háð tiltækileika hráefna.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni

Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir losun kolsýrings (CO) frá útblæstri úr ofnbrennsluferlum er < 50–1000 mg/Nm^3, sem dagsmeðalgildi eða meðaltal á sýnatökutímabilinu (punktamælingar í a.m.k. hálfa klukkustund).

1.4.4.3.2 Fækkun kolsýringskeyrslna

64. Til að draga úr tíðni kolsýringskeyrslna þegar rafstöðuskiljur eru notaðar er besta, fáanlega tækni að nota eftirfarandi tækni:

	Tækni
a	Stjórna kolsýringskeyrslum til að stytta niðritíma rafstöðuskilju
b	Samfelldar, sjálfvirkar mælingar á kolsýringi með vöktunarbúnaði sem er með stuttan viðbragðstíma og staðsettur nálægt upptökum koltvísýringsins

Lýsing

Af öryggisástæðum, vegna hættu á sprengingum, verður að slökkva á rafstöðuskiljum við hækkuð gildi kolsýrings í útblæstrinum. Eftirfarandi tækni kemur í veg fyrir kolsýringskeyrslu og fækkar því skiptum sem rafstöðuskilja er stöðvuð:

— eftirlit með brennsluferli

— eftirlit með lífrænum hluta hráefnanna

— eftirlit með gæðum eldsneytis og eldsneytismötunarkerfi.

Truflanir verða aðallega í ræsingaraðgerðarfasa. Vegna rekstraröryggis verða gasgreiningartæki til að verja rafstöðuskiljur að vera tengd á öllum stigum aðgerða og hægt er að stytta niðritíma rafstöðuskiljunnar með því að nota varavöktunarkerfi sem er í gangi allan tímann.

Hámarka þarf kerfi til samfelldrar vöktunar á kolsýringi m.t.t. viðbragðstíma og það skal staðsett nálægt upptökum kolsýringsins (CO), t.d. við úttak forhitaraturnsins eða við ofninntakið ef um er að ræða blautvinnsluofn.

Nothæfi

Á almennt við um ofna sem eru búnir rafstöðuskiljum (ESP).

1.4.4.4 Losun brennisteinsoxíðs (SO_x)

65. Í því skyni að draga úr losun brennisteinsoxíðs (SO_x) frá útblæstri úr ofnbrennsluferlum er besta, fáanlega tækni að nota sambland af eftirfarandi grunn- og fylgitækni:

	Tækni	Nothæfi
a	Tækni til að hámarka vinnslu	Á almennt við
b	Velja eldsneyti sem inniheldur lítið af brennisteini	Á almennt við, háð tiltækileika brennisteinsrýrs eldsneytis, sem getur orðið fyrir áhrifum af stefnu aðildarríkisins í orkumálum. Val á eldsneyti ræðst einnig af gæðum fullunnu vörunnar, tæknilegum möguleikum og efnahagslegum þáttum
c	Tækni með viðbót þurríseygra efna (íseygu efni bætt í útblástursstreymið, s.s. hvarfgjörnum magnesíumoxíðtegundum (MgO), vötnuðu kalki, virku kolefni o.s.frv.), ásamt síu ([1])	Á almennt við
d	Votþvegill ([1])	Nothæfi getur verið takmarkað á þurrum svæðum vegna þess mikla vatnsmagns sem nauðsynlegt er og þarfar fyrir hreinsun skólps og tengdra áhrifa þvert á umhverfisþættina

([1]) Lýsing á tækninni kemur fram í lið 1.7.1.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni

Sjá töflu 15.

Tafla 15

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir brennisteinsoxíð (SOx) frá útblæstri úr ofnbrennsluferlum í magnesíuiðnaðinum

Breyta	Eining	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni ([1]) ([2]) (dagsmeðalgildi eða meðaltal á sýnatökutímabilinu (punktamælingar í a.m.k. hálfa klukkustund))
Brennisteinsoxíð (SO_x) gefið upp sem brennisteinstvíoxíð (SO_2)	mg/Nm^3	< 50–400 ([3])

([1]) Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni eru háð brennisteinsinnihaldi hráefna og eldsneytis. Neðri hluti styrkbilsins tengist notkun á hráefnum sem innihalda lítið af brennisteini og notkun á jarðgasi; efri hluti styrkbilsins tengist notkun á hráefnum sem innihalda meira magn brennisteins og/eða notkun á eldsneyti sem inniheldur brennistein.

([2]) Taka skal tillit til áhrifa þvert á umhverfisþættina til að meta bestu samsetningu á bestu, fáanlegu tækni til að draga úr losun brennisteinsoxíðs (SO_x).

([3]) Ef votþvegill á ekki við eru losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni háð brennisteinsinnihaldi hráefna og eldsneytis. Í þessu tilviki er losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni < 1500 mg/Nm^3 en jafnframt er tryggt að skilvirkni fjarlægingar á losun brennisteinsoxíðs (SO_X) er a.m.k. 60%.

1.4.5 *Vinnslutap/*úrgangur

66. Í því skyni að draga úr/lágmarka vinnslutap/-úrgang er besta, fáanlega tækni að endurnýta ýmsar gerðir af magnesíumkarbónatryki, sem safnað hefur verið, í vinnslunni.

Nothæfi

Á almennt við, háð efnasamsetningu ryksins.

67. Í því skyni að draga úr/lágmarka vinnslutap/-úrgang er besta, fáanlega tækni að nýta ýmsar gerðir af magnesíumkarbónatryki, sem safnað hefur verið, í aðrar markaðshæfar vörur þegar það er ekki endurvinnanlegt.

Nothæfi

Notkun á magnesíumkarbónatryki í aðrar markaðshæfar vörur er e.t.v. ekki undir yfirráðum rekstraraðilans.

68. Í því skyni að draga úr/lágmarka vinnslutap/-úrgang er besta, fáanlega tækni að endurnýta seyru sem myndast við blautvinnslu við brennisteinshreinsun útblásturs í vinnslunni eða í öðrum geirum.

Nothæfi

Notkun á seyru sem myndast við blautvinnslu við brennisteinshreinsun útblásturs í öðrum geirum er e.t.v. ekki undir yfirráðum rekstraraðilans.

1.4.6 *Notkun úrgangs sem eldsneyti og/eða hráefni*

69. Til að tryggja eiginleika úrgangs sem á að nota sem eldsneyti og/eða hráefni í magnesíumoxíðofna er besta, fáanlega tækni að nota eftirfarandi tækni:

	Tækni
a	Velja hentugan úrgang fyrir vinnsluna og brennarann
b	Nota gæðatryggingarkerfi til að tryggja og hafa eftirlit með eiginleikum úrgangs og greina allan úrgang sem á að nota m.t.t.: I. tiltækileika, II. stöðugra gæða III. eðlisrænna viðmiðana, t.d. myndunar losunar, grófleika, hvarfgirni, brennanleika, varmagildis IV. efnafræðilegra viðmiðana, t.d. innihald klórs, brennisteins, basa og fosfats og málminnihald sem skiptir máli (t.d. heildarinnihald króms, blýs, kadmíums, kvikasilfurs, þallíums)
c	Hafa eftirlit með fjölda breyta sem skipta máli í öllum úrgangi sem á að nota, s.s. heildarinnihald halógena, málma (t.d. heildarinnihald króms, blýs, kadmíums, kvikasilfurs, þallíums) og brennisteins

Nothæfi

Hægt er að nota úrgang sem eldsneyti og/eða hráefni í magnesíuiðnaðinum (þó að hann hafi enn ekki verið notaður í magnesíuiðnaðinum á árinu 2007), háð tiltækileika, tegund ofns sem er notuð, æskilegum gæðum vörunnar og tæknilegum möguleika á að mata ofninn á eldsneytinu.

LÝSING Á TÆKNI

1.5 **Lýsing á tækni fyrir sementsiðnaðinn**

1.5.1 *Ryklosun*

	Tækni	Lýsing
a	Rafstöðuskiljur	Rafstöðuskiljur mynda rafstöðufræðilegt svið þvert á leið efnisagna í loftstraumnum. Hleðsla agnanna verður neikvæð og þær færast í áttina að söfnunarplötum (e. *collection plate*) með jákvæðri hleðslu. Söfnunarplöturnar eru bankaðar eða látnar titra reglulega þannig að efnið losnar og fellur niður í söfnunarílátin fyrir neðan. Mikilvægt er að hringrás banks/titrings á rafstöðuskiljum sé hámörkuð til að lágmarka endurmeðsog (e. r*e-entrainment*) agna og lágmarka þar með möguleg áhrif á sýnileika slóða (e. *plume*). Eiginleiki rafstöðuskilja er geta þeirra til að starfa við skilyrði þar sem hitastig er hátt (upp að u.þ.b. 400 °C) og mikill raki. Helstu ókostirnir við þessa tækni eru minnkuð skilvirkni með einangrandi lagi og uppsöfnun efnis sem getur myndast við mikið klór- og brennisteinsílag. Að því er varðar heildarafkastagetu rafstöðuskilja er mikilvægt að forðast kolsýringskeyrslur. Jafnvel þótt ekki séu tæknilegar takmarkanir á nothæfi rafstöðuskilja í mismunandi vinnslu í sementsiðnaðinum eru þær sjaldan valdar til að rykhreinsa sementskvarnir vegna fjárfestingarkostnaðar og orkunýtingar (tiltölulega mikil losun) við ræsingu og stöðvun.
b	Dúksíur	Dúksíur eru skilvirkir ryksafnarar. Grundvallarregla við dúksíun er að nota dúkhimnu sem er gegndræp fyrir lofttegundum en heldur rykinu eftir. Í grundvallaratriðum er síuefninu raðað rúmfræðilega. Í upphafi sest rykið bæði á yfirborðstrefjarnar og inn í sjálft efnið en eftir því sem yfirborðslagið safnast upp verður sjálft rykið ráðandi síuefni. Útblástur getur annaðhvort streymt innan úr pokanum og út eða öfugt. Eftir því sem rykkakan þykknar eykst viðnám gegn streymi lofttegunda. Þess vegna er nauðsynlegt að hreinsa síuefnið reglulega til að stjórna þrýstingsfalli lofttegundanna gegnum síuna. Síuefnið skal vera með

	Tækni	Lýsing
		mörg hólf sem hægt er að einangra hvert um sig ef pokinn bilar og þau skulu vera nógu mörg til að unnt sé að viðhalda fullnægjandi afkastagetu ef hólf er tekið úr rekstri. Í hverju hólfi skulu vera „skynjarar til að greina rifna poka“ til að gefa til kynna að viðhalds sé þörf þegar þetta gerist. Pokasíur eru fáanlegar úr ýmiss konar efni, ofnu og óofnu. Nútímaleg gerviefni geta starfað við talsvert hátt hitastig, allt að 280 °C. Frammistaða dúksía verður aðallega fyrir áhrifum af mismunandi breytum, s.s. samrýmanleika síuefnisins við eiginleika útblástursins og ryksins, hentugum eiginleikum m.t.t. varmaviðnáms, eðlisræns og efnafræðilegs viðnáms, s.s. vatnsrof, sýra, basi og oxun og vinnsluhitastig. Taka verður tillit til raka og hitastigs útblástursins við val á tækni.
c	Blendingssíur	Blendingssíur eru samsetning af rafstöðuskilju og dúksíum í sama tækinu. Þær eru yfirleitt afleiðing af því að rafstöðuskiljum, sem fyrir eru, er breytt. Þær gera það kleift að endurnýta gamlan búnað að hluta til

1.5.2 *Losun köfnunarefnisoxíðs (NO_x)*

	Tækni	Lýsing
a	Grundvallarráðstafanir/grunntækni	
	I Kæling loga	Viðbót vatns við eldsneytið eða beint á logann með því að nota mismunandi inndælingartækni, s.s. inndælingu á einum vökva (fljótandi) eða tveimur (fljótandi og samþjappað loft eða efni í fljótandi formi) eða með því að nota fljótandi/fastan úrgang með miklu vatnsinnihaldi, lækkar hitastig og eykur styrk hýdroxýlstakeinda. Þetta getur haft jákvæð áhrif á að minnka köfnunarefnisoxíð (NO_x) á brennslusvæðinu
	II Köfnunarefnisoxíðsrýrir brennarar (lág-NO_x-brennari)	Hönnun köfnunarefnisoxíðsrýrra brennara (óbein brennsla) er breytileg í smáatriðum en í grundvallaratriðum er eldsneyti og lofti dælt inn í ofninn gegnum sammiðja rör. Hlutfall fyrsta stigs lofts er minnkað í 6–10% af því sem þörf er á fyrir efnahlutfallsbrennslu (yfirleitt 10–15% í hefðbundnum brennurum). Áslægu lofti (e. *axial air*) er dælt af miklum skriðþunga inn í ytri rásina. Hægt er að blása kolunum gegn um miðjurörið eða miðjurásina. Þriðja rásin er notuð fyrir loftsveip (e. *swirl air*) og er sveipurinn fenginn með spöðum við eða bak við úttak brennslurörsins. Nettóáhrifin af þessari hönnun brennarans eru þau að framkalla íkviknun mjög snemma, einkum í rokgjörnum efnasamböndum í eldsneytinu, í súrefnissnauðu andrúmslofti, og með þessu verður gjarnan skerðing á myndun köfnunarefnisoxíðs (NO_x). Minnkuð losun köfnunarefnisoxíðs (NO_x) fylgir ekki alltaf í kjölfar notkunar á köfnunarefnisoxíðsrýrum brennurum. Hámarka skal uppsetningu brennarans
	III Brennsla í miðjum ofni	Í löngum blautvinnsluofnum og löngum þurrvinnsluofnum getur tilkoma afoxunarsvæðis með brennslu eldsneytis í kögglum dregið úr losun köfnunarefnisoxíðs (NO_x). Þar eð yfirleitt er ekki hægt að ná fram hitastigi á bilinu 900–1000 °C í löngum ofnum er hægt að koma upp kerfum til brennslu í miðjum ofni til að unnt sé að nota úrgangseldsneyti sem kemst ekki framhjá aðalbrennaranum (t.d. hjólbarðar). Brennsluhraði eldsneytis getur verið þýðingarmikill. Ef brennslan er of hæg geta skapast afoxandi skilyrði á brennslusvæðinu sem geta haft alvarleg áhrif á vörugæðin. Ef hún er of hröð getur keðjuhluti (e. *chain section*) ofnsins ofhitnað – sem veldur því að keðjurnar bráðna. Hitasvið undir 1100 °C útilokar notkun á hættulegum úrgangi sem inniheldur klór í meira magni en 1%.
	IV Steingerandi efnum bætt við til að bæta brennanleika hráefna (steingert gjall)	Viðbót steingerandi efna, s.s. flúors, við hráefnið er tækni til að aðlaga gæði gjallsins og gera það kleift að minnka hitastig á glæðingarsvæðinu. Með því að draga úr/lækka brennsluhitastigið er einnig dregið úr myndun köfnunarefnisoxíðs (NO_x)

	Tækni	Lýsing
	V Hámörkun vinnslu	Hægt er að nota hámörkun vinnslu, s.s. jöfnun og bestun á starfrækslu ofnsins og brennsluskilyrðum, bestun á eftirliti með starfrækslu ofnsins og/eða einsleitni eldsneytismötunar, til að draga úr losun köfnunarefnisoxíðs (NO_x). Almennar grundvallarráðstafanir/tækni til hámörkunar, s.s. vinnslustjórnunarráðstafanir/tækni, bætt óbein brennslutækni, bestun á kælitengingum og eldsneytisvali og hámörkuð súrefnisgildi, hafa verið notuð
b	Þrepaskiptur bruni (hefðbundið eldsneyti eða úrgangseldsneyti), einnig ásamt forglæðara og notkun á hámarkaðri eldsneytissamsetningu	Þrepaskiptur bruni er notaður í sementsofnum með sérstaklega hönnuðum forglæðara. Fyrsta brennsluþrepið fer fram í hverfiofni við kjörskilyrði fyrir gjallbrennsluferlið. Annað brennsluþrepið er brennari við ofninntakið sem skapar loftaðstæður með skerðingu sem brýtur niður hluta af köfnunarefnisoxíðunum sem myndast á glæðingarsvæðinu. Hátt hitastig á þessu svæði er einstaklega hagkvæmt fyrir efnahvarfið sem breytir köfnunarefnisoxíðinu (NO_x) til baka í frumköfnunarefni. Á þriðja brennsluþrepinu er glæðingarofninn mataður á glædda eldsneytinu með magni af þriðja stigs lofti (e. *tertiary air*) sem skapar loftaðstæður með skerðingu þar líka. Þetta kerfi dregur úr myndun köfnunarefnisoxíðs (NO_x) úr eldsneytinu og minnkar einnig köfnunarefnisoxíð sem kemur út úr ofninum. Á fjórða og síðasta brennsluþrepinu er þriðja stigs loftið sem eftir er leitt inn í kerfið sem „yfirborðsloft“ (e. *top loft*) til leifabrennslu
c	Valvís, óhvötuð afoxun	Valvís, óhvötuð afoxun felur í sér ídælingu ammoníakvatns (allt að 25% NH_3), forefnasamböndum ammoníaks eða þvagefnislausnar inn í brennsluloftið til að afoxa NO í N_2. Efnahvarfið hefur hámarksáhrif innan hitabils á bilinu 830 til 1050 °C og veita þarf nægan viðstöðutíma til að innsprautuðu efnin geti hvarfast við köfnunarefnið (NO)
d	Valvís afoxun með hvötum (SCR)	Valvís afoxun með hvötum afoxar NO og NO_2 í N_2 með aðstoð ammoníaks (NH_3) og hvata við hitastig á bilinu u.þ.b. 300–400 °C. Þessi tækni er mikið notuð til að hreinsa köfnunarefnisoxíð (NO_x) í öðrum iðnaði (kolakynt orkuver, sorpbrennsluofnar). Í sementsiðnaðinum koma aðallega tvö kerfi til greina: lágrykssamsetning milli rykhreinsunareiningar og reykháfs og hárykssamsetning milli forhitara og rykhreinsunareiningar. Í lágryksútblásturskerfum þarf að hita útblásturinn eftir rykhreinsun sem getur valdið viðbótarorkukostnaði og þrýstingstapi. Hárykskerfi eru talin besti kosturinn af tæknilegum og efnahagslegum ástæðum. Í þessum kerfum þarf ekki upphitun vegna þess að hitastig úrgangsloftsins við úttak forhitarakerfisins er yfirleitt á réttu hitasviði fyrir starfrækslu valvísar afoxunar með hvötum.

1.5.3 *Losun brennisteinsoxíðs (SO_x)*

	Tækni	Lýsing
a	Viðbót íseygra efna	Íseygu efni er annaðhvort bætt við hráefnin (t.d. vötnuðu kalki bætt við) eða dælt inn í gasstreymið (t.d. vatnað eða leskjað kalk ($Ca(OH)_2$), óleskjað kalk (CaO), virk svifaska sem inniheldur mikið af kalsíumoxíði (CaO) eða natríumbíkarbónati ($NaHCO_3$)). Hægt er að fylla á hráefniskvörnina með vötnuðu kalki ásamt efnisþáttum hráefnisins eða bæta því beint við efnismötun ofnsins. Viðbót vatnaðs kalks hefur þá kosti í för með sér að kalsíumberandi (e. *calcium-bearing*) aukefni myndar myndefni sem hægt er að setja beint inn í gjallbrennsluferlið. Hægt er að nota inndælingu á íseygu efni í þurru eða blautu formi inn í gasstreymið (hálfþurr hreinsun). Íseyga efninu er dælt inn í útblástursleiðina við hitastig sem er nálægt daggarmarki vatns sem leiðir til hagstæðari skilyrða fyrir föngun brennisteinstvíoxíðs (SO_2). Í sementsofnakerfum næst þetta hitasvið yfirleitt á svæðinu milli hráefniskvarnarinnar og ryksafnarans

	Tækni	Lýsing
b	Votþvegill	Votþvegill er sú tækni sem mest er notuð til brennisteinshreinsunar á útblæstri í kolakyntum orkuverum. Að því er varðar framleiðsluferli sements er blautvinnsla til að draga úr losun brennisteinstvíoxíðs (SO_2) viðurkennd tækni. Vothreinsun er byggð á eftirfarandi efnahvarfi: $SO_2 + ½\ O_2 + 2\ H_2O + CaCO_3 \longleftrightarrow CaSO_4 \cdot 2\ H_2O + CO_2$ Vökvi/grugglausn dregur í sig brennisteinsoxíð (SO_x) sem er úðað í úðaturni (e. *spray tower*). Íseyga efnið er yfirleitt kalsíumkarbónat. Vothreinsunarkerfi eru skilvirkust af öllum aðferðum til brennisteinshreinsunar útblásturs, að því er varðar fjarlægingu á uppleysanlegu sýrugasi, og eru með lægstu umframefnahlutfallsstuðlana og minnsta hlutfallið í framleiðslu á föstum úrgangi. Tæknin krefst tiltekins magns af vatni og þar af leiðir að þörf er á skólphreinsun

1.6 **Lýsing á tækni fyrir kalkiðnaðinn**

1.6.1 *Ryklosun*

	Tækni	Lýsing
a	Rafstöðuskilja (ESP)	Almenn lýsing á rafstöðuskiljum kemur fram í lið 1.5.1. Rafstöðuskiljur henta til notkunar við hitastig yfir daggarmarki og allt að 400 °C. Enn fremur er einnig mögulegt að nota rafstöðuskiljur nálægt eða undir daggarmarki. Vegna mikils rúmmálsstreymis og tiltölulega mikillar rykhleðslu eru aðallega hverfiofnar án forhitara búnir rafstöðuskiljum en einnig hverfiofnar með forhitara. Ef um er að ræða samsetningu með turni til snöggkælingar er hægt að ná fram framúrskarandi afkastagetu
b	Dúksía	Almenn lýsing á dúksíum kemur fram í lið 1.5.1. Dúksíur henta vel fyrir ofna, mölunarstöðvar fyrir óleskjað kalk sem og fyrir kalkstein, kalkvötnunarstöðvar, flutning á efni og geymslu- og hleðslustöðvar. Samsetning með loftskiljuforsíum (e. *cyclone prefilter*) er oft gagnleg. Notkun á dúksíum takmarkast af útblástursskilyrðum s.s. hitastigi, raka, rykhleðslu og efnasamsetningu. Til eru ýmiss konar dúkefni, sem standast vélrænt, varmafræðilegt og efnafræðilegt álag, til að uppfylla þessi skilyrði
c	Votrykskilja	Með votrykskiljum er rykið fjarlægt úr útblástursstraumum með því að koma streymi lofttegunda í nána snertingu við hreinsivökva (yfirleitt vatn) þannig að rykagnirnar verða eftir í vökvanum og hægt er að hreinsa þær burtu. Til eru mismunandi tegundir af votþveglum til að fjarlægja ryk. Helstu tegundir sem hafa verið notaðar í kalkofnum eru fjölflæði/fjölþrepa votþveglar (e. *multi-cascade/multistage wet scrubber*), aflfræðilegir votþveglar (e. *dynamic wet scrubber*) og þrengslavotþveglar (e. *venturi wet scrubber*). Meirihluti votþvegla sem eru notaðir á kalkofna eru fjölflæði/fjölþrepa votþveglar. Votþveglar eru valdir þegar hitastig útblásturs er nálægt eða undir daggarmarki. Einnig er hægt að velja þá þegar rými er takmarkað. Votþveglar eru stundum notaðir á lofttegundir með hærra hitastig en í því tilviki kælir vatnið lofttegundirnar og minnkar umfang þeirra
d	Skilvinda/loftskilja	Í skilvindu/loftskilju eru rykagnirnar, sem á að fjarlægja úr útblástursstreyminu, þvingaðar út að ytri vegg einingarinnar með miðflóttaafli og síðan fjarlægðar gegnum op neðst á einingunni. Hægt er að mynda miðflóttaafl með því að beina streymi lofttegunda í spíral niður á við gegn um sívalt hylki (hvirfilskilju) eða með snúningsdæluhjóli sem er sett í eininguna (vélrænar loftskiljur). Þær henta þó einungis sem forskiljur vegna takmarkaðrar skilvirkni við að fjarlægja agnir og þær draga úr mikilli rykmyndun í rafstöðuskiljum og dúksíum og minnka vandamál vegna slits.

1.6.2 *Losun köfnunarefnisoxíðs (NO_x)*

	Tækni	Lýsing
a	Hönnun brennara (köfnunarefnisoxíðsrýr brennari)	Köfnunarefnisoxíðsrýrir brennarar eru gagnlegir til að lækka hitastig loga og draga þar með úr köfnunarefnisoxíði (NO_x) sem er varmatengt og (að einhverju leyti) eldsneytistengt. Minnkun köfnunarefnisoxíðs (NO_x) næst með aðfærslu hreinsunarlofts til að lækka hitastig logans eða með því að púlsa brennarann. Köfnunarefnisoxíðsrýrir brennarar eru hannaðir til að draga úr hlutfalli fyrsta stigs lofts sem leiðir til minni myndunar köfnunarefnisoxíðs (NO_x) en aftur á móti eru almennir fjölrása brennarar starfræktir með hlutfalli af fyrsta stigs lofti sem nemur 10 til 18% af heildarbrennsluloftinu. Hærra hlutfall fyrsta stigs lofts leiðir til þess að loginn verður stuttur og kröftugur vegna snemmblöndunar á heitu, annars stigs lofti (e. *secondary air*) og eldsneyti. Þetta leiðir til þess að hitastig logans verður hátt ásamt því að mikið magn köfnunarefnisoxíðs (NO_x) myndast sem hægt er að komast hjá með því að nota köfnunarefnisoxíðsrýra brennara
b	Þrepaskipting með lofti	Afoxunarsvæði verður til með því að minnka súrefnisbirgðir á helstu hvarfsvæðunum. Hátt hitastig á þessu svæði er einstaklega hagkvæmt fyrir efnahvarfið sem breytir köfnunarefnisoxíðinu (NO_x) til baka í frumköfnunarefni. Á síðari brennslusvæðum eru loft- og súrefnisbirgðirnar auknar til að oxa lofttegundirnar sem myndast. Þörf er á skilvirkri loft-/lofttegundablöndun á brennslusvæðinu til að tryggja að bæði kolsýringi (CO) og köfnunarefnisoxíði (NO_x) sé haldið við lág gildi. Árið 2007 hafði þrepaskipting með lofti aldrei verið notuð í kalkgeiranum
c	Valvís, óhvötuð afoxun	Köfnunarefnisoxíð (NO og NO_2) frá útblæstri eru fjarlægð með valvísri, óhvataðri afoxun og breytt í köfnunarefni og vatn með því að dæla afoxunarefni, sem hvarfast við köfnunarefnisoxíðin, inn í ofninn. Alla jafna er ammoníak eða þvagefni notað sem afoxunarefni. Efnahvörfin verða við hitastig á bilinu 850 til 1020 °C og besta hitasviðið er yfirleitt á bilinu 900 til 920 °C

1.6.3 *Losun brennisteinsoxíðs (SO_x)*

	Tækni	Lýsing
a	Tækni með viðbót íseygra efna	Tæknin felur í sér að íseygu efni í þurru formi er bætt við beint inn í ofninn (matað eða dælt inn) eða í þurru eða blautu formi (t.d. vatnað kalk eða natríumbíkarbónat) inn í útblásturinn til þess að fjarlægja losun brennisteinsoxíðs (SO_x). Þegar íseygu efni er dælt inn í útblásturinn þarf að gefa nægan viðstöðutíma milli inndælingarstaðar og ryksafnarans (dúksía eða rafstöðuskilja) til að ná fram skilvirku frásogi. Að því er varðar hverfiofna getur frásogstækni tekið til eftirfarandi: — Notkun á fínmöluðum kalksteini: Í beinum hverfiofni, sem er mataður með dólómíti, getur losun brennisteinstvíoxíðs (SO_2) minnkað verulega með forðasteinum (e. *feedstone*) sem annaðhvort innihalda mikið magn af fínskiptum kalksteini eða eru gjarnir á að brotna við hitun. Fínskiptur, glæddur kalksteinn meðsogast í lofttegundum ofnsins og fjarlægir brennisteinstvíoxíð (SO_2) á leiðinni að og inni í ryksafnaranum. — Kalkinnsprautun í brunaloftið: Tækni með einkaleyfi (EP 0 734 755 A1) sem fjarlægir losun brennisteinstvíoxíðs (SO_2) frá hverfiofnum með inndælingu á fínskiptu óleskjuðu eða vötnuðu kalki í loftið sem matað er inn í brennslurými (e. *firing hood*) ofnsins.

1.7 **Lýsing á tækni fyrir magnesíuiðnaðinn (þurrvinnsluferli)**

1.7.1 *Ryklosun*

	Ráðstöfun/tækni	Lýsing
a	Rafstöðuskiljur	Almenn lýsing á rafstöðuskiljum kemur fram í lið 1.5.1

	Ráðstöfun/tækni	Lýsing
b	Dúksíur	Almenn lýsing á dúksíum kemur fram í lið 1.5.1 Dúksíur sýna mikla viðstöðu efnisagna, að jafnaði yfir 98% og allt að 99%, eftir kornastærð. Þessi tækni býður upp á mestu skilvirknina við söfnun efnisagna í samanburði við aðra ráðstöfun/tækni, sem er notuð í magnesíuiðnaðinum, til að minnka ryk. Vegna hás hitastigs í útblæstri ofnsins verður þó að nota sérstök síuefni sem þola hátt hitastig. Við framleiðslu á glæddri magnesíu (DBM) eru notuð síuefni sem þola hitastig sem er allt að 250 °C, s.s. síuefni úr pólýtetraflúoretýleni (tefloni). Þetta síuefni sýnir gott viðnám gegn sýrum eða bösum og mörg tæringarvandamál hafa verið leyst
c	Loftskiljur (skilvinda)	Almenn lýsing á loftskiljum kemur fram í lið 1.6.1. Um er að ræða traustan búnað með breitt notkunarhitasviðsbil og litlar orkukröfur. Vegna kerfisháðs, takmarkaðs aðskilnaðar eru loftskiljur aðallega notaðar sem forskiljur fyrir gróft ryk og útblástur
d	Votrykskiljur	Almenn lýsing á votrykskiljum (einnig kallaðar votþveglar) kemur fram í lið 1.6.1 Hægt er að flokka votrykskiljur í ýmsar tegundir eftir hönnun þeirra og almennum vinnsluháttum, s.s. þrengslategund. Fjölmörg not eru fyrir þessa tegund af votrykskiljum í magnesíuiðnaðinum, þ.m.t. þegar ryki er beint gegnum þrengsta hluta þrengslarörsins, „þrengslahálsinn“, og hægt er að ná straumhraða lofttegunda á bilinu 60 til 120 m/s. Skolvökvunum, sem eru mataðir í þrengslarörshálsinn, er dreift í úða með mjög fíngerðum smádropum og blandað vandlega við gasið. Agnirnar sem aðskiljast ofan á vatnsdropana verða þyngri og auðvelt er að draga þær af með því að nota dropaskiljara sem komið er fyrir í þessari votrykskilju með þrengslum (e. *venturi wet dust separator*)

1.7.2 *Losun brennisteinsoxíðs (SO_x)*

	Tækni	Lýsing
a	Tækni með viðbót íseygra efna	Tæknin felur í sér að íseygu efni í þurru eða blautu formi (hálfþurr hreinsun) er dælt beint inn í útblásturinn til að fjarlægja losun brennisteinsoxíðs (SO_x). Mjög mikilvægt er að hafa nægan viðstöðutíma fyrir lofttegundir milli inndælingarstaðar og ryksafnara til að ná fram mjög skilvirku frásogi. Hægt er að nota hvarfgjarnar magnesíumoxíðtegundir (MgO) sem skilvirk íseyg efni fyrir brennisteinstvíoxíð (SO_2) í magnesíuiðnaðinum. Þrátt fyrir minni skilvirkni samanborið við önnur íseyg efni hefur notkun á hvarfgjörnum magnesíumoxíðtegundum (MgO) tvöfaldan ávinning þar eð notkunin lækkar fjárfestingarkostnað og síurykið mengast ekki af öðrum efnum þannig að hægt er að endurnýta það í stað hráefna til framleiðslu á magnesíu eða sem áburð (magnesíumsúlfat) sem dregur úr myndun úrgangs
b	Votþvegill	Í vothreinsunartækni dregur vökvi/grugglausn í sig brennisteinsoxíð (SO_x) sem er úðað andstreymis við útblásturinn í úðaturni. Tæknin krefst tiltekins magns af vatni, á bilinu 5 til 12 m^3/tonn af vöru, og þar af leiðir að þörf er á skólphreinsun

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1186 **2016/EES/27/20**

frá 24. apríl 2015

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar staðbundinna rýmishitara (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB frá 19. maí 2010 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á orkutengdum vörum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum auðföngum([1]), einkum 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2010/30/ESB er þess krafist að framkvæmdastjórnin samþykki framseldar gerðir að því er varðar merkingar orkutengdra vara sem hafa umtalsverða möguleika á orkusparnaði og þar sem mikils misræmis gætir í nothæfisstigi með sambærilega virkni.

2) Mikils misræmis gætir í orkunýtni staðbundinna rýmishitara með sambærilega virkni og er orkunotkun þeirra verulegur hluti af heildarorkuþörf í Sambandinu. Töluverðir möguleikar eru á því að draga úr orkunotkun þeirra.

3) Staðbundnir rýmishitarar, sem nota lífmassa úr öðru en viði, hafa tiltekna tæknilega eiginleika og ættu því að vera undanþegnir gildissviði þessarar reglugerðar.

4) Mæla ætti fyrir um samræmd ákvæði um merkingar og staðlaðar vöruupplýsingar til að veita framleiðendum hvata til að bæta orkunýtni staðbundinna rýmishitara, til að hvetja endanlega notendur til að kaupa orkunýtnar vörur og stuðla að starfsemi innri markaðarins.

5) Þar sem dæmigerð notkun staðbundinna rýmishitara og þar af leiðandi einnig orkunotkun þeirra er með öðrum hætti en hjá öðrum vörum til rýmishitunar, sem reglur eru settar um, ætti með þessari reglugerð að taka upp kvarða fyrir merkingar fyrir staðbundna rýmishitara sem er frábrugðinn kvarðanum sem gildir um aðrar vörur til rýmishitunar.

6) Þar sem staðbundnir lýsandi rýmishitarar og staðbundnir pípugeislahitarar fyrir rými eru vörur, sem fagmenn en ekki lokaneytendur kaupa milliliðalaust, eru ekki gerðar neinar kröfur um orkumerkingar þessara vara í þessari reglugerð.

7) Lágmarkskröfurnar, sem gilda um staðbundna rafmagnsrýmishitara, samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1188([2]), gefa mesta möguleika á tæknilegum umbótum fyrir þessar vörur. Af þessum sökum er ekkert svigrúm til að gera greinarmun á þeim. Ekki er hægt að skipta staðbundnum rafmagnsrýmishiturum milliliðalaust út fyrir aðra skilvirkari staðbundna rýmishitara, sem nota annað eldsneyti, og þar af leiðandi myndi merkingin ekki uppfylla markmiðið um að veita notendum upplýsingar um hlutfallslega orkunýtni mismunandi vara.

8) Sú viðleitni að stuðla að notkun endurnýjanlegrar orku í hitunarbúnaði samrýmist markmiðinu um að efla notkun endurnýjanlegrar orku. Því er viðeigandi að í þessari reglugerð verði notuð sérstök aðferð fyrir staðbundna rýmishitara, þ.e. „merkingarstuðull fyrir lífmassa“, sem er ákvarðaður við tiltekin mörk þannig að staðbundnir rýmishitarar, sem nota eldsneyti í föstu formi, geti aðeins komist í flokk A++ með því að nota pillur.

9) Upplýsingarnar, sem koma fram á merkimiðanum, ættu að vera fengnar með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum og reikningsaðferðum, þar sem tekið er tillit til viðurkenndra mæli- og

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 193, 21.7.2015, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 309/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 153, 18.6.2010, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdarstjórnarinnar (ESB) 2015/1188 frá 28. apríl 2015 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun staðbundinna rýmishitara (Stjtíð. ESB L 193, 21.7.2015, bls. 76).

reikningsaðferða, sem byggjast á nýjustu og fullkomnustu tækni og, þar sem þeir liggja fyrir, samhæfðra staðla sem evrópskar staðlastofnanir hafa samþykkt í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012([3]), í þeim tilgangi að ákvarða kröfur um visthönnun.

10) Í þessari reglugerð ætti að tilgreina samræmda hönnun og innihald merkimiðans fyrir staðbundna rýmishitara.

11) Að auki ætti í þessari reglugerð að tilgreina kröfur um vöruupplýsingablað og tæknigögn um staðbundna rýmishitara.

12) Enn fremur ætti að tilgreina í þessari reglugerð kröfur um upplýsingar, sem veita á, vegna hvers konar fjarsölu staðbundinna rýmishitara og auglýsinga og tæknilegs kynningarefnis um slíka staðbundna rýmishitara.

13) Rétt þykir að kveða á um endurskoðun á ákvæðum þessarar reglugerðar með tilliti til tækniframfara.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

Með þessari reglugerð eru settar kröfur um orkumerkingar og veitingu viðbótarvöruupplýsinga um staðbundna rýmishitara með 50 kW nafnvarmaafköst eða minni afköst.

Þessi reglugerð gildir ekki um:

a) staðbundna rafmagnsrýmishitara,

b) staðbundna rýmishitara sem nota gufuþjöppunarhringrás eða sogshringrás til að framleiða varma og sem ganga fyrir rafmagnsþjöppum eða eldsneyti,

c) staðbundna rýmishitara sem nota eldsneyti í föstu formi og sem einungis eru ætlaðir til að brenna lífmassa úr öðru en viði,

d) staðbundna rýmishitara, sem eru ætlaðir í öðrum tilgangi en til húshitunar, til að ná og viðhalda þægilegu hitastigi fyrir einstaklinga með varmastreymi eða -geislun,

e) staðbundna rýmishitara sem eru eingöngu ætlaðir til notkunar utanhúss,

f) staðbundna rýmishitara þar sem bein varmaafköst miðað við nafnvarmaafköst eru minni en 6% af samanlögðum beinum og óbeinum varmaafköstum,

g) staðbundna rýmishitara, sem nota eldsneyti í föstu formi, sem eru ekki settir saman í verksmiðju eða sem koma frá fleiri en einum framleiðanda í formi forsmíðaðra íhluta eða hluta sem setja á saman á staðnum,

h) staðbundna lýsandi rýmishitara og staðbundna pípugeislahitara fyrir rými,

i) vörur til lofthitunar,

j) gufubaðsofna.

2. gr.

Skilgreiningar

Til viðbótar við þær skilgreiningar sem settar eru fram í 2. gr. tilskipunar 2010/30/ESB er í þessari reglugerð merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „staðbundinn rýmishitari“: rýmishitari, sem gefur frá sér varma, annaðhvort með beinum varmaflutningi eða með beinum varmaflutningi í tengslum við varmaflutning yfir í vökva, til að ná og viðhalda þægilegu hitastigi fyrir

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun og breytingu á tilskipunum ráðsins 89/686/EBE og 93/15/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB, 94/25/EB, 95/16/EB, 97/23/EB, 98/34/EB, 2004/22/EB, 2007/23/EB, 2009/23/EB og 2009/105/EB og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 87/95/EBE og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1673/2006/EB (Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).

einstaklinga í lokuðu rými þar sem búnaðurinn er staðsettur, hugsanlega þar sem varmi berst yfir í önnur rými, og er búinn einum eða fleiri varmagjöfum, sem breyta rafmagni, loftkenndu eða fljótandi eldsneyti eða eldsneyti í föstu formi beint í varma, annars vegar með því að nýta Joule-virknina og hins vegar með því að brenna eldsneyti,

2) „staðbundinn rýmishitari sem notar eldsneyti í föstu formi“: staðbundinn rýmishitari með opnu eldhólfi, staðbundinn rýmishitari með lokuðu eldhólfi eða eldavél sem notar eldsneyti í föstu formi,

3) „staðbundinn rýmishitari sem notar loftkennt eldsneyti“: staðbundinn rýmishitari sem notar loftkennt eldsneyti og er með opnu eða lokuðu eldhólfi,

4) „staðbundinn rýmishitari sem notar fljótandi eldsneyti“: staðbundinn rýmishitari sem notar fljótandi eldsneyti og er með opnu eða lokuðu eldhólfi,

5) „staðbundinn rafmagnsrýmishitari“: staðbundinn rýmishitari sem nýtir Joule-virknina til að framleiða varma,

6) „staðbundinn rýmishitari með opnu eldhólfi“: staðbundinn rýmishitari, sem notar loftkennt eða fljótandi eldsneyti eða eldsneyti í föstu formi, þar sem logstæði og brennslulofttegundir eru ekki einangruð frá rýminu þar sem varan er sett upp og sem er með þétta tengingu við reykháf eða op eldstæðis eða sem þarf reykrör til að leiða burt myndefni brunans,

7) „staðbundinn rýmishitari með lokuðu eldhólfi“: staðbundinn rýmishitari sem notar loftkennt eða fljótandi eldsneyti eða eldsneyti í föstu formi þar sem hægt er að loka af logstæði og brennslulofttegundir frá rýminu þar sem varan er sett upp og sem er með þétta tengingu við reykháf eða op eldstæðis eða sem þarf reykrör til að leiða burt myndefni brunans,

8) „eldavél“: staðbundinn rýmishitari, sem notar eldsneyti í föstu formi, þar sem staðbundinn rýmishitari, eldunarhella og/eða ofn, sem notuð eru til að elda mat, eru sett saman í eitt tæki, sem er með þétta tengingu við reykháf eða op eldstæðis, eða sem þarf reykrör til að leiða burt myndefni brunans.

9) „staðbundinn rýmishitari kyntur með eldsneyti“: annaðhvort staðbundinn rýmishitari með opnu eldhólfi eða staðbundinn rýmishitari með lokuðu eldhólfi eða eldavél,

10) „staðbundinn lýsandi rýmishitari“: staðbundinn rýmishitari, sem notar loftkennt eða fljótandi eldsneyti og er búinn brennara til uppsetningar fyrir ofan höfuðhæð, sem beina á að upphitunarstað þannig að varmaútgeislun frá brennaranum, sem er aðallega innrauð geislun, hitar með beinum hætti þeim einstaklingum sem á að hita og losar myndefni brunans í því rými sem hann er staðsettur í,

11) „staðbundinn pípugeislahitari fyrir rými“: staðbundinn rýmishitari, sem notar loftkennt eða fljótandi eldsneyti og er búinn brennara til uppsetningar fyrir ofan höfuðhæð, nálægt þeim einstaklingum sem á að hita, sem hitar rýmið aðallega með innrauðum geislum frá pípu eða pípum, sem hitna þegar brennsluafurðir streyma í gegnum þær og þar sem reykrör er notað til að leiða burt myndefni brunans,

12) „rýmishitari án reykháfs“: staðbundinn rýmishitari, sem notar loftkennt eða fljótandi eldsneyti eða eldsneyti í föstu formi, sem losar myndefni brunans í því rými þar sem hann er staðsettur, þó ekki staðbundinn lýsandi rýmishitari,

13) „rýmishitari án þéttrar reykháfstengingar“: staðbundinn rýmishitari sem notar loftkennt eða fljótandi eldsneyti eða eldsneyti í föstu formi, sem á að staðsetja undir reykháf eða inni í eldstæði, án þéttrar tengingar milli vörunnar og ops skorsteinsins eða eldstæðisins, sem gerir myndefni brunans kleift að flæða óhindrað frá logstæðinu til reykháfsins eða loftrásarinnar,

14) „vara til lofthitunar“: vara, sem framleiðir eingöngu varma til lofthitunarkerfis, sem getur verið búin loftrásum og sem er hönnuð til notkunar á tilteknum stað þar sem hún er fest eða henni komið tryggilega fyrir eða hengd upp á vegg, þar sem hún kemur loftinu á hreyfingu með viftu til að ná og viðhalda tilteknu þægilegu hitastigi fyrir einstaklinga í lokaða rýminu þar sem varan er staðsett,

15) „gufubaðsofn“: staðbundinn rýmishitari sem er innbyggður í eða ætlaður til notkunar í þurrgufu- eða blautgufubaði eða sambærilegu umhverfi,

16) „eldsneyti í föstu formi“: eldsneyti, sem er í föstu formi við venjulegan stofuhita, þ.m.t. lífmassi í föstu formi og jarðefnaeldsneyti í föstu formi,

17) „lífmassi“: lífbrjótanlegur hluti afurða, úrgangs og efnaleifa af líffræðilegum uppruna frá landbúnaði (þ.m.t. efni úr bæði jurta- og dýraríkinu), skógrækt og tengdum atvinnugreinum, þ.m.t. sjávarútvegi og lagareldi, auk lífbrjótanlegs hluta iðnaðarúrgangs og heimilis- og rekstrarúrgangs,

18) „viðarlífmassi“: lífmassi úr trjám, runnagróðri og runnum, þ.m.t. eldiviður, viðarkurl, pressaður viður í formi pilla, pressaður viður í formi kögglaðra kola og sag,

19) „lífmassi úr öðru en viði“: lífmassi, annar en viðarlífmassi, þ.m.t. m.a. hálmur, fílagras, reyr, kjarnar, korn, ólífusteinar, ólífukökur og hnetuskeljar,

20) „ákjósanlegt eldsneyti“: ein tiltekin gerð eldsneytis sem á helst að nota fyrir staðbundna rýmishitara samkvæmt leiðbeiningum birgis,

21) „jarðefnaeldsneyti í föstu formi“: eldsneyti í föstu formi, annað en lífmassi, þ.m.t. harðkol og þurrgufukol, harðkoks, lághitakoks, linkol, brúnkol, blanda af jarðefnaeldsneytum eða blanda af lífmassa og jarðefnaeldsneyti og, hvað þessa reglugerð varðar, felur það einnig í sér mór,

22) „annað hentugt eldsneyti“: eldsneyti, annað en ákjósanlegt eldsneyti, sem, samkvæmt leiðbeiningum birgis, má nota fyrir staðbundinn rýmishitara og tekur það til hvers konar eldsneytis, sem er tilgreint í notendahandbók fyrir þá sem annast uppsetningu og endanlega notendur, á opnum vefsetrum framleiðenda og birgja, í tæknilegu efni eða kynningarefni og í auglýsingum,

23) „bein varmaafköst“: varmaafköst vörunnar með varmageislun og varmastreymi, sem varan sjálf gefur frá sér út í andrúmsloftið, að undanskildum varmaafköstum vörunnar til varmaflutningsvökva, gefin upp sem kW,

24) „óbein varmaafköst“: varmaafköst vörunnar til varmaflutningsvökva af völdum sama varmaframleiðsluferlisins sem stendur líka undir beinum varmaafköstum vörunnar, gefin upp sem kW,

25) „óbein hitunarvirkni“: varan getur flutt hluta af heildarvarmaafköstum sínum til varmaflutningsvökva sem nýtist til rýmishitunar eða framleiðslu á heitu vatni til heimilisnota,

26) „nafnvarmaafköst“ (P_{nom}): varmaafköst staðbundins rýmishitara, gefin upp í kW, sem samanstendur af bæði beinum varmaafköstum og óbeinum varmaafköstum (eftir atvikum), þegar hann er starfræktur á stillingunni hámarksvarmaafköst sem hægt er að viðhalda til lengri tíma, eins og birgirinn gefur upp,

27) „lágmarksvarmaafköst“ (P_{min}): varmaafköst staðbundins rýmishitara, gefin upp sem kW, sem samanstendur af bæði beinum varmaafköstum og óbeinum varmaafköstum (eftir atvikum), þegar hann er starfræktur á stillingunni lágmarksvarmaafköst, eins og birgirinn gefur upp

28) „ætlað til notkunar utandyra“: varan hentar til öruggrar notkunar fyrir utan lokuð rými, þ.m.t. hugsanlega utandyra,

29) „sambærileg tegund“: tegund sem sett er á markað með sömu tæknilegu mæliþætti, sem settir eru fram í töflu 2 eða töflu 3 í V. viðauka, og önnur tegund sem sami birgir setur á markað.

Viðbótarskilgreiningar, að því er varðar II.–IX. viðauka, eru settar fram í I. viðauka.

3. gr.

Ábyrgð birgja og tímaáætlun

1. Frá 1. janúar 2018 skulu birgjar, sem setja á markað eða taka í notkun staðbundna rýmishitara, sem eru ekki rýmishitarar án reykháfs fyrir eldsneyti í föstu formi eða rýmishitarar án þéttrar reykháfstengingar fyrir eldsneyti í föstu formi, sjá til þess:

a) að slíkum staðbundnum rýmishitara fylgi prentaður merkimiði, á því sniði og með þeim upplýsingum sem settar eru fram í 1. lið III. viðauka og samrýmast orkunýtniflokkunum sem settir eru fram í II. viðauka,

b) að rafrænn merkimiði, á því sniði og með þeim upplýsingum sem settar eru fram í 1. lið III. viðauka og samrýmast orkunýtniflokkunum í II. viðauka, sé gerður aðgengilegur söluaðilum að því er varðar slíka tegund staðbundins rýmishitara,

c) að vöruupplýsingablað, í samræmi við IV. viðauka, fylgi slíkum staðbundnum rýmishitara,

d) að rafrænt vöruupplýsingablað, í samræmi við IV. viðauka, sé gert aðgengilegt söluaðilum að því er varðar slíka tegund staðbundins rýmishitara,

e) að tæknigögnin, eins og þau eru sett fram í V. viðauka, séu gerð aðgengileg yfirvöldum aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni, sé þess óskað,

f) að allar auglýsingar, sem varða slíka sérstaka tegund staðbundins rýmishitara og innihalda orkutengdar upplýsingar eða verðupplýsingar, innihaldi tilvísun í orkunýtniflokk þeirrar tegundar,

g) að allt tæknilegt kynningarefni, sem varðar slíka sérstaka tegund staðbundins rýmishitara og lýsir sérstökum tæknilegum mæliþáttum hans, innihaldi tilvísun í orkunýtniflokk þeirrar tegundar.

2. Frá 1. janúar 2022 skulu birgjar, sem setja á markað eða taka í notkun rýmishitara án reykháfs fyrir eldsneyti í föstu formi eða rýmishitara án þéttrar reykháfstengingar fyrir eldsneyti í föstu formi, tryggja:

a) að slíkum staðbundnum rýmishitara fylgi prentaður merkimiði, á því sniði og með þeim upplýsingum sem settar eru fram í 1. lið III. viðauka og samrýmast orkunýtniflokkunum sem settir eru fram í II. viðauka,

b) að rafrænn merkimiði, á því sniði og með þeim upplýsingum sem settar eru fram í 1. lið III. viðauka og samrýmast orkunýtniflokkunum sem settir eru fram í II. viðauka, sé gerður aðgengilegur söluaðilum að því er varðar slíka tegund staðbundins rýmishitara,

c) að vöruupplýsingablað, í samræmi við IV. viðauka, fylgi slíkum staðbundnum rýmishitara,

d) að rafrænt vöruupplýsingablað, í samræmi við IV. viðauka, sé gert aðgengilegt söluaðilum að því er varðar slíka tegund staðbundins rýmishitara,

e) að tæknigögnin, eins og þau eru sett fram í V. viðauka, séu gerð aðgengileg yfirvöldum aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni, sé þess óskað,

f) að allar auglýsingar, sem varða slíka sérstaka tegund staðbundins rýmishitara og innihalda orkutengdar upplýsingar eða verðupplýsingar, innihaldi tilvísun í orkunýtniflokk þeirrar tegundar,

g) að allt tæknilegt kynningarefni, sem varðar slíka sérstaka tegund staðbundins rýmishitara og lýsir sérstökum tæknilegum mæliþáttum hans, innihaldi tilvísun í orkunýtniflokk þeirrar tegundar.

4. gr.

Ábyrgð seljenda

Seljendur staðbundinna rýmishitara skulu sjá til þess:

a) að hver staðbundinn rýmishitari beri á sölustað merkimiða frá birgjum, í samræmi við 3. gr., á framhliðinni þannig að merkimiðinn sjáist greinilega,

b) að staðbundnir rýmishitarar, sem boðnir eru til sölu, leigu eða kaupleigu, þar sem ekki er við því að búast að endanlegir notendur geti séð vöruna, séu markaðssettir með þeim upplýsingum sem birgjar veita, í samræmi við VI. viðauka, nema þegar þeir eru boðnir til sölu eða leigu á Netinu en þá gilda ákvæði VII. viðauka,

c) að allar auglýsingar, sem varða sérstaka tegund staðbundins rýmishitara sem innihalda orkutengdar upplýsingar eða verðupplýsingar, innihaldi tilvísun í orkunýtniflokk þeirrar tegundar,

d) að allt tæknilegt kynningarefni, sem varðar tiltekna tegund staðbundins rýmishitara og lýsir sérstökum tæknilegum mæliþáttum hans, innihaldi tilvísun í orkunýtniflokk þeirrar tegundar.

5. gr.

Aðferðir við mælingar og útreikninga

Upplýsingarnar, sem veita á skv. 3. og 4. gr., skulu fengnar með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæli- og reikningsaðferðum sem taka tillit til viðurkenndra mæli- og reikningsaðferða sem byggjast á nýjustu og fullkomnustu tækni, eins og sett er fram í VIII. viðauka.

6. gr.

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Aðildarríkin skulu beita málsmeðferðinni, sem mælt er fyrir um í IX. viðauka, við mat á samræmi tilgreinds orkunýtniflokks fyrir staðbundna rýmishitara.

7. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð, í ljósi tækniframfara, eigi síðar en 1. janúar 2024. Við endurskoðunina skal einkum meta að hve miklu leyti er unnt að takmarka undanþágur frá gildissviði þessarar reglugerðar.

8. gr.

Gildistaka

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Hún gildir frá 1. janúar 2018 fyrir staðbundna rýmishitara sem eru hvorki rýmishitarar án þéttrar reykháfstengingar fyrir eldsneyti í föstu formi né rýmishitarar án reykháfs fyrir eldsneyti í föstu formi. Ákvæði f- og g-liðar 1. mgr. 3. gr. og b-, c- og d-liðar 4. gr. gilda þó frá 1. apríl 2018.

3. Hún gildir frá 1. janúar 2022 fyrir rýmishitara án þéttrar reykháfstengingar fyrir eldsneyti í föstu formi og rýmishitara án reykháfs fyrir eldsneyti í föstu formi. Ákvæði f- og g-liðar 2. mgr. 3. gr. og b-, c- og d-liðar 4. gr. gilda þó frá 1. apríl 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. apríl 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Skilgreiningar sem gilda um II.–IX. viðauka

Í II.–IX. viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „umreiknistuðull“ (CC): stuðull sem endurspeglar áætlaða 40% meðalframleiðslunýtni í ESB, sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB ([4]), en gildi stuðulsins er CC = 2,5,

2) „nettóvarmagildi“ (NCV): heildarmagn varma sem losnar fyrir eina eldsneytiseiningu með eðlilegu rakamagni, þegar því er brennt algerlega með súrefni og þegar brunamyndefnin eru ekki kæld að umhverfishita,

3) „notnýtni við annaðhvort nafn- eða lágmarksvarmaafköst, ($\eta_{th,nom}$ eða $\eta_{th,min}$)“: hlutfallið milli notvarmaafkasta staðbundins rýmishitara og nettóvarmagildis heildarorkuílagsins, gefið upp í %,

4) „raforkuþörf við nafnvarmaafköst“ (el_{max}): raforkunotkun staðbundins rýmishitara við nafnvarmaafköst; raforkunotkunin, gefin upp í kW, skal ákvörðuð án tillits til orkunotkunar hringrásardælu ef varan hefur óbeina hitunarvirkni og er með innbyggða hringrásardælu,

5) „raforkuþörf við lágmarksvarmaafköst“ (el_{max}): raforkunotkun staðbundins rýmishitara við lágmarksvarmaafköst; raforkunotkunin, gefin upp í kW, skal ákvörðuð án tillits til orkunotkunar hringrásardælu ef varan er með óbeina hitunarvirkni og er með innbyggða hringrásardælu,

6) „raforkuþörf í reiðuham“ (el_{sb}): raforkunotkun vörunnar, gefin upp í kW, meðan hún er í reiðuham,

7) „orkuþörf varanlegs kveikiloga“ (P_{pilot}): eldsneytisnotkun vörunnar, gefin upp í kW, á loftkenndu eða fljótandi eldsneyti eða eldsneyti í föstu formi fyrir kveikiloga, sem gegnir hlutverki íkveikis fyrir kraftmeira brennsluferli sem þörf er á við nafnvarmaafköst eða varmaafköst við hlutaálag, ef kveikt er á kveikiloganum í meira en fimm mínútur áður en kviknar á aðalbrennaranum,

8) „eins þreps hitun, án hitastýringar“: varan getur ekki breytt varmaafköstum sínum sjálfvirkt og engin endurgjöf á stofuhita er fyrir hendi til þess að aðlaga varmaafköstin sjálfvirkt,

9) „tveggja eða fleiri þrepa handvirk rýmishitun, án hitastýringar“: varan getur breytt varmaafköstum sínum með handstýringu í tveimur eða fleiri þrepum og er ekki búin tæki sem stillir varmaafköstin sjálfvirkt í samræmi við æskilegt hitastig innanhúss,

10) „með vélrænni hitastýringu“: varan er búin órafknúnum búnaði sem gerir vörunni kleift að breyta varmaafköstum sínum sjálfvirkt yfir tiltekið tímabil til að ná tilskildu hitastigi innanhúss,

11) „með rafrænni hitastýringu“: varan er búin rafeindabúnaði, annaðhvort innbyggðum eða utanáliggjandi, sem gerir vörunni kleift að breyta varmaafköstum sínum sjálfvirkt yfir tiltekið tímabil til að ná tilskildu hitastigi innanhúss,

12) „með rafrænni hitastýringu og dagastillingu“: varan er búin rafeindabúnaði, annaðhvort innbyggðum eða utanáliggjandi, sem gerir vörunni kleift að breyta varmaafköstum sínum sjálfvirkt yfir tiltekið tímabil til að ná tilskildu hitastigi innanhúss og gerir kleift að stilla tíma og hitastig á 24 klukkustunda fresti,

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB frá 25. október 2012 um orkunýtni, breytingu á tilskipunum 2009/125/EB og 2010/30/ESB og um niðurfellingu á tilskipunum 2004/8/EB og 2006/32/EB (Stjtíð. ESB L 315, 14.11.2012, bls. 1).

13) „með rafrænni hitastýringu og vikustillingu“: varan er búin rafeindabúnaði, annaðhvort innbyggðum eða utanáliggjandi, sem gerir vörunni kleift að breyta varmaafköstum sínum sjálfvirkt yfir tiltekið tímabil til að ná tilskildu hitastigi innanhúss og gerir kleift að stilla tíma og hitastig fyrir heila viku; á þessu sjö daga tímabili verður að vera hægt að breyta stillingunum frá degi til dags,

14) „hitastýring með hreyfiskynjara“: varan er búin rafeindabúnaði, annaðhvort innbyggðum eða utanáliggjandi, sem lækkar sjálfkrafa herbergishitastigið þegar enginn er í herberginu,

15) „hitastýring sem skynjar opinn glugga“: varan er búin rafeindabúnaði, annaðhvort innbyggðum eða utanáliggjandi, sem dregur úr varmaafköstum þegar gluggi eða dyr hefur verið opnuð; þegar nemi er notaður til að skynja að gluggi eða dyr opnast getur hann verið innbyggður í vörunni, utanáliggjandi, innbyggður í burðarvirkinu eða sambland af þessum möguleikum,

16) „með fjarstýrimöguleika“: virkni sem gerir notanda kleift að stjórna stýribúnaði vörunnar fyrir utan bygginguna þar sem varan hefur verið sett upp,

17) „reiðuhamur“: ástand þar sem varan er tengd rafkerfinu, er háð raforku frá rafkerfinu til þess að geta starfað eins og til er ætlast og gerir eingöngu kleift að framkvæma eftirfarandi aðgerðir, sem geta varað ótímabundið: endurvirkjunaraðgerð eða endurvirkjunaraðgerð ásamt merki sem eingöngu gefur til kynna að endurvirkjunaraðgerð sé virk og/eða birting upplýsinga eða stöðu,

18) „tegundarauðkenni“: kóði, venjulega alstafa, sem greinir tiltekna tegund staðbundins rýmishitara frá öðrum tegundum með sama vörumerki, nafni birgis eða nafni söluaðila,

19) „annað jarðefnaeldsneyti“: jarðefnaeldsneyti annað en harðkol og þurrgufukol, harðkoks, lághitakoks, linkol, brúnkol, mór eða köggluð kol, blönduð með jarðefnaeldsneyti,

20) „annar viðarlífmassi“: viðarlífmassi annar en trjábolir með 25% rakainnihald eða minna, eldsneytiskögglar með minna en 14% rakainnihald eða pressaður viður með minna en 12% rakainnihald,

21) „rakainnihald“: massi vatns í eldsneytinu í tengslum við heildarmassa eldsneytisins, eins og það er notað í staðbundna rýmishitaranum.

II. VIÐAUKI

Orkunýtniflokkar

Orkunýtniflokkur staðbundins rýmishitara skal ákvarðaður á grunni orkunýtnistuðuls eins og fram kemur í töflu 1.

Tafla 1

Orkunýtniflokkar staðbundinna rýmishitara


Orkunýtniflokkur	Orkunýtnistuðull (*EEI*)
A++	$EEI \geq 130$
A+	$107 \leq EEI < 130$
A	$88 \leq EEI < 107$
B	$82 \leq EEI < 88$
C	$77 \leq EEI < 82$
D	$72 \leq EEI < 77$
E	$62 \leq EEI < 72$
F	$42 \leq EEI < 62$
G	$EEI < 42$

Orkunýtnistuðull staðbundins rýmishitara er reiknaður út í samræmi við VIII. viðauka.

III. VIÐAUKI

Merkimiðinn

1. Staðbundinn rýmishitari



a) Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á merkimiðanum:

I. nafn eða vörumerki birgis,

II. tegundarauðkenni birgis,

III. orkunýtniflokkur, sem ákvarðaður er í samræmi við 1. lið II. viðauka, örvaroddurinn sem sýnir orkunýtniflokk staðbundins rýmishitara skal vera í sömu hæð og oddur þess orkunýtniflokks sem við á,

IV. táknið fyrir bein varmaafköst,


V. bein varmaafköst í kW, námunduð að næsta tugasæti,

VI. fyrir staðbundna rýmishitara með varmaflutning yfir í vökva, táknið fyrir óbein varmaafköst,

VII. fyrir staðbundna rýmishitara með varmaflutning yfir í vökva, óbein varmaafköst í kW, námunduð að næsta tugasæti.

b) Hönnunarþættir merkimiðans fyrir staðbundna rýmishitara skulu vera í samræmi við 2. lið þessa viðauka.

2. Hönnun merkimiðans fyrir staðbundna rýmishitara skal vera eftirfarandi:



Þar sem:

a) Merkimiðinn skal vera minnst 105 mm á breidd og 200 mm á hæð. Ef merkimiðinn er prentaður á stærra sniði skal efni hans, eftir sem áður, vera í réttu hlutfalli við forskriftirnar hér að framan.

b) Bakgrunnurinn skal vera hvítur.

c) Notuð er CMYK-litaskipan — blár, blárauður, gulur og svartur — í samræmi við eftirfarandi dæmi: 00-70-X-00: 0% blár, 70% blárauður, 100% gulur, 0% svartur.

d) Merkimiðinn skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur (tölurnar vísa til myndarinnar hér að framan):

❶ **Rammastrik merkimiða ESB:** 4 pt, litur: blár 100%, rúnnuð horn: 3,5 mm.

❷ **Kennimerki ESB:** Litir: X-80-00-00 og 00-00-X-00.

❸ **Orkumerkimiði:** Litur: X-00-00-00. Skýringarmynd eins og sýnd er: Kennimerki ESB + orkumerkimiði: breidd: 86 mm, hæð: 17 mm.

❹ **Lína undir kennimerki:** 1 pt, litur: blár 100%, lengd: 86 mm.

❺ **Kvarði orkuflokka**

— Ör: hæð: 6 mm, bil: 1,3 mm, litir:

Hæsti flokkur: X-00-X-00

Annar flokkur: 70-00-X-00

Þriðji flokkur: 30-00-X-00

Fjórði flokkur: 00-00-X-00

Fimmti flokkur: 00-30-X-00

Sjötti flokkur: 00-70-X-00

Sjöundi flokkur: 00-X-X-00

Áttundi flokkur: 00-X-X-00

Lægsti flokkur: 00-X-X-00.

— **Texti:** Feitt, 14 pt Calibri-letur, hástafir, í hvítum lit, „+“ tákn: brjóstletur, raðað í eina röð.

❻ **Orkunýtniflokkur:**

— Ör: breidd: 22 mm, hæð: 12 mm, 100% svört,

— **Texti:** Feitt, 24 pt Calibri-letur, hástafir, í hvítum lit, „+“ tákn: brjóstletur, raðað í eina röð.

❼ **Bein hitunarvirkni:**

— **Skýringarmynd** eins og sýnd er.

— **Rammi:** 2 pt, litur: blár 100%, rúnnuð horn: 3,5 mm.

❽ **Ef við á, óbein hitunarvirkni:**

— **Skýringarmynd**, eins og sýnd er.

— **Rammi:** 2 pt, litur: blár 100%, rúnnuð horn: 3,5 mm

❾ **Bein nafnvarmaafköst:**

— **Rammi:** 2 pt, litur: blár 100%, rúnnuð horn: 3,5 mm

— **Gildið ‘XY,Z’:** Feitt 34 pt Calibri-letur, 100% svart

— **Textinn ‘kW’:** hefðbundið 18 pt Calibri-letur 100% svart.

❿ **Ef við á, óbein nafnvarmaafköst:**

— **Rammi:** 2 pt, litur: blár 100%, rúnnuð horn: 3,5 mm.

— **Gildið ‘XY,Z’:** feitt 34 pt Calibri-letur, 100% svart,

— **Textinn ‘kW’:** hefðbundið 18 pt Calibri-letur, 100% svart.

⓫ **Orka:**

— **Texti:** hefðbundið 8 pt Calibri-letur, 100% svart.

⓬ Árið sem merkimiðinn er tekinn í notkun og númer reglugerðar:

— **Texti:** feitt 10 pt Calibri-letur

⓭ **Nafn eða vörumerki birgis**

⓮ **Tegundarauðkenni birgis:**

— Nafn eða vörumerki birgis og tegundarauðkenni skulu rúmast í 86 x 12 mm rými.

IV. VIÐAUKI

Vöruupplýsingablað

1. Upplýsingarnar á vöruupplýsingablaðinu um staðbundna rýmishitara skulu veittar í eftirfarandi röð og skulu koma fram í kynningarritum fyrir vöruna eða öðru lesefni sem fylgir vörunni:

   a) nafn eða vörumerki birgis,

   b) tegundarauðkenni birgis,

   c) orkunýtniflokkur tegundar, ákvarðaður í samræmi við 1. lið II. viðauka,

   d) bein varmaafköst í kW, námunduð að næsta tugasæti,

   e) óbein varmaafköst í kW, námunduð að næsta tugasæti,

   f) orkunýtnistuðull, námundaður að næstu heilu tölu og reiknaður út í samræmi við VIII. viðauka,

   g) notorkunýtni við nafnvarmaafköst og við lágmarkshleðslu, ef við á, námunduð að næsta tugasæti og reiknað út í samræmi við VIII. viðauka,

   h) allar sérstakar varúðarráðstafanir sem gera skal þegar staðbundinn rýmishitari er settur saman, settur upp eða honum haldið við.

2. Eitt upplýsingablað getur náð yfir margar tegundir staðbundinna rýmishitara frá sama birgi.

3. Upplýsingarnar á upplýsingablaðinu má veita með því að afrita merkimiðann, annaðhvort í lit eða í svart-hvítu. Þar sem sú er raunin skal einnig veita upplýsingarnar sem taldar eru upp í 1. lið og koma ekki fram á merkimiða.

_____

V. VIÐAUKI

Tæknigögn

Hvað varðar staðbundna rýmishitara skulu tæknigögnin, sem um getur í e-lið 1. mgr. 3. gr. og e-lið 2. mgr. 3. gr. innihalda:

a) nafn og heimilisfang birgis,

b) tegundarauðkenni,

c) eftir því sem við á, tilvísanir í þá samhæfðu staðla sem notaðir eru,

d) ef ákjósanlegasta eldsneytið er annar viðarlífmassi, lífmassi úr öðru en viði, annað jarðefnaeldsneyti eða önnur blanda af lífmassa og jarðefnaeldsneyti, eins og um getur í töflu 2, lýsingu á eldsneytinu, sem nægir til að bera kennsl á eldsneytið án alls vafa, og tæknistaðalinn eða tækniforskriftir fyrir eldsneytið, þ.m.t. mælt rakainnihald og mælt öskuinnihald, og, að því er varðar annað jarðefnaeldsneyti, einnig mælt innihald rokgjarnra efna í eldsneytinu,

e) eftir því sem við á, aðra tæknistaðla og tækniforskriftir sem notast er við,

f) auðkenni og undirskrift þess sem hefur umboð til að skuldbinda birginn,

g) upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í töflu 2 (fyrir staðbundinn rýmishitara sem notar eldsneyti í föstu formi) og töflu 3 (fyrir staðbundinn rýmishitara sem notar loftkennt eða fljótandi eldsneyti), mældar og reiknaðar út í samræmi við VIII. viðauka,

h) skýrslur um prófanir, sem birgjar eða einhver fyrir þeirra hönd hefur framkvæmt, þ.m.t. nafn og heimilisfang aðilans sem framkvæmdi prófanirnar,

i) allar sérstakar varúðarráðstafanir sem gera skal þegar staðbundinn rýmishitari er settur saman, settur upp eða honum haldið við,

j) ef við á, skrá yfir sambærilegar tegundir.

Þessar upplýsingar má sameina tæknigögnum sem veitt eru í samræmi við ráðstafanirnar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB([5]).

Tafla 2

Tæknilegir mæliþættir fyrir staðbundna rýmishitara sem nota eldsneyti í föstu formi

Tegundarauðkenni:		
Óbein hitunarvirkni:[já/nei]		
Bein varmaafköst: …(kW)		
Óbein varmaafköst: …(kW)		
Eldsneyti	**Ákjósanlegt eldsneyti (aðeins eitt):**	**Annað hentugt eða önnur hentug eldsneyti:**
Trjábolir með rakainnihald ≤ 25%	[já/nei]	[já/nei]
Pressaður viður með rakainnihald < 12%	[já/nei]	[já/nei]
Annar viðarlífmassi	[já/nei]	[já/nei]
Lífmassi úr öðru en viði	[já/nei]	[já/nei]

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur (Stjtíð. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10).

Harðkol og þurrgufukol	[já/nei]	[já/nei]
Harðkoks	[já/nei]	[já/nei]
Lághitakoks	[já/nei]	[já/nei]
Linkol	[já/nei]	[já/nei]
Brúnkolakögglar	[já/nei]	[já/nei]
Mókögglar	[já/nei]	[já/nei]
Köggluð kol, blönduð með jarðefnaeldsneyti	[já/nei]	[já/nei]
Annað jarðefnaeldsneyti	[já/nei]	[já/nei]
Köggluð kol úr lífmassa, blönduð með jarðefnaeldsneyti	[já/nei]	[já/nei]
Önnur blanda af lífmassa og eldsneyti í föstu formi	[já/nei]	[já/nei]

Eiginleikar þegar ákjósanlegt eldsneyti er notað

Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar η_s [%]:

Orkunýtnistuðull (EEI):

Liður	Tákn	Gildi	Eining		Liður	Tákn	Gildi	Eining
Varmaafköst					**Notnýtni (á grundvelli NCV)**			
Nafnvarmaafköst	P_{nom}	x,x	kW		Notnýtni við nafnvarmaafköst	$\eta_{th,nom}$	x,x	%
Lágmarks-varmaafköst (leiðbeinandi)	P_{min}	[x,x/á ekki við]	kW		Notnýtni við lágmarksvarmaafköst (leiðbeinandi)	$\eta_{th,min}$	[x,x/á ekki við]	%
Aukaraforkunotkun					**Tegund varmaafkastastýringar/hitastýringar (velja skal eina tegund)**			
Við nafnvarma-afköst	el_{max}	x,xxx	kW		Eins þreps hitun, án hitastýringar,		[já/nei]	
Við lágmarks-varmaafköst	el_{min}	x,xxx	kW		Tveggja eða fleiri þrepa handvirk rýmishitun, án hitastýringar		[já/nei]	
Í reiðuham	el_{SB}	x,xxx	kW		Með vélrænni hitastýringu		[já/nei]	

					Með rafrænni hitastýringu	[já/nei]	
					Með rafrænni hitastýringu og dagastillingu	[já/nei]	
					Með rafrænni hitastýringu og vikustillingu	[já/nei]	
					Aðrir stýrimöguleikar (velja má marga möguleika)		
					Hitastýring með hreyfiskynjara	[já/nei]	
					Hitastýring sem skynjar opinn glugga	[já/nei]	
					Með fjarstýrimöguleika	[já/nei]	
Orkuþörf varanlegs kveikiloga							
Orkuþörf kveikiloga (ef við á)	P_{pilot}	[x,xxx/ á ekki við]	kW				
Samskipta-upplýsingar	Nafn og heimilisfang birgis						

Tafla 3

Tæknilegir mæliþættir fyrir staðbundna rýmishitara sem nota loftkennt/fljótandi eldsneyti

Tegundarauðkenni:			
Óbein hitunarvirkni:[já/nei]			
Bein varmaafköst: …(kW)			
Óbein varmaafköst: …(kW)			
Eldsneyti			
Velja skal eldsneytistegund:	[loftkennt/fljótandi]	[tilgreina skal nánar]	

Liður	Tákn	Gildi	Eining		Liður	Tákn	Gildi	Eining
Varmaafköst					**Notnýtni (NCV)**			
Nafnvarmaafköst	P_{nom}	x,x	kW		Notnýtni við nafnvarmaafköst	$\eta_{th,nom}$	x,x	%
Lágmarksvarma-afköst (leiðbeinandi)	P_{min}	[x,x/á ekki við]	kW		Notnýtni við lágmarksvarmaafköst (leiðbeinandi)	$\eta_{th,min}$	[x,x/á ekki við]	%

Aukaraforkunotkun					**Tegund varmaafkastastýringar/hitastýringar (velja skal eina tegund)**				
Við nafnvarma-afköst	el_{max}	x,xxx	kW		eins þreps hitun, án hitastýringar,			[já/nei]	
Við lágmarks-varmaafköst	el_{min}	x,xxx	kW		tveggja eða fleiri þrepa handvirk rýmishitun, án hitastýringar			[já/nei]	
Í reiðuham	el_{SB}	x,xxx	kW		með vélrænni hitastýringu			[já/nei]	
					með rafrænni hitastýringu			[já/nei]	
					með rafrænni hitastýringu og dagastillingu			[já/nei]	
					með rafrænni hitastýringu og vikustillingu			[já/nei]	
					Aðrir stýrimöguleikar (velja má marga möguleika)				
					Hitastýring með hreyfiskynjara			[já/nei]	
					Hitastýring sem skynjar opinn glugga			[já/nei]	
Orkuþörf varanlegs kveikiloga					með fjarstýrimöguleika			[já/nei]	
Orkuþörf kveikiloga (ef við á)	P_{pilot}	[x,xxx/á ekki við]	kW						
Samskipta-upplýsingar	Nafn og heimilisfang birgis								

VI. VIÐAUKI

Upplýsingar sem veita á í þeim tilvikum þar sem ekki er hægt að gera ráð fyrir því að endanlegir notendur geti skoðað vöruna nema á Netinu

1. Upplýsingarnar, sem um getur í b-lið 1. mgr. 4. gr., skulu veittar í eftirfarandi röð:

   a) orkunýtniflokkur tegundar, ákvarðaður í samræmi við 1. lið II. viðauka,

   b) bein varmaafköst í kW, námunduð að næsta tugasæti,

   c) óbein varmaafköst í kW, námunduð að næsta tugasæti,

2. Upplýsingarnar, sem um getur í 1. lið, skulu prentaðar eða sýndar með leturgerð sem er nægilega stór til að vera læsileg.

VII. VIÐAUKI

Upplýsingar sem veita á ef um er að ræða sölu, leigu eða kaupleigu á Netinu

1. Í 2.-5. lið þessa viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

   a) „birtingarkerfi“ (e. *display mechanism*): allir skjáir, þ.m.t. snertiskjáir eða önnur sjónræn tækni sem notuð er til að sýna notendum efni á Netinu,

   b) „földuð birting“ (e. *nested display*): sjónrænt viðmót þar sem unnt er að opna mynd eða gagnamengi með músarsmelli, með því að renna músarbendli yfir það eða með því að víkka út aðra mynd eða gagnamengi á snertiskjá,

   c) „snertiskjár“: skjár sem bregst við snertingu, s.s. á spjaldtölvu (e. *tablet computer*), pennatölvu (e. *slate computer*) eða snjallsíma,

   d) „annar texti“: texti sem notaður er sem annar valkostur við myndræna útfærslu og gerir kleift að veita upplýsingar með öðrum hætti en myndrænum þegar birtingartæki ráða ekki við myndirnar eða til að bæta aðgengi, s.s. ílag fyrir raddgervlaforrit.

2. Viðeigandi merkimiði, sem birgir gerir aðgengilegan í samræmi við b-lið 1. mgr. 3. gr. eða b-lið 2. mgr. 3. gr., skal vera til sýnis í birtingarkerfi, nálægt verði vörunnar. Stærðin skal vera þannig að merkimiðinn sé auðsýnilegur og læsilegur og í réttu hlutfalli við stærðina sem tilgreind er í 2. lið III. viðauka. Sýna má merkimiðann með faldaðri birtingu en þá skal myndin, sem notuð er til að nálgast merkimiðann, vera í samræmi við forskriftirnar sem mælt er fyrir um í 3. lið þessa viðauka. Ef notuð er földuð birting skal merkimiðinn birtast þegar fyrst er smellt með músinni á hann, músarbendli er rennt yfir hann eða þegar myndin er víkkuð út á snertiskjá.

3. Myndin, sem notuð er til að nálgast merkimiðann ef um er að ræða faldaða birtingu, skal:

   a) vera ör í lit sem samsvarar orkunýtniflokki vörunnar á merkimiðanum,

   b) gefa til kynna á örinni orkunýtniflokk vörunnar, með hvítu letri, í sömu leturstærð og þeirri sem notuð er til að sýna verð og

   c) vera á öðru af tveimur eftirfarandi sniðum:



4. Ef um er að ræða faldaða birtingu skal röðin, sem merkimiðinn er sýndur í, vera eins og hér segir:

   a) myndin, sem um getur í 3. lið þessa viðauka, skal sýnd í birtingarkerfi, nálægt verði vörunnar,

   b) myndin skal vera hlekkur á merkimiðann,

   c) merkimiðinn skal sýndur eftir að smellt er með músinni á hann, músarbendli er rennt yfir hann eða myndin er víkkuð út á snertiskjá,

   d) merkimiðinn skal sýndur í sprettiglugga, nýjum flipa, nýrri síðu eða með skjámynd,

   e) til að stækka merkimiðann á snertiskjám skulu almennar aðferðir tækisins til stækkunar gilda,

   f) skjámyndinni með merkimiðanum skal lokað með lokunarvalmöguleika eða annarri staðlaðri aðferð til lokunar,

   g) annar texti í stað myndrænnar útfærslu, sem sýndur er þegar ekki tekst að sýna merkimiðann, skal tilgreina orkunýtniflokk vörunnar í sambærilegri leturstærð og þeirri sem notuð er til að sýna verð.

5. Viðeigandi vöruupplýsingablað, sem birgjar gera aðgengilegt í samræmi við d-lið 1. mgr. 3. gr. eða d-lið 2. mgr. 3. gr., skal sýnt í birtingarkerfi, nálægt verði vörunnar. Stærðin skal vera þannig að vöruupplýsingablaðið sé auðsýnilegt og læsilegt. Sýna má vöruupplýsingablaðið í faldaðri birtingu en þá skal hlekkurinn, sem notaður er til að nálgast það, vera auðsýnilegur og tilgreina með læsilegum hætti „vöruupplýsingablað“. Ef notuð er földuð birting skal vöruupplýsingablaðið birtast þegar fyrst er smellt á hlekkinn með músinni, músarbendli rennt yfir hann eða við útvíkkun hlekksins á snertiskjá.

VIII. VIÐAUKI

Mælingar og útreikningar

1. Í þeim tilgangi að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar og til sannprófunar á því að kröfur þessarar reglugerðar séu uppfylltar skal, við mælingar og útreikninga, nota samhæfða staðla, sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, eða aðrar áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir sem taka tillit til almennt viðurkenndra aðferða sem byggjast á nýjustu og fullkomnustu tækni. Þær skulu uppfylla öll skilyrði sem sett eru fram í 2.–4. lið.

2. Almenn skilyrði sem varða mælingar og útreikninga

a) Staðbundnir rýmishitarar skulu prófaðir með því að nota ákjósanlegasta eldsneytið svo hægt sé að ákvarða orkunýtnistuðulinn (EEI), bein og óbein varmaafköst.

b) Gildin, sem gefin eru upp fyrir bein og óbein varmaafköst og orkunýtnistuðulinn, skulu námunduð að næsta tugasæti.

3. Almenn skilyrði fyrir orkunýtnistuðul og orkunotkun staðbundinna rýmishitara:

a) Gildin $\eta_{th,nom}$, $\eta_{th,min}$ fyrir notnýtni og gildin P_{nom}, P_{min} fyrir bein og óbein varmaafköst eru mæld, þegar það á við.

b) Orkunýtnistuðullinn skal reiknaður út sem árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar í virkum ham ($\eta_{S,on}$), leiðréttur, að því er varðar staðbundna rýmishitara sem nota lífmassa sem ákjósanlegasta eldsneytið, út frá gildi þar sem tillit er tekið til eiginleika ákjósanlegasta eldsneytisins sem endurnýjanlegt eldsneyti og leiðréttur út frá upplýsingum um hitastýringu, aukaraforkunotkun og orkunotkun varanlegs kveikiloga. Orkunýtnistuðullinn (EEI) er gefinn upp sem tala sem jafngildir tölunni í prósentum.

4. Sérstök skilyrði að því er varðar árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar

a) Orkunýtnistuðull (EEI) allra staðbundinna rýmishitara er skilgreindur sem hér segir:

$$EEI = (\eta_{S,on} \cdot BLF) - 10\% + F(2) + F(3) - F(4) - F(5)$$

þar sem:

— $\eta_{S,on}$ er árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar í virkum ham, gefin upp í prósentum og reiknuð út í samræmi við b-lið 4. liðar,

— *BLF* er merkingarstuðull lífmassa sem er 1,45 fyrir staðbundna rýmishitara sem nota lífmassa og 1 fyrir staðbundna rýmishitara sem nota jarðefnaeldsneyti,

— $F(2)$ er leiðréttingarstuðull, gefinn upp í %, sem stendur fyrir jákvætt framlag til orkunýtnistuðulsins, sem leiðir af leiðréttum framlögum í tengslum við mismunandi tegundir hitastýribúnaðar til þæginda innanhúss, þar sem þessar tegundir eru gagnkvæmt útilokandi og ekki hægt að leggja þær saman,

— $F(3)$ er leiðréttingarstuðull, gefinn upp í %, sem stendur fyrir jákvætt framlag til orkunýtnistuðulsins, sem leiðir af leiðréttum framlögum í tengslum við mismunandi tegundir hitastýribúnaðar til þæginda innanhúss, þar sem leggja má þessar tegundir saman,

— $F(4)$ er leiðréttingarstuðull, gefinn upp í %, sem stendur fyrir neikvætt framlag til orkunýtnistuðulsins vegna aukaraforkunotkunar,

— $F(5)$ er leiðréttingarstuðull, gefinn upp í %, sem stendur fyrir neikvætt framlag til orkunýtnistuðulsins vegna orkunotkunar varanlegs kveikiloga.

b) Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar í virkum ham er reiknuð út sem hér segir:

$$\eta_{S,on} = \eta_{th,nom}$$

þar sem:

— $\eta_{th,nom}$ er notnýtni við nafnvarmaafköst, á grundvelli nettóvarmagildis.

c) Leiðréttingarstuðullinn *F(2)*, sem stendur fyrir jákvætt framlag til orkunýtnistuðulsins, sem leiðir af leiðréttum framlögum í tengslum við mismunandi tegundir hitastýribúnaðar til þæginda innanhúss, þar sem þessar tegundir eru gagnkvæmt útilokandi og ekki hægt að leggja þær saman, er reiknaður út sem hér segir:

Að því er varðar allar tegundir staðbundinna rýmishitara jafngildir leiðréttingarstuðullinn *F(2)* einu þeirra gilda sem tilgreindir eru í töflu 4, með hliðsjón af gildandi stýrieiginleikum. Aðeins má velja eitt gildi.

Tafla 4

Leiðréttingarstuðull F(2)

Ef varan er útbúin (aðeins einn valkostur á við):	*F*(2)
	Staðbundnir rýmishitarar kyntir með eldsneyti
eins þreps hitun, án hitastýringar,	0,0%
tveggja eða fleiri þrepa handvirkri rýmishitun, án hitastýringar	1,0%
með vélrænni hitastýringu	2,0%
með rafrænni hitastýringu	4,0%
með rafrænni hitastýringu og dagastillingu	6,0%
með rafrænni hitastýringu og vikustillingu	7,0%

Frá 1. janúar 2022 skal *F(2)* vera núll fyrir staðbundna rýmishitara, sem nota eldsneyti í föstu formi, með losun, þegar hitastýringin er stillt á lágmarksvarmaafköst, sem er meiri sem nemur losunargildunum sem skráð eru í 2. lið II. viðauka reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1185([6]). Varmaafköstin við þessa stillingu mega ekki vera meiri en 50% af nafnvarmaafköstum. Frá 1. janúar 2022 skulu tæknigögnin, ef *F(2)* er ekki núll, innihalda viðeigandi upplýsingar um losun við lágmarksvarmaafköst.

d) Leiðréttingarstuðullinn *F(3)*, sem stendur fyrir jákvætt framlag til orkunýtnistuðulsins, sem leiðir af leiðréttum framlögum í tengslum við mismunandi tegundir hitastýribúnaðar til þæginda innanhúss, þar sem leggja má þessar tegundir saman, er reiknaður út sem hér segir:

Leiðréttingarstuðullinn *F(3)* fyrir alla staðbundna rýmishitara er summa þeirra gilda sem tilgreind eru í töflu 5, með hliðsjón af gildandi stýrieiginleikum.

Tafla 5

Leiðréttingarstuðull F(3)

Ef varan er útbúin (margir valkostir geta átt við):	*F*(3)
	Staðbundnir rýmishitarar kyntir með eldsneyti
hitastýringu með hreyfiskynjara	1,0%
með hitastýringu sem skynjar opinn glugga	1,0%
með fjarstýrimöguleika	1,0%

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1185 frá 24. apríl 2015 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun staðbundinna rýmishitara sem nota eldsneyti í föstu formi (Stjtíð. ESB, L 193, 21.7.2015, bls. 1).

Frá 1. janúar 2022 skal *F(3)* vera núll fyrir staðbundna rýmishitara, sem nota eldsneyti í föstu formi, með losun, þegar hitastýringin er stillt á lágmarksvarmaafköst, sem er meiri en sem nemur losunargildunum sem skráð eru í 2. lið II. viðauka reglugerðar (ESB) 2015/1185. Varmaafköstin við þessa stillingu mega ekki vera meiri en 50% af nafnvarmaafköstum. Frá 1. janúar 2022 skulu tæknigögnin, ef *F(3)* er ekki núll, innihalda viðeigandi upplýsingar um losun við lágmarksvarmaafköst.

e) Leiðréttingarstuðullinn *F(4)* fyrir aukaraforkunotkun er reiknaður út sem hér segir:

Þessi leiðréttingarstuðull tekur tillit til aukaraforkunotkunar í virkum ham eða reiðuham.

Hvað varðar alla staðbundna rýmishitara reiknast leiðréttingin fyrir aukaraforkunotkun sem hér segir:

$$F(4) = CC \cdot \frac{0{,}2 \cdot el_{max} + 0{,}8 \cdot el_{min} + 1{,}3 \cdot el_{sb}}{P_{nom}} \cdot 100[\%]$$

þar sem:

— el_{max} er raforkunotkun, gefin upp í kW, við nafnvarmaafköst,

— el_{min} er raforkunotkun, gefin upp í kW, við lágmarksvarmaafköst; ef varan býður ekki upp lágmarksvarmaafköst skal nota gildið fyrir raforkunotkun við nafnvarmaafköst,

— el_{sb} er raforkunotkun vörunnar, gefin upp í kW, meðan hún er í reiðuham,

— P_{nom} er nafnvarmaafköst vörunnar, gefin upp í kW.

f) Leiðréttingarstuðullinn *F(5)* tengist orkunotkun varanlegs kveikiloga og er reiknaður út sem hér segir:

Þessi leiðréttingarstuðull tekur tillit til orkuþarfar varanlegs kveikiloga.

Hvað varðar alla staðbundna rýmishitara er leiðréttingarstuðullinn reiknaður út sem hér segir:

$$F(5) = 0{,}5 \cdot \frac{P_{pilot}}{P_{nom}} \cdot 100[\%]$$

þar sem:

— P_{pilot} er orkunotkun kveikiloga, gefin upp í kW,

— P_{nom} er nafnvarmaafköst vörunnar, gefin upp í kW.

IX. VIÐAUKI

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Í þeim tilgangi að meta samræmi við kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 3. og 4. gr., skulu yfirvöld í aðildarríkjunum beita eftirfarandi sannprófunaraðferð:

1. Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu prófa staka einingu af hverri tegund. Einingin skal prófuð með eldsneyti sem hefur svipaða eiginleika og eldsneytið sem framleiðandinn notaði til að framkvæma mælingar í samræmi við VIII. viðauka.

   Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur, að því tilskildu að:

   a) gildin og flokkarnir á merkimiðanum og á vöruupplýsingablaðinu séu í samræmi við gildin í tæknigögnunum og

   b) orkunýtnistuðull staðbundinna rýmishitara, sem nota eldsneyti í föstu formi, sé ekki meira en 8% lægri en uppgefið gildi,

   c) orkunýtnistuðull staðbundinna rýmishitara, sem nota fljótandi eldsneyti, sé ekki meira en 8% lægri en uppgefið gildi,

   d) orkunýtnistuðull staðbundinna rýmishitara, sem nota loftkennt eldsneyti, sé ekki meira en 8% lægri en uppgefið gildi.

2. Ef niðurstöðurnar, sem um getur í a-lið 2. liðar, fást ekki telst tegundin og allar sambærilegar tegundir ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar. Ef einhverjar niðurstaðnanna, sem um getur í b- til d-lið 2. liðar fást ekki skulu yfirvöld aðildarríkis velja, af handahófi, þrjár viðbótareiningar af sömu tegund til prófunar. Að öðrum kosti mega þessar þrjár viðbótareiningar, sem eru valdar, vera af einni eða fleiri sambærilegum tegundum sem hafa verið skráðar sem sambærilegar vörur í tæknigögnum birgis.

   Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur ef:

   a) gildin og flokkarnir á merkimiðanum og á vöruupplýsingablaðinu fyrir viðbótareiningarnar þrjár eru í samræmi við gildin í tæknigögnunum,

   b) meðaltalsorkunýtnistuðull viðbótareininganna þriggja er ekki meira en 8% lægri en uppgefið gildi að því er varðar staðbundna rýmishitara sem nota eldsneyti í föstu formi,

   c) meðaltalsorkunýtnistuðull viðbótareininganna þriggja er ekki meira en 8% lægri en uppgefið gildi að því er varðar staðbundna rýmishitara sem nota fljótandi eldsneyti,

   d) meðaltalsorkunýtnistuðull viðbótareininganna þriggja er ekki meira en 8% lægri en uppgefið gildi að því er varðar staðbundna rýmishitara sem nota loftkennt eldsneyti.

Ef niðurstöðurnar, sem um getur í 2. lið, fást ekki telst tegundin og allar sambærilegar tegundir ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar.

Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu gefa yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni upp niðurstöður úr prófunum og aðrar viðeigandi upplýsingar innan eins mánaðar frá því að ákvörðun um að tegundin uppfylli ekki ákvæðin liggur fyrir.

Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu nota mæli- og reikningsaðferðirnar sem settar eru fram í VIII. viðauka.

Vikmörk sannprófana, sem skilgreind eru í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á mældum mæliþáttum og skal birgirinn ekki nota þá sem leyfileg vikmörk til að ákvarða gildin sem gefin eru upp í tæknigögnunum. Gildin og flokkarnir á merkimiðanum eða vöruupplýsingablaðinu skulu ekki vera hagstæðari fyrir birginn en tilkynnt gildi í tæknigögnunum.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1187 **2016/EES/27/21**

frá 27. apríl 2015

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar katla fyrir eldsneyti í föstu formi og pakka með kötlum fyrir eldsneyti í föstu formi, viðbótarhiturum, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB frá 19. maí 2010 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á orkutengdum vörum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum auðföngum([1]), einkum 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2010/30/ESB er þess krafist að framkvæmdastjórnin samþykki framseldar gerðir um merkingar orkutengdra vara sem hafa umtalsverða möguleika á orkusparnaði og þar sem mikils misræmis gætir í tengslum við nothæfisstig með sambærilega virkni.

2) Mikils misræmis gætir að því er varðar orkunýtni rýmishitara með sambærilega virkni, þ.m.t. katlar fyrir eldsneyti í föstu formi. Orkan sem katlar fyrir eldsneyti í föstu formi nota til hitunar innanhúss er verulegur hluti af heildarorkuþörf í Sambandinu. Töluverðir möguleikar eru á því að draga úr orkunotkun katla fyrir eldsneyti í föstu formi, m.a. með því að sameina viðeigandi hitastýringu og búnað sem nýtir sólarorku og því ættu kröfur um orkumerkingar einnig að ná yfir pakka með kötlum fyrir eldsneyti í föstu formi, viðbótarhiturum, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku.

3) Katlar sem framleiða varma eingöngu í þeim tilgangi að útvega heitt neyslu- eða grávatn, katlar til að hita varmabera sem notast við lofthita, katlar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku með a.m.k. 50 kW raforkuafköst og katlar fyrir lífmassa úr öðru en viði hafa allir sérstaka tæknilega eiginleika og ættu því að vera undanþegnir gildissviði þessarar reglugerðar.

4) Mæla ætti fyrir um samræmd ákvæði um merkingar og staðlaðar vörulýsingar að því er varðar orkunýtni katla fyrir eldsneyti í föstu formi til að hvetja framleiðendur til að bæta orkunýtni þessara katla, endanlega notendur til að kaupa orkunýtnar vörur og stuðla að starfsemi innri markaðarins.

5) Til að láta notendum í té sambærilegar upplýsingar um katla fyrir eldsneyti í föstu formi ætti að innleiða kvarða fyrir merkingar sem samræmist framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 811/2013([2]). Sú aðferð sem notuð er í þeirri reglugerð fyrir endurnýjanlega orku myndi þó ekki stuðla að orkunýtni katla fyrir lífmassa. Hvað varðar lífmassa þá myndi sú aðferð sem notuð er fyrir jarðefnaeldsneyti ekki samræmast markmiði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB([3]) um að auka notkun endurnýjanlegrar orku. Því er viðeigandi að í þessari reglugerð verði notuð sérstök aðferð fyrir katla fyrir lífmassa, þ.e. „merkingarstuðull fyrir lífmassa“, sem er ákvarðaður við tiltekin mörk þannig að þéttikatlar fyrir lífmassa geti komist í flokk A++.

6) Upplýsingarnar, sem koma fram á merkimiðanum, ættu að vera fengnar með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum og reikningsaðferðum, þar sem tekið er tillit til viðurkenndra mæli- og reikningsaðferða, sem byggjast á nýjustu og fullkomnustu tækni og, þar sem þeir liggja fyrir, samhæfðra staðla sem evrópskar staðlastofnanir hafa samþykkt í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012([4]), í þeim tilgangi að ákvarða kröfur um visthönnun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 193, 21.7.2015, bls. 43. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 309/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 153, 18.6.2010, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 811/2013 frá 18. febrúar 2013 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar hitara fyrir rými, sambyggðra hitara, pakka með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku og pakka með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku (Stjtíð. ESB L 239, 6.9.2013, bls. 1).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB frá 23. apríl 2009 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum 2001/77/EB og 2003/30/EB (Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 16).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun (Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).

7) Í þessari reglugerð ætti að tilgreina samræmda hönnun og innihald merkimiðans fyrir katla fyrir eldsneyti í föstu formi.

8) Að auki ætti í þessari reglugerð að tilgreina kröfur um vöruupplýsingablað og tæknigögn um katla fyrir eldsneyti í föstu formi.

9) Enn fremur ætti að tilgreina í þessari reglugerð kröfur um upplýsingar sem veita skal vegna hvers konar fjarsölu katla fyrir eldsneyti í föstu formi og auglýsinga og tæknilegs kynningarefnis um slíka katla.

10) Ef merkimiðar og vöruupplýsingar byggjast á vöruupplýsingablöðum frá birgjum ætti að tryggja að endanlegur notandi hafi greiðan aðgang að upplýsingum um orkunýtingu pakka með katli fyrir eldsneyti í föstu formi, viðbótarhiturum, búnaði sem nýtir sólarorku og hitastýringu.

11) Rétt þykir að kveða á um endurskoðun á ákvæðum þessarar reglugerðar með tilliti til tækniframfara.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Með þessari reglugerð eru settar kröfur um orkumerkingar og veitingu viðbótarvöruupplýsinga um katla fyrir eldsneyti í föstu formi með 70 kW nafnvarmaafköst eða minni og um pakka með katli fyrir eldsneyti í föstu formi með 70 kW nafnvarmaafköst eða minni, um viðbótarhitara, hitastýringu og búnað sem nýtir sólarorku.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um:

a) katla sem framleiða varma eingöngu í þeim tilgangi að útvega heitt neyslu- eða grávatn,

b) katla til að hita og dreifa varmaberum sem notast við lofthita, t.d. gufu eða loft,

c) katla fyrir eldsneyti í föstu formi fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, með 50 kW hámarksraforkuafköst eða meira,

d) katla fyrir lífmassa úr öðru en viði.

2. gr.

Skilgreiningar

Til viðbótar við þær skilgreiningar sem settar eru fram í 2. gr. tilskipunar 2010/30/ESB er í þessari reglugerð merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „ketill fyrir eldsneyti í föstu formi“: búnaður, sem er búinn einum eða fleiri varmagjöfum fyrir eldsneyti í föstu formi, sem veitir varma til vatnshitakerfis í þeim tilgangi að ná og viðhalda æskilegu hitastigi í einu eða fleiri lokuðum rýmum innanhúss þar sem varmatap til nærliggjandi umhverfis er ekki meira en 6% af nafnvarmaafköstum,

2) „vatnshitakerfi“: kerfi sem notar vatn sem varmabera til að dreifa varma, sem er framleiddur miðlægt, til allra hitaflata til hitunar lokaðra rýma í byggingum eða hlutum þeirra, þ.m.t. staðar- eða fjarhitunarkerfi,

3) „varmagjafi fyrir eldsneyti í föstu formi“: sá hluti ketils fyrir eldsneyti í föstu formi sem framleiðir varma með bruna eldsneytis í föstu formi,

4) „nafnvarmaafköst“ (P_r): varmaafköst sem gefin eru upp fyrir ketil fyrir eldsneyti í föstu formi við upphitun lokaðra rýma með ákjósanlegu eldsneyti, gefin upp í kW,

5) „eldsneyti í föstu formi“: eldsneyti sem er í föstu formi við venjulegan stofuhita, þ.m.t. lífmassi í föstu formi og jarðefnaeldsneyti í föstu formi,

6) „lífmassi“: lífbrjótanlegur hluti afurða, úrgangs og efnaleifa af líffræðilegum uppruna frá landbúnaði (þ.m.t. efni úr bæði jurta- og dýraríkinu), skógrækt og tengdum atvinnugreinum, þ.m.t. sjávarútvegur og lagareldi, auk lífbrjótanlegs hluta iðnaðarúrgangs og heimilis- og rekstrarúrgangs,

7) „viðarlífmassi“: lífmassi úr trjám, runnagróðri og runnum, þ.m.t. eldiviður, viðarkurl, pressaður viður í formi pilla, pressaður viður í formi kögglaðra kola, og sag,

8) „lífmassi úr öðru en viði“: lífmassi annar en viðarlífmassi, þ.m.t. hálmur, fílagras, reyr, kjarnar, korn, ólífusteinar, ólífukökur og hnetuskeljar,

9) „jarðefnaeldsneyti“: eldsneyti annað en lífmassi, þ.m.t. harðkol, brúnkol, koks, linkol og hvað þessa reglugerð varðar á það einnig við um mór,

10) „ketill fyrir lífmassa“: ketill fyrir eldsneyti í föstu formi þar sem lífmassi er notaður sem ákjósanlegasta eldsneytið,

11) „ketill fyrir lífmassa úr öðru en viði“: ketill fyrir lífmassa sem notar lífmassa úr öðru en viði sem ákjósanlegasta eldsneytið og þar sem viðarlífmassi, jarðefnaeldsneyti eða blanda af lífmassa og jarðefnaeldsneyti eru ekki tilgreind sem annað hentugt eldsneyti,

12) „ákjósanlegt eldsneyti“: eldsneyti sem er ákjósanlegast að nota fyrir ketilinn í samræmi við leiðbeiningar birgis,

13) „annað hentugt eldsneyti“: eldsneyti í föstu formi, annað en ákjósanlegt eldsneyti, sem, samkvæmt leiðbeiningum birgis, má nota fyrir ketil fyrir eldsneyti í föstu formi og nær til hvers konar eldsneytis, sem minnst er á í notendahandbókinni fyrir þá sem annast uppsetningu og endanlega notendur, á opnum vefsetrum birgja, í tæknilegu kynningarefni og í auglýsingum,

14) „ketill fyrir eldsneyti í föstu formi fyrir samvinnslu raf- og varmaorku“: ketill fyrir eldsneyti í föstu formi sem getur framleitt varma og rafmagn samtímis,

15) „viðbótarhitari“: aukaketill eða varmadæla sem falla undir gildissvið framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 811/2013 eða aukaketill fyrir eldsneyti í föstu formi sem framleiðir meiri varma þegar eftirspurn eftir varma er meiri en nafnvarmaafköst aðalketilsins fyrir eldsneyti í föstu formi,

16) „hitastýring“: búnaður sem er viðmót notanda að því er varðar gildi og tímastillingu æskilegs hitastigs innandyra og kemur viðkomandi gögnum í skilflöt ketilsins fyrir eldsneyti í föstu formi, s.s. miðverkið, og aðstoðar þannig við að stýra hitastigi innanhúss,

17) „búnaður sem nýtir sólarorku“: kerfi sem nýtir eingöngu sólarorku, sólargleypir, geymslutankur fyrir heitt vatn sem hitað er með sólarorku eða dæla í hringrás sólargleypis sem sett eru á markað sérstaklega,

18) „kerfi sem nýtir eingöngu sólarorku“: búnaður, sem er búinn einum eða fleiri sólargleypum og geymslutönkum fyrir heitt vatn sem hitað er með sólarorku og hugsanlega dælum í hringrás sólargleypis og öðrum hlutum, sem er settur á markað sem ein eining og er ekki búinn neinum varmagjafa nema hugsanlega einum eða fleiri varahitakólfum,

19) „sólargleypir“: búnaður sem er hannaður til að gleypa hnattrænan ágeislunarstyrk sólar og flytja varmaorku sem verður þannig til í vökva sem flæðir í gegnum hann,

20) „geymslutankur fyrir heitt vatn sem hitað er með sólarorku“: geymslutankur fyrir heitt vatn sem geymir varmaorku sem framleidd er með einum eða fleiri sólargleypum,

21) „geymslutankur fyrir heitt vatn“: ílát til að geyma heitt vatn til vatns- eða rýmishitunar, þ.m.t. öll íblöndunarefni, sem ekki er búið neinum varmagjafa nema hugsanlega einum eða fleiri varahitakólfum,

22) „varahitakólfur“: rafviðnámshitari sem notast við Joule-verkun og er hluti af geymslutanki fyrir heitt vatn og framleiðir aðeins varma þegar röskun verður á ytri varmagjafa (þ.m.t. meðan á viðhaldstímabili stendur) eða varmagjafi bilar eða sem er hluti af geymslutanki fyrir heitt vatn sem hitað er með sólarorku og framleiðir varma þegar varmagjafi sem nýtir sólarorku nægir ekki til að uppfylla tilskildar kröfur um hitastig,

23) „pakki með katli fyrir eldsneyti í föstu formi, viðbótarhiturum, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku“: pakki sem boðinn er endanlegum notanda sem inniheldur ketil fyrir eldsneyti í föstu formi og einn eða fleiri viðbótarhitara, eina eða fleiri tegundir hitastýringar eða eina eða fleiri tegundir búnaðar sem nýtir sólarorku,

24) „sambyggður ketill“: ketill fyrir eldsneyti í föstu formi sem er hannaður til að framleiða einnig varma til að skila heitu neyslu- eða grávatni við tiltekið hitastig, í ákveðnu magni og tilteknu streymi, innan tiltekins tíma og er tengt ytri aðföngum neyslu- eða grávatns.

Viðbótarskilgreiningar, að því er varðar II.–X. viðauka, eru settar fram í I. viðauka.

3. gr.

Ábyrgð birgja og tímaáætlun

1. Frá 1. apríl 2017 skulu birgjar, sem setja katla fyrir eldsneyti í föstu formi á markað eða taka þá í notkun, þ.m.t. þá sem eru hluti af pökkum með katli fyrir eldsneyti í föstu formi, viðbótarhiturum, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku, tryggja:

a) að hverjum katli fyrir eldsneyti í föstu formi fylgi prentaður merkimiði, á því sniði og með þeim upplýsingum sem settar eru fram í lið 1.1 í III. viðauka og samrýmast orkunýtniflokkunum, sem settir eru fram í II. viðauka, og að hverjum katli fyrir eldsneyti í föstu formi, sem ætlaður er til notkunar í pökkum með katli fyrir eldsneyti í föstu formi, viðbótarhiturum, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku, fylgi annar merkimiði á því sniði og með þeim upplýsingum sem settar eru fram í 2. lið í III. viðauka,

b) að rafrænn merkimiði, á því sniði og með þeim upplýsingum sem settar eru fram í lið 1.1 í III. viðauka og samrýmast orkunýtniflokkunum, sem settir eru fram í II. viðauka, sé gerður aðgengilegur söluaðilum fyrir hverja tegund ketils fyrir eldsneyti í föstu formi,

c) að vöruupplýsingablað, í samræmi við 1. lið IV. viðauka, fylgi hverjum katli fyrir eldsneyti í föstu formi og annað upplýsingablað, í samræmi við 2. lið IV. viðauka, fylgi hverjum katli fyrir eldsneyti í föstu formi, sem ætlaður er til notkunar í pökkum með katli fyrir eldsneyti í föstu formi, viðbótarhiturum, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku,

d) að rafrænt vöruupplýsingablað, í samræmi við 1. lið IV. viðauka, sé gert söluaðilum aðgengilegt fyrir hverja tegund ketils fyrir eldsneyti í föstu formi,

e) að tæknigögnin, eins og þau eru sett fram í 1. lið V. viðauka, séu gerð aðgengileg yfirvöldum aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni, sé þess óskað,

f) að allar auglýsingar, sem varða sérstaka tegund ketils fyrir eldsneyti í föstu formi og innihalda orkutengdar upplýsingar eða verðupplýsingar, innihaldi tilvísun í orkunýtniflokk þeirrar tegundar,

g) að allt tæknilegt kynningarefni, sem varðar sérstaka tegund ketils fyrir eldsneyti í föstu formi og lýsir sérstökum tæknilegum mæliþáttum hans, innihaldi tilvísun í orkunýtniflokk þeirrar tegundar.

2. Frá 26. september 2019 skulu birgjar, sem setja katla fyrir eldsneyti í föstu formi á markað eða taka þá í notkun, þ.m.t. þá sem eru hluti af pökkum með katli fyrir eldsneyti í föstu formi, viðbótarhiturum, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku, tryggja:

a) að slíkum katli fyrir eldsneyti í föstu formi fylgi prentaður merkimiði, á því sniði og með þeim upplýsingum sem settar eru fram í lið 1.2 í III. viðauka og samrýmast orkunýtniflokkunum sem settir eru fram í II. viðauka,

b) að rafrænn merkimiði, á því sniði og með þeim upplýsingum sem settar eru fram í lið 1.2 í III. viðauka og samrýmist orkunýtniflokkunum, sem settir eru fram í II. viðauka, sé gerður aðgengilegur söluaðilum fyrir hverja tegund ketils fyrir eldsneyti í föstu formi.

3. Frá 1. apríl 2017 skulu birgjar, sem setja pakka með katli fyrir eldsneyti í föstu formi, viðbótarhiturum, hitastýringu og búnaði, sem nýtir sólarorku, á markað eða taka hann í notkun, tryggja:

a) að hverjum pakka með katli fyrir eldsneyti í föstu formi, viðbótarhiturum, hitastýringu og búnaði, sem nýtir sólarorku, fylgi prentaður merkimiði, á því sniði og með þeim upplýsingum sem settar eru fram í 2. lið III. viðauka og samrýmast orkunýtniflokkunum sem settir eru fram í II. viðauka,

b) að rafrænn merkimiði, á því sniði og með þeim upplýsingum sem settar eru fram í 2. lið III. viðauka og samrýmast orkunýtniflokkunum, sem settir eru fram í II. viðauka, sé gerður aðgengilegur söluaðilum fyrir hverja tegund pakka með katli fyrir eldsneyti í föstu formi, viðbótarhiturum, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku,

c) að vöruupplýsingablað, í samræmi við 2. lið IV. viðauka, fylgi hverjum pakka með katli fyrir eldsneyti í föstu formi, viðbótarhiturum, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku,

d) að rafrænt vöruupplýsingablað, í samræmi við 2. lið IV. viðauka, sé gert aðgengilegt seljendum fyrir hverja tegund pakka með katli fyrir eldsneyti í föstu formi, viðbótarhiturum, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku,

e) að tæknigögnin, í samræmi við 2. lið V. viðauka, séu gerð aðgengileg yfirvöldum aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni sé þess óskað,

f) að allar auglýsingar, sem varða tiltekna tegund pakka með katli fyrir eldsneyti í föstu formi, viðbótarhiturum, hitastýringu og búnaði, sem nýtir sólarorku, og innihalda orkutengdar upplýsingar eða verðupplýsingar, innihaldi tilvísun í orkunýtniflokk þeirrar tegundar,

g) að allt tæknilegt kynningarefni, sem varðar sérstaka tegund pakka með katli fyrir eldsneyti í föstu formi, viðbótarhiturum, hitastýringu og búnaði, sem nýtir sólarorku, og lýsir sérstökum tæknilegum mæliþáttum þeirra, innihaldi tilvísun í orkunýtniflokk þeirrar tegundar.

4. gr.

Ábyrgð seljenda

1. Söluaðilar katla fyrir eldsneyti í föstu formi skulu tryggja:

a) að allir katlar fyrir eldsneyti í föstu formi beri á sölustað merkimiða frá birgjum, í samræmi við 1. eða 2. mgr. 3. gr., á framhlið ketils fyrir eldsneyti í föstu formi, þannig að hann sjáist greinilega,

b) að katlar fyrir eldsneyti í föstu formi sem boðnir eru til sölu, leigu eða kaupleigu, þar sem ekki er við því að búast að endanlegir notendur geti séð vöruna, séu markaðssettir með þeim upplýsingum sem birgjar veita í samræmi við 1. lið VI. viðauka, nema þegar þeir eru boðnir til sölu eða leigu á Netinu en þá gilda ákvæði VII. viðauka,

c) að allar auglýsingar, sem varða tiltekna tegund ketils fyrir eldsneyti í föstu formi sem innihalda orkutengdar upplýsingar eða verðupplýsingar, innihaldi tilvísun í orkunýtniflokk þeirrar tegundar,

d) að allt tæknilegt kynningarefni, sem varðar tiltekna tegund ketils fyrir eldsneyti í föstu formi og lýsir sérstökum tæknilegum mæliþáttum hans, innihaldi tilvísun í orkunýtniflokk þeirrar tegundar.

2. Seljendur pakka með katli fyrir eldsneyti í föstu formi, viðbótarhiturum, hitastýringu og búnaði, sem nýtir sólarorku, skulu tryggja:

a) að öll tilboð um tiltekinn pakka feli í sér orkunýtniflokk pakkans með því að sýna á pakkanum merkimiðann, sem birgirinn lætur í té í samræmi við a-lið 3. mgr. 3. gr., og vöruupplýsingablaðið, sem birgirinn lætur í té í samræmi við c-lið 3. mgr. 3. gr., fyllt út á viðeigandi hátt samkvæmt eiginleikum þess pakka,

b) að pakkar með katli fyrir eldsneyti í föstu formi, viðbótarhiturum, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku, sem boðnir eru til sölu, leigu eða kaupleigu, þar sem ekki er við því að búast að endanlegir notendur geti séð vöruna, séu markaðssettir með þeim upplýsingum sem veittar eru í samræmi við 2. lið VI. viðauka, nema þegar þeir eru boðnir til sölu eða leigu á Netinu en þá gilda ákvæði VII. viðauka,

c) að allar auglýsingar, sem varða tiltekna tegund pakka með katli fyrir eldsneyti í föstu formi, viðbótarhiturum, hitastýringu og búnaði, sem nýtir sólarorku, og innihalda orkutengdar upplýsingar eða verðupplýsingar, innihaldi tilvísun í orkunýtniflokk þeirrar tegundar,

d) að allt tæknilegt kynningarefni, sem varðar sérstaka tegund pakka með katli fyrir eldsneyti í föstu formi, viðbótarhiturum, hitastýringu og búnaði, sem nýtir sólarorku, og lýsir sérstökum tæknilegum mæliþáttum þeirra, innihaldi tilvísun í orkunýtniflokk þeirrar tegundar.

5. gr.

Aðferðir við mælingar og útreikninga

Upplýsingarnar, sem veita á skv. 3. og 4. gr., skulu fengnar með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæli- og reikningsaðferðum sem taka tillit til viðurkenndra mæli- og reikningsaðferða sem byggjast á nýjustu og fullkomnustu tækni, eins og sett er fram í VIII. viðauka. Orkunýtnistuðullinn skal ákvarðaður eins og segir í IX. viðauka.

6. gr.

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Aðildarríkin skulu beita málsmeðferðinni, sem mælt er fyrir um í X. viðauka, við mat á samræmi við þessa reglugerð að því er varðar tilgreindan orkunýtniflokk katla fyrir eldsneyti í föstu formi og pakka með katli fyrir eldsneyti í föstu formi, viðbótarhiturum, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku.

7. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð, í ljósi tækniframfara, eigi síðar en 1. janúar 2022. Hún skal einkum meta hvort það sé viðeigandi að bæta orkunýtniflokki vatnshitunar við á merkimiða sambyggðra katla.

8. gr.

Gildistaka

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. apríl 2017. Hins vegar gilda ákvæði f- og g-liðar 1. mgr. 3. gr., f- og g-liðar 3. mgr. 3. gr., b-, c- og d-liðar 1. mgr. 4. gr. og b-, c- og d-liðar 2. mgr. 4. gr. frá og með 1. júlí 2017.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. apríl 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Skilgreiningar sem gilda um II.–X. viðauka

Í II.–X. viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „tegundarauðkenni“: kóði, venjulega alstafa, sem greinir tiltekna tegund ketils fyrir eldsneyti í föstu formi eða pakka með katli fyrir eldsneyti í föstu formi, viðbótarhiturum, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku frá öðrum tegundum með sama vörumerki, nafn birgis eða nafn söluaðila,

2) „árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar“ (η_s): hlutfallið á milli eftirspurnar eftir hitun rýmis á tilgreindu árstíðabundnu tímabili, sem ketill fyrir eldsneyti í föstu formi gefur og árlegrar orkunotkunar sem nauðsynleg er til að mæta þessari eftirspurn, gefið upp í %,

3) „raforkunýtni“ (η_{el}): hlutfall raforkuframleiðslu og heildarorkuílags ketils fyrir eldsneyti í föstu formi með samvinnslu raf- og varmaorku þar sem heildarorkuílagið er gefið upp sem heildarvarmagildi (GCV) eða sem endanleg orka, margfölduð með umreiknistuðlinum (CC),

4) „heildarvarmagildi“ (GCV): heildarmagn varma sem losnar fyrir eina eldsneytiseiningu með eðlilegu rakamagni, þegar því er brennt algerlega með súrefni og þegar brunamyndefnin eru kæld að umhverfishita; þetta magn felur í sér þéttivarma frá vatnsgufu sem myndast við bruna vetnis sem er í eldsneytinu,

5) „umreiknistuðull“ (CC): stuðull sem endurspeglar áætlaða 40% meðalframleiðslunýtni í ESB, sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB ([5]), en gildi stuðulsins er CC = 2,5,

6) „upplýsingablað hitastýringar“: vöruupplýsingablað sem fylgja á hitastýringu samkvæmt a-lið 3. mgr. 3. gr. í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 811/2013,

7) „upplýsingablað ketils“: að því er varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi er þetta vöruupplýsingablað sem fylgja á vörunni, samkvæmt c-lið 1. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar, og að því er varðar katla, aðra en þá sem nota eldsneyti í föstu formi, er þetta vöruupplýsingablað sem fylgja á slíkum kötlum samkvæmt b-lið 1. mgr. 3. gr. í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 811/2013,

8) „upplýsingablað búnaðar sem nýtir sólarorku“: vöruupplýsingablað sem fylgja á búnaði sem nýtir sólarorku, samkvæmt a-lið 4. mgr. 3. gr. í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 811/2013,

9) „upplýsingablað varmadælu“: vöruupplýsingablað sem fylgja á varmadælum samkvæmt b-lið 1. mgr. 3. gr. í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 811/2013,

10) „þéttiketill“: ketill fyrir eldsneyti í föstu formi, þar sem vatnsgufan í myndefnunum frá bruna er þétt að hluta til, við venjulegar notkunaraðstæður og við ákveðinn ganghita vatns, til að nýta gufunarvarma þessarar vatnsgufu til hitunar,

11) „annar viðarlífmassi“: viðarlífmassi annar en eldiviður með 25% rakainnihald eða minna, viðarkurl með 15% rakainnihald eða meira, pressaður viður í formi pilla eða kögglaðra kola eða sag með 50% rakainnihald eða minna,

12) „rakainnihald“: massi vatns í eldsneytinu í tengslum við heildarmassa eldsneytisins, eins og það er notað í kötlum fyrir eldsneyti í föstu formi,

13) „annað jarðefnaeldsneyti“: jarðefnaeldsneyti annað en linkol, brúnkol (þ.m.t. köggluð kol), koks, harðkol eða köggluð kol, blönduð með jarðefnaeldsneyti,

14) „raforkuþörf við hámarksvarmaafköst“ (el_{max}): raforkunotkun ketils fyrir eldsneyti í föstu formi við nafnvarmaafköst, gefin upp í kW, að undanskilinni raforkunotkun varahitara og innbyggðs aukabúnaðar til að draga úr losun,

15) „raforkuþörf við lágmarksvarmaafköst“ (el_{min}): raforkunotkun ketils fyrir eldsneyti í föstu formi við viðeigandi hlutaálag, gefin upp í kW, að undanskilinni raforkunotkun varahitara og innbyggðs aukabúnaðar til að draga úr losun,

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB frá 25. október 2012 um orkunýtni, breytingu á tilskipunum 2009/125/EB og 2010/30/ESB og um niðurfellingu á tilskipunum 2004/8/EB og 2006/32/EB (Stjtíð. ESB L 315, 14.11.2012, bls. 1).

16) „varahitari“: rafviðnámshitöld sem notast við Joule-verkun og framleiða eingöngu varma til að hindra að ketill fyrir eldsneyti í föstu formi eða vatnshitakerfið frjósi eða þegar röskun verður á ytri varmagjafa (þ.m.t. meðan á viðhaldstímabili stendur) eða varmagjafi bilar,

17) „viðeigandi hlutaálag“: hvað varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi, sem eru með sjálfvirka kyndingu, er þetta starfræksla við 30% nafnvarmaafköst og hvað varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi, sem eru með handvirka kyndingu og sem hægt er að starfrækja við 50% nafnvarmaafköst, er þetta starfræksla við 50% nafnvarmaafköst,

18) „orkunotkun í reiðuham“ (P_{SB}): orkunotkun ketils fyrir eldsneyti í föstu formi í reiðuham, að undanskildum innbyggðum aukabúnaði til að draga úr losun, gefin upp í kW,

19) „reiðuhamur“: ástand þar sem ketill fyrir eldsneyti í föstu formi, sem er tengdur rafkerfinu, er háður raforku frá rafkerfinu til þess að geta starfað eins og til er ætlast og gerir eingöngu kleift að framkvæma eftirfarandi aðgerðir, sem geta varað ótímabundið: endurvirkjunaraðgerð eða endurvirkjunaraðgerð auk merkis sem eingöngu gefur til kynna að endurvirkjunaraðgerð sé virk eða birting upplýsinga eða stöðu,

20) „árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar í virkum ham“ (η_{son}):

   a) að því er varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi sem eru með sjálfvirka kyndingu: vegið meðaltal notnýtni við nafnvarmaafköst og notnýtni við 30% af nafnvarmaafköstum,

   b) að því er varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi sem eru með handvirka kyndingu og sem hægt er að starfrækja samfellt við 50% nafnvarmaafköst: vegið meðaltal notnýtni við nafnvarmaafköst og notnýtni við 50% af nafnvarmaafköstum,

   c) að því er varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi sem eru með handvirka kyndingu en ekki er hægt að starfrækja samfellt við 50% nafnvarmaafköst eða minna: notnýtni við nafnvarmaafköst,

   d) að því er varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi fyrir samvinnslu raf- og varmaorku: notnýtni við nafnvarmaafköst,

21) „notnýtni“ (η): hlutfall notvarmaafkasta og heildarorkuílags ketils fyrir eldsneyti í föstu formi, þar sem heildarorkuílagið er gefið upp sem heildarvarmagildi (GCV) eða sem endanleg orka, margfölduð með umreiknistuðlinum (CC),

22) „notvarmaafköst“ (P): varmaframleiðsla ketils fyrir eldsneyti í föstu formi, sem er flutt til varmaberans, gefið upp í kW,

23) „ketill fyrir jarðefnaeldsneyti“: ketill fyrir jarðefnaeldsneyti þar sem ákjósanlegasta eldsneytið er jarðefnaeldsneyti eða blanda af lífmassa og jarðefnaeldsneyti,

24) „heildarvarmagildi, án vatnsinnihalds“ (GCV_{mf}): heildarmagn varma sem losnar fyrir eina eldsneytiseiningu, með eðlislægum raka sem hefur verið þurrkaður burt, þegar því er brennt algjörlega með súrefni og þegar brunamyndaefnin eru kæld að umhverfishita; þetta magn felur í sér þéttivarma frá vatnsgufu sem myndast við bruna vetnis sem er í eldsneytinu,

25) „sambærileg tegund“: tegund sem sett er á markað með sömu tæknilegu mæliþætti, sem settir eru fram í töflu 4 í 1. lið V. viðauka, og önnur tegund sem sami birgir setur á markað.

II. VIÐAUKI

Orkunýtniflokkar

Orkunýtniflokkur ketils fyrir eldsneyti í föstu formi skal ákvarðaður á grunni orkunýtnistuðuls eins og fram kemur í töflu 1.

Orkunýtnistuðull ketils fyrir eldsneyti í föstu formi er reiknaður út í samræmi við IX. viðauka.

Tafla 1

Orkunýtniflokkar katla fyrir eldsneyti í föstu formi


Orkunýtniflokkur	Orkunýtnistuðull (*EEI*)
A^{+++}	$EEI \geq 150$
A^{++}	$125 \leq EEI < 150$
A^{+}	$98 \leq EEI < 125$
A	$90 \leq EEI < 98$
B	$82 \leq EEI < 90$
C	$75 \leq EEI < 82$
D	$36 \leq EEI < 75$
E	$34 \leq EEI < 36$
F	$30 \leq EEI < 34$
G	$EEI < 30$

III. VIÐAUKI

Merkimiðarnir

1. KATLAR FYRIR ELDSNEYTI Í FÖSTU FORMI

1.1. **Merkimiði 1**



a) Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á merkimiðanum:

I. nafn eða vörumerki birgis,

II. tegundarauðkenni birgis,

III. rýmishitunarvirkni,

IV. orkunýtniflokkur sem ákvarðaður er í samræmi við II. viðauka; örvaroddurinn, sem sýnir orkunýtniflokk ketils fyrir eldsneyti í föstu formi, skal vera í sömu hæð og oddur þess orkunýtniflokks sem við á,


V. nafnvarmaafköst í kW, námunduð að næstu heilu tölu,

VI. að því er varðar sambyggða katla, einnig virkni viðbótarvatnshitunar,

VII. að því er varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, einnig virkni viðbótarraforkuframleiðslu.

b) Hönnun merkimiðans fyrir katla fyrir eldsneyti í föstu formi skal vera í samræmi við 3. lið þessa viðauka. Þrátt fyrir þetta má bæta afriti af umhverfismerki ESB við, hafi tegund verið veitt „umhverfismerki ESB“ samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010([6]).

1.2. **Merkimiði 2**




([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB (Stjtíð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1).

a) Upplýsingarnar, sem taldar eru upp í a-lið í lið 1.1 í þessum viðauka, skulu koma fram á merkimiðanum.

b) Hönnun merkimiðans fyrir katla fyrir eldsneyti í föstu formi skal vera í samræmi við 3. lið þessa viðauka. Þrátt fyrir þetta má bæta afriti af umhverfismerki ESB við, hafi tegund verið veitt „umhverfismerki ESB“ samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010.

2. PAKKAR MEÐ KATLI FYRIR ELDSNEYTI Í FÖSTU FORMI, VIÐBÓTARHITURUM, HITASTÝRINGU OG BÚNAÐI SEM NÝTIR SÓLARORKU

Merkimiði fyrir pakka með katli fyrir eldsneyti í föstu formi, viðbótarhiturum, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku í orkunýtniflokkum A^{+++} til G



a) Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á merkimiðanum:

I. nafn eða vörumerki seljanda eða birgis,

II. tegundarauðkenni seljanda eða birgis,

III. rýmishitunarvirkni,


IV. orkunýtniflokkur ketils fyrir eldsneyti í föstu formi, ákvarðaður í samræmi við II. viðauka,

V. upplýsingar um hvort sólargleypir, geymslutankur fyrir heitt vatn, hitastýring eða viðbótarhitari megi vera hluti af pakka með katli fyrir eldsneyti í föstu formi, viðbótarhiturum, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku,

VI. orkunýtniflokkur pakka með katli fyrir eldsneyti í föstu formi, viðbótarhiturum, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku, sem ákvarðaður er í samræmi við 2. lið IV. viðauka; örvaroddurinn sem sýnir orkunýtniflokk pakka með katli fyrir eldsneyti í föstu formi, viðbótarhiturum, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku skal vera í sömu hæð og örvaroddur þess orkunýtniflokks sem við á.

b) Hönnun merkimiðans fyrir pakka með katli fyrir eldsneyti í föstu formi, viðbótarhiturum, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku skal vera í samræmi við 4. lið þessa viðauka. Að því er varðar pakka með katli fyrir eldsneyti í föstu formi, viðbótarhiturum, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku í orkunýtniflokkum A^{+++} til D, má sleppa flokkunum E til G á A^{+++} til -G kvarðanum.

3. HÖNNUN MERKIMIÐANS FYRIR KATLA FYRIR ELDSNEYTI Í FÖSTU FORMI SKAL VERA EFTIRFARANDI:



þar sem:

a) Merkimiðinn skal vera minnst 105 mm á breidd og 200 mm á hæð. Ef merkimiðinn er prentaður á stærra sniði skal efni hans, eftir sem áður, vera í réttu hlutfalli við forskriftirnar hér að framan.

b) Bakgrunnurinn skal vera hvítur.

c) Notuð er CMYK-litaskipan — blár, blárauður, gulur og svartur — í samræmi við eftirfarandi dæmi: 00-70-X-00: 0% blár, 70% blárauður, 100% gulur, 0% svartur.

d) Merkimiðinn skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur (tölur vísa til myndarinnar hér að framan):

❶ **Rammastrik merkimiða ESB:** 4 pt, litur: blár 100%, rúnnuð horn: 3,5 mm.

❷ **Kennimerki ESB:** Litir: X-80-00-00 og 00-00-X-00.

❸ **Orkumerkimiði:** Litur: X-00-00-00. Skýringarmynd, eins og sýnd er: Kennimerki ESB + orkumerkimiði: breidd: 86 mm, hæð: 17 mm.

❹ **Lína undir kennimerki:** 1 pt, litur: blár 100%, lengd: 86 mm.

❺ **Rýmishitunarvirkni:**

— **Skýringarmynd** eins og sýnd er.

❻ **A^{++}-G og A^{+++}-D kvarðar, eftir því sem við á:**

— Ör**:** hæð: 5 mm, bil: 1,3 mm, litir:

Hæsti flokkur: X-00-X-00

Annar flokkur: 70-00-X-00

Þriðji flokkur: 30-00-X-00

Fjórði flokkur: 00-00-X-00

Fimmti flokkur: 00-30-X-00

Sjötti flokkur: 00-70-X-00

Sjöundi flokkur: 00-X-X-00

Áttundi flokkur: 00-X-X-00

Lægsti flokkur: 00-X-X-00

— **Texti:** Feitt, 14 pt Calibri-letur, hástafir, í hvítum lit, „+“ tákn: brjóstletur, raðað í eina röð.

— Ör**:** hæð: 7 mm, bil: 1 mm, litir:

Hæsti flokkur: X-00-X-00

Annar flokkur: 70-00-X-00

Þriðji flokkur: 30-00-X-00

Fjórði flokkur: 00-00-X-00

Fimmti flokkur: 00-30-X-00

Sjötti flokkur: 00-70-X-00

Lægsti flokkur: 00-X-X-00

— **Texti:** Feitt, 16 pt Calibri-letur, hástafir, í hvítum lit, „+“ tákn: brjóstletur, raðað í eina röð.

❼ **Orkunýtniflokkur:**

— Ör**:** breidd: 22 mm, hæð: 12 mm, 100% svartur

— **Texti:** Feitt, 24 pt Calibri-letur, hástafir, í hvítum lit, „+“ tákn: brjóstletur, raðað í eina röð.

❽ **Nafnvarmaafköst:**

— **Rammi:** 2 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.

— **Gildi „YZ“:** Feitt 45 pt Calibri-letur, 100% svart

— **Textinn „kW“:** Hefðbundið 30 pt Calibri-letur, 100% svart

❾ **Vatnshitunarvirkni**

— **Skýringarmynd** eins og sýnd er,

— **Rammi:** 2 pt, litur: blár 100%, rúnnuð horn: 3,5 mm

❿ **Raforkuvirkni:**

— **Skýringarmynd** eins og sýnd er

— **Rammi:** 2 pt, litur: blár 100%, rúnnuð horn: 3,5 mm

⓫ Árið sem merkimiðinn er tekinn í notkun og númer reglugerðar:


— **Texti:** Feitt 10 pt Calibri-letur.

⓬ **Nafn eða vörumerki birgis.**

⓭ **Tegundarauðkenni birgis:**

Nafn eða vörumerki birgis og tegundarauðkenni skulu rúmast í 86 x 12 mm rými.

4. HÖNNUN MERKIMIÐANS FYRIR PAKKA MEÐ KATLI FYRIR ELDSNEYTI Í FÖSTU FORMI, VIÐBÓTARHITURUM, HITASTÝRINGU OG BÚNAÐI SEM NÝTIR SÓLARORKU SKAL VERA Í SAMRÆMI VIÐ EFTIRFARANDI:



þar sem:

a) Merkimiðinn skal vera minnst 210 mm á breidd og 297 mm á hæð. Ef merkimiðinn er prentaður á stærra sniði skal efni hans, eftir sem áður, vera í réttu hlutfalli við forskriftirnar hér að framan.

b) Bakgrunnurinn skal vera hvítur.

c) Notuð er CMYK-litaskipan — blár, blárauður, gulur og svartur — í samræmi við eftirfarandi dæmi: 00-70-X-00: 0% blár, 70% blárauður, 100% gulur, 0% svartur.

d) Merkimiðinn skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur (tölurnar vísa til myndarinnar hér að framan):

❶ **Rammastrik merkimiða ESB:** 6 pt, litur: blár 100%, rúnnuð horn: 3,5 mm

❷ **Kennimerki ESB:** Litir: X-80-00-00 og 00-00-X-00

❸ **Orkumerkimiði:** Litur: X-00-00-00 Skýringarmynd, eins og sýnd er: Kennimerki ESB + orkumerkimiði: breidd: 191 mm, hæð: 37 mm

❹ **Lína undir kennimerki:** 2 pt, litur: blár 100%, lengd: 191 mm

❺ **Rýmishitunarvirkni:**

— **Skýringarmynd** eins og sýnd er

❻ **Ketill fyrir eldsneyti í föstu formi**

— **Skýringarmynd** eins og sýnd er

Orkunýtniflokkur ketils fyrir eldsneyti í föstu formi:

Ör: breidd: 24 mm, hæð: 14 mm, 100% svört

— **Texti:** Feitt, 28 pt Calibri-letur, hástafir, í hvítum lit, „+“ tákn: brjóstletur, raðað í eina röð,

— **Rammi:** 3 pt, litur: blár 100%, rúnnuð horn: 3,5 mm

❼ **Pakki með sólargleypi, geymslutanki fyrir heitt vatn, hitastýringu og viðbótarhiturum:**

— **Skýringarmynd** eins og sýnd er

— **„+“ tákn:** Feitt 50 pt Calibri-letur, 100 % blátt

— **Kassar:** breidd: 12 mm, hæð: 12 mm, rammi: 4 pt, 100% blátt

— **Rammi:** 3 pt, litur: blár 100%, rúnnuð horn: 3,5 mm

❽ **A^{+++}-G kvarði með ramma:**

— **Ör:** hæð: 15 mm, bil: 3 mm, litir:

Hæsti flokkur: X-00-X-00

Annar flokkur: 70-00-X-00

Þriðji flokkur: 30-00-X-00

Fjórði flokkur: 00-00-X-00

Fimmti flokkur: 00-30-X-00

Sjötti flokkur: 00-70-X-00

Sjöundi flokkur: 00-X-X-00

Lægstu flokkar, ef við á: 00-X-X-00

— **Texti:** Feitt, 30 pt Calibri-letur, hástafir, í hvítum lit, „+“ tákn: brjóstletur, raðað í eina röð

— **Rammi:** 3 pt, litur: blár 100%, rúnnuð horn: 3,5 mm

❾ **Orkunýtniflokkur pakka með katli fyrir eldsneyti í föstu formi, viðbótarhiturum, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku:**

— **Ör:** breidd: 33 mm, hæð: 19 mm, 100% svartur

— **Texti:** Feitt, 40 pt Calibri-letur, hástafir, í hvítum lit, „+“ tákn: brjóstletur, raðað í eina röð.

❿ Árið sem merkimiðinn er tekinn í notkun og númer reglugerðar:

— **Texti:** Feitt 12 pt Calibri-letur.

⓫ **Nafn eða vörumerki seljanda eða birgis.**

⓬ **Tegundarauðkenni seljanda eða birgis:**

Nafn eða vörumerki seljanda eða birgis og tegundarauðkenni skulu rúmast í 191 × 19 mm rými.

IV. VIÐAUKI

Vöruupplýsingablað

1. KATLAR FYRIR ELDSNEYTI Í FÖSTU FORMI

1.1. Upplýsingarnar á vöruupplýsingablaðinu um ketil fyrir eldsneyti í föstu formi skulu veittar í eftirfarandi röð og skulu koma fram í kynningarritum fyrir vöruna eða öðru lesefni sem fylgir vörunni:

a) nafn eða vörumerki birgis,

b) tegundarauðkenni birgis,

c) orkunýtniflokkur tegundar, ákvarðaður í samræmi við II. viðauka,

d) nafnvarmaafköst í kW, námunduð að næstu heilu tölu,

e) orkunýtnistuðull, námundaður að næstu heilu tölu og reiknaður út í samræmi við IX. viðauka,

f) árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar, gefin upp í %, námunduð að næstu heilu tölu og reiknuð út í samræmi við VIII. viðauka,

g) allar sérstakar varúðarráðstafanir sem gera skal þegar ketill fyrir eldsneyti í föstu formi er settur saman, settur upp eða honum haldið við,

h) hvað varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi fyrir samvinnslu raf- og varmaorku skal raforkunýtni gefin upp í % og námunduð að næstu heilu tölu.

1.2. Eitt vöruupplýsingablað getur náð yfir margar tegundir katla fyrir eldsneyti í föstu formi frá sama birgi.

1.3. Upplýsingarnar á vöruupplýsingablaðinu má veita með því að afrita merkimiðann, annaðhvort í lit eða í svart-hvítu. Þar sem sú er raunin skal einnig veita upplýsingarnar sem taldar eru upp í lið 1.1 og koma ekki fram á merkimiða.

2. PAKKAR MEÐ KATLI FYRIR ELDSNEYTI Í FÖSTU FORMI, VIÐBÓTARHITURUM, HITASTÝRINGU OG BÚNAÐI SEM NÝTIR SÓLARORKU

Upplýsingablað pakka með katli fyrir eldsneyti í föstu formi, viðbótarhiturum, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku skal innihalda upplýsingarnar sem settar eru fram á mynd 1 eða mynd 2, eftir því sem við á, til að meta orkunýtnistuðul pakkans, sem boðinn er, þ.m.t. eftirfarandi upplýsingar:

a) I: gildi orkunýtnistuðuls fyrir aðalketil fyrir eldsneyti í föstu formi,

b) II: stuðulinn til að gefa vægi fyrir varmaafköst aðalketils fyrir eldsneyti í föstu formi og, eftir því sem við á, viðbótarhitara sem eru hluti af pakka, eins og sett er fram í töflu 2 og 3 í þessum viðauka,

c) III: gildi stærðfræðilegu stæðunnar: $294/(11 \cdot Pr)$, þar sem *Pr* vísar til aðalketils fyrir eldsneyti í föstu formi,

d) IV: gildi stærðfræðilegu stæðunnar $115/(11 \cdot Pr)$, þar sem *Pr* vísar til aðalketils fyrir eldsneyti í föstu formi.

Tafla 2

Vægi aðalketils fyrir eldsneyti í föstu formi og viðbótarhitara, að því er varðar mynd 1 í þessum viðauka([7])

Psup/(*Pr* + *Psup*)(*)	II, pakki án geymslutanks fyrir heitt vatn	II, pakki með geymslutanki fyrir heitt vatn
0	0	0
0,1	0,30	0,37

([7]) Miðgildin eru reiknuð út með línulegum innreikningi á milli tveggja aðliggjandi gilda.

Psup/(*Pr* + *Psup*)(*)	II, pakki án geymslutanks fyrir heitt vatn	II, pakki með geymslutanki fyrir heitt vatn
0,2	0,55	0,70
0,3	0,75	0,85
0,4	0,85	0,94
0,5	0,95	0,98
0,6	0,98	1,00
≥ 0,7	1,00	1,00

(*) *Pr* vísar til aðalketils fyrir eldsneyti í föstu formi.

Tafla 3

Vægi aðalketils fyrir eldsneyti í föstu formi með samvinnslu raf- og varmaorku og viðbótarhitara, að því er varðar mynd 2 í þessum viðauka ([8])


Pr/(*Pr* + *Psup*)(*)	II, pakki án geymslutanks fyrir heitt vatn	II, pakki með geymslutanki fyrir heitt vatn
0	1,00	1,00
0,1	0,70	0,63
0,2	0,45	0,30
0,3	0,25	0,15
0,4	0,15	0,06
0,5	0,05	0,02
0,6	0,02	0
≥ 0,7	0	0

(*) *Pr* vísar til aðalketils fyrir eldsneyti í föstu formi.

([8]) Miðgildin eru reiknuð út með línulegum innreikningi á milli tveggja aðliggjandi gilda.

Mynd 1


Hvað varðar aðalkatla fyrir eldsneyti í föstu formi skulu upplýsingarnar, sem gefa á upp á vöruupplýsingablaði pakka með katli fyrir eldsneyti í föstu formi, viðbótarhiturum, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku, gefa til kynna orkunýtnistuðul pakkans sem er í boði



Upplýsingar um orkunýtni pakka með vörum á þessu upplýsingablaði eru ekki endilega í samræmi við raunverulega orkunýtni þegar búnaðurinn hefur verið settur upp í byggingu, þar sem þessi orkunýtni byggist á fleiri þáttum, t.d. varmatapi í dreifikerfinu og stærð vörunnar í tengslum við stærð og eiginleika byggingar.

Mynd 2

Hvað varðar aðalkatla fyrir eldsneyti í föstu formi fyrir samvinnslu raf- og varmaorku skulu upplýsingarnar, sem gefa á upp á vöruupplýsingablaði pakka með katli fyrir eldsneyti í föstu formi, viðbótarhiturum, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku, gefa til kynna orkunýtnistuðul pakkans sem er í boði



Upplýsingar um orkunýtni pakka með vörum á þessu upplýsingablaði eru ekki endilega í samræmi við raunverulega orkunýtni þegar búnaðurinn hefur verið settur upp í byggingu, þar sem þessi orkunýtni byggist á fleiri þáttum, t.d. varmatapi í dreifikerfinu og stærð vörunnar í tengslum við stærð og eiginleika byggingar.

V. VIÐAUKI

Tæknigögn

1. KATLAR FYRIR ELDSNEYTI Í FÖSTU FORMI

Hvað varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi, skulu tæknigögnin, sem um getur í e-lið 1. mgr. 3. gr., innihalda:

a) nafn og heimilisfang birgis,

b) tegundarauðkenni,

c) eftir því sem við á, tilvísanir í þá samhæfðu staðla sem notaðir eru,

d) ef ákjósanlegasta eldsneytið er annar viðarlífmassi, lífmassi úr öðru en viði, annað jarðefnaeldsneyti eða önnur blanda af lífmassa og jarðefnaeldsneyti, eins og um getur í töflu 4, lýsingu á eldsneytinu, sem nægir til að bera kennsl á eldsneytið án alls vafa, og tæknistaðalinn eða tækniforskriftir fyrir eldsneytið, þ.m.t. mælt rakainnihald og mælt öskuinnihald, og, að því er varðar annað jarðefnaeldsneyti, einnig mælt innihald rokgjarnra efna í eldsneytinu,

e) eftir því sem við á, aðra tæknistaðla og tækniforskriftir sem notast er við,

f) nafn og undirskrift þess sem hefur umboð til að skuldbinda birginn,

g) upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í töflu 4, þar sem tæknilegir mæliþættir eru mældir og reiknaðir út í samræmi við VIII. og IX. viðauka,

h) skýrslur um prófanir, sem birgjar eða einhver fyrir þeirra hönd hefur framkvæmt, þ.m.t. nafn og heimilisfang aðilans sem framkvæmdi prófunina,

i) allar sérstakar varúðarráðstafanir sem gera verður þegar ketill fyrir eldsneyti í föstu formi er settur saman, settur upp eða honum haldið við,

j) ef við á, skrá yfir sambærilegar tegundir.

Þessar upplýsingar má sameina tæknigögnum sem veitt eru í samræmi við ráðstafanir samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB([8]).

Tafla 4

Tæknilegir mæliþættir að því er varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi og katla fyrir eldsneyti í föstu formi fyrir samvinnslu raf- og varmaorku

Tegundarauðkenni		
Kyndingaraðferð: [Handvirk: starfrækja ætti ketillinn með geymslutanki fyrir heitt vatn með a.m.k. x(*) lítra rúmmál/Sjálfvirk: mælt er með því að ketillinn sé starfræktur með geymslutanki fyrir heitt vatn með a.m.k. x(**) lítra rúmmál].		
Þéttiketill: [já/nei]		
Ketill fyrir eldsneyti í föstu formi fyrir samvinnslu raf- og varmaorku: [já/nei]	Sambyggður ketill: [já/nei]	
Eldsneyti	Ákjósanlegt eldsneyti (aðeins eitt):	**Annað hentugt eða önnur hentug eldsneyti:**
Trjábolir með rakainnihald ≤ 25%	[já/nei]	[já/nei]
Viðarkurl með rakainnihald 15-35%	[já/nei]	[já/nei]
Viðarkurl með rakainnihald > 35%	[já/nei]	[já/nei]
Pressaður viður í formi pilla eða kögglaðra kola	[já/nei]	[já/nei]

([8]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur (Stjtíð. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10).

Sag með rakainnihald ≤ 50%	[já/nei]	[já/nei]
Annar viðarlífmassi	[já/nei]	[já/nei]
Lífmassi úr öðru en viði	[já/nei]	[já/nei]
Linkol	[já/nei]	[já/nei]
Brúnkol (þ.m.t. köggluð kol)	[já/nei]	[já/nei]
Koks	[já/nei]	[já/nei]
Harðkol	[já/nei]	[já/nei]
Köggluð kol, blönduð með jarðefnaeldsneyti	[já/nei]	[já/nei]
Annað jarðefnaeldsneyti	[já/nei]	[já/nei]
Köggluð kol úr lífmassa (30-70%), blönduð með jarðefnaeldsneyti	[já/nei]	[já/nei]
Önnur blanda af lífmassa og jarðefnaeldsneyti	[já/nei]	[já/nei]

Eiginleikar þegar ákjósanlegt eldsneyti er notað:

Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar η_s [%]:

Orkunýtnistuðull (*EEI*):

Liður	Tákn	Gildi	Eining		Liður	Tákn	Gildi	Eining
Notvarmaafköst					Notnýtni			
Við nafnvarmaafköst	P_n(***)	x,x	kW		Við nafnvarmaafköst	η_n	x,x	%
Við [30%/50%] nafnvarmaafköst, ef við á	P_p	[x,x/á ekki við]	kW		Við [30%/50%] nafnvarmaafköst, ef við á	η_p	[x,x/á ekki við]	%
Katlar fyrir eldsneyti í föstu formi fyrir samvinnslu raf- og varmaorku: Raforkunýtni					**Aukaraforkunotkun**			
					Við nafnvarmaafköst	el_{max}	x,xxx	kW
Við nafnvarmaafköst	$\eta_{el,n}$	x,x	%		Við [30%/50%] nafnvarmaafköst, ef við á	el_{min}	[x,xxx/á ekki við]	kW
					Frá innbyggðum aukabúnaði til að draga úr losun, ef við á		[x,xxx/á ekki við]	kW
					Í reiðuham	P_{SB}	x,xxx	kW

Samskiptaupplýsingar	Nafn og heimilisfang birgis

(*) Rúmmál tanks =45 × *Pr* × (1 – 2,7/*Pr*) eða 300 lítrar, eftir því hvort er hærra, þar sem *Pr* er gefið upp í kW

(**) Rúmmál tanks = 20 x *Pr* þar sem *Pr* er gefið upp í kW

(***) Hvað ákjósanlegasta eldsneytið varðar er *Pn* jafnt *Pr*

2. PAKKAR MEÐ KATLI FYRIR ELDSNEYTI Í FÖSTU FORMI, VIÐBÓTARHITURUM, HITASTÝRINGU OG BÚNAÐI SEM NÝTIR SÓLARORKU

Hvað varðar pakka með katli fyrir eldsneyti í föstu formi, viðbótarhiturum, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku skulu tæknigögnin, sem um getur í e-lið 3. mgr. 3. gr., innihalda:

a) nafn og heimilisfang birgis,

b) lýsingu á tegundinni sem tekur til pakka með katli fyrir eldsneyti í föstu formi, viðbótarhiturum, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku, sem nægir til að bera kennsl á hana án alls vafa,

c) eftir því sem við á, tilvísanir í þá samhæfðu staðla sem notaðir eru,

d) eftir því sem við á, aðra tæknistaðla og tækniforskriftir sem notast er við,

e) nafn og undirskrift þess sem hefur umboð til að skuldbinda birginn,

f) tæknilega mæliþætti:

1) orkunýtnistuðulinn, námundaður að næstu heilu tölu,

2) tæknilegu mæliþættina, sem tilgreindir eru í 1. lið þessa viðauka, og, eftir því sem við á, tæknilegu mæliþættina sem tilgreindir eru í 1. lið V. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 811/2013,

3) tæknilegu mæliþættina sem tilgreindir eru í 3. og 4. lið V. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 811/2013,

g) allar sérstakar varúðarráðstafanir sem gera verður þegar pakki með katli fyrir eldsneyti í föstu formi, viðbótarhiturum, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku er settur saman, settur upp eða honum haldið við.

_____

VI. VIÐAUKI

Upplýsingar sem veita á í þeim tilvikum þar sem ekki er hægt að gera ráð fyrir því að endanlegir notendur geti skoðað vöruna nema á Netinu

1. KATLAR FYRIR ELDSNEYTI Í FÖSTU FORMI

1.1. Upplýsingarnar, sem um getur í b-lið 1. mgr. 4. gr., skulu veittar í eftirfarandi röð:

a) orkunýtniflokkur tegundar, ákvarðaður í samræmi við II. viðauka,

b) nafnvarmaafköst í kW, námunduð að næstu heilu tölu,

c) orkunýtnistuðull, námundaður að næstu heilu tölu og reiknaður út í samræmi við IX. viðauka,

d) hvað varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi fyrir samvinnslu raf- og varmaorku skal raforkunýtni, gefin upp í %, námunduð að næstu heilu tölu.

1.2. Upplýsingarnar, sem um getur í lið 1.1, skulu prentaðar eða sýndar með leturgerð sem er nægilega stór til að vera læsileg.

2. PAKKAR MEÐ KATLI FYRIR ELDSNEYTI Í FÖSTU FORMI, VIÐBÓTARHITURUM, HITASTÝRINGU OG BÚNAÐI SEM NÝTIR SÓLARORKU

2.1. Upplýsingarnar, sem um getur í b-lið 2. mgr. 4. gr., skulu veittar í eftirfarandi röð:

a) orkunýtniflokkur tegundar, ákvarðaður í samræmi við II. viðauka,

b) orkunýtnistuðull, námundaður að næstu heilu tölu,

c) upplýsingarnar, sem settar eru fram á mynd 1 og 2 í IV. viðauka, eins og við á.

2.2. Upplýsingarnar, sem um getur í lið 2.1, skulu prentaðar eða sýndar með leturgerð sem er nægilega stór til að vera læsileg.

VII. VIÐAUKI

Upplýsingar, sem á að veita, ef um er að ræða sölu, leigu eða kaupleigu á Netinu

1. Í 2.–5. lið í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

   a) „birtingarkerfi“ (e. *display mechanism*): allir skjáir, þ.m.t. snertiskjáir eða önnur sjónræn tækni sem notuð er til að sýna notendum efni á Netinu,

   b) „földuð birting“ (e. *nested display*): sjónrænt viðmót þar sem unnt er að opna mynd eða gagnamengi með músarsmelli, með því að renna músarbendli yfir það eða með því að víkka út aðra mynd eða gagnamengi á snertiskjá,

   c) „snertiskjár“: skjár sem bregst við snertingu, s.s. á spjaldtölvu (e. *tablet computer*), pennatölvu (e. *slate computer*) eða snjallsíma,

   d) „annar texti“: texti sem notaður er sem annar valkostur við myndræna útfærslu og gerir kleift að veita upplýsingar með öðrum hætti en myndrænum þegar birtingartæki ráða ekki við myndirnar eða til að bæta aðgengi, s.s. ílag fyrir raddgervlaforrit.

2. Viðeigandi merkimiði, sem birgir gerir aðgengilegan í samræmi við 3. gr., eða, ef um er að ræða pakka, er fylltur út með réttum hætti, í samræmi við merkimiðann og upplýsingablaðið sem birgjar láta í té í samræmi við 3. gr., skal vera til sýnis í birtingarkerfi, nálægt verði vörunnar, í samræmi við tímaáætlunina sem sett er fram í 3. gr. Ef bæði vara og pakki eru sýnd en einungis er birt verð fyrir pakkann skal aðeins birta merkimiða pakkans. Stærðin skal vera þannig að merkimiðinn sé auðsýnilegur og læsilegur og skal vera í réttu hlutfalli við stærðina sem tilgreind er í III. viðauka. Sýna má merkimiðann með faldaðri birtingu en þá skal myndin, sem notuð er til að nálgast merkimiðann, vera í samræmi við forskriftirnar sem mælt er fyrir um í 3. lið þessa viðauka. Ef notuð er földuð birting skal merkimiðinn birtast þegar fyrst er smellt með músinni á hann, músarbendli er rennt yfir hann eða þegar myndin er víkkuð út á snertiskjá.

3. Myndin, sem notuð er til að nálgast merkimiðann ef um er að ræða faldaða birtingu, skal:

   a) vera ör í lit sem samsvarar orkunýtniflokki vörunnar eða pakkans á merkimiðanum,

   b) gefa til kynna á örinni orkunýtniflokk vörunnar eða pakkans með hvítu letri, í sömu leturstærð og þeirri sem notuð er til að sýna verð og

   c) vera á öðru af tveimur eftirfarandi sniðum:



4. Ef um er að ræða faldaða birtingu skal röðin, sem merkimiðinn er sýndur í, vera eins og hér segir:

   a) myndin, sem um getur í 3. lið þessa viðauka, skal sýnd í birtingarkerfi, nálægt verði vörunnar eða pakkans,

   b) myndin skal vera hlekkur á merkimiðann,

   c) merkimiðinn skal sýndur eftir að smellt er með músinni á hann, músarbendli er rennt yfir hann eða myndin er víkkuð út á snertiskjá,

   d) merkimiðinn skal sýndur í sprettiglugga, nýjum flipa, nýrri síðu eða með skjámynd,

   e) til að stækka merkimiðann á snertiskjám skulu almennar aðferðir tækisins til stækkunar gilda,

   f) skjámyndinni með merkimiðanum skal lokað með lokunarvalmöguleika eða annarri staðlaðri aðferð til lokunar,

   g) annar texti í stað myndrænnar útfærslu, sem sýndur er þegar ekki er hægt að sýna merkimiðann, skal tilgreina orkunýtniflokk vörunnar eða pakkans í sambærilegri leturstærð og þeirri sem notuð er til að sýna verð.

5. Viðeigandi vöruupplýsingablað, sem birgjar gera aðgengilegt í samræmi við 3. gr., skal sýnt í birtingarkerfi, nálægt verði vörunnar eða pakkans. Stærðin skal vera þannig að vöruupplýsingablaðið sé auðsýnilegt og læsilegt. Sýna má vöruupplýsingablaðið í faldaðri birtingu en þá skal hlekkurinn, sem notaður er til að nálgast það, vera auðsýnilegur og tilgreina með læsilegum hætti „vöruupplýsingablað“. Ef notuð er földuð birting skal vöruupplýsingablaðið birtast þegar fyrst er smellt á hlekkinn með músinni, músarbendli er rennt yfir hann eða við útvíkkun hlekksins á snertiskjá.

———

VIII. VIÐAUKI

Mælingar og útreikningar

1. Í þeim tilgangi að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar og til sannprófunar á því að kröfur þessarar reglugerðar séu uppfylltar skal, við mælingar og útreikninga, nota samhæfða staðla, sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, eða aðrar áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir sem taka tillit til almennt viðurkenndra aðferða sem byggjast á nýjustu og fullkomnustu tækni. Þær skulu uppfylla öll skilyrðin og tæknilegu mæliþættina sem settir eru fram í 2.–5. lið.

2. Almenn skilyrði sem varða mælingar og útreikninga

   a) Katlar fyrir eldsneyti í föstu formi skulu prófaðir með því að nota ákjósanlegasta eldsneytið.

   b) Gildi sem gefið er upp fyrir árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar skal námundað að næstu heilu tölu.

3. Almenn skilyrði að því er varðar árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar katla fyrir eldsneyti í föstu formi

   a) Gildin η_n, η_p fyrir notnýtni og gildin P_n, P_p fyrir notvarmaafköst skulu mæld, þegar það á við. Að því er varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi fyrir samvinnslu raf- og varmaorku skal einnig mæla gildið $\eta_{el,n}$.

   b) Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar η_s skal reiknuð út sem árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar í virkum ham η_{son}, leiðrétt út frá upplýsingum um hitastýringu, aukaraforkunotkun, og, að því er varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, leiðrétt með því að bæta við raforkunýtni, margfaldað með umreiknistuðlinum CC 2,5.

   c) Raforkunotkun skal margfölduð með umreiknistuðlinum CC 2,5.

4. Sérstök skilyrði að því er varðar árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar katla fyrir eldsneyti í föstu formi

   a) Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar η_s er skilgreind sem hér segir:

$$\eta_s = \eta_{son} - F(1) - F(2) + F(3)$$

   þar sem:

   1) η_{son} er árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar í virkum ham, gefin upp í prósentum og reiknuð út í samræmi við b-lið 4. liðar,

   2) *F(1)* stendur fyrir varmatap í árstíðabundinni orkunýtni rýmishitunar vegna leiðréttra framlaga frá hitastýringu; *F(1)* = 3%,

   3) *F(2)* stendur fyrir neikvæða hlutdeild í árstíðabundinni orkunýtni rýmishitunar vegna aukaraforkunotkunar, gefin upp í prósentum og reiknuð út eins og sett er fram í c-lið 4. liðar,

   4) *F(3)* stendur fyrir jákvæða hlutdeild í árstíðabundinni orkunýtni rýmishitunar vegna raforkunýtni katla fyrir eldsneyti í föstu formi fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, gefin upp í prósentum og reiknuð út sem hér segir:

$$F(3) = 2{,}5 \times \eta_{el,n}$$

   b) árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar í virkum ham, η_{son}, er reiknuð út sem hér segir:

   1) að því er varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi, sem eru með handvirka kyndingu og hægt er að starfrækja samfellt við 50% nafnvarmaafköst, og að því er varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi sem eru með sjálfvirka kyndingu:

$$\eta_{son} = 0{,}85 \times \eta_p + 0{,}15 \times \eta_n$$

   2) að því er varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi, sem eru með handvirka kyndingu en ekki er hægt að starfrækja samfellt við 50% nafnvarmaafköst eða minna, og að því er varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi fyrir samvinnslu raf- og varmaorku:

$$\eta_{son} = \eta_n$$

c) *F(2)* reiknast sem hér segir:

1) að því er varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi, sem eru með handvirka kyndingu og hægt er að starfrækja samfellt við 50% nafnvarmaafköst, og að því er varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi sem eru með sjálfvirka kyndingu:

$$F(2) = 2{,}5 \times (0{,}15 \times el_{max} + 0{,}85 \times el_{min} + 1{,}3 \times P_{SB})/(0{,}15 \times P_n + 0{,}85 \times P_p)$$

2) að því er varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi, sem eru með handvirka kyndingu en ekki er hægt að starfrækja samfellt við 50% nafnvarmaafköst eða minna, og að því er varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi fyrir samvinnslu raf- og varmaorku:

$$F(2) = 2{,}5 \times (el_{max} + 1{,}3 \times P_{SB})/P_n$$

5. ÚTREIKNINGUR Á HEILDARVARMAGILDI

Heildarvarmagildi (*GCV*) skal fengið frá heildarvarmagildi, án vatnsinnihalds (GCV_{mf}), með því að beita eftirfarandi umreikningi:

$$GCV = GCV_{mf} \times (1 - M)$$

þar sem:

a) *GCV* og GCV_{mf} eru gefin upp í megajúlum á hvert kílógramm,

b) *M* er rakainnihald eldsneytisins, gefið upp sem hlutfall.

———

IX. VIÐAUKI

Aðferð til að reikna út orkunýtnistuðulinn

1. Orkunýtnistuðull katla fyrir eldsneyti í föstu formi skal reiknaður út fyrir ákjósanlegasta eldsneytið og námundaður að næstu heilu tölu:

$$EEI = \eta_{son} \times 100 \times BLF - F(1) - F(2) \times 100 + F(3) \times 100$$

þar sem:

a) η_{son} er árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar í virkum ham, reiknuð út í samræmi við b-lið 4. liðar í VIII. viðauka,

b) *BLF* er merkingarstuðull lífmassa sem er 1,45 fyrir katla fyrir lífmassa og 1 fyrir katla fyrir jarðefnaeldsneyti,

c) *F(1)* stendur fyrir neikvæða hlutdeild í orkunýtnistuðlinum vegna leiðréttra framlaga frá hitastýringu; *F(1)* = 3,

d) *F(2)* stendur fyrir neikvæða hlutdeild í orkunýtnistuðlinum vegna aukaraforkunotkunar, reiknuð út eins og sett er fram í c-lið í VIII. viðauka,

e) *F(3)* stendur fyrir jákvæða hlutdeild í orkunýtnistuðlinum vegna raforkunýtni katla fyrir eldsneyti í föstu formi fyrir samvinnslu raf- og varmaorku og reiknuð út sem hér segir:

$$F(3) = 2{,}5 \times \eta_{el,n}$$

2. Orkunýtnistuðull pakka með katli fyrir eldsneyti í föstu formi, viðbótarhiturum, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku skal ákvarðaður í samræmi við 2. lið IV. viðauka.

———

X. VIÐAUKI

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Í þeim tilgangi að meta samræmi við kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 3. og 4. gr., skulu yfirvöld í aðildarríkjunum beita eftirfarandi sannprófunaraðferð:

1. Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu prófa staka einingu af tegundinni. Einingin skal prófuð með eldsneyti, sem hefur svipaða eiginleika og eldsneytið, sem birgirinn notaði til að framkvæma mælingar í samræmi við VIII. viðauka.

2. Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur að því tilskildu að:

   a) gildin og flokkarnir á merkimiðanum og á vöruupplýsingablaðinu séu í samræmi við gildin í tæknigögnunum og

   b) orkunýtnistuðullinn sé ekki meira en 6% lægri en gildið sem gefið er upp fyrir eininguna.

3. Ef niðurstöðurnar, sem um getur í a-lið 2. liðar, fást ekki telst tegundin og allar aðrar sambærilegar tegundir ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar. Ef niðurstöðurnar, sem um getur í b-lið 2. liðar, fást ekki skulu yfirvöld aðildarríkis velja, af handahófi, þrjár viðbótareiningar af sömu tegund til prófunar. Að öðrum kosti mega þessar þrjár viðbótareiningar, sem eru valdar, vera af einni eða fleiri sambærilegum tegundum sem hafa verið skráðar sem sambærileg vara í tæknigögnum

4. Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur ef meðaltal viðbótareininganna þriggja vegna orkunýtnistuðulsins er ekki meira en 6% lægra en yfirlýst gildi einingarinnar.

5. Ef niðurstöðurnar, sem um getur í 4. lið, fást ekki telst tegundin og allar aðrar sambærilegar tegundir ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar. Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu gefa yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni upp niðurstöður úr prófunum og aðrar viðeigandi upplýsingar innan eins mánaðar frá því að ákvörðun um að tegundin uppfylli ekki ákvæðin liggur fyrir.

Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu nota mæli- og reikningsaðferðirnar sem settar eru fram í VIII. og IX. viðauka.

Vikmörk sannprófana, sem sett eru fram í b-lið 2. liðar og 4. lið í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á mældum mæliþáttum og skal birgirinn ekki nota þá sem leyfileg vikmörk í því skyni að ákvarða gildin sem gefin eru upp í tæknigögnunum. Gildin og flokkarnir á merkimiðanum eða vöruupplýsingablaðinu skulu ekki vera hagstæðari fyrir birginn en tilkynnt gildi í tæknigögnunum.

_____

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/4 2016/EES/27/22

frá 5. janúar 2016

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 að því er varðar grunnkröfur um umhverfisvernd (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB([1]), einkum 2. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 skulu framleiðsluvörur, hlutar og búnaður fullnægja kröfum um umhverfisvernd í I. og II. bindi 16. viðauka við samninginn um alþjóðlegt almenningsflug (hér á eftir nefndur Chicago-samningurinn), í útgáfunni frá 17. nóvember 2011, að undanskildum viðbætum við þann viðauka.

2) Árið 2014 voru gerðar breytingar á I. og II. bindi 16. viðauka við Chicago-samninginn með því að innleiða nýja hljóðstyrksstaðla.

3) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 216/2008 til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á áliti Flugöryggisstofnunar Evrópu í samræmi við b-lið 2. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 komi eftirfarandi:

„1. Framleiðsluvörur, hlutar þeirra og búnaður skulu fullnægja kröfum um umhverfisvernd í breytingu 11-B í I. bindi og í 8. breytingu II. bindis í 16. viðauka við Chicago-samninginn, í útgáfunni frá 1. janúar 2015, að undanskildum viðbætunum við 16. viðauka.“

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 3, 6.1.2016, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2016 frá 18. mars 2016 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 79, 13.3.2008, bls. 1.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. janúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/5 2016/EES/27/23

frá 5. janúar 2016

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 748/2012 að því er varðar framkvæmd grunnkrafna um umhverfisvernd (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB([1]), einkum 2. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 skulu framleiðsluvörur, hlutar og búnaður fullnægja kröfum um umhverfisvernd í I. og II. bindi 16. viðauka við samninginn um alþjóðlegt almenningsflug (hér á eftir nefndur Chicago-samningurinn), í útgáfunni frá 17. nóvember 2011, að undanskildum viðbætum við þann viðauka. Þessar kröfur voru innleiddar í lög Sambandsins í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012([2]).

2) Árið 2014 voru gerðar breytingar á I. og II. bindi 16. viðauka við Chicago-samninginn með því að innleiða nýja hljóðstyrksstaðla.

3) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 748/2012 til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á áliti Flugöryggisstofnunar Evrópu í samræmi við b-lið 2. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað a-liðar í lið 21.A.18 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (EB) nr. 748/2012 komi eftirfarandi:

„a) Mælt er fyrir um viðeigandi kröfur varðandi hljóðstig, vegna útgáfu tegundarvottorðs fyrir loftfar, í samræmi við ákvæði í 1. kafla II. hluta I. bindis 16. viðauka við Chicago-samninginn og:

1. að því er varðar hljóðseinar þotur í 2., 3., 4. og 14. kafla II. hluta I. bindis, eftir því sem við á,

2. að því er varðar flugvélar, knúnar skrúfuhreyflum, í 3., 4., 5., 6., 10. og 14. kafla II. hluta I. bindis, eftir því sem við á,

3. að því er varðar þyrlur í 8. og 11. kafla II. hluta I. bindis, eftir því sem við á,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 3, 6.1.2016, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2016 frá 18. mars 2016 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 79, 13.3.2008, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 frá 3. ágúst 2012 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (Stjtíð. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1).

4. að því er varðar hljóðfráar flugvélar í 12. kafla II. hluta I. bindis, eftir því sem við á, og
5. að því er varðar veltihnitur í 13. kafla II. hluta I. bindis, eftir því sem við á.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. janúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2016/EES/27/24**

frá 10. desember 2014

um að ákvarða sniðið til að miðla upplýsingunum sem um getur í 3. mgr. 21 gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2012/18/ESB um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna

(tilkynnt með númeri C(2014) 9334)

(2014/895/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/18/ESB frá 4. júlí 2012 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna og um breytingu og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/82/EB ([1]), einkum 5. mgr. 21. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 3. mgr. 21. gr. í tilskipun 2012/18/ESB er gerð sú krafa til aðildarríkjanna að þau veiti framkvæmdastjórninni upplýsingar á sérstöku skýrslusniði um starfsstöðvar sem sú tilskipun nær til.

2) Skýrslusniðið ætti að gefa aðildarríkjunum færi á að miðla samandregnum upplýsingum til að hámarka notagildi og samanburðarhæfi þeirra upplýsinga sem veittar eru og lágmarka stjórnsýsluálag fyrir aðildarríkin og að sama skapi virða kröfur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB([2]) um að koma á grunngerð fyrir landsupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE)

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með tilskipun ráðsins 96/82/EB ([3]).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Aðildarríki skulu veita framkvæmdastjórninni þær upplýsingar, sem um getur í 3. mgr. 21. gr. tilskipunar 2012/18/ESB, og nota til þess skýrslusniðið sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa ákvörðun.

Að því er við kemur færslum sem þegar eru í gagnagrunninum verður farið yfir þær upplýsingar fyrir 31. desember 2016.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. desember 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karmenu VELLA

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 355, 12.12.2014, bls. 51. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2016 frá 5. febrúar 2016 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 197, 24.7.2012, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB frá 14. mars 2007 um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE) (Stjtíð. ESB L 108, 25.4.2007, bls. 1).

([3]) Tilskipun ráðsins 96/82/EB frá 9. desember 1996 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna (Stjtíð. EB L 10, 14.1.1997, bls. 13).

VIÐAUKI

Snið til að miðla upplýsingum í samræmi við 3. mgr. 21 gr. tilskipunar ráðsins 2012/18/ESB

Skylt er að fylla út öll svæði sem eru stjörnumerkt.

Merkja skal trúnaðarupplýsingar sem slíkar og, fyrir sérhverja tegund gagna, tiltaka ástæður synjunar í samræmi við 4. gr. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB ([4]).

1. **1. hluti - Auðkenningarkerfi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (ECAS)**

Í öryggisskyni mun notandinn í aðildarríkinu einungis geta fengið aðgang að eSPIRS með því að skrá sig inn í auðkenningarkerfi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (ECAS) með því að veita eftirfarandi skyldubundnar notandaupplýsingar:

a) *Nafn**: nafn notanda

b) *Kenninafn**: kenninafn notanda

c) *Tölvupóstur**: tölvupóstfang notanda

d) *Hlutverk notanda**: Landsbundinn skýrslugjafi eða landsstjórnandi

Þegar staðfest hefur verið hver notandinn er verður honum beint til MINERVA-gáttarinnar sem er á vegum skrifstofunnar um stórslysahættu þar sem eSPIRS-gagnagrunnurinn er vistaður. Notendaréttindi í eSPIRS-gagnagrunninum verða veitt í samræmi við hlutverk notandans.

2. 2. hluti - Upplýsingar sem skal skila inn til eSPIRS

Notandinn skal veita þær upplýsingar sem tilgreindar eru hér á eftir annaðhvort með því að nota skýrslusniðið á Netinu þar sem hægt er flytja inn gögn sjálfstætt fyrir hverja og eina starfsstöð eða útflutningstól fyrir hvert og eitt land með því að nota XML-sniðmátið fyrir eSPIRS fyrir sjálfvirkan innflutning á upplýsingunum sem eru í landsbundnum/svæðisbundnum/staðbundnum gagnagrunni/gagnagrunnum í eSPIRS.

2.1. Lögbært yfirvald sem annast skýrslugjöf

a) *Heiti**: Opinbert heiti lögbæra yfirvaldsins sem annast skýrslugjöf

b) *Heimilisfang**: Götuheiti þar sem lögbært yfirvald sem annast skýrslugjöf er staðsett

c) *Borg**: Borg, bær eða þorp þar sem lögbært yfirvald sem annast skýrslugjöf er staðsett

d) *Póstnúmer**:** Póstnúmer þar sem lögbært yfirvald sem annast skýrslugjöf er staðsett

e) *Land**: Land þar sem lögbært yfirvald sem annast skýrslugjöf er staðsett

f) *Athugasemdir*: Athugasemdir sem notandi kann að vilja bæta við varðandi lögbært yfirvald sem annast skýrslugjöf

2.2. Heiti og starfsemi starfsstöðvar

a) *Staða samkvæmt Seveso-tilskipuninni**: [Samkvæmt Seveso III- tilskipuninni er staða starfsstöðva tvenns konar í stigskiptu kerfi: þar sem gerðar eru strangari kröfur og þar sem gerðar eru vægari kröfur]

b) *Heiti**: Heiti Seveso-starfsstöðvar sem gefin er skýrsla um í eSPIRS

c) *Móðurfélag*: Eignarhaldsfélag/móðurfélag starfsstöðvarinnar

d) *Persónubundinn kóði*: Kóði sem notandinn getur slegið inn ef hann vill ennþá nota gamla kóðakerfið í eSPIRS

e) *Tegund atvinnugreinar og/eða kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins**: Ef starfsstöð tengist fleiri en einum SPIRS-kóða og/eða kóða atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins skal gera greinarmun á milli aðalstarfsemi og aukastarfsemi.

1) Tegund atvinnugreinar sem tilgreina skal í samræmi við SPIRS-kóðana í Seveso-tilskipuninni:

1) Landbúnaður

2) Frístunda- og íþróttastarfsemi (t.d. skautasvell)

3) Námuvinnsla (úrkast & eðlisefnafræðileg vinnsla)

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EBE (Stjtíð. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26).

4) Vinnsla málma

5) Vinnsla járnríkra málma (málmsteypa, bræðsla, o.s.frv.)

6) Vinnsla járnlausra málma (málmsteypa, bræðsla, o.s.frv.)

7) Vinnsla málma með rafgreiningaraðferðum eða efnafræðilegum aðferðum

8) Jarðolíu-/jarðgashreinsunarstöðvar/olíuhreinsunarstöðvar

9) Orkuframleiðsla, birgðir og dreifing

10) Geymsla eldsneytis (þ.m.t. hitun, smásala, o.s.frv.)

11) Framleiðsla, eyðing og geymsla sprengiefna

12) Framleiðsla og geymsla skotelda

13) Framleiðsla, átöppun og búlkadreifing fljótandi jarðolíugass

14) Geymsla fljótandi jarðolíugass

15) Geymsla og dreifing fljótandi jarðgass

16) Geymsla og dreifing fyrir heildsölu og smásölu (að undanskildu fljótandi jarðolíugasi)

17) Framleiðsla og geymsla varnarefna, sæfiefna, sveppaeyða

18) Framleiðsla og geymsla áburðar

19) Lyfjaframleiðsla

20) Geymsla, meðhöndlun og förgun úrgangs

21) Vatn og skólp (söfnun, birgðir, meðhöndlun)

22) Efnaverksmiðjur

23) Framleiðsla á lífrænum grunnefnum

24) Framleiðsla á plasti og gúmmíi

25) Framleiðsla og vinnsla á pappírsmauki og pappír

26) Meðhöndlun á við og húsgagnaiðnaður

27) Framleiðsla og meðferð á textílefnum

28) Framleiðsla á matvælum og drykkjarvörum

29) Almenn verkfræði, framleiðsla og samsetning

30) Skipasmíðar, niðurrif skipa og skipaviðgerðir

31) Bygginga- og verkfræðistarfsemi

32) Leir (múrsteinar, leirvörur, gler, sement, o.s.frv.)

33) Glerframleiðsla

34) Framleiðsla á sementi, kalki og gifsi

35) Rafeindatækni og rafmagnsverkfræði

36) Afgreiðslu- og flutningamiðstöðvar (hafnir, flugvellir, stöðvar fyrir vöruflutningabifreiðar, röðunarsvæði, o.s.frv.)

37) Heilbrigðisgeirinn, rannsóknir, menntun (þ.m.t. sjúkrahús, háskólar, o.s.frv.)

38) Almenn framleiðsla íðefna (ekki tilgreind að öðru leyti í upptalningunni)

39) Önnur starfsemi (ekki tilgreind að öðru leyti í upptalningunni)

2) *Kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins:* NACE-flokkunarkerfið er evrópskur atvinnugreinastaðall sem tengist hagskýrsluflokkun atvinnustarfsemi og felur í sér kóða með 6 tölustöfum. Notandinn kann að vilja tengja starfsstöðina, sem fellur undir Seveso-tilskipunina, við þetta flokkunarkerfi, með tilvísun til fyrstu 4 tölustafanna, til viðbótar við eða sem annan valkost við SPIRS-kóðana.

f) *Tengill á vefsetrið þar sem er að finna meiri upplýsingar um starfsstöðina**

g) *Auðkenni í tengslum við Evrópuskrá yfir losun og flutning mengunarefna (E-PRTR):* Ef starfsstöðin fellur að hluta eða að fullu undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006 ([5]) gefið upp einkvæmt landsbundið kennimerki til að gefa skýrslu um stöðina samkvæmt þeirri reglugerð sem og tengil á viðkomandi vefsetur.

h) *Auðkenni í tengslum við tilskipunina um losun í iðnaði (IED-tilskipunin)* (að því er varðar gögn frá 2016 og áfram): Ef starfsstöðin fellur að fullu eða að hluta undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB ([6]) (http://ec.europa.eu/environment/air/pollutants/stationary/ied/legislation.htm), gefið upp öll viðkomandi einkvæm landsbundin kennimerki fyrir stöðina, að því er varðar þá tilskipun, sem og tengil á viðkomandi vefsetur.

i) *Athugasemdir varðandi starfsstöð*: athugasemdir sem notandinn kann að vilja bæta við varðandi starfsstöðina sem upplýsingar eru lagðar fram um

2.3. Staðsetning starfsstöðvar* fullt heimilisfang eða hnit fyrir breiddar-/lengdargráðu

a) *Heimilisfang**: Götuheiti, húsnúmer og borg þar sem starfsstöðin er staðsett

b) *Breiddargráða**: Hnit fyrir breiddargráðu starfsstöðvarinnar (ef ekkert heimilisfang er gefið upp)

c) *Lengdargráða**: Hnit fyrir lengdargráðu starfsstöðvarinnar (ef ekkert heimilisfang er gefið upp)

d) *Athugasemdir varðandi starfsstöð*: athugasemdir sem notandinn kann að vilja bæta við varðandi heimilisfang starfsstöðvarinnar

2.4. Efni sem eru fyrir hendi í starfsstöðinni

a) *Efni (samkvæmt Seveso III-tilskipuninni)*: Almennt heiti eða samheiti eða hættuflokkun

b) *CAS-númer*: CAS-skráningarnúmer er einkvæmt tölulegt kennimerki, er tengt einungis einu efni, hefur enga efnafræðilega þýðingu og er tenging við ríkulegar upplýsingar um ákveðið hreint efni. Það getur verið allt að 10 tölustafir, skipt upp í þrjá hluta með bandstrikum. (http://www.cas.org/content/chemical-substances)

c) *Magn*: Magn efna í tonnum

d) *Eðlisfræðilegir eiginleikar*: Geymsluskilyrði sem efnið er geymt við, s.s. ástand (fast efni, vökvaform, gas), kornagerð (duft, kögglar, o.s.frv.), þrýstingur, hitastig, o.s.frv.

e) *Athugasemdir varðandi efnin*: athugasemdir sem notandinn kann að vilja bæta við varðandi efnin sem gefin er skýrsla um að því er varðar starfsstöðina

---

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006 frá 18. janúar 2006 um að koma á fót Evrópuskrá yfir losun og flutning mengunarefna og um breytingu á tilskipunum ráðsins 91/689/EBE og 96/61/EB (Stjtíð. ESB L 33, 4.2.2006, bls. 1).

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun) (Stjtíð. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17).

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2016/EES/27/25**

frá 10. desember 2014

um að ákvarða sniðið til að miðla upplýsingum frá aðildarríkjunum um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2012/18/ESB um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna

(tilkynnt með númeri C(2014) 9335)

(2014/896/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/18/ESB frá 4. júlí 2012 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna og um breytingu og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/82/EB ([1]), einkum 5. mgr. 21. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. tilskipunar 2012/18/ESB ber aðildarríkjunum að gefa skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar fyrir 30. september 2019 og fjórða hvert ár eftir það.

2) Framkvæmdastjórnin hefur tekið saman spurningalista til að skilgreina þær upplýsingar sem aðildarríkin skulu gera aðgengilegar vegna skýrslugjafar um framkvæmd tilskipunarinnar.

3) Fyrsta skýrslutímabilið ætti að spanna tímabilið frá 1. júní 2015, en þann dag kemur tilskipunin að fullu til framkvæmdar í aðildarríkjunum, til 31. desember 2018 til að veita aðildarríkjunum þann tíma sem þarf til að meta upplýsingar sem safnað hefur verið og leggja þær fyrir framkvæmdastjórnina fyrir 30. september 2019. Eftirfarandi fjögurra ára skýrslutímabil munu spanna tímabilin milli 1. janúar á fyrsta ári skýrslutímabilsins og 31. desember á fjórða ári skýrslutímabilsins.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 22. gr. tilskipunar ráðsins 96/82/EB ([2]).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Aðildarríkin skulu skila skýrslu um framkvæmd tilskipunar 2012/18/ESB í samræmi við 2. mgr. 21. gr. þeirrar tilskipunar með því að svara spurningalistanum sem settur er fram í viðaukanum við þessa ákvörðun ([3]).

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel, 10. desember 2014

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karmenu VELLA

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 355, 12.12.2014, bls. 55. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2016 frá 5. febrúar 2016 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 197, 24.7.2012, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 96/82/EB frá 9. desember 1996 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna (Stjtíð. EB L 10, 14.1.1997, bls. 13).

([3]) Einnig aðgengilegur á þessu vefsetri framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins: http://ec.europa.eu/environment/seveso/

VIÐAUKI

Spurningalisti

1. ALMENNAR UPPLÝSINGAR

   1. Veitið upplýsingar um helstu lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á framfylgd tilskipunar 2012/18/ESB. Upplýsingarnar ættu að lágmarki að fela í sér tengiliðaupplýsingar og helstu verkefni (eftirlit með öryggisskýrslum, skipulag landnýtingar, keðjuverkun, gerð og framkvæmd neyðaráætlana til nota utan starfsstöðva, skoðanir, upplýsingar til almennings, viðurlög). Að öðrum kosti skal vísa til fyrri skýrslu ef engar umtalsverðar breytingar hafa orðið.

   2. Gefið til kynna hvenær upplýsingarnar um starfsstöðvar voru síðast uppfærðar með tilliti til þess hvenær þeim var bætt við (e)SPIRS-gagnagrunninn.

2. KEÐJUVERKUN (9. GR. TILSKIPUNAR 2012/18/ESB)

   1. Hvað margir hópar starfsstöðva voru greindir í lok skýrslutímabilsins á þann veg að þar væri aukin áhætta á stórslysi eða afleiðingum þess vegna landfræðilegrar legu og nálægðar þessara starfsstöðva og birgða þeirra af hættulegum efnum, skv. 9. gr. tilskipunar 2012/18/ESB?

3. ÖRYGGISSKÝRSLUR (10. GR. TILSKIPUNAR 2012/18/ESB)

   1. Hafa allar starfsstöðvar, sem strangari kröfur eru gerðar til og sem skylt var að skila öryggisskýrslu á skýrslutímabilinu, lagt fram öryggisskýrslu? Ef ekki hve margar hafa ekki skilað henni?

   2. Hafa allar öryggisskýrslur verið uppfærðar á undanförnum fimm árum? Ef ekki hve margar starfsstöðvar, sem strangari kröfur eru gerðar til og sem skylt var að uppfæra öryggisskýrsluna á skýrslutímabilinu, hafa ekki uppfært hana?

4. NEYÐARÁÆTLANIR (12. GR. TILSKIPUNAR 2012/18/ESB)

   1. Hafa verið gerðar neyðaráætlanir til nota utan starfsstöðva fyrir allar starfsstöðvar, sem strangari kröfur eru gerðar til, sem þessi krafa var gerð til á skýrslutímabilinu? Ef ekki hvað eru margar starfsstöðvar, sem strangari kröfur eru gerðar til, sem ekki hafa verið gerðar neinar neyðaráætlanir til nota utan starfsstöðvar fyrir?

   2. Hvað eru margar starfsstöðvar, sem strangari kröfur eru gerðar til, sem yfirvöld hafa ákveðið að ekki væri nauðsynlegt að semja neyðaráætlun til nota utan starfsstöðvar fyrir í samræmi við 8. mgr. 12. gr. í tilskipun 2012/18/ESB?

   3. Ef svarið við spurningu í lið 4.2. er ein eða fleiri tilgreinið rökstuðning þann sem viðkomandi lögbært yfirvald lagði fram í sérhverju tilviki.

   4. Hafa neyðaráætlanir til nota utan starfsstöðvar verið prófaðar á síðustum þremur árum hjá öllum starfsstöðvum sem strangari kröfur eru gerðar til? Ef ekki hvað eru mörg tilvik þar sem neyðaráætlanir til nota utan starfsstöðvar hafa ekki verið prófaðar?

   5. Veitið upplýsingar um helstu tilhögun við samráð við þann hluta almennings sem málið varðar um neyðaráætlanir til nota utan starfsstöðvar.

   6. Gefið stutta skýringu á því hvernig neyðaráætlanir til nota utan starfsstöðvar eru prófaðar (t.d. hlutaprófun, heildarprófun, prófun með þátttöku neyðarþjónustuaðila, skrifborðsprófun (e. *desk top*), o.s.frv.). Gerið grein fyrir því hvaða viðmiðanir eru notaðar við mat á því hvort neyðaráætlun til nota utan starfsstöðvar er fullnægjandi.

5. SKIPULAG LANDNÝTINGAR (13. OG 15. GR. TILSKIPUNAR 2012/18/ESB)

   1. Hefur verið haft samráð við almenning sem málið varðar á skýrslutímabilinu um öll sértæk, einstök verkefni (nýjar starfsstöðvar, verulegar breytingar á starfandi starfsstöðvum, nýjar framkvæmdir í grennd við starfandi starfsstöðvar) og hefur verið haft samráð við almenning um almennar skipulags- eða framkvæmdaáætlanir sem tengjast nýjum starfsstöðvum eða nýjum framkvæmdum í grennd við starfandi starfsstöðvar? Ef ekki, leggið fram yfirlitsskýrslu um helstu ástæður þess að ekki var haft samráð við almenning í vissum tilvikum.

2. Valkvætt: Er kveðið á um samræmdar eða sameiginlegar málsmeðferðarreglur í landslöggjöf í þínu landi til að uppfylla kröfur um skipulag landnýtingar samkvæmt Seveso-tilskipuninni og kröfur sem leiða af annarri löggjöf, t.d. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/92/ESB ([4]) og 2001/42/EB ([5])?

6. UPPLÝSINGAR UM ÖRYGGISRÁÐSTAFANIR (14. GR. OG V. VIÐAUKI VIÐ TILSKIPUN 2012/18/ESB)

1. Hefur verið gerð gangskör að því að gera upplýsingar um öryggisráðstafanir og rétt viðbrögð ef stórslys verður aðgengilegar almenningi á undanförnum fimm árum hjá öllum starfsstöðvum sem strangari kröfur eru gerðar til? Ef ekki hvað eru margar starfsstöðvar, sem strangari kröfur eru gerðar til, sem ekki hafa staðið sig að þessu leyti?

2. Tilgreinið hvaða aðili (rekstraraðili, yfirvöld) gerir upplýsingarnar samkvæmt lið 6.1 aðgengilegar og, ef unnt er, hvernig (t.d. í bæklingum rekstraraðila eða yfirvalda, dreifibréfum, tölvupóstum, smáskilaboðum).

3. Eru upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í V. viðauka við tilskipun 2012/18/ESB, aðgengilegar öllum starfsstöðvum að staðaldri, einnig á rafrænu formi, og uppfærðar ef nauðsyn krefur? Ef ekki tilgreinið hlutfall starfsstöðva sem þetta á ekki við um og ráðstafanir sem gerðar eru til að taka á annmörkum.

4. Tilgreinið hvaða aðili (rekstraraðili, yfirvöld) gerir upplýsingarnar samkvæmt lið 6.3 aðgengilegar að staðaldri og, ef unnt er, hvernig (t.d. í tilkynningum frá rekstraraðilum eða yfirvöldum, á vefsetrum).

5. Í hversu mörgum starfsstöðvum var álitið við lok skýrslutímabilsins að gæti orðið stórslys sem hefði áhrif yfir landamæri? Í hvað mörgum tilvikum hafa viðeigandi upplýsingar verið veittar aðildarríki sem gæti hafa orðið fyrir áhrifum?

7. SKOÐANIR (20. GR. TILSKIPUNAR 2012/18/ESB)

1. Á hvaða stigi eða stigum hafa skoðunaráætlanir verið samdar? Hafa þær verið gerðar aðgengilegar almenningi eða hefur almenningur verið upplýstur rafrænt um hvar hægt sé að fá ítarlegri upplýsingar um skoðunaráætlunina ef þess er óskað? Valkvætt: Ef þær eru birtar á Netinu skal gefa upp viðkomandi tengil.

2. Hafa verið gerðar áætlanir um kerfisbundnar skoðanir í öllum starfsstöðvum, þ.m.t. tíðni heimsókna í stöðvar? Hefur dagsetning síðustu heimsóknar á starfsstöð eða tilvísun um hvar hægt sé að nálgast þessar upplýsingar rafrænt verið gerð aðgengileg fyrir almenning? Valkvætt: Ef þær eru birtar á Netinu skal gefa upp viðkomandi tengil.

3. Í hve mörgum starfsstöðvum, sem strangari kröfur eru gerðar til, er skoðunaráætlunin, þ.m.t. tíðni heimsókna á starfsstöð, byggð á kerfisbundnu mati á stórslysahættum í viðkomandi starfsstöð? Hve margar falla undir árlegar heimsóknir í starfsstöð?

4. Í hve mörgum starfsstöðvum, sem vægari kröfur eru gerðar til, er skoðunaráætlunin, ásamt tíðni heimsókna á starfsstöð, byggð á kerfisbundnu mati á stórslysahættum í viðkomandi starfsstöð? Hve margar falla undir heimsókn á starfsstöð a.m.k. þriðja hvert ár?

5. Er í landslöggjöf eða stjórnsýsluleiðbeiningum kveðið á um samræmt eða sameiginlegt eftirlit samhliða skoðunum sem framkvæmdar eru samkvæmt löggjöf Sambandsins (t.d. samkvæmt tilskipuninni um losun í iðnaði (IED-tilskipunin))?

8. REKSTRARBANN, VIÐURLÖG OG ÖNNUR ÞVINGUNARÚRRÆÐI (19. OG 28. GR. Í TILSKIPUN 2012/18/ESB)

1. Hjá hvað mörgum starfsstöðvum hefur rekstur verið bannaður eða bannað að rekstur hefjist á skýrslutímabilinu?

2. Hvað hefur verið gripið til margra annarra tegunda þvingunarráðstafana á skýrslutímabilinu? Veitið upplýsingar um þær tegundir aðgerða sem oftast er beitt (t.d. rekstrarbann, stjórnsýsluviðurlög, sekt eða önnur ráðstöfun). Gefið upp tölfræðilega sundurliðun ef mögulegt er.

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/92/ESB frá 13. desember 2011 um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið (Stjtíð. ESB L 26, 28.1.2012, bls. 1).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/42/EB frá 27. júní 2001 um mat á áhrifum tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið (Stjtíð. EB L 197, 21.7.2001, bls. 30).

9. AÐGANGUR AÐ RÉTTARKERFINU (23. GR. TILSKIPUNAR 2012/18/ESB)

1. Útskýrið hvernig tryggt hefur verið að farið sé að 23. gr. í tilskipun 2012/18/ESB um aðgang að réttarkerfinu og lýsið reynslunni af því að beita þessari grein á skýrslutímabilinu.

10. FREKARI UPPLÝSINGAR

1. Valkvætt: Veitið allar almennar viðbótarupplýsingar, sem tengjast Seveso-tilskipuninni, reynslu við framkvæmd, skýrslur, o.s.frv. sem gætu skipt máli og unnt er að miðla til almennings, um eftirfarandi atriði:

a) lærdómur dreginn af slysum og atvikum til að koma í veg fyrir að þau endurtaki sig,

b) upplýsingatæknitól til að hafa eftirlit með framkvæmd tilskipunarinnar og til gagnamiðlunar,

c) hvers kyns aðgerðir sem falla undir Seveso-tilskipunina (sem varða tilkynningu um starfsemi, kröfur varðandi öryggisstjórnun, öryggisskýrslur, upplýsingar til almennings, gerð neyðaráætlana og skoðanir) sem beitt er gagnvart mannvirkjum og starfsemi, sem tilskipun 2012/18/ESB nær ekki til, t.d. leiðslum, höfnum, röðunarsvæðum, mannvirkjum á hafi úti, gasleit, nýtingu, o.s.frv., ef það varðar málið.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 31/2014 2016/EES/27/26

frá 14. janúar 2014

um niðurfellingu á ákvörðunum 2004/301/EB og 2004/539/EB og reglugerð (ESB) nr. 388/2010 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 998/2003 frá 26. maí 2003 um kröfur um heilbrigði dýra sem gilda um gæludýraflutninga, sem ekki eru viðskiptalegs eðlis, og um breytingu á tilskipun ráðsins 92/65/EBE ([1]), einkum 19. og 21. gr,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 998/2003 er mælt fyrir um kröfur um heilbrigði dýra sem gilda um tilflutning á gæludýrum, sem ekki er viðskiptalegs eðlis, og reglur um eftirlit með slíkum tilflutningi. Reglugerðin gildir um tilflutning milli aðildarríkjanna eða frá þriðju löndum á gæludýrum af þeim tegundum sem skráðar eru í I. viðauka við hana. Hundar, kettir og frettur eru skráð í A- og B-hluta þess viðauka. Reglugerð (EB) nr. 998/2003 hefur verið beitt frá 3. júlí 2004.

2) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/803/EB frá 26. nóvember 2003 um fyrirmynd að vegabréfi fyrir flutninga innan Bandalagsins á hundum, köttum og frettum([2]) er mælt fyrir um fyrirmynd að vegabréfi fyrir flutning á gæludýrum af tegundunum hundar, kettir og frettur milli aðildarríkja, eins og kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 998/2003.

3) Til að auðvelda umbreytinguna yfir í fyrirkomulag reglugerðar (EB) nr. 998/2003 var ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/301/EB frá 30. mars 2004 um undanþágu frá ákvörðunum 2003/803/EB og 2004/203/EB að því er varðar snið vottorða og vegabréfa vegna flutninga, sem ekki eru viðskiptalegs eðlis, á hundum, köttum og frettum og um breytingu á ákvörðun 2004/203/EB([3]) samþykkt, svo unnt væri að nota áfram vottorð og vegabréf, sem gefin voru út fyrir gæludýr fyrir þann dag þegar reglugerð (EB) nr. 998/2003 kom til framkvæmda, að því tilskildu að þau uppfylltu tiltekin skilyrði.

4) Þar að auki er í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/539/EB frá 1. júlí 2004 um bráðabirgðaráðstöfun til framkvæmdar reglugerð (EB) nr. 998/2003 um kröfur um heilbrigði dýra sem gilda um gæludýraflutninga sem ekki eru viðskiptalegs eðlis([4]) kveðið á um að aðildarríkjum beri að leyfa að gæludýr af þeim tegundum, sem skráðar eru í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 998/2003, komi inn á yfirráðasvæði þeirra til 1. október 2004 í samræmi við landsreglur sem voru í gildi fyrir 3. júlí 2004.

5) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 576/2013 frá 12. júní 2013 um gæludýraflutninga, sem eru ekki viðskiptalegs eðlis, og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 998/2003/([5]) fellir úr gildi og kemur í staðinn fyrir reglugerð (EB) 998/2003. Samþykktar ráðstafanir til að auðvelda umbreytinguna yfir í fyrirkomulag reglugerðar (EB) nr. 998/2003 eru því úreltar. Því ber að fella ákvarðanir 2004/301/EB og 2004/539/EB úr gildi.

6) Þar að auki var reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 388/2010 frá 6. maí 2010 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 998/2003 að því er varðar hámarksfjölda gæludýra af tilteknum tegundum, sem kunna að sæta flutningum sem ekki eru viðskiptalegs eðlis ([6]) samþykkt til að koma í veg fyrir áhættu á að viðskiptalegir tilflutningar á hundum, köttum og frettum séu með sviksamlegum hætti dulbúnir sem tilflutningar á gæludýrum, sem ekki eru viðskiptalegs eðlis, þegar þessi dýr eru flutt til aðildarríkis frá öðru aðildarríki eða þriðja landi sem skráð er í 2. lið B-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 998/2003.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 10, 15.1.2014, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 146, 13.6.2003, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 312, 27.11.2003, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 98, 2.4.2004, bls. 55.

([4]) Stjtíð. ESB L 237, 8.7.2004, bls. 21.

([5]) Stjtíð. ESB L 178, 28.6.2013, bls. 1.

([6]) Stjtíð. ESB L 114, 7.5.2010, bls. 3.

7) Ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 388/2010 hafa verið endurskoðuð og tekin inn í reglugerð (ESB) nr. 576/2013. Reglugerð (ESB) nr. 576/2013 gildir frá 29. desember 2014. Því verður reglugerð (ESB) nr. 388/2010 úrelt á þeim degi þegar reglugerð (ESB) nr. 576/2013 kemur til framkvæmda og ber því að fella hana úr gildi frá og með þeim degi.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvarðanir 2004/301/EB og 2004/539/EB falli úr gildi.

2. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 388/2010 er felld úr gildi frá og með 29. desember 2014.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. janúar 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2304 **2016/EES/27/27**

frá 10. desember 2015

um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem eru framleiddir með *Talaromyces versatilis* sp. nov. IMI CC 378536 og *Talaromyces versatilis* sp. nov. DSM 26702, sem fóðuraukefni fyrir eldiskalkúna og kalkúna sem eru aldir til undaneldis (leyfishafi er Adisseo France S.A.S.) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa EC 3.2.1.8 og endó-1,3(4)-betaglúkanasa EC 3.2.1.6 sem eru framleiddir með *Talaromyces versatilis* sp. nov. IMI CC 378536 og *Talaromyces versatilis* sp. nov. DSM 26702. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa EC 3.2.1.8 og endó-1,3(4)-betaglúkanasa EC 3.2.1.6, sem eru framleiddir með *Talaromyces versatilis* IMI CC 378536 og *Talaromyces versatilis* sp. nov. DSM 26702, í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir allar aðal- og aukategundir alifugla til eldis og sem aldar eru til varps og undaneldis.

4) Notkun blöndunnar var leyfð til 10 ára fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla til eldis og sem aldar eru til varps með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/661 ([2]).

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 28. apríl 2015 ([3]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með endó-1,4-betaxýlanasa EC 3.2.1.8 og endó-1,3-(4)-betaglúkanasa EC 3.2.1.6, sem eru framleiddir með *Talaromyces versatilis* IMI CC 378536 og *Talaromyces versatilis* sp. nov. DSM 26702, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að hún bæti fóðurstuðul hjá eldiskalkúnum umtalsvert. Þessi niðurstaða er rýmkuð svo hún nái yfir kalkúna sem eru aldir til undaneldis. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Mat á blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa og endó-1,3(4)-betaglúkanasa sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 326, 11.12.2015, bls. 39. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/661 frá 28. apríl 2015 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem eru framleiddir með *Talaromyces versatilis* sp. nov. IMI CC 378536 og *Talaromyces versatilis* sp. nov. DSM 26702, sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla til eldis og sem eru aldar til varps (leyfishafi er Adisseo France S.A.S.) (Stjtíð. ESB L 110, 29.4.2015, bls. 1).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 13(5), 4106.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. desember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenni-númer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarksinnihald / Hámarksinnihald Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald		Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4a22	Adisseo France S.A.S.	Endó-1,4-betaxýlanasi EC 3.2.1.8 og Endó-1,3(4)-betaglúkanasi EC 3.2.1.6	*Samsetning aukefnis* Blanda með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8) og endó-1,3(4)-betaglúkanasa (EC 3.2.1.6), sem eru framleiddir með *Talaromyces versatilis* sp. nov. IMI CC 378536 og *Talaromyces versatilis* sp. nov. DSM 26702, með virkni að lágmarki: – fast form: endó-1,4-betaxýlanasi 22 000 VU ([1])/g og endó-1,3(4)-betaglúkanasi 15 200 VU/g, – vökvaform: endó-1,4-betaxýlanasi, virkni 5 500 VU/ml og endó-1,3(4)-betaglúkanasi, 3 800 VU/ml. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Endó-1,4-betaxýlanasi (EC 3.2.1.8) og endó-1,3(4)-betaglúkanasi (EC 3.2.1.6), sem eru framleiddir með *Talaromyces versatilis* sp. nov. IMI CC 378536 og *Talaromyces versatilis* sp. nov. DSM 26702. *Greiningaraðferð* ([2]) Til að magnákvarða virkni endó-1,4-betaxýlanasa: – seigjumælingaraðferð byggð á minnkandi seigju sem næst fram með verkun endó-1,4-betaxýlanasa á hvarfefni sem í er xýlan (arabínoxýlan úr hveiti).	Eldiskalkúnar Kalkúnar, aldir til undaneldis	—	endó-1,4-betaxýlanasi 1 100 VU endó-1,3(4)-betaglúkanasi 760 VU	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og kögglafestu. 2. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska.	31. desember 2025

Kenni-númer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			Til að magnákvarða virkni endó-1,3(4)-betaglúkanasa: – seigjumælingaraðferð byggð á minnkandi seigju sem næst fram með verkun endó-1,3(4)-betaglúkanasa á hvarfefni glúkans, betaglúkan úr byggi, við pH-gildið 5,5 og 30 °C.						

([1]) 1 VU (seigjumælingareining) er það magn ensíms sem vatnsrýfur hvarfefnið (betaglúkan úr byggi annars vegar og arabínoxýlan úr hveiti hins vegar) og minnkar með því seigju lausnarinnar til að breyta jöfnu flæði 1 (víddarlaus eining)/mín við 30 °C og pH-gildið 5,5.

([2]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2305 **2016/EES/27/28**

frá 10. desember 2015

um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaglúkanasa (ECC 3.2.1.4), sem er framleiddur með *Trichoderma citrinoviride* Bisset (IM SD142), sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, aukategundir alifugla til eldis og fráfærugrísi og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2148/2004 og (EB) nr. 1520/2007 (leyfishafi er Huvepharma NV) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Blanda með endó-1,4-betaglúkanasa (EC 3.2.1.4), sem er framleiddur með *Trichoderma citrinoviride* Bisset (IM SD142) (áður *Trichoderma longibrachiatum*), hér á eftir nefnd „blandan sem tilgreind er í viðaukanum“, var leyfð án tímamarka í samræmi við tilskipun 70/524/EBE sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2148/2004 ([3]) og fyrir fráfærugrísi með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1520/2007 ([4]). Blandan var síðan færð inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á blöndunni með endó-1,4-betaglúkanasa (EC 3.2.1.4), sem er framleiddur með *Trichoderma citrinoviride* Bisset (IM SD142) (áður *Trichoderma longibrachiatum*), sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, aukategundir alifugla til eldis og fráfærugrísi. Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 17. apríl 2013 ([5]) og 10. mars 2015 ([6]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með endó-1,4-betaglúkanasa (EC 3.2.1.4), sem er framleiddur með *Trichoderma citrinoviride* Bisset (IM SD142) (áður *Trichoderma longibrachiatum*), ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að notkun blöndunnar geti verið áhrifarík í eldiskjúklingum og fráfærugrísum. Matvælaöryggisstofnunin telur enn fremur að framreikna megi niðurstöður um verkun yfir á aukategundir alifugla til eldis. Hún telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu með endó-1,4-betaglúkanasa (EC 3.2.1.4), sem er framleiddur með *Trichoderma citrinoviride* Bisset (IM SD142) (áður *Trichoderma longibrachiatum*), sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Því ætti að breyta reglugerðum (EB) nr. 2148/2004 og (EB) nr. 1520/2007 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 326, 11.12.2015, bls. 43. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2148/2004 frá 16. desember 2004 um varanleg leyfi og bráðabirgðaleyfi fyrir tilteknum aukefnum og leyfi fyrir nýrri notkun aukefnis sem þegar er leyft að nota í fóður (Stjtíð. ESB L 370, 17.12.2004, bls. 24).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1520/2007 frá 19. desember 2007 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri (Stjtíð. ESB L 335, 20.12.2007, bls. 17).

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(7), 3207.

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(3), 4054.

7) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 2148/2004

Í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2148/2004 falli færslan fyrir E 1616, endó-1,4-betaglúkanasa brott.

3. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1520/2007

Reglugerð (EB) nr. 1520/2007 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæði 5. gr. falli brott.

2) V. viðauki falli brott.

4. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Blönduna, sem er tilgreind í viðaukanum, og fóður sem inniheldur blönduna, sem eru framleidd og merkt fyrir 30. júní 2016 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 31. desember 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. desember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenni-númer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni.									
4a1616	Huvepharma NV	Endó-1,4-betaglúkanasi EC 3.2.1.4	*Samsetning aukefnis:* Blanda með endó-1,4-betaglúkanasa (EC 3.2.1.4), sem er framleiddur með *Trichoderma citrinoviride* Bisset (IM SD142), með virkni að lágmarki 2000 CU([1])/g (fast og fljótandi form). *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* Endó-1,4-betaglúkanasi (EC 3.2.1.4), sem er framleiddur með *Trichoderma citrinoviride* Bisset (IM SD142). *Greiningaraðferð* ([2]): Til að ákvarða endó-1,4-betaglúkanasa í fóðuraukefni, forblöndum og fóðri: – litmæling byggð á magnákvörðun á vatnsleysanlegum, lituðum brotum (asúrín) sem koma fram við verkun endó-1,4-betaglúkanasa á asúrín-víxltengt beðmi.	Eldiskjúklingar og aukategundir alifugla til eldis	—	500 CU	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og kögglafestu. 2. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska. 3. Handa fráfærugrísum, þangað til þeir eru u.þ.b. 35 kg.	31. desember 2025
				Fráfærugrísir		350 CU			

([1]) 1 U er það magn ensíms sem leysir 0,128 míkrómól afoxandi sykra (glúkósajafngilda) á mínútu úr beta-glúkani úr byggi við pH-gildið 4,5 og 30°C.
([2]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2306 **2016/EES/27/29**

frá 10. desember 2015

um leyfi fyrir L-systeínhýdróklóríðmónóhýdratí sem fóðuraukefni fyrir ketti og hunda (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) L-systeínhýdróklóríðmónóhýdrat var leyft án tímamarka, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Varan var síðan færð inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á L-systeínhýdróklóríðmónóhýdrati sem fóðuraukefni fyrir ketti og hunda. Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 10. október 2013 ([3]) að við tillögð skilyrði fyrir notkun í fóður hafi L-systeínhýdróklóríðmónóhýdrat ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin greindi enn fremur frá því að L-systín og L-systeínhýdróklóríð séu bragðefni, sem eru leyfð í matvæli, og að sýnt hafi verið fram á skilvirkni þeirra þó að ekki sé ljóst hvort L-systeínhýdróklóríðmónóhýdrat sé notað sem bragðefni í gæludýrafóður á sama hátt og það er notað í matvæli. Að teknu tilliti til þeirra gagna sem umsækjandinn lagði fram komst Matvælaöryggisstofnunin einnig að þeirri niðurstöðu að ekki sé unnt að meta skilvirkni L-systeínhýdróklóríðmónóhýdrats að því er varðar endanlegan styrk í fóðri. Þó lagði Matvælaöryggisstofnunin einnig áherslu á að þetta aukefni sé leyft í matvæli og að ekki væri þörf á að sýna frekar fram á skilvirkni þess ef verkunarmáti þess sé í grundvallaratriðum eins í fóðri og matvælum. Að teknu tilliti til frekara gagna sem umsækjandinn lagði fram komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að sú staðreynd að aukefnið er mónóhýdrat breyti ekki skilvirkni þess þótt L-systeínhýdróklóríðmónóhýdrat hafi aðra efnafræðilega byggingu en L-systín og L-systeínhýdróklóríð. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að notkunarmagn þessa aukefnis sé meira en venjulegt magn og hámarksnotkunarmagn sem tilgreint er í matvælum fyrir ólíkar vörutegundir og vegna þess séu nægar sannanir fyrir skilvirkni efnisins.

5) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að enginn öryggisvandi myndi skapast fyrir notendur að því tilskildu að viðeigandi verndarráðstöfunum væri beitt. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnin í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Mat á L-systeínhýdróklóríðmónóhýdrati sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun L-systeínhýdróklóríðmónóhýdrats eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir L-systeínhýdróklóríðmónóhýdrati af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 326, 11.12.2015, bls. 46. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2013 11(10), 3437.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem fóðuraukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Efnið, sem er tilgreint í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda efnið, sem eru framleidd og merkt fyrir 30. júní 2016 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 31. desember 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnið sem er tilgreint í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 31. desember 2017 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 31. desember 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. desember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenni-númer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni.									
2b920	—	L-systeínhýdró-klóríðmónóhýdrat	*Samsetning aukefnis* L-systeínhýdróklóríðmónóhýdrat. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* L-systeínhýdróklóríðmónóhýdrat $C_3H_7NO_2S \cdot HClH_2O$ CAS-númer: 7048-04-6 L-systeínhýdróklóríðmónóhýdrat, fast form, framleitt með vatnsrofi á hyrni úr fuglafjöðrum. Hreinleiki: magngreining að lágmarki 98,5%. *Greiningaraðferð* (1) Til að magnákvarða L-systeínhýdróklóríðmónóhýdrat í fóðuraukefninu: títrunarmæling, Evrópska lyfjaskráin (Ph. Eur. 6.0, aðferð 01/2008:0895). Til að magnákvarða syst(e)ín (þ.m.t. L-systeínhýdróklóríðmónóhýdrat) í forblöndum og fóðri: jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 (2) (III. viðauki, F).	Kettir og hundar	—	—	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina: – geymsluskilyrði, – viðbót L-systeínhýdróklóríðmónóhýdrats skal háð þörfum katta og hunda fyrir amínósýrur sem innihalda brennistein og styrk annarra amínósýra, sem innihalda brennistein, í skammtinum. 2. Til að tryggja öryggi skal við meðhöndlun nota öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	31. desember 2025

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 frá 27. janúar 2009 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með fóðri (Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2009, bls. 1).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2307 **2016/EES/27/30**

frá 10. desember 2015

um leyfi fyrir menadíónnatríumbísúlfíti og menadíónnikótínamíðbísúlfíti sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) K-vítamín var leyft án tímamarka, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Varan var síðan færð inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á K_3-vítamíni í formi menadíónnatríumbísúlfits og menadíónnikótínamíðbísúlfíts sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnin yrðu sett í aukefnaflokkinn „næringar-aukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 16. janúar 2014 ([3]) að við tillögð skilyrði fyrir notkun í fóður hafi menadíónnatríumbísúlfít og menadíónnikótínamíðbísúlfít ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið.

5) Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að menadíónnatríumbísúlfít og menadíónnikótín-amíðbísúlfít séu áhrifaríkir gjafar K-vítamíns og að enginn öryggisvandi myndi skapast fyrir notendur að því tilskildu að viðeigandi verndarráðstöfunum væri beitt. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnin í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Mat á menadíónnatríumbísúlfíti og menadíónnikótínamíðbísúlfíti sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun menadíónnatríumbísúlfíts og menadíónnikótínamíðbísúlfíts eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Þó að umsækjandinn hafi dregið umsóknina um notkun menadíónnatríumbísúlfíts í drykkjarvatn til baka má nota aukefnið í fóðurblöndu sem er síðan gefin í vatni.

8) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir menadíónnatríumbísúlfíti og menadíónnikótínamíðbísúlfíti af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 326, 11.12.2015, bls. 49. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2014 12(1), 3532.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnin, sem tilheyra aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun“ og eru tilgreind í viðaukanum, eru leyfð sem fóðuraukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda efnin, sem eru framleidd og merkt fyrir 30. júní 2016 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 31. desember 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 31. desember 2016 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 31. desember 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 31. desember 2017 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 31. desember 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem ekki gefa af sér afurðir til manneldis.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. desember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenni-númer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur næringaraukefna. Virkur hópur: vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun									
3a710	—	„Menadíón-natríumbísúlfít“ eða „K_3-vítamín“	*Samsetning aukefnis* Menadíónnatríumbísúlfít Króm ≤ 45 mg/kg *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Menadíónnatríumbísúlfít $C_{11}H_9NaO_5S \cdot 3H_2O$ CAS-númer: 6147-37-1 Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: a.m.k. 96% menadíónnatríum-bísúlfítflóki sem samsvarar a.m.k. 50% menadíóni. *Greiningaraðferð* ([1]) — Tilaðákvarðamenadíónnatríumbísúlfít í fóðuraukefninu: litrófsmæliaðferð með sýnilegum nema við 635 nm (VDLUFA -Bd. III 13.7.1). —Til að ákvarða menadíónnatríumbísúlfít í forblöndum og fóðri: Háþrýstivökva-skiljun með skautuðum stöðufasa með ísogsnema fyrir útfjólublátt ljós-úrskurður frá 29.04.2010, Ítölsk Stjórnartíðindi nr. 120, 25.5.2010.	Allar dýrategundir	—	—	—	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Nota skal eftirfarandi jafngildi ef magn aukefnisins er merkt: 1 mg K_3-vítamín = 1 mg menadíón = 2 mg menadíónnatríumbísúlfít. 4. Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að forðast losun króms í andrúmsloft og koma í veg fyrir váhrif af völdum innöndunar eða gegnum húð. Ef slíkar ráðstafanir eru ekki tæknilega mögulegar eða ekki nægilegar skal gera verndarráðstafanir samkvæmt landsbundnum reglugerðum um framkvæmd löggjafar Sambandsins um heilbrigði og öryggi á vinnustað, þ.m.t. tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 89/391/EBE ([2]), 89/656/EBE ([3]), 92/85/EBE ([4]), 98/24/EB ([5]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/37/EB ([6]).	31. desember 2025

Kenni-númer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
								5. Við meðhöndlun skal nota viðeigandi hlífðarhanska, öndunarvörn og augnhlífar samkvæmt tilskipun ráðsins 89/686/EBE ([7]).	
3a711	—	„Menadíón-nikótínamíð-bísúlfít“ eða „ K_3-vítamín“	*Samsetning aukefnis* Menadíónnikótínamíðbísúlfít Króm ≤ 142 mg/kg *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Menadíónnikótínamíðbísúlfít $C_{11}H_9O_5S \cdot C_6H_7N_2O$ CAS-númer: 73581-79-0 Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: a.m.k. 96% menadíónnikótínamíðbísúlfítflóki sem samsvarar a.m.k. 43,9% menadíóni og a.m.k. 31,2% nikótínamíði *Greiningaraðferð* ([1]) — Til að ákvarða menadíónnikótínamíðbísúlfít í fóðuraukefninu: litrófsmæliaðferð með sýnilegum nema við 635 nm (VDLUFA — Bd. III 13.7.1).	Allar dýrategundir	—	—	—	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Nota skal eftirfarandi jafngildi ef magn aukefnisins er merkt: 1 mg K_3-vítamín = 1 mg menadíón = 2,27 mg menadíón-nikótínamíðbísúlfít. 4. Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að forðast losun króms í andrúmsloft og koma í veg fyrir váhrif af völdum innöndunar eða gegnum húð. Ef slíkar ráðstafanir eru ekki tæknilega mögulegar eða ekki nægilegar skal gera verndarráðstafanir samkvæmt landsbundnum reglugerðum um framkvæmd löggjafar Sambandsins um heilbrigði og öryggi á vinnustað, þ.m.t. tilskipunum 89/391/EBE, 89/656/EBE, 92/85/EBE, 98/24/EB og 2004/37/EB.	31. desember 2025

Kenni-númer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			— Til að ákvarða menadíónnikótínamíðbísúlfít í forblöndum og fóðri: Háþrýstivökvaskiljun með skautuðum stöðufasa-úrskurður frá 29.04.2010, Ítölsk Stjórnartíðindi nr. 120, 25.5.2010.					5. Við meðhöndlun skal nota viðeigandi hlífðarhanska, öndunarvörn og augnhlífar samkvæmt tilskipun ráðsins 89/686/EBE.	

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir fóðuraukefni: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports
([2]) Tilskipun ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum (Stjtíð. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1).
([3]) Tilskipun ráðsins 89/656/EBE frá 30. nóvember 1989 um lágmarkskröfur varðandi öryggi og hollustu er starfsmenn nota persónuhlífar á vinnustöðum (Stjtíð. EB L 393, 30.12.1989, bls. 18).
([4]) Tilskipun ráðsins 92/85/EBE frá 19. október 1992 um lögleiðingu ráðstafana til að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir launþega sem eru þungaðir, hafa nýlega alið börn eða hafa börn á brjósti (Stjtíð. EB L 348, 28.11.1992, bls. 1).
([5]) Tilskipun ráðsins 98/24/EB frá 7. apríl 1998 um að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna gegn áhættu vegna efnafræðilegra áhrifavalda á vinnustað (Stjtíð. EB L 131, 5.5.1998, bls. 11).
([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/37/EB frá 29. apríl 2004 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna váhrifa af krabbameinsvöldum eða stökkbreytivöldum á vinnustað (Stjtíð. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 50).
([7]) Tilskipun ráðsins 89/686/EBE frá 21. desember 1989 um samræmingu laga aðildarríkjanna um persónuhlífar (Stjtíð. EB L 399, 30.12.1989, bls. 18).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2382 **2016/EES/27/31**

frá 17. desember 2015

um leyfi fyrir blöndu með alfagalaktósíðasa (EC 3.2.1.22), sem er framleiddur með *Saccharomyces cerevisiae* (CBS 615.94), og fyrir endó-1,4-betaglúkanasa (EC 3.2.1.4), sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 120604), sem fóðuraukefni fyrir varphænur og aukategundir alifugla til varps (leyfishafi er Kerry Ingredients and Flavours) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með alfagalaktósíðasa (EC 3.2.1.22), sem er framleiddur með *Saccharomyces cerevisiae* (CBS 615.94), og fyrir endó-1,4-betaglúkanasa (EC 3.2.1.4), sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 120604). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með alfagalaktósíðasa (EC 3.2.1.22), sem er framleiddur með *Saccharomyces cerevisiae* (CBS 615.94), og fyrir endó-1,4-betaglúkanasa (EC 3.2.1.4), sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 120604), í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir varphænur og aukategundir alifugla til varps.

4) Notkun blöndu með alfagalaktósíðasa (EC 3.2.1.22), sem er framleiddur með *Saccharomyces cerevisiae* (CBS 615.94), og endó-1,4-betaglúkanasa (EC 3.2.1.4), sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 120604), var leyfð til 10 ára fyrir eldiskjúklinga með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 237/2012 ([2]) og fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla til eldis með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1365/2013 ([3]).

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 28. apríl 2015 ([4]) að blanda með alfagalaktósíðasa (EC 3.2.1.22), sem er framleiddur með *Saccharomyces cerevisiae* (CBS 615.94), og endó-1,4-betaglúkanasa (EC 3.2.1.4), sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 120604), hafi, við tillögð notkunarskilyrði, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að notkun hennar geti aukið þyngd eggja hjá varphænum. Þar eð verkunarháttur getur talist sá sami má yfirfæra þessa niðurstöðu á aukategundir alifugla til varps. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Mat á blöndu með alfagalaktósíðasa (EC 3.2.1.22), sem er framleiddur með *Saccharomyces cerevisiae* (CBS 615.94), og endó-1,4-betaglúkanasa (EC 3.2.1.4), sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 120604), sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 332, 18.12.2015, bls. 54. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 237/2012 frá 19. mars 2012 um leyfi fyrir alfagalaktósíðasa (EC 3.2.1.22), sem framleiddur er með *Saccharomyces cerevisiae* (CBS 615.94), og fyrir endó-1,4-betaglúkanasa (EC 3.2.1.4), sem framleiddur er með *Aspergillus niger* (CBS 120604), sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Kerry Ingredients and Flavours) (Stjtíð. ESB L 80, 20.3.2012, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1365/2013 frá 18. desember 2013 um leyfi fyrir blöndu með alfagalaktósíðasa, sem er framleiddur með Saccharomyces cerevisiae (CBS 615.94), og endó-1,4-betaglúkanasa, sem er framleiddur með Aspergillus niger (CBS 120604), sem fóðuraukefni fyrir aukategundir alifugla til eldis og fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (leyfishafi er Kerry Ingredients and Flavours) (Stjtíð. ESB L 343, 19.12.2013, bls. 31).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2015* 13(5), 4107.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. desember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenni-númer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4a17	Kerry Ingredients and Flavours	Alfagalaktós-íðasi (EC 3.2.1.22) Endó-1,4-beta-glúkanasi (EC 3.2.1.4)	*Samsetning aukefnis* Blanda með alfagalaktósíðasa (EC 3.2.1.22), sem er framleiddur með *Saccharomyces cerevisiae* (CBS 615.94), og endó-1,4-betaglúkanasa (EC 3.2.1.4), sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 120604), í föstu formi með virkni að lágmarki: – 1000 U ([1]) alfagalaktósíðasi/g: – 5700 U ([2]) endó-1,4-betaglúkanasi/g. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Alfagalaktósíðasi, sem er framleiddur með *Saccharomyces cerevisiae* (CBS 615.94), endó-1,4-betaglúkanasi, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 120604) *Greiningaraðferð* ([3]) Ákvörðun: – litmæling sem mælir p-nítrófenól sem alfagalaktósíðasi leysir úr hvarfefni p-nítrófenýl-alfagalaktópýranósíðs, – litmæling sem mælir vatnsleysanlegan leysilit sem endó-1,4-betaglúkanasi leysir úr hvarfefni byggs, glúkani, sem er víxltengt asúríni.	Varphænur Aukategundir alifugla til varps	—	100 U alfa-galaktósíðasi 570 U endó-1,4-betaglúkanasi	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu. 2. Ráðlagður hámarksskammtur: – 100 U alfagalaktósíðasi/kg – 570 U endó-1,4-betaglúkanasi/kg. 3. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska.	7. janúar 2026

([1]) 1 U er það magn ensíms sem leysir 1 míkrómól p-nítrófenóls á mínútu úr p-nítrófenýl-alfagalaktópýranósíði (pNPG) við pH-gildið 5,0 og 37 °C.
([2]) 1 U er það magn ensíms sem leysir 1 mg afoxandi sykra (glúkósajafngilda) á mínútu úr betaglúkani við pH-gildið 5,0 og 50 °C.
([3]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/104 **2016/EES/27/32**

frá 27. janúar 2016

um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 sem fóðuraukefni fyrir aukategundir jórturdýra til eldis og til mjólkurframleiðslu (leyfishafi er Prosol SpA) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 í aukefnaflokknum „dýraræktar-aukefni“, sem fóðuraukefni fyrir aukategundir jórturdýra til eldis og til framleiðslu á mjólkurafurðum.

4) Aukefnið hefur þegar verið leyft til notkunar fyrir smágrísi með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 170/2011 ([2]), fyrir mjólkurkýr og hesta með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1119/2010 ([3]), fyrir gyltur með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 896/2009 ([4]) og fyrir nautgripi með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1059/2013 ([5]).

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 9. júlí 2015 ([6]) að við tillögð notkunarskilyrði telst blanda með *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 ekki hafa skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin telur að framreikna megi niðurstöður um verkun, sem komist var að í fyrri álitum varðandi aðaldýrategundir til eldis og til framleiðslu á mjólkurafurðum, yfir á aukategundir jórturdýra til eldis og til framleiðslu á mjólkurafurðum. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Mat á blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 21, 28.1.2016, bls. 71. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 170/2011 frá 23. febrúar 2011 um leyfi fyrir *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1200/2005 (leyfishafi er Prosol SpA) (Stjtíð. ESB L 49, 24.2.2011, bls. 8).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1119/2010 frá 2. desember 2010 um leyfi fyrir *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 sem fóðuraukefni fyrir mjólkurkýr og hesta og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1520/2007 (handhafi leyfis er Prosol SpA) (Stjtíð. ESB L 317, 3.12.2010, bls. 9).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 896/2009 frá 25. september 2009 um leyfi fyrir nýrri notkun á *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 sem fóðuraukefni fyrir gyltur (leyfishafi er Prosol SpA) (Stjtíð. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 6).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB)nr. 1059/2013 frá 29. október 2013 um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisia*e MUCL 39885 sem fóðuraukefni fyrir eldisnautgripi og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 492/2006 (leyfishafi er Prosol SpA) (Stjtíð. ESB L 289, 31.10.2013, bls. 30).

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(7), 4199.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. janúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar.									
4b1710	Prosol SpA	*Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 sem inniheldur að lágmarki: 1×10^{10} CFU/g aukefnis Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænlegar frumur *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 *Greiningaraðferð* (1) Ákvörðun á heildarfjölda: Áhellingaraðferð þar sem notaður er agar með klóramfenikólglúkósa og útdrætti úr geri (EN 15789:2009) Sanngreining: Kjarnsýrumögnun (PCR-aðferð)	Aukategundir eldisjórturdýra	—	4×10^9	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og kögglafestu. 2. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota gleraugu og hlífðarhanska.	17. febrúar 2026
				Aukategundir jórturdýra til framleiðslu á mjólkurafurðum		2×10^9			

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir fóðuraukefni: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARTILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/11 **2016/EES/27/33**

frá 5. janúar 2016

um breytingu á II. viðauka við tilskipun ráðsins 2002/57/EB um markaðssetningu olíu- og trefjaplöntufræs (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/57/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu olíu- og trefjaplöntufræs ([1]), einkum 24. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í b-lið 2. liðar í I. þætti í II. viðauka við tilskipun 2002/57/EB er mælt fyrir um lágmarkshreinleika yrkis að því er varðar fræ af blendingum fóðurrepju.

2) Núgildandi hreinleikastaðallinn 90%, sem gildir um blendingsyrki vorrepju og vetrarrepju, endurspeglar ekki lengur hina sértæku tæknilegu eiginleika eða takmarkanir í fræframleiðslu að því er varðar vorrepju.

3) Skilyrðin fyrir fræframleiðslu, sem kveðið er á um í tilskipun 2002/57/EB, byggjast á alþjóðlega viðurkenndum stöðlum í kerfum Efnahags- og framfarastofnunarinnar um fræ.

4) Laga ætti hreinleikastaðal yrkis að því er varðar fræ vorrepju að staðlinum sem Efnahags- og framfarastofnunin setur.

5) Breyta ætti II. viðauka við tilskipun 2002/57/EB til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breyting á II. viðauka við tilskipun 2002/57/EB

Í stað b-liðar 2. liðar í I. þætti í II. viðauka við tilskipun 2002/57/EB komi eftirfarandi:

„b) Lágmarkshreinleiki hvers fræs skal vera a.m.k.:

— stofnfræ, kvenþáttur: 99,0%,

— stofnfræ, karlþáttur: 99,9%,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 3, 6.1.2016, bls. 48. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 193, 20.7.2002, bls. 74.

— vottað fræ af yrkjum vetrarrepju: 90,0%,

— vottað fræ af yrkjum vorrepju: 85,0%“.

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2016. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. janúar 2017.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni texta helstu ákvæða í landslögum sem þau samþykkja á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 5. janúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARTILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1168 **2016/EES/27/34**

frá 15. júlí 2015

um breytingu á tilskipunum 2003/90/EB og 2003/91/EB um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/53/EB og 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/55/EB, í þeirri röð, að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum nytjaplantna og grænmetistegunda í landbúnaði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/53/EB frá 13. júní 2002 um sameiginlega skrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði ([1]), einkum a- og b-lið 2. mgr. 7. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/55/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu grænmetisfræs ([2]), einkum a- og b-lið 2. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipanir framkvæmdastjórnarinnar 2003/90/EB ([3]) og 2003/91/EB ([4]) voru samþykktar til að tryggja að yrki, sem aðildarríkin bæta við landskrár sínar, samrýmist þeim viðmiðunarreglum sem yrkisskrifstofa Bandalagsins (CPVO) hefur sett að því er varðar þá eiginleika sem athugun á hinum ýmsu tegundum skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á yrkjum, að svo miklu leyti sem slíkar viðmiðunarreglur hafa verið settar. Að því er varðar önnur yrki er í þessum tilskipunum kveðið á um að viðmiðunarreglur Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja (UPOV) skuli gilda.

2) Yrkisskrifstofa Bandalagsins hefur síðan gefið út nánari viðmiðunarreglur og uppfært gildandi reglur.

3) Því ætti að breyta tilskipunum 2003/90/EB og 2003/91/EB til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað I. og II. viðauka við tilskipun 2003/90/EB komi texti A-hluta viðaukans við þessa tilskipun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 188, 16.7.2015, bls. 39. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 193, 20.7.2002, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 193, 20.7.2002, bls. 33.

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/90/EB frá 6. október 2003 um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/53/EB að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum nytjaplantna í landbúnaði (Stjtíð. ESB L 254, 8.10.2003, bls. 7).

([4]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/91/EB frá 6. október 2003 um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/55/EB að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum grænmetistegunda (Stjtíð. ESB L 254, 8.10.2003, bls. 11).

2. gr.

Í stað viðaukanna við tilskipun 2003/91/EB komi texti B-hluta viðaukans við þessa tilskipun.

3. gr.

Að því er varðar athuganir, sem hófust fyrir 1. júlí 2016, er aðildarríkjunum heimilt að beita þeim útgáfum af tilskipunum 2003/90/EB og 2003/91/EB sem voru í gildi áður en þeim var breytt með þessari tilskipun.

4. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2016. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. júlí 2016.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

5. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

A-HLUTI

„I. VIÐAUKI

Skrá yfir tegundir, sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr., sem eiga að fullnægja aðferðarlýsingum yrkisskrifstofu Bandalagsins (CPVO) að því er varðar prófanir

Vísindaheiti	**Almennt heiti**	**Aðferðarlýsing yrkisskrifstofu Bandalagsins**
Festuca filiformis Pourr.	Þráðvingull	TP 67/1 frá 23.6.2011
Festuca ovina L.	Sauðvingull	TP 67/1 frá 23.6.2011
Festuca rubra L.	Rauðvingull	TP 67/1 frá 23.6.2011
Festuca trachyphylla (Hack.) Krajina	Skrápvingull	TP 67/1 frá 23.6.2011
Lolium multiflorum Lam.	Ítalskt rýgresi	TP 4/1 frá 23.6.2011
Lolium perenne L.	Vallarrýgresi	TP 4/1 frá 23.6.2011
Lolium × boucheanum Kunth	Rýgresisblendingur	TP 4/1 frá 23.6.2011
Pisum sativum L.	Fóðurertur	TP 7/2 endursk. frá 11.3.2015
Brassica napus L.	Fóðurrepja	TP 36/2 frá 16.11.2011
Brassica napus L. var. *napobrassica* (L.) Rchb.	Gulrófa	TP 89/1 frá 11.3.2015
Cannabis sativa L.	Hampur	TP 276/1 frá 28.11.2012
Helianthus annuus L.	Sólblóm	TP 81/1 frá 31.10.2002
Linum usitatissimum L.	Lín (spunalín, olíulín)	TP 57/2 frá 19.3.2014
Avena nuda L.	Snoðhafrar, hýðislausir hafrar	TP 20/1 frá 6.11.2003
Avena sativa L. (þ.m.t. *A. byzantina* K. Koch)	Hafrar	TP 20/1 frá 6.11.2003
Hordeum vulgare L.	Bygg	TP 19/3 frá 21.3.2012
Oryza sativa L.	Hrísgrjón	TP 16/2 frá 21.3.2012
Secale cereale L.	Rúgur	TP 58/1 frá 31.10.2002
xTriticosecale Wittm. ex A. Camus	Blendingar sem koma fram við kynblöndun tegunda af ættkvíslinni *Triticum* og tegunda af ættkvíslinni *Secale*	TP 121/2, 1. endursk. frá 16.2.2011
Triticum aestivum L.	Hveiti	TP 3/4, 2. endursk. frá 16.2.2011
Triticum durum Desf.	Harðhveiti	TP 120/3 frá 19.3.2014
Zea mays L.	Maís	TP 2/3 frá 11.3.2010
Solanum tuberosum L.	Kartöflur	TP 23/2 frá 1.12.2005

Þessar aðferðarlýsingar eru á vefsíðu yrkisskrifstofu Bandalagsins (www.cpvo.europa.eu).

II. VIÐAUKI

Skrá yfir tegundir, sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr., sem eiga að fullnægja viðmiðunarreglum Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja að því er varðar prófanir

Vísindaheiti	**Almennt heiti**	**Viðmiðunarreglur Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja**
Beta vulgaris L.	Fóðursykurrófa	TG/150/3 frá 4.11.1994
Agrostis canina L.	Týtulíngresi	TG/30/6 frá 12.10.1990

Vísindaheiti	**Almennt heiti**	**Viðmiðunarreglur Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja**
Agrostis gigantea Roth.	Stórlíngresi	TG/30/6 frá 12.10.1990
Agrostis stolonifera L.	Skriðlíngresi	TG/30/6 frá 12.10.1990
Agrostis capillaris L.	Hálíngresi	TG/30/6 frá 12.10.1990
Bromus catharticus Vahl	Sólfax	TG/180/3 frá 4.4.2001
Bromus sitchensis Trin.	Sitkafax	TG/180/3 frá 4.4.2001
Dactylis glomerata L.	Axhnoðapuntur	TG/31/8 frá 17.4.2002
Festuca arundinacea Schreb.	Tágavingull	TG/39/8 frá 17.4.2002
Festuca pratensis Huds.	Hávingull	TG/39/8 frá 17.4.2002
xFestulolium Asch. et Graebn.	Blendingar sem koma fram við kynblöndun tegunda af ættkvíslinni *Festuca* og tegunda af ættkvíslinni *Lolium*	TG/243/1 frá 9.4.2008
Phleum nodosum L.	Hnúðfoxgras	TG/34/6 frá 7.11.1984
Phleum pratense L.	Vallarfoxgras	TG/34/6 frá 7.11.1984
Poa pratensis L.	Vallarsveifgras	TG/33/7 frá 9.4.2014
Lotus corniculatus L.	Akurmaríuskór	TG 193/1 frá 9.4.2008
Lupinus albus L.	Ljósalúpína	TG/66/4 frá 31.3.2004
Lupinus angustifolius L.	Lensulúpína	TG/66/4 frá 31.3.2004
Lupinus luteus L.	Ilmlúpína	TG/66/4 frá 31.3.2004
Medicago sativa L.	Refasmári	TG/6/5 frá 6.4.2005
Medicago × *varia* T. Martyn	Sandrefasmári	TG/6/5 frá 6.4.2005
Trifolium pratense L.	Rauðsmári	TG/5/7 frá 4.4.2001
Trifolium repens L.	Hvítsmári	TG/38/7 frá 9.4.2003
Vicia faba L.	Garðbaunir	TG/8/6 frá 17.4.2002
Vicia sativa L.	Fóðurflækja	TG/32/7 frá 20.3.2013
Raphanus sativus L. var. *oleiformis* Pers.	Fóðurhreðka	TG/178/3 frá 4.4.2001
Arachis hypogaea L.	Jarðhnetur	TG/93/4 frá 9.4.2014
Brassica rapa L. var. *silvestris* (Lam.) Briggs	Nepja	TG/185/3 frá 17.4.2002
Carthamus tinctorius L.	Litunarþistlar	TG/134/3 frá 12.10.1990
Gossypium spp.	Baðmull	TG/88/6 frá 4.4.2001
Papaver somniferum L.	Valmúi	TG/166/4 frá 9.4.2014
Sinapis alba L.	Hvítur mustarður	TG/179/3 frá 4.4.2001
Glycine max (L.) Merr.	Sojabaunir	TG/80/6 frá 1.4.1998
Sorghum bicolor (L.) Moench	Dúrra	TG/122/3 frá 6.10.1989

Texta þessara viðmiðunarreglna er að finna á vefsíðu Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja (www.upov.int).“

„B-HLUTI

„I. VIÐAUKI

Skrá yfir tegundir, sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr., sem eiga að fullnægja aðferðarlýsingum yrkisskrifstofu Bandalagsins (CPVO) að því er varðar prófanir

Vísindaheiti	**Almennt heiti**	**Aðferðarlýsing yrkisskrifstofu Bandalagsins**
Allium cepa L. (Cepa-yrkishópur)	Laukur og bananaskalottlaukur (Echalion)	TP 46/2 frá 1.4.2009
Allium cepa L. (Aggregatum-yrkishópur)	Skalottlaukur	TP 46/2 frá 1.4.2009
Allium fistulosum L.	Pípulaukur	TP 161/1 frá 11.3.2010
Allium porrum L.	Blaðlaukar	TP 85/2 frá 1.4.2009
Allium sativum L.	Hvítlaukur	TP 162/1 frá 25.3.2004
Allium schoenoprasum L.	Graslaukur	TP 198/2 frá 11.3.2015
Apium graveolens L.	Sellerí	TP 82/1 frá 13.3.2008
Apium graveolens L.	Hnúðsilla	TP 74/1 frá 13.3.2008
Asparagus officinalis L.	Sperglar	TP 130/2 frá 16.2.2011
Beta vulgaris L.	Rauðrófa, þ.m.t. Cheltenham-rófa	TP 60/1 frá 1.4.2009
Beta vulgaris L.	Blaðbeðja	TP 106/1 frá 11.3.2015
Brassica oleracea L.	Grænkál	TP 90/1 frá 16.2.2011
Brassica oleracea L.	Blómkál	TP 45/2 frá 11.3.2010
Brassica oleracea L.	Spergilkál (kalabríukál)	TP 151/2 frá 21.3.2007
Brassica oleracea L.	Rósakál	TP 54/2 frá 1.12.2005
Brassica oleracea L.	Hnúðkál	TP 65/1 frá 25.3.2004
Brassica oleracea L.	Blöðrukál, hvítkál og rauðkál	TP 48/3 frá 16.2.2011
Brassica rapa L.	Kínakál	TP 105/1 frá 13.3.2008
Capsicum annuum L.	Eldpipar eða paprika	TP 76/2 frá 21.3.2007
Cichorium endivia L.	Hrokkinblaðssalat og breiðblaða salatfífill	TP 118/3 frá 19.3.2014
Cichorium intybus L.	Iðnaðarsikoría	TP 172/2 frá 1.12.2005
Cichorium intybus L.	Jólasalat	TP 173/1 frá 25.3.2004
Citrullus lanatus (Thunb.) Matsum. et Nakai	Vatnsmelóna	TP 142/2 frá 19.3.2014
Cucumis melo L.	Melóna	TP 104/2 frá 21.3.2007
Cucumis sativus L.	Gúrka og smágúrka	TP 61/2 frá 13.3.2008
Cucurbita maxima Duchesne	Tröllagrasker	TP 155/1 frá 11.3.2015
Cucurbita pepo L.	Grasker eða dvergbítur	TP 119/2 endursk. frá 19.3.2014
Cynara cardunculus L.	Ætiþistill og salatþistill	TP 184/2 frá 27.2.2013
Daucus carota L.	Gulrót og fóðurgulrót	TP 49/3 frá 13.3.2008
Foeniculum vulgare Mill.	Fenníkur	TP 183/1 frá 25.3.2004
Lactuca sativa L.	Salat	TP 13/5 frá 16.2.2011
Solanum lycopersicum L.	Tómatur	TP 44/4 endursk. frá 27.2.2013

Vísindaheiti	**Almennt heiti**	**Aðferðarlýsing yrkisskrifstofu Bandalagsins**
Petroselinum crispum (Mill.) Nyman ex A. W. (Hill)	Steinselja	TP 136/1 frá 21.3.2007
Phaseolus coccineus L.	Klifurbaun	TP 9/1 frá 21.3.2007
Phaseolus vulgaris L.	Buskabaunir og stangarbaunir	TP 12/4 frá 27.2.2013
Pisum sativum L. (partim)	Mergertur, hýðisertur og sykurertur	TP 7/2 endursk. frá 11.3.2015
Raphanus sativus L.	Hreðkur, vetrarhreðkur	TP 64/2 endursk. frá 11.3.2015
Scorzonera hispanica L.	Svartrót eða surtarrót	TP 116/1 frá 11.3.2015
Solanum melongena L.	Eggaldin	TP 117/1 frá 13.3.2008
Spinacia oleracea L.	Spínat	TP 55/5 frá 27.2.2013
Valerianella locusta (L.) Laterr.	Vorsalat eða lambasalat	TP 75/2 frá 21.3.2007
Vicia faba L. (partim)	Breiðbaunir	TP Broadbean/1 frá 25.3.2004
Zea mays L. (partim)	Sykurmaís og poppmaís	TP 2/3 frá 11.3.2010
Solanum lycopersicum L. × Solanum habrochaites S. Knapp & D.M. Spooner; Solanum lycopersicum L. × Solanum peruvianum (L.) Mill.; Solanum lycopersicum L. × Solanum cheesmaniae (L. Ridley) Fosberg	Frumstofnar tómata	TP 294/1 frá 19.3.2014

Þessar aðferðarlýsingar eru á vefsíðu yrkisskrifstofu Bandalagsins (www.cpvo.europa.eu).

II. VIÐAUKI

Skrá yfir tegundir, sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr., sem eiga að fullnægja viðmiðunarreglum Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja að því er varðar prófanir

Vísindaheiti	**Almennt heiti**	**Viðmiðunarreglur Alþjóða-sambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja**
Brassica rapa L.	Næpa	TG/37/10 frá 4.4.2001
Cichorium intybus L.	Ítalskur kaffifífill	TG/154/3 frá 18.10.1996
Rheum rhabarbarum L.	Rabarbarar	TG/62/6 frá 24.3.1999

Þessar viðmiðunarreglur eru á vefsíðu Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja (www.upov.int).“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1608 **2016/EES/27/35**

frá 24. september 2015

um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir kaprínsýru, paraffínolíu (CAS 64742-46-7), paraffínolíu (CAS 72623-86-0), paraffínolíu (CAS 8042-47-5), paraffínolíu (CAS 97862-82-3), brennisteinskalk og þvagefni í eða á tilteknum afurðum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Að því er varðar kaprínsýru, paraffínolíu (CAS 64742-46-7), paraffínolíu (CAS 72623-86-0), paraffínolíu (CAS 8042-47-5), paraffínolíu (CAS 97862-82-3), brennisteinskalk og þvagefni voru hvorki fastsett tiltekin hámarksgildi leifa né voru efnin færð á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 og þar af leiðandi gildir staðalgildið 0,01 mg/kg sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 18. gr. þeirrar reglugerðar.

2) Kaprínsýra er samþykkt samkvæmt tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/127/EB ([2]). Engin óhreinindi sem skipta máli voru greind varðandi efnið. Þar að auki eru náttúruleg váhrif af völdum kaprínsýru mun meiri en þau sem tengjast notkun efnisins sem plöntuverndarvöru. Með hliðsjón af þessu er talið rétt að færa þetta efni á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.

3) Að því er varðar paraffínolíu (CAS 64742-46-7), paraffínolíu (CAS 72623-86-0), paraffínolíu (CAS 8042-47-5) og paraffínolíu (CAS 97862-82-3) ([3]) ([4]) komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að ef hægt væri að sýna fram á mikinn hreinleika paraffínolía væru þær ekki varasamar í eiturefnafræðilegu tilliti og hvorki yrði krafist ásættanlegrar, daglegrar inntöku, viðtekinna váhrifa á notanda né viðmiðunarskammts bráðrar eitrunar. Fastanefndin um matvælaferlið og heilbrigði dýra tók 20. nóvember 2012 mið af breyttri útgáfu endurskoðunarskýrslna þar sem útskýrt er að tækniforskriftirnar séu í samræmi við lyfjahreinleika (mikill hreinleiki). Með hliðsjón af þessu er talið rétt að færa þessi efni á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.

4) Að því er varðar brennisteinskalk ([5]) gat Matvælaöryggisstofnunin ekki komist að niðurstöðu varðandi fæðutengt áhættumat fyrir neytendur þar eð tilteknar upplýsingar vantaði um mögulega tilvist efnaleifa fjölsúlfíða. Þó eru leifar brennisteins og kalsíums vegna notkunar brennisteinskalks (kalsíumpólýsúlfíðs) útbreiddar í umhverfinu. Með hliðsjón af þessu er talið rétt að færa þetta efni tímabundið á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 þar til Matvælaöryggisstofnunin hefur lagt fram rökstutt álit í samræmi við 1. mgr. 12. gr.

5) Að því er varðar þvagefni ([6]) taldi Matvælaöryggisstofnunin að megindlegt fæðutengt áhættumat fyrir neytendur hafi ekki verið nauðsynlegt vegna tiltekinna aðferða við notkun efnisins. Þvagefni (karbamíð) er samþykkt sem

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 249, 25.9.2015, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

([2]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/127/EB frá 18. desember 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við nokkrum virkum efnum (Stjtíð. ESB L 344, 20.12.2008, bls. 89).

([3]) „Conclusion on pesticide peer review regarding the risk assessment of the active substance paraffin oils (CAS 64742-46-7, 72623-86-0 and 97862-82-3)“. Vísindaskýrsla Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2008) 216, 1-59.

([4]) „Conclusion on pesticide peer review regarding the risk assessment of the active substance paraffin oil (CAS 8042-47-5, chain lengths C18-C30, reliable boiling point range not available)“. Vísindaskýrsla Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2008) 219, 1-61.

([5]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance lime sulfur.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(11), 1890. [45 bls.] doi:10.2903/j.efsa.2010.1890.

([6]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance urea.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(1), 2523. [35 bls.] doi:10.2903/j.efsa.2012.2523.

matvælaaukefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1129/2011 ([7]). Þar að auki eru náttúruleg váhrif af völdum þessa efnis mun meiri en þau sem tengjast notkun þvagefnis sem plöntuverndarvöru. Með hliðsjón af þessu er talið rétt að færa þetta efni á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.

6) Á grundvelli niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli í þessu tilliti uppfylla viðeigandi breytingar á hámarksgildum leifa kröfurnar í 1. mgr. 5 gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

7) Efnin, sem eru skráð í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005, gætu einni þurft að uppfylla kröfurnar sem kveðið er á um í löggjöf Sambandsins um matvæli og/eða fóður. Með hliðsjón af þessu þykir rétt að breyta orðalagi 2. neðanmálsgreinar í þeim viðauka til að vísa til annarrar sértækrar löggjafar Sambandsins um matvæli og/eða fóður. Slík löggjöf gæti einnig gilt um efni eftir að það hefur verið fært á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005. Með hliðsjón af þessu þykir rétt að sú neðanmálsgrein sé látin gilda um öll efni sem eru á skrá í IV. viðauka.

8) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. september 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1129/2011 frá 11. nóvember 2011 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 með því að koma á fót skrá Evrópusambandsins yfir aukefni í matvælum (Stjtíð. ESB L 295, 12.11.2011, bls. 1).

VIÐAUKI

Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt sem hér segir:

1) Færslurnar „kaprínsýra“, „paraffínolía (CAS 64742-46-7)“, „paraffínolía (CAS 72623-86-0)“, „paraffínolía (CAS 8042-47-5)“, „paraffínolía (CAS 97862-82-3)“, „brennisteinskalk ([1])“ og „þvagefni“ bætast við í stafrófsröð.

2) Í stað texta 2. neðanmálsgreinar komi eftirfarandi:

„([2]) Efni sem eru á skrá í IV. viðauka með fyrirvara um aðra sértæka löggjöf um matvæli og/eða fóður, t.d. um matvælaaukefni, fóðuraukefni, fæðubótarefni, bragðefni o.s.frv.“

3) Tilvísunum í 2. neðanmálsgrein á eftir færslunum er eytt.

4) Tilvísun í 2. neðanmálsgrein á eftir fyrirsögninni bætist við.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1760 2016/EES/27/36

frá 1. október 2015

um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar að taka bragðefnið *p*-menta-1,8-díen-7-al af skrá Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB ([1]), einkum 3. mgr. 11. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ([2]), einkum 6. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er sett fram skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni sem samþykkt eru til notkunar í og á matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 ([3]) var samþykkt skrá yfir bragðefni og var sú skrá færð inn í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008.

3) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar aðildarríkis eða hagsmunaaðila.

4) Bragðefnið *p*-menta-1,8-díen-7-al (FL-númer 05.117) er á skránni sem bragðefni sem verið er að meta og leggja þarf fram frekari vísindagögn um. Umsækjandinn hefur lagt fram slík gögn.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu lagði mat á framlögð gögn og komst að þeirri niðurstöðu í vísindalegu áliti sínu 24. júní 2015([4]) að *p*-menta-1,8-díen-7-al (FL-númer 05.117) hafi erfðaeiturhrif í lífi og því teljist notkun þess sem bragðefnis vera öryggisvandi.

6) Efnið p-menta-1,8-díen-7-al (FL-númer 05.117) kemur fyrir á náttúrulegan hátt í hýði ávaxta af sumum plöntum af ættkvíslunum blaðmintu, sítrus o.fl.

7) Þar af leiðandi uppfyllir notkun á *p*-menta-1,8-díen-7-al (FL-númer 05.117) ekki almenn skilyrði fyrir notkun bragðefna sem sett eru fram í a-lið 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008. Af þeim sökum skal fjarlægja þetta efni af skránni án tafar til að vernda heilbrigði manna.

8) Framkvæmdastjórnin skal beita flýtimeðferð til að fjarlægja efni, sem skapa öryggisvanda, af skrá Sambandsins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 257, 2.10.2015, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34.

([2]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 frá 1. október 2012 um samþykkt skrárinnar yfir bragðefni, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96, og upptöku hennar í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB (Stjtíð. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 1).

([4]) „Scientific Opinion on Flavouring Group Evaluation 208 Revision 1 (FGE.208Rev1): Consideration of genotoxicity data on representatives for 10 alicyclic aldehydes with the α,β-unsaturation in ring/side-chain and precursors from chemical subgroup 2.2 of FGE.19.“ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2015, 13(7), 4173, 28. bls. doi: 10.2903/j.efsa.2015.4173. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu/efsajournal

9) Vegna lítillar notkunar og vegna þess að litlu heildarmagni af *p*-menta-1,8-díen-7-al (FL-númer 05.117) hefur verið bætt í matvæli í Sambandinu skapar tilvist efnisins í matvælum ekki brýnan öryggisvanda. Því ætti, einnig að teknu tilliti til tæknilegra ástæðna, að mæla fyrir um umbreytingartímabil sem gilda fyrir matvæli sem innihalda bragðefnið *p*-menta-1,8-díen-7-al (FL-númer 05.117), sem hafa verið sett á markað eða send frá þriðju löndum til Sambandsins áður en þessi reglugerð tók gildi.

10) Því ætti að breyta A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 til samræmis við það.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

1. Matvæli, sem bragðefninu *p*-menta-1,8-díen-7-al (FL-númer 05.117) hefur verið bætt við, sem voru sett á markað á lögmætan hátt áður en þessi reglugerð tekur gildi, má setja á markað til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags.

2. Matvæli, sem eru flutt inn í Sambandið og bragðefninu *p*-menta-1,8-díen-7-al (FL-númer 05.117) hefur verið bætt í, má setja á markað til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags ef innflytjandi slíkra matvæla getur sýnt fram á að þau voru send frá viðkomandi þriðja landi og hafi verið á leið til Sambandsins áður en þessi reglugerð gengur í gildi.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. október 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 falli eftirfarandi færsla brott:

„05.117	*p*-menta-1,8-díen-7-al	2111-75-3	973	11788			2	EFSA“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1910 2016/EES/27/37

frá 21. október 2015

um breytingu á III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir gúasatín í eða á tilteknum afurðum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum 14. gr. (a-liður 1. mgr.), 18. gr. (b-liður 1. mgr.) og 49. gr. (2. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í A-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir gúasatín.

2) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin, lagði fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa fyrir gúasatín í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 ([2]). Öll gildandi leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda virka efnið gúasatín hafa verið afturkölluð. Ekki hefur verið tilkynnt um innflutningsvikmörk á vettvangi Sambandsins og engin hámarksgildi leifa í Alþjóðamatvælaskránni liggja fyrir. Þar eð upplýsingar vantar um sérstakar góðar starfsvenjur í landbúnaði sem unnt hefði verið að nota við áhættumat fyrir neytendur hefur Matvælaöryggisstofnunin komist að þeirri niðurstöðu að gildi sem nemur 0,05 mg/kg veiti fullnægjandi verndarstig fyrir evrópska neytendur. Því er rétt að fastsetja hámarksgildi leifa við sérstök magngreiningarmörk. Einnig þykir rétt að skilgreiningunni á leifum verði breytt.

3) Þar að auki benti Belgía á að gildandi hámarksgildi leifa fyrir gúasatín í greipaldinum og appelsínum kunni að gefa tilefni til áhyggna að því er varðar neytendavernd. Einkum var ekki hægt, jafnvel með ítarlegu áhættumati, að útiloka bráða áhættu fyrir neytendur með tilliti til vinnslustuðuls fyrir sítrusávexti. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og þau aðildarríki sem eiga fulltrúa í fastanefndinni um plöntur, dýr, matvæli og fóður töldu það vera viðeigandi ákvörðun varðandi áhættumat að lækka hámarksgildi leifa í gildi sem sýnt hefur verið fram á að sé öruggt fyrir evrópska neytendur.

4) Í samræmi við 2. og 4. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 var lögð fram umsókn varðandi gúasatín til notkunar á sítrusávexti. Viðkomandi aðildarríki mat umsóknina í samræmi við 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 og matsskýrslan var send framkvæmdastjórninni. Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á umsóknina og matsskýrsluna og rannsakaði einkum áhættu fyrir neytendur og, þar sem við átti, fyrir dýr og skilaði rökstuddum álitum um tillögð hámarksgildi leifa ([3]). Matvælaöryggisstofnunin sendi þetta álit til framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna og gerði það aðgengilegt almenningi. Hún komst að þeirri niðurstöðu í álitinu að mæla ekki með því að fastsetja tillögð hámarksgildi leifa þar eð fyrirliggjandi gögn væru ekki nægileg til að útiloka áhættu fyrir evrópska neytendur.

5) Umsækjandinn óskaði eftir stjórnsýslulegri endurskoðun á rökstuddu áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar skv. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005. Sú endurskoðun leiddi til þeirrar niðurstöðu að engir efnislegir gallar eða skekkjur væru greinanlegar í mati Matvælaöryggisstofnunarinnar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 280, 24.10.2015, bls. 2. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

([2]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels (MRLs) for guazatine according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(5), 3239. [20 bls.].

([3]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „ Reasoned opinion on the modification of the existing MRL for guazatine in citrus fruits“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(8), 3818. [29 bls.].

6) Á grundvelli rökstuddra álita Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli í þessu tilliti uppfylla viðeigandi breytingar á hámarksgildum leifa kröfurnar í 2. mgr. 14 gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

7) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.

8) Til að koma megi við eðlilegri markaðssetningu, vinnslu og neyslu afurða ætti í þessari reglugerð að kveða á um umbreytingarfyrirkomulag vegna afurða sem hafa verið framleiddar á löglegan hátt áður en hámarksgildum leifa var breytt og þar sem upplýsingar sýna að öflugri neytendavernd sé viðhaldið.

9) Í umbreytingarfyrirkomulaginu sem kveðið er á um í þessari reglugerð ætti að taka tillit til áhyggna að því er varðar neytendavernd í tengslum við gildandi hámarksgildi leifa fyrir gúasatín í greipaldinum og appelsínum.

10) Áður en breytt hámarksgildi leifa taka gildi ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin, þriðju lönd og stjórnendur matvælafyrirtækja geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja þessum breytingum á hámarksgildum leifa.

11) Samráð hefur verið haft við viðskiptaaðila Sambandsins, fyrir milligöngu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, um ný hámarksgildi leifa og tillit hefur verið tekið til athugasemda þeirra.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Að því er varðar gúasatín gildir reglugerð (EB) nr. 396/2005, eins og sú reglugerð var áður en henni var breytt með þessari reglugerð, áfram um afurðir sem voru framleiddar á lögmætan hátt fyrir 13. maí 2016, að undanskildum greipaldinum og appelsínum.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 13. maí 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. október 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum III. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt sem hér segir:

1) Í III. viðauka falli dálkurinn fyrir gúasatín brott.

2) Eftirfarandi dálkur fyrir gúasatín bætist við í V. viðauka:

„Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a])	Gúasatín (gúasatínasetat, summa efnisþátta)
(1)	(2)	(3)
0100000	**NÝ EÐA FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR**	**0,05**[*]
0110000	**Sítrusávextir**	
0110010	Greipaldin	
0110020	Appelsínur	
0110030	Sítrónur	
0110040	Súraldin	
0110050	Mandarínur	
0110990	Annað	
0120000	**Trjáhnetur**	
0120010	Möndlur	
0120020	Parahnetur	
0120030	Kasúhnetur	
0120040	Hestakastaníuhnetur	
0120050	Kókoshnetur	
0120060	Heslihnetur	
0120070	Goðahnetur	
0120080	Pekanhnetur	
0120090	Furuhnetukjarnar	
0120100	Pistasíuhnetur	
0120110	Valhnetur	
0120990	Annað	
0130000	**Kjarnaávextir**	
0130010	Epli	

(1)	(2)	(3)
0130020	Perur	
0130030	Kveði	
0130040	Trjámispilsaldin	
0130050	Dúnepli/japansplómur	
0130990	Annað	
0140000	**Steinaldin**	
0140010	Apríkósur	
0140020	Kirsuber (sæt)	
0140030	Ferskjur	
0140040	Plómur	
0140990	Annað	
0150000	**Ber og smá aldin**	
0151000	a) *Þrúgur*	
0151010	Vínber til neyslu	
0151020	Vínþrúgur	
0152000	b) *Jarðarber*	
0153000	c) *Klungurber*	
0153010	Brómber	
0153020	Daggarber	
0153030	Hindber (rauð og gul)	
0153990	Annað	
0154000	d) *Önnur smá aldin og ber*	
0154010	Bláber	
0154020	Trönuber	
0154030	Rifsber (rauð og hvít) og sólber	
0154040	Stikilsber (græn, rauð og gul)	
0154050	Rósaldin	
0154060	Mórber (svört og hvít)	
0154070	Eplaþyrniber/Miðjarðarhafstrjámispilsaldin	
0154080	Ylliber	
0154990	Annað	

(1)	(2)	(3)
0160000	**Ýmis aldin með:**	
0161000	a) *Ætu hýði*	
0161010	Döðlur	
0161020	Fíkjur	
0161030	Ólífur til átu	
0161040	Gullappelsínur	
0161050	Stjörnualdin	
0161060	Gallaldin	
0161070	Jövuplómur	
0161990	Annað	
0162000	b) *Óætu hýði, lítil*	
0162010	Kíví (græn, rauð, gul)	
0162020	Litkaber	
0162030	Píslaraldin	
0162040	Kaktusfíkjur	
0162050	Stjörnuepli	
0162060	Persimónur/Virginíu-kakí	
0162990	Annað	
0163000	c) *Óætu hýði, stór*	
0163010	Lárperur	
0163020	Bananar	
0163030	Mangó	
0163040	Papæjualdin	
0163050	Granatepli	
0163060	Morgunberkjur	
0163070	Gvövur	
0163080	Ananas	
0163090	Brauðaldin	
0163100	Dáraaldin	
0163110	Nónberkjur	
0163990	Annað	
0200000	**NÝTT EÐA FRYST GRÆNMETI**	**0,05**(*)
0210000	**Rótarávextir og hnýði**	
0211000	a) *Kartöflur*	
0212000	b) *Hitabeltisrótarávextir og -hnýði*	
0212010	Kassavarætur	

(1)	(2)	(3)
0212020	Sætar kartöflur	
0212030	Mjölrótarhnýði	
0212040	Örvarrætur	
0212990	Annað	
0213000	c) *Aðrir rótarávextir og hnýði, að sykurrófum undanskildum*	
0213010	Rauðrófur	
0213020	Gulrætur	
0213030	Hnúðsillur/hnúðsellerí	
0213040	Piparrót	
0213050	Ætihnúðar	
0213060	Nípur	
0213070	Steinseljurætur	
0213080	Hreðkur	
0213090	Hafursrætur	
0213100	Gulrófur	
0213110	Næpur	
0213990	Annað	
0220000	**Laukar**	
0220010	Hvítlaukur	
0220020	Laukar	
0220030	Skalottlaukar	
0220040	Vorlaukar og pípulaukar	
0220990	Annað	
0230000	**Aldingrænmeti**	
0231000	a) *Náttskuggaætt*	
0231010	Tómatar	
0231020	Paprikur	
0231030	Eggaldin	
0231040	Okrur	
0231990	Annað	
0232000	b) *Plöntur af graskersætt með ætu hýði*	
0232010	Gúrkur	
0232020	Smágúrkur	

(1)	(2)	(3)
0232030	Dvergbítar	
0232990	Annað	
0233000	c) *Plöntur af graskersætt með óætu hýði*	
0233010	Melónur	
0233020	Risagrasker	
0233030	Vatnsmelónur	
0233990	Annað	
0234000	d) *Sykurmaís*	
0239000	e) *Annað aldingrænmeti*	
0240000	**Kál (að undanskildum rótum og nýblöðum af plöntum af ættkvíslinni *Brassica*)**	
0241000	a) *Blómstrandi kál*	
0241010	Spergilkál	
0241020	Blómkál	
0241990	Annað	
0242000	b) *Kálhöfuð*	
0242010	Rósakál	
0242020	Höfuðkál	
0242990	Annað	
0243000	c) *Blaðkál*	
0243010	Kínakál	
0243020	Grænkál	
0243990	Annað	
0244000	d) *Hnúðkál*	
0250000	**Blaðgrænmeti, kryddjurtir og æt blóm**	
0251000	a) *Salat og salatplöntur*	
0251010	Vorsalat/strábrúða	
0251020	Salat	
0251030	Breiðblaða salatfíflar	
0251040	Karsi og aðrar spírur og sprotar	
0251050	Vetrarkarsi	
0251060	Klettasalat	
0251070	Sinnepskál	
0251080	Nýblöð af plöntum (þ.m.t. tegundum af ættkvíslinni *Brassica*)	

(1)	(2)	(3)
0251990	Annað	
0252000	b) *Spínat og ápekk blöð*	
0252010	Spínat	
0252020	Súpugull	
0252030	Blaðbeðjur	
0252990	Annað	
0253000	c) *Vínviðarlauf og ápekkar tegundir*	
0254000	d) *Brunnperla*	
0255000	e) *Jólasalat/salatfiflar*	
0256000	f) *Kryddjurtir og æt blóm*	
0256010	Kerfill	
0256020	Graslaukur	
0256030	Blöð af selleríi	
0256040	Steinselja	
0256050	Salvía	
0256060	Rósmarín	
0256070	Garðablóðberg	
0256080	Basilíka og æt blóm	
0256090	Lárviðarlauf	
0256100	Fáfnisgras	
0256990	Annað	
0260000	**Belgávextir**	
0260010	Baunir (með fræbelg)	
0260020	Baunir (án fræbelgs)	
0260030	Ertur (með fræbelg)	
0260040	Ertur (án fræbelgs)	
0260050	Linsubaunir	
0260990	Annað	
0270000	**Stöngulgrænmeti**	
0270010	Sperglar	
0270020	Salatþistlar	
0270030	Sellerí	
0270040	Hnúðfenníkur	
0270050	Ætiþistlar	
0270060	Blaðlaukar	
0270070	Rabarbarar	

(1)	(2)	(3)
0270080	Bambussprotar	
0270090	Pálmakjarnar	
0270990	Annað	
0280000	**Sveppir, mosar og skófir**	
0280010	Ræktaðir sveppir	
0280020	Villtir sveppir	
0280990	Mosar og skófir	
0290000	**Þörungar og dreifkjörnungslífverur**	
0300000	**BELGÁVEXTIR**	**0,05**(*)
0300010	Baunir	
0300020	Linsubaunir	
0300030	Ertur	
0300040	Lúpinur/lúpínubaunir	
0300990	Annað	
0400000	**OLÍUFRÆ OG OLÍURÍK ALDIN**	**0,05**(*)
0401000	**Olíufræ**	
0401010	Hörfræ	
0401020	Jarðhnetur	
0401030	Valmúafræ	
0401040	Sesamfræ	
0401050	Sólblómafræ	
0401060	Repjufræ	
0401070	Sojabaunir	
0401080	Mustarðsfræ	
0401090	Baðmullarfræ	
0401100	Risagraskersfræ	
0401110	Litunarþistilsfræ	
0401120	Hjólkrónufræ	
0401130	Akurdoðrufræ	
0401140	Hampfræ	
0401150	Kristpálmafræ	
0401990	Annað	
0402000	**Olíurík aldin**	
0402010	Ólífur til olíuframleiðslu	
0402020	Olíupálmakjarnar	

(1)	(2)	(3)
0402030	Olíupálmaaldin	
0402040	Dúnviðaraldin	
0402990	Annað	
0500000	**KORNTEGUNDIR**	**0,05**(*)
0500010	Bygg	
0500020	Bókhveiti og aðrar sýndarkorntegundir	
0500030	Maís	
0500040	Hirsi	
0500050	Hafrar	
0500060	Hrísgrjón	
0500070	Rúgur	
0500080	Dúrra	
0500090	Hveiti	
0500990	Annað	
0600000	**TE, KAFFI, JURTATE, KAKÓ OG JÓHANNESARBRAUÐ**	**0,05**(*)
0610000	**Te**	
0620000	**Kaffibaunir**	
0630000	**Jurtate úr:**	
0631000	a) *Blómum*	
0631010	Gæsajurt	
0631020	Læknakólfur	
0631030	Rósir	
0631040	Jasmína	
0631050	Lindiblóm	
0631990	Annað	
0632000	b) *Blöðum og kryddjurtum*	
0632010	Jarðarber	
0632020	Rauðrunnalauf	
0632030	Indíánaþyrnislauf	
0632990	Annað	
0633000	c) *Rótum*	
0633010	Garðabrúða	
0633020	Ginseng	
0633990	Annað	

(1)	(2)	(3)
0639000	d) *Öðrum plöntuhlutum*	
0640000	**Kakóbaunir**	
0650000	**Jóhannesarbrauð**	
0700000	**HUMLAR**	**0,05**(*)
0800000	**KRYDD**	
0810000	**Krydd úr fræjum**	**0,05**(*)
0810010	Anís/anísfræ	
0810020	Ilmfrú	
0810030	Sellerí	
0810040	Kóríander	
0810050	Kúmín	
0810060	Dill	
0810070	Fenníkur	
0810080	Grikkjasmári	
0810090	Múskat	
0810990	Annað	
0820000	**Aldinkrydd**	**0,05**(*)
0820010	Allrahanda	
0820020	Kínapipar	
0820030	Kúmen	
0820040	Kardimommur	
0820050	Einiber	
0820060	Pipar (svartur, grænn og hvítur)	
0820070	Vanilla	
0820080	Tamarind	
0820990	Annað	
0830000	**Barkarkrydd**	**0,05**(*)
0830010	Kanill	
0830990	Annað	
0840000	**Krydd úr rótum og jarðstönglum**	
0840010	Lakkrís	**0,05**(*)
0840020	Engifer	**0,05**(*)
0840030	Túrmerik/gullinrót	**0,05**(*)
0840040	Piparrót	**(+)**
0840990	Annað	**0,05**(*)
0850000	**Blómhnappakrydd**	**0,05**(*)
0850010	Negull	

(1)	(2)	(3)
0850020	Kapers	
0850990	Annað	
0860000	**Frævukrydd**	**0,05**(*)
0860010	Saffran	
0860990	Annað	
0870000	**Frækápukrydd**	**0,05**(*)
0870010	Múskatblóm	
0870990	Annað	
0900000	**SYKURPLÖNTUR**	**0,05**(*)
0900010	Sykurrófurætur	
0900020	Sykurreyr	
0900030	Kaffifífilsrætur	
0900990	Annað	
1000000	**AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU – LANDDÝR**	
1010000	**Vefir:**	**0,05**(*)
1011000	a) *Svín*	
1011010	Vöðvi	
1011020	Fituvefur	
1011030	Lifur	
1011040	Nýru	
1011050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	
1011990	Annað	
1012000	b) *Nautgripir*	
1012010	Vöðvi	
1012020	Fituvefur	
1012030	Lifur	
1012040	Nýru	
1012050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	
1012990	Annað	
1013000	c) *Sauðfé*	
1013010	Vöðvi	
1013020	Fituvefur	
1013030	Lifur	
1013040	Nýru	

(1)	(2)	(3)
1013050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	
1013990	Annað	
1014000	d) *Geitur*	
1014010	Vöðvi	
1014020	Fituvefur	
1014030	Lifur	
1014040	Nýru	
1014050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	
1014990	Annað	
1015000	e) *Hestar*	
1015010	Vöðvi	
1015020	Fituvefur	
1015030	Lifur	
1015040	Nýru	
1015050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	
1015990	Annað	
1016000	f) *Alifuglar*	
1016010	Vöðvi	
1016020	Fituvefur	
1016030	Lifur	
1016040	Nýru	
1016050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	
1016990	Annað	
1017000	g) *Önnur alin landdýr*	
1017010	Vöðvi	
1017020	Fituvefur	
1017030	Lifur	
1017040	Nýru	
1017050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	
1017990	Annað	
1020000	**Mjólk**	**0,02**(*)
1020010	Nautgripir	
1020020	Sauðfé	
1020030	Geitur	
1020040	Hestar	
1020990	Annað	

(1)	(2)	(3)
1030000	**Fuglsegg**	**0,05**(*)
1030010	Hænsni	
1030020	Endur	
1030030	Gæsir	
1030040	Kornhænur	
1030990	Annað	
1040000	**Hunang og aðrar býræktarafurðir**	**0,05**(*)
1050000	**Froskdýr og skriðdýr**	**0,05**(*)
1060000	**Landhryggleysingjar**	**0,05**(*)
1070000	**Villt landhryggdýr**	**0,05**(*)

(*) Neðri greiningarmörk

([a]) Fyrir fullgerða skrá yfir afurðir úr plöntu- og dýraríkinu sem hámarksgildi leifa eiga við um skal vísa í I. viðauka.

Gúasatín (gúasatínasetat, summa efnisþátta)

(+) Gildandi hámarksgildi leifa fyrir piparrót (*Armoracia rusticana*) í flokknum krydd (kenninúmer 0840040) er það sem fastsett hefur verið fyrir piparrót (*Armoracia rusticana*) í grænmetisflokki, rótar- og hýðisgrænmetisflokki (kenninúmer 0213040) að teknu tilliti til breytinga á gildum eftir vinnslu (þurrkun) skv. 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

0840040 Piparrót“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1146/2014 **2016/EES/27/38**

frá 23. október 2014

um breytingu á II., III., IV. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir antrakínón, benflúralín, bentasón, brómoxýníl, klórþalóníl, famoxadón, ímasamox, metýlbrómíð, própaníl og brennisteinssýru í eða á tilteknum afurðum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum 5. gr. (1. mgr.), 14. gr. (a-lið 1. mgr.), 18. gr. (b-lið 1. mgr.) og 49. gr. (2. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka og B-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir bentasón, brómoxýníl, klórþalóníl, famoxadón og ímasamox. Í A-hluta III. viðauka við þá reglugerð voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir benflúralín og própaníl. Engin hámarksgildi leifa voru fastsett fyrir antrakínón, metýlbrómíð og brennisteinssýru í reglugerð (EB) nr. 396/2005 og þar eð þessu virku efni hafa ekki verið færð á skrá í IV. viðauka við þá reglugerð gildir staðalgildi, sem nemur 0,01 mg/kg, sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 18. gr. þeirrar reglugerðar.

2) Að því er varðar antrakínón lagði Matvælaöryggisstofnun Evrópu, hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin, fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 1. mgr. 12. gr. sömu reglugerðar ([2]). Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/986/EB ([3]) er kveðið á um að færa antrakínón ekki á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([4]). Að teknu tilliti til þess að notkun antrakínóns er ekki lengur leyfð innan Sambandsins og ekki hefur verið tilkynnt um að notkun sé leyfð í þriðju löndum þykir rétt að fastsetja hámarksgildi leifa við sérstök magngreiningarmörk eða við staðlað hámarksgildi leifa í samræmi við b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

3) Að því er varðar benflúralín lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 ([5]). Hún mælti með því að lækka hámarksgildi leifa fyrir salat, breiðblaða salatfífla, klettasalat, jólasalat, baunir (ferskar, með fræbelg), baunir (ferskar, án fræbelgs), ertur (ferskar, með fræbelg), ertur (ferskar, án fræbelgs), linsubaunir, baunir (þurrkaðar), ertur (þurrkaðar), sólblómafræ, repjufræ, byggkorn, hveitikorn og kaffifífilsrætur. Hún mælti með því að viðhalda núverandi hámarksgildum leifa að því er varðar tilteknar afurðir. Hún komst að þeirri niðurstöðu að engar upplýsingar væru fyrir hendi varðandi hámarksgildi leifa fyrir hvítlauk, tómata, gúrkur, melónur og jarðhnetur og að þörf sé á frekari athugun áhættustjórnenda. Að því er varðar þessar afurðir ætti að fastsetja hámarksgildi leifa við sérstök magngreiningarmörk eða við staðlað hámarksgildi leifa eins og sett er fram í b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

4) Að því er varðar bentasón lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við 1. mgr. 12. gr. sömu reglugerðar ([6]). Hún lagði til að skilgreiningunni á leifum verði breytt. Hún mælti með því að lækka hámarksgildi leifa fyrir hvítlauk, skalottlauka, kryddjurtir, baunir (ferskar, án fræbelgs), ertur (ferskar, með fræbelg), ertur (ferskar, án fræbelgs), jarðhnetur, hirsi, alifugla (kjöt, fitu og lifur) og fuglsegg. Hún mælti með því að viðhalda núverandi hámarksgildum leifa að því er varðar tilteknar afurðir. Hún komst að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar vanti um hámarksgildi leifa fyrir kartöflur, blaðlauka, jurtate (þurrkuð, lauf), svín (kjöt, fitu, lifur og nýru), nautgripi (kjöt, fitu, lifur og nýru), sauðfé (kjöt, fitu, lifur og nýru), geitur (kjöt, fitu, lifur og nýru) og mjólk (úr nautgripum, sauðfé og geitum) og að þörf sé á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildin sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Þessi hámarksgildi verða endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að engar upplýsingar væru fyrir hendi varðandi hámarksgildi leifa fyrir vorlauka, gúrkur, valmúafræ og sojabaunir og að þörf sé á frekari athugun áhættustjórnenda. Að því er varðar þessar afurðir ætti að fastsetja hámarksgildi leifa við sérstök magngreiningarmörk eða við staðlað hámarksgildi leifa eins og sett er fram í b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 308, 29.10.2014, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

([2]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels (MRLs) for anthraquinone according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(6), 2761, (6 bls.).

([3]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([4]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/986/EB frá 15. desember 2008 um að færa antrakínón ekki á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um afturköllun leyfa fyrir plöntuvarnarvörum sem innihalda efnið (Stjtíð. ESB L 352, 31.12.2008, bls. 48).

([5]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels (MRLs) for benfluralin according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(6), 3278, (33 bls.).

([6]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels (MRLs) for bentazone according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar* Evrópu 2012 10(7), 2822, (65 bls.).

5) Að því er varðar brómoxýníl lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við 1. mgr. 12. gr. sömu reglugerðar ([7]). Hún lagði til að skilgreiningunni á leifum verði breytt. Hún mælti með því að lækka hámarksgildi leifa fyrir hvítlauk, lauka, skalottlauka, sykurmaís, spergla, blaðlauka og hörfræ. Hún mælti með því að viðhalda núverandi hámarksgildum leifa að því er varðar tilteknar afurðir. Hún komst að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar vanti um hámarksgildi leifa fyrir humla og að þörf sé á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þá afurð í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildið sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Það hámarksgildi verður endurskoðað; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar.

6) Að því er varðar klórþalóníl lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við 1. mgr. 12. gr. sömu reglugerðar ([8]). Hún komst að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar vanti um hámarksgildi leifa fyrir epli, perur, kveði, trjámispilsaldin, dúnepli, apríkósur, ferskjur, vínber til neyslu og vínþrúgur, jarðarber, stikilsber, banana, papæjualdin, kartöflur, gulrætur, hnúðsillur, piparrót, nípur, steinseljurætur, hafursrætur, næpur, hvítlauk, lauka, skalottlauka, vorlauka, tómata, eggaldin, gúrkur, smágúrkur, dvergbíta, melónur, risagrasker, vatnsmelónur, blómkál, rósakál, höfuðkál, blöð af selleríi, steinselju, baunir (ferskar, með fræbelg), baunir (ferskar, án fræbelgs), ertur (ferskar, með fræbelg), ertur (ferskar, án fræbelgs), linsubaunir (ferskar), spergla, sellerí, blaðlauka, ræktaða sveppi, baunir (þurrkaðar), linsubaunir (þurrkaðar), ertur (þurrkaðar), lúpínur (þurrkaðar), jarðhnetur, byggkorn, hafrakorn, hveitikorn, rúgkorn, humla, svín (kjöt, fitu, lifur og nýru), nautgripi (kjöt, fitu, lifur og nýru), sauðfé (kjöt, fitu, lifur og nýru), geitur (kjöt, fitu, lifur og nýru) alifugla (kjöt, fitu og lifur), mjólk (úr nautgripum, sauðfé og geitum) og fuglsegg, og að þörf sé á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildin sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Þessi hámarksgildi verða endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar.

7) Að því er varðar famoxadón lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við 1. mgr. 12. gr. sömu reglugerðar ([9]). Hún mælti með því að lækka hámarksgildi leifa fyrir hafrakorn. Hún mælti með því að viðhalda núverandi hámarksgildum leifa að því er varðar tilteknar afurðir. Hún komst að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar vanti um hámarksgildi leifa fyrir repjufræ, svín (kjöt, fitu, lifur og nýru), nautgripi (kjöt, fitu, lifur og nýru), sauðfé (kjöt, fitu, lifur og nýru), geitur (kjöt, fitu lifur og nýru), alifugla (kjöt, fitu og lifur), mjólk (úr nautgripum, sauðfé og geitum) og fuglsegg, og að þörf sé á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildin sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Þessi hámarksgildi verða endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar.

8) Að því er varðar ímasamox lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við 1. mgr. 12. gr. sömu reglugerðar ([10]). Hún komst að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar vanti um hámarksgildi leifa fyrir baunir (ferskar, með fræbelg), ertur (ferskar, án fræbelgs), baunir (þurrkaðar), linsubaunir (þurrkaðar), ertur (þurrkaðar), sólblómafræ, repjufræ, sojabaunir, maís, hrísgrjón, svín (kjöt, fitu, lifur og nýru), nautgripi (kjöt, fitu, lifur og nýru), sauðfé (kjöt, fitu, lifur og nýru), geitur (kjöt, fitu, lifur og nýru) og mjólk (úr nautgripum, sauðfé og geitum) og að þörf sé á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildin sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Þessi hámarksgildi verða endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar.

9) Að því er varðar metýlbrómíð lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 1. mgr. 12. gr. sömu reglugerðar ([11]). Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/753/EB ([12]) er kveðið á um að færa metýlbrómíð ekki á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE og það staðfest í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/120/ESB ([13]). Ekki hefur verið tilkynnt um að notkun sé leyfð í þriðju löndum. Ekki er unnt að magngreina staðlað hámarksgildi leifa fyrir metýlbrómíð í samanburðarrannsóknarstofum og því er ekki viðeigandi að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þetta efni. Hins vegar ummyndast metýlbrómíð náttúrulega í brómíðjónir, sem hámarksgildi leifa hafa þegar verið fastsett fyrir, sem eru mælanlegar í samanburðarrannsóknarstofum.

([7]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels (MRLs) for bromoxynil according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(8), 2861, (41 bls.).

([8]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels (MRLs) for cholorothalonil according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar* Evrópu 2012 10(10), 2940 (87 bls.).

([9]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels (MRLs) for famoxadone according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(7), 2835, (53 bls.).

([10]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels (MRLs) for imazamox according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(6), 3282 (34 bls.).

([11]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels (MRLs) for methyl bromide according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(7), 3339 (29 bls.).

([12]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/753/EB frá 18. september 2008 um að færa metýlbrómíð ekki á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um afturköllun leyfa fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda það efni (Stjtíð. ESB L 258, 26.9.2008, bls. 68).

([13]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/120/ESB frá 21. febrúar 2011 um að færa metýlbrómíð ekki á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 47, 22.2.2011, bls. 19).

10) Að því er varðar própaníl lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við 1. mgr. 12. gr. sömu reglugerðar ([14]). Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/769/EB ([15]) er kveðið á um að færa própaníl ekki á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE og það staðfest í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1078/2011 ([16]). Að teknu tilliti til þess að notkun própaníls er ekki lengur leyfð innan Sambandsins og ekki hefur verið tilkynnt um að notkun sé leyfð í þriðju löndum þykir rétt að fastsetja hámarksgildi leifa við magngreiningarmörk eða við staðlað hámarksgildi leifa í samræmi við b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005. Því ætti að fella brott hámarksgildi leifa, sem eru fastsett fyrir própaníl í III. viðauka, í samræmi við 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 í tengslum við a-lið 1. mgr. 14. gr. sömu reglugerðar.

11) Að því er varðar brennisteinssýru lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit í samræmi við 1. mgr. 12. gr. sömu reglugerðar ([17]). Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/937/EB ([18]) er kveðið á um að færa brennisteinssýru ekki á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. Að teknu tilliti til lítilla eiturhrifa brennisteinssýru mælti Matvælaöryggisstofnunin með því að ekki yrðu fastsett hámarksgildi leifa. Því er rétt að færa brennisteinssýru á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.

12) Framkvæmdastjórnin hafði samráð við tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins fyrir varnarefnaleifar varðandi nauðsyn þess að aðlaga tiltekin magngreiningarmörk. Niðurstöður þessara rannsóknarstofa að því er varðar nokkur efni voru þær að tækniþróun krefjist þess að fastsett séu sérstök magngreiningarmörk fyrir tilteknar afurðir.

13) Á grundvelli rökstuddra álita Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli í þessu tilliti uppfylla viðeigandi breytingar á hámarksgildum leifa kröfurnar í 2. mgr. 14 gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

14) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.

15) Til að koma megi við eðlilegri markaðssetningu, vinnslu og neyslu afurða ætti í þessari reglugerð að kveða á um umbreytingarfyrirkomulag vegna afurða sem hafa verið framleiddar á löglegan hátt áður en hámarksgildum leifa var breytt og þar sem upplýsingar sýna að öflugri neytendavernd sé viðhaldið.

16) Áður en breytt hámarksgildi leifa taka gildi ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin, þriðju lönd og stjórnendur matvælafyrirtækja geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja þessum breytingum á hámarksgildum leifa.

17) Samráð hefur verið haft við viðskiptaaðila Sambandsins, fyrir milligöngu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, um ný hámarksgildi leifa og tillit hefur verið tekið til athugasemda þeirra.

18) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II., III., IV. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð (EB) nr. 396/2005, eins og sú reglugerð var áður en henni var breytt með þessari reglugerð, gildir áfram um afurðir sem voru framleiddar á lögmætan hátt fyrir 18. maí 2015.

([14]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels (MRLs) for propanil according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(6), 3280 (22 bls.).

([15]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/769/EB frá 30. september 2008 um að færa própaníl ekki á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um afturköllun leyfa fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda efnið (Stjtíð. ESB L 263, 2.10.2008, bls. 14).

([16]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1078/2011 frá 25. október 2011 um að samþykkja ekki virka efnið própaníl í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 279, 26.10.2011, bls. 1).

([17]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Review of the existing maximum residue levels (MRLs) for sulphuric acid according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(1), 2556 (9 bls.).

([18]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/937/EB frá 5. janúar 2008 um að færa brennisteinssýru ekki á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um afturköllun leyfa fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda efnið (Stjtíð. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 88).

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún skal þó gilda frá 18. maí 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. október 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum II., III., IV. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað dálkanna fyrir bentasón, brómoxýníl, klórþalóníl, famoxadón og ímasamox komi eftirfarandi:

„Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um (a)	Summa bentasóns, salta þess og 6-hýdroxýbentasóns (óbundið og tilsvarandi afleiða) og 8-hýdroxýbentasóns (óbundið og tilsvarandi afleiða), gefin upp sem bentasón (R)	Brómoxýníl og sölt þess, gefið upp sem brómoxýníl	Klórþalóníl (R)	Famoxadón (F)	Summa ímasamox og salta þess, gefin upp sem ímasamox
0100000	1. **NÝ EÐA FRYST ALDIN, HNETUR**	0,03(*)	0,01(*)			0,05(*)
0110000	i) **Sítrusávextir**			0,01(*)	0,01(*)	
0110010	Greipaldin (pómelónur, sætugreipaldin, tangeló (að undanskildum minneólum), ljótaldin og aðrir blendingar)					
0110020	Appelsínur (ilmappelsínur, beiskjuappelsínur, myrtu-appelsínur og aðrir blendingar)					
0110030	Sítrónur (skrápsítróna, sítróna, fingursítróna (*Citrus medica* var. *sarcodactylis*))					
0110040	Súraldin					
0110050	Mandarínur (klementínur, tangarínur, minneólur og aðrir blendingar tangórínu (*Citrus reticulata* × *sinensis*))					
0110990	Annað					
0120000	ii) **Trjáhnetur**			0,01(*)	0,01(*)	
0120010	Möndlur					
0120020	Parahnetur					
0120030	Kasúhnetur					
0120040	Kastaníuhnetur					
0120050	Kókoshnetur					
0120060	Heslihnetur (stórheslihnetur)					
0120070	Goðahnetur					
0120080	Pekanhnetur					
0120090	Furuhnetur					

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um (a)	Summa bentasóns, salta þess og 6-hýdroxýbentasóns (óbundið og tilsvarandi afleiða) og 8-hýdroxýbentasóns (óbundið og tilsvarandi afleiða), gefin upp sem bentasón (R)	Brómoxýnil og sölt þess, gefið upp sem brómoxýnil	Klórþalónil (R)	Famoxadón (F)	Summa ímasamox og salta þess, gefin upp sem ímasamox
0120100	Pistasíuhnetur					
0120110	Valhnetur					
0120990	Annað					
0130000	iii) **Kjarnaávextir**			2 (+)	0,01(*)	
0130010	Epli (skógarepli)					
0130020	Perur (sandperur)					
0130030	Kveði					
0130040	Trjámispilsaldin					
0130050	Dúnepli					
0130990	Annað					
0140000	iv) **Steinaldin**				0,01(*)	
0140010	Apríkósur			1 (+)		
0140020	Kirsuber (sætkirsuber, súrkirsuber)			0,01(*)		
0140030	Ferskjur (nektarínur og áþekkir blendingar)			1 (+)		
0140040	Plómur (sveskjuplómur, eðalplómur, kirsuberjaplómur, þyrniplómur, brjóstaber (*Ziziphus zizyphus*))			0,01(*)		
0140990	Annað			0,01(*)		
0150000	v) **Ber og smá aldin**					
0151000	a) *Vínber til neyslu og vínþrúgur*			3 (+)	2	
0151010	Vínber til neyslu					
0151020	Vínþrúgur					
0152000	b) *Jarðarber*			4 (+)	0,01(*)	
0153000	c) *Klungurber*			0,01(*)	0,01(*)	
0153010	Brómber					
0153020	Daggarber (logaber, teigsber, bersaber, múltuber og aðrir *Rubus*-blendingar)					

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um (a)	Summa bentasóns, salta þess og 6-hýdroxýbentasóns (óbundið og tilsvarandi afleiða) og 8-hýdroxýbentasóns (óbundið og tilsvarandi afleiða), gefin upp sem bentasón (R)	Brómoxýnil og sölt þess, gefið upp sem brómoxýnil	Klórþalónil (R)	Famoxadón (F)	Summa ímasamox og salta þess, gefin upp sem ímasamox
0153030	Hindber, (vínhindber, bjarnarber/hindber, (*Rubus arcticus*), mjaðarhindber (*Rubus arcticus* × *Rubus idaeus*))					
0153990	Annað					
0154000	d) *Önnur smá aldin og ber*				0,01(*)	
0154010	Bláber (aðalbláber)			0,01(*)		
0154020	Trönuber (rauðber/týtuber (*V. vitis idaea*))			0,01(*)		
0154030	Rifsber (rauð og hvít) og sólber			0,01(*)		
0154040	Stikilsber (þ.m.t. blendingar við aðrar *Ribes*-tegundir)			15 (+)		
0154050	Rósaldin			0,01(*)		
0154060	Mórber (aldin jarðarberjatrés)			0,01(*)		
0154070	Eplaþyrniber (kívíber (*Actinidia arguta*))			0,01(*)		
0154080	Ylliber (logalaufsber, reyniber, hafþyrnisber/strandþyrnisber, snæþyrnisber, amalber og önnur ber af trjákenndum plöntum)			0,01(*)		
0154990	Annað			0,01(*)		
0160000	vi) **Ýmis aldin**				0,01(*)	
0161000	a) *Ætt hýði*			0,01(*)		
0161010	Döðlur					
0161020	Fíkjur					
0161030	Ólífur til átu					
0161040	Gullappelsínur (Marumi gullappelsínur, nagami gullappelsínur, læmhvatar (*Citrus aurantifolia* × *Fortunella* spp.))					
0161050	Stjörnualdin (bilimbi)					
0161060	Gallaldin					
0161070	Jövuplómur (jövuepli, malajaepli, rósaepli, brasilíukirsuber, grumichama (*Eugenia uniflora)*)					

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um (a)	Summa bentasóns, salta þess og 6-hýdroxýbentasóns (óbundið og tilsvarandi afleiða) og 8-hýdroxýbentasóns (óbundið og tilsvarandi afleiða), gefin upp sem bentasón (R)	Brómoxýnil og sölt þess, gefið upp sem brómoxýnil	Klórþalónil (R)	Famoxadón (F)	Summa imasamox og salta þess, gefin upp sem imasamox
0161990	Annað					
0162000	b) *Óætt hýði, lítið*			0,01(*)		
0162010	Kíví					
0162020	Litkaber (tröllígulber, ígulber, vörtuber, gullaldin, búlukka, salak)					
0162030	Píslaraldin					
0162040	Kaktusfíkjur					
0162050	Stjörnuepli					
0162060	Persimónur (Virginíu-kakí) (svartaldin, hvítaldin, grænaldin, gulaldin, mjúkaldin)					
0162990	Annað					
0163000	c) *Óætt hýði, stórt*					
0163010	Lárperur			0,01(*)		
0163020	Bananar (dvergbananar, mjölbananar, epla-bananar)			15 (+)		
0163030	Mangó			0,01(*)		
0163040	Papæjualdin			15 (+)		
0163050	Granatepli			0,01(*)		
0163060	Morgunberkjur (kvöldberkjur, sykurepli/sól-berkjur, flosberkjur (*Annona diversifolia*) og önnur miðlungsstór aldin af berkjuviðarætt)			0,01(*)		
0163070	Gvövur (drottningarhrísi/drekaávextir (*Hylo-cereus undatus*))			0,01(*)		
0163080	Ananas			0,01(*)		
0163090	Brauðaldin (saðningaraldin)			0,01(*)		
0163100	Dáraaldin			0,01(*)		
0163110	Nónberkjur			0,01(*)		
0163990	Annað			0,01(*)		

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um (a)	Summa bentasóns, salta þess og 6-hýdroxýbentasóns (óbundið og tilsvarandi afleiða) og 8-hýdroxýbentasóns (óbundið og tilsvarandi afleiða), gefin upp sem bentasón (R)	Brómoxýnil og sölt þess, gefið upp sem brómoxýnil	Klórþalónil (R)	Famoxadón (F)	Summa ímasamox og salta þess, gefin upp sem ímasamox
0200000	2. **NÝTT EÐA FRYST GRÆNMETI**					
0210000	i) **Rótarávextir og hnýði**		0,01(*)			0,05(*)
0211000	a) *Kartöflur*	0,2 (+)		0,01(*) (+)	0,02	
0212000	b) *Hitabeltisrótarávextir og -hnýði*	0,03(*)		0,01(*)	0,01(*)	
0212010	Kassava (þerrirætur, japanskar þerrirætur, fílseyru)					
0212020	Sætuhnúðar					
0212030	Mjölrótarhnýði (svarðarhnetur, jíkamarætur)					
0212040	Örvarrætur					
0212990	Annað					
0213000	c) *Aðrir rótarávextir og hnýði, að sykurrófum undanskildum*	0,03(*)			0,01(*)	
0213010	Rauðrófur			0,01(*)		
0213020	Gulrætur			0,3 (+)		
0213030	Hnúðsilla			1 (+)		
0213040	Piparrót (hvannarætur, skessujurtarrætur, gulvandarætur)			0,3 (+)		
0213050	Ætisólblóm (hnúskaljós)			0,01(*)		
0213060	Nípur			0,3 (+)		
0213070	Steinseljurætur			0,3 (+)		
0213080	Hreðkur (vetrarhreðkur, japanskar hreðkur, ætihreðkur og svipuð yrki, hnetusveipsef (*Cyperus esculentus*))			0,01(*)		
0213090	Hafursrætur (svartrætur, æt krókalappa)			0,3 (+)		
0213100	Gulrófur			0,01(*)		

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um (a)	Summa bentasóns, salta þess og 6-hýdroxýbentasóns (óbundið og tilsvarandi afleiða) og 8-hýdroxýbentasóns (óbundið og tilsvarandi afleiða), gefin upp sem bentasón (R)	Brómoxýníl og sölt þess, gefið upp sem brómoxýníl	Klórþalónil (R)	Famoxadón (F)	Summa ímasamox og salta þess, gefin upp sem ímasamox
0213110	Næpur			0,3 (+)		
0213990	Annað			0,01(*)		
0220000	ii) **Laukar**			(+)	0,01(*)	0,05(*)
0220010	Hvítlaukur	0,06	0,01(*)	0,01(*)		
0220020	Laukar (aðrir laukar, silfurlaukar)	0,1	0,01(*)	0,01(*)		
0220030	Skalottlaukar	0,06	0,01(*)	0,01(*)		
0220040	Vorlaukar og pípulaukar (aðrir vorlaukar og svipuð yrki)	0,03(*)	0,05	10		
0220990	Annað	0,03(*)	0,01(*)	0,01(*)		
0230000	iii) **Aldingrænmeti**					0,05(*)
0231000	a) Náttskuggaætt	0,03(*)	0,01(*)			
0231010	Tómatar (kirsuberjatómatar, *Physalis* spp., goðaber, úlfaber (*Lycium barbarum* og *L. chinense*), trjátómatar)			6 (+)	2	
0231020	Paprikur (eldpipar)			0,01(*)	0,01(*)	
0231030	Eggaldin (melónuperur, ljósaeggaldin (*S. macrocarpon*))			6 (+)	1,5	
0231040	Okrur			0,01(*)	0,01(*)	
0231990	Annað			0,01(*)	0,01(*)	
0232000	b) *Plöntur af graskersætt — með ætu hýði*	0,03(*)	0,01(*)	5 (+)	0,2	
0232010	Gúrkur					
0232020	Smágúrkur					
0232030	Dvergbítar (sumargrasker, grasker (gárugrasker), flöskugrasker (*Lagenaria siceraria*), peruker, beiskjugúrkur, slöngugúrkur, rifjalúffur)					
0232990	Annað					

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um (a)	Summa bentasóns, salta þess og 6-hýdroxýbentasóns (óbundið og tilsvarandi afleiða) og 8-hýdroxýbentasóns (óbundið og tilsvarandi afleiða), gefin upp sem bentasón (R)	Brómoxýníl og sölt þess, gefið upp sem brómoxýníl	Klórþalónil (R)	Famoxadón (F)	Summa ímasamox og salta þess, gefin upp sem ímasamox
0233000	c) *Graskersætt — með óætu hýði*	0,03(*)	0,01(*)	1 (+)		
0233010	Melónur (horngúrkur)				0,7	
0233020	Risagrasker (vetrargrasker, grasker (seinsprottið yrki))				0,01(*)	
2) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 105/2010 ([3]) um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 voru fastsett hámarksgildi fyrir okratoxín A í kryddi sem á að vera unnt að ná með því að beita góðum starfsvenjum. Til þess að gera kryddframleiðslulöndum kleift að koma á fyrirbyggjandi ráðstöfunum og til að raska ekki viðskiptum í óviðunandi mæli var í reglugerð (ESB) nr. 105/2010 enn fremur kveðið á um hærra hámarksgildi, sem nemur 30 µg/kg, í takmarkaðan tíma áður en hámarksgildið 12 µg/kg tekur gildi. Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 594/2012 ([4]) var þetta tímabil framlengt fyrir krydd af tegundinni *Capsicum* spp. til 31 desember 2014. Þjónustudeildir framkvæmdastjórnarinnar hafa, í samráði við sérfræðinga stjórnvalda frá aðildarríkjunum, unnið mat á því hvort unnt sé að ná lægra gildi fyrir okratoxín A með því að beita góðum starfsvenjum á mismunandi framleiðslusvæðum í heiminum. Þótt veruleg bæting hafi orðið á beitingu góðra starfsvenja á mismunandi framleiðslusvæðum er ekki unnt að ná fyrirhugaða lægra hámarksgildinu 15 µg/kg fyrir okratoxín A í kryddum af tegundinni *Capsicum* spp. til langframa vegna þess hversu óhagstæð veðurskilyrði geta verið á meðan á vexti og uppskeru stendur. Því er rétt að setja nýtt hámarksgildi fyrir okratoxín A í kryddum af tegundinni *Capsicum* spp. sem unnt er að ná með því að beita góðum starfsvenjum en sem tryggir samt heilbrigði manna öfluga vernd.

3) Því ætti að breyta viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006 til samræmis við það.

4) Þar eð hærra hámarksgildið 30 µg/kg gilti til 31. desember 2014 er rétt að kveða á um að hámarksgildið sem komið er á með þessari reglugerð gildi frá 1. janúar 2015.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 185, 14.7.2015, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð EB L 37, 13.2.1993, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum (Stjtíð. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 105/2010 frá 5. febrúar 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum að því er varðar okratoxín A (Stjtíð. ESB L 35 6.2.2010, bls. 7).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 594/2012 frá 5. júlí 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir aðskotaefnin okratoxín A, PCB-efni, sem ekki líkjast díoxíni, og melamín í matvælum (Stjtíð. ESB L 176, 6.7.2012, bls. 43).

2. gr.

Krydd af tegundinni *Capsicum* spp., sem ekki uppfylla hámarksgildið fyrir okratoxín A samkvæmt lið 2.2.11 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006, eins og henni er breytt með þessari reglugerð, sem eru sett á markað á lögmætan hátt fyrir 1. janúar 2015, má áfram setja á markað eftir þann dag til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað liðar 2.2.11 í þætti 2.2., okratoxín A, í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006 komi eftirfarandi:

„2.2.11.	Krydd, þ.m.t. þurrkuð krydd	
	Piper spp. (aldin, þ.m.t. hvítur og svartur pipar)	15 µg/kg
	Myristica fragrans (múskat)	
	Zingiber officinale (engifer)	
	Curcuma longa (túrmerik)	
	Capsicum spp. (þurrkuð aldin, heil eða möluð, þ.m.t. eldpipar, eldpiparduft, kajennpipar og paprika)	20 µg/kg
	Kryddblöndur sem innihalda eina framangreindra kryddtegunda	15 µg/kg“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2062 **2016/EES/27/43**

frá 17. nóvember 2015

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið sísapróníl (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([1]), einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af áliti Lyfjastofnunar Evrópu sem dýralyfjanefndin setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 er þess krafist að hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Sambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða í sæfivörur sem eru notaðar í búfjárrækt, skulu ákvörðuð í reglugerð.

2) Í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 ([2]) eru sett fram lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu.

3) Sísapróníl hefur enn ekki verið tilgreint í þeirri töflu.

4) Umsókn um að ákvarða hámarksgildi leifa fyrir sísapróníl í nautgripum hefur verið lögð fyrir Lyfjastofnun Evrópu.

5) Lyfjastofnun Evrópu hefur, á grundvelli álits dýralyfjanefndarinnar, mælt með því að ákvarða hámarksgildi leifa fyrir sísapróníl í nautgripum, sem gildir um vöðva, fitu, lifur og nýru, að því tilskildu að efnið sé ekki notað fyrir dýr sem gefa af sér mjólk til manneldis.

6) Samkvæmt 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 skal Lyfjastofnun Evrópu íhuga að nota hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í tilteknum matvælum, fyrir önnur matvæli, sem unnin eru úr sömu dýrategund, eða hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í einni eða fleiri dýrategundum, fyrir aðrar tegundir dýra.

7) Lyfjastofnun Evrópu telur að viðeigandi sé að yfirfæra hámarksgildi leifa fyrir sísapróníl af nautgripum yfir á geitur.

8) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til samræmis við það.

9) Rétt þykir að veita viðkomandi hagsmunaaðilum hæfilegan frest til að gera ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að fara að nýju hámarksgildi leifa.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 301, 18.11.2015, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 17. janúar 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Færsla fyrir eftirfarandi efni bætist við í stafrófsröð í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði (skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)	Meðferðarfræðileg flokkun
„Sísapróníl	Sísapróníl	Nautgripir, geitur	100 µg/kg 2000 µg/kg 200 µg/kg 100 µg/kg	Vöðvi Fita Lifur Nýru	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis	Sníklalyf/útsníklalyf“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/26 **2016/EES/27/44**

frá 13. janúar 2016

um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi nónýlfenóletoxýlötum) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ([1]), einkum 1. mgr. 68. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 2. ágúst 2013 lagði Konungsríkið Svíþjóð málsskjöl (hér á eftir nefnd málsskjöl skv. XV. viðauka) fyrir Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin), skv. 4. mgr. 69. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, í því skyni að hefja málsmeðferð varðandi takmarkanir í samræmi við 69. til 73. gr. þeirrar reglugerðar. Upphaflega bentu málsskjölin skv. XV. viðauka til að váhrif vegna nónýlfenóls (NP) og nónýlfenóletoxýlata (NPE) sköpuðu áhættu fyrir umhverfið, einkum fyrir lagartegundir sem lifa í yfirborðsvatni. Í því skyni að takmarka slíka áhættu er lagt til í málsskjölunum að banna setningu textílvara, sem unnt er að þvo í vatni, á markað ef þær innihalda nónýlfenól eða nónýlfenóletoxýlöt í styrk sem er 100 mg/kg eða meiri (0,01% miðað við þyngd). Málsskjölin skv. XV. viðauka sýna að nauðsynlegt er að grípa til aðgerða á vettvangi Sambandsins.

2) Á meðan samráð við almenning varðandi málsskjölin skv. XV. viðauka fór fram mælti Svíþjóð með því að nónýlfenól yrði undanskilið gildissviði tillagðrar takmörkunar þar eð efnið er ekki notað af ásetningi í vinnslu textílefna. Áhættumatsnefndin og nefnd um félagshagfræðilega greiningu á vegum Efnastofnunarinnar taldi útilokun nónýlfenóls réttlætanlega þegar hún var metin með tilliti til skilvirkni, framkvæmanleika og vöktunarmöguleika takmörkunarinnar. Því ættu einungis nónýlfenóletoxýlöt að falla undir tillagða takmörkun.

3) Í málsskjölunum skv. XV. viðauka eru nónýlfenóletoxýlöt skilgreind sem greinótt og línuleg etoxýlöt af nónýlfenóli sem ná yfir efni, sem eru skilgreind með CAS- eða EB-númerum, og UVCB-efni, fjölliður og raðkvæmi. Efnin í þeim hópi eru auðkennd með sameindaformúlunni $(C_2H_4O)_nC_{15}H_{24}O$.

4) Í nokkrum markaðskönnunum, sem um getur í málsskjölunum skv. XV. viðauka, er bent á tilvist nónýlfenóletoxýlata í textílvörum í mismunandi styrkleika. Setning nónýlfenóletoxýlata á markað og notkun þeirra, sem efni eða í blöndum, til vinnslu á textílefnum og leðri er þegar takmörkuð með færslu 46 í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006. Við sæmilega fyrirsjáanleg skilyrði við þvott á textílvörum í vatni skapar losun nónýlfenóletoxýlata í vatnsumhverfið hins vegar áhættu fyrir lagartegundir.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 9, 14.1.2016, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

5) Vegna samræmis við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1007/2011 ([2]) ætti tillögð takmörkun varðandi textílvörur að ná yfir vörur sem innihalda a.m.k. 80% af textíltrefjum miðað við þyngd og aðrar vörur sem innihalda hluta sem samanstendur af a.m.k. 80% af textíltrefjum miðað við þyngd. Til glöggvunar er enn fremur heppilegt að tilgreina að textílvörur ná yfir ófullunnar vörur, hálfunnar vörur og fullunnar vörur, þ.m.t. vörur á borð við fatnað (t.d. fyrir fólk, leikföng og dýr), fylgihluti, textílvörur til innanhússnota, trefjar, garn, efni og prjónaða klæðisdúka.

6) Hinn 3. júní samþykkti áhættumatsnefndin með samhljóða samþykki álit um þá takmörkun sem lögð er til í málsskjölunum skv. XV. viðauka og staðfesti áhættu í tengslum við váhrif vegna niðurbrotsefna nónýlfenóletoxýlata. Áhættumatsnefndin mælti enn fremur með takmörkuninni sem bestu ráðstöfuninni á vettvangi Sambandsins til að takast á við áhætturnar sem stafa af nónýlfenóletoxýlötum í textílvörum, bæði að því er varðar skilvirkni og framkvæmanleika.

7) Hinn 9. september 2014 samþykkti nefndin um félagshagfræðilega greiningu með samhljóða samþykki álit um þá takmörkun sem lögð er til í málsskjölunum skv. XV. viðauka og benti á að tillögð takmörkun varðandi nónýlfenóletoxýlöt sé besta ráðstöfunin á vettvangi Sambandsins til að takast á við þá áhættu sem greinst hefur, með hliðsjón af því að félagslegur og hagrænn ávinningur hennar er í réttu hlutfalli við félagslegan og hagrænan kostnað af henni.

8) Í samræmi við málsskjölin skv. XV. viðauka og eins og áhættumatsnefndin og nefndin um félagshagfræðilega greiningu staðfestu eru mörkin 0,01% miðað við þyngd minnsti styrkurinn sem samsvarar meðhöndlun textílefna af ásetningi með nónýlfenóletoxýlötum. Í athugasemdum, sem bárust meðan á samráðinu við almenning stóð, var staðfest að mörk undir 0,01% miðað við þyngd myndu valda töluverðum vandamálum við framfylgd þar eð textílefni geta mengast af nónýlfenóletoxýlötum í þetta litlum styrk vegna tilfallandi váhrifa í vinnsluferlinu. Enn fremur myndi það að lækka mörkin 0,01% fimmfalt (niður í 0,002% miðað við þyngd) einungis minnka losun um stuðulinn 1,25 sem myndi minnka styrk nónýlfenóletoxýlata í yfirborðsvatni um 5% til viðbótar í samanburði við mörkin 0,01% miðað við þyngd.

9) Haft var samráð við gagnaskiptatorg vegna framkvæmdar og var tekið tillit til ráðlegginga þess.

10) Hinn 1. október 2014 lagði Efnastofnunin fyrir framkvæmdastjórnina álit áhættumatsnefndarinnar og álit nefndarinnar um félagshagfræðilega greiningu og á grundvelli þeirra álita komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að tilvist nónýlfenóletoxýlata í textílvörum hefur í för með sér óviðunandi áhættu fyrir umhverfið sem krefst aðgerða á vettvangi Sambandsins. Tekið hefur verið tillit til félagslegra og hagrænna áhrifa takmörkunarinnar, þ.m.t. tiltækileika annarra kosta.

11) Gert er ráð fyrir að notuð textílefni hafi yfirleitt verið þvegin nokkrum sinnum áður en þriðja aðila er afhent efnið eða honum boðið það og því muni textílefnið innihalda óverulegt magn eða ekkert af nónýlfenóletoxýlötum. Til samræmis við það ætti að undanþiggja setningu notaðra textílvara á markað frá takmörkuninni. Á sama hátt má gera ráð fyrir að endurunnin textílefni innihaldi óverulegt magn eða ekkert af nónýlfenóletoxýlötum og til samræmis við það ætti takmörkunin ekki að gilda um nýjar textílvörur ef þær eru eingöngu framleiddar úr endurnýttum textílefnum án þess að nónýlfenóletoxýlöt séu notuð.

12) Hagsmunaaðilar ættu að fá nægilegan tíma til að gera viðeigandi ráðstafanir vegna framfylgdar, einkum til að tryggja fullnægjandi samskipti innan hinnar flóknu, hnattrænu aðfangakeðju. Nýja takmörkunin ætti því að koma til framkvæmda síðar.

13) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til samræmis við það.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1007/2011 frá 27. september 2011 um heiti textíltrefja og viðkomandi merkimiða og merkingar varðandi trefjasamsetningu textílvara og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 73/44/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 96/73/EB og 2008/121/EB (Stjtíð. ESB L 272, 18.10.2011, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. janúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 bætist við eftirfarandi ný færsla 46a:

„46a.	Nónýlfenóletoxýlöt (NPE) $(C_2H_4O)_nC_{15}H_{24}O$)	1. Skulu ekki sett á markað eftir 3. febrúar 2021 í textílvörum, sem má ætla að verði þvegnar í vatni á eðlilegum vistferli þeirra, í styrk sem er 0,01% eða meiri miðað við þyngd viðkomandi textílvöru eða hvers hluta textílvörunnar. 2. Ákvæði 1. liðar gilda ekki um setningu notaðra textílvara á markað eða nýrra textílvara sem eru eingöngu framleiddar úr endurnýttum textílefnum án þess að nónýlfenóletoxýlöt séu notuð. 3. Að því er varðar 1. og 2. lið eru „textílvörur“ allar ófullunnar vörur, hálfunnar vörur eða fullunnar vörur sem innihalda a.m.k. 80% af textíltrefjum miðað við þyngd eða aðrar vörur sem innihalda hluta sem samanstendur af a.m.k. 80% af textíltrefjum miðað við þyngd, þ.m.t. vörur á borð við fatnað, fylgihluti, textílvörur til innanhússnota, trefjar, garn, efni og prjónaða klæðisdúka.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/217 2016/EES/27/45

frá 16. febrúar 2016

um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi kadmíumi) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ([1]), einkum 1. mgr. 68. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 23. færslu í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er lagt bann við notkun kadmíums og kadmíum-efnasambanda í málningu með kóðana [3208] [3209] með undanþágu fyrir málningu, að stofni til úr sinki. Þessi takmörkun gildir þó ekki um setningu málningar, sem inniheldur kadmíum, á markað.

2) I nóvember 2012 fór framkvæmdastjórnin þess á leit við Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) að hún tæki saman málsskjöl skv. XV. viðauka með það fyrir augum að framlengja gildandi takmörkun við setningu slíkrar málningar, sem inniheldur kadmíum yfir tilteknum styrk, á markað.

3) Hinn 9. september 2014 samþykkti áhættumatsnefnd Efnastofnunarinnar álit, með samhljóða samþykki, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að slík breyting á gildandi færslu myndi greiða fyrir framfylgd og staðfest að viðbótarmat á þeirri áhættu sem stafar af kadmíumi í málningu sé ekki nauðsynlegt.

4) Hinn 25. nóvember 2014 samþykkti nefnd um félagshagfræðilega greiningu á vegum Efnastofnunarinnar álit, með samhljóða samþykki, þar sem bent er á að tillögð breyting á gildandi takmörkun sé hófleg þar eð hún hefði ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir framleiðendur, innflytjendur eða neytendur við að fylgja reglum en myndi bæta framfylgjanleika takmörkunarinnar.

5) Það er auðveldara fyrir eftirlitsyfirvöld að vakta og stýra setningu á markað en notkun. Enn fremur kemur skýrt fram með innleiðingu styrkleikamarka að kadmíum í málningu, sem er fyrir hendi án ásetnings sem óhreinindi, undir þessum mörkum leiðir ekki til þess að brotið sé gegn takmörkuninni.

6) Haft var samráð við gagnaskiptatorg vegna framkvæmdar og var tekið tillit til ráðlegginga þess.

7) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 40, 17.2.2016, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. febrúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað 2. liðar í 2. dálki í 23. færslu XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 komi eftirfarandi:

„Kadmíum CAS-nr. 7440-43-9 EB-nr. 231-152-8 og efnasambönd þess	2. Skal ekki notað eða sett á markað í málningu með kóðana [3208] [3209] í styrk (gefinn upp sem kadmíummálmur) sem er jafn eða meiri en 0,01% miðað við þyngd. Að því er varðar málningu með kóðana [3208] [3209] þar sem sinkinnihald fer yfir 10% miðað við þyngd málningarinnar skal styrkur kadmíums (gefinn upp sem kadmíummálmur) ekki vera jafn eða meiri en 0,1% miðað við þyngd. Ekki skal setja málaða hluti á markað ef styrkur kadmíums (gefinn upp sem kadmíummálmur) er jafn eða meiri en 0,1% miðað við þyngd málningarinnar á málaða hlutnum.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/105 **2016/EES/27/46**

frá 27. janúar 2016

um að samþykkja bífenýl-2-ól sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 2, 4, 6 og 13 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með framseldri reglugerð (ESB) nr. 1062/2014 ([2]) er komið á fót skrá yfir fyrirliggjandi virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegs samþykkis fyrir þeim til notkunar í sæfivörur. Sú skrá nær yfir bífenýl-2-ól.

2) Bífenýl-2-ól hefur verið metið fyrir notkun í vöruflokki 1, hreinlætisvörur fyrir fólk, í vöruflokki 2, sótthreinsiefni og þörungaeyðar sem ekki eru ætluð til þess að bera beint á menn eða dýr, vöruflokki 4, svæði fyrir matvæli og fóður, vöruflokki 6, rotvarnarefni fyrir vörur meðan á geymslu stendur, og vöruflokki 13, rotvarnarefni fyrir vökva sem eru notaðir við vinnslu eða skurð, eins og flokkarnir eru skilgreindir í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

3) Spánn var tilnefnt sem lögbært matsyfirvald og lagði fram matsskýrslur ásamt tilmælum 2. júní 2014.

4) Í samræmi við b-lið 1. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014 setti sæfivörunefndin álit Efnastofnunar Evrópu fram 5. febrúar 2015 og 15. júní 2015, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.

5) Samkvæmt þeim álitum má gera ráð fyrir að sæfivörur, sem eru notaðar í vöruflokkum 1, 2, 4, 6 og 13 og innihalda bífenýl-2-ól, uppfylli kröfurnar í b-lið 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 að því tilskildu að tiltekin skilyrði sem varða notkun þess séu uppfyllt.

6) Því er rétt að samþykkja bífenýl-2-ól til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 2, 4, 6 og 13, með fyrirvara um samræmi við slíkar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.

7) Að því er varðar notkun í vöruflokk 4 fjallaði matið ekki um íblöndun sæfivara, sem innihalda bífenýl-2-ól, í efnivið og hluti sem ætlað er að komast með beinum eða óbeinum hætti í snertingu við matvæli í skilningi 1. mgr. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 ([3]). Fyrir slíkan efnivið gæti reynst nauðsynlegt að setja sértæk mörk fyrir flæði yfir í matvæli, eins og um getur í e-lið 1. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar. Samþykkið ætti því ekki að ná yfir slíka notkun, nema framkvæmdastjórnin hafi fastsett slík mörk eða sýnt hafi verið fram á samkvæmt þeirri reglugerð að slík mörk séu ekki nauðsynleg.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 21, 28.1.2016, bls. 74. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirliggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtíð. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 frá 27. október 2004 um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og niðurfellingu á tilskipunum 80/590/EBE og 89/109/EBE (Stjtíð. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 4).

8) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að hagsmunaaðilar geti gert þær undirbúningsráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla nýju kröfurnar.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Bífenýl-2-ól er samþykkt sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 2, 4, 6 og 13, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. janúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarks-hreinleiki virka efnisins ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sérstök skilyrði
Bífenýl-2-ól	IUPAC-heiti: ortófenýlfenól EB-nr.: 201-993-5 CAS-nr.: 90-43-7	995 g/kg	1. júlí 2017	30. júní 2027	1	Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins.
					2	Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: Innleiða skal öruggar verklagsreglur og viðeigandi skipulagsráðstafanir fyrir þá sem nota efnið í atvinnuskyni. Við notkun á vörum skal nota viðeigandi persónuhlífar þegar ekki er unnt að draga á annan hátt úr váhrifum þannig að þau verði ekki meiri en svo að við megi una.
					4	Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Innleiða skal öruggar verklagsreglur og viðeigandi skipulagsráðstafanir fyrir notendur í iðnaði eða þá sem nota efnið í atvinnuskyni. Við notkun á vörum skal nota viðeigandi persónuhlífar þegar ekki er unnt að draga á annan hátt úr váhrifum þannig að þau verði ekki meiri en svo að við megi una. 2) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir yfirborðsvatns-, set- og jarðvegshólf skal ekki veita leyfi fyrir sæfivörum til sótthreinsunar í stórum stíl nema hægt sé að sýna fram á að draga megi úr áhættu svo hún verði ekki meiri en svo að við megi una.

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarks-hreinleiki virka efnisins ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sérstök skilyrði
						3) Ganga skal úr skugga um hvort þörf sé á að fastsetja ný hámarksgildi leifa eða breyta gildandi hámarksgildum leifa fyrir vörur, sem gætu leitt af sér leifar í matvælum eða fóðri, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 ([2]) eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 ([3]), og grípa til hvers kyns viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu til að tryggja að ekki sé farið yfir gildandi hámarksgildi leifa. 4) Ekki skal blanda vörum í efnivið og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli í skilningi 1. mgr. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 ([4]), nema framkvæmdastjórnin hafi fastsett sértæk mörk fyrir flæði bífenýl-2-óls yfir í matvæli eða sýnt hafi verið fram á, samkvæmt þeirri reglugerð, að slík mörk séu ekki nauðsynleg.
					6	Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Innleiða skal öruggar verklagsreglur og viðeigandi skipulagsráðstafanir fyrir notendur í iðnaði eða þá sem nota efnið í atvinnuskyni. Við notkun á vörum skal nota viðeigandi persónuhlífar þegar ekki er unnt að draga á annan hátt úr váhrifum þannig að þau verði ekki meiri en svo að við megi una. 2) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir vatnsrænt umhverfishólf skal ekki veita leyfi fyrir sæfivörum til að rotverja þvotta- og hreinsivökva og önnur þvotta- og hreinsiefni til nota í atvinnuskyni nema hægt sé að sýna fram á að draga megi úr áhættu svo hún verði ekki meiri en svo að við megi una.
					13	Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins.

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarks-hreinleiki virka efnisins ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sérstök skilyrði
						Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: Innleiða skal öruggar verklagsreglur og viðeigandi skipulagsráðstafanir fyrir notendur í iðnaði eða þá sem nota efnið í atvinnuskyni. Við notkun á vörum skal nota viðeigandi persónuhlífar þegar ekki er unnt að draga á annan hátt úr váhrifum þannig að þau verði ekki meiri en svo að við megi una.

([1]) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var notað við matið í samræmi við 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 98/8/EB. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 (Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 frá 27. október 2004 um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og niðurfellingu á tilskipunum 80/590/EBE og 89/109/EBE (Stjtíð. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 4).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/124 **2016/EES/27/47**

frá 29. janúar 2016

um að samþykkja PHMB (1600; 1.8) sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 4 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með framseldri reglugerð (ESB) nr. 1062/2014 ([2]) er komið á fót skrá yfir fyrirliggjandi virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegs samþykkis fyrir þeim til notkunar í sæfivörur. Sú skrá nær yfir PHMB (1600; 1.8).

2) PHMB (1600; 1.8) hefur verið metið í samræmi við 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([3]) fyrir notkun í vöruflokki 4, sótthreinsiefni til notkunar á svæðum fyrir matvæli og fóður, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við þá tilskipun, sem samsvarar vöruflokki 4 eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

3) Frakkland var tilnefnt sem lögbært matsyfirvald og lagði matsskýrslu, ásamt tilmælum, fyrir framkvæmdastjórnina 10. apríl 2013 í samræmi við 4. og 6. mgr. 14. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 ([4]).

4) Í samræmi við b-lið 1. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014 setti sæfivörunefndin álit Efnastofnunar Evrópu fram 17. júní 2015, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.

5) Samkvæmt því áliti má gera ráð fyrir að sæfivörur, sem eru notaðar í vöruflokki 4 og innihalda PHMB (1600; 1.8), uppfylli kröfurnar í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB að því tilskildu að tiltekin skilyrði sem varða notkun þess séu uppfyllt.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 24, 30.1.2016, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirliggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtíð. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3).

6) Því er rétt að samþykkja PHMB (1600; 1.8) til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 4, með fyrirvara um samræmi við tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.

7) Í álitinu er komist að þeirri niðurstöðu að eiginleikar PHMB (1600; 1.8) gera það mjög þrávirkt (vP) og eitrað (T) í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í XIII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([5]).

8) Þar eð efni, sem aðildarríkin hafa lokið við að meta fyrir 1. september 2013, ættu skv. 2. mgr. 90. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 að vera samþykkt í samræmi við tilskipun 98/8/EB ætti gildistími samþykkis að vera 10 ár í samræmi við venjur sem komið var á í þeirri tilskipun.

9) Að því er varðar 23. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 uppfyllir PHMB (1600; 1.8) þó skilyrði í d-lið 1. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar og ætti því að teljast efni sem ráðgert er að skipta út.

10) Að því er varðar notkun í vöruflokk 4 fjallaði matið ekki um íblöndun sæfivara, sem innihalda PHMB (1600; 1.8), í efnivið og hluti sem ætlað er að komast með beinum eða óbeinum hætti í snertingu við matvæli í skilningi 1. mgr. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 ([6]). Fyrir slíkan efnivið gæti reynst nauðsynlegt að setja sértæk mörk fyrir flæði yfir í matvæli, eins og um getur í e-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004. Samþykkið ætti því ekki að ná yfir slíka notkun, nema framkvæmdastjórnin hafi fastsett slík mörk eða sýnt hafi verið fram á samkvæmt þeirri reglugerð að slík mörk séu ekki nauðsynleg.

11) Þar eð PHMB (1600; 1.8) uppfyllir viðmiðanirnar fyrir að vera mjög þrávirkt (vP) skv. XIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 ætti að merkja meðhöndlaðar vörur, sem eru meðhöndlaðar með eða innihalda PHMB (1600; 1.8), á viðeigandi hátt þegar þær eru settar á markað.

12) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að hagsmunaaðilar geti gert þær undirbúningsráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla nýju kröfurnar.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

PHMB (1600; 1.8) er samþykkt sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 4, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 frá 27. október 2004 um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og niðurfellingu á tilskipunum 80/590/EBE og 89/109/EBE (Stjtíð. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 4).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. janúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöru-flokkur	Sérstök skilyrði
PHMB (1600; 1.8) (pólý-hexametýlenbígúaníðhýdró-klóríð með meðalsameinda-þyngd (Mn) sem nemur 1600 og meðalfjöldreifni (PDI) sem nemur 1.8)	IUPAC-heiti: Samfjölliða(bisimínó-imídókarbónýl, hexametýlenhýdróklóríð), (imínóimídókarbónýl, hexametýlenhýdróklóríð) EB-nr. ekki úthlutað CAS-númer: 27083-27-8 og 32289-58-0	956 g/kg (reiknuð þurrvigt). Framleitt, virkt efni er vatnslausn með 20% PHMB (1600; 1.8) miðað við þyngd	1. júlí 2017	30. júní 2027	4	PHMB (1600; 1.8) telst efni sem ráðgert er að skipta út í samræmi við d-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Innleiða skal öruggar verklagsreglur og viðeigandi skipulagsráðstafanir fyrir þá sem nota efnið í atvinnuskyni. Við notkun á vörum skal nota viðeigandi persónuhlífar þegar ekki er unnt að draga á annan hátt úr váhrifum þannig að þau verði ekki meiri en svo að við megi una. 2) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir heilbrigði manna og fyrir vatnsrænt umhverfishólf og jarðvegshólf skal ekki veita leyfi fyrir vörum til notkunar sem sótthreinsiefni fyrir áhöld með böðun nema hægt sé að sýna fram á að draga megi úr áhættu svo hún verði ekki meiri en svo að við megi una. 3) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir heilbrigði manna og fyrir vatnsrænt umhverfishólf skal ekki veita leyfi fyrir vörum til sótthreinsunar á yfirborði með þvegli nema hægt sé að sýna fram á að draga megi úr áhættu svo hún verði ekki meiri en svo að við megi una. 4) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir heilbrigði manna skal á merkimiðum og, ef þau liggja fyrir, öryggisblöðum fyrir þurrkur sem eru tilbúnar til notkunar koma fram að notkun sé takmörkuð við svæði sem eru ekki aðgengileg almenningi nema hægt sé að sýna fram á að draga megi á annan hátt úr áhættu þannig að hún verði ekki meiri en svo að við megi una. 5) Ganga skal úr skugga um hvort þörf sé á að fastsetja ný hámarksgildi leifa eða breyta gildandi hámarksgildum leifa fyrir vörur, sem gætu leitt af sér leifar í matvælum eða fóðri, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 ([2]) eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 ([3]), og grípa til hvers kyns viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu til að tryggja að ekki sé farið yfir gildandi hámarksgildi leifa.

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöru-flokkur	Sérstök skilyrði
						6) Ekki skal blanda vörum í efnivið og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli í skilningi 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004, nema framkvæmdastjórnin hafi fastsett sértæk mörk fyrir flæði PHMB (1600; 1.8) yfir í matvæli eða sýnt hafi verið fram á, samkvæmt þeirri reglugerð, að slík mörk séu ekki nauðsynleg. Setning meðhöndlaðra vara á markað er háð eftirfarandi skilyrði: Aðilinn, sem ber ábyrgð á setningu meðhöndlaðrar vöru, sem hefur verið meðhöndluð með eða inniheldur PHMB (1600, 1.8), á markað skal sjá til þess að á merkimiða meðhöndluðu vörunnar séu tilgreindar upplýsingarnar í annarri undirgrein 3. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

([1]) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var notað við matið í samræmi við 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 98/8/EB. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 (Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/125 **2016/EES/27/48**

frá 29. janúar 2016

um að samþykkja PHMB (1600; 1.8) sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 3 og 11 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með framseldri reglugerð (ESB) nr. 1062/2014 ([2]) er komið á fót skrá yfir fyrirliggjandi virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegs samþykkis fyrir þeim til notkunar í sæfivörur. Sú skrá nær yfir PHMB (1600; 1.8).

2) PHMB (1600; 1.8) hefur verið metið fyrir notkun í vöruflokki 2, sótthreinsiefni og þörungaeyðar sem ekki eru ætluð til þess að bera beint á menn eða dýr, vöruflokki 3, hreinlætisvörur fyrir dýr, og vöruflokki 11, rotvarnarefni fyrir vökvakæli- og vinnslukerfi, eins og flokkarnir eru skilgreindir í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

3) Frakkland var tilnefnt sem lögbært matsyfirvald og lagði fram matsskýrslur ásamt tilmælum 8. október 2013 og 14. nóvember 2013.

4) Í samræmi við b-lið 1. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014 setti sæfivörunefndin álit Efnastofnunar Evrópu fram 17. júní 2015, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.

5) Samkvæmt þeim álitum má gera ráð fyrir að sæfivörur, sem eru notaðar í vöruflokkum 2, 3 og 11 og innihalda PHMB (1600; 1.8), uppfylli kröfurnar í b-lið 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 að því tilskildu að tiltekin skilyrði sem varða notkun þess séu uppfyllt.

6) Því er rétt að samþykkja PHMB (1600; 1.8) til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 3 og 11 með fyrirvara um samræmi við tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.

7) Í álitunum er komist að þeirri niðurstöðu að eiginleikar PHMB (1600; 1.8) gera það mjög þrávirkt (vP) og eitrað (T) í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í XIII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([3]).

8) PHMB (1600; 1.8) uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í d-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 og ætti því að teljast efni sem ráðgert er að skipta út.

9) Samkvæmt 4. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 ætti samþykki fyrir virku efni, sem ráðgert er að skipta út, ekki að gilda lengur en í sjö ár.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 24, 30.1.2016, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirliggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtíð. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

10) Þar eð PHMB (1600; 1.8) uppfyllir viðmiðanirnar fyrir að vera mjög þrávirkt (vP) skv. XIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 ætti að merkja meðhöndlaðar vörur, sem eru meðhöndlaðar með eða innihalda PHMB (1600; 1.8), á viðeigandi hátt þegar þær eru settar á markað.

11) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að hagsmunaaðilar geti gert þær undirbúningsráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla nýju kröfurnar.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

PHMB (1600; 1.8) er samþykkt sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 3 og 11 með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. janúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöru-flokkur	Sérstök skilyrði
PHMB (1600; 1.8) (pólý-hexametýlenbígúaníðhýdró-klóríð með meðalsameinda-þyngd (Mn) sem nemur 1600 og meðalfjöldreifni (PDI) sem nemur 1.8)	IUPAC-heiti: Samfjöllliða(bisimínó-imídókarbónýl, hexametýlenhýdróklóríð), (imínóimídókarbónýl, hexametýlenhýdróklóríð) EB-nr. ekki úthlutað CAS-númer: 27083-27-8 og 32289-58-0	956 g/kg (reiknuð þurrvigt). Framleitt, virkt efni er vatnslausn með 20% PHMB (1600; 1.8) miðað við þyngd	1. júlí 2017	30. júní 2024	2	PHMB (1600; 1.8) telst efni sem ráðgert er að skipta út í samræmi við d-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði. 1) Innleiða skal öruggar verklagsreglur og viðeigandi skipulagsráðstafanir fyrir notendur í iðnaði eða þá sem nota efnið í atvinnuskyni. Við notkun á vörum skal nota viðeigandi persónuhlífar þegar ekki er unnt að draga á annan hátt úr váhrifum þannig að þau verði ekki meiri en svo að við megi una. 2) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir heilbrigði manna og fyrir umhverfið skal ekki veita leyfi fyrir vörum til að meðhöndla sundlaugar nema hægt sé að sýna fram á að draga megi úr áhættu svo hún verði ekki meiri en svo að við megi una. 3) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir heilbrigði manna og fyrir umhverfið skal ekki veita leyfi fyrir vörum til sótthreinsunar á lækningatækjum með böðun nema hægt sé að sýna fram á að draga megi úr áhættu svo hún verði ekki meiri en svo að við megi una. 4) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir heilbrigði manna skal ekki veita leyfi fyrir þurrkum, sem eru tilbúnar til notkunar, til þeirra sem nota þær ekki í atvinnuskyni nema hægt sé að sýna fram á að draga megi úr áhættu svo hún verði ekki meiri en svo að við megi una. 5) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir heilbrigði manna skal á merkimiðum og, ef þau liggja fyrir, öryggisblöðum fyrir þurrkur sem eru tilbúnar til notkunar koma fram að notkun sé takmörkuð við svæði sem eru ekki aðgengileg almenningi nema hægt sé að sýna fram á að draga megi á annan hátt úr áhættu þannig að hún verði ekki meiri en svo að við megi una.

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöru-flokkur	Sérstök skilyrði
						Setning meðhöndlaðra vara á markað er háð eftirfarandi skilyrði: Aðilinn, sem ber ábyrgð á setningu meðhöndlaðrar vöru, sem hefur verið meðhöndluð með eða inniheldur PHMB (1600; 1.8), á markað skal sjá til þess að á merkimiða meðhöndluðu vörunnar séu tilgreindar upplýsingarnar í annarri undirgrein 3. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.
					3	PHMB (1600; 1.8) telst efni sem ráðgert er að skipta út í samræmi við d-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði. 1) Innleiða skal öruggar verklagsreglur og viðeigandi skipulagsráðstafanir fyrir þá sem nota efnið í atvinnuskyni. Við notkun á vörum skal nota viðeigandi persónuhlífar þegar ekki er unnt að draga á annan hátt úr váhrifum þannig að þau verði ekki meiri en svo að við megi una. 2) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir heilbrigði manna skal ekki veita leyfi fyrir vörum til sótthreinsunar á búnaði með böðun nema hægt sé að sýna fram á að draga megi úr áhættu svo hún verði ekki meiri en svo að við megi una. Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir umhverfið skal þar að auki, ef veitt hefur verið leyfi fyrir vörum, koma fram á merkimiðum og, ef þau liggja fyrir, öryggisblöðum, að ekki skuli leyfa losun í skólphreinsistöðvar nema hægt sé að sýna fram á að draga megi á annan hátt úr áhættu svo hún verði ekki meiri en svo að við megi una. 3) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir heilbrigði manna skal á merkimiðum og, ef þau liggja fyrir, öryggisblöðum fyrir þurrkur sem eru tilbúnar til notkunar koma fram að notkun sé takmörkuð við svæði sem eru ekki aðgengileg almenningi nema hægt sé að sýna fram á að draga megi á annan hátt úr áhættu þannig að hún verði ekki meiri en svo að við megi una.

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöru-flokkur	Sérstök skilyrði
						4) Ganga skal úr skugga um hvort þörf sé á að fastsetja ný hámarksgildi leifa eða breyta gildandi hámarksgildum leifa fyrir vörur, sem gætu leitt af sér leifar í matvælum eða fóðri, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 ([2]) eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 ([3]), og grípa til hvers kyns viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu til að tryggja að ekki sé farið yfir gildandi hámarksgildi leifa. Setning meðhöndlaðra vara á markað er háð eftirfarandi skilyrði: Aðilinn, sem ber ábyrgð á setningu meðhöndlaðrar vöru, sem hefur verið meðhöndluð með eða inniheldur PHMB (1600; 1.8), á markað skal sjá til þess að á merkimiða meðhöndluðu vörunnar séu tilgreindar upplýsingarnar í annarri undirgrein 3. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.
					11	PHMB (1600; 1.8) telst efni sem ráðgert er að skipta út í samræmi við d-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði. 1) Innleiða skal öruggar verklagsreglur og viðeigandi skipulagsráðstafanir fyrir notendur í iðnaði eða þá sem nota efnið í atvinnuskyni. Við notkun á vörum skal nota viðeigandi persónuhlífar þegar ekki er unnt að draga á annan hátt úr váhrifum þannig að þau verði ekki meiri en svo að við megi una. 2) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir heilbrigði manna skal koma fram á merkimiðum og, ef þau liggja fyrir, öryggisblöðum, að áfylling vörunnar í kælikerfið skal vera sjálfvirk, dæluna skal skola fyrir hreinsun og nota skal viðeigandi persónuhlífar á meðan á hreinsunaráfanganum stendur nema hægt sé að sýna fram á að draga megi á annan hátt úr áhættu þannig að hún verði ekki meiri en svo að við megi una.

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöru-flokkur	Sérstök skilyrði
						3) I ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir vatn, set og jarðveg skal koma fram á merkimiðum og, ef þau liggja fyrir, öryggisblöðum, að rotvarinn vökvi til förgunar eftir framræslu lokaðs hringrásarkerfis skal meðhöndlaður sem hættulegur úrgangur nema hægt sé að sýna fram á við leyfisveitingu fyrir vörunni að draga megi á annan hátt úr áhættu fyrir umhverfið þannig að hún verði ekki meiri en svo að við megi una. Setning meðhöndlaðra vara á markað er háð eftirfarandi skilyrði. Aðilinn, sem ber ábyrgð á setningu meðhöndlaðrar vöru, sem hefur verið meðhöndluð með eða inniheldur PHMB (1600; 1.8), á markað skal sjá til þess að á merkimiða meðhöndluðu vörunnar séu tilgreindar upplýsingarnar í annarri undirgrein 3. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

([1]) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var notað við matið í samræmi við 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð EB L 123, 24.4.1998, bls. 1). Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 (Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/131 **2016/EES/27/49**

frá 1. febrúar 2016

um að samþykkja C(M)IT/MIT (3:1) sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 4, 6, 11, 12 og 13 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með framseldri reglugerð (ESB) nr. 1062/2014 ([2]) er komið á fót skrá yfir fyrirliggjandi virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegs samþykkis fyrir þeim til notkunar í sæfivörur. Sú skrá nær yfir C(M)IT/MIT (3:1).

2) C(M)IT/MIT (3:1) hefur verið metið í samræmi við 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([3]) fyrir notkun í vöruflokki 2, sótthreinsiefni og aðrar sæfivörur til einkanota og til nota innan heilsugæslunnar, vöruflokki 4, sótthreinsiefni til notkunar á svæðum fyrir matvæli og fóður, vöruflokki 6, rotvarnarefni fyrir vörur í ílátum, vöruflokki 11, rotvarnarefni fyrir vökvakæli- og vinnslukerfi, vöruflokki 12, slímvarnarefni og vöruflokki 13, rotvarnarefni í málmvinnsluvökvum, eins og flokkarnir eru skilgreindir í V. viðauka við þá tilskipun, sem samsvara, eftir því sem við á, vöruflokkum 2, 4, 6, 11, 12 og 13, eins og flokkarnir eru skilgreindir í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

3) Frakkland var tilnefnt sem lögbært matsyfirvald og lagði matsskýrslur, ásamt tilmælum, fyrir framkvæmdastjórnina 19. október 2011, 27. nóvember 2012 og 22. apríl 2013 í samræmi við 4. og 6. mgr. 14. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 ([4]).

4) Í samræmi við b-lið 1. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014 setti sæfivörunefndin álit Efnastofnunar Evrópu fram 5. febrúar 2015, 14. apríl 2015 og 17. júní 2015, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.

5) Samkvæmt þeim álitum má gera ráð fyrir að sæfivörur, sem eru notaðar í vöruflokkum 2, 4, 6, 11, 12 og 13 og innihalda C(M)IT/MIT (3:1), uppfylli kröfurnar í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB að því tilskildu að tiltekin skilyrði sem varða notkun þess séu uppfyllt.

6) Því er rétt að samþykkja C(M)IT/MIT (3:1) til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 4, 6, 11, 12 og 13, með fyrirvara um samræmi við tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.

7) Að því er varðar notkun í vöruflokk 4 fjallaði matið ekki um íblöndun sæfivara, sem innihalda C(M)IT/MIT (3:1), í efnivið og hluti sem ætlað er að komast með beinum eða óbeinum hætti í snertingu við matvæli í skilningi 1. mgr. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 ([5]). Fyrir slíkan efnivið gæti reynst nauðsynlegt að setja sértæk mörk fyrir flæði yfir í matvæli, eins og um getur í e-lið 1. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar. Samþykkið ætti því ekki að ná yfir slíka notkun, nema framkvæmdastjórnin hafi fastsett slík mörk eða sýnt hafi verið fram á samkvæmt þeirri reglugerð að slík mörk séu ekki nauðsynleg.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 25, 2.2.2016, bls. 48. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirliggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtíð. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 frá 27. október 2004 um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og niðurfellingu á tilskipunum 80/590/EBE og 89/109/EBE (Stjtíð. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 4).

8) Þar eð C(M)IT/MIT (3:1) uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem húðnæmir í flokki 1, eins og flokkurinn er skilgreindur í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([6]), ætti að merkja meðhöndlaðar vörur, sem eru meðhöndlaðar með eða innihalda C(M)IT/MIT (3:1), á viðeigandi hátt þegar þær eru settar á markað.

9) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að hagsmunaaðilar geti gert þær undirbúningsráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla nýju kröfurnar.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

C(M)IT/MIT (3:1) er samþykkt sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 4, 6, 11, 12 og 13, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls 1).

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöru-flokkur	Sérstök skilyrði
C(M)IT/MIT (3:1)	IUPAC-heiti: Hvarfmassi 5-klór-2-metýl-2h-ísóþíasól-3-óns og 2-metýl-2h-ísóþíasól-3-óns (3:1) EB-nr.: á ekki við CAS-númer: 55965-84-9	579 g/kg (fræðileg reiknuð þurrvigt). Virka efnið er framleitt sem tæknilegt þykkni (TK) með ólíkum leysum og stöðgurum.	1. júlí 2017	30. júní 2027	2	Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: Innleiða skal öruggar verklagsreglur og viðeigandi skipulagsráðstafanir fyrir þá sem nota efnið í atvinnuskyni. Við notkun á vörum skal nota viðeigandi persónuhlífar þegar ekki er unnt að draga á annan hátt úr váhrifum þannig að þau verði ekki meiri en svo að við megi una. Setning meðhöndlaðra vara á markað er háð eftirfarandi skilyrði: Aðilinn, sem ber ábyrgð á setningu meðhöndlaðrar vöru, sem hefur verið meðhöndluð með eða inniheldur C(M)IT/MIT (3:1), á markað skal sjá til þess að á merkimiða meðhöndluðu vörunnar séu tilgreindar upplýsingarnar í annarri undirgrein 3. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.
					4	Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Innleiða skal öruggar verklagsreglur og viðeigandi skipulagsráðstafanir fyrir þá sem nota efnið í atvinnuskyni. Við notkun á vörum skal nota viðeigandi persónuhlífar þegar ekki er unnt að draga á annan hátt úr váhrifum þannig að þau verði ekki meiri en svo að við megi una. 2) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir þá sem nota efnið í atvinnuskyni skal viðbót sæfivara eingöngu fara fram með sjálfvirkum kerfum, nema hægt sé að sýna fram á að unnt sé að draga á annan hátt úr áhættu þannig að hún verði ekki meiri en svo að við megi una.

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöru-flokkur	Sérstök skilyrði
						3) Ganga skal úr skugga um hvort þörf sé á að fastsetja ný hámarksgildi leifa eða breyta gildandi hámarksgildum leifa fyrir vörur, sem gætu leitt af sér leifar í matvælum eða fóðri, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 ([2]) eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 ([3]), og grípa til hvers kyns viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu til að tryggja að ekki sé farið yfir gildandi hámarksgildi leifa. 4) Ekki skal blanda vörum í efnivið og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli í skilningi 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004, nema framkvæmdastjórnin hafi fastsett sértæk mörk fyrir flæði C(M)IT/MIT (3:1) yfir í matvæli eða sýnt hafi verið fram á, samkvæmt þeirri reglugerð, að slík mörk séu ekki nauðsynleg. Setning meðhöndlaðra vara á markað er háð eftirfarandi skilyrði: Aðilinn, sem ber ábyrgð á setningu meðhöndlaðrar vöru, sem hefur verið meðhöndluð með eða inniheldur C(M)IT/MIT (3:1), á markað skal sjá til þess að á merkimiða meðhöndluðu vörunnar séu tilgreindar upplýsingarnar í annarri undirgrein 3. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.
					6	Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Innleiða skal öruggar verklagsreglur og viðeigandi skipulagsráðstafanir fyrir notendur í iðnaði eða þá sem nota efnið í atvinnuskyni. Við notkun á vörum skal nota viðeigandi persónuhlífar þegar ekki er unnt að draga á annan hátt úr váhrifum þannig að þau verði ekki meiri en svo að við megi una. 2) Í ljósi áhættu fyrir umhverfið skal ekki veita leyfi fyrir sæfivörum til að rotverja pappírsmauk og vökva til pappírsvinnslu nema hægt sé að sýna fram á að draga megi úr áhættu svo hún verði ekki meiri en svo að við megi una.

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöru-flokkur	Sérstök skilyrði
						Setning meðhöndlaðra vara á markað er háð eftirfarandi skilyrði. 1) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir heilbrigði manna skulu blöndur, sem hafa verið meðhöndlaðar með eða innihalda C(M)IT/MIT (3:1) og eru settar á markað til notkunar fyrir almenning, ekki innihalda C(M)IT/MIT (3:1) í styrkleika sem leiðir til flokkunar sem húðnæmir nema unnt sé að komast hjá váhrifum á annan hátt en með því að nota persónuhlífar. 2) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir heilbrigði manna skulu fljótandi þvotta- og hreinsiefni, sem hafa verið meðhöndluð með eða innihalda C(M)IT/MIT (3:1) og eru sett á markað til notkunar fyrir þá sem nota efnin í atvinnuskyni, ekki innihalda C(M)IT/MIT (3:1) í styrkleika sem leiðir til flokkunar sem húðnæmir nema unnt sé að komast hjá váhrifum á annan hátt en með því að nota persónuhlífar. 3) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir heilbrigði manna skulu blöndur, sem hafa verið meðhöndlaðar með eða innihalda C(M)IT/MIT (3:1), aðrar en fljótandi þvotta- og hreinsiefni, og eru settar á markað til notkunar fyrir þá sem nota efnin í atvinnuskyni, ekki innihalda C(M)IT/MIT (3:1) í styrkleika sem leiðir til flokkunar sem húðnæmir nema unnt sé að komast hjá váhrifum, þ.m.t. með því að nota persónuhlífar. 4) Aðilinn, sem ber ábyrgð á setningu meðhöndlaðrar vöru, sem hefur verið meðhöndluð með eða inniheldur C(M)IT/MIT (3:1), á markað skal sjá til þess að á merkimiða meðhöndluðu vörunnar séu tilgreindar upplýsingarnar í annarri undirgrein 3. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.
					11	Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Innleiða skal öruggar verklagsreglur og viðeigandi skipulagsráðstafanir fyrir þá sem nota efnið í atvinnuskyni. Við notkun á vörum skal nota viðeigandi persónuhlífar þegar ekki er unnt að draga á annan hátt úr váhrifum þannig að þau verði ekki meiri en svo að við megi una.

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöru-flokkur	Sérstök skilyrði
						2) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir umhverfið skal ekki veita leyfi fyrir vörum til að rotverja vökva til ljósmyndavinnslu, til að rotverja lausnir til meðhöndlunar á timbri og til notkunar í stórum, opnum hringrásarkælikerfum nema hægt sé að sýna fram á að draga megi úr áhættu svo hún verði ekki meiri en svo að við megi una. 3) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir umhverfið skal eftirfarandi koma fram á merkimiðum og, ef þau liggja fyrir, öryggisblöðum fyrir vörur nema hægt sé að sýna fram á að draga megi úr áhættu svo hún verði ekki meiri en svo að við megi una: a) Að því er varðar notkun í litlum, opnum hringrásarkælikerfum skulu ráðstafanir til að draga úr áhættu vera fyrir hendi til að draga úr beinni mengun landræns umhverfishólfs vegna ákomu úr lofti. b) Að því er varðar aðra notkun en þá sem tilgreind er samkvæmt skilyrði 2) skal losun skólps frá starfsstöðvum beint í skólphreinsistöð. Setning meðhöndlaðra vara á markað er háð eftirfarandi skilyrði: Aðilinn, sem ber ábyrgð á setningu meðhöndlaðrar vöru, sem hefur verið meðhöndluð með eða inniheldur C(M)IT/MIT (3:1), á markað skal sjá til þess að á merkimiða meðhöndluðu vörunnar séu tilgreindar upplýsingarnar í annarri undirgrein 3. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.
					12	Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Innleiða skal öruggar verklagsreglur og viðeigandi skipulagsráðstafanir fyrir þá sem nota efnið í atvinnuskyni. Við notkun á vörum skal nota viðeigandi persónuhlífar þegar ekki er unnt að draga á annan hátt úr váhrifum þannig að þau verði ekki meiri en svo að við megi una.

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöru-flokkur	Sérstök skilyrði
						2) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir umhverfið skal ekki veita leyfi fyrir vörum til notkunar í mannvirkjum á hafi úti nema hægt sé að sýna fram á að draga megi úr áhættu svo hún verði ekki meiri en svo að við megi una. 3) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir heilbrigði manna skal á merkimiðum eða öryggisblöðum fyrir vörur, sem eru leyfðar fyrir mannvirki á hafi úti, koma fram að borleðja skal ekki innihalda C(M)IT/MIT (3:1) í styrkleika sem leiðir til flokkunar sem húðnæmir nema unnt sé að koma á öruggum verklagsreglum og viðeigandi skipulagsráðstöfunum fyrir starfsmenn. 4) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir umhverfið skal á merkimiðum eða öryggisblöðum fyrir vörur, sem leyfðar eru til notkunar í pappírsverksmiðjur, koma fram að þörf er á viðeigandi þynningu á losun frá iðnaðaraðstöðu í vatnsfallið eftir vélræna/efnafræðilega meðhöndlun eða eftir meðhöndlun í skólphreinsistöð nema hægt sé að sýna fram á að unnt sé að draga á annan hátt úr áhættu þannig að hún verði ekki meiri en svo að við megi una. Setning meðhöndlaðra vara á markað er háð eftirfarandi skilyrði: Aðilinn, sem ber ábyrgð á setningu meðhöndlaðrar vöru, sem hefur verið meðhöndluð með eða inniheldur C(M)IT/MIT (3:1), á markað skal sjá til þess að á merkimiða meðhöndluðu vörunnar séu tilgreindar upplýsingarnar í annarri undirgrein 3. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.
					13	Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Innleiða skal öruggar verklagsreglur og viðeigandi skipulagsráðstafanir fyrir þá sem nota efnið í atvinnuskyni. Við notkun á vörum skal nota viðeigandi persónuhlífar þegar ekki er unnt að draga á annan hátt úr váhrifum þannig að þau verði ekki meiri en svo að við megi una. 2) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir þá sem nota efnið í atvinnuskyni skal bæta vörunum hálfsjálfvirkt eða sjálfvirkt í málmvinnsluvökva nema hægt sé að sýna fram á að unnt sé að draga á annan hátt úr áhættu þannig að hún verði ekki meiri en svo að við megi una.

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöru-flokkur	Sérstök skilyrði
						3) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir þá sem nota efnið í atvinnuskyni skal á merkimiðum og, ef þau liggja fyrir, öryggisblöðum koma fram að ekki skuli nota vörurnar í málmvinnsluvökva í styrkleika sem leiðir til flokkunar sem húðnæmir nema hægt sé að sýna fram á að unnt sé að draga á annan hátt úr áhættu þannig að hún verði ekki meiri en svo að við megi una. Setning meðhöndlaðra vara á markað er háð eftirfarandi skilyrði: Aðilinn, sem ber ábyrgð á setningu meðhöndlaðrar vöru, sem hefur verið meðhöndluð með eða inniheldur C(M)IT/MIT (3:1), á markað skal sjá til þess að á merkimiða meðhöndluðu vörunnar séu tilgreindar upplýsingarnar í annarri undirgrein 3. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

([1]) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var notað við matið í samræmi við 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 98/8/EB. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 (Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1885 **2016/EES/27/50**

frá 20. október 2015

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 2,4-díklórfenoxýediksýru, asíbensólar-S-metýl, amítróli, bentasón, sýhalófopbútýl, díkvat, esfenvalerat, famoxadón, flúmíoxasín, DPX KE 459 (flúpýrsúlfúrón-metýl), glýfosat, ípróvalíkarb, ísóprótúrón, lambda-sýhalótrín, metalaxýl-M, metsúlfúrónmetýl, píkólínafen, prósúlfúrón, pýmetrósín, pýraflúfenetýl, þiabendasól, þífensúlfúrónmetýl og tríasúlfúrón (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([2]) eru skráð virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

2) Samþykki fyrir virku efnunum 2,4-díklórfenoxýediksýru, asíbensólar-S-metýli, amítróli, bentasóni, sýhalófopbútýli, díkvati, esfenvalerati, famoxadóni, flúmíoxasíni, DPX KE 459 (flúpýrsúlfúrón-metýli), glýfosati, ípróvalíkarbi, ísóprótúróni, lambda-sýhalótríni, metalaxýl-M, metsúlfúrónmetýli, píkólínafeni, prósúlfúróni, pýmetrósíni, pýraflúfenetýli, þiabendasóli, þífensúlfúrónmetýli og tríasúlfúróni renna út 31. desember 2015. Umsóknir um endurnýjun á skráningu þessara efna í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([3]) voru lagðar fram í samræmi við 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 ([4]).

3) Þar eð mat á efnunum hefur tafist af ástæðum sem umsækjendurnir fá ekki ráðið við er líklegt að samþykki fyrir þessum virku efnum renni út áður en ákvörðun um endurnýjun þeirra hefur verið tekin. Því er nauðsynlegt að framlengja samþykkistímabil þeirra.

4) Með tilliti til markmiðs fyrstu málsgreinar 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin mun samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um að samþykki fyrir virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, sé ekki endurnýjað vegna þess að viðmiðanir fyrir samþykki eru ekki uppfylltar mun framkvæmdastjórnin fastsetja lokadagsetningu gildistíma sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða þann dag sem reglugerðin tekur gildi, ef sá dagur er síðar, að því tilskildu að samþykki fyrir virka efninu sé ekki endurnýjað.

5) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 276, 21.10.2015, bls. 48. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, birtur birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([3]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 frá 7. desember 2010 þar sem mælt er fyrir um málsmeðferð við endurnýjun á færslu annars hóps virkra efna á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um að taka saman skrá yfir þessi efni (Stjtíð. ESB L 322, 8.12.2010, bls. 10).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. október 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2015“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 7, metsúlfúrónmetýl, komi „30. júní 2016“.

2) Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2015“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 9, tríasúlfúrón, komi „30. júní 2016“.

3) Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2015“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 10, esfenvalerat, komi „30. júní 2016“.

4) Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2015“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 11, bentasón, komi „30. júní 2016“.

5) Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2015“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 12, lambda-sýhalótrín, komi „30. júní 2016“.

6) Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2015“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 14, amítról, komi „30. júní 2016“.

7) Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2015“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 15, díkvat, komi „30. júní 2016“.

8) Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2015“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 17, þíabendasól, komi „30. júní 2016“.

9) Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2015“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 19, DPX KE 459 (flúpýrsúlfúrón-metýl), komi „30. júní 2016“.

10) Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2015“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 20, asíbensólar-S-metýl, komi „30. júní 2016“.

11) Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2015“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 23, pýmetrósín, komi „30. júní 2016“.

12) Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2015“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 24, pýraflúfenetýl, komi „30. júní 2016“.

13) Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2015“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 25, glýfosat, komi „30. júní 2016“.

14) Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2015“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 26, þífensúlfúrónmetýl, komi „30. júní 2016“.

15) Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2015“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 27, 2,4-D, komi „30. júní 2016“.

16) Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2015“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 28, ísóprótúrón, komi „30. júní 2016“.

17) Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2015“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 30, ípróvalíkarb, komi „30. júní 2016“.

18) Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2015“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 31, prósúlfúrón, komi „30. júní 2016“.

19) Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2015“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 34, sýhalófopbútýl, komi „30. júní 2016“.

20) Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2015“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 35, famoxadón, komi „30. júní 2016“.

21) Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2015“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 37, metalaxýl-M, komi „30. júní 2016“.

22) Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2015“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 38, píkólínafen, komi „30. júní 2016“.

23) Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2015“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 39, flúmíoxasín, komi „30. júní 2016“.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2033 **2016/EES/27/51**

frá 13. nóvember 2015

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu 2,4-díklórfenoxýediksýru, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samþykkið fyrir virka efninu 2,4-D, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([2]), rennur út 31. desember 2015.

2) Umsókn um endurnýjun á skráningu 2,4-D í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([3]) var lögð fram í samræmi við 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 ([4]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

3) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1141/2010. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

4) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 4. mars 2013.

5) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

6) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að 2,4-D uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 7. ágúst 2014 og 11. mars 2015 ([5]). Framkvæmdastjórnin lagði drögin að endurskoðunarskýrslunni um 2,4-D fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 28. maí 2015.

7) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr., eru uppfylltar. Því teljast þessar viðmiðanir fyrir samþykki uppfylltar.

8) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir 2,4-D.

9) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir. Einkum er rétt að krefjast frekari upplýsinga til staðfestingar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 298, 14.11.2015, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([3]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 frá 7. desember 2010 þar sem mælt er fyrir um málsmeðferð við endurnýjun á færslu annars hóps virkra efna á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um að taka saman skrá yfir þessi efni (Stjtíð. ESB L 322, 8.12.2010, bls. 10).

([5]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2014 12(9), 3812. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

10) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir 2,4-D byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda 2,4-D. Því er rétt að takmarka ekki notkunina við notkun sem illgresiseyðir.

11) Í samræmi við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 4. mgr. 13. gr. sömu reglugerðar, ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

12) Reglugerð þessi ætti að gilda frá og með deginum eftir að samþykkið fyrir virka efninu 2,4-D, sem um getur í 1. forsendu, rennur út.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykkið fyrir virka efninu 2,4-D, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti Kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
2,4-D CAS-númer: 94-75-7 CIPAC-nr.: 1.	(2,4-díklórfenoxý) ediksýra	≥ 960 g/kg Óhreinindi: Óbundin fenól (gefin upp sem 2,4-DCP): ekki yfir 3 g/kg. Summa díoxíns og fúrans (WHO-TCDD TEQ)([2]): ekki yfir 0,01 mg/kg.	1. janúar 2016	31. desember 2030	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um 2,4-D, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að áhættu fyrir lagarlífverur, landlífverur og neytendur ef notkun fer yfir 750 g/ha. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina: 1) upplýsingar til staðfestingar í formi framlagningar á heildarniðurstöðum úr fyrirliggjandi framlengdri einnar kynslóðar rannsókn, 2) upplýsingar til staðfestingar í formi framlagningar á greiningu á myndbreytingu hjá froskdýrum (AMA) (Efnahags- og framfarastofnunin (2009) prófun nr. 231) til að sannprófa hugsanlega eiginleika efnisins sem hafa áhrif á innkirtla. Upplýsingarnar, sem settar eru fram í 1. lið, skulu lagðar fram eigi síðar en 4. júní 2016 og upplýsingarnar, sem settar eru fram í 2. lið, eigi síðar en 4. desember 2017.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

([2]) Díoxín (summa fjölklóraðra díbensó-para-díoxína (PCDD) og fjölklóraðra díbensófúrana (PCDF), gefin upp sem eiturjafngildi (TEQ) Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) með því að nota eiturjafngildisstuðla Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO-TEF)).

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta falli færsla 27 um 2,4-D brott.

2) Í B-hluta bætist eftirfarandi færsla við:

„94	2,4-D CAS-númer: 94-75-7 CIPAC-nr.: 1.	(2,4-díklórfenoxý) ediksýra	≥ 960 g/kg Óhreinindi: Óbundin fenól (gefin upp sem 2,4-DCP): ekki yfir 3 g/kg. Summa díoxíns og fúrans (WHO-TCDD/T TEQ)(*): ekki yfir 0,01 mg/kg.	1. janúar 2016	31. desember 2030	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um 2,4-D, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að áhættu fyrir lagarlífverur, landlífverur og neytendur ef notkun fer yfir 750 g/ha. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Tilkynnandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvæla-öryggisstofnunina: 1) upplýsingar til staðfestingar í formi framlagningar á heildarniðurstöðum úr fyrirliggjandi framlengdri einnar kynslóðar rannsókn, 2) upplýsingar til staðfestingar í formi framlagningar á greiningu á mynd-breytingu hjá froskdýrum (AMA) (Efnahags- og framfarastofnunin (2009) prófun nr. 231) til að sannprófa hugsanlega eiginleika efnisins sem hafa áhrif á innkirtla. Upplýsingarnar, sem settar eru fram í 1. lið, skulu lagðar fram eigi síðar en 4. júní 2016 og upplýsingarnar, sem settar eru fram í 2. lið, eigi síðar en 4. desember 2017.

(*) Díoxín (summa fjölklóraðra díbensó-para-díoxína (PCDD) og fjölklóraðra díbensófúrana (PCDF), gefin upp sem eiturjafngildi (TEQ) Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) með því að nota eiturjafngildisstuðla Alþjóðaheilbrigðismálast ofnunarinnar (WHO-TEF)).“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2047 **2016/EES/27/52**

frá 16. nóvember 2015

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu esfenvalerati sem efni sem ráðgert er að skipta út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 24. gr. í tengslum við 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samþykkið fyrir virka efninu esfenvalerati, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([2]), rennur út 30. júní 2016.

2) Umsókn um endurnýjun á skráningu esfenvalerats í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([3]) var lögð fram í samræmi við 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 ([4]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

3) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1141/2010. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

4) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 30. júlí 2013.

5) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

6) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að esfenvalerat uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 22. október 2014 ([5]). Framkvæmdastjórnin lagði drögin að endurskoðunarskýrslunni um esfenvalerat fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 20. mars 2015.

7) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr., eru uppfylltar. Því teljast þessar viðmiðanir fyrir samþykki uppfylltar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 300, 17.11.2015, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([3]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 frá 7. desember 2010 þar sem mælt er fyrir um málsmeðferð við endurnýjun á færslu annars hóps virkra efna á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um að taka saman skrá yfir þessi efni (Stjtíð. ESB L 322, 8.12.2010, bls. 10).

([5]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2014 12(11), 3873. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

8) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir esfenvalerati byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda esfenvalerat. Því er rétt að takmarka ekki notkunina við notkun sem skordýraeitur.

9) Framkvæmdastjórnin telur þó að esfenvalerat sé efni sem ráðgert sé að skipta út skv. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Esfenvalerat er eiturefni í samræmi við liði 3.7.2.2 og 3.7.2.3 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 þar eð lífþéttnistuðull er yfir 2000 og styrkur sem hefur engin merkjanleg langtímaáhrif á lífverur í ferskvatni er undir 0,01 mg/L. Esfenvalerat uppfyllir því skilyrðin sem sett eru í öðrum undirlið 4. liðar í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

10) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir esfenvalerati sem efni sem ráðgert er að skipta út.

11) Í samræmi við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 4. mgr. 13. gr. sömu reglugerðar, ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

12) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1885 ([6]) er samþykkistímabilið fyrir esfenvalerat framlengt svo unnt sé að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykki fyrir efninu rennur út. Þar eð ákvörðun um endurnýjun var tekin áður en upprunalega samþykkistímabilið rann út ætti þessi reglugerð að gilda frá og með deginum eftir að upprunalega samþykkistímabilið rann út.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun samþykkis fyrir virka efninu sem efni sem ráðgert er að skipta út

Samþykki fyrir virka efninu esfenvalerati, sem efni sem ráðgert er að skipta út, er endurnýjað eins og fram kemur í I. viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2016.

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1885 frá 20. október 2015 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 2,4-díklórfenoxýediksýru, asíbensólar-S-metýl, amítról, bentasón, sýhalófopbútýl, díkvat, esfenvalerat, famoxadón, flúmíoxasín, DPX KE 459 (flúpýrsúlfúrón-metýl), glýfosat, ípróvalíkarb, ísóprótúrón, lambda-sýhalótrín, metalaxýl-M, metsúlfúrónmetýl, píkólínafen, prósúlfúrón, pýmetrósín, pýraflúfenetýl, þíabendasól, þífensúlfúrónmetýl og tríasúlfúrón (Stjtíð ESB L 276, 21.10.2015, bls. 48).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Esfenvalerat CAS-númer: 66230-04-4 CIPAC-nr.: 481.	(αS)-α-sýanó-3-fenoxýbensýl-(2S)-2-(4-klórfenýl)-3-metýlbútýrat	830 g/kg Óhreinindin tólúen skulu ekki vera meiri en 10 g/kg í tæknilega efninu.	1. janúar 2016	31. desember 2022	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um esfenvalerat, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — áhættu vegna esfenvalerats og 2SαR-hverfu fenvalerats fyrir lagarlífverur, þ.m.t. áhættu á uppsöfnun í lífverum um fæðukeðjuna, — áhættu fyrir býflugur og liðdýr utan markhóps, — vernd grunnvatns ef efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- og/eða loftslagsskilyrði. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta falli færsla 10 um esfenvalerat brott.

2) Í E-hluta bætist eftirfarandi færsla við:

	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„2	Esfenvalerat CAS-númer: 66230-04-4 CIPAC-nr.: 481.	(αS)-α-sýanó-3-fenoxýbensýl-(2S)-2-(4-klórfenýl)-3-metýlbútýrat	830 g/kg Óhreinindin tólúen skulu ekki vera meiri en 10 g/kg í tæknilega efninu.	1. janúar 2016	31. desember 2022	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um esfenvalerat, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — áhættu vegna esfenvalerats og 2SαR-hverfu fenvalerats fyrir lagarlífverur, þ.m.t. áhættu á uppsöfnun í lífverum um fæðukeðjuna, — áhættu fyrir býflugur og liðdýr utan markhóps, — vernd grunnvatns ef efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- og/eða loftslagsskilyrði. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2084 **2016/EES/27/53**

frá 18. nóvember 2015

um samþykki fyrir virka efninu flúpýradífúróni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 barst Hollandi umsókn frá Bayer CropScience AG 8. maí 2012 um samþykki fyrir virka efninu flúpýradífúróni.

2) Í samræmi við 3. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar tilkynnti Holland, sem skýrslugjafaraðildarríki, umsækjandanum, hinum aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um lögmæti umsóknarinnar 21. júní 2012.

3) Hinn 1. febrúar 2014 lagði skýrslugjafaraðildarríkið drög að matsskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina ásamt afriti fyrir Matvælaöryggisstofnunina þar sem metið er hvort búast megi við því að virka efnið uppfylli viðmiðanirnar fyrir samþykki sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

4) Matvælaöryggisstofnunin uppfyllti ákvæði 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Í samræmi við 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 fór hún fram á að umsækjandinn legði fram viðbótarupplýsingar til aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Matvælaöryggisstofnunarinnar. Mat skýrslugjafaraðildarríkisins á viðbótarupplýsingunum var lagt fyrir Matvælaöryggisstofnunina sem uppfærð drög að matsskýrslu í janúar 2015.

5) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að virka efnið flúpýradífúrón uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ([2]), fyrir umsækjandann, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina 4. febrúar 2015. Matvælaöryggisstofnunin gerði niðurstöður sínar aðgengilegar almenningi.

6) Hinn 13. júlí 2015 lagði framkvæmdastjórnin fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður endurskoðunarskýrslu um flúpýradífúrón og drög að reglugerð þar sem kveðið er á um samþykki fyrir flúpýradífúróni.

7) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við endurskoðunarskýrsluna.

8) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, og einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslunni, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar. Því teljast þessar viðmiðanir fyrir samþykki uppfylltar. Því er rétt að samþykkja flúpýradífúrón.

9) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir. Einkum er rétt að krefjast frekari upplýsinga til staðfestingar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 305, 21.11.2015, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(12), 3913. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

10) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([3]) til samræmis við það.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni

Virka efnið flúpýradífúrón, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Flúpýradífúrón CAS-númer: 951659-40-8 CIPAC-nr.: 987	4-[(6-klór-3-pýridýlmetýl)(2,2-díflúoretýl)amínó]fúran-2(5H)-ón	≥ 960 g/kg	9. desember 2015	9. desember 2025	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um flúpýradífúrón, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd starfsmanna og notenda, — áhættu fyrir liðdýr utan markhóps, vatnahryggleysingja og lítil spendýr sem eru plöntuætur, — vernd grunnvatns ef efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- og/eða loftslagsskilyrði, — leifum í efnivið úr dýraríkinu og plöntum í skiptiræktun. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar á: 1) tækniforskrift fyrir framleitt, virkt efni (byggt á framleiðslu í ábataskyni), þ.m.t. mikilvægi sumra einstakra óhreininda, 2) samræmi framleiðslulotanna við staðfestu tækniforskriftirnar að því er varðar eiturhrif, 3) áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni þegar yfirborðsvatn eða grunnvatn er notað til töku drykkjarvatns. Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina upplýsingarnar í 1. og 2. lið eigi síðar en 9. júní 2016 og upplýsingarnar í 3. lið innan tveggja ára eftir samþykki á leiðbeiningarskjali vegna mats á áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 bætist eftirfarandi færsla við:

	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„91	Flúpýradífúrón CAS-númer: 951659-40-8 CIPAC-nr.: 987	4-[(6-klór-3-pýridýlmetýl) (2,2-díflúoretýl)amínó]fúran-2(5H)-ón	≥ 960 g/kg	9. desember 2015	9. desember 2025	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um flúpýradífúrón, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd starfsmanna og notenda, — áhættu fyrir liðdýr utan markhóps, vatnahryggleysingja og lítil spendýr sem eru plöntuætur, — vernd grunnvatns ef efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- og/eða loftslagsskilyrði, — leifum í efnivið úr dýraríkinu og plöntum í skiptiræktun. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar á: 1) tækniforskrift fyrir framleitt, virkt efni (byggt á framleiðslu í ábataskyni), þ.m.t. mikilvægi sumra einstakra óhreininda, 2) samræmi framleiðslulotanna við staðfestu tækniforskriftirnar að því er varðar eiturhrif, 3) áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni þegar yfirborðsvatn eða grunnvatn er notað til töku drykkjarvatns. Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina upplýsingarnar í 1. og 2. lið eigi síðar en 9. júní 2016 og upplýsingarnar í 3. lið innan tveggja ára eftir samþykki á leiðbeiningarskjali vegna mats á áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2105 **2016/EES/27/54**

frá 20. nóvember 2015

um samþykki fyrir virka efninu flúmetralíni sem efni sem ráðgert er að skipta út, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 24. gr. í tengslum við 13. gr. (2. mgr.) og 78. gr. (2. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 barst Ungverjalandi umsókn frá Exponent International Ltd fyrir hönd Syngenta Crop Protection AG 3. apríl 2012 um samþykki fyrir virka efninu flúmetralíni. Í samræmi við 3. mgr. 9 .gr. þeirrar reglugerðar tilkynnti Ungverjaland, sem skýrslugjafaraðildarríki, framkvæmdastjórninni um lögmæti umsóknarinnar 28. september 2012.

2) Hinn 30. október 2013 lagði skýrslugjafaraðildarríkið drög að matsskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina ásamt afriti fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) þar sem metið er hvort búast megi við því að virka efnið uppfylli viðmiðanirnar fyrir samþykki sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

3) Matvælaöryggisstofnunin uppfyllti ákvæði 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Í samræmi við 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 fór hún fram á að umsækjandinn legði fram viðbótarupplýsingar til aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Matvælaöryggisstofnunarinnar. Mat skýrslugjafaraðildarríkisins á viðbótarupplýsingunum var lagt fyrir Matvælaöryggisstofnunina sem uppfærð drög að matsskýrslu í september 2014.

4) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að virka efnið flúmetralín uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ([2]), fyrir umsækjandann, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina 20. nóvember 2014. Matvælaöryggisstofnunin gerði niðurstöður sínar aðgengilegar almenningi.

5) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við endurskoðunarskýrsluna.

6) Hinn 29. maí 2015 lagði framkvæmdastjórnin fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður endurskoðunarskýrslu um flúmetralín og drög að reglugerð þar sem kveðið er á um samþykki fyrir flúmetralíni.

7) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, og einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslunni, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar. Því teljast þessar viðmiðanir fyrir samþykki uppfylltar.

8) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir. Einkum er rétt að krefjast frekari upplýsinga til staðfestingar.

9) Framkvæmdastjórnin telur þó að flúmetralín sé efni sem ráðgert sé að skipta út skv. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Flúmetralín er þrávirkt og eitrað efni í samræmi við liði 3.7.2.1 og 3.7.2.3 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 þar eð helmingunartíminn í ferskvatni er lengri en 40 dagar og styrkur sem hefur engin merkjanleg langtímaáhrif á lífverur í ferskvatni er undir 0,01 mg/L. Flúmetralín uppfyllir því skilyrðin sem sett eru í öðrum undirlið 4. liðar í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 305, 21.11.2015, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(10), 3816. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

10) Því er rétt að samþykkja flúmetralín sem efni sem ráðgert er að skipta út.

11) Í samræmi við 2. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 á að skrá efni, sem ráðgert er að skipta út, sérstaklega í reglugerðinni sem um getur í 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Því er rétt að bæta E-hluta við viðaukann við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([3]). Því ætti að breyta þeirri reglugerð til samræmis við það.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni sem efni sem ráðgert er að skipta út

Virka efnið flúmetralín er samþykkt, eins og sett er fram í I. viðauka, sem efni sem ráðgert er að skipta út.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

1. Í stað annarrar málsgreinar 1. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 540/2011 komi eftirfarandi málsgrein:

„Virku efnin sem hafa verið samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 eru skráð í B-hluta viðaukans við þessa reglugerð. Grunnefnin sem hafa verið samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 eru skráð í C-hluta viðaukans við þessa reglugerð. Áhættulitlu virku efnin sem hafa verið samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 eru skráð í D-hluta viðaukans við þessa reglugerð. Efnin, sem ráðgert er að skipta út, sem hafa verið samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 eru skráð í E-hluta viðaukans við þessa reglugerð.“

2. Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Flúmetralín CAS-nr. 62924-70-3 CIPAC-nr. 971	*N*-(2-klór-6-flúorbensýl)-*N*-etýl-α,α,α-tríflúor-2,6-dínítró-*p*-tólúidín	980 g/kg Óhreinindin nítrósamín (reiknuð út sem nítrósódímetýlamín) skulu ekki vera meiri en 0,001 g/kg í tæknilega efninu.	11. desember 2015	11. desember 2022	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um flúmetralín, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: a) vernd notenda og starfsmanna og tryggja að notkunarskilyrðin taki til notkunar á fullnægjandi persónuhlífum eftir því sem við á, b) vernd grunnvatns ef efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- og/eða loftslagsskilyrði, c) áhættu fyrir dýr sem eru plöntuætur, d) áhættu fyrir lagarlífverur. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar á: 1. tækniforskrift fyrir framleitt, virkt efni (byggt á framleiðslu í ábataskyni), 2. samræmi framleiðslulotanna við staðfestu tækniforskriftirnar að því er varðar eiturhrif. Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina upplýsingarnar sem um getur í 1. og 2. lið eigi síðar en 11. júní 2016.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 bætist eftirfarandi E-hluti við:

„E-HLUTI

Efni sem ráðgert er að skipta út

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (*)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
1. Flúmetralín CAS-nr. 62924-70-3 CIPAC-nr. 971	*N*-(2-klór-6-flúorbensýl)-*N*-etýl-α,α,α-tríflúor-2,6-dínítró-*p*-tólúidín	980 g/kg Óhreinindin nítrósamín (reiknuð út sem nítrósódímetýlamín) skulu ekki vera meiri en 0,001 g/kg í tæknilega efninu.	11. desember 2015	11. desember 2022	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um flúmetralín, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: a) vernd notenda og starfsmanna og tryggja að notkunarskilyrðin taki til notkunar á fullnægjandi persónuhlífum eftir því sem við á, b) vernd grunnvatns ef efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- og/eða loftslagsskilyrði, c) áhættu fyrir dýr sem eru plöntuætur, d) áhættu fyrir lagarlífverur. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar á: 1. tækniforskrift fyrir framleitt, virkt efni (byggt á framleiðslu í ábataskyni), 2. samræmi framleiðslulotanna við staðfestu tækniforskriftirnar að því er varðar eiturhrif. Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina upplýsingarnar sem um getur í 1. og 2. lið eigi síðar en 11. júní 2016.

(*) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2198 **2016/EES/27/55**

frá 27. nóvember 2015

um samþykki fyrir virka efninu reskalúri, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 barst Austurríki umsókn frá Ecologia y Protección Agrícola SL 21. september 2012 um samþykki fyrir virka efninu reskalúri.

2) Í samræmi við 3. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar tilkynnti Austurríki, sem skýrslugjafaraðildarríki, umsækjandanum, hinum aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um lögmæti umsóknarinnar 5. nóvember 2012.

3) Hinn 3. mars 2014 lagði skýrslugjafaraðildarríkið drög að matsskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina ásamt afriti fyrir Matvælaöryggisstofnunina þar sem metið er hvort búast megi við því að virka efnið uppfylli viðmiðanirnar fyrir samþykki sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

4) Matvælaöryggisstofnunin uppfyllti ákvæði 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Í samræmi við 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 fór hún fram á að umsækjandinn legði fram viðbótarupplýsingar til aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Matvælaöryggisstofnunarinnar. Mat skýrslugjafaraðildarríkisins á viðbótarupplýsingunum var lagt fyrir Matvælaöryggisstofnunina sem uppfærð drög að matsskýrslu í desember 2014.

5) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að virka efnið reskalúr uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ([2]), fyrir umsækjandann, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina 10. febrúar 2015. Matvælaöryggisstofnunin gerði niðurstöður sínar aðgengilegar almenningi.

6) Hinn 13. júlí 2015 lagði framkvæmdastjórnin fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður endurskoðunarskýrslu um reskalúr og drög að reglugerð þar sem kveðið er á um samþykki fyrir reskalúri.

7) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við endurskoðunarskýrsluna.

8) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, og einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslunni, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar. Því teljast þessar viðmiðanir fyrir samþykki uppfylltar. Því er rétt að samþykkja reskalúr.

9) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([3]) til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 313, 28.11.2015, bls. 35. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(12), 3913. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni

Virka efnið reskalúr, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Reskalúr CAS-númer: 67601-06-3 CIPAC-nr.: Ekki fyrir hendi	(3*S*,6*R*)-(3*S*,6*S*)-6-ísóprópenýl-3-metýldek-9-en-1-ýlasetat	≥ 750 g/kg Hlutfall (3*S*,6*R*)/(3*S*,6*S*) skal vera á bilinu 55/45 og 45/55. Hreinleikasvið fyrir hverja hverfu skal vera 337,5 g/kg til 412,5 g/kg.	18. desember 2015	18. desember 2025	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um reskalúr, einkum í I. og II. viðbæti við hana.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

I. VIÐAUKI

Í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 bætist eftirfarandi færsla við:

	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (*)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„92	Reskalúr CAS-númer: 67601-06-3 CIPAC-nr.: Ekki fyrir hendi	(3*S*,6*R*)-(3*S*,6*S*)-6-ísóprópenýl-3-metýldek-9-en-1-ýlasetat	≥ 750 g/kg Hlutfall (3*S*,6*R*)/(3*S*,6*S*) skal vera á bilinu 55/45 og 45/55. Hreinleikasvið fyrir hverja hverfu skal vera 337,5 g/kg til 412,5 g/kg.	18. desember 2015	18. desember 2025	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um reskalúr, einkum í I. og II. viðbæti við hana.

(*) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/9 **2016/EES/27/56**

frá 5. janúar 2016

um sameiginlega framlagningu gagna og samnýtingu gagna í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ([1]), einkum 132. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Að því er varðar skráningu efna eru ákvæði í II. og III. bálki reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 sem gera framleiðendum og innflytjendum skylt að samnýta gögn og leggja upplýsingar sameiginlega fyrir Efnastofnunina.

2) Reynslan sem yfirvöld öðluðust í tengslum við eindagana, sem settir eru fram í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, fyrir skráningu efna í skráningarbið árið 2010 og 2013 ásamt þeim upplýsingum sem bárust beint frá hagsmunaaðilum og gegnum málstofu um REACH-skráningu sem fór fram í Brussel 10.–11. desember 2013 benda til þess að ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 um samnýtingu gagna og sameiginlega framlagningu hafi ekki verið nýtt til fulls og að framkvæmd þeirra standist ekki væntingar. Þetta hefur komið sér einkar illa fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

3) Til að kerfi fyrir samnýtingu gagna, sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 1907/2006, sé árangursríkt er nauðsynlegt að stuðla að góðum stjórnunarvenjum og sjá til þess að framkvæmd samkomulags um samnýtingu slíkra gagna sé skilvirk. Því ætti að setja reglur varðandi skilvirka framkvæmd þeirrar reglugerðar að því er varðar samnýtingu gagna.

4) Kostnaður í tengslum við samnýtingu gagna og sameiginlega framlagningu upplýsinga, í samræmi við 11. gr. (1. mgr.), 19. gr. (1. mgr.), 27. gr. (3. mgr.) og 30. gr. (1. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, ætti að vera ákvarðaður á sanngjarnan og gagnsæjan hátt og án mismununar.

5) Nauðsynlegt er að gera grein fyrir því að í samræmi við 3. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 ætti einungis að deila bæði stjórnsýslukostnaði og kostnaði vegna upplýsingakrafna þegar kostnaðurinn tengist upplýsingunum sem aðila er skylt að leggja fram vegna skráningar samkvæmt þeirri reglugerð. Kostnaður í tengslum við upplýsingakröfur nær yfir allan þann kostnað sem var nauðsynlegur til að framkvæma fyrirliggjandi rannsókn eða er nauðsynlegur til að framkvæma nýja rannsókn, hvort sem það er í tengslum við gerð nauðsynlegra forskrifta, samningagerð við rannsóknarstofu eða vöktun á framkvæmd viðkomandi rannsóknar. Kostnaður við að uppfylla upplýsingakröfur í tengslum við REACH, sem varðar ekki rannsóknir eða prófanir, ætti einnig að falla þar undir.

6) Til að tryggja að gögn séu samnýtt á gagnsæjan og skilvirkan hátt ætti allt samkomulag um samnýtingu gagna að því er varðar reglugerð (EB) nr. 1907/2006 að vera uppbyggt þannig að öllum viðkomandi kostnaði sé lýst með skýrum hætti og hann sé auðgreinanlegur. Ef aðilar að samkomulagi um samnýtingu gagna, sem liggur þegar fyrir á gildistökudegi þessarar reglugerðar, eru sáttir við framkvæmd slíks samkomulags ætti hins vegar að vera unnt að aflétta þeirri skyldu að sundurliða kostnað ef allir aðilar eru samþykkir.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 3, 6.1.2016, bls. 41. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

7) Í því skyni að ganga úr skugga um að kostnaður við samnýtingu gagna sé réttlætanlegur og skiptist á fullnægjandi hátt milli aðila að samkomulagi um samnýtingu gagna ættu aðilarnir að halda skrár á ársgrundvelli yfir kostnað sem stofnað er til og þóknanir sem berast. Í samræmi við 3. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 ættu aðilar að fyrirliggjandi samkomulagi um samnýtingu gagna að leita allra leiða til að færa sönnur fyrir kostnaði sem stofnað er til áður en þessi reglugerð öðlast gildi.

8) Til að tryggja samræmi við 3. mgr. 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 og til að tryggja að fyrir hendi séu gögn um kostnað við hverja þá rannsókn sem getur fallið undir samkomulag um samnýtingu gagna ætti að geyma fyrrgreindar skrár á ársgrundvelli í a.m.k. 12 ár eftir framlagningu rannsóknar innan ramma skráningar samkvæmt þeirri reglugerð.

9) Samkomulag um samnýtingu gagna ætti að innihalda líkan fyrir skiptingu alls viðkomandi kostnaðar. Gera ætti ráð fyrir endurgreiðslukerfi í hverju kostnaðarskiptingarlíkani til að gera kleift að aðlaga hluta kostnaðar sem hver skráningaraðili greiðir þegar aðrir skráningaraðilar gerast aðilar að viðkomandi samkomulagi á síðari stigum.

10) Í því skyni að sjá til þess að ekki sé lagt ónauðsynlegt stjórnsýsluálag á aðila að samkomulagi um samnýtingu gagna, sem þegar eru fyrir hendi á gildistökudegi þessarar reglugerðar, ætti þessum aðilum að vera heimilt að aflétta skyldunni um að koma á endurgreiðslukerfi ef allir aðilar að samkomulaginu eru samþykkir. Ef um er að ræða slíkt samkomulag ætti hugsanlegum skráningaraðilum, sem hyggjast gerast aðilar að fyrirliggjandi samkomulagi, að vera heimilt að fara fram á að endurgreiðslukerfi sé komið á.

11) Í þágu réttarvissu ætti að gera grein fyrir því að í samræmi við 4. mgr. 50. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 getur kostnaður í tengslum við ákvörðun um mat á efni einnig átt við um skráningaraðila sem hafa þegar hætt starfsemi sinni skv. 2. eða 3. mgr. 50. gr. þeirrar reglugerðar.

12) Renna ætti stoðum undir meginregluna um „eitt efni, ein skráning“, sem liggur til grundvallar beitingu II. og III. bálks reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, með því að leggja áherslu á hlutverk Efnastofnunarinnar í að tryggja að öll framlagning upplýsinga varðandi sama efnið sé hluti af sömu skráningunni samkvæmt þeirri reglugerð.

13) Ef prófana á hryggdýrum er ekki krafist að því er varðar skráningu aðila samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 ætti að gera grein fyrir því að viðkomandi aðila er ekki skylt að samnýta gögn með öðrum skráningaraðilum fyrir sama efnið og getur hann valið að leggja sérstaklega fram þær upplýsingar sem um getur í a-lið 10 gr. í samræmi við 3. mgr. 11. gr. eða 2. mgr. 19. gr. í þeirri reglugerð.

14) Í því skyni að tryggja samræmi við meginregluna um „eitt efni, ein skráning“ ætti Efnastofnunin að sjá til þess að sérframlagning upplýsinganna sem um getur í a-lið 10. gr., sem er réttlætt skv. 3. mgr. 11. gr. eða 2. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, sé enn hluti af fyrirliggjandi skráningu viðkomandi efnis.

15) Í því skyni að stuðla að þróun og notkun á staðgönguaðferðum til að meta hættu af völdum efna og halda prófunum á dýrum í lágmarki er í þessari reglugerð hvatt til samnýtingar viðeigandi rannsókna (með og án prófana á dýrum) sem eru gerðar á efni sem er svipað að byggingu og efnið sem verið er að skrá (ályktun út frá efnaflokkum eða ályktun út frá byggingarlega hliðstæðum efnum)

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um sérstakar skyldur og skuldbindingar aðila að samkomulagi þar sem samnýtingar upplýsinga ásamt skiptingu tilheyrandi kostnaðar er krafist samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

2. gr.

Gagnsæi

1. Ef mörgum skráningaraðilum fyrir sama efnið eða þátttakendum á gagnaskiptatorgi fyrir efni er skylt að samnýta upplýsingar í samræmi við skyldur þeirra samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skulu þeir leita allra ráða til að ná samkomulagi um samnýtingu þeirra upplýsinga. Þetta samkomulag um samnýtingu gagna, sem tekur aðeins til einstaklinga eða stofnana sem falla undir þá reglugerð, skal vera skýrt og skiljanlegt öllum aðilum og skal fela í sér eftirfarandi atriði:

a) sundurliðun þeirra gagna sem á að samnýta, þ.m.t. kostnaður í tengslum við hvert gagnaatriði, lýsing þar sem tilgreindar eru þær upplýsingakröfur í reglugerð (EB) nr. 1907/2006 sem svara til sérhvers kostnaðarliðar og rökstuðningur varðandi það hvernig gögnin, sem á að samnýta, uppfylla upplýsingakröfuna,

b) sundurliðun og rökstuðningur varðandi kostnað við gerð og stjórnun samkomulagsins um samnýtingu gagna og sameiginlega framlagningu upplýsinga milli skráningaraðila fyrir sama efnið eins og krafist er í reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (hér á eftir nefndur „stjórnsýslukostnaður“) sem gildir um viðkomandi samkomulag um samnýtingu gagna,

c) kostnaðarskiptingarlíkan sem skal fela í sér endurgreiðslukerfi.

2. Ef samkomulag um samnýtingu gagna er þegar fyrir hendi á gildistökudegi þessarar reglugerðar er aðilum að samkomulaginu heimilt, með einróma samþykki, að aflétta þeirri skyldu að sundurliða gögnin eins og lýst er í a- og b-lið 1. mgr.

Hugsanlegur skráningaraðili efnis, sem fyrri skráningaraðilar hafa þegar komist að samkomulagi um varðandi samnýtingu gagna, sem fer fram á að rannsókn eða röð rannsókna sé samnýtt í samræmi við 27. og 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, skal ekki vera bundinn af fyrirliggjandi afléttingu nema hann leggi skriflegt samþykki sitt fyrir fyrri skráningaraðila og skal honum vera heimilt að óska eftir sundurliðun eins og lýst er í a- og b-lið 1. mgr.

Ef slík beiðni er lögð fram skulu fyrri skráningaraðilar:

a) sundurliða allan viðkomandi kostnað sem stofnað er til eftir gildistökudag þessarar reglugerðar eins og lýst er í a- og b-lið 1. mgr.,

b) leggja fram gögn um kostnað vegna sérhverjar rannsóknar, sem hefur verið lokið við fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar, sem óskað er eftir í samræmi við 1. mgr. 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006,

c) leita allra leiða til að leggja fram sundurliðun alls annars viðkomandi kostnaðar, þ.m.t. stjórnsýslukostnaðar og kostnaðar vegna rannsóknar sem fellur ekki undir b-lið, sem stofnað er til fyrir gildistökudag þessara reglugerðar eins og lýst er í a- og b-lið 1. mgr.

Sundurliðun kostnaðar skal lögð fyrir hugsanlegan skráningaraðila án ótilhlýðilegrar tafar.

3. Ef skráningaraðilar fyrir sama efnið hafa samnýtt upplýsingar og lagt þær sameiginlega fram í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skulu þeir skjalfesta árlega allan frekari kostnað sem stofnað er til í tengslum við framkvæmd samkomulags þeirra um samnýtingu gagna.

Ársgögnin skulu taka til þeirra atriða sem tiltekin eru í 1. mgr. og innihalda, að því er varðar endurgreiðslukerfið, skrá yfir þóknanir sem borist hafa frá nýjum skráningaraðilum.

Ef ítarleg gögn yfir kostnað, sem stofnað er til, eða þóknanir, sem hafa borist fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar, eru ekki fyrir hendi skulu aðilar að samkomulagi leita allra leiða til að taka saman gögn yfir slíkan kostnað og þóknanir, eða vinna eins nákvæmt mat og unnt er, fyrir hvert ár frá því að samkomulagið var gert.

Skráningaraðilarnir skulu geyma slík ársgögn í a.m.k. 12 ár eftir síðustu framlagningu rannsóknar og skulu þau gerð aðgengileg án endurgjalds að beiðni aðila að viðkomandi samkomulagi um samnýtingu gagna innan hæfilegs frests og með fullu tilliti til þeirra krafna sem tengjast gildandi eindögum fyrir skráningu.

3. gr.

Eitt efni, ein skráning

1. Með fyrirvara um 3. mgr. 11. gr. og 2. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 skal Efnastofnunin sjá til þess að allir skráningaraðilar fyrir sama efnið séu hluti af sömu skráningunni samkvæmt þeirri reglugerð.

2. Ef Efnastofnunin leyfir hugsanlegum skráningaraðila fyrir efni, sem þegar hefur verið skráð, að vísa til umbeðinna upplýsinga í samræmi við 6. mgr. 27. gr. og 3. mgr. 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 skal Efnastofnunin sjá til þess að síðari framlagning hugsanlega skráningaraðilans á upplýsingum sé hluti af fyrirliggjandi sameiginlegri framlagningu fyrir efnið.

3. Ef hugsanlegur skráningaraðili hefur uppfyllt skyldur sínar skv. 26. eða 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 og hefur gengið úr skugga um að honum sé ekki skylt að samnýta prófanir á hryggdýrum að því er varðar skráninguna getur hann ákveðið að skírskota til 11. gr. (3. mgr.) eða 19. gr. (2. mgr.) til að leggja sérstaklega fram allar upplýsingarnar eða hluta af upplýsingunum, sem málið varðar, í 10. gr. (a-lið) þeirrar reglugerðar.

Í slíkum tilvikum skal hugsanlegur skráningaraðili upplýsa alla fyrri skráningaraðila fyrir efnið um ákvörðun sína. Hann skal einnig upplýsa Efnastofnunina sem skal sjá til þess að þessi sérframlagning, sem fer fram í samræmi við 3. mgr. 11. gr. eða 2. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, sé áfram hluti af fyrirliggjandi skráningu fyrir það efni í samræmi við 1. mgr.

4. gr.

Sanngirni og bann við mismunun

1. Samkvæmt 3. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 skal skráningaraðila efnis einungis gert skylt að taka þátt í kostnaði sem fellur til vegna upplýsinga sem krafist er að slíkur skráningaraðili leggi fyrir Efnastofnunina til að uppfylla kröfur vegna skráningar samkvæmt þeirri reglugerð. Þetta skilyrði á einnig við um stjórnsýslukostnað.

2. Kostnaðarskiptingarlíkanið, sem um getur í c-lið 1. mgr. 2. gr., gildir fyrir alla skráningaraðila fyrir viðkomandi efni, þ.m.t. hugsanlega skráningaraðila í framtíðinni sem gerast aðilar að samkomulagi um samnýtingu gagna á síðari stigum.

Kostnaðarskiptingarlíkanið skal ná yfir ákvæði um skiptingu kostnaðar í tengslum við hugsanlega ákvörðun um mat á efni að því er varðar alla skráningaraðila fyrir tiltekið efni.

Einnig skal taka mið af eftirfarandi þáttum þegar tiltekið kostnaðarskiptingarlíkan er samþykkt: fjölda hugsanlegra skráningaraðila sem áætlað er að skrái viðkomandi efni og möguleikanum á viðbótarupplýsingakröfum í framtíðinni í tengslum við efnið, öðrum en þeim sem eru tilkomnar vegna hugsanlegrar ákvörðunar um mat á efni.

Ef kostnaðarskiptingarlíkan felur í sér möguleikann á að standa straum af kostnaði vegna viðbótarupplýsingakrafna í framtíðinni í tengslum við efnið, annarra en þeirra sem eru tilkomnar vegna hugsanlegrar ákvörðunar um mat á efni, skal sá möguleiki rökstuddur og tilgreindur aðskilið frá öðrum kostnaði í samkomulaginu um samnýtingu gagna.

Samantekt upplýsinga til að staðfesta að um sé að ræða sama efnið ætti ekki að falla undir kostnaðarskiptingu milli fyrri skráningaraðila og hugsanlegra skráningaraðila.

3. Samkvæmt 27. og 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, ef þátttakendurnir í samkomulagi um samnýtingu gagna geta ekki samþykkt slíkt kostnaðarskiptingarlíkan, skal hver þátttakandi taka jafnað þátt í kostnaðinum sem krafist er fyrir þátttöku þeirra. Endurgreiðsla hluta af slíkum greiddum kostnaði skal enn fara fram líkt og endurgreiðslukerfi hafi verið samþykkt, sbr. þó fyrstu undirgrein 4. mgr.

4. Gera skal ráð fyrir endurgreiðslukerfinu, sem um getur í c-lið 1. mgr. 2. gr., í hverju kostnaðarskiptingarlíkani og skal það fela í sér aðferð sem tryggir hlutfallslega endurskiptingu milli þátttakenda á þeirra hluta greidds kostnaðar ef hugsanlegur skráningaraðili gerist aðili að samkomulaginu í framtíðinni.

Endurgreiðslukerfið skal einnig taka mið af eftirfarandi þáttum: möguleikanum á viðbótarskráningarkröfum í framtíðinni í tengslum við efnið, öðrum en þeim sem eru tilkomnar vegna hugsanlegrar ákvörðunar um mat á efni, og efnahagslegum framkvæmanleika tiltekinna endurgreiðslna þar sem kostnaður við endurgreiðslu er hærri en upphæðin sem á að endurgreiða.

5. Ef samkomulag um samnýtingu gagna er þegar fyrir hendi á gildistökudegi þessarar reglugerðar er aðilum að samkomulaginu heimilt, með einróma samþykki, að aflétta þeirri skyldu að hafa endurgreiðslukerfi í kostnaðarskiptingarlíkani sínu.

Hugsanlegur skráningaraðili, sem hyggst taka þátt í fyrirliggjandi samkomulagi um samnýtingu gagna, skal ekki vera bundinn af fyrirliggjandi afléttingu nema hann leggi skriflegt samþykki sitt fyrir fyrri skráningaraðila og skal honum vera heimilt að fá endurgreiðslukerfi fellt inn í kostnaðarskiptingarlíkanið í samræmi við þessa reglugerð.

6. Skráningaraðila, sem hefur hætt starfsemi sinni skv. 2. eða 3. mgr. 50. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, getur áfram verið skylt að taka þátt í kostnaði vegna ákvörðunar um mat á efni í samræmi við 4. mgr. 50. gr. þeirrar reglugerðar.

5. gr.

Lausn deilumála

1. Þegar deilumál vegna samnýtingar gagna eru leyst skv. 27. gr. (5. mgr.) og 30. gr. (3. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 skal Efnastofnunin taka til greina uppfyllingu aðilanna á þeim skuldbindingum sem settar eru fram í 2., 3. og 4. gr. þessarar reglugerðar.

2. Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á fullnaðarbeitingu samkeppnislaga Sambandsins.

6. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. janúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2014/53/ESB **2016/EES/27/57**

frá 16. apríl 2014

um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða þráðlausan fjarskiptabúnað fram á markaði og niðurfellingu á tilskipun 1999/5/EB (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar([1]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB([3]) hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum. Þar sem um frekari breytingar verður að ræða ætti að setja nýja í hennar stað til glöggvunar.

2) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008([4]) er mælt fyrir um reglur varðandi faggildingu vegna samræmismatsstofa, um ramma fyrir markaðseftirlit með vörum og fyrir eftirlit með vörum frá þriðju löndum og þar er einnig mælt fyrir um almennar meginreglur varðandi CE-merki.

3) Í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 768/2008/EB([5]) er mælt fyrir um sameiginlegar meginreglur og viðmiðunarákvæði sem á að beita í löggjöf sem bundin er við tiltekna geira til að fá samræmdan grunn að endurskoðun eða endurútgáfu þeirrar löggjafar. Því ætti að aðlaga tilskipun 1999/5/EB að þeirri ákvörðun.

4) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/35/ESB([6]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB([7]) er fjallað með fullnægjandi hætti um grunnkröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 1999/5/EB sem eiga við um fastlínuendabúnað, þ.e. að tryggja heilsuvernd og öryggi einstaklinga og húsdýra og friðhelgi eignarréttar og fullnægjandi rafsegulsviðssamhæfi. Þessi tilskipun ætti því ekki að gilda um fastlínuendabúnað.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 153, 22.5.2014, bls. 62. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 133, 9.5.2013, bls. 58.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 13. mars 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 14. apríl 2014.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999 um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra (Stjtíð. EB L 91, 7.4.1999, bls. 10).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og um niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 339/93 (Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30).

([5]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 768/2008/EB frá 9. júlí 2008 um sameiginlegan ramma um markaðssetningu á vörum og um niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 93/465/EBE (Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 82).

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/35/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða fram á markaði rafföng sem notuð eru innan ákveðinna spennumarka (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 357).

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi rafsegulsviðssamhæfi (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 79).

5) Álitamál sem varða samkeppni á markaðnum fyrir endabúnað falla undir tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/63/EB([8]), einkum með skuldbindingum fyrir landsbundin stjórnvöld að tryggja birtingu upplýsinga um tæknilegar forskriftir skilflata fyrir netaðgang. Því er ekki nauðsynlegt að fella inn í þessa tilskipun kröfur sem auðvelda samkeppni á markaðnum fyrir endabúnað, sem fellur undir tilskipun 2008/63/EB.

6) Búnaður sem hefur þann tilgang að gefa frá sér eða taka við hátíðnibylgjum, fyrir þráðlaus fjarskipti eða staðsetningarákvörðun, hefur kerfisbundin not af fjarskiptatíðnirófi. Til að tryggja skilvirka notkun á fjarskiptatíðnirófi og komast þannig hjá skaðlegri truflun, ætti allur slíkur búnaður að falla innan gildissviðs þessarar tilskipunar.

7) Að því er varðar öryggiskröfurnar eru markmiðin sem mælt er fyrir um í tilskipun 2014/35/ESB fullnægjandi þannig að þær ná yfir þráðlausan fjarskiptabúnað og ætti því að vísa til þeirra í þessari tilskipun og þær ættu að taka gildi samkvæmt henni. Til að forðast óþarfa tvítekningu ákvæða, annarra en þeirra sem varða slíkar kröfur, ætti tilskipun 2014/35/ESB ekki að gilda um þráðlausan fjarskiptabúnað.

8) Grunnkröfurnar á sviði rafsegulsviðssamhæfis sem mælt er fyrir um í tilskipun 2014/30/ESB eru fullnægjandi þannig að þær ná yfir þráðlausan fjarskiptabúnað og ætti því að vísa til þeirra í þessari tilskipun og þær ættu að taka gildi samkvæmt henni. Til að forðast óþarfa tvítekningu ákvæða, annarra en þeirra sem varða grunnkröfur, ætti tilskipun 2014/30/ESB ekki að gilda um þráðlausan fjarskiptabúnað.

9) Tilskipun þessi gildir um hvers kyns afhendingu, þ.m.t. fjarsölu.

10) Til að tryggja að þráðlaus fjarskiptabúnaður noti fjarskiptatíðnirófið á skilvirkan hátt og styðji skilvirka notkun þess, ætti þráðlaus fjarskiptabúnaður að vera smíðaður þannig að: ef um er að ræða sendi, þegar sendirinn er rétt settur upp og við haldið og notaður í samræmi við tilgang þá gefi hann frá sér hátíðnibylgjur sem valda ekki skaðlegri truflun, um leið og takmarka ætti eins mikið og hægt er, til að komist verði hjá skaðlegri truflun, að sendirinn gefi frá sér óæskilegar hátíðnibylgjur (t.d. á aðliggjandi rásum), sem hugsanlega hafa neikvæð áhrif á markmið stefnu varðandi fjarskiptatíðniróf. Ef um er að ræða móttökubúnað skal tryggja að afköst þráðlausa fjarskiptabúnaðarins séu þannig að það geri honum kleift að virka eins og fyrirhugað er og verndi hann gegn hættunum af skaðlegri truflun, einkum frá sameiginlegum eða aðliggjandi rásum, og þar með að styðja við úrbætur að því er varðar skilvirka notkun á sameiginlegum eða aðliggjandi rásum.

11) Þrátt fyrir að móttökubúnaður valdi í sjálfu sér ekki skaðlegri truflun er móttökugeta æ mikilvægari í að tryggja skilvirka notkun á fjarskiptatíðnirófi með því að auka viðnámsþol móttökubúnaðar gegn skaðlegri truflun og óæskilegum merkjum á grundvelli viðkomandi grunnkrafna í samhæfingarlöggjöf Sambandsins.

12) Samvirkni við annan þráðlausan fjarskiptabúnað um net og tengingar við skilfleti af viðeigandi gerð í gervöllu Sambandinu er nauðsynleg í sumum tilvikum. Rekstrarsamhæfi á milli þráðlauss fjarskiptabúnaðar og aukabúnaðar s.s. hleðslutækja, einfaldar notkun þráðlauss fjarskiptabúnaðar og minnkar óþarfa úrgang og kostnað. Þörf er á endurnýjuðu átaki til að þróa samræmt hleðslutæki fyrir tiltekna flokka eða tegundir þráðlauss fjarskiptabúnaðar, einkum í þágu neytenda og annarra endanlegra notenda, þessi tilskipun ætti því að fela í sér sértækar kröfur á því sviði. Einkum ættu farsímar, sem boðnir eru fram á markaði, að vera samhæfðir samræmdu hleðslutæki.

13) Bæta má vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs notenda og áskrifenda þráðlauss fjarskiptabúnaðar og vörn gegn svikum, með tilteknum aðgerðum í þráðlausum fjarskiptabúnaði. Þráðlaus fjarskiptabúnaður ætti því, þegar við á, að vera hannaður á þann hátt að hann styrki þessar aðgerðir.

([8]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/63/EB frá 20. júní 2008 um samkeppni á mörkuðum fyrir endabúnað til fjarskipta (Stjtíð. ESB L 162, 21.6.2008, bls. 20).

14) Þráðlaus fjarskiptabúnaður getur skipt sköpum til að veita aðgang að neyðarþjónustu. Þráðlaus fjarskiptabúnaður ætti því, þegar við á, að vera hannaður á þann hátt að hann styðji þær aðgerðir sem krafist er til aðgangs að þessari þjónustu.

15) Þráðlaus fjarskiptabúnaður er mikilvægur fyrir velferð og störf fatlaðs fólks sem er verulegur og vaxandi hluti af íbúum aðildarríkjanna. Þráðlaus fjarskiptabúnaður ætti því, þegar við á, að vera hannaður á þann hátt að fatlað fólk geti notað hann óbreyttan eða með því að breyta honum aðeins lítillega.

16) Samræmi sumra flokka þráðlauss fjarskiptabúnaðar við grunnkröfurnar sem settar eru fram í þessari tilskipun gæti orðið fyrir áhrifum ef hugbúnaði er bætt við eða þeim hugbúnaði sem fyrir er, er breytt. Notandinn, þráðlausi fjarskiptabúnaðarinn sjálfur eða þriðji aðili ættu einungis að geta hlaðið hugbúnaði niður í þráðlausa fjarskiptabúnaðinn ef það kemur ekki í veg fyrir að hann geti eftir það uppfyllt viðeigandi grunnkröfur.

17) Fela ætti framkvæmdastjórninni umboð til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (SUSE) í því skyni að bæta við tiltekna veigalitla þætti þessarar tilskipunar eða breyta þeim. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

18) Til að takast á skilvirkan hátt á við þær þarfir sem tengjast rekstrarsamhæfi, vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs notanda og áskrifanda, vörn gegn svikum, aðgangi að neyðarþjónustu, notkun fatlaðs fólks eða vörnum gegn samsetningu þráðlauss fjarskiptabúnaðar og hugbúnaðar sem ekki er í samræmi við tilskilin ákvæði, ætti að fela framkvæmdastjórninni umboð til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. SUSE að því er varðar lýsingu á flokkum eða tegundum þráðlauss fjarskiptabúnaðar sem verða að uppfylla eina eða fleiri viðbótargrunnkröfur sem settar eru fram í þessari tilskipun sem fjalla um þessar þarfir.

19) Sannprófun þráðlauss fjarskiptabúnaðar á að samsetningar hans og hugbúnaðar séu í samræmi við kröfur ætti ekki að misnota til að koma í veg fyrir notkun á hugbúnaði sem óháðir aðilar bjóða upp á. Aðgengi opinberra yfirvalda, framleiðenda og notenda að upplýsingum um að fyrirhugaðar samsetningar þráðlauss fjarskiptabúnaðar og hugbúnaðar séu í samræmi við kröfur, ætti að stuðla að því að liðka fyrir samkeppni. Til að ná þessum markmiðum ætti að fela framkvæmdastjórninni umboð til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. SUSE að því er varðar lýsingar á flokkum eða tegundum þráðlauss fjarskiptabúnaðar, þar sem framleiðendur verða að veita upplýsingar um hvort fyrirhugaðar samsetningar þráðlauss fjarskiptabúnaðar og hugbúnaðar séu í samræmi við grunnkröfurnar sem settar eru fram í þessari tilskipun.

20) Krafa um að skrá þráðlausan fjarskiptabúnað sem á að markaðssetja í miðlægt kerfi, getur aukið skilvirkni og árangur markaðseftirlits og þar með stuðlað að því að farið sé að ákvæðum þessarar tilskipunar í ríkum mæli. Slík krafa hefur í för með sér viðbótarálag á rekstraraðila og því ætti aðeins að taka hana upp fyrir þá flokka þráðlauss fjarskiptabúnaðar þar sem ekki hefur verið farið að tilskildum ákvæðum í ríkum mæli. Til að tryggja að slíkri kröfu sé beitt, ætti að fela framkvæmdastjórninni umboð til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. SUSE að því er varðar lýsingar á flokkum þráðlauss fjarskiptabúnaðar sem framleiðendur verða að skrá í miðlægt kerfi og þá þætti tæknigagnanna sem á að leggja fram á grundvelli upplýsinganna um hvort þráðlaus fjarskiptabúnaður sé í samræmi við kröfur sem aðildarríki skulu veita og eftir mat á hættunni á að ekki sé farið að grunnkröfunum.

21) Leyfa ætti að þráðlausum fjarskiptabúnaði, sem uppfyllir viðkomandi grunnkröfur, sé dreift óhindrað. Leyfa ætti að slíkur búnaður sé tekinn í notkun og hann notaður eins og til er ætlast, eftir atvikum í samræmi við reglur um heimildir um notkun á fjarskiptatíðnirófi og veitingu viðkomandi þjónustu.

22) Til að forðast ónauðsynlegar viðskiptahindranir fyrir þráðlausan fjarskiptabúnað á innri markaðinum, ættu aðildarríki að tilkynna, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB([9]), öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni um verkefni sín á sviði tæknilegra reglna, s.s. að því er varðar skilfleti fyrir þráðlaus fjarskipti, nema þessar tæknilegu reglur heimili aðildarríkjum að fylgja bindandi gerðum Sambandsins, s.s. ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar um samræmda notkun á fjarskiptatíðnirófi sem samþykktar eru samkvæmt ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 676/2002/EB([10]), eða þar sem þær eru í samræmi við þráðlausan fjarskiptabúnað sem hægt er að taka í notkun og nota án takmarka innan Sambandsins.

23) Tilhögun upplýsingamiðlunar um jafngildi skilflata fyrir þráðlaus fjarskipti sem settar hafa verið reglur um og notkunarskilyrði þeirra, minnka hindranir fyrir aðgang þráðlauss fjarskiptabúnaðar að innri markaðnum. Framkvæmdastjórnin ætti því að meta og ákvarða jafngildi skilflata fyrir þráðlaus fjarskipti, sem settar hafa verið reglur um og gera slíkar upplýsingar aðgengilegar með flokkum þráðlauss fjarskiptabúnaðar.

24) Í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/344/EB([11]), skulu aðildarríki nota upplýsingakerfi um tíðnir (EFIS) frá Evrópuskrifstofu fjarskipta (ECO) til að gera sambærilegar upplýsingar sem varða notkun á fjarskiptatíðnirófi í hverju aðildarríki, aðgengilegar almenningi á Netinu. Í upplýsingakerfinu um tíðnir (EFIS) geta framleiðendur leitað að tíðniupplýsingum fyrir öll aðildarríki áður en þráðlaus fjarskiptabúnaður er settur á markað og þar með metið hvort og með hvaða skilyrðum hægt er að nota slíkan þráðlausan fjarskiptabúnað í hverju aðildarríki um sig. Því er engin þörf á að fella inn í þessa tilskipun viðbótarákvæði, s.s. fyrirframtilkynningar, sem heimila að framleiðendur séu upplýstir um notkunarskilyrði þráðlauss fjarskiptabúnaðar sem notar ósamræmt tíðnisvið.

25) Í þeim tilgangi að efla rannsóknarstarfsemi og tilraunaverkefni ætti að vera hægt, í tengslum við kaupstefnur, sýningar og svipaða viðburði, að sýna þráðlausan fjarskiptabúnað sem er ekki í samræmi við þessa tilskipun og er ekki hægt að setja á markað, með þeim skilyrðum að sýningaraðilar tryggi að sýningargestir fái nægilegar upplýsingar.

26) Rekstraraðilar ættu að bera ábyrgð á að þráðlaus fjarskiptabúnaður uppfylli kröfur þessarar tilskipunar, í samræmi við það hlutverk sem hver þeirra gegnir í aðfangakeðjunni, til að tryggja öfluga heilsuvernd og öryggi einstaklinga og húsdýra og friðhelgi eignarréttar, fullnægjandi rafsegulsviðssamhæfi, árangursríka og skilvirka notkun á fjarskiptatíðnirófi og, ef nauðsyn krefur, öfluga vernd hvað varðar aðra almannahagsmuni og til að tryggja sanngjarna samkeppni á markaði Sambandsins.

27) Allir rekstraraðilar, sem koma að aðfangakeðjunni og dreifingarferlinu, ættu að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að þeir bjóði aðeins fram þráðlausan fjarskiptabúnað á markaðinum sem samræmist þessari tilskipun. Nauðsynlegt er að kveða á um skýra og hóflega dreifingu skuldbindinga sem samsvara hlutverki hvers rekstraraðila í aðfangakeðjunni og dreifingarferlinu.

28) Til að auðvelda samskipti milli rekstraraðila, markaðseftirlitsyfirvalda og neytenda ættu aðildarríkin að hvetja rekstraraðila til þess að setja upplýsingar um veffang til viðbótar við póstfang.

29) Þar eð framleiðandinn býr yfir ítarlegri þekkingu á hönnunar- og framleiðsluferlinu er hann sá aðili sem hæfastur er til að framkvæma samræmismatsaðferðina. Samræmismatið ætti því áfram að vera skylda framleiðandans eingöngu.

([9]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu (Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37).

([10]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 676/2002/EB frá 7. mars 2002 um regluramma um stefnu Evrópubandalagsins varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar (ákvörðun um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar) (Stjtíð EB L 108, 24.4.2002, bls. 1).

([11]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/344/EB frá 16. maí 2007 um samhæft aðgengi að upplýsingum um notkun tíðnirófsins innan Bandalagsins (Stjtíð. ESB L129, 17.5.2007, bls. 67).

30) Framleiðandinn ætti að veita nógu miklar upplýsingar um fyrirhugaða notkun á þráðlausa fjarskiptabúnaðinum til að hægt sé að nota hann í samræmi við grunnkröfurnar. Í slíkum upplýsingum gæti þurft að vera lýsing á aukabúnaði t.d. loftnetum og íhlutum s.s. hugbúnaði, og nákvæm forskriftir fyrir uppsetningarferli þráðlausa fjarskiptabúnaðarins.

31) Komið hefur í ljós að krafan, sem mælt er fyrir um í tilskipun 1999/5/EB, um að láta ESB-samræmisyfirlýsingu fylgja með búnaði, hefur einfaldað og aukið upplýsingar og skilvirkni markaðseftirlits. Möguleikinn á að gefa einfaldaða ESB-samræmisyfirlýsingu hefur gert kleift að minnka álagið sem tengist þessari kröfu án þess að draga úr skilvirkni hennar og því ætti að kveða á um hana í þessari tilskipun. Til að tryggja auðveldan og skilvirkan aðgang að ESB-samræmisyfirlýsingunni, þ.m.t. einfaldaðri ESB-samræmisyfirlýsingu, ætti þar að auki að vera hægt að festa hana á umbúðir viðkomandi þráðlauss fjarskiptabúnaðar.

32) Nauðsynlegt er að tryggja að þráðlaus fjarskiptabúnaður frá þriðju löndum, sem kemur inn á markað Sambandsins, sé í samræmi við þessa tilskipun og einkum að framleiðendur hafi framkvæmt samræmismat á þessum þráðlausa fjarskiptabúnaði með viðeigandi matsaðferð. Því ætti að setja ákvæði um að innflytjendur skuli ganga úr skugga um að þráðlaus fjarskiptabúnaður, sem þeir setja á markað, sé í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar og að þeir setji ekki þráðlausan fjarskiptabúnað á markað sem uppfyllir ekki slíkar kröfur eða hefur áhættu í för með sér. Einnig ætti að setja ákvæði um að innflytjendur eigi að ganga úr skugga um að samræmismat hafi verið framkvæmt og að merkingar á þráðlausum fjarskiptabúnaði og gögn, sem tekin eru saman af hálfu framleiðenda, séu aðgengileg lögbærum landsyfirvöldum til skoðunar.

33) Þegar innflytjendur setja þráðlausan fjarskiptabúnað á markað ættu þeir að tilgreina á þráðlausa fjarskiptabúnaðinum nafn sitt, skráð viðskiptaheiti eða vörumerki og heimilisfang þar sem hafa má samband við þá. Heimilt er að veita undanþágur ef stærð eða eðli þráðlausa fjarskiptabúnaðarins gerir ekki kleift að tilgreina nafn og heimilisfang. Þetta á einnig við um tilvik þar sem innflytjandinn yrði að opna umbúðirnar til að setja nafn sitt og heimilisfang á þráðlausa fjarskiptabúnaðinn.

34) Dreifingaraðilinn býður þráðlausan fjarskiptabúnað fram á markaði eftir að framleiðandi eða innflytjandi setur hann á markað og hann ætti að gæta þess vandlega að tryggja að meðhöndlun hans á þráðlausa fjarskiptabúnaðinum hafi ekki neikvæð áhrif á að búnaðurinn uppfylli gildandi kröfur.

35) Rekstraraðili, sem annaðhvort setur þráðlausan fjarskiptabúnað á markað undir eigin nafni eða vörumerki eða gerir breytingar á þráðlausum fjarskiptabúnaði þannig að breytingarnar kunni að hafa áhrif á það hvort hann sé í samræmi við þessa tilskipun, ætti að teljast framleiðandinn og takast á hendur skyldur framleiðanda.

36) Þar sem dreifingaraðilar og innflytjendur eru nátengdir markaðinum ættu þeir að taka þátt í verkefnum er lúta að markaðseftirliti, sem lögbær landsyfirvöld annast, og ættu þeir að vera reiðubúnir til að taka virkan þátt í því að veita þessum yfirvöldum allar nauðsynlegar upplýsingar varðandi viðkomandi þráðlausa fjarskiptabúnað.

37) Ef rekjanleiki þráðlauss fjarskiptabúnaðar er tryggður í allri aðfangakeðjunni stuðlar það að einfaldara og skilvirkara markaðseftirliti. Skilvirkt rekjanleikakerfi auðveldar markaðseftirlitsyfirvöldum það verkefni að rekja rekstraraðila sem bjóða fram þráðlausan fjarskiptabúnað á markaði sem ekki uppfyllir kröfurnar. Þegar rekstraraðilar geyma þær upplýsingar sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun til að tilgreina aðra rekstraraðila ættu þeir ekki að þurfa að uppfæra slíkar upplýsingar, að því er varðar aðra rekstraraðila, sem hafa annaðhvort afhent þeim þráðlausan fjarskiptabúnað eða sem þeir hafa afhent þráðlausan fjarskiptabúnað.

38) Þessi tilskipun ætti að takmarkast við að setja fram grunnkröfur. Til að auðvelda mat á samræmi við þessar kröfur er nauðsynlegt að kveða á um fyrirframætlað samræmi hvað varðar þráðlausan fjarskiptabúnað, sem er í samræmi við samhæfða staðla, sem eru samþykktir í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 um evrópska stöðlun ([12]) í því skyni að setja fram ítarlegar tækniforskriftir fyrir þessar kröfur.

([12]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun og breytingu á tilskipunum ráðsins 89/686/EBE og 93/15/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB, 94/25/EB, 95/16/EB, 97/23/EB, 98/34/EB, 2004/22/EB, 2007/23/EB, 2009/23/EB og 2009/105/EB og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 87/95/EBE og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1673/2006/EB (Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).

39) Í reglugerð (ESB) nr. 1025/2012 er kveðið á um reglur um andmæli við samhæfðum stöðlum sem fullnægja ekki að öllu leyti kröfum þessarar tilskipunar.

40) Nauðsynlegt er að kveða á um samræmismatsaðferðir til að gera rekstraraðilum kleift að sýna fram á og lögbærum yfirvöldum kleift að tryggja að þráðlaus fjarskiptabúnaður, sem boðinn er fram á markaði, samræmist grunnkröfum. Í ákvörðun nr. 768/2008/EB er kveðið á um aðferðareiningar fyrir samræmismatsaðferðir, sem fela í sér mismunandi strangar aðferðir í samræmi við þá áhættu sem um er að ræða og það öryggisstig sem nauðsynlegt er. Til þess að tryggja samræmi milli einstakra geira og forðast að upp komi frávik við tilteknar aðstæður ætti að velja samræmismatsaðferðirnar úr þessum aðferðareiningum.

41) Framleiðendur ættu að útbúa ESB-samræmisyfirlýsingu til að veita upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun um að þráðlaus fjarskiptabúnaður sé í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar og aðra viðeigandi samhæfingarlöggjöf Sambandsins.

42) Til að tryggja greiðan aðgang að upplýsingum vegna markaðseftirlits ættu allar upplýsingarnar, sem nauðsynlegar eru til að tilgreina allar gildandi gerðir Sambandsins, að vera tiltækar í einni ESB-samræmisyfirlýsingu. Til þess að draga úr stjórnsýslubyrði rekstraraðila má þessi eina ESB-samræmisyfirlýsing vera í formi málsskjala sem samanstanda af viðeigandi einstökum samræmisyfirlýsingum.

43) CE-merkið, sem sýnir að samræmi þráðlauss fjarskiptabúnaðar, er sýnileg niðurstaða af heilu samræmismatsferli í víðri merkingu. Almennar meginreglur um fyrirkomulag CE-merkisins eru settar fram í reglugerð (EB) nr. 765/2008. Í þessari tilskipun ætti að mæla fyrir um reglur sem gilda um áfestingu CE-merkisins.

44) Krafan um að festa CE-merki á vörurnar er mikilvæg fyrir upplýsingagjöf til neytenda og opinberra yfirvalda. Sá möguleiki sem mælt er fyrir um í tilskipun 1999/5/EB, að festa minnkað CE-merki á smærri búnað, að því tilskildu að það sé sýnilegt og læsilegt, hefur gert það kleift að verða við kröfunni og einfalda hana án þess að draga úr skilvirkni hennar, og ætti því að vera felld inn í þessa tilskipun.

45) Komið hefur í ljós að krafan, sem mælt er fyrir um í tilskipun 1999/5/EB, um að festa CE-merkið á umbúðir búnaðar, hefur einfaldað verkefni markaðseftirlitsins og ætti því að vera felld inn í þessa tilskipun.

46) Aðildarríki ættu að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að þráðlaus fjarskiptabúnaður sé aðeins boðinn fram á markaði, þegar hann er rétt settur upp, haldið við sem skyldi og notaður í fyrirhuguðum tilgangi, hann er í samræmi við grunnkröfurnar sem settar eru fram í þessari tilskipun og einnig, ef um er að ræða grunnkröfurnar til að tryggja heilsuvernd og öryggi einstaklinga og húsdýra og friðhelgi eignarréttar, ef hann er notaður við sæmilega fyrirsjáanleg skilyrði. Líta ætti svo á að þráðlaus fjarskiptabúnaður samræmist ekki þessari grunnkröfu, ef hann er eingöngu notaður við sæmilega fyrirsjáanleg skilyrði, þ.e.a.s. við notkun sem kann að leiða af löglegu og mannlegu atferli sem auðveldlega mátti sjá fyrir.

47) Í ljósi hraðra tæknibreytinga sem miða að pappírslausu umhverfi þar sem þráðlaus fjarskiptabúnaður er með innbyggðum skjá, ætti framkvæmdastjórnin að rannsaka, sem hluta af endurskoðun á beitingu þessarar tilskipunar, þá hagkvæmni sem felst í því að breyta kröfunum um merkingu: nafn framleiðandans, skráð vörumerki eða skráð vörumerki og einn tiltekinn staður eða póstfang þar sem hægt er að hafa samband við viðkomandi, CE-merki og ESB-samræmisyfirlýsing sem annaðhvort virkar þannig að slíkar upplýsingar birtast á sjálfvirkan hátt þegar þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn er ræstur eða virknin er þannig að endanlegur notandi getur valið að skoða viðkomandi upplýsingar. Sem hluti af þeirri hagkvæmnisrannsókn, þar sem þráðlaus fjarskiptabúnaður sem útbúinn er með innbyggðum skjá, gengur fyrir innbyggðri rafhlöðu sem ekki er með upphafshleðslu ætti framkvæmdastjórnin ennfremur að íhuga að setja gagnsæja merkimiða sem hægt er að fjarlægja og hylja innbyggða skjáinn sem myndu sýna sömu upplýsingar.

48) Tilteknar samræmismatsaðferðir, sem settar eru fram í þessari tilskipun, krefjast afskipta samræmismatsstofu, sem aðildarríkin hafa tilkynnt til framkvæmdastjórnarinnar.

49) Reynslan hefur sýnt að þær viðmiðanir sem settar eru fram í tilskipun 1999/5/EB, sem samræmismatsstofur verða að uppfylla áður en þær eru tilkynntir til framkvæmdastjórnarinnar, nægja ekki til að tryggja einsleitan og góðan árangur tilkynntra stofa í gervöllu Sambandinu. Þó er afar mikilvægt að allar tilkynntar stofur sinni hlutverki sínu á sama stigi og við sanngjörn samkeppnisskilyrði. Því er nauðsynlegt að setja skyldubundnar kröfur sem gilda um samræmismatsstofur sem vilja vera tilkynntar svo þær geti veitt samræmismatsþjónustu.

50) Ef samræmismatsstofa sýnir fram á að hún uppfylli viðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um í samhæfðu stöðlunum, ætti hún að teljast uppfylla samsvarandi kröfur sem settar eru fram í þessari tilskipun.

51) Til þess að tryggja samræmt gæðastig við samræmismat er einnig nauðsynlegt að setja kröfur fyrir tilkynningaryfirvöld og aðrar stofur sem eiga hlutdeild í mati, tilkynningu og vöktun með tilkynntum stofum.

52) Faggildingarkerfið sem sett er fram í reglugerð (EB) nr. 765/2008 ætti að vera viðbót við kerfið sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Þar eð faggilding er nauðsynleg aðferð til að sannprófa hæfni samræmismatsstofa ætti einnig að nota hana að því er varðar tilkynningu.

53) Opinber yfirvöld í aðildarríkjum í gervöllu Sambandinu líta svo á að gagnsæ faggilding, eins og kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 765/2008, sem tryggir nægilegt traust á samræmisvottorðum, sé æskilegasta aðferðin til að sýna fram á tæknilega færni samræmismatsstofa. Yfirvöld í aðildarríkjunum geta þó litið svo á að þau búi yfir viðeigandi aðferðum til þess að framkvæma þetta mat sjálf. Í slíkum tilvikum ættu þau, til að tryggja viðeigandi trúverðugleika á mati, sem yfirvöld í öðrum aðildarríkjum hafa framkvæmt, að láta framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum í té nauðsynleg skrifleg sönnunargögn sem sýna að samræmismatsstofurnar, sem voru metnar með tilliti til viðkomandi reglna, hafi farið að kröfum.

54) Samræmismatsstofur fá oft undirverktaka til að annast hluta starfsemi sinnar er tengist samræmismati eða nýta sér dótturfyrirtæki. Til að tryggja nauðsynlegt verndarstig fyrir þráðlausan fjarskiptabúnað, sem á að setja á markað Sambandsins, er nauðsynlegt að undirverktakar og dótturfyrirtæki, sem annast samræmismat, uppfylli sömu kröfur og tilkynntar stofur með tilliti til framkvæmdar samræmismatsverkefna. Því er mikilvægt að mat á hæfni og frammistöðu hjá þeim stofum sem á að tilkynna og vöktun með þeim stofum sem þegar hafa verið tilkynntar taki einnig til starfsemi undirverktaka og dótturfyrirtækja.

55) Nauðsynlegt er að auka skilvirkni og gagnsæi málsmeðferðar um tilkynningar og einkum að laga hana að nýrri tækni svo tilkynning geti farið fram rafrænt.

56) Þar eð tilkynntar stofur geta boðið þjónustu sína í gervöllu Sambandinu er rétt að önnur aðildarríki og framkvæmdastjórnin eigi þess kost að hreyfa andmælum gegn tilkynntri stofu. Því er mikilvægt að kveða á um tímabil þar sem leysa má úr öllum vafaatriðum eða áhyggjuefnum um hæfni samræmismatsstofa áður en þær hefja starfsemi sem tilkynntar stofur.

57) Af samkeppnisástæðum er brýnt að tilkynntar stofur beiti samræmismatsaðferðunum án þess að skapa rekstraraðilum óþarfa byrði. Af sömu ástæðum og til að tryggja jafna meðferð á rekstraraðilum verður að tryggja samræmi í tæknilegri beitingu samræmismatsaðferðanna. Því verður best náð fram með viðeigandi samræmingu og samstarfi milli tilkynntra stofa.

58) Til þess að tryggja réttarvissu er nauðsynlegt að skýra að reglurnar um markaðseftirlit Sambandsins og eftirlit með vörum sem koma inn á markað Sambandsins, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 765/2008, gilda um þráðlausan fjarskiptabúnað sem fellur undir þessa tilskipun. Þessi tilskipun ætti ekki að koma í veg fyrir að aðildarríkin velji hvaða lögbæru yfirvöld eigi að framkvæma þessi verkefni.

59) Í tilskipun 1999/5/EB er þegar kveðið á um verndarráðstafanameðferð sem gildir aðeins ef upp kemur ágreiningur milli aðildarríkja varðandi ráðstafanir sem aðildarríki grípur til. Til að auka gagnsæi og stytta vinnslutíma er nauðsynlegt að bæta verndarráðstafanaaðferðina sem nú er til staðar í því skyni að gera hana skilvirkari og nýta þá sérþekkingu sem er að finna í aðildarríkjunum.

60) Ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar sem samþykktar voru með ákvörðun nr. 676/2002/EB geta falið í sér skilyrði um aðgengi og skilvirka notkun á fjarskiptatíðnirófi sem gæti haft í för með sér takmörkun á heildarfjölda eininga af þráðlausum fjarskiptabúnaði sem tekinn er í notkun, s.s. „lokadag“, hámarks útbreiðsluhlutfall eða hámarksfjölda eininga af þráðlausum fjarskiptabúnaði í hverju aðildarríki eða í gervöllu Sambandinu. Þessi skilyrði gera það kleift að opna markaðinn fyrir nýjum þráðlausum fjarskiptabúnaði og takmarka um leið áhættuna á skaðlegri truflun vegna þess að of mikill fjöldi eininga af þráðlausum fjarskiptabúnaði er tekinn í notkun, jafnvel þó að hvert eintak búnaðar uppfylli grunnkröfurnar sem settar eru fram í þessari tilskipun. Að brjóta í bága við slík skilyrði getur stofnað grunnkröfunum í hættu og einkum skapað hættu á skaðlegri truflun.

61) Bæta ætti við núverandi kerfi með málsmeðferð þar sem hagsmunaaðilar eru upplýstir um fyrirhugaðar ráðstafanir að því er varðar þráðlausan fjarskiptabúnað sem skapar áhættu fyrir heilbrigði eða öryggi manna eða fyrir aðra þætti sem varða verndun hagsmuna almennings og falla undir þessa tilskipun. Kerfið ætti einnig að gera markaðseftirlitsyfirvöldum kleift, í samstarfi við viðkomandi rekstraraðila, að bregðast við slíkum búnaði fyrr en áður.

62) Þegar aðildarríki og framkvæmdastjórnin eru sammála um að ráðstöfun af hálfu aðildarríkis sé réttmæt, ætti frekari hlutdeild framkvæmdastjórnarinnar ekki að vera nauðsynleg, nema unnt sé að rekja vanefndir til ágalla á samhæfðum staðli.

63) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar tilskipunar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([13]).

64) Beita ætti ráðgjafarnefndarmeðferðinni við samþykkt framkvæmdargerða sem tilgreinir hvernig leggja skal fram upplýsingar ef um er að ræða takmarkanir á að taka í notkun eða kröfur varðandi leyfi til notkunar sem til staðar eru, þar sem kveðið er á um að tilkynningaraðildarríki geri nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta að því er varðar tilkynnta stofu sem uppfyllir ekki eða uppfyllir ekki lengur kröfurnar, viðvíkjandi tilkynningu hennar.

65) Nota ætti rannsóknarmálsmeðferð við samþykkt framkvæmdargerða sem ákvarða hvort tilteknir flokkar rafmagns- eða rafeindavara uppfylli skilgreiningar um „þráðlausan fjarskiptabúnað“, þar sem mælt er fyrir um starfsreglur til að gera upplýsingar um hvort farið sé að tilskildum ákvæðum aðgengilegar, starfsreglur um skráningu og starfsreglur um áfestingu skráningarnúmers á þráðlausan fjarskiptabúnað og koma á jafngildi á milli tilkynntra skilflata fyrir þráðlaus fjarskipti og tiltaka flokka þráðlauss fjarskiptabúnaðar. Einnig ætti að beita rannsóknarmálsmeðferðinni að því er varðar þráðlausan fjarskiptabúnað, sem uppfyllir kröfur en skapar áhættu fyrir heilbrigði eða öryggi manna, eða fyrir aðra þætti sem varða verndun almannahagsmuna.

66) Í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum, þegar brýna nauðsyn ber til, ætti framkvæmdastjórnin að samþykkja framkvæmdargerðir, sem öðlast gildi tafarlaust, að því er tekur til þráðlauss fjarskiptabúnaðar, sem uppfyllir kröfur en skapar áhættu fyrir heilbrigði eða öryggi manna.

67) Í samræmi við viðteknar venjur getur nefndin, sem skipuð er samkvæmt þessari tilskipun, haft gagnlegu hlutverki að gegna við rannsókn mála er varða beitingu þessarar tilskipunar, sem annaðhvort formaður hennar leggur fram eða fulltrúi aðildarríkis, í samræmi við málsmeðferðarreglur nefndarinnar.

([13]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

68) Þegar mál, sem varða þessa tilskipun, önnur en mál, sem varða framkvæmd hennar eða brot á henni, eru til umræðu, þ.e. hjá sérfræðingahópi framkvæmdastjórnarinnar, ætti Evrópuþingið, miðað við núverandi venjur, að fá allar upplýsingar og skjöl og, eftir því sem við á, boð um að sitja slíka fundi.

69) Framkvæmdastjórnin ætti að ákvarða með framkvæmdargerðum og, vegna sérstaks eðlis þeirra, án þess að beita reglugerð (ESB) nr. 182/2011, hvort þær ráðstafanir sem aðildarríkin gera að því er varðar þráðlausan fjarskiptabúnað sem uppfyllir ekki kröfurnar, séu réttlætanlegar eða ekki.

70) Aðildarríkin ættu að mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum landslaga, sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun, og tryggja að þeim sé framfylgt. Viðurlögin, sem kveðið er á um, ættu að vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

71) Nauðsynlegt er að kveða á um umbreytingarfyrirkomulag sem gerir kleift að þráðlaus fjarskiptabúnaður, sem þegar hefur verið settur á markað í samræmi við tilskipun 1999/5/EB, verði boðinn fram á markaði og tekinn í notkun.

72) Haft hefur verið samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina.

73) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að tryggja að þráðlaus fjarskiptabúnaður sem boðinn er fram á markaði uppfylli kröfur sem vernda heilbrigði og öryggi með öflugum hætti, fullnægjandi rafsegulsviðssamhæfi og árangursríka og skilvirka notkun á fjarskiptatíðnirófi til að forðast skaðlega truflun um leið og eðlileg starfsemi innri markaðarins er tryggð, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs og áhrifa hennar, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná því markmiði.

74) Fella ber tilskipun 1999/5/EB úr gildi.

75) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl([14]), hafa aðildarríkin skuldbundið sig, í rökstuddum tilvikum, til að láta tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar fylgja eitt eða fleiri skjöl sem skýra út sambandið milli innihalds tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga. Að því er varðar þessa tilskipun telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé rökstudd.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Með þessari tilskipun er settur lagarammi um það að bjóða fram á markaði og það að taka í notkun þráðlausan fjarskiptabúnað í Sambandinu.

2. Þessi tilskipun gildir ekki um búnað sem er tilgreindur í I. viðauka.

([14]) Stjtíð. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

3. Þessi tilskipun gildir ekki um þráðlausan fjarskiptabúnað sem er eingöngu notaður í tengslum við starfsemi sem varðar almannaöryggi, varnarmál, öryggi ríkisins, einnig efnahagslega velferð ríkisins þegar um er að ræða starfsemi sem tengist öryggi ríkisins, og starfsemi ríkisins á sviði hegningarlaga.

4. Þráðlaus fjarskiptabúnaður sem fellur innan gildissviðs þessarar tilskipunar skal ekki falla undir tilskipun 2014/35/ESB, að því undanskildu sem sett er fram í a-lið 1. mgr. 3. gr. í þessari tilskipun.

2. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „þráðlaus fjarskiptabúnaður“: rafmagns- eða rafeindavara sem hefur þann tilgang að gefa frá sér og/eða taka við hátíðnibylgjum fyrir þráðlaus fjarskipti og/eða staðsetningarákvörðun, eða rafmagns- eða rafeindavara sem verður að bæta við aukabúnaði, s.s. loftneti, til að geta gefið frá sér og/eða tekið við hátíðnibylgjum fyrir þráðlaus fjarskipti og/eða staðsetningarákvörðun,

2) „þráðlaus fjarskipti“: fjarskipti sem berast með hátíðnibylgjum,

3) „staðsetningarákvörðun“: ákvörðun á staðsetningu, hraða og/eða öðrum einkennum hlutar, eða öflun upplýsinga varðandi þessa mæliþætti, með því að nota útbreiðslueiginleika hátíðnibylgja,

4) „hátíðnibylgjur“: rafsegulbylgjur á lægri tíðni en 3000 GHz, sem berast áfram í rými án tilbúinnar stýringar,

5) „skilflötur fyrir þráðlaus fjarskipti“: forskrift fyrir þá notkun fjarskiptatíðnirófs sem reglur hafa verið settar um,

6) „flokkur þráðlauss fjarskiptabúnaðar“: flokkur, sem í eru tilteknar tegundir þráðlauss fjarskiptabúnaðar, sem samkvæmt þessari tilskipun eru taldar svipaðar, og einnig skilfletir fyrir þráðlaus fjarskipti sem þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn er hannaður fyrir,

7) „skaðleg truflun“: skaðleg truflun eins og hún er skilgreind í r-lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB ([15]),

8) „rafsegultruflun“: rafsegultruflun eins og hún er skilgreind í 5. lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2014/30/ESB,

9) „að bjóða fram á markaði“: öll afhending á þráðlausum fjarskiptabúnaði til dreifingar, neyslu eða til notkunar á markaði Sambandsins á meðan á viðskiptastarfsemi stendur, hvort sem það er gegn greiðslu eða án endurgjalds,

10) „setning á markað“: það að þráðlaus fjarskiptabúnaður er boðinn fram í fyrsta sinn á markaði Sambandsins,

11) „að taka í notkun“: fyrsta skipti sem þráðlaus fjarskiptabúnaður er notaður af endanlegum notanda í Sambandinu,

12) „framleiðandi“: einstaklingur eða lögaðili sem framleiðir þráðlausan fjarskiptabúnað eða lætur framleiða eða hanna þráðlausan fjarskiptabúnað og markaðssetur hann undir sínu nafni eða vörumerki,

13) „viðurkenndur fulltrúi“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu í Sambandinu sem hefur skriflegt umboð frá framleiðandanum til að koma fram fyrir hans hönd í tengslum við tilgreind verkefni,

14) „innflytjandi“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu innan Sambandsins sem setur þráðlausan fjarskiptabúnað frá þriðja landi á markað í Sambandinu,

([15]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun) (Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33).

15) „dreifingaraðili“: einstaklingur eða lögaðili í aðfangakeðjunni, annar en framleiðandi eða innflytjandi, sem býður þráðlausan fjarskiptabúnað fram á markaði,

16) „rekstraraðilar“: framleiðandi, viðurkenndur fulltrúi, innflytjandi og dreifingaraðili,

17) „tækniforskrift“: skjal þar sem mælt er fyrir um tæknikröfur sem þráðlaus fjarskiptabúnaður þarf að uppfylla,

18) „samhæfður staðall“: samhæfður staðall eins og hann er skilgreindur í c-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012,

19) „faggilding“: faggilding eins og hún er skilgreind í 10. lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008,

20) „faggildingarstofa í aðildarríki“: faggildingarstofa í aðildarríki eins og hún er skilgreind í 11. lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008,

21) „samræmismat“: ferli sem sýnir fram á hvort grunnkröfur þessarar tilskipunar í tengslum við þráðlausan fjarskiptabúnað hafi verið uppfylltar,

22) „samræmismatsstofa“: stofa sem annast samræmismat,

23) „innköllun“: hvers konar ráðstöfun sem miðar að því að þráðlausum fjarskiptabúnaði, sem þegar er aðgengilegur endanlegum notanda, sé skilað til baka,

24) „vara tekin af markaði“: hvers konar ráðstöfun sem miðar að því að koma í veg fyrir að þráðlaus fjarskiptabúnaður í aðfangakeðjunni sé boðinn fram á markaði,

25) „samhæfingarlöggjöf Sambandsins“: öll löggjöf Sambandsins þar sem skilyrði fyrir markaðssetningu á vörum eru samræmd,

26) „CE-merkið“: merki þar sem framleiðandinn tilgreinir að þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn sé í samræmi við gildandi kröfur sem settar eru fram í samhæfingarlöggjöf Sambandsins, þar sem kveðið er á um áfestingu merkisins.

2. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að ákvarða hvort tilteknir flokkar af rafmagns- eða rafeindavörum uppfylli skilgreininguna sem sett er fram í 1. lið 1. mgr. þessarar greinar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 45. gr.

3. gr.

Grunnkröfur

1. Þráðlaus fjarskiptabúnaður skal vera þannig gerður að hann tryggi:

a) heilsuvernd og öryggi einstaklinga og húsdýra og friðhelgi eignarréttar, þ.m.t. markmið um öryggiskröfur sem eru sett fram í tilskipun 2014/35/ESB, en ekki eru sett nein spennumörk,

b) fullnægjandi rafsegulsviðssamhæfi eins og sett er fram í tilskipun 2014/30/ESB.

2. Þráðlaus fjarskiptabúnaður skal vera þannig gerður að hann bæði noti á skilvirkan hátt og styrki skilvirka notkun á fjarskiptatíðnirófi til að komast hjá skaðlegri truflun.

3. Þráðlaus fjarskiptabúnaður innan tiltekinna flokka eða tegunda skal vera þannig gerður að hann sé í samræmi við eftirfarandi grunnkröfur:

a) þráðlaus fjarskiptabúnaður sé samvirkur við aukabúnað, einkum samræmd hleðslutæki,

b) þráðlaus fjarskiptabúnaður sé samvirkur um net við annan þráðlausan fjarskiptabúnað,

c) þráðlausan fjarskiptabúnað sé hægt að tengja við skilfleti viðeigandi tegundar í gervöllu Sambandinu,

d) þráðlaus fjarskiptabúnaður valdi ekki skaða á netinu eða virkni þess né því að nettilföng séu misnotuð og valdi með því óviðunandi skerðingu á þjónustu,

e) í þráðlausum fjarskiptabúnaði séu innbyggðar öryggisráðstafanir til að sjá til þess að persónuupplýsingar og friðhelgi einkalífs notandans og áskrifandans njóti verndar,

f) þráðlaus fjarskiptabúnaður sé gerður fyrir sérstakar aðgerðir sem tryggja vörn gegn svikum,

g) þráðlaus fjarskiptabúnaður sé gerður fyrir sérstakar aðgerðir sem tryggja aðgang að neyðarþjónustu,

h) þráðlaus fjarskiptabúnaður sé gerður fyrir sérstakar aðgerðir sem auðvelda fötluðu fólki að nota hann,

i) þráðlaus fjarskiptabúnaður sé gerður fyrir sérstakar aðgerðir til að tryggja að aðeins sé hægt að hlaða hugbúnaði niður í þráðlausa fjarskiptabúnaðinn ef sýnt hefur verið fram á að samsetning þráðlausa fjarskiptabúnaðarins og hugbúnaðarins sé í samræmi við kröfur.

Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 44. gr., sem tilgreina hvaða flokka eða tegundir þráðlauss fjarskiptabúnaðar er um að ræða í hverri af þeim kröfum sem settar eru fram í a- til i-lið fyrstu undirgreinar í þessari málsgrein.

4. gr.

Tilhögun upplýsingamiðlunar um hvort samsetningar þráðlauss fjarskiptabúnaðar og hugbúnaðar séu í samræmi við kröfur

1. Framleiðendur þráðlauss fjarskiptabúnaðar og hugbúnaðar sem gerir kleift að þráðlaus fjarskiptabúnaður sé notaður eins og fyrirhugað er, skulu veita aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni upplýsingar um hvort fyrirhugaðar samsetningar þráðlauss fjarskiptabúnaðar og hugbúnaðar séu í samræmi við grunnkröfurnar sem settar eru fram í 3. gr. Slíkar upplýsingar skulu byggðar á niðurstöðu úr samræmismati sem framkvæmt er í samræmi við 17. gr. og skulu gefnar í formi yfirlýsingar um samræmi sem nær yfir þá þætti sem settir eru fram í VI. viðauka. Með hliðsjón af tilgreindum samsetningum þráðlauss fjarskiptabúnaðar og hugbúnaðar skal í upplýsingunum auðkenna nákvæmlega þráðlausa fjarskiptabúnaðinn og hugbúnaðinn sem hefur verið metinn og skulu þær stöðugt uppfærðar.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 44. gr. sem tilgreina hvaða flokka eða tegundir þráðlauss fjarskiptabúnaðar er um að ræða í kröfunni sem sett er fram í 1. mgr. þessarar greinar.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir sem mæla fyrir um starfsreglur til að gera upplýsingarnar um hvort samræmi við kröfur sé til staðar fyrir þá flokka og tegundir sem tilgreind eru í framseldum gerðum sem samþykktar voru skv. 2. mgr. þessarar greinar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 45. gr.

5. gr.

Skráning tegunda þráðlauss fjarskiptabúnaður innan sumra flokka

1. Frá og með 12. júní 2018 skal skrá tegundir þráðlauss fjarskiptabúnaðar innan flokka þráðlauss fjarskiptabúnaðar, sem að litlu leyti er í samræmi við grunnkröfurnar sem settar eru fram í 3. gr., í miðlægt kerfi sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar, áður en þráðlaus fjarskiptabúnaður innan þessara flokka er settur á markað. Þegar slíkar tegundir þráðlauss fjarskiptabúnaðar eru skráðar skulu framleiðendur leggja fram einhverja, eða í rökstuddum tilvikum, alla þætti tæknigagnanna sem skráðir eru í a-, d-, e-, f-, g-, h- og i-lið í V. viðauka. Framkvæmdastjórnin skal úthluta hverri tegund af skráðum þráðlausum fjarskiptabúnaði skráningarnúmeri sem framleiðendur skulu festa á þráðlausan fjarskiptabúnað sem settur er á markað.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 44. gr. sem tilgreina hvaða flokka þráðlauss fjarskiptabúnaðar er um að ræða, samkvæmt kröfunni sem sett er fram í 1. mgr. þessarar greinar, og þá þætti tæknigagnanna sem veita á, með tilliti til upplýsinganna sem aðildarríkin veita í samræmi við 1. mgr. 47. gr. um hvort þráðlaus fjarskiptabúnaður sé í samræmi við kröfur og eftir hættumat á að grunnkröfurnar komist ekki til framkvæmda.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um starfsreglur fyrir skráningu og áfestingu skráningarnúmers á þráðlausan fjarskiptabúnað fyrir þá flokka sem tilgreindir eru í framseldu gerðunum sem samþykktar eru skv. 2. mgr. þessarar greinar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 45. gr.

4. Framkvæmdastjórnin skal gera aðgengilegt miðlægt kerfi þar sem framleiðendur geta skrásett tilskildar upplýsingar. Það kerfi skal tryggja viðeigandi stýringu á aðgangi að trúnaðarupplýsingum.

5. Eftir að framseld samþykkt gerð kemur til framkvæmda skv. 2. mgr. þessarar greinar, skulu áhrif hennar metin í skýrslunum sem gerðar eru í samræmi við 1. og 2. mgr. 47. gr.

6. gr.

Að bjóða fram á markaði

Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að þráðlaus fjarskiptabúnaður verði aðeins boðinn fram á markaði ef hann er í samræmi við þessa tilskipun.

7. gr.

Að taka þráðlausan fjarskiptabúnað í notkun og notkun hans

Aðildarríki skulu heimila að þráðlaus fjarskiptabúnaður sé tekinn í notkun og notaður ef hann samræmist þessari tilskipun þegar hann er rétt settur upp og við haldið og notaður í fyrirhuguðum tilgangi. Án þess að hafa áhrif á skuldbindingar samkvæmt ákvörðun nr. 676/2002/EB og þau skilyrði sem tengjast heimildum fyrir notkun á tíðnum í samræmi við lög Sambandsins, einkum skv. 3. og 4. mgr. 9. gr. tilskipunar 2002/21/EB, mega aðildarríki aðeins innleiða viðbótarkröfur að því er varðar að taka í notkun og/eða notkun þráðlauss fjarskiptabúnaðar vegna ástæðna sem tengjast árangursríkri og skilvirkri notkun á fjarskiptatíðnirófi, að koma í veg fyrir skaðlega truflun og rafsegultruflanir eða af ástæðum sem varða lýðheilsu.

8. gr.

Tilkynning um forskriftir skilflata fyrir þráðlaus fjarskipti og úthlutun á flokkum þráðlauss fjarskiptabúnaðar

1. Í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í tilskipun 98/34/EB, skulu aðildarríki tilkynna um þá skilfleti þráðlausra fjarskipta sem þau ætla að stjórna, nema:

a) þau þráðlausu fjarskipti sem að öllu leyti og án nokkurra frávika hlíta ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um samræmda notkun á fjarskiptatíðnirófi sem samþykkt er í tilskipun nr. 676/2002/EB og

b) þau þráðlausu fjarskipti sem, í samræmi við framkvæmdargerðir sem samþykktar voru skv. 2. mgr. þessarar greinar, samsvara þráðlausum fjarskiptabúnaði sem hægt er að taka í notkun og nota án takmarkana innan Sambandsins.

2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir sem koma á jafngildi á milli tilkynntra skilflata þráðlausra fjarskipta og sem meta þráðlausan fjarskiptabúnað, en nánari lýsing á því skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 45. gr.

9. gr.

Frjáls flutningur þráðlauss fjarskiptabúnaðar

1. Aðildarríki skulu ekki koma í veg fyrir að þráðlaus fjarskiptabúnaður, sem fullnægir ákvæðum þessarar tilskipunar, verði boðinn fram á markaði á yfirráðasvæði þeirra, af ástæðum sem varða þættina sem falla undir þessa tilskipun.

2. Aðildarríkin skulu ekki hindra að þráðlaus fjarskiptabúnaður, sem er ekki í samræmi við þessa tilskipun, sé til sýnis á kaupstefnum, sýningum og álíka viðburðum, að því tilskildu að vel sýnilegt merki gefi greinilega til kynna að slíkan þráðlausan fjarskiptabúnað megi ekki bjóða fram á markaði eða taka í notkun fyrr en hann hefur verið færður til samræmis við þessa tilskipun. Sýning á þráðlausum fjarskiptabúnaði má aðeins fara fram að því tilskildu að gerðar hafi verið viðeigandi ráðstafanir, eins og aðildarríkin mæla fyrir um, til að koma í veg fyrir skaðlega truflun, rafsegultruflanir og áhættu fyrir heilbrigði eða öryggi manna eða húsdýra eða eigna.

II. KAFLI

SKYLDUR REKSTRARAÐILA

10. gr.

Skyldur framleiðenda

1. Framleiðendur skulu tryggja, þegar þeir setja sinn þráðlausa fjarskiptabúnað á markað, að hann hafi verið hannaður og framleiddur í samræmi við grunnkröfurnar sem settar eru fram í 3. gr.

2. Framleiðendur skulu tryggja að þráðlaus fjarskiptabúnaður sé þannig gerður að hægt sé að nota hann í a.m.k. einu aðildarríki án þess að brjóta í bága við gildandi kröfur um notkun á fjarskiptatíðnirófi.

3. Framleiðendur skulu útbúa tæknigögnin sem um getur í 21. gr. og framkvæma viðeigandi samræmismatsaðferð, sem um getur í 17. gr., eða láta framkvæma.

Ef sýnt hefur verið fram á að þráðlaus fjarskiptabúnaður uppfylli viðeigandi kröfur með þessari samræmismatsaðferð skulu framleiðendur gera ESB-samræmisyfirlýsingu og festa CE-merkið á.

4. Framleiðendur skulu varðveita tæknigögnin og ESB-samræmisyfirlýsinguna í tíu ár eftir að þráðlaus fjarskiptabúnaður hefur verið settur á markað.

5. Framleiðendur skulu tryggja að aðferðir séu til staðar til að raðframleiðsla haldist í samræmi við þessa tilskipun. Taka skal fullnægjandi tillit til breytinga á hönnun eða eiginleikum þráðlauss fjarskiptabúnaðar og breytinga á samhæfðum stöðlum eða tækniforskriftum sem lýst er yfir að samræmi þráðlauss fjarskiptabúnaðar miðist við.

Ef það telst viðeigandi með tilliti til áhættu sem stafar af þráðlausum fjarskiptabúnaði skulu framleiðendur, í því skyni að vernda heilbrigði og öryggi endanlegra notenda, framkvæma úrtaksprófun á þráðlausum fjarskiptabúnaði sem boðinn er fram á markaði, rannsaka og, ef nauðsyn krefur, halda skrá yfir kvartanir, yfir þráðlausan fjarskiptabúnað sem uppfyllir ekki kröfur og yfir innköllun þráðlauss fjarskiptabúnaðar og veita dreifingaraðilum upplýsingar um alla slíka vöktun.

6. Framleiðendur skulu tryggja að á þráðlausum fjarskiptabúnaði sem þeir hafa sett á markað séu gerðar-, framleiðslueiningar- eða raðnúmer eða annað sem gerir kleift að bera kennsl á hann eða, ef það er ekki hægt vegna stærðar eða eðlis þráðlausa fjarskiptabúnaðarins, að tilskildar upplýsingar séu veittar á umbúðunum eða í skjali sem fylgir þráðlausa fjarskiptabúnaðinum.

7. Framleiðendur skulu tilgreina nafn sitt, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang þar sem hafa má samband við þá á þráðlausa fjarskiptabúnaðinum eða ef það er ekki hægt vegna stærðar eða eðlis þráðlausa fjarskiptabúnaðarins, á umbúðum eða í skjali sem fylgir þráðlausa fjarskiptabúnaðinum. Heimilisfangið skal tilgreina einn stað þar sem hægt er að hafa samband við framleiðandann. Samskiptaupplýsingarnar skulu vera á tungumáli sem er auðskiljanlegt fyrir endanlega notendur og markaðseftirlitsyfirvöld.

8. Framleiðendur skulu tryggja að þráðlausa fjarskiptabúnaðinum fylgi leiðbeiningar og upplýsingar um öryggismál á tungumáli, sem er auðskiljanlegt fyrir neytendur og aðra endanlega notendur og sem hlutaðeigandi aðildarríki ákveður. Í leiðbeiningunum skulu vera þær upplýsingar sem krafist er til að nota þráðlausan fjarskiptabúnað í samræmi við fyrirhugaða notkun hans. Slíkar upplýsingar skulu fela í sér, eftir atvikum, lýsingu á aukabúnaði og íhlutum, þ.m.t. hugbúnaði, sem gera það mögulegt að þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn virkar eins og til er ætlast. Slíkar leiðbeiningar og upplýsingar um öryggismál, sem og hvers kyns merkingar, skulu vera skýrar, skiljanlegar og greinilegar.

Eftirtaldar upplýsingar skulu einnig taldar með ef um er að ræða þráðlausan fjarskiptabúnað sem hefur þann tilgang að gefa frá sér hátíðnibylgjur:

a) tíðniband/-bönd sem þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn er starfræktur á,

b) hámarksafl fjarskiptatíðni sem sent er á tíðniböndunum/-bandinu sem þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn virkar á.

9. Framleiðendur skulu tryggja að hverju eintaki af þráðlausum fjarskiptabúnaði fylgi afrit af ESB-samræmisyfirlýsingunni eða einfaldaðri ESB-samræmisyfirlýsingu. Sé einfölduð ESB-samræmisyfirlýsing lögð fram skal vera í henni, nákvæmt veffang þar sem hægt er að nálgast óstyttan texta ESB-samræmisyfirlýsingarinnar.

10. Ef um er að ræða takmarkanir á að taka í notkun eða kröfur um leyfi til notkunar, skulu þær upplýsingar sem eru á umbúðunum gera það kleift að auðkenna aðildarríkin eða landsvæðið innan aðildarríkis þar sem takmarkanir á að taka í notkun eða kröfur um leyfi til notkunar eru til staðar. Slíkar upplýsingar skulu vera í heild sinni í leiðbeiningunum sem fylgja þráðlausa fjarskiptabúnaðinum. Framkvæmdastjórnin má samþykkja framkvæmdargerðir sem tilgreina hvernig á að koma þeim upplýsingum á framfæri. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 45. gr.

11. Framleiðendur sem telja eða hafa ástæðu til að ætla að þráðlaus fjarskiptabúnaður sem þeir hafa sett á markað samrýmist ekki þessari tilskipun skulu tafarlaust gera þær ráðstafanir til úrbóta sem eru nauðsynlegar til að þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn samrýmist kröfum, til að taka hann af markaði eða innkalla hann, ef við á. Ef áhætta stafar af þráðlausa fjarskiptabúnaðinum skulu framleiðendur enn fremur tafarlaust upplýsa lögbær landsyfirvöld aðildarríkjanna þar sem þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn var boðinn fram á markaði þar um, einkum um tilvik þar sem ekki er farið að ákvæðum og um allar ráðstafanir sem gerðar eru til úrbóta og niðurstöður þeirra.

12. Framleiðendur skulu, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá lögbæru landsyfirvaldi, afhenda yfirvaldinu allar upplýsingar og skjöl, á pappír eða rafrænu formi, sem nauðsynleg eru til að sýna fram á að þráðlaus fjarskiptabúnaður samrýmist þessari tilskipun, á tungumáli sem það yfirvald hefur á valdi sínu. Þeir skulu hafa samvinnu við þetta yfirvald, að beiðni þess, að því er varðar allar aðgerðir sem beitt er til að útiloka áhættu sem stafar af þráðlausum fjarskiptabúnaði sem þeir hafa sett á markað.

11. gr.

Viðurkenndir fulltrúar

1. Framleiðanda er heimilt að tilnefna viðurkenndan fulltrúa með skriflegu umboði.

Skyldurnar, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 10. gr., og sú skylda að útbúa tæknigögn sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 10. gr. skulu ekki vera hluti af umboði viðurkennda fulltrúans.

2. Viðurkenndur fulltrúi skal inna af hendi þau verkefni sem tilgreind eru í umboðinu frá framleiðandanum. Umboðið skal a.m.k. gefa viðurkennda fulltrúanum heimild til:

a) að varðveita ESB-samræmisyfirlýsinguna og tæknigögnin svo þau séu tiltæk fyrir landsbundin markaðseftirlitsyfirvöld í tíu ár eftir að þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn hefur verið settur á markað,

b) að afhenda, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá lögbæru landsyfirvaldi, því yfirvaldi allar upplýsingar og skjöl sem nauðsynleg eru til að sýna fram á samræmi þráðlauss fjarskiptabúnaðar,

c) að hafa samvinnu við lögbær landsyfirvöld, að beiðni þeirra, að því er varðar allar aðgerðir sem beitt er til að útiloka áhættu sem stafar af þráðlausum fjarskiptabúnaði sem fellur undir umboð viðurkennds fulltrúa.

12. gr.

Skyldur innflytjenda

1. Innflytjendur skulu aðeins setja þráðlausan fjarskiptabúnað sem uppfyllir kröfur á markað.

2. Áður en þráðlaus fjarskiptabúnaður er settur á markað skulu innflytjendur tryggja að framleiðandinn hafi unnið samræmismat með viðeigandi aðferð, sem um getur í 17. gr., og að þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn sé þannig gerður að hægt sé að nota hann í a.m.k. einu aðildarríki án þess að brjóta í bága við gildandi kröfur um notkun á fjarskiptatíðnirófi. Þeir skulu tryggja að framleiðandinn hafi útbúið tæknigögn, að þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn beri CE-merki og að honum fylgi þær upplýsingar og skjöl sem um getur í 8., 9. og 10. mgr. 10. gr., og að framleiðandinn hafi uppfyllt kröfurnar sem settar eru fram í 6. og 7. mgr. 10. gr.

Ef innflytjandi telur eða hefur ástæðu til að ætla að þráðlaus fjarskiptabúnaður sé ekki í samræmi við grunnkröfurnar sem settar eru fram í 3. gr., skal hann ekki setja þráðlausa fjarskiptabúnaðinn á markað fyrr en hann hefur verið færður til samræmis við kröfur. Ef áhætta stafar af þráðlausa fjarskiptabúnaðinum skal innflytjandi enn fremur upplýsa framleiðandann og markaðseftirlitsyfirvöld þar um.

3. Innflytjendur skulu skrá á þráðlausa fjarskiptabúnaðinn nafn sitt, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang þar sem hafa má samband við þá eða, ef það er ekki mögulegt, á umbúðirnar eða í skjal sem fylgir þráðlausa fjarskiptabúnaðinum. Þetta á einnig við um tilvik þar sem þetta er ekki hægt vegna stærðar þráðlausa fjarskiptabúnaðarins, eða þar sem innflytjendur yrðu að opna umbúðirnar til að setja nafn sitt og heimilisfang á þráðlausa fjarskiptabúnaðinn. Samskiptaupplýsingarnar skulu vera á tungumáli sem er auðskiljanlegt fyrir endanlega notendur og markaðseftirlitsyfirvöld.

4. Innflytjendur skulu tryggja að þráðlausa fjarskiptabúnaðinum fylgi leiðbeiningar og upplýsingar um öryggismál á tungumáli, sem er auðskiljanlegt fyrir neytendur og aðra endanlega notendur, eins og hlutaðeigandi aðildarríki ákveður.

5. Innflytjendur skulu sjá til þess að á meðan tiltekinn þráðlaus fjarskiptabúnaður er á þeirra ábyrgð tefli geymslu- eða flutningsskilyrði ekki í tvísýnu samræmi þess við grunnkröfurnar sem settar eru fram í 3. gr.

6. Ef það telst viðeigandi með tilliti til áhættu sem stafar af þráðlausum fjarskiptabúnaði skulu innflytjendur, í því skyni að vernda heilbrigði og öryggi endanlegra notenda, framkvæma úrtaksprófun á þráðlausum fjarskiptabúnaði sem boðinn er fram á markaði, rannsaka og, ef nauðsyn krefur, halda skrá yfir kvartanir, þráðlausan fjarskiptabúnað sem uppfyllir ekki kröfur og yfir innköllun þráðlauss fjarskiptabúnaðar og veita dreifingaraðilum upplýsingar um alla slíka vöktun.

7. Innflytjendur sem telja eða hafa ástæðu til að ætla að þráðlaus fjarskiptabúnaður sem þeir hafa sett á markað samrýmist ekki þessari tilskipun skulu tafarlaust gera þær ráðstafanir til úrbóta sem eru nauðsynlegar til að þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn samrýmist kröfum, til að taka hann af markaði eða innkalla hann, ef við á. Ef áhætta stafar af þráðlausa fjarskiptabúnaðinum skulu innflytjendur enn fremur tafarlaust upplýsa lögbær landsyfirvöld aðildarríkjanna þar sem þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn var boðinn fram á markaði þar um, einkum um tilvik þar sem ekki er farið að ákvæðum og um allar ráðstafanir sem gerðar eru til úrbóta.

8. Innflytjendur skulu varðveita afrit af ESB-samræmisyfirlýsingunni í tíu ár eftir að þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn hefur verið settur á markað og hafa tiltæka fyrir markaðseftirlitsyfirvöld og tryggja að þessi yfirvöld geti haft aðgang að tæknigögnunum, sé þess óskað.

9. Innflytjendur skulu, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá lögbæru landsyfirvaldi, afhenda yfirvaldinu allar upplýsingar og skjöl, á pappír eða á rafrænu formi, sem nauðsynleg eru til að sýna fram á að þráðlaus fjarskiptabúnaður uppfylli kröfur, á tungumáli sem það yfirvald hefur á valdi sínu. Þeir skulu hafa samvinnu við þetta yfirvald, að beiðni þess, að því er varðar allar aðgerðir sem beitt er til að útiloka áhættu sem stafar af þráðlausum fjarskiptabúnaði sem þeir hafa sett á markað.

13. gr.

Skyldur dreifingaraðila

1. Þegar dreifingaraðilar bjóða þráðlausan fjarskiptabúnað fram á markaði skulu þeir gæta þess vandlega að hann sé í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar.

2. Áður en dreifingaraðilar bjóða þráðlausan fjarskiptabúnað fram á markaði skulu þeir staðfesta að þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn beri CE-merkið, að honum fylgi þau skjöl sem krafist er í þessari tilskipun og einnig leiðbeiningar og upplýsingar um öryggismál á tungumáli sem er auðskiljanlegt fyrir neytendur og aðra endanlega notendur í aðildarríkinu þar sem bjóða á þráðlausa fjarskiptabúnaðinn fram á markaði og að framleiðandinn og innflytjandinn hafi uppfyllt kröfurnar sem settar eru fram í 2. og 6. til 10. mgr. 10. gr. annars vegar og 3. mgr. 12. gr. hins vegar.

Ef dreifingaraðili telur eða hefur ástæðu til að ætla að þráðlaus fjarskiptabúnaður sé ekki í samræmi við grunnkröfurnar sem settar eru fram í 3. gr., skal hann ekki bjóða þráðlausa fjarskiptabúnaðinn fram á markaði fyrr en hann hefur verið færður til samræmis við kröfur. Ef áhætta stafar af þráðlausum fjarskiptabúnaði skal dreifingaraðilinn enn fremur upplýsa framleiðandann eða innflytjandann, ásamt markaðseftirlitsyfirvöldum, þar um.

3. Dreifingaraðilar skulu sjá til þess að á meðan tiltekinn þráðlaus fjarskiptabúnaður er á þeirra ábyrgð tefli geymslu- eða flutningsskilyrði ekki í tvísýnu samræmi hans við grunnkröfurnar sem settar eru fram í 3. gr.

4. Dreifingaraðilar, sem telja eða hafa ástæðu til að ætla að þráðlaus fjarskiptabúnaður, sem þeir hafa boðið fram á markaði, sé ekki í samræmi við þessa tilskipun, skulu ganga úr skugga um að gerðar séu þær ráðstafanir til úrbóta, sem nauðsynlegar eru, til að færa þráðlausa fjarskiptabúnaðinn til samræmis, til að taka hann af markaði eða innkalla, ef við á. Ef áhætta stafar af þráðlausa fjarskiptabúnaðinum skulu dreifingaraðilar enn fremur tafarlaust upplýsa lögbær landsyfirvöld aðildarríkjanna þar sem þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn var boðinn fram á markaði þar um, einkum um tilvik þar sem ekki er farið að ákvæðum og um allar ráðstafanir sem gerðar eru til úrbóta.

5. Dreifingaraðilar skulu, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá lögbæru landsyfirvaldi, afhenda yfirvaldinu allar upplýsingar og skjöl, á pappír eða á rafrænu formi, sem nauðsynleg eru til að sýna fram á samræmi þráðlausa fjarskiptabúnaðarins. Þeir skulu hafa samvinnu við þetta yfirvald, að beiðni þess, að því er varðar allar aðgerðir sem beitt er til að útiloka áhættu sem stafar af þráðlausum fjarskiptabúnaði sem þeir hafa boðið fram á markaði.

14. gr.

Tilvik þar sem skyldur framleiðenda gilda um innflytjendur og dreifingaraðila

Í skilningi þessarar tilskipunar telst innflytjandi eða dreifingaraðili vera framleiðandi og skal hann gegna sömu skyldum og framleiðandi skv. 10. gr. þegar hann setur þráðlausan fjarskiptabúnað á markað undir eigin nafni eða eigin vörumerki eða gerir breytingar á þráðlausum fjarskiptabúnaði, sem þegar hefur verið settur á markað, þannig að breytingarnar kunni að hafa áhrif á það hvort þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn uppfylli kröfur þessarar tilskipunar.

15. gr.

Rekstraraðilar tilgreindir

Rekstraraðilar skulu, samkvæmt beiðni, greina markaðseftirlitsyfirvöldum frá eftirfarandi aðilum:

a) öllum rekstraraðilum sem hafa afhent þeim þráðlausan fjarskiptabúnað,

b) öllum rekstraraðilum sem þeir hafa afhent þráðlausan fjarskiptabúnað.

Rekstraraðilar skulu geta lagt fram upplýsingarnar sem um getur í fyrstu málsgrein í tíu ár eftir að þeim hefur verið afhentur þráðlaus fjarskiptabúnaður og í tíu ár eftir að þeir hafa afhent þráðlausan fjarskiptabúnað.

III. KAFLI

SAMRÆMI ÞRÁÐLAUSS FJARSKIPTABÚNAÐAR

16. gr.

Fyrirframætlað samræmi þráðlauss fjarskiptabúnaðar

Ætla skal fyrirfram að þráðlaus fjarskiptabúnaður, sem er í samræmi við samhæfða staðla eða hluta þeirra og tilvísarnir í þá hafa verið birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, samræmist grunnkröfum um öryggi sem settar eru fram í 3. gr. og sem falla undir þessa staðla eða hluta þeirra.

17. gr.

Samræmismatsaðferðir

1. Framleiðandinn skal framkvæma samræmismat á þráðlausa fjarskiptabúnaðinum með það í huga að uppfylla grunnkröfurnar sem settar eru fram í 3. gr. Í samræmismatinu skal tekið tillit til allra fyrirhugaðra notkunarskilyrða og, varðandi grunnkröfurnar sem settar eru fram í a-lið 1. mgr. 3. gr., skal í matinu einnig tekið tillit til sæmilega fyrirsjáanlegra skilyrða. Ef hægt er nota þráðlausa fjarskiptabúnaðinn í mismunandi samsetningum skal samræmismatið staðfesta hvort þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn uppfylli grunnkröfurnar sem settar eru fram í 3. gr., í öllum mögulegum samsetningum.

2. Framleiðendur skulu sýna fram á að þráðlaus fjarskiptabúnaður sé í samræmi við grunnkröfurnar sem settar eru fram í 1. mgr. 3. gr. og nota til þess einhverjar af eftirtöldum samræmismatsaðferðum:

a) innra framleiðsluefirlit sem sett er fram í II. viðauka,

b) ESB-gerðarprófun sem er fylgt eftir með gerðarsamræmi á grundvelli innra framleiðsluefirlits sem sett er fram í III. viðauka,

c) samræmi byggt á fullri gæðatryggingu, sem um getur í IV. viðauka.

3. Hafi framleiðandinn, við mat á því hvort þráðlaus fjarskiptabúnaður sé í samræmi við grunnkröfurnar sem settar eru fram í 2. og 3. mgr. 3. gr., beitt samhæfðum stöðlum, en tilvísanir í þá hafa verið birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, skal hann nota einhverjar af eftirtöldum aðferðum:

a) innra framleiðslueftirlit sem sett er fram í II. viðauka,

b) ESB-gerðarprófun sem er fylgt eftir með gerðarsamræmi á grundvelli innra framleiðslueftirlits sem sett er fram í III. viðauka,

c) samræmi byggt á fullri gæðatryggingu, sem um getur í IV. viðauka.

4. Hafi framleiðandinn, við mat á því hvort þráðlaus fjarskiptabúnaður sé í samræmi við grunnkröfurnar sem settar eru fram í 2. og 3. mgr. 3. gr., ekki beitt samhæfðum stöðlum eða aðeins beitt þeim að hluta en tilvísanir í þá hafa verið birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, eða slíkir samhæfðir staðlar eru ekki fyrir hendi, skal þráðlaus fjarskiptabúnaður, með tilliti til þessara grunnkrafna, gangast undir aðra hvora af eftirtöldum aðferðum:

a) ESB-gerðarprófun sem er fylgt eftir með gerðarsamræmi á grundvelli innra framleiðslueftirlits sem sett er fram í III. viðauka,

b) samræmi byggt á fullri gæðatryggingu, sem um getur í IV. viðauka.

18. gr.

ESB-samræmisyfirlýsing

1. ESB-samræmisyfirlýsingin skal vera yfirlýsing um að sýnt hafi verið fram á að grunnkröfurnar, sem settar eru fram í 3. gr., hafi verið uppfylltar.

2. ESB-samræmisyfirlýsingin skal byggð upp eins og fyrirmyndin, sem sett er fram í VI. viðauka, og innihalda þá þætti sem settir eru fram í þeim viðauka og skal stöðugt uppfærð. Hún skal vera þýdd á það eða þau tungumál sem aðildarríkið, þar sem þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn er settur á markað eða boðinn fram á markaði, gerir kröfu um.

Einfaldaða ESB-samræmisyfirlýsingin sem um getur í 9. mgr. 10. gr. skal innihalda þá þætti sem settir eru fram í VII. viðauka og skal stöðugt uppfærð. Hún skal vera þýdd á það eða þau tungumál sem aðildarríkið, þar sem þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn er settur á markað eða boðinn fram á markaði, gerir kröfu um. Óstyttur texti ESB-samræmisyfirlýsingarinnar skal vera aðgengilegur á því veffangi sem um getur í einfölduðu ESB-samræmisyfirlýsingunni, á því tungumáli eða þeim tungumálum sem aðildarríkið, þar sem þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn er settur á markað eða boðinn fram á markaði, gerir kröfu um.

3. Þegar þráðlaus fjarskiptabúnaður fellur undir fleiri en eina gerð Sambandsins þar sem krafist er ESB-samræmisyfirlýsingar, skal gera eina ESB-samræmisyfirlýsingu að því er varðar allar slíkar gerðir Sambandsins. Í þeirri yfirlýsingu skal tilgreina viðkomandi gerðir Sambandsins, þ.m.t. tilvísanir í birtingu þeirra.

4. Með samningu ESB-samræmisyfirlýsingar skal framleiðandinn taka á sig ábyrgð á að þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn samrýmist kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

19. gr.

Almennar meginreglur um CE-merkið

1. Um CE-merkið skulu gilda almennu meginreglurnar sem settar eru fram í 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008.

2. Vegna eðlis þráðlausa fjarskiptabúnaðarins, má hæð CE-merkisins sem fest er á þráðlausa fjarskiptabúnaðinn vera minni en 5 mm, að því tilskildu að það sé sýnilegt og læsilegt.

20. gr.

Reglur og skilyrði fyrir áfestingu CE-merkisins og kenninúmer tilkynntrar stofu

1. Festa skal CE-merkið á þráðlausa fjarskiptabúnaðinn eða merkiplötu hans, þannig að það sé sýnilegt, læsilegt og óafmáanlegt, nema það sé ekki mögulegt eða ekki heimilt vegna eðlis þráðlausa fjarskiptabúnaðarins. Einnig skal festa CE-merkið á umbúðirnar þannig að það sé sýnilegt og læsilegt.

2. CE-merkið skal fest á áður en þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn er settur á markað.

3. Á eftir CE-merkinu skal setja kenninúmer tilkynntu stofunnar sé samræmismatsaðferðinni, sem sett er fram í IV. viðauka, beitt.

Sama hæð skal vera á kenninúmeri tilkynntu stofunnar og CE-merkinu.

Tilkynnta stofan skal sjálf sjá um að festa kenninúmer sitt á, að öðrum kosti skal framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans sjá um það samkvæmt fyrirmælum stofunnar.

4. Aðildarríkin skulu byggja á fyrirliggjandi kerfum til að tryggja að reglunum um notkun CE-merkisins sé rétt framfylgt og grípa til viðeigandi ráðstafana ef um óviðeigandi notkun á merkinu er að ræða.

21. gr.

Tæknigögn

1. Tæknigögnin skulu innihalda öll viðeigandi gögn eða upplýsingar um þær aðferðir sem framleiðandinn notar til að tryggja að þráðlaus fjarskiptabúnaður uppfylli grunnkröfurnar sem settar eru fram í 3. gr. Í þeim skulu a.m.k. vera þættirnir sem settir eru fram í V. viðauka.

2. Tæknigögnin skulu útbúin áður en þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn er settur á markað og skulu stöðugt uppfærð.

3. Tæknigögn og bréfaskipti varðandi allar ESB-gerðarprófunaraðferðir skulu vera á opinberu tungumáli aðildarríkisins þar sem tilkynnta stofan hefur staðfestu eða á tungumáli sem hún samþykkir.

4. Uppfylli tæknigögnin ekki ákvæði 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar og þar með takist ekki að leggja fram nægileg viðeigandi gögn eða aðferðir sem notaðar eru til að tryggja að þráðlaus fjarskiptabúnaður sé í samræmi við grunnkröfurnar sem settar eru fram í 3. gr., mega markaðseftirlitsyfirvöld fara fram á að framleiðandinn eða innflytjandinn gangist undir prófanir sem stofa sem markaðseftirlitsyfirvöld samþykkja gerir, á kostnað framleiðandans eða innflytjandans, innan tiltekins tíma til að staðfesta að farið sé að grunnkröfunum sem settar eru fram í 3. gr.

IV. KAFLI

TILKYNNING UM SAMRÆMISMATSSTOFUR

22. gr.

Tilkynning

Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um stofur sem hafa leyfi til að leysa af hendi samræmismatsverkefni þriðja aðila í samræmi við þessa tilskipun.

23. gr.

Tilkynningaryfirvöld

1. Aðildarríki skulu tilnefna tilkynningaryfirvald sem ber ábyrgð á því að koma á fót og framfylgja nauðsynlegum aðferðum til að meta og tilkynna um samræmismatsstofur og vakta tilkynntar stofur, þ.m.t. hvort farið sé að ákvæðum 28. gr.

2. Aðildarríki geta ákveðið að faggildingarstofa í aðildarríki, í skilningi og í samræmi við reglugerð (EB) nr. 765/2008, annist matið og vöktunina sem um getur í 1. mgr.

3. Ef tilkynningaryfirvaldið úthlutar mati, tilkynningu eða vöktun, sem um getur í 1. mgr., til stofu sem er ekki stjórnvald eða felur það slíkri stofu með öðrum hætti skal þessi stofa vera lögaðili og skal, að breyttu breytanda, fara að kröfunum sem mælt er fyrir um í 24. gr. Að auki skal stofan gera ráðstafanir til að standa straum af bótaábyrgð sem skapast getur af starfsemi hennar.

4. Tilkynningaryfirvaldið skal bera fulla ábyrgð á þeim verkefnum sem stofan, sem um getur í 3. mgr., framkvæmir.

24. gr.

Kröfur til tilkynningaryfirvalda

1. Tilkynningaryfirvaldi skal komið á fót með þeim hætti að engir hagsmunaárekstrar við samræmismatsstofur eigi sér stað.

2. Tilkynningaryfirvald skal skipulagt og starfrækt þannig að hlutlægni og óhlutdrægni starfseminnar sé tryggð.

3. Tilkynningaryfirvald skal skipulagt með þeim hætti að allar ákvarðanir sem tengjast tilkynningu um samræmismatsstofu, séu teknar af þar til bærum aðilum, öðrum en þeim sem unnu matið.

4. Tilkynningaryfirvald skal ekki bjóða eða sinna neinni starfsemi sem samræmismatsstofur annast eða sinna ráðgjafarþjónustu á viðskipta- eða samkeppnisgrundvelli.

5. Tilkynningaryfirvald skal tryggja að upplýsingar, sem það fær, séu meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

6. Tilkynningaryfirvald skal hafa yfir að ráða nægilegum fjölda af hæfu starfsfólki til að sinna verkefnum sínum á viðeigandi hátt.

25. gr.

Upplýsingaskylda tilkynningaryfirvalda

Aðildarríki skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um þær aðferðir sem þau beita til að meta og tilkynna um samræmismatsstofur, vakta tilkynntar stofur og um allar breytingar þar á.

Framkvæmdastjórnin skal gera þessar upplýsingar aðgengilegar öllum.

26. gr.

Kröfur sem gerðar eru til tilkynntra stofa

1. Hvað varðar tilkynningar skal samræmismatsstofa uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2.–11. mgr.

2. Samræmismatsstofu skal komið á fót samkvæmt landslögum aðildarríkis og skal hún hafa réttarstöðu lögaðila.

3. Samræmismatsstofa skal vera þriðji aðili sem er óháður fyrirtækinu eða þeim þráðlausa fjarskiptabúnaði sem verið er að meta.

Stofa, sem tilheyrir viðskiptasamtökum eða fagfélögum, sem koma fram fyrir hönd fyrirtækja, sem fást við hönnun, framleiðslu, öflun, samsetningu, notkun eða viðhald þráðlauss fjarskiptabúnaðar, sem henni er falið að meta, getur talist slík stofa með því skilyrði að sýnt sé fram á að hún sé óháð og laus við hagsmunaárekstra.

4. Samræmismatsstofa, æðstu stjórnendur hennar og starfsfólk, sem ber ábyrgð á framkvæmd samræmismatsverkefna, mega hvorki vera hönnuðir, framleiðendur, birgjar, uppsetningaraðilar, innkaupsaðilar, eigendur, notendur eða viðhaldsaðilar þráðlausa búnaðarins, sem þeir meta, né vera fulltrúar neins þessara aðila. Þetta skal þó ekki útiloka þá notkun á þráðlausum fjarskiptabúnaði, sem verið er að meta, sem er nauðsynleg fyrir starfsemi samræmismatsstofunnar eða persónulega notkun á slíkum þráðlausum fjarskiptabúnaði.

Samræmismatsstofa, æðstu stjórnendur hennar og starfsfólk, sem ber ábyrgð á framkvæmd samræmismatsverkefna skulu hvorki taka með beinum hætti þátt í hönnun, framleiðslu eða smíði, markaðssetningu, uppsetningu, notkun eða viðhaldi þessa þráðlausa fjarskiptabúnaðar, né vera fulltrúar þeirra aðila sem fást við slíka starfsemi. Þau mega ekki taka þátt í neinni starfsemi sem gæti haft áhrif á sjálfstætt mat þeirra og heilindi að því er varðar þá samræmismatsstarfsemi sem þeim hefur verið falin. Þetta gildir einkum um ráðgjafarþjónustu.

Samræmismatsstofur skulu tryggja að starfsemi dótturfyrirtækja þeirra eða undirverktaka hafi ekki áhrif á trúnað, hlutlægni eða óhlutdrægni í samræmismatsstarfsemi þeirra.

5. Samræmismatsstofur og starfsfólk þeirra skulu annast starfsemi á sviði samræmismats af faglegri ráðvendni á hæsta stigi og með nauðsynlegri tæknikunnáttu á viðkomandi sviði og vera laus við allan þrýsting og hvatningu, einkum fjárhagslega, sem kynni að hafa áhrif á mat þeirra eða niðurstöður samræmismatsstarfsemi þeirra, einkum frá einstaklingum eða hópum einstaklinga sem eiga hagsmuna að gæta varðandi niðurstöður þessarar starfsemi.

6. Samræmismatsstofa skal vera fær um að framkvæma þau samræmismatsverkefni sem henni hafa verið falin, skv. III. og IV. viðauka, og sem hún er tilkynnt stofa fyrir, hvort sem samræmismatsstofan framkvæmir verkefnin sjálf eða þau eru framkvæmd fyrir hönd hennar og á ábyrgð hennar.

Samræmismatsstofa skal ávallt og fyrir hverja samræmismatsaðferð og hverja tegund eða flokk þráðlauss fjarskiptabúnaðar, sem hún er tilkynnt stofa fyrir, hafa eftirfarandi til umráða:

a) nauðsynlegt starfsfólk sem býr yfir tækniþekkingu og nægilegri og viðeigandi reynslu til að framkvæma samræmismatsverkefnin,

b) lýsingar á aðferðunum, sem beitt er við samræmismat, sem tryggja gagnsæi og getu til að endurtaka þessar aðferðir. Samræmismatsstofa skal hafa í gildi viðeigandi stefnur og aðferðir til að gera greinarmun á verkefnum, sem hún framkvæmir sem tilkynnt stofa, og annarri starfsemi,

c) nauðsynlegar aðferðir til að sinna starfsemi þar sem tekið er tilhlýðilegt tillit til stærðar fyrirtækis, geirans sem það starfar í, skipulags þess, hversu flókna framleiðslutækni er um að ræða og hvort um fjölda- eða raðframleiðslu er að ræða.

Samræmismatsstofa skal hafa yfir að ráða öllum þeim úrræðum sem nauðsynleg eru til að geta framkvæmt á réttan hátt þau tæknilegu og stjórnsýslulegu störf sem tengjast samræmismatsstarfsemi.

7. Það starfsfólk sem ber ábyrgð á framkvæmd samræmismatsverkefna skal búa yfir eftirfarandi:

a) traustri tækni- og starfsþjálfun sem nær til allrar samræmismatsstarfsemi sem samræmismatsstofan er tilkynnt stofa fyrir,

b) fullnægjandi þekkingu á kröfum varðandi matið, sem það annast, og fullnægjandi heimild til að annast slíkt mat,

c) viðeigandi þekkingu og skilningi á grunnkröfunum, sem settar eru fram í 3. gr., á viðeigandi samhæfðum stöðlum og á viðkomandi ákvæðum samhæfingarlöggjafar Sambandsins og landslöggjafar,

d) getu til þess að útbúa ESB-gerðarprófunarvottorð eða samþykki gæðakerfis, skrár og skýrslur sem sýna að mat hafi verið unnið.

8. Óhlutdrægni samræmismatsstofa, æðstu stjórnenda þeirra og starfsfólks, sem ber ábyrgð á framkvæmd samræmismatsverkefna, skal tryggð.

Laun æðstu stjórnenda og starfsfólks, sem ber ábyrgð á framkvæmd samræmismatsverkefna samræmismatsstofu, mega hvorki vera háð fjölda matsgerða, sem unnar eru, né niðurstöðum úr þessum matsgerðum.

9. Samræmismatstofur skulu hafa ábyrgðartryggingu nema ríkið sé bótaskylt samkvæmt landslögum eða aðildarríkið sjálft beri beina ábyrgð á samræmismatinu.

10. Starfsfólk samræmismatsstofu skal bundið þagnarskyldu um allar upplýsingar, sem það aflar sér við framkvæmd verkefna sinna skv. III. og IV. viðauka eða hverju því ákvæði landslaga sem sett er í tilefni af þeim, nema gagnvart lögbærum yfirvöldum þess aðildarríkis þar sem starfsemin fer fram. Einkaleyfisréttur skal varinn.

11. Samræmismatsstofur skulu taka þátt í vinnu við gerð staðla, reglusetningu á sviði þráðlauss fjarskiptabúnaðar og tíðniskipulagi og vinnunni, sem fer fram innan samræmingarhóps tilkynntu stofunnar, sem komið er á fót samkvæmt viðeigandi samhæfingarlöggjöf Sambandsins, eða tryggja að starfsfólk hennar, sem ber ábyrgð á framkvæmd samræmismatsverkefna, sé upplýst þar um, og þær skulu nota sem almennar leiðbeiningar þær stjórnsýsluákvarðanir og skjöl, sem eru afrakstur af vinnu þessa hóps.

27. gr.

Fyrirframætlað samræmi tilkynntra stofa

Ætla skal fyrirfram að samræmismatsstofa uppfylli þær kröfur sem settar eru fram í 26. gr., að svo miklu leyti sem gildandi samhæfðir staðlar ná yfir þær kröfur, ef hún sýnir fram á að hún uppfylli viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í viðeigandi samhæfðum stöðlum eða hlutum þeirra og tilvísanir í þá hafa verið birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

28. gr.

Dótturfyrirtæki og undirverktakastarfsemi tilkynntra stofa

1. Ef tilkynnt stofa felur undirverktaka sérstök verkefni í tengslum við samræmismat eða nýtir sér dótturfyrirtæki, skal hún tryggja að undirverktakinn eða dótturfyrirtækið uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í 26. gr. og upplýsa tilkynningaryfirvald þar um.

2. Tilkynntar stofur skulu bera fulla ábyrgð á þeim verkefnum sem undirverktakar eða dótturfyrirtæki framkvæma, án tillits til staðsetningar.

3. Starfsemi má aðeins fela undirverktaka eða dótturfyrirtæki með samþykki viðskiptavinarins.

4. Tilkynntar stofur skulu hafa tiltæk fyrir tilkynningaryfirvaldið öll skjöl, sem skipta máli varðandi mat á réttindum og hæfi undirverktakans eða dótturfyrirtækisins, og þau störf sem unnin eru skv. III. og IV. viðauka.

29. gr.

Umsókn um tilkynningu

1. Samræmismatsstofa skal leggja umsókn um tilkynningu fyrir tilkynningaryfirvald aðildarríkisins þar sem hún hefur staðfestu.

2. Með umsókninni um tilkynningu skal fylgja lýsing á samræmismatsstarfsemi, aðferðareiningu eða -einingum samræmismats og þeim þráðlausa fjarskiptabúnaði sem stofan fullyrðir að hæfi hennar nái til, ásamt faggildingarvottorði, ef það er fyrirliggjandi, sem gefið er út af faggildingarstofu í aðildarríki, þar sem staðfest er að samræmismatsstofan uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 26. gr.

3. Ef hlutaðeigandi samræmismatsstofa getur ekki lagt fram faggildingarvottorð skal hún láta tilkynningaryfirvaldinu í té öll skrifleg sönnunargögn sem nauðsynleg eru fyrir sannprófun, viðurkenningu og reglulega vöktun á því að hún fari að kröfunum sem mælt er fyrir um í 26. gr.

30. gr.

Málsmeðferð við tilkynningu

1. Tilkynningaryfirvöld mega einungis tilkynna þær samræmismatsstofur sem hafa uppfyllt kröfurnar sem mælt er fyrir um í 26. gr.

2. Þau skulu tilkynna þær til framkvæmdastjórnarinnar og hinna aðildarríkjanna með því að nota rafræna tilkynningartækið sem framkvæmdastjórnin hefur þróað og haft umsjón með.

3. Í tilkynningunni skulu vera ítarlegar upplýsingar um samræmismatsstarfsemina, aðferðareiningu eða -einingar samræmismats, viðkomandi þráðlausan fjarskiptabúnað og viðeigandi staðfesting á hæfi.

4. Ef tilkynning byggist ekki á faggildingarvottorði, eins og um getur í 2. mgr. 29. gr., skal tilkynningaryfirvaldið láta framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum í té skrifleg sönnunargögn sem staðfesta hæfi samræmismatsstofunnar og það fyrirkomulag sem er til staðar til að tryggja að reglulegt eftirlit sé haft með stofunni og að hún haldi áfram að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 26. gr.

5. Hlutaðeigandi stofu er aðeins heimilt að annast starfsemi tilkynntrar stofu hreyfi framkvæmdastjórnin eða hin aðildarríkin ekki andmælum innan tveggja vikna frá tilkynningu ef stuðst er við faggildingarvottorð eða innan tveggja mánaða ef ekki er stuðst við faggildingarvottorð.

Aðeins slík stofa skal teljast tilkynnt stofa að því er þessa tilskipun varðar.

6. Tilkynningaryfirvaldið skal tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um allar síðari breytingar á tilkynningunni sem máli skipta.

31. gr.

Kenninúmer og skrár yfir tilkynntar stofur

1. Framkvæmdastjórnin skal úthluta tilkynntri stofu kenninúmeri.

Hún skal aðeins úthluta einu slíku númeri þó svo að stofan sé tilkynnt samkvæmt mörgum gerðum Sambandsins.

2. Framkvæmdastjórnin skal gera skrána yfir stofurnar, sem tilkynntar eru samkvæmt þessari tilskipun, aðgengilega öllum, þ.m.t. kenninúmerin sem þeim hefur verið úthlutað og starfsemin sem þeim hefur verið falin.

Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að skráin sé uppfærð.

32. gr.

Breytingar á tilkynningum

1. Ef tilkynningaryfirvald hefur komist að raun um eða hefur verið upplýst um að tilkynnt stofa uppfylli ekki lengur kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 26. gr., eða rækir ekki skyldur sínar skal tilkynningaryfirvaldið takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla tilkynningu, eins og við á, háð því hversu alvarlegur misbrestur er á því að þessar kröfur eða skyldur séu uppfylltar. Það skal tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það.

2. Ef tilkynning er takmörkuð, felld tímabundið úr gildi eða afturkölluð, eða ef tilkynnta stofan hefur lagt niður starfsemi skal tilkynningaraðildarríkið gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að annaðhvort vinni önnur tilkynnt stofa úr skjölum þeirrar stofu eða að skjölin séu höfð tiltæk fyrir þar til bær tilkynningaryfirvöld og markaðseftirlitsyfirvöld, sé þess óskað.

33. gr.

Hæfi tilkynntra stofa véfengt

1. Framkvæmdastjórnin skal rannsaka öll tilvik þar sem hún hefur efasemdir um hæfi tilkynntrar stofu eða um að tilkynnt stofa uppfylli áfram þær kröfur og skyldur sem á henni hvíla, og öll tilvik þar sem athygli hennar er vakin á slíkum efasemdum.

2. Tilkynningaraðildarríkið skal, sé þess óskað, veita framkvæmdastjórninni allar upplýsingar sem varða ástæður fyrir tilkynningunni eða áframhaldandi hæfi hlutaðeigandi tilkynntrar stofu.

3. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að farið sé með allar viðkvæmar upplýsingar, sem fást úr rannsóknum hennar, sem trúnaðarmál.

4. Ef framkvæmdastjórnin kemst að raun um að tilkynnt stofa uppfylli ekki, eða uppfylli ekki lengur, kröfurnar viðvíkjandi tilkynningu hennar, skal hún samþykkja framkvæmdargerð og óska eftir því að tilkynningaraðildarríkið geri nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta, þ.m.t. að afturkalla tilkynningu, ef nauðsyn krefur.

Sú framkvæmdargerð skal samþykkt í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 45. gr.

34. gr.

Skyldur er varða starfsemi tilkynntra stofa

1. Tilkynntar stofur skulu framkvæma samræmismat í samræmi við samræmismatsaðferðirnar sem kveðið er á um í III. og VI. viðauka.

2. Við framkvæmd samræmismats skal gæta meðalhófs til að forðast að leggja óþarfa byrðar á rekstraraðila. Samræmismatsstofur skulu í starfsemi sinni taka tilhlýðilegt tillit til stærðar fyrirtækis, geirans sem það starfar í, skipulags þess, hversu flókna framleiðslutækni er um að ræða og hvort um fjölda- eða raðframleiðslu er að ræða.

Við það skulu þær samt sem áður virða það hversu strangar kröfur eru gerðar og það verndarstig sem krafist er til þess að þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn uppfylli ákvæði þessarar tilskipunar.

3. Ef tilkynnt stofa kemst að þeirri niðurstöðu að framleiðandi hafi ekki uppfyllt grunnkröfurnar, sem settar eru fram í 3. gr. eða samsvarandi samhæfðum stöðlum eða öðrum tækniforskriftum, skal hún krefjast þess að framleiðandinn geri viðeigandi ráðstafanir til úrbóta og skal hvorki gefa út ESB-gerðarprófunarvottorð né samþykki gæðakerfis.

4. Ef tilkynnt stofa kemst að þeirri niðurstöðu, við vöktun á því að samræmis sé gætt í kjölfar útgáfu á ESB-gerðarprófunarvottorði eða samþykki gæðakerfis, að þráðlaus fjarskiptabúnaður uppfylli ekki lengur ákvæði skal hún krefjast þess að framleiðandinn geri viðeigandi ráðstafanir til úrbóta og skal fella ESB-gerðarprófunarvottorðið eða samþykki gæðakerfis tímabundið úr gildi eða afturkalla ef nauðsyn krefur.

5. Ef ekki eru gerðar ráðstafanir til úrbóta eða þær hafa ekki tilskilin áhrif skal tilkynnta stofan takmarka ESB-gerðarprófunarvottorð eða samþykki gæðakerfis, fella þau tímabundið úr gildi eða afturkalla, eins og við á.

35. gr.

Áfrýjun ákvarðana sem tilkynntar stofur hafa tekið

Aðildarríkin skulu tryggja að fyrir hendi sé málsmeðferð við áfrýjun ákvarðana sem tilkynntar stofur hafa tekið.

36. gr.

Upplýsingaskylda tilkynntra stofa

1. Tilkynntar stofur skulu upplýsa tilkynningaryfirvaldið um:

a) allar synjanir, takmarkanir, tímabundna niðurfellingu eða afturköllun á ESB-gerðarprófunarvottorði eða samþykki gæðakerfis í samræmi við kröfur í III. og IV. viðauka,

b) aðstæður sem hafa áhrif á gildissvið tilkynningar eða skilyrði fyrir henni,

c) beiðnir sem þeim hafa borist frá markaðseftirlitsyfirvöldum um upplýsingar varðandi samræmismatsstarfsemi,

d) sé þess óskað, samræmismatsstarfsemi sem hefur farið fram innan gildissviðs tilkynningar þeirra og alla aðra starfsemi sem hefur farið fram, þ.m.t. starfsemi sem nær yfir landamæri og undirverktakastarfsemi.

2. Tilkynntar stofur skulu, í samræmi við kröfur í III. og IV. viðauka, veita öðrum stofum, sem eru tilkynntar samkvæmt þessari tilskipun og annast sambærilega samræmismatsstarfsemi á sömu flokkum þráðlauss fjarskiptabúnaðar, viðeigandi upplýsingar um mál er varða neikvæðar og, sé þess óskað, jákvæðar niðurstöður samræmismats.

3. Tilkynntar stofur skulu uppfylla upplýsingaskyldu skv. III. og IV. viðauka.

37. gr.

Miðlun reynslu

Framkvæmdastjórnin skal sjá fyrir skipulagningu á miðlun reynslu milli landsyfirvalda aðildarríkjanna sem bera ábyrgð á viðmiðunarreglum varðandi tilkynningar.

38. gr.

Samræming tilkynntra stofa

Framkvæmdastjórnin skal tryggja að komið sé á viðeigandi samræmingu og samstarfi á milli stofa, sem tilkynntar eru samkvæmt þessari tilskipun, og að þessi samræming og þetta samstarf fari fram með fullnægjandi hætti innan sérsviðshópa tilkynntra stofa.

Aðildarríkin skulu tryggja að stofurnar, sem þau tilkynna, taki þátt í vinnu þessa hóps, annaðhvort með beinum hætti eða í gegnum tilnefnda fulltrúa.

V. KAFLI

MARKAÐSEFTIRLIT EVRÓPUSAMBANDSINS, EFTIRLIT MEÐ ÞRÁÐLAUSUM FJARSKIPTABÚNAÐI SEM KEMUR INN Á MARKAÐ SAMBANDSINS OG VERNDARRÁÐSTAFANAMEÐFERÐ SAMBANDSINS

39. gr.

Markaðseftirlit Evrópusambandsins og eftirlit með þráðlausum fjarskiptabúnaði sem kemur inn á markað Sambandsins

Ákvæði 3. mgr. 15. gr. og 16. til 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008 gilda um þráðlausan fjarskiptabúnað.

40. gr.

Málsmeðferð sem á við um þráðlausan fjarskiptabúnað sem hætta stafar af á landsvísu

1. Ef markaðseftirlitsyfirvöld í einu aðildarríki hafa nægilegar ástæður til að ætla að þráðlaus fjarskiptabúnaður sem fellur undir þessa tilskipun hafi í för með sér alvarlega áhættu fyrir heilbrigði eða öryggi fólks eða aðra þætti sem varða verndun almannahagsmuna, sem falla undir þessa tilskipun, skulu þau framkvæma mat á viðkomandi þráðlausa fjarskiptabúnaði sem tekur til allra krafna sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Viðkomandi rekstraraðilar skulu í þessum tilgangi hafa samvinnu við markaðseftirlitsyfirvöld eins og nauðsyn krefur.

Ef markaðseftirlitsyfirvöld komast að þeirri niðurstöðu á meðan matið, sem um getur í fyrstu undirgrein, fer fram að þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn uppfyllir ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun skulu þau án tafar krefjast þess að viðkomandi rekstraraðili grípi til allra viðeigandi aðgerða til úrbóta til að þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn uppfylli þessar kröfur, taki þráðlausa fjarskiptabúnaðinn af markaði eða innkalli hann innan hæfilegs frests, sem yfirvöld mæla fyrir um miðað við eðli áhættunnar.

Markaðseftirlitsyfirvöld skulu upplýsa viðkomandi tilkynnta stofu um það.

Ákvæði 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008 skulu gilda að því er varðar þær ráðstafanir sem um getur í annarri undirgrein þessarar málsgreinar.

2. Ef markaðseftirlitsyfirvöld telja að þau tilvik þar sem ekki er farið að ákvæðum einskorðist ekki við þeirra yfirráðasvæði skulu þau upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um niðurstöður matsins og um aðgerðirnar sem þau hafa krafist að rekstraraðilinn grípi til.

3. Rekstraraðilinn skal tryggja að gripið sé til allra viðeigandi aðgerða til úrbóta að því er varðar allan viðkomandi þráðlausan fjarskiptabúnað sem hann hefur boðið fram á markaði í gervöllu Sambandinu.

4. Ef viðkomandi rekstraraðili grípur ekki til fullnægjandi aðgerða til úrbóta innan þess frests sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. skulu markaðseftirlitsyfirvöld gera allar viðeigandi bráðabirgðaráðstafanir til að banna eða takmarka að þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn sé boðinn fram á markaði í heimalandi þeirra, taka þráðlausa fjarskiptabúnaðinn af þeim markaði eða innkalla hann.

Markaðseftirlitsyfirvöld skulu án tafar tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um þessar ráðstafanir.

5. Í upplýsingunum, sem um getur í annarri undirgrein 4. mgr., skulu koma fram allar tiltækar upplýsingar, einkum gögn sem eru nauðsynleg til að sanngreina þráðlausan fjarskiptabúnað sem ekki uppfyllir kröfurnar, uppruna þráðlausa fjarskiptabúnaðarins, eðli meintra tilvika þar sem ekki var farið að ákvæðum og áhættunnar sem því fylgir, eðli og gildistíma landsbundinna ráðstafana sem gerðar hafa verið, ásamt rökstuðningi viðkomandi rekstraraðila. Einkum skulu markaðseftirlitsyfirvöld geta þess hvort ekki sé farið að ákvæðum:

a) vegna þess að þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn uppfyllir ekki viðkomandi grunnkröfur sem settar eru fram í 3. gr. eða

b) sökum annmarka á samhæfðu stöðlunum sem um getur í 16. gr. og sem eru grundvöllur fyrir fyrirframætluðu samræmi.

6. Aðildarríki, önnur en það aðildarríki sem hefur frumkvæði að málsmeðferðinni samkvæmt þessari grein, skulu án tafar upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um allar samþykktar ráðstafanir og allar viðbótarupplýsingar sem þau hafa yfir að ráða að því er varðar viðkomandi þráðlausan fjarskiptabúnað sem ekki uppfyllir kröfur og, komi upp ágreiningur um samþykkta ráðstöfun aðildarríkis, um andmæli sín.

7. Ef aðildarríki eða framkvæmdastjórnin hefur ekki hreyft andmælum innan þriggja mánaða frá viðtöku upplýsinganna, sem um getur í annarri undirgrein 4. mgr., að því er varðar bráðabirgðaráðstöfun sem aðildarríki hefur gert, skal sú ráðstöfun teljast réttlætanleg.

8. Aðildarríki skulu tryggja að viðeigandi takmarkandi ráðstafanir að því er varðar viðkomandi þráðlausan fjarskiptabúnað, t.d. að taka hann af markaði, séu gerðar án tafar.

41. gr.

Verndarráðstafanameðferð Sambandsins

1. Ef, við lok málsmeðferðarinnar sem sett er fram í 3. og 4. mgr. 40. gr., andmælum er hreyft við ráðstöfun sem aðildarríki gerir, eða ef framkvæmdastjórnin telur að ráðstöfun aðildarríkis stríði gegn löggjöf Sambandsins skal framkvæmdastjórnin án tafar hefja viðræður við aðildarríkin og viðkomandi rekstraraðila og leggja mat á ráðstöfun aðildarríkis. Á grundvelli niðurstaðna þessa mats skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerð til að ákveða hvort ráðstöfun aðildarríkisins sé réttlætanleg eða ekki.

Framkvæmdastjórnin skal beina ákvörðun sinni til allra aðildarríkja og skal þegar í stað veita þeim og viðkomandi rekstraraðila eða rekstraraðilum upplýsingar þar um.

2. Teljist ráðstöfun aðildarríkis réttlætanleg skulu öll aðildarríki gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þráðlaus fjarskiptabúnaður, sem ekki uppfyllir kröfurnar, sé tekinn af markaði þeirra eða innkallaður og tilkynna framkvæmdastjórninni um það. Teljist ráðstöfun aðildarríkis ekki réttlætanleg skal hlutaðeigandi aðildarríki afturkalla ráðstöfunina.

3. Ef ráðstöfun aðildarríkis telst réttlætanleg og þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn telst ekki uppfylla kröfur sökum annmarka í samhæfðu stöðlunum, sem um getur í b-lið 5. mgr. 40. gr. þessarar tilskipunar, skal framkvæmdastjórnin beita málsmeðferðinni sem kveðið er á um í 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012.

42. gr.

Þráðlaus fjarskiptabúnaður sem uppfyllir kröfur en áhætta stafar af

1. Ef aðildarríki kemst að þeirri niðurstöðu, að loknu mati skv. 1. mgr. 40. gr., að enda þótt þráðlaus fjarskiptabúnaður sé í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar hafi hann áhættu í för með sér fyrir heilbrigði eða öryggi manna eða fyrir aðra þætti sem varða verndun almannahagsmuna sem falla undir þessa tilskipun, skal aðildarríkið krefjast þess að viðkomandi rekstraraðili grípi til allra viðeigandi ráðstafana til að tryggja að þessi áhætta stafi ekki lengur af viðkomandi þráðlausum fjarskiptabúnaði þegar hann er settur á markað, taki þráðlausan fjarskiptabúnað af markaði eða innkalli hann innan hæfilegs frests, sem aðildarríkið mælir fyrir um miðað við eðli áhættunnar.

2. Rekstraraðilinn skal tryggja að gripið sé til aðgerða til úrbóta að því er varðar allan viðkomandi þráðlausan fjarskiptabúnað sem hann hefur boðið fram á markaði í gervöllu Sambandinu.

3. Aðildarríkið skal tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það. Í þessum upplýsingum skulu koma fram öll tiltæk smáatriði, einkum gögn sem nauðsynleg eru til að sanngreina viðkomandi þráðlausan fjarskiptabúnað, uppruna og aðfangakeðju hans, eðli áhættunnar sem honum fylgir og eðli og gildistíma landsbundinna ráðstafana sem gerðar hafa verið.

4. Framkvæmdastjórnin skal án tafar hefja viðræður við aðildarríkin og viðkomandi rekstraraðila og leggja mat á ráðstafanir aðildarríkis sem gerðar hafa verið. Á grundvelli niðurstaðna þessa mats skal framkvæmdastjórnin ákveða með framkvæmdargerðum hvort ráðstöfun aðildarríkis er réttlætanleg eða ekki og, ef nauðsyn krefur, leggja til viðeigandi ráðstafanir.

Framkvæmdargerðirnar, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 45. gr.

Þegar brýna nauðsyn ber til í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum varðandi heilsu- og öryggisvernd einstaklinga, skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir, sem öðlist strax gildi, í samræmi við málsmeðferðina sem vísað er til í 4. mgr. 45. gr.

5. Framkvæmdastjórnin skal beina ákvörðun sinni til allra aðildarríkja og skal þegar í stað veita þeim og viðkomandi rekstraraðila eða rekstraraðilum upplýsingar þar um.

43. gr.

Kröfur formlega ekki uppfylltar

1. Með fyrirvara um 40. gr. skal aðildarríki, komist það að einni af eftirfarandi niðurstöðum, krefjast þess að viðkomandi rekstraraðili bæti úr eftirfarandi ósamræmi við kröfur:

a) að CE-merki hafi verið fest á þannig að það brjóti gegn ákvæði 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008 eða 20. gr. þessarar tilskipunar,

b) að CE-merki hafi ekki verið fest á,

c) að kenninúmer tilkynntu stofunnar hafi verið fest á þannig að það brjóti gegn ákvæði 20. gr. eða hafi ekki verið fest á, sé samræmismatsaðferðinni sem sett er fram í IV. viðauka beitt,

d) að ESB-samræmisyfirlýsing hafi ekki verið útbúin,

e) að ESB-samræmisyfirlýsing hafi ekki verið útbúin með réttum hætti,

f) að tæknigögn séu annaðhvort ekki tiltæk eða ekki tæmandi,

g) að upplýsingarnar, sem um getur í 6. eða 7. mgr. 10. gr. eða 3. mgr. 12. gr., vanti, séu rangar eða ófullnægjandi,

h) að upplýsingar um fyrirhugaða notkun þráðlauss fjarskiptabúnaðar, ESB-samræmisyfirlýsingin eða notkunartakmarkanir eins og þær eru settar fram í 8., 9. og 10. mgr. 10. gr. fylgja ekki þráðlausa fjarskiptabúnaðinum,

i) að kröfur um auðkenningu rekstraraðila sem settar eru fram í 15. gr. eru ekki uppfylltar,

j) að ekki sé farið að ákvæðum 5. gr.

2. Sé enn um að ræða tilvik, sem um getur í 1. lið, þar sem ekki er farið að ákvæðum skal hlutaðeigandi aðildarríki gera allar viðeigandi ráðstafanir til að takmarka eða banna að samsvarandi þráðlaus fjarskiptabúnaður sé boðinn fram á markaði eða tryggja að hann sé afturkallaður eða tekinn af markaði.

VI. KAFLI

FRAMSELDAR GERÐIR, FRAMKVÆMDARGERÐIR OG NEFNDIN

44. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sbr. þó skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 3. gr. (annarri undirgrein 3. mgr.), 4. gr. (2. mgr.) og 5. gr. (2. mgr.), í fimm ár frá og með 11. júní 2014. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu, að því er varðar framsal valds, eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valdsins sem um getur í 3. gr. (annarri undirgrein 3. mgr.), 4. gr. (2. mgr.) og 5. gr. (2. mgr.). Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 3. gr. (annarri undirgrein 3. mgr.), 4. gr. (2. mgr.) og 5. gr. (2. mgr.), skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

45. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar um samræmismat í fjarskiptum og markaðseftirlit. Nefnd þessi skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

4. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011, í tengslum við 5. gr. þeirrar reglugerðar.

5. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við nefndina um málefni sem krefjast samráðs við sérfræðinga samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1025/2012 eða samkvæmt annarri löggjöf Sambandsins.

Nefndin getur enn fremur rannsakað öll önnur mál sem varða beitingu þessarar tilskipunar, sem annaðhvort formaður hennar vekur athygli á eða fulltrúi aðildarríkis, í samræmi við starfsreglur nefndarinnar.

VII. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI OG UMBREYTINGARÁKVÆÐI

46. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum rekstraraðila gegn ákvæðum landslaga sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé framfylgt. Slíkar reglur geta falið í sér refsiviðurlög vegna alvarlegra brota.

Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

47. gr.

Endurskoðun og skýrslugjöf

1. Aðildarríkin skulu leggja reglulega fyrir framkvæmdastjórnina skýrslur um beitingu þessarar tilskipunar eigi síðar en 12. júní 2017 og a.m.k. á tveggja ára fresti eftir það. Í skýrslunum skal vera kynning á þeirri markaðseftirlitsstarfsemi sem aðildarríkin standa fyrir og í þeim skulu veittar upplýsingar um hvort og að hvaða marki náðst hefur að fara að kröfum þessarar tilskipunar, einkum þ.m.t. kröfur um auðkenningu rekstraraðila.

2. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða framkvæmd þessarar tilskipunar og gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu þar um, eigi síðar en 12. júní 2018 og á fimm ára fresti eftir það. Í skýrslunni skal fjalla um framvindu við að semja viðeigandi staðla sem og öll vandamál sem hafa komið upp á framkvæmdartímanum. Í skýrslunni skal einnig skýra frá starfsemi nefndarinnar um samræmismat í fjarskiptum og markaðseftirlit og meta hvernig því miðar að koma á opnum samkeppnismarkaði fyrir þráðlausan fjarskiptabúnað á vettvangi Sambandsins og kanna hvernig hægt er að þróa reglusetningarramma um að bjóða fram á markaði og notkun þráðlauss fjarskiptabúnaðar til að ná fram eftirfarandi atriðum:

a) tryggja að komið verði á sams konar kerfi á vettvangi Sambandinu fyrir allan þráðlausan fjarskiptabúnað,

b) gera það mögulegt að fjarskiptatækni, hljóð- og myndtækni og upplýsingatækni verði alls staðar sú sama,

c) heimila að stjórnvaldsráðstafanir séu samræmdar á alþjóðavísu,

d) öflugri neytendavernd,

e) tryggja að færanlegur, þráðlaus fjarskiptabúnaður sé samvirkur við aukabúnað, einkum samræmd hleðslutæki,

f) sé þráðlaus fjarskiptabúnaður útbúinn með innbyggðum skjá, að leyfa að tilskildar upplýsingar séu birtar á innbyggða skjánum.

48. gr.

Umbreytingarákvæði

Aðildarríki skulu ekki koma í veg fyrir, hvað varðar þá þætti sem falla undir þessa tilskipun, að þráðlaus fjarskiptabúnaður sem fellur undir þessa tilskipun, sem er í samræmi við viðkomandi samhæfingarlöggjöf Sambandsins sem er í gildi fyrir 13. júní 2016, og sem var settur á markað fyrir 13. júní 2017, sé boðinn fram á markaði eða tekinn í notkun.

49. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 12. júní 2016. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ráðstafana.

Þau skulu beita þessum ráðstöfunum frá 13. júní 2016.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Í þeim skal einnig vera yfirlýsing um að líta beri á tilvísanir í gildandi lögum og stjórnsýslufyrirmælum í tilskipunina, sem er felld niður með þessari tilskipun, sem tilvísanir í þessa tilskipun. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun og hvernig yfirlýsingin skal sett fram.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

50. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 1999/5/EB er felld úr gildi frá og með 13. júní 2016.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í VIII. viðauka.

51. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

52. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 16. apríl 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
M. SCHULZ	D. KOURKOULAS
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

BÚNAÐUR SEM FELLUR EKKI UNDIR ÞESSA TILSKIPUN

1. Þráðlaus búnaður sem radíóáhugamenn nota í skilningi 56. skilgreiningar í 1. gr. reglna Alþjóðafjarskiptasambandsins um þráðlaus fjarskipti, nema búnaðurinn sé boðinn fram á markaði.

   Ekki er litið svo á að eftirtalið sé boðið fram á markaði:

   a) þráðlaus fjarskiptabúnaðar í settum sem radíóáhugamenn setja saman og nota,

   b) þráðlaus fjarskiptabúnaður sem radíóáhugamenn breyta og nota,

   c) búnaður sem einstakir radíóáhugamenn búa til í tilrauna- og vísindaskyni sem tengist fjarskiptum radíóáhugamanna.

2. Búnaður um borð í skipum sem fellur undir gildissvið tilskipunar ráðsins 96/98/EB([16]).

3. Framleiðsluvörur, hlutar og búnaður til flugs sem falla innan gildissviðs 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008([17]).

4. Sérsmíðuð matssett fyrir sérfræðinga, eingöngu til notkunar í starfsstöð fyrir rannsóknir og þróun í slíkum tilgangi.

———

([16]) Tilskipun ráðsins 96/98/EB frá 20. desember 1996 um búnað um borð í skipum (Stjtíð. EB L 46, 17.2.1997, bls. 25).

([17]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB (Stjtíð. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1).

II. VIÐAUKI

SAMRÆMISMAT AÐFERÐAREINING A

INNRA FRAMLEIÐSLULEFTIRLIT

1. Innra framleiðslueftirlit er samræmismatsaðferðin þar sem framleiðandi uppfyllir skyldurnar sem mælt er fyrir um í 2., 3. og 4. lið í þessum viðauka og tryggir og lýsir því yfir á eigin ábyrgð að þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn, sem um er að ræða, uppfylli grunnkröfurnar sem settar eru fram í 3. gr.

2. **Tæknigögn**

Framleiðandi skal útbúa tæknigögn í samræmi við 21. gr.

3. **Framleiðsla**

Framleiðandi skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framleiðsluferlið og vöktun þess tryggi að framleiddur þráðlaus fjarskiptabúnaður sé í samræmi við tæknigögnin sem um getur í 2. lið þessa viðauka og við þær viðkomandi grunnkröfur sem settar eru fram í 3. gr.

4. **CE-merki og ESB-samræmisyfirlýsing**

4.1. Í samræmi við 19. og 20. gr. skal framleiðandi festa CE-merkið á hvert eintak af þráðlausum fjarskiptabúnaði sem uppfyllir gildandi kröfur í þessari tilskipun.

4.2. Framleiðandi skal gera skriflega ESB-samræmisyfirlýsingu fyrir hverja gerð þráðlauss fjarskiptabúnaðar og varðveita hana ásamt tæknigögnunum þannig að þau séu tiltæk fyrir landsyfirvöld í 10 ár eftir að þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn er settur á markað. Í ESB-samræmisyfirlýsingunni skal tilgreina fyrir hvaða þráðlausa fjarskiptabúnað hún var samin.

Afrit af ESB-samræmisyfirlýsingunni skal vera aðgengilegt viðkomandi yfirvöldum samkvæmt beiðni.

5. **Viðurkenndur fulltrúi**

Viðurkenndur fulltrúi framleiðanda má uppfylla skyldur hans sem settar eru fram í 4. lið, fyrir hans hönd og á hans ábyrgð, að því tilskildu að þær séu tilgreindar í umboðinu.

III. VIÐAUKI

SAMRÆMISMAT AÐFERÐAREININGAR B OG C

ESB-GERÐARPRÓFUN OG GERÐARSAMRÆMI BYGGÐ Á INNRA FRAMLEIÐSLUEFTIRLITI

Þegar vísað er til þessa viðauka skal samræmismatsaðferðin fylgja aðferðareiningu B (ESB-gerðarprófun) og C (gerðarsamræmi byggt á innra framleiðslueftirliti) í þessum viðauka.

Aðferðareining B

ESB-gerðarprófun

1. ESB-gerðarprófun er hluti samræmismatsaðferðar þar sem tilkynnt stofa rannsakar tæknilega hönnun þráðlauss fjarskiptabúnaðar og sannprófar og staðfestir að tæknileg hönnun hans uppfylli grunnkröfurnar sem settar eru fram í 3. gr.

2. ESB-gerðarprófun skal gerð með mati á því hvort tæknihönnun þráðlauss fjarskiptabúnaðar sé fullnægjandi með athugun á tækni- og sönnunargögnunum sem um getur í 3. lið, án þess að athuga sýnishorn (hönnunargerð).

3. Framleiðandinn skal leggja fram umsókn um ESB-gerðarprófun hjá einni tilkynntri stofu að eigin vali.

   Með umsókninni verða að fylgja:

   a) nafn og heimilisfang framleiðandans og, ef viðurkenndur fulltrúi leggur fram umsóknina, einnig nafn hans og heimilisfang,

   b) skrifleg yfirlýsing þess efnis að sama umsókn hafi ekki verið lögð inn hjá annarri tilkynntri stofu,

   c) tæknigögnin. Tæknigögnin skulu vera með þeim hætti að unnt sé að meta hvort þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn samræmist viðeigandi kröfum þessarar tilskipunar og þau skulu innihalda fullnægjandi greiningu og mat á áhættu. Í tækniskjölunum skal tilgreina viðeigandi kröfur og þau skulu, að svo miklu leyti sem skiptir máli fyrir matið, fjalla um hönnun, framleiðslu og notkun þráðlausa fjarskiptabúnaðarins. Tæknigögnin skulu, þegar við á, innihalda þættina sem settir eru fram í V. viðauka,

   d) sönnunargögn sem sýna að tæknihönnun sé fullnægjandi. Í þessum sönnunargögnum skulu tilgreind öll gögn sem notuð hafa verið, einkum þar sem viðeigandi samhæfðum stöðlum hefur ekki verið beitt eða ekki verið beitt að fullu. Ef nauðsyn krefur skulu í sönnunargögnunum einnig koma fram niðurstöður prófana sem framkvæmdar hafa verið í samræmi við viðeigandi tækniforskriftir, á viðeigandi rannsóknarstofu framleiðandans eða á annarri prófunarstofu fyrir hans hönd og á hans ábyrgð.

4. Tilkynnta stofan skal athuga tæknigögnin og sönnunargögnin til að meta hvort tæknihönnun þráðlauss fjarskiptabúnaðar sé fullnægjandi.

5. Tilkynnta stofan skal gera matsskýrslu þar sem skráð er sú starfsemi sem framkvæmd er í samræmi við 4. lið og niðurstaða hennar. Tilkynnta stofan skal, með fyrirvara um skyldur sínar sem kveðið er á um í 8. lið, einungis birta efni þeirrar skýrslu, að hluta til eða í heild, með samþykki framleiðandans.

6. Ef gerðareintakið uppfyllir þær kröfur þessarar tilskipunar sem eiga við um viðkomandi þráðlausan fjarskiptabúnað skal tilkynnta stofan gefa út ESB-gerðarprófunarvottorð handa framleiðandanum. Vottorðið skal innihalda nafn og heimilisfang framleiðandans, niðurstöður prófunarinnar, þá þætti í grunnkröfunum sem falla undir prófunina, skilyrði fyrir því að vottorðið sé gilt (ef einhver eru) og nauðsynlegar upplýsingar til að auðkenna gerðareintakið sem metið er. ESB-gerðarprófunarvottorðinu getur fylgt einn viðauki eða fleiri.

   ESB-gerðarprófunarvottorðið og viðaukar þess skulu innihalda allar upplýsingar sem skipta máli til að gera það kleift að meta samræmi framleidds þráðlauss fjarskiptabúnaðar við gerðina sem er til skoðunar og framkvæma eftirlit meðan á notkun stendur.

   Þegar gerðareintakið uppfyllir ekki viðeigandi kröfur þessarar tilskipunar skal tilkynnta stofan synja um útgáfu ESB-gerðarprófunarvottorðsins og tilkynna umsækjanda um það og gefa ítarlegan rökstuðning fyrir synjuninni.

7. Tilkynnta stofan skal fylgjast með öllum breytingum sem kunna að verða á almennt viðurkenndri tækni sem benda til þess að samþykkta gerðareintakið uppfylli ekki lengur viðeigandi kröfur þessarar tilskipunar og hún skal ákvarða hvort slíkar breytingar þurfi að rannsaka frekar. Ef sú er raunin skal tilkynnta stofan upplýsa framleiðandann um það.

Framleiðandinn skal upplýsa tilkynntu stofuna, sem geymir tæknigögnin er varða ESB-gerðarprófunarvottorðið, um allar breytingar á samþykktu gerðareintaki sem geta haft áhrif á hvort þráðlaus fjarskiptabúnaður uppfylli grunnkröfur í þessari tilskipun eða skilyrði fyrir gildi vottorðsins. Fyrir slíkar breytingar skal krefjast viðbótarsamþykkis í formi viðbótar við upphaflega ESB-gerðarprófunarvottorðið.

8. Hver tilkynnt stofa skal upplýsa tilkynningaryfirvald sitt um þau ESB-gerðarprófunarvottorð og/eða viðbætur við þau sem hún hefur gefið út eða afturkallað og skal einnig, reglulega eða samkvæmt beiðni, veita tilkynningaryfirvaldi sínu aðgang að skránni yfir vottorð og/eða viðbætur við þau sem hefur verið synjað um, hafa verið felld tímabundið úr gildi eða takmörkuð á annan hátt.

   Hver tilkynnt stofa skal upplýsa aðrar tilkynntar stofur um þau ESB-gerðarprófunarvottorð og/eða viðbætur við þau, sem hún hefur synjað um samþykki, afturkallað, fellt tímabundið úr gildi eða takmarkað á annan hátt, og, samkvæmt beiðni, um þau vottorð og/eða viðbætur við þau sem hún hefur gefið út.

   Hver tilkynnt stofa skal upplýsa aðildarríkin um þau ESB-gerðarprófunarvottorð sem hún hefur gefið út og/eða viðbætur við þau í þeim tilvikum þegar samhæfðum stöðlum, en tilvísanir í þá hafa verið birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, hefur ekki verið beitt eða ekki verið beitt að fullu. Aðildarríkin, framkvæmdastjórnin og aðrar tilkynntar stofur geta fengið afrit af ESB-gerðarprófunarvottorðunum og/eða viðbótum við þau samkvæmt beiðni. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin geta fengið afrit af tæknigögnunum og niðurstöðum athugana sem tilkynnta stofan framkvæmir samkvæmt beiðni. Tilkynnta stofan skal varðveita afrit af ESB-gerðarprófunarvottorðinu, viðaukum og viðbótum við það ásamt tæknimöppunni, þ.m.t. gögnin sem framleiðandinn leggur fram, í tíu ár eftir að þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn hefur verið metinn eða þar til gildistími vottorðsins rennur út.

9. Framleiðandinn skal varðveita afrit af ESB-gerðarprófunarvottorðinu, viðaukum og viðbótum við það ásamt tæknigögnunum þannig að þau séu tiltæk fyrir landsyfirvöld í 10 ár eftir að þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn er settur á markað.

10. Viðurkenndur fulltrúi framleiðandans getur lagt fram umsókn eins og um getur í 3. lið og uppfyllt skyldurnar sem settar eru fram í 7. og 9. lið, að því tilskildu að þær séu tilgreindar í umboðinu.

Aðferðareining C

Gerðarsamræmi byggt á innra framleiðsluefirliti

1. Gerðarsamræmi byggt á innra framleiðsluefirliti er hluti samræmismatsaðferðar þar sem framleiðandinn uppfyllir skyldurnar sem mælt er fyrir um í 2. og 3. lið og tryggir og lýsir því yfir að þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn, sem um er að ræða, sé í samræmi við gerðareintakið sem lýst er í ESB-gerðarprófunarvottorðinu og uppfylli kröfurnar í þessari tilskipun sem gilda um hann.

2. **Framleiðsla**

   Framleiðandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framleiðsluferlið og vöktun þess tryggi að framleiddur þráðlaus fjarskiptabúnaður sé í samræmi við samþykkta gerðareintakið sem lýst er í ESB-gerðarprófunarvottorðinu og uppfylli kröfur þessarar tilskipunar sem gilda um hann.

3. **CE-merki og ESB-samræmisyfirlýsing**

3.1. Í samræmi við 19. og 20. gr. skal framleiðandi festa CE-merkið á hvert eintak af þráðlausum fjarskiptabúnaði sem er í samræmi við gerðina sem er lýst í ESB-gerðarprófunarvottorðinu og uppfyllir viðeigandi kröfur í þessari tilskipun.

3.2. Framleiðandinn skal gera skriflega ESB-samræmisyfirlýsingu fyrir hverja gerð þráðlauss fjarskiptabúnaðar og varðveita hana þannig að hún sé tiltæk fyrir landsyfirvöld í 10 ár eftir að þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn er settur á markað. Í ESB-samræmisyfirlýsingunni skal tilgreina fyrir hvaða gerð þráðlauss fjarskiptabúnaðar hún var samin.

   Afrit af ESB-samræmisyfirlýsingunni skal vera aðgengilegt viðkomandi yfirvöldum samkvæmt beiðni.

4. **Viðurkenndur fulltrúi**

   Viðurkenndur fulltrúi framleiðanda má uppfylla skyldur hans sem settar eru fram í 3. lið, fyrir hans hönd og á hans ábyrgð, að því tilskildu að þær séu tilgreindar í umboðinu.

IV. VIÐAUKI

SAMRÆMISMAT AÐFERÐAREINING H

BYGGT Á FULLRI GÆÐATRYGGINGU

1. Samræmi byggt á fullri gæðatryggingu er samræmismatsaðferðin þar sem framleiðandinn uppfyllir skyldurnar sem mælt er fyrir um í 2. og 5. lið og tryggir og lýsir því yfir á eigin ábyrgð að þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn, sem um er að ræða, uppfylli kröfurnar í þessari tilskipun sem gilda um hann.

2. **Framleiðsla**

Framleiðandinn skal starfrækja samþykkt gæðakerfi fyrir hönnun, framleiðslu, lokaeftirlit með þráðlausa fjarskiptabúnaðinum sem um er að ræða og prófun á honum, eins og tilgreint er í 3. lið og skal sæta eftirliti eins og tilgreint er í 4. lið.

3. **Gæðakerfi**

3.1. Framleiðandi skal leggja fram umsókn um mat á gæðakerfi sínu fyrir viðkomandi þráðlausan fjarskiptabúnað hjá tilkynntri stofu að eigin vali.

Með umsókninni verða að fylgja:

a) nafn og heimilisfang framleiðandans og, ef viðurkenndur fulltrúi leggur fram umsóknina, einnig nafn hans og heimilisfang,

b) tæknigögnin fyrir sérhverja gerð af þráðlausum fjarskiptabúnaði sem ætlað er að framleiða. Tæknigögnin skulu, þegar við á, innihalda þættina sem settir eru fram í V. viðauka,

c) gögn um gæðakerfið og

d) skrifleg yfirlýsing þess efnis að sama umsókn hafi ekki verið lögð fram hjá annarri tilkynntri stofu.

3.2. Gæðakerfið skal tryggja að þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn uppfylli kröfur þessarar tilskipunar sem gilda um hann.

Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem framleiðandinn hefur samþykkt skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skriflegar reglur, verklagsreglur og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðakerfið skulu vera með þeim hætti að áætlanir, skipulag, handbækur og skýrslur, er varða gæði, séu alltaf túlkuð á sama hátt.

Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:

a) gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til hönnunar og gæða vörunnar,

b) tæknilegum hönnunarforskriftum, þ.m.t. staðlar sem verður beitt og, þegar viðkomandi samhæfðum stöðlum er ekki beitt að fullu, þeim leiðum sem verða farnar til að tryggja að þær grunnkröfur í þessari tilskipun sem gilda um þráðlausa fjarskiptabúnaðinn, verði uppfylltar,

c) þeirri tækni til stýringar og sannprófunar á hönnun og þeim aðferðum og kerfisbundnu aðgerðum sem beitt verður við hönnun þráðlausa fjarskiptabúnaðarins í þeirri gerð búnaðar sem um er að ræða,

d) samsvarandi aðferðum við framleiðslu, gæðastýringu og gæðatryggingu og þeim ferlum og kerfisbundnu aðgerðum sem nota skal,

e) þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða fyrir, við og eftir framleiðslu, og hversu oft þær verða gerðar,

f) gæðaskráningu, s.s. skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfsfólks o.s.frv.,

g) aðferðum til að fylgjast með því að tilskilin hönnunar- og vörugæði hafi náðst og að gæðakerfið sé skilvirkt.

3.3. Tilkynnta stofan skal meta gæðakerfið til þess að ákvarða hvort það uppfylli kröfurnar sem um getur í lið 3.2.

Stofan skal gera ráð fyrir að samræmis sé gætt við þessar kröfur að því er varðar þætti gæðakerfisins sem uppfylla samsvarandi forskriftir viðeigandi samhæfðra staðla.

Úttektarhópurinn skal búa yfir reynslu af gæðastjórnunarkerfum og þar að auki skal vera í honum a.m.k. einn aðili sem hefur reynslu af mati á þráðlausum fjarskiptabúnaði af viðkomandi sviði og á viðkomandi framleiðslutækni og býr yfir þekkingu á viðeigandi kröfum í þessari tilskipun. Hluti af úttektinni skal vera matsheimsókn á athafnasvæði framleiðanda. Úttektarhópurinn skal endurskoða tækniskjölin sem um getur í b-lið í lið 3.1 til að sannreyna getu framleiðandans til að greina viðeigandi kröfur í þessari tilskipun og framkvæma nauðsynlegar athuganir í því skyni að tryggja að þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn uppfylli þessar kröfur.

Tilkynna skal framleiðandanum eða viðurkenndum fulltrúa hans um ákvörðunina.

Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður úttektarinnar og rökstudd ákvörðun varðandi matið.

3.4. Framleiðandi skal skuldbinda sig til að uppfylla þær skyldur sem gæðakerfið, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, leggur honum á herðar og að viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.

3.5. Framleiðandi skal upplýsa tilkynntu stofuna, sem samþykkti gæðakerfið, um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

Tilkynnta stofan skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytta gæðakerfið muni áfram uppfylla kröfurnar sem um getur í lið 3.2 eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

Stofan skal tilkynna framleiðandanum ákvörðun sína. Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun um matið.

4. **Eftirlit á ábyrgð tilkynntu stofunnar**

4.1. Tilgangur eftirlitsins er að tryggja að framleiðandinn ræki þær skyldur sem samþykkta gæðakerfið leggur honum á herðar.

4.2. Framleiðandinn skal veita tilkynntu stofunni aðgang til að meta hönnunar-, framleiðslu-, skoðunar-, prófunar- og geymslustaði og láta henni í té allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

a) skjöl um gæðakerfið,

b) gæðaskýrslur sem kveðið er á um í hönnunarhluta gæðakerfisins, s.s. niðurstöður greininga, útreikninga, prófana o.s.frv.,

c) gæðaskýrslur sem kveðið er á um í framleiðsluhluta gæðakerfisins, s.s. skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfsfólks, o.s.frv.

4.3. Tilkynnta stofan skal með jöfnu millibili gera úttekt á því hvort framleiðandi viðhaldi gæðakerfinu og noti það og gefa framleiðanda úttektarskýrslu.

4.4. Að auki getur tilkynnta stofan komið óvænt í heimsókn til framleiðandans. Í slíkum heimsóknum er tilkynntu stofunni heimilt, ef með þarf, að framkvæma eða láta framkvæma prófanir á þráðlausum fjarskiptabúnaði til að ganga úr skugga um að gæðakerfið starfi rétt. Tilkynnta stofan skal gefa framleiðandanum skýrslu um heimsóknina og prófunarskýrslu, hafi prófanir farið fram.

5. **CE-merki og ESB-samræmisyfirlýsing**

5.1. Í samræmi við 19. og 20. gr. skal framleiðandi festa CE-merkið og, á ábyrgð tilkynntu stofunnar sem um getur í lið 3.1, kenninúmer hins síðarnefnda á hvert eintak af þráðlausum fjarskiptabúnaði sem fullnægir viðeigandi kröfum sem settar eru fram í 3. gr.

5.2. Framleiðandinn skal gera skriflega ESB-samræmisyfirlýsingu fyrir hverja gerð þráðlauss fjarskiptabúnaðar og varðveita hana þannig að hún sé tiltæk fyrir landsyfirvöld í 10 ár eftir að þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn er settur á markað. Í ESB-samræmisyfirlýsingunni skal tilgreina fyrir hvaða gerð þráðlauss fjarskiptabúnaðar hún var samin.

Afrit af ESB-samræmisyfirlýsingunni skal vera aðgengilegt viðkomandi yfirvöldum samkvæmt beiðni.

6. Framleiðandinn skal hafa eftirfarandi tiltækt fyrir landsyfirvöld í tíu ár eftir að þráðlausi fjarskiptabúnaðinn er settur á markað:

a) tæknigögnin sem um getur í lið 3.1,

b) gögnin um gæðakerfið sem um getur í lið 3.1,

c) breytingarnar sem um getur í lið 3.5 í þeirri mynd sem þær hafa verið samþykktar,

d) þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynntu stofunni sem um getur í liðum 3.5, 4.3 og 4.4.

7. Hver tilkynnt stofa skal upplýsa tilkynningaryfirvald sitt um samþykki fyrir gæðakerfum sem hafa verið gefin út eða afturkölluð og skal, reglulega eða samkvæmt beiðni, veita tilkynningaryfirvaldi sínu aðgang að skránni yfir gæðakerfi sem synjað hefur verið um samþykki, samþykki hefur verið fellt tímabundið úr gildi fyrir eða takmarkað á annan hátt.

Hver tilkynnt stofa skal upplýsa aðrar tilkynntar stofur um samþykki fyrir gæðakerfum, sem hún hefur synjað, fellt tímabundið úr gildi eða afturkallað og, samkvæmt beiðni, um samþykki fyrir gæðakerfum sem hún hefur gefið út.

8. **Viðurkenndur fulltrúi**

Viðurkenndur fulltrúi framleiðanda má uppfylla skyldur hans, sem settar eru fram í liðum 3.1 og 3.5 og 5. og 6. lið, fyrir hans hönd og á hans ábyrgð, að því tilskildu að þær séu tilgreindar í umboðinu.

V. VIÐAUKI

INNIHALD TÆKNIGAGNA

Tæknigögnin skulu, þegar við á, innihalda a.m.k. eftirfarandi þætti:

a) almenna lýsingu á þráðlausum fjarskiptabúnaði,

   i. ljósmyndir eða teikningar sem sýna ytri einkenni, merkingar og innra fyrirkomulag,

   ii. hugbúnaðar- eða fastbúnaðarútfærslur sem hafa áhrif á hvort farið er að tilskildum ákvæðum grunnkrafnanna,

   iii. upplýsingar til notenda og leiðbeiningar um uppsetningu,

b) frumdrög að hönnun og framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, undireiningum, straumrásum og öðrum viðeigandi svipuðum þáttum,

c) lýsingar og útskýringar sem nauðsynlegar eru til skilnings á þessum teikningum og skýringarmyndum svo og virkni þráðlausa fjarskiptabúnaðarins,

d) skrá yfir samhæfðu staðlana sem beitt er að öllu eða einhverju leyti og hafa verið birtir í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og hafi þessum samhæfðu stöðlum ekki verið beitt, þá lýsing á þeim lausnum sem eru valdar í því skyni að uppfylla grunnkröfurnar sem settar eru fram í 3. gr., þ.m.t. skrá yfir viðeigandi tækniforskriftir sem var beitt. Þegar samhæfðum stöðlum hefur verið beitt að hluta til skal í tæknigögnunum tilgreina þá hluta þeirra sem beitt hefur verið,

e) eintak af ESB-samræmisyfirlýsingunni,

f) eintak af ESB-gerðarprófunarvottorðinu og viðaukum þess eins og hlutaðeigandi tilkynnta stofan hefur lagt það fram, hafi aðferðareiningu samræmismats í III. viðauka verið beitt,

g) niðurstöður hönnunarútreikninga, athugana sem hafa verið gerðar, og aðrir viðeigandi svipaðir þættir,

h) prófunarskýrslur,

i) skýringu á hvort farið sé að tilskildum kröfum 2. mgr. 10. gr. og hvort upplýsingar sé að finna á umbúðunum eða ekki í samræmi við 10. mgr. 10. gr.

VI. VIÐAUKI

ESB-SAMRÆMISYFIRLÝSING (NR. XXX)([18])

1. Þráðlaus fjarskiptabúnaður (framleiðslu-, gerðar-, lotu- eða raðnúmer):

2. Nafn og heimilisfang framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans:

3. Útgáfa þessarar samræmisyfirlýsingar er einungis á ábyrgð framleiðandans.

4. Hluturinn sem yfirlýsingin á við (auðkenning þráðlausa fjarskiptabúnaðarins sem gerir rekjanleika mögulegan, ef nauðsyn krefur getur hún innihaldið litmynd sem er nægilega skýr til að sanngreina þráðlausa fjarskiptabúnaðinn):

5. Hluturinn sem yfirlýsingin á við um og sem lýst er hér á undan er í samræmi við viðkomandi samhæfingarlöggjöf Sambandsins:

   Tilskipun 2014/53/ESB

   Önnur samhæfingarlöggjöf Sambandsins eftir atvikum

6. Tilvísanir í viðkomandi samhæfða staðla sem eru notaðir eða tilvísanir í aðrar tækniforskriftir sem samræmisyfirlýsing miðast við. Tilvísanir verður að skrá með sínu kenninúmeri og útgáfu og, eftir atvikum, útgáfudegi:

7. Eftir atvikum: tilkynnt stofa ... (nafn, númer) ... framkvæmdi ... (lýsing á afskiptum) ... og gaf út ESB-gerðarprófunarvottorðið: …

8. Eftir atvikum, lýsing á aukabúnaði og íhlutum, þ.m.t. hugbúnaður, sem gerir þráðlausa fjarskiptabúnaðinum kleift að virka eins og til er ætlast og sem fellur undir ESB-samræmisyfirlýsinguna:

9. Viðbótarupplýsingar:

   Undirritað fyrir og fyrir hönd: …

   (útgáfustaður og dagsetning):

   (nafn, stöðuheiti)(undirritun):

([18]) Það er valfrjálst hvort framleiðandinn úthlutar ESB-samræmisyfirlýsingunni númeri.

VII. VIÐAUKI

EINFÖLDUÐ ESB-SAMRÆMISYFIRLÝSING

Einfaldaða ESB-samræmisyfirlýsingin sem um getur í 9. mgr. 10. gr. skal vera sem hér segir:

[Heiti framleiðanda] lýsir því hér með yfir að þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn [gerðarheiti þráðlauss fjarskiptabúnaðar] er í samræmi við tilskipun 2014/53/ESB.

Hægt er að nálgast óstyttan texta ESB-samræmisyfirlýsingarinnar á eftirfarandi veffangi:

_____

VIII. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 1999/5/EB	Þessi tilskipun
1. gr.	1. gr.
2. gr.	2. gr.
1. og 2. mgr. 3. gr.	1. og 2. mgr. 3. gr.
3. mgr. 3. gr. og 15. gr. a	3. mgr. 3. gr., að undanskildum i-lið 3. mgr. 3. gr., og 44. gr.
1. mgr. 4. gr. og 13. til 15. gr.	8. og 45. gr.
2. mgr. 4. gr.	—
1. mgr. 5. gr.	16. gr.
2. og 3. mgr. 5. gr.	—
1. mgr. 6. gr.	6. gr.
2. mgr. 6. gr.	—
3. mgr. 6. gr.	8., 9. og 10. mgr. 10. gr.
4. mgr. 6. gr.	—
1. og 2. mgr. 7. gr.	7. gr.
3., 4. og 5. mgr. 7. gr.	—
1. og 2. mgr. 8. gr.	9. gr.
3. mgr. 8. gr.	—
9. gr.	39. til 43. gr.
10. gr.	17. gr.
11. gr.	22. til 38. gr.
12. gr.	19. og 20. gr. og 6. og 7. mgr. 10. gr.
16. gr.	—
17. gr.	47. gr.
18. gr.	48. gr.
19. gr.	49. gr.
20. gr.	50. gr.
21. gr.	51. gr.
22. gr.	52. gr.
I. viðauki	I. viðauki
II. viðauki	II. viðauki
III. viðauki	—
IV. viðauki	III. viðauki
V. viðauki	IV. viðauki
VI. viðauki	26. gr.
1. til 4. liður VII. viðauka	19. og 20. gr.
5. liður VII. viðauka	10. mgr. 10. gr.

YFIRLÝSING EVRÓPUÞINGSINS

Evrópuþingið telur að aðeins þegar og að því marki sem framkvæmdargerðir í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 eru ræddar á fundum nefnda, má líta svo á að þessar nefndir séu „framkvæmdanefndir“ í skilningi I. viðauka við rammasamninginn um samskipti á milli Evrópuþingsins og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Fundir nefnda falla því innan gildissviðs 15. liðar rammasamningsins þegar og að því marki sem önnur mál eru rædd.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2352 **2016/EES/27/58**

frá 16. desember 2015

um vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 531/2012 frá 13. júní 2012 um reiki á almennum farsímanetum innan Sambandsins ([1]), einkum 2. mgr. 6. gr. e,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 531/2012 ættu veitendur landsbundinnar þjónustu ekki að leggja aukagjald, til viðbótar við landsbundna smásöluverðið á viðskiptavini reikiþjónustu í aðildarríki, fyrir reikisímtal sem reglur eru settar um og tekið er á móti innan þeirra marka sem heimiluð eru samkvæmt viðmiðunarreglum um eðlilega notkun. Þetta ákvæði gildir frá 15. júní 2017 að því tilskildu að lagagerðin, sem samþykkja á í framhaldi af tillögunni um heildsölumarkaðinn með reiki sem um getur í 2. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar, hafi komið til framkvæmda þann dag.

2) Í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 531/2012 geta veitendur landsbundinnar þjónustu lagt á aukagjald, til viðbótar við landsbundna smásöluverðið fyrir notkun á reikiþjónustu í smásölu sem reglur eru settar um, á aðlögunartímabili frá 30. apríl 2016 fram að þeim degi sem fyrirhugaða lagagerðin í 2. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar kemur til framkvæmda.

3) Reglugerð (ESB) nr. 531/2012 heimilar veitendum landsbundinnar þjónustu að leggja á aukagjald eftir aðlögunartímabilið, til viðbótar við landsbundna smásöluverðið, fyrir notkun á reikiþjónustu í smásölu sem reglur eru settar um, umfram þau mörk sem sett eru samkvæmt viðmiðunarreglum um eðlilega notkun.

4) Reglugerð (ESB) nr. 531/2012 takmarkar aukagjald sem lagt er á fyrir að taka á móti reikisímtölum sem reglur eru settar um við vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu.

5) Evrópskur hópur eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta hefur látið framkvæmdastjórninni í té upplýsingar sem safnað hefur verið frá landsbundnum stjórnvöldum aðildarríkjanna varðandi: i. hámarksverð fyrir lúkningu símtala í farsíma sem þau lögðu á í samræmi við 7. og 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB ([2]) (rammatilskipun) og 13. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/19/EB ([3]) (tilskipun um aðgang) á hverjum landsbundnum markaði fyrir heildsölu á lúkningu símtala í talsímaþjónustu í einstökum farsímakerfum og ii. heildarfjölda áskrifenda í aðildarríkjum.

6) Framkvæmdastjórnin hefur, samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 531/2012, reiknað út vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu með því að: i. margfalda hæsta verð fyrir lúkningu símtala í farsíma sem leyfilegt er í tilteknu aðildarríki með heildarfjölda áskrifenda í því aðildarríki, ii. leggja þetta margfeldi saman fyrir öll aðildarríki og iii. deila heildarútkomunni með heildarfjölda áskrifenda í öllum aðildarríkjum.

7) Gildin í gögnunum sem notuð eru til að reikna út vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu miðast við 1. júlí 2015. Að því er varðar lönd utan evrusvæðisins er viðeigandi gengi meðaltal annars ársfjórðungs 2015 fengið úr gagnagrunni Seðlabanka Evrópu.

8) Samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 531/2012 skal framkvæmdastjórnin endurskoða vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu árlega.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 331, 17.12.2015, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 172, 30.6.2012, bls. 10.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun) (Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/19/EB frá 7. mars 2002 um aðgang að rafrænum fjarskiptanetum og samtengingu þeirra og tilheyrandi aðstöðu (tilskipun um aðgang) (Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 7).

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fjarskiptanefndarinnar,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Vegið meðtal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu er ákvarðað 0,0114 evrur á mínútu.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
Hún kemur til framkvæmda frá og með 30. apríl 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. desember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 23/2014/ESB 2016/EES/27/59

frá 26. febrúar 2014

um gerð sérleyfissamninga (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 53. gr. (1. mgr.), 62. gr. og 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Skortur á skýrum reglum á vettvangi Sambandsins um gerð sérleyfissamninga veldur réttaróvissu og hindrar frjálsa þjónustustarfsemi og veldur röskun á starfsemi innri markaðarins. Af því leiðir að rekstraraðilar, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki, eru sviptir réttindum sínum innan innri markaðarins og verða af mikilvægum viðskiptatækifærum, á meðan opinber yfirvöld finna ekki bestu not fyrir almannafé í þágu þess að borgarar Sambandsins fái notið gæðaþjónustu á besta mögulega verði. Fullnægjandi og sveigjanlegur lagarammi þar sem jafnvægis er gætt við veitingu sérleyfa myndi tryggja skilvirkan aðgang allra rekstraraðila í Sambandinu að markaðnum án mismununar og tryggja réttaröryggi, sem myndi stuðla að fjárfestingu opinberra aðila í innviðum og skipulagðri þjónustu borgurunum til handa. Slíkur lagarammi myndi einnig veita rekstraraðilum meira réttaröryggi og gæti verið grundvöllur og aðferð til frekari opnunar á alþjóðlegum mörkuðum fyrir opinber innkaup sem yki alþjóðleg viðskipti. Leggja ber sérstaka áherslu á að bæta aðgengi lítilla og meðalstórra fyrirtækja í gervöllu Sambandinu að sérleyfismörkuðum.

2) Reglur lagarammans sem gildir um veitingu sérleyfa ættu að vera skýrar og einfaldar. Þær ættu að endurspegla á viðeigandi hátt sérstaka eiginleika sérleyfa í samanburði við opinbera samninga og ættu ekki að valda of mikilli skriffinnsku.

3) Opinber innkaup gegna lykilhlutverki í áætluninni Evrópa 2020, eins og sett er fram í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 3. mars 2010 sem nefnist „Evrópa 2020: áætlun um snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla“ („áætlunin Evrópa 2020“), sem eitt af markaðslegum stjórntækjum til að ná fram snjallhagvexti, sjálfbærum hagvexti og hagvexti fyrir alla og tryggja jafnframt bestu mögulegu nýtingu opinbers fjármagns. Í þessu samhengi eru sérleyfissamningar mikilvæg tæki í þróun innviða og skipulagðrar þjónustu til langs tíma, sem stuðlar að bættri samkeppni innan innri markaðarins, gerir nýtingu sérfræðiþekkingar í einkageiranum mögulega og styður við skilvirkni og nýsköpun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 191, 29.6.2012, bls. 84.

([2]) Stjtíð. ESB C 391, 18.12.2012, bls. 49.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 15. janúar 2014 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 11. febrúar 2014.

4) Gerð opinberra sérleyfissamninga um verk fellur nú undir grundvallarreglur tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB ([4]) en gerð sérleyfissamninga um þjónustu, þegar um er að ræða hagsmuni yfir landamæri, fellur undir meginreglur sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, einkum meginreglurnar um frjálsa vöruflutninga, staðfesturétt og frelsi til að veita þjónustu, auk meginreglnanna sem af honum leiða, s.s. um jafna meðferð, bann við mismunun, gagnkvæma viðurkenningu, meðalhóf og gagnsæi. Hætta er á réttaróvissu vegna mismunandi túlkunar landsbundinna löggjafa á meginreglum sáttmálans og miklu misræmi í löggjöf hinna ýmsu aðildarríkja. Það hefur verið staðfest í umfangsmikilli dómaframkvæmd Evrópudómstólsins að þessi áhætta er til staðar, en hann hefur þó aðeins að hluta fjallað um tiltekna þætti í gerð sérleyfissamninga.

   Nauðsynlegt er að beita með samræmdum hætti meginreglum sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins í öllum aðildarríkjunum og koma í veg fyrir mismunandi skilning á þeim meginreglum á vettvangi Sambandsins til þess að uppræta þrálátar raskanir sem eru til staðar á innri markaðnum. Það myndi einnig ýta undir skilvirka opinbera fjárnotkun, greiða fyrir jöfnum aðgangi og sanngjarnri hlutdeild lítilla og meðalstórra fyrirtækja þegar kemur að gerð sérleyfissamninga, bæði á staðar- og Sambandsvísu, og stuðla að því að sjálfbær opinber stefnumið náist.

5) Í tilskipuninni er viðurkenndur og áréttaður réttur aðildarríkjanna og opinberra yfirvalda til að ákveða hvernig stjórnsýslu er best háttað til þess að framkvæma verk og veita þjónustu. Einkum ætti þessi tilskipun ekki að hafa nein áhrif frelsi aðildarríkja og opinberra yfirvalda til að framkvæma verk eða veita almenningi þjónustu milliliðalaust eða fela þriðju aðilum að veita slíka þjónustu með útvistun. Aðildarríki eða opinber yfirvöld ættu að halda áfram að geta skilgreint og tilgreint hvað skuli einkenna þjónustuna sem veita á, þ.m.t. öll skilyrði varðandi gæði hennar eða endurgjald fyrir hana, í samræmi við lög Sambandsins, til þess að ná fram opinberum stefnumiðum.

6) Minna ætti á að aðildarríkjunum er frjálst að ákveða, í samræmi við meginreglur sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins um jafna meðferð, bann við mismunun, gagnsæi og frjálsa för fólks, að skipuleggja þjónustustarfsemi annað hvort sem þjónustu í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu eða sem þjónustu í almannaþágu sem er ekki af efnahagslegum toga eða sem blöndu af þessu tvennu. Einnig ætti að minna á að þessi tilskipun hefur ekki áhrif frelsi lands-, svæðis- og staðaryfirvalda til að skilgreina, í samræmi við lög Sambandsins, þjónustu í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu, umfang hennar og einkenni þjónustunnar sem veitt er, þ.m.t. öll skilyrði er varða gæði þjónustunnar, til þess að ná fram opinberum stefnumiðum sínum. Hún ætti ekki heldur að hafa áhrif á heimild lands-, svæðis- og staðaryfirvalda til að útvega, bjóða upp á og fjármagna þjónustu í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu í samræmi við 14. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og bókun nr. 26 sem fylgir sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og sáttmálanum um Evrópusambandið. Í þessari tilskipun er að auki ekki fjallað um fjármögnun þjónustu í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu eða um fjármögnun ríkisaðstoðarkerfa aðildarríkjanna, einkum á sviði félagsmála, í samræmi við samkeppnisreglur Sambandsins. Rétt þykir að skýra að þjónusta í almannaþágu sem er ekki af efnahagslegum toga ætti ekki að falla undir gildissvið þessarar tilskipunar.

7) Einnig þykir rétt að minna á að þessi tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á löggjöf aðildarríkjanna um almannatryggingar. Hún ætti ekki heldur að hafa í för með sér aukið frelsi í þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu og bundin er við opinbera aðila eða einkaaðila, eða einkavæðingu opinberra stofnana sem veita þjónustu.

8) Að því er varðar sérleyfi að verðmæti sem nemur tilteknu viðmiðunarmarki eða meira þykir rétt að kveða á um lágmarkssamræmingu á málsmeðferð einstakra ríkja fyrir gerð slíkra samninga sem byggð er á meginreglum sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins til þess að tryggja að opnað sé fyrir samkeppni um sérleyfi og nægilega réttarvissu. Þessi samræmingarákvæði ættu ekki að ganga lengra en nauðsynlegt er til að ná fram áðurnefndum markmiðum og tryggja tiltekinn sveigjanleika. Aðildarríkjum ætti að vera heimilt að bæta við og þróa frekar þessi ákvæði, þyki þeim það rétt, einkum til þess að tryggja betur að farið sé að meginreglunum sem settar eru fram hér að framan.

9) Koma ætti skýrt fram að hópar rekstraraðila, þ.m.t. þar sem þeir hafa komið saman til að mynda tímabundin samtök, geta tekið þátt í útboðsferli án þess að nauðsynlegt sé að þeir stofni til sérstaks lögákveðins rekstrarforms. Að því marki sem nauðsynlegt er, t.d. þar sem krafist er óskiptrar bótaábyrgðar, má fara fram á sérstakt rekstrarform þegar slíkum hópum eru veitt sérleyfi. Einnig ætti að koma skýrt fram að samningsyfirvöld eða samningsstofnanir ættu að geta sett fram með skýrum hætti hvernig hópar rekstraraðila eiga að fara að kröfum um efnahagslega og fjárhaglega stöðu eða viðmiðunum um tæknilega og faglega getu sem krafist er af rekstraraðilum sem taka þátt á eigin vegum. Þegar hópar rekstraraðila framkvæma sérleyfissamninga getur verið nauðsynlegt að setja skilyrði sem einstakir þátttakendur þurfa ekki að hlíta. Meðal slíkra skilyrða, sem ættu að vera réttlætanleg á grundvelli hlutlægra ástæðna og vera í samræmi við meðalhófsregluna, ætti t.d. að vera krafan um að myndað sé sameiginlegt fyrirsvar eða skipaður leiðandi samstarfsaðili að því er varðar útboðsferlið fyrir sérleyfið, eða krafa um upplýsingar um hvernig þeir eru samsettir.

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga (Stjtíð. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 114).

10) Setja ætti tiltekin samræmingarákvæði um gerð sérleyfissamninga um verk eða þjónustu í orku-, flutninga- og póstþjónustugeirunum, þar sem landsbundin yfirvöld geta haft áhrif á hegðun aðila sem starfa í þeim geirum, og að teknu tilliti til lokaðs eðlis þeirra markaða sem þeir starfa á, vegna sérstakra réttinda eða einkaréttar sem aðildarríki veita til að birgja upp, koma á fót eða starfrækja kerfi til að veita viðkomandi þjónustu.

11) Sérleyfi eru samningar fjárhagslegs eðlis þar sem samningsyfirvöld eða samningsstofnanir, ein eða fleiri, fela einum eða fleiri rekstraraðilum framkvæmd verka eða veitingu og stjórnun þjónustu. Tilgangur slíkra samninga eru innkaup verka eða þjónustu með veitingu sérleyfis, þar sem endurgjaldið felst í réttinum til að hagnýta verkið eða þjónustuna eða í þeim rétti ásamt greiðslu. Í slíkum samningum getur falist yfirfærsla eignarréttar til samningsyfirvalda eða samningsstofnana, en slíkt er þó ekki nauðsynlegt, en samningsyfirvöld eða samningsstofnanir hljóta alltaf ávinning af verkunum eða þjónustunni sem um er að ræða.

12) Að því er varðar þessa tilskipun ætti að koma skýrt fram að fjármögnun starfsemi ein og sér, einkum í formi styrkja, sem oft er tengd skyldu til endurgreiðslu upphæða sem mótteknar voru séu þær ekki notaðar í þeim tilgangi sem ætlaður var, fellur ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar.

13) Enn fremur ætti fyrirkomulag þar sem allir rekstraraðilar, sem uppfylla viss skilyrði, hafa rétt til að annast ákveðið verkefni án þess að nokkuð val fari fram, svo sem á grundvelli neytendavals eða þjónustuávísana, ekki að teljast sérleyfi, þ.m.t. fyrirkomulag sem byggist á lagalegum samningum milli opinbera yfirvaldsins og rekstraraðilanna. Slík kerfi eru yfirleitt byggð á ákvörðun opinbers yfirvalds sem skilgreinir gagnsæ skilyrði sem eru án mismununar um samfelldan aðgang rekstraraðila að veitingu sértækrar þjónustu, svo sem félagsþjónustu, sem gerir viðskiptavinum kleift að velja milli slíkra rekstraraðila.

14) Að auki ættu tilteknar aðgerðir aðildarríkja, svo sem starfsleyfi eða leyfisveitingar þar sem aðildarríki eða opinbert yfirvald þess setur skilyrði fyrir atvinnustarfsemi, þ.m.t. skilyrði fyrir að framkvæma tiltekna aðgerð, sem yfirleitt eru veitt að beiðni rekstraraðilans og ekki að frumkvæði samningsyfirvaldsins eða samningsstofnunarinnar og þar sem rekstraraðila er frjálst að hætta að vinna verk eða veita þjónustu, ekki að teljast sérleyfi. Þegar þessar aðgerðir aðildarríkjanna eiga í hlut gilda sérstök ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB ([5]). Sérleyfissamningar, andstætt þessum aðgerðum aðildarríkjanna, kveða á um gagnkvæmar skuldbindingar þar sem framkvæmd verks eða veiting þjónustu þarf að vera í samræmi við sérstakar kröfur, sem samningsyfirvöldin eða samningsstofnanirnar skilgreina og sem eru framfylgjanlegar samkvæmt lögum.

15) Að auki ættu tilteknir samningar sem veita rekstraraðila rétt til að nýta tilteknar almenningseignir eða auðlindir samkvæmt einkamálarétti eða opinberum rétti, svo sem land eða hvers konar opinbera eign, einkum á sviði sjóflutninga, hafna við vatnaleiðir eða flugvalla, þar sem ríkið eða samningsyfirvald eða samningsstofnun setur einvörðungu almenn skilyrði fyrir notkun þeirra án þess að kaupa inn sérstök verk eða þjónustu, ekki að teljast sérleyfi í skilningi þessarar tilskipunar. Þetta á yfirleitt við um samninga um almenningseignir eða lóðarleigu sem almennt hafa að geyma skilmála um umráðarétt leigjandans, tilætlaða notkun á eigninni, skyldur leigusalans og leigjandans varðandi viðhald á eigninni, lengd leigutímans, og yfirfærslu umráða til leigusalans, leigu og tiltekin gjöld sem leigjandi þarf að greiða.

16) Að auki ættu samningar sem veita athafnarétt sem gildir um notkun opinberra fasteigna til að útvega eða starfrækja fastar línur eða netkerfi sem ætluð eru til að veita almenningi þjónustu ekki að teljast sérleyfi í skilningi þessarar tilskipunar, að svo miklu leyti sem þessir samningar kveða hvorki á um skyldu samningsyfirvalds eða samningsstofnunar til að veita þjónustu né fela í sér nein kaup þess eða hennar á þjónustu í eigin þágu eða í þágu endanlegra notenda.

17) Samningar sem fela ekki í sér greiðslur til verktakans og þar sem verktakinn fær endurgjald á grundvelli gjaldskráa, sem reiknað er þannig að það mæti öllum kostnaði og fjárfestingum verktakans svo hann geti veitt þjónustuna, ættu ekki að falla undir þessa tilskipun.

18) Vandkvæði er snúa að túlkun hugtakanna sérleyfi og opinber samningur hafa orsakað viðvarandi réttaróvissu meðal hagsmunaaðila og hafa orðið tilefni margra dóma Evrópudómstólsins. Því ætti að skýra skilgreiningu hugtaksins sérleyfi, einkum með því að vísa til hugtaksins rekstraráhættu. Helsti eiginleiki sérleyfis, rétturinn til að hagnýta verk eða þjónustu, felur alltaf í sér yfirfærslu rekstraráhættu, sem er efnahagsleg í eðli sínu, til sérleyfishafans, sem felur í sér möguleikann á að hann fái ekki endurheimt fjárfestingu sína og þann kostnað hann hefur stofnað til við starfrækslu verka eða þjónustu við venjuleg rekstrarskilyrði, jafnvel þó að hluti hættunnar sé borinn af samningsyfirvaldi eða samningsstofnun. Beiting sérstakra reglna um veitingu sérleyfa væri ekki réttlætanleg ef samningsyfirvaldið eða samningsstofnunin myndi hlífa rekstraraðilanum við mögulegu tapi, með því að tryggja lágmarkstekjur, sem væru jafnháar eða hærri en sem nemur fjárfestingu rekstraraðilans eða kostnaði

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB frá 12. desember 2006 um þjónustu á innri markaðnum (Stjtíð. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 36).

sem hann þarf að bera í tengslum við framkvæmd samningsins. Einnig ætti að skýra að tilteknar ráðstafanir, sem eingöngu samningsyfirvald eða samningsstofnun greiðir fyrir, ættu að teljast sérleyfi, þegar endurheimt fjárfestinga og kostnaðar rekstraraðilans fyrir verkið eða veitingu þjónustunnar er háð raunverulegri eftirspurn eftir eða framboði á þjónustunni eða vörunni.

19) Þegar reglusetning er varðar einstaka geira eyðir áhættunni með því að kveða á um tryggingu til sérleyfishafa um að koma út á sléttu að því er varðar fjárfestingu og kostnað vegna framkvæmdar samningsins, ættu slíkir samningar ekki að teljast til sérleyfa í skilningi þessarar tilskipunar. Sú staðreynd að áhættan er takmörkuð frá upphafi ætti ekki að útiloka að samningur geti talist sérleyfi. Það getur átt við t.d. í geirum þar sem settar hafa verið gjaldskrár eða þar sem rekstraráhættan er takmörkuð með samningsbundu fyrirkomulagi sem kveður á um endurgreiðslu að hluta, þ.m.t. sé sérleyfinu slitið fyrr en til stóð vegna ástæðna sem rekja má til samningsyfirvaldsins eða samningsstofnunarinnar eða vegna óviðráðanlegra atvika.

20) Rekstraráhættan ætti að felast í þáttum sem aðilarnir hafa ekki stjórn á sjálfir. Áhættur eins og þær sem tengjast slæmri stjórnun, vanefndum rekstraraðilans á samningum eða óviðráðanlegum atvikum ráða ekki úrslitum þegar kemur að því að flokka samning sem sérleyfi, vegna þess að slíkar áhættur fylgja gerð allra samninga, hvort sem þeir eru opinberir innkaupasamningar eða um sérleyfi. Rekstraráhættu ætti að skilja sem áhættuna af duttlungum markaðarins sem geta falist í annað hvort eftirspurnaráhættu eða framboðsáhættu, eða bæði eftirspurnar- og framboðsáhættu. Eftirspurnaráhættu ætti að skilja sem áhættuna af því hversu mikil eftirspurn er eftir verkum eða þjónustu sem er andlag samningsins. Framboðsáhættu ber að skilja sem áhættuna af útvegun verkanna eða veitingu þjónustunnar sem er andlag samningsins, einkum áhættunnar sem felst í því að veiting þjónustunnar muni ekki vera í samræmi við eftirspurn. Í þeim tilgangi að meta rekstraráhættuna ætti að taka tillit til hreins núvirðis allra fjárfestinga, kostnaðar og tekna sérleyfishafans með samræmdum og einsleitum hætti.

21) Hugtakið „aðilar sem heyra undir opinberan rétt“ hefur oft verið tekið til skoðunar í dómaframkvæmd Evrópudómstólsins. Nokkrar nánari útlistanir eru lykillinn að fullum skilningi á þessu hugtaki. Því ætti að koma skýrt fram að aðili sem starfar við eðlileg markaðsskilyrði í hagnaðarskyni og sem ber tapið af starfsemi sinni ætti ekki að teljast „aðili sem heyri undir opinberan rétt“, þar sem þær þarfir í almannaþágu, sem honum hefur verið falið að mæta, eða hefur verið ætlað að mæta, geta talist vera iðnaðar- eða viðskiptalegs eðlis. Dómstóllinn hefur að sama skapi skoðað skilyrðið sem varðar uppruna fjármögnunar aðilans sem á í hlut, og hefur tilgreint að fjármagnaður „að mestu leyti“ þýði að meira en hálfu leyti og að til slíkrar fjármögnunar geti talist greiðslur frá notendum sem eru lagðar á, reiknaðar og innheimtar í samræmi við reglur opinbers réttar.

22) Rétt þykir að skilgreina „einkarétt“ og „sérstök réttindi“ þar sem þessi hugtök eru þýðingarmikil fyrir gildissvið þessarar tilskipunar og hugtakið samningsstofnun. Skýrt ætti að taka fram að aðilar sem eru hvorki samningsstofnanir samkvæmt a-lið 1. mgr. 7. gr. né opinber fyrirtæki falla aðeins undir ákvæði hennar að því marki sem þeir hafa með höndum einhverja þá starfsemi sem fjallað er um á grundvelli slíkra réttinda. Þeir verða hins vegar ekki taldir vera samningsstofnanir ef slík réttindi hafa verið veitt með málsmeðferð sem byggist á hlutlægum viðmiðunum, einkum samkvæmt löggjöf Sambandsins, og sem tryggt hefur verið að fái nægilega kynningu. Sú löggjöf ætti meðal annars að taka til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/73/EB ([6]), tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/72/EB ([7]), tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/67/EB ([8]), tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB ([9]) og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1370/2007 ([10]). Einnig ætti að koma skýrt fram að upptalning löggjafar er ekki tæmandi og að réttindi í hvaða formi sem er, sem hafa verið veitt með annarri málsmeðferð sem byggist á hlutlægum viðmiðunum sem tryggt hefur

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/73/EB frá 13. júlí 2009 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir jarðgas og niðurfellingu tilskipunar 2003/55/EB (Stjtíð. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 94).

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/72/EB frá 13. júlí 2009 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og um niðurfellingu tilskipunar 2003/54/EB (Stjtíð. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 55).

([8]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/67/EB frá 15. desember 1997 um sameiginlegar reglur varðandi þróun innri markaðar Bandalagsins á sviði póstþjónustu og umbætur á þeirri þjónustu (Stjtíð. EB L 15, 21.1.1998, bls. 14).

([9]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni (Stjtíð. EB L 164, 30.6.1994, bls. 3).

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1370/2007 frá 23. október 2007 um almenna farþegaflutninga á járnbrautum og á vegum og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1191/69 og (EBE) nr.1107/70 (Stjtíð. ESB L 315, 3.12.2007, bls. 1).

verið að fái nægilega kynningu, skipta ekki máli að því er varðar það að ákvarða þær samningsstofnanir sem falla undir þessa tilskipun.

23) Þessi tilskipun ætti eingöngu að gilda um sérleyfissamninga að verðmæti sem nemur tiltekinni viðmiðunarfjárhæð eða meira, sem ætti að endurspegla skýra hagsmuni af sérleyfum sem ná yfir landamæri fyrir rekstraraðila sem staðsettir eru í öðrum aðildarríkjunum en samningsyfirvaldið eða samningsstofnunin. Af þessum sökum verður að setja fram aðferð til að reikna áætlað verðmæti sérleyfis, sem ætti að vera sú sama fyrir sérleyfissamninga um verk og um þjónustu, þar sem báðar gerðir samninga ná oft til þátta sem heyra til verka og þjónustu. Útreikningarnir ættu að vísa til heildarveltu sérleyfishafans með tilliti til þeirra verka og þjónustu sem sérleyfið snýst um, samkvæmt mati samningsyfirvaldsins eða samningsstofnunarinnar, án virðisaukaskatts, á gildistíma samningsins.

24) Til að tryggja raunverulega opnun markaðarins og sanngjarnt jafnvægi í beitingu reglna um veitingu sérleyfa í orkuveitu-, flutninga- og póstþjónustugeirunum er nauðsynlegt að þær stofnanir, sem reglurnar gilda um, séu skilgreindar á annan hátt en með tilvísun til réttarstöðu sinnar. Þess vegna ætti að tryggja að jafnri meðferð þeirra samningsstofnana sem starfa í opinbera geiranum og hinna sem starfa í einkageiranum sé ekki stefnt í hættu. Einnig er nauðsynlegt að tryggja, í samræmi við 345. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að ekki sé gengið gegn reglum aðildarríkjanna um tilhögun eignarréttar. Af þessum sökum ættu sérstakar samræmdar reglur að gilda um sérleyfi sem aðilar, sem sinna áðurnefndri starfsemi, veita í þeim tilgangi að stunda slíka starfsemi, óháð því hvort um er að ræða ríkis-, staðar- eða svæðisyfirvöld, aðila sem heyra undir opinberan rétt, opinber fyrirtæki eða aðra aðila sem njóta sérstakra réttinda eða einkaréttar. Gera ætti ráð fyrir því að aðilar sem bera, samkvæmt landslögum, ábyrgð á veitingu þjónustu sem tengist einhverri þeirri starfsemi sem um getur í II. viðauka, stundi slíka starfsemi.

25) Koma ætti skýrt fram að viðkomandi starfsemi á sviði flugvalla tekur einnig til þjónustu sem veitt er farþegum, sem stuðlar að snurðulausri starfsemi aðstöðu flugvalla og sem ætlast er til að sé til staðar á vel starfandi nútímalegum flugvelli, svo sem smásala, veitingaþjónusta og bílastæði.

26) Tilteknir aðilar starfa á sviði framleiðslu, flutnings eða dreifingar bæði hita og kælingar. Einhver óvissa kann að vera fyrir hendi um það hvaða reglur gilda um starfsemi tengda hitun annars vegar og kælingu hins vegar. Því er rétt að skýra að flutningur og/eða dreifing á hita er starfsemi sem fellur undir II. viðauka og að aðilar sem starfa í hitageiranum þurfa að fara að reglum þessarar tilskipunar sem gilda um samningsstofnanir að svo miklu leyti sem þeir verða skilgreindir sem slíkar. Aðilar sem starfa á sviði kælingar þurfa á hinn bóginn að fara að reglum þessarar tilskipunar sem gilda um samningsyfirvöld að svo miklu leyti sem þeir verða skilgreindir sem slík. Að lokum ætti að skýra að fara ber með sérleyfi sem veitt eru fyrir bæði samninga um hitun og kælingu samkvæmt ákvæðum um samninga um margs konar starfsemi til þess að ákvarða hvaða reglur um innkaup, ef einhverjar, ættu að gilda um veitingu þeirra.

27) Áður en hugað er að breytingum á þessari tilskipun fyrir kælingargeirann ætti að kanna stöðuna í þeim geira til þess að safna nægum upplýsingum, einkum um samkeppnisstöðu, umfang innkaupa yfir landamæri og sjónarmið hagsmunaaðila. Þar sem beiting þessarar tilskipunar gagnvart geiranum gæti haft í för með sér talsverð áhrif með tilliti til markaðsopnunar ætti þessi könnun að fara fram þegar áhrif þessarar tilskipunar eru metin.

28) Skýrt ætti að koma fram að „afhending“ í skilningi 1. og 2. mgr. II. viðauka tekur til framleiðslu, heildsölu og smásölu. Hins vegar fellur framleiðsla á gasi með vinnslu (e. extraction) undir gildissvið 6. mgr. viðaukans.

29) Ef um er að ræða blandaða samninga ætti að ákvarða með hliðsjón af meginefni samningsins hvaða reglur gilda um hann, ef ekki er hægt að skilja í sundur hina mismunandi hluta samningsins með hlutlægum hætti. Því ætti að koma skýrt fram hvernig samningsyfirvöld og samningsstofnanir ættu að skera úr um hvort mismunandi hlutar samnings séu aðskiljanlegir eða ekki. Slík skýring ætti að vera byggð á viðkomandi dómaframkvæmd Evrópudómstólsins. Taka ætti ákvörðun í hverju tilviki fyrir sig og yfirlýstur eða ætlaður ásetningur samningsyfirvaldsins eða samningsstofnunar um að líta á hina ýmsu hluta blandaðs samnings sem óaðskiljanlega ætti ekki að nægja, heldur ætti ákvörðunin að vera studd með hlutlægum sönnunargögnum sem geta réttlætt hana og nauðsyn þess að gera stakan samning. Slík réttlætanleg þörf á að gera stakan samning gæti t.d. verið fyrir hendi þegar um er að ræða byggingu stakrar byggingar, sem að hluta á að vera í beinni notkun hlutaðeigandi samningsyfirvalds og að öðrum hluta starfrækt á grundvelli sérleyfis, t.d. til að útvega almenningi bílastæði. Koma ætti skýrt fram að ástæður þess að nauðsynlegt er að gera stakan samning geta verið bæði tæknilegs og efnahagslegs eðlis.

30) Ef um er að ræða blandaða samninga, sem hægt er að aðskilja, er samningsyfirvöldum og samningsstofnunum ávallt frjálst að gera aðskilda samninga fyrir aðskilda hluta hins blandaða samnings en í því tilviki ættu ákvæðin, sem gilda um einstaka hluta samningsins, að ákvarðast eingöngu af einkennum þess sérstaka samnings. Þegar samningsyfirvöld og samningsstofnanir kjósa hins vegar að gera samning sem inniheldur bæði sérleyfisþátt og aðra þætti, hvert sem verðmæti þeirra kann að vera og hvaða lagareglur hefðu annars gilt um viðkomandi þætti, ætti að tilgreina þær reglur sem gilda um slík tilvik. Setja ætti sérákvæði um blandaða samninga sem hafa hliðar er snúa að vörnum eða öryggi eða hluta sem ekki falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

31) Samningsstofnanir gætu veitt sérleyfi í þeim tilgangi að koma til móts við kröfur margs konar starfsemi sem kann að falla undir mismunandi lagareglur. Koma ætti skýrt fram að þær lagareglur, sem gilda um eitt sérleyfi, sem ætlað er að ná yfir margs konar starfsemi, eiga að falla undir gildandi reglur um þá starfsemi sem sérleyfið á einkum við um. Hægt er að ákvarða hvaða starfsemi það er sem sérleyfið nær aðallega til út frá greiningu á þeim kröfum sem þetta tiltekna sérleyfi þarf að uppfylla og ætti þá samningsstofnunin að annast greininguna með það fyrir augum að meta verðmæti sérleyfisins og útbúa gögn fyrir veitingu sérleyfis. Í ákveðnum tilvikum gæti verið ógerlegt að ákvarða hvaða starfsemi það er sem sérleyfið er aðallega veitt fyrir. Tilgreina ætti þær reglur sem gilda í slíkum tilvikum.

32) Í ákveðnum tilvikum getur tiltekið samningsyfirvald eða samningsstofnun, sem er ríkis-, svæðis- eða staðaryfirvald eða aðili sem heyrir undir opinberan rétt eða hópur slíkra aðila, verið eini veitandi vissrar þjónustu, sem nýtur einkaréttar til að veita slíka þjónustu samkvæmt landslögum, reglugerðum eða birtum stjórnsýslufyrirmælum sem samrýmast sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins. Skýrt ætti að koma fram að undir slíkum kringumstæðum getur samningsyfirvald eða samningsstofnun, eins og um getur í þessari forsendu, eða hópur þeirra veitt slíkum aðilum sérleyfi án þess að þessari tilskipun sé beitt.

33) Einnig þykir rétt að tilteknir sérleyfissamningar um þjónustu, sem gerðir eru við rekstraraðila, falli utan gildissviðs þessarar tilskipunar þegar þeir eru gerðir á grundvelli einkaréttar, sem rekstraraðilinn nýtur á grundvelli landslaga, reglugerða eða birtra stjórnsýslufyrirmæla og sem hefur verið veittur í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins og gerðir Sambandsins sem mæla fyrir um sameiginlegar reglur um aðgang að markaðanum, sem gilda um starfsemi sem um getur í II. viðauka, þar sem slíkur einkaréttur gerir það að verkum að ekki er hægt að veita sérleyfið á grundvelli samkeppnisútboðs. Þrátt fyrir og með fyrirvara um lagalegar afleiðingar almennrar útilokunar frá gildissviði þessarar tilskipunar ættu sérleyfi, sem mælt er fyrir um í annarri undirgrein 1. mgr. 10. gr., að falla undir skylduna til að birta tilkynningu um veitingu sérleyfis til þess að tryggja lágmarksgagnsæi nema kveðið sé á um skilyrðin fyrir slíku gagnsæi í löggjöf sem bundin er við tiltekinn geira. Til þess að festa gagnsæi í sessi ætti aðildarríki að tilkynna framkvæmdastjórninni um það þegar það veitir rekstraraðila einkarétt til að sinna einhverri þeirri starfsemi sem um getur í II. viðauka.

34) Að því er þessa tilskipun varðar ætti að túlka hugtökin mikilvægir öryggishagsmunir, hergögn, viðkvæmur búnaður, viðkvæm verk og viðkvæm þjónusta, í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/81/EB([11]).

35) Tilskipunin ætti ekki að hafa áhrif á frelsi aðildarríkja til að velja, í samræmi við lög Sambandsins, aðferðir til að skipuleggja og hafa eftirlit með fjárhættustarfsemi og veðmálastarfsemi, þar með talið með leyfisveitingum. Rétt þykir að sérleyfi, sem varða starfrækslu happdrætta sem aðildarríki veitir rekstraraðila á grundvelli einkaréttar, sem veittur er með málsmeðferð án auglýsingar samkvæmt gildandi landslögum, reglugerðum eða birtum stjórnsýslufyrirmælum í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins, falli utan gildissviðs þessarar tilskipunar. Sú undantekning er rökstudd með því að rekstraraðila er veittur einkaréttur, sem gerir það að verkum samkeppnisútboð á ekki við, og því að nauðsynlegt er að aðildarríki hafi möguleika á að setja reglur um fjárhættugeirann á landsvísu með hliðsjón af skyldu sinni til að halda uppi allsherjarreglu.

36) Þessi tilskipun ætti ekki að gilda um tiltekna neyðarþjónustu sem samtök eða félög, sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni, veita þar sem erfitt væri að varðveita eðli þessara samtaka ef velja þyrfti þjónustuveitendur í samræmi við tilhögunina sem sett er fram í þessari tilskipun. Hins vegar ættu undantekningarnar ekki að vera umfangsmeiri en ýtrasta nauðsyn krefur. Því ætti að vera sérstaklega tekið fram að flutningur sjúklinga með sjúkraflutningaþjónustu ætti ekki að vera undanskilinn. Í því samhengi er enn fremur nauðsynlegt að skýra að flokkur 601 „landflutningar“ í sameiginlegu innkaupaorðasafni tekur ekki til sjúkraflutningaþjónustu, sem er að finna í grein 8541 í sameiginlegu innkaupaorðasafni. Því ætti að skýra að þjónusta sem fellur undir CPV-kóða 85143000-3, sem felst einvörðungu í flutningi sjúklinga með sjúkraflutningaþjónustu, ætti að falla undir sérstöku reglurnar sem settar eru um félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu („einfalda fyrirkomulagið“). Af þessum sökum myndu blandaðir sérleyfissamningar um veitingu sjúkraflutningaþjónustu almennt einnig falla undir einfalda fyrirkomulagið ef verðmæti flutninga sjúklinga með sjúkraflutningaþjónustu væri meira en verðmæti annarrar sjúkraflutningaþjónustu.

([11]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/81/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu reglna um útboð og gerð samningsyfirvalda eða samningsstofnana á tilteknum verksamningum, vörusamningum og þjónustusamningum á sviði varnar- og öryggismála og um breytingu á tilskipunum 2004/17/EB og 2004/18/EB (Stjtíð. ESB L 216, 20.8.2009, bls. 76).

37) Rétt þykir að minna á að þessi tilskipun gildir aðeins um samningsyfirvöld og samningsstofnanir aðildarríkjanna. Ákvæði hennar gilda af þessum sökum ekki um stjórnmálaflokka þar sem þeir eru ekki samningsyfirvöld eða samningsstofnanir. Engu að síður gætu stjórnmálaflokkar í sumum aðildarríkjum talist aðilar sem heyra undir opinberan rétt. Hins vegar er tiltekin þjónusta (t.a.m. framleiðsla áróðursmynda og áróðursmyndbanda) svo órjúfanlega tengd stjórnmálaskoðunum þjónustuveitandans þegar hún er veitt í tengslum við kosningabaráttu að val á þjónustuveitendum fer venjulega þannig fram að ekki verður fellt undir gildissvið reglna um sérleyfi. Að lokum ætti að minna á að um samþykktir og fjármögnun evrópskra stjórnmálaflokka og stjórnmálastofnana á Evrópuvettvangi gilda aðrar reglur en þær sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

38) Margar samningsstofnanir eru skipulagðar sem samstæður sem geta staðið saman af hópi aðskilinna fyrirtækja og hefur hvert þessara fyrirtækja sérstakt hlutverk í heildarsamhengi samstæðunnar. Rétt er því að undanskilja tiltekna sérleyfissamninga um þjónustu og um verk, sem gerðir eru við eignatengt fyrirtæki, ef fyrirtækið hefur aðallega þá starfsemi með höndum að sjá fyrirtækjahópnum, sem það er hluti af, fyrir slíkri þjónustu eða verkum, fremur en að bjóða þjónustuna eða verkið á markaði. Einnig er rétt að undanskilja tiltekna sérleyfissamninga um þjónustu og um verk, sem samningsstofnun gerir við fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, sem nokkrar samningsstofnanir mynda með það fyrir augum að stunda starfsemi sem fellur undir þessa tilskipun og sem téð samningsstofnun á hlut að. Þó ber að einnig að tryggja að þessi undantekning verði ekki til þess að raska samkeppni til hagsbóta fyrir þau fyrirtæki eða fyrirtæki um sameiginlegt verkefni sem eru í eignatengslum við samningsstofnanirnar. Setja þarf viðeigandi reglur, einkum varðandi hámarksmörk þar sem hluti af veltu fyrirtækjanna má koma frá markaðnum ef þau eru undir þeim mörkum en yfir þeim myndu þau missa möguleikann á því að fá sérleyfi án útboðs, og um samsetningu fyrirtækja um sameiginlegt verkefni og stöðugleika tengsla á milli þessara fyrirtækja um sameiginlegt verkefni og samningsstofnananna sem þau eru hluti af.

39) Fyrirtæki ættu að teljast eignatengd þegar bein eða óbein ráðandi áhrif eru til staðar milli samningsstofnunarinnar og fyrirtækisins sem um ræðir eða þegar þau eru bæði undir ráðandi áhrifum annars fyrirtækis; í þessu samhengi ætti einkaþátttaka ekki að skipta máli í sjálfu sér. Athugun á því hvort fyrirtæki sé eignatengt tiltekinni samningsstofnun ætti að vera eins auðveld í framkvæmd og mögulegt er. Af þessum sökum, og þar eð þegar hefði þurft að kanna möguleg bein eða óbein ráðandi áhrif í þeim tilgangi að greina hvort ársreikningar fyrirtækja eða stofnana sem í hlut eiga ættu að vera gerðir samstæðir, ættu fyrirtæki að teljast eignatengd þegar ársreikningar þeirra hafa verið gerðir samstæðir. Hins vegar gilda reglur Sambandsins um samstæðureikningsskil ekki um tiltekinn fjölda tilvika, t.d. vegna stærðar fyrirtækisins sem á í hlut eða þar sem tiltekin skilyrði um rekstrarform þeirra að lögum eru ekki uppfyllt. Í slíkum tilvikum, þar sem tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB ([12]) á ekki við, verður nauðsynlegt að kanna hvort bein eða óbein ráðandi áhrif séu til staðar að teknu tilliti til eignarhalds, fjárhagslegrar þátttöku eða reglna sem gilda um fyrirtækin.

40) Um sérleyfi í vatnsgeiranum gildir oft sérstakt og flókið fyrirkomulag sem þarf að gefa sérstakan gaum í ljósi mikilvægis vatns sem almannagæða með grundvallarþýðingu fyrir alla borgara Sambandsins. Sérkenni þess fyrirkomulags réttlæta undantekningar á sviði vatns frá gildissviði þessarar tilskipunar. Undantekningin nær til sérleyfissamninga um verk og þjónustu til að bjóða fram eða starfrækja föst veitukerfi sem ætlað er að þjóna almenningi með framleiðslu, flutningi eða dreifingu á drykkjarvatni eða með því að afhenda drykkjarvatn til slíkra kerfa. Sérleyfi fyrir förgun eða hreinsun skólps og fyrir verkefni í tengslum við vatnsvirkjun, áveitu eða framræslu (að því tilskildu að vatnsmagnið sem afhenda á sem drykkjarvatn sé meira en 20% af heildarvatnsmagninu sem gert er aðgengilegt með slíkum verkefnum eða áveitu- eða framræslubúnaði) ættu einnig að vera undanþegin, svo fremi þau tengist undanþeginni starfsemi.

41) Þessi tilskipun ætti ekki að gilda um sérleyfi sem samningsstofnanir veita, sem er ætlað að leyfa framkvæmd starfsemi sem um getur í II. viðauka, ef hún er í beinni samkeppni á mörkuðum sem ekki er takmarkaður aðgangur að í aðildarríkinu þar sem starfsemin fer fram, í samræmi við málsmeðferð sem kveðið er á um í þessum tilgangi í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB ([13]). Því er rétt að halda þeirri málsmeðferð, sem hægt er að beita í öllum geirum eða hlutum þeirra sem þessi tilskipun gildir um, sem gerir kleift að taka tillit til bæði núverandi áhrifa og framtíðaráhrifa þess að opna fyrir samkeppni. Slík málsmeðferð á að hafa í för með sér réttaröryggi fyrir viðkomandi aðila og einnig viðeigandi ferli ákvarðanatöku sem tryggir, á skömmum tíma, samræmda beitingu laga Sambandsins á þessu sviði. Koma ætti skýrt fram, í þágu réttarvissu, að allar

([12]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og viðkomandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

([13]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB frá 26. febrúar 2014 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu (Stjtíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 243).

ákvarðanir, sem samþykktar voru fyrir gildistöku þessarar tilskipunar á grundvelli 30. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB ([14]), verða áfram í gildi.

42) Þar sem þessari tilskipun er beint til aðildarríkjanna gildir hún ekki um það þegar alþjóðastofnanir veita sérleyfi fyrir eigin hönd og eigin reikning. Hins vegar er nauðsynlegt að skýra að hvaða marki beita ætti þessari tilskipun um veitingu sérleyfa sem falla undir sérstakar alþjóðlegar reglur.

43) Taka ætti tillit til þátta sem hafa menningarlegt og félagslegt vægi þegar veitendur fjölmiðlaþjónustu veita sérleyfi fyrir tiltekna hljóð- og myndmiðlunarþjónustu og útvarpsþjónustu, sem gerir það að verkum að beiting reglna um veitingu sérleyfa er ekki við hæfi. Af þeim sökum ætti að gera undantekningu fyrir sérleyfissamninga um þjónustu sem veitendur fjölmiðlaþjónustu gera sjálfir, vegna kaupa, þróunar, framleiðslu eða samframleiðslu á efni sem er tilbúið til notkunar og annarrar undirbúningsþjónustu, t.d. varðandi handrit eða listræna framkvæmd, sem nauðsynleg er fyrir framleiðslu efnisins. Einnig ætti að koma skýrt fram að undantekningin ætti að gilda jafnt um útvarps- og sjónvarpsþjónustu og pöntunarþjónustu (ólínuleg þjónusta). Þessi undantekning ætti þó ekki gilda um afhendingu tæknilegs búnaðar sem er nauðsynlegur fyrir framleiðslu, samframleiðslu og útsendingu slíks efnis.

44) Þessi tilskipun er með fyrirvara um valdheimildir aðildarríkjanna til að kveða á um fjármögnun útvarpsþjónustu í almannaþágu að svo miklu leyti sem slík fjármögnun er veitt útvarpsfyrirtækjum til að uppfylla almenna þjónustukvöð sem hvert aðildarríki hefur falið þeim, skilgreint og skipulagt, í samræmi við bókun 29 um útvarpsþjónustu í almannaþágu í aðildarríkjunum, sem fylgir með í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og sáttmálanum um Evrópusambandið.

45) Umtalsverð réttaróvissa er um það að hve miklu leyti samningar, sem gerðir eru milli aðila innan opinbera geirans, ættu að falla undir reglurnar um sérleyfi. Viðkomandi dómaframkvæmd Evrópudómstólsins er túlkuð með mismunandi hætti í aðildarríkjunum og jafnvel milli samningsyfirvalda og samningsstofnana. Því er nauðsynlegt að skýra í hvaða tilvikum samningar, sem gerðir eru innan opinbera geirans, falla ekki undir beitingu reglnanna sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Slík skýring ætti að byggjast á meginreglunum sem settar eru fram í viðkomandi dómaframkvæmd Evrópudómstólsins. Sú staðreynd ein og sér að báðir aðilar samkomulags séu opinber yfirvöld útilokar ekki beitingu reglnanna sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Beiting reglnanna sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun ætti hins vegar ekki að hafa áhrif á frelsi opinberra yfirvalda til framkvæma þau verkefni, sem snúa að opinberri þjónustu, sem þeim eru falin með þeim föngum sem þau hafa yfir að ráða, sem m.a. felur í sér möguleikann á samvinnu við önnur opinber yfirvöld. Tryggja ætti að undanskilin samstarfsverkefni milli opinberra aðila leiði ekki til röskunar á samkeppni í tengslum við einkarekna rekstraraðila að svo miklu leyti sem röskunin veitir einkareknum veitanda þjónustu forskot á samkeppnisaðila hans.

46) Sérleyfi sem veitt eru lögaðilum sem eru undir yfirráðum annars aðila ættu ekki að falla undir málsmeðferð sem kveðið er um í þessari tilskipun ef samningsyfirvaldið eða samningsstofnunin, eins og um getur í a-lið 1. mgr. 7. gr., fer með yfirráð yfir viðkomandi lögaðila sem eru svipuð þeim sem það hefur yfir eigin deildum, að því tilskildu að lögaðilinn sem er undir yfirráðum annars aðila inni af hendi yfir 80% af starfsemi sinni við framkvæmd verkefna sem honum eru falin af samningsyfirvaldinu eða samningsstofnuninni sem hefur yfirráðin eða öðrum lögaðilum sem eru undir yfirráðum þess samningsyfirvalds eða samningsstofnunar, óháð því hver nýtur góðs af framkvæmd samningsins. Undantekningin ætti ekki að ná til aðstæðna þar sem um beinan hlut einkarekins rekstraraðila er að ræða í fjármagni lögaðilans sem er undir yfirráðum annars aðila, þar sem veiting sérleyfis undir slíkum kringumstæðum án samkeppnisútboðs myndi veita einkarekna rekstraraðilanum hlutdeild í fjármagni lögaðilans sem er undir yfirráðum og óréttmætt forskot á samkeppnisaðila hans. Í ljósi sérstakra eiginleika opinberra aðila með skylduaðild, s.s. samtaka sem bera ábyrgð á eða inna af hendi tiltekna opinbera þjónustu, ætti þetta hins vegar ekki að gilda þegar hlutdeild tiltekins einkarekins rekstraraðila í fjármagni lögaðila sem er undir yfirráðum annars aðila er skyldubundin skv. ákvæðum landslaga í samræmi við sáttmálanna, að því tilskildu að slík hlutdeild feli ekki í sér yfirráð og stöðvunarmöguleika og hafi ekki afgerandi áhrif á ákvarðanir lögaðilans sem er undir yfirráðum. Rétt er að skýra nánar að einungis bein einkahlutdeild í lögaðilanum sem er undir yfirráðum er ákvarðandi þáttur.

Þar af leiðandi útilokar þetta ekki, þegar um einkafjármagnshlutdeild er að ræða í samningsyfirvaldi/-yfirvöldum eða samningsstofnun/-stofnunum sem hafa yfirráð, gerð opinberra samninga við lögaðilann sem er undir yfirráðum án þess að beita málsmeðferðinni sem kveðið er á um í þessari tilskipun, þar sem slík hlutdeild hefur ekki truflandi áhrif á samkeppni milli einkarekinna rekstraraðila. Einnig ætti að koma skýrt fram að samningsyfirvöld eða samningsstofnanir, s.s. aðilar sem heyra undir opinberan rétt, sem kunna að hafa einkafjármagnshlutdeild, ættu að vera í aðstöðu til geta nýtt sér undanþágurnar fyrir lárétt samstarf. Af þessum

([14]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu (Stjtíð. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 1).

sökum ætti undanþágan fyrir lárétt samstarf, ef öll önnur skilyrði í tengslum við lárétt samstarf eru uppfyllt, að ná til slíkra samningsyfirvalda eða samningsstofnana þegar samningurinn er gerður eingöngu milli samningsyfirvalda og samningsstofnana.

47) Samningsyfirvöld eða samningsstofnanir, eins og um getur í a-lið 1. mgr. 7. gr., ættu að geta valið að veita opinbera þjónustu sína sameiginlega með samvinnu án þess að bera skylda til að nota tiltekið lagalegt form. Slík samvinna gæti náð til allra tegunda starfsemi sem tengist veitingu þjónustu og ábyrgð sem yfirvöldum sem taka þátt er fengin eða þau takast á herðar, s.s. lögboðin eða valfrjáls verkefni staðar- eða svæðisyfirvalda eða þjónusta sem sérstökum aðilum er falin samkvæmt opinberum rétti. Ekki er nauðsynlegt að sú þjónusta sem hin ýmsu yfirvöld eða stofnanir sem taka þátt veita sé nákvæmlega sú sama, hún getur líka verið til fyllingar. Samningar um sameiginlega veitingu opinberrar þjónustu ættu ekki að falla undir þessa tilskipun að því tilskildu að þeir séu eingöngu gerðir milli samningsyfirvalda eða samningsstofnana, að framkvæmd samvinnunnar sé einvörðungu á grundvelli sjónarmiða sem varða almannahagsmuni og að enginn einkarekinn þjónustuveitandi öðlist forskot á samkeppnisaðila sína.

Til þess að uppfylla þessi skilyrði ætti samvinnan að vera byggð á hugmyndinni um samstarfsfélög. Þess er ekki krafist í slíkri samvinnu að öll yfirvöldin sem taka þátt taki að sér framkvæmd samningsbundinna meginskyldna, að því tilskildu að um sé að ræða skuldbindingu um að leggja sitt af mörkum til samvinnu við veitingu þeirrar opinberu þjónustu sem um er að ræða. Að auki ætti framkvæmd samvinnunnar, þ.m.t. tilfærsla fjármagns milli samningsyfirvalda sem taka þátt, að stýrast einvörðungu af sjónarmiðum sem varða almannahagsmuni.

48) Ákveðin tilvik eru til staðar þar sem lögaðili, samkvæmt viðkomandi ákvæðum í landslögum, er í hlutverki tækis eða veitir tækniþjónustu í þágu tiltekinna samningsyfirvalda eða samningsstofnana og ber skylda til að fara að fyrirmælum sem hann fær frá þessum samningsyfirvöldum eða samningsstofnunum en hefur engin áhrif á það endurgjald sem hann fær fyrir framlag sitt. Í ljósi þess að slíkt réttarsamband er algjörlega stjórnsýslulegt í eðli sínu en ekki samningssamband ætti það ekki að falla undir útboðsferli fyrir sérleyfi.

49) Koma ætti skýrt fram að túlka ætti hugtakið „rekstraraðili“ vítt þannig að það taki til allra aðila og/eða stofnana sem bjóða framkvæmd verka, vöruafhendingu eða þjónustustarfsemi á markaði, án tillits til þess samkvæmt hvaða lögákveðna rekstrarformi þeir hafa kosið að starfa. Því ættu fyrirtæki, útibú, dótturfyrirtæki, sameignarfélög, samvinnufélög, félög með takmarkaða ábyrgð, ríkisháskólar og einkaháskólar og annars konar aðilar að falla undir hugtakið rekstraraðili undir öllum kringumstæðum, hvort sem um er að ræða „lögaðila“ eða ekki.

50) Til þess að tryggja næga kynningu sérleyfissamninga um verk og þjónustu sem samningsstofnanir og samningsyfirvöld gera, sem nema tiltekinni viðmiðunarfjárhæð eða meira, ættu slík sérleyfi að vera veitt að lokinni skyldubundinni útgáfu tilkynningar um sérleyfi í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

51) Í ljósi skaðlegra áhrifa á samkeppni ætti einvörðungu að heimila veitingu sérleyfa án undangenginnar birtingar auglýsingar við mjög sérstakar aðstæður. Þessi undanþága ætti að takmarkast við tilvik þar sem það liggur fyrir frá upphafi að birting myndi ekki ýta undir meiri samkeppni, einkum vegna þess að það er í reynd aðeins einn rekstraraðili sem getur framkvæmt sérleyfið. Það að ómögulegt sé að veita sérleyfið neinum öðrum rekstraraðila ætti ekki að vera af völdum samningsyfirvaldsins eða samningsstofnunarinnar sjálfrar með tilliti til framtíðarútboðsferlis. Jafnfram ætti að kanna ítarlega hvort aðrir viðeigandi möguleikar séu til staðar.

52) Takmarka ætti tímalengd sérleyfis til þess að koma í veg fyrir hindranir á markaðsaðgangi og samkeppnishömlur. Auk þess eru mjög löng sérleyfi líkleg til að valda hindrunum á markaðsaðgangi og geta þannig hindrað frjálsa þjónustustarfsemi og staðfesturétt. Hins vegar getur slík tímalengd verið réttlætanleg ef hún er nauðsynleg til að gera sérleyfishafanum kleift að endurheimta áætlaða fjárfestingu til að framkvæma sérleyfið, auk þess að hagnast af fjárfestu fjármagni. Af þessum sökum ætti tímalengd sérleyfis, þegar um er að ræða sérleyfi sem varir lengur en 5 ár, að takmarkast við þann tíma sem raunhæft er að ætla að taki sérleyfishafann að endurheimta fjárfestingu sína vegna starfrækslu verksins og þjónustunnar ásamt ávöxtun fjárfestinga við venjulegar rekstraraðstæður, með tilliti til sérstakra samningsmarkmiða sem sérleyfishafi undirgengst til þess að uppfylla kröfur er varða t.d. gæði eða verð til notenda. Matið ætti að vera gilt um leið og sérleyfið er veitt. Það ætti að vera hægt að láta það taka til upphaflegrar fjárfestingar og frekari fjárfestingar sem talin er nauðsynleg til að starfrækja einkaleyfið, einkum útgjöld til innviða, vegna höfundarréttar, einkaleyfa, búnaðar, birgðastjórnunar, ráðningar, þjálfunar starfsfólks og stofnkostnaðar. Hámarkstímalengd sérleyfis ætti að koma fram í skjölum sem varða sérleyfið nema tímalengd sé notuð sem valforsenda fyrir samninginn. Samningsyfirvöld og samningsstofnanir ættu alltaf að geta veitt sérleyfi fyrir tímabil sem er styttra en sá tími sem er nauðsynlegur til að endurheimta fjárfestinguna, að því tilskildu að tengdar bætur eyði ekki rekstraráhættunni.

53) Rétt þykir að undanskilja fullri beitingu þessarar tilskipunar aðeins þá þjónustu sem hefur takmarkaðan þátt sem nær yfir landamæri, s.s. tiltekna félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu eða þjónustu á sviði menntunar. Sú þjónusta er veitt í tilteknu samhengi sem er mjög mismunandi meðal aðildarríkjanna vegna mismunandi menningarhefða. Því ætti að koma á sérstöku fyrirkomulagi fyrir sérleyfi til að veita þessa þjónustu, þar sem tillit er tekið til þess að reglur hafa nýverið verið settar um þær. Skylda til að birta kynningartilkynningu og tilkynningu um veitingu sérleyfis fyrir sérhvert sérleyfi að verðmæti sem nemur þeirri viðmiðunarfjárhæð sem sett er með þessari tilskipun eða meira er fullnægjandi aðferð til að veita mögulegum bjóðendum upplýsingar um viðskipatækifæri, auk þess að veita öllum hlutaðeigandi aðilum upplýsingar um fjölda og tegund samninga sem gerðir eru. Auk þess ættu aðildarríki að taka upp viðeigandi ráðstafanir að því er varðar gerð sérleyfissamninga fyrir þessa þjónustu, sem miða að því að tryggja að farið sé að meginreglunum um gagnsæi og jafna meðferð rekstraraðila, jafnframt því að samningsyfirvöldum og samningsstofnunum sé gert kleift að taka tillit til sérkenna þeirrar þjónustu sem um er að ræða. Aðildarríki ættu að tryggja að samningsyfirvöld og samningsstofnanir geti tekið tillit til þess að nauðsynlegt er að tryggja nýsköpun og, í samræmi við 14. gr. sáttmálinn um starfshætti Evrópusambandsins og bókun 26, hátt gæðastig, öryggi og viðráðanlegt verð, jafna meðferð og stuðning við almennan aðgang og réttindi notenda.

54) Vegna mikilvægis menningarlegs samhengis og viðkvæmni þessarar þjónustu ættu aðildarríki að hafa víðtækt ákvörðunarvald til að skipuleggja val á þjónustuveitendum með þeim hætti sem þau telja heppilegast. Þessi tilskipun kemur ekki í veg fyrir að aðildarríki beiti sérstökum gæðaviðmiðunum við val á þjónustuveitendum, svo sem viðmiðunum sem settar eru fram í valfrjálsum evrópskum gæðaramma fyrir félagsþjónustu sem settur er af nefnd Evrópusambandsins um félagslega vernd. Aðildarríki og/eða opinber yfirvöld geta áfram veitt þessa þjónustu sjálf eða skipulagt félagsþjónustu með þeim hætti að það feli ekki í sér veitingu sérleyfa, t.d. með því að fjármagna aðeins slíka þjónustu eða með því að veita leyfi eða heimildir til allra rekstraraðila sem uppfylla tiltekin skilyrði sem samningsyfirvaldið eða samningsstofnunin setur fyrirfram, án takmarkana eða kvóta, að því tilskildu að slík kerfi tryggi næga auglýsingu og séu í samræmi við meginreglurnar um gagnsæi og bann við mismunun.

55) Með viðeigandi samþættingu umhverfislegra og félagslegra krafna og vinnumarkaðskrafna í útboðsferli fyrir sérleyfi í huga er einkum mikilvægt að aðildarríki og samningsyfirvöld eða samningsstofnanir grípi til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að uppfylltar séu kröfur á sviði umhverfis-, félagsmála- og vinnuréttar sem gilda á staðnum þar sem verkið er framkvæmt eða þjónustan veitt og sem leiða má af lögum eða stjórnsýslufyrirmælum á landsvísu og á vettvangi Sambandsins og af kjarasamningum, að því tilskildu að slíkar reglur, og beiting þeirra, samrýmist lögum Sambandsins. Skyldur sem stafa af alþjóðasamningum sem öll aðildarríki hafa fullgilt og eru tilgreindir í þessari tilskipun ættu einnig að gilda meðan á framkvæmd sérleyfis stendur. Þetta ætti hins vegar ekki að koma í veg fyrir að beitt sé ráðningarskilmálum og atvinnuskilyrðum sem eru hagstæðari fyrir starfsmenn. Viðkomandi ráðstöfunum ætti einnig að beita í samræmi við grundvallarreglur í löggjöf Sambandsins, einkum með það í huga að tryggja jafna meðferð. Slíkum ráðstöfunum sem eiga við ætti að beita í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/71/EB([15]), og með slíkum hætti að það tryggi jafna meðferð og að rekstraraðilum og launafólki frá öðrum aðildarríkjum sé ekki mismunað beint eða óbeint.

56) Líta ætti svo á að þjónusta sé veitt á þeim stað þar sem einkennandi þættir hennar eru framkvæmdir. Þegar þjónustu er fjarmiðlað, t.d. þjónustu sem veitt er úr þjónustuverum, ætti slík þjónusta að teljast veitt á þeim stað þar sem þjónustan er framkvæmd, án tillits til þeirra staða eða aðildarríkja sem þjónustunni er beint til.

57) Þær skyldur sem við eiga gætu endurspeglast í ákvæðum sérleyfa. Einnig ætti að vera mögulegt að setja inn ákvæði í sérleyfissamninga sem tryggja að farið sé að kjarasamningum í samræmi við lög Sambandsins. Líta má á það að viðeigandi skyldur eru ekki uppfylltar sem alvarlegt misferli af hálfu rekstraraðilans sem í hlut á, sem gæti varðað útilokun þess rekstraraðila frá útboðsferli fyrir veitingu sérleyfisins.

58) Eftirlit með því hvort farið sé að ákvæðum umhverfis-, félagsmála- og vinnulöggjafar ætti að fara fram á viðeigandi stigum útboðsferlisins fyrir sérleyfi, þegar almennum meginreglum um val á þátttakendum og samningsgerð er beitt og þegar útilokunarviðmiðunum er beitt.

59) Ekkert í þessari tilskipun ætti að koma í veg fyrir að gerðar séu ráðstafanir eða framfylgt ráðstöfunum sem eru nauðsynlegar til að vernda allsherjarreglu, almennt siðgæði, almannaöryggi, heilbrigði, líf manna og dýra eða varðveita plöntur, eða gera aðrar umhverfisráðstafanir, einkum með tilliti til sjálfbærrar þróunar, að því tilskildu að þessar ráðstafanir samrýmist sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins.

([15]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/71/EB frá 16. desember 1996 um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu (Stjtíð. EB L 18, 21.1.1997, bls. 1).

60) Til þess að tryggja trúnað meðan á útboðsferlinu stendur ættu samningsyfirvöld og samningsstofnanir, og einnig rekstraraðilar, ekki að birta upplýsingar sem hafa verið auðkenndar sem trúnaðarupplýsingar. Séu þessar skyldur ekki uppfylltar ætti það að hafa í för með sér beitingu viðurlaga, þegar og þar sem kveðið er á um slíkt í einka- eða stjórnsýslurétti aðildarríkjanna.

61) Til þess að berjast gegn svikum, hlutdrægni (e. favouritism) og spillingu og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra ættu aðildarríkin að grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja gagnsæi útboðsferlisins og jafna meðferð allra umsækjenda og bjóðenda. Slíkar ráðstafanir ættu einkum að miða að því að útrýma hagsmunaárekstrum og öðrum alvarlegum misfellum.

62) Til þess að gera öllum rekstraraðilum kleift að senda inn umsóknir og tilboð ætti samningsyfirvöldum og samningsstofnunum að bera skylda til að virða lágmarksfrest til móttöku slíkra umsókna og tilboða.

63) Mjög áríðandi er að valdar séu hæfiskröfur sem eru hóflegar, án mismununar og sanngjarnar og þeim beitt gagnvart rekstraraðilum til þess að þeir hafi greiðan aðgang að efnahagslegum tækifærum í tengslum við sérleyfi. Möguleiki umsækjenda á að reiða sig á getu annarra aðila getur einkum haft úrslitaáhrif að því er varðar að gera þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja mögulega. Því þykir rétt að kveða á um að hæfiskröfur ættu eingöngu að snúa að faglegri og tæknilegri getu rekstraraðila og fjárhagslegri og efnahagslegri stöðu þeirra, tengjast efni samningsins, koma fram í tilkynningu um sérleyfi og að þær ættu ekki að geta komið í veg fyrir að rekstraraðili reiði sig á getu annarra aðila nema við sérstakar aðstæður, óháð lagalegu eðli tengsla hans við þá aðila, geti hann sannað fyrir samningsyfirvaldinu eða samningsstofnuninni að hann muni ráða yfir nauðsynlegum úrræðum.

64) Enn fremur ætti samningsyfirvöldum eða samningsstofnunum, með betri samþættingu félagslegra sjónarmiða og umhverfissjónarmiða í útboðsferli fyrir sérleyfi í huga, að vera heimilt að nota valforsendur eða skilyrði varðandi framkvæmd sérleyfa, sem tengjast verkum eða þjónustu sem veita á samkvæmt sérleyfissamningnum, að hvaða leyti sem er og á hvaða stigi sem er á vistferli þeirra frá námi hráefna fyrir vöruna þar til vörunni er fargað, þ.m.t. þættir í hinu sérstaka ferli framleiðslu, veitingar eða viðskipta með þau verk eða þjónustu eða í sérstöku ferli á síðara stigi í vistferli þeirra, jafnvel þótt slíkir þættir séu ekki hluti af efni þeirra. Forsendur og skilyrði sem varða slíkt framleiðslu- eða veitingarferli eru t.d. að þjónusta, sem sérleyfið snýst um, sé veitt með orkunýtnum vélum. Í samræmi við dómaframkvæmd Evrópudómstólsins tekur þetta einnig til valforsendna eða skilyrða varðandi framkvæmd sérleyfa sem varða notkun vara sem framleiddar eru í samræmi við sanngjörn viðskipti (e. fair trade) við framkvæmd sérleyfisins sem á að veita. Forsendur og skilyrði sem varða viðskipti og skilyrði þeirra geta t.a.m. varðað kröfuna um greiðslu lágmarksverðs auk álags til undirverktaka. Skilyrði varðandi framkvæmd sérleyfa sem varða umhverfissjónarmið gætu t.d. náð yfir lágmörkun úrgangs eða auðlindanýtni.

65) Beita ætti forsendum fyrir vali tilboðs eða skilyrðum varðandi framkvæmd sérleyfa að því er varðar félagslega þætti framleiðsluferlisins í samræmi við tilskipun 96/71/EB eins og hún hefur verið túlkuð af Evrópudómstólnum, og ætti ekki að velja forsendurnar og skilyrðin eða beita þeim þannig að í því felist bein eða óbein mismunun rekstraraðila frá öðrum aðildarríkjum eða þriðju löndum sem eiga aðild að samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup (samningnum um opinber innkaup) eða fríverslunarsamningum sem Sambandið er aðili að. Því ættu kröfur varðandi grundvallarvinnuskilyrði, sem reglur eru settar um í tilskipun 96/71/EB, s.s. um lágmarkslaun, að vera áfram þær sem settar eru með landslöggjöf eða kjarasamningum sem beitt er í samræmi við lög Sambandsins í tengslum við þá tilskipun. Skilyrðum um framkvæmd sérleyfa gæti einnig verið ætlað að stuðla að framkvæmd ráðstafana til að efla jafnrétti kvenna og karla í vinnu, aukinni þátttöku kvenna á vinnumarkaði og samræmingu vinnu og einkalífs, verndun umhverfisins eða velferð dýra, því að farið sé efnislega að grundvallarsamningum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og að ráðið sé fleira fólk sem stendur höllum fæti en krafist er samkvæmt landslöggjöf.

66) Ráðstafanir til að vernda heilsu starfsfólks sem tekur þátt í framkvæmd sérleyfanna, til að efla félagslega aðlögun fólks sem stendur höllum fæti eða þeirra sem tilheyra berskjölduðum hópum meðal þeirra sem falið er að framkvæma sérleyfin eða að veita þjálfun í þeirri kunnáttu sem nauðsynleg er fyrir viðkomandi sérleyfi, geta líka verið meðal forsendna fyrir vali tilboðs eða skilyrða varðandi framkvæmd sérleyfa, að því tilskildu að þær snúi að verkum eða þjónustu sem veitt er samkvæmt sérleyfinu. Til dæmis gætu slíkar forsendur eða skilyrði m.a. vísað til ráðningar umsækjenda sem hafa verið lengi atvinnulausir, framkvæmdar ráðstafana til að þjálfa atvinnulausa eða ungmenni við framkvæmd sérleyfanna sem veita skal. Samningsyfirvöld geta í tækniforskriftum kveðið á um slíkar félagslegar kröfur sem einkenna með beinum hætti viðkomandi vöru eða þjónustu, svo sem aðgengi fyrir fatlaða eða hönnun fyrir alla notendur.

67) Tækni- og virknikröfurnar sem samningsyfirvöld og samningsstofnanir semja, verða að vera á þann veg að opnað sé fyrir samkeppni að því er varðar veitingu sérleyfa. Þessar kröfur ættu að skilgreina þá eiginleika sem krafist er að verk og/eða þjónusta sem fellur undir sérleyfið hafi til að bera og gætu vísað til sérstaks ferlis við framleiðslu eða veitingu viðkomandi verka eða þjónustu, að því tilskildu að þær tengist efni sérleyfisins og séu í réttu hlutfalli við verðmæti þess og markmið. Hið sérstaka framleiðsluferli gæti tekið til krafna er varða aðgengi fyrir fatlaða eða árangur í umhverfismálum. Þessar tækni- og virknikröfur ættu að koma fram í skjölunum sem varða sérleyfin og ættu að vera í samræmi við meginreglur um jafna meðferð og gagnsæi. Þær ætti að semja með þeim hætti að komið sé í veg fyrir að þrengt sé að samkeppni með óeðlilegum hætti, einkum með kröfum sem eru tilteknum rekstraraðilum í hag með því að endurspegla lykileinkenni vara, þjónustu eða verka sem umræddur rekstraraðili veitir venjulega. Samningsyfirvöld eða samningsstofnanir ættu ávallt að íhuga tilboð um verk og/eða þjónustu, þ.m.t. vörur sem tengjast slíkum verkum og þjónustu, sem samræmast með jafngildum hætti þeim eiginleikum sem krafist er.

68) Sérleyfi eru venjulega flókið fyrirkomulag til langs tíma þar sem sérleyfishafinn tekur á sig skyldur og áhættu sem venjulega eru á herðum samningsyfirvalda og samningsstofnana og falla venjulega undir þeirra valdsvið. Því ætti, með fyrirvara um að farið sé að þessari tilskipun og að meginreglunum um gagnsæi og jafna meðferð, að veita samningsyfirvöldum og samningsstofnunum verulegt ákvörðunarvald þegar kemur að því að skilgreina og skipuleggja málsmeðferðina sem leiðir til vals á sérleyfishafa. Rétt þykir hins vegar, til þess að tryggja jafna meðferð og gagnsæi í öllu veitingarferlinu, að kveða á um grundvallartryggingar er varða veitingarferlið, þ.m.t. upplýsingar um eðli og umfang sérleyfisins, takmörkun á fjölda umsækjenda, miðlun upplýsinga til umsækjenda og bjóðenda og aðgengi að viðeigandi skráðum upplýsingum. Einnig er nauðsynlegt að kveða á um að ekki megi víkja frá upprunalegum skilmálum tilkynningarinnar um sérleyfi til þess að koma í veg fyrir ósanngjarna meðferð mögulegra umsækjenda.

69) Ekki ætti að veita rekstraraðilum sérleyfi, sem hafa tekið þátt í skipulögðum brotasamtökum eða hafa verið fundnir sekir um spillingu, svik sem hafa skaðað fjárhagslega hagsmuni Sambandsins, hryðjuverk, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða mansal. Aðildarríki ættu hins vegar að geta kveðið á um undanþágur frá þessum skyldubundnu útilokunum í undantekningartilvikum þegar kröfur sem vega þyngra í þágu almannahagsmuna gera það að verkum að samningsgerð er óhjákvæmileg. Vangreiðsla skatta eða framlaga til almannatrygginga ætti einnig að varða skyldubundinni útilokun á Sambandsvísu.

70) Enn fremur ætti samningsyfirvöldum og samningsstofnunum að vera gert kleift að útiloka rekstraraðila, sem hafa reynst óáreiðanlegir, t.d. vegna alvarlegra og endurtekinna brota á skyldum vegna umhverfismála eða í félagslegu tilliti, þ.m.t. reglur um aðgengi fatlaðra eða annars konar alvarlegt misferli í starfsemi í viðkomandi atvinnugrein, s.s. brot gegn samkeppnisreglum eða hugverkaréttindum. Koma ætti skýrt fram að alvarlegt misferli í starfsemi í viðkomandi atvinnugrein getur gert það að verkum að heiðarleiki rekstraraðila sé dreginn í efa og þannig gert rekstraraðilann illa til þess fallinn að fá sérleyfissamning, óháð því hvort hann hefði annars yfir að ráða þeirri tæknilegu og efnahagslegu getu sem þarf til að framkvæma samninginn. Með það í huga að samningsyfirvaldið eða samningsstofnunin ber ábyrgð á afleiðingum mögulegra rangra ákvarðana ættu samningsyfirvöld og samningsstofnanir áfram að geta talið að alvarlegt misferli í starfsemi í viðkomandi atvinnugrein hafi átt sér stað þegar þau geta sýnt fram á það með viðeigandi hætti, áður en endanleg og bindandi ákvörðun er tekin um tilvist skyldubundinna útilokunarástæðna, að rekstraraðili hafi brotið gegn skyldum sínum, þ.m.t. skyldur er varða greiðslu skatta eða framlaga til almannatrygginga, nema kveðið sé á um annað í landslögum. Samningsyfirvöld og samningsstofnanir ættu einnig að geta útilokað umsækjendur eða bjóðendur þegar framkvæmd þeirra á fyrri sérleyfum eða öðrum samningum við samningsyfirvöld eða samningsstofnanir var verulega áfátt að því er varðar efnislegar kröfur, t.d. skortur á efndum eða framkvæmd, alvarlegir annmarkar á vörunni eða þjónustunni sem veitt var, sem gerðu hana ónothæfa í tilætluðum tilgangi, eða röng háttsemi sem olli verulegum vafa um áreiðanleika rekstraraðilans. Landslög ættu að kveða á um hámarkslengd slíkrar útilokunar.

71) Þó ætti að taka tillit til möguleika rekstraraðila á að gera ráðstafanir til að fara að reglum í þeim tilgangi að bæta fyrir afleiðingar hvers konar refsilagabrota eða misferlis og koma með áhrifaríkum hætti í veg fyrir fleiri tilvik rangrar háttsemi. Slíkar ráðstafanir gætu einkum snúið að starfsfólki eða skipulagi, svo sem að rjúfa öll tengsl við fólk eða stofnanir sem tóku þátt í misferlinu, gera viðeigandi ráðstafanir til endurskipulagningar varðandi starfsfólk, innleiða tilkynningakerfi og eftirlitskerfi, koma á fyrirkomulagi fyrir innri endurskoðun til að fylgjast með því að farið sé að reglum og samþykkja innri reglur um ábyrgð og bætur. Þegar slíkar ráðstafanir veita nægilega tryggingu ætti ekki að útiloka viðkomandi rekstraraðila lengur einvörðungu af þessum sökum. Rekstraraðilar ættu að geta óskað eftir að ráðstafanir til að fara að reglum, sem gerðar eru með það í huga að gera þátttöku þeirra í útboðsferli fyrir sérleyfi mögulega, verði skoðaðar. Hins vegar ætti að eftirláta aðildarríkjum að ákveða nákvæmlega þau formlegu og efnislegu skilyrði sem gilda um slíka tilvik. Þau ættu einkum að geta ákveðið hvort þau leyfi einstökum samningsyfirvöldum

eða samningsstofnunum að framkvæma viðkomandi mat eða fá það öðrum yfirvöldum í hendur með miðlægum eða dreifstýrðum hætti.

72) Mikilvægt er að tryggt sé að undirverktakar fari að skyldum sem við eiga á sviði umhverfis-, félagsmála- og vinnuréttar, sem byggjast á lögum Sambandsins, landslögum, kjarasamningum eða ákvæðum alþjóðlegrar umhverfis-, félagsmála- eða vinnulöggjafar sem talin eru upp í þessari tilskipun, að því tilskildu að slíkar reglur, og beiting þeirra, séu í samræmi við lög Sambandsins, með viðeigandi aðgerðum lögbærra landsyfirvalda, s.s. vinnueftirlitsstofnana eða umhverfisverndarstofnana, innan marka ábyrgða þeirra og valdsviða. Einnig er nauðsynlegt að tryggja nokkurt gagnsæi í undirverktakakeðjunni, þar sem það veitir samningsyfirvöldum og samningsstofnunum upplýsingar um hverjir eru til staðar á byggingarsvæðum þar sem unnið er að verkum í þeirra þágu, eða hvaða fyrirtæki veita þjónustu í eða við byggingar, grunnvirki eða svæði, s.s. ráðhús, skóla í eigu sveitarfélaga, íþróttamannvirki, hafnir eða hraðbrautir, sem samningsyfirvöld bera ábyrgð á eða hafa umsjón með. Koma ætti skýrt fram að skyldan til að veita tilskildar upplýsingar hvílir alltaf á sérleyfishafanum, annað hvort á grundvelli sérstakra skilmála, sem hvert samningsyfirvald eða samningsstofnun þyrfti að fella inn í öll útboðsferli, eða á grundvelli skyldna sem aðildarríki legðu á sérleyfishafann með almennt gildandi ákvæðum.

Einnig ætti að koma skýrt fram að skilyrði um framfylgd þess að farið sé að viðeigandi skyldum á sviði umhverfis-, félagsmála- og vinnuréttar, sem byggjast á lögum Sambandsins, landslögum, kjarasamningum eða ákvæðum alþjóðlegrar umhverfis-, félagsmála- eða vinnulöggjafar, sem talin eru upp í þessari tilskipun, ættu að gilda þegar landslög aðildarríkis kveða á um kerfi sameiginlegrar ábyrgðar undirverktaka og sérleyfishafa, að því tilskildu að slíkar reglur og beiting þeirra samrýmist löggjöf Sambandsins. Enn fremur ætti að taka ótvírætt fram að aðildarríki ættu að geta gengið lengra, til dæmis með því að víkka út skyldur um gagnsæi eða með því að gera samningsyfirvöldum eða samningsstofnunum kleift eða skylda þau til að ganga úr skugga um að ekki sé þannig ástatt um undirverktaka að útilokun rekstraraðila eigi við. Þegar slíkum ráðstöfunum er beitt gagnvart undirverktökum ætti að tryggja samræmi við ákvæðin sem gilda um sérleyfishafann, svo að sérleyfishafanum sé gert að skipta út viðkomandi undirverktaka ef bindandi útilokunarástæður eru fyrir hendi. Ef slík athugun leiðir í ljós útilokunarástæður sem ekki eru bindandi ætti að koma fram að samningsyfirvöld eða samningsstofnanir geti gert kröfu um að undirverktakanum sé skipt út. Hins vegar ætti einnig að koma ótvírætt fram að samningsyfirvöldum eða samningsstofnunum getur verið skylt að krefjast þess að viðkomandi undirverktaka sé skipt út ef útilokun sérleyfishafans væri skyldubundin við slíkar aðstæður. Einnig ætti að koma ótvírætt fram að aðildarríkjum er áfram frjálst að kveða á um strangari reglur um bótaábyrgð í landslögum.

73) Samningsyfirvöld eða samningsstofnanir ættu að meta tilboð á grundvelli einnar eða fleiri valforsendna. Til þess að tryggja gagnsæi og jafna meðferð ættu forsendur fyrir veitingu sérleyfa ávallt að vera í samræmi við einhverja almenna staðla. Þeir staðlar geta vísað til þátta sem eru ekki alfarið efnahagslegir, en hafa áhrif á verðmæti tilboðs frá sjónarhorni samningsyfirvaldsins eða samningsstofnunarinnar og gera kleift að greina efnahagslegan heildarávinning fyrir samningsyfirvaldið eða samningsstofnunina. Birta ætti öllum umsækjendum eða bjóðendum forsendurnar fyrirfram, þær ættu að tengjast efni samningsins og ættu ekki að veita samningsyfirvaldinu eða samningsstofnuninni ótakmarkað ákvörðunarvald. Þær ættu að gera virka samkeppni mögulega og þeim ættu að fylgja kröfur sem gera kleift að sannreyna með skilvirkum hætti þær upplýsingar sem bjóðendur veita. Það ætti að vera unnt að láta forsendur fyrir vali tilboðs innihalda m.a. umhverfislegar, félagslegar eða nýsköpunartengdar forsendur. Samningsyfirvöld eða samningsstofnanir ættu einnig að tilgreina forsendur fyrir vali tilboðs í forgangsröð eftir mikilvægi til þess að tryggja jafna meðferð mögulegra bjóðenda með því að gera þeim kleift að vera meðvitaðir um alla þætti sem koma til skoðunar þegar þeir útbúa tilboð sín.

Í undantekningartilvikum, ef samningsyfirvaldi eða samningsstofnun berst tilboð þar sem lögð er til nýstárleg lausn með óvenjumikið nothæfi, sem samningsyfirvald eða samningsstofnun, sem sýnir kostgæfni, gat ekki séð fyrir, ættu samningsyfirvaldið eða samningsstofnunin í undantekningartilvikum að geta breytt röð forsendna fyrir vali tilboðs til að hafa hliðsjón af nýjum möguleikum sem til verða með þessari nýstárlegu lausn, að því tilskildu að slík breyting tryggi jafna meðferð allra bjóðenda og mögulegra bjóðenda, með nýju útboði eða, þar sem við á, með birtingu nýrrar tilkynningar um sérleyfi.

74) Rafrænar aðferðir til að veita upplýsingar og samskiptaaðferðir geta einfaldað mjög birtingu sérleyfa og aukið skilvirkni, hraða og gagnsæi útboðsferla fyrir sérleyfi. Þær gætu orðið hin hefðbundna aðferð fyrir samskipti og skipti á upplýsingum í útboðsferlum fyrir sérleyfi þar sem þær auka verulega möguleika rekstraraðila til að taka þátt í útboðsferlum fyrir sérleyfi á öllum innri markaðnum.

75) Að jafnaði fela sérleyfissamningar í sér flókið tæknilegt og fjárhagslegt fyrirkomulag til langs tíma, sem er oft háð breytilegum aðstæðum. Því er nauðsynlegt að skýra við hvaða aðstæður breytingar, sem verða á sérleyfi meðan á framkvæmd þess stendur, gera nýtt útboðsferli fyrir sérleyfi nauðsynlegt, með hliðsjón af viðkomandi dómaframkvæmd Evrópudómstólsins. Nýtt útboðsferli fyrir sérleyfi er nauðsynlegt ef um er að ræða efnislegar breytingar á upphaflega sérleyfinu, einkum á umfangi og efni gagnkvæmra réttinda og skyldna aðilanna, þ.m.t. skiptingu hugverkaréttinda. Slíkar breytingar sýna vilja aðilanna til að endursemja um nauðsynlega skilmála eða skilyrði þess sérleyfis. Þetta á einkum við ef hin breyttu skilyrði hefðu haft áhrif á útkomu útboðsins hefðu þau verið hluti af upprunalega útboðinu. Breytingar á sérleyfi sem valda minniháttar breytingum á samningsfjárhæðinni upp að vissri viðmiðunarfjárhæð ættu alltaf að vera mögulegar án þess að bjóða sérleyfið út upp á nýtt. Í því skyni og til þess að tryggja réttarvissu ætti þessi tilskipun að kveða á um lágmarksviðmiðunarfjárhæð og sé fjárhæðin undir henni þarf ekki að hefja nýtt útboðsferli. Unnt ætti að vera að gera breytingar á sérleyfi umfram þessa viðmiðunarfjárhæð án nýs útboðsferlis, að því marki sem slíkar breytingar samrýmast sérstökum skilyrðum. Það gæti t.d. átt við um breytingar sem hafa orðið nauðsynlegar í kjölfar þarfarinnar á að verða við beiðnum frá samningsyfirvöldum eða samningsstofnunum að því er varðar öryggiskröfur og með tilliti til sérkenna slíkrar starfsemi, t.d. starfrækslu á aðstöðu fyrir fjallaíþróttir og ferðamennsku, þar sem löggjöf gæti þróast til að bregðast við tengdum hættum, að því marki sem slíkar breytingar eru í samræmi við viðkomandi skilyrði sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

76) Samningsyfirvöld og samningsstofnanir geta staðið andspænis ytri kringumstæðum sem þau gátu ekki séð fyrir þegar þau veittu sérleyfin, einkum þegar framkvæmd sérleyfisins nær til langs tíma. Í slíkum tilvikum er viss sveigjanleiki nauðsynlegur til að laga sérleyfið að aðstæðum án nýs útboðsferlis. Hugtakið ófyrirsjáanlegar aðstæður vísar til aðstæðna sem ekki hefði verið hægt að spá fyrir um þrátt fyrir vandlegan undirbúning samningsyfirvaldsins eða samningsstofnunarinnar á upphaflegri veitingu sérleyfisins með tilliti til færra leiða, eðlis og einkenna hins tiltekna verkefnis, góðra starfsvenja á viðkomandi sviði og þarfarinnar á að tryggja eðlileg tengsl milli þess sem varið er í að undirbúa veitingu sérleyfisins og fyrirsjáanlegs verðmætis þess. Hins vegar getur þetta ekki átt við þegar breyting leiðir til breytinga á eðli sérleyfisins í heild, t.d. með því að eitthvað annað komi í stað verkanna sem vinna á eða þjónustunnar sem á að veita eða með því að tegund sérleyfisins sé breytt í grundvallaratriðum þar sem gera má ráð fyrir því í slíkum tilvikum að það hafi möguleg áhrif á útkomuna. Vegna sérleyfa sem veitt eru í þágu annarrar starfsemi en þeirrar sem um getur í II. viðauka ætti aukning á verðmæti sem ekki krefst nýs útboðsferlis ekki að vera umfram 50% af verðmæti upprunalega sérleyfisins. Þegar nokkrar breytingar eru gerðar í röð, hver á eftir annarri, ætti þessi takmörkun að gilda um verðmæti hverrar breytingar. Slíkar breytingar, sem gerðar eru hver á eftir annarri, ættu ekki að miða að því að sniðganga þessa tilskipun.

77) Í samræmi við meginreglurnar um jafna meðferð og gagnsæi ætti ekki að skipta út hlutskarpasta bjóðandanum fyrir annan rekstraraðila, t.d. þar sem sérleyfi er slitið vegna annmarka við efndir, án þess að efnt sé á ný til samkeppni um sérleyfið. Hlutskarpasti bjóðandinn sem framkvæmir sérleyfið ætti hins vegar, einkum þar sem sérleyfið hefur verið veitt hópi rekstraraðila, að geta farið í gegnum tilteknar skipulagsbreytingar á meðan framkvæmd sérleyfisins stendur, s.s. hreina innri endurskipulagningu, yfirtökur, samruna og kaup eða ógjaldfærni. Slíkar skipulagsbreytingar ættu ekki sjálfkrafa að kalla á nýtt útboðsferli fyrir sérleyfið sem sá bjóðandi framkvæmir.

78) Samningsyfirvöld og samningsstofnanir ættu að hafa möguleika á að kveða á um breytingar á sérleyfi með ákvæðum um endurskoðun eða valmöguleika en slík ákvæði ættu ekki að veita þeim ótakmarkað ákvörðunarvald. Því ætti að setja fram í þessari tilskipun upp að hvaða marki kveða má á um breytingar í upphaflega sérleyfinu. Því ætti að koma skýrt fram að nægilega skýrlega orðuð ákvæði um endurskoðun eða valmöguleika geti m.a. kveðið á um verðtryggingu eða tryggt að t.d. fjarskiptabúnaður sem ber að afhenda á tilteknu tímabili henti áfram, einnig ef um er að ræða breytilegar samskiptareglur eða aðrar tæknilegar breytingar. Einnig ætti að vera mögulegt, samkvæmt nægilega skýrum ákvæðum, að kveða á um breytingar á sérleyfinu sem hafa orðið nauðsynlegar vegna tæknilegra örðugleika sem hafa komið upp við starfrækslu eða viðhald. Einnig ætti að minna á að sérleyfi gætu t.d. varðað bæði hefðbundið viðhald og kveðið á um sérstök inngrip vegna viðhalds sem kann að vera nauðsynlegt til þess að tryggja áframhaldandi veitingu opinberrar þjónustu.

79) Samningsyfirvöld og samningsstofnanir gætu staðið frammi fyrir því að frekari verka eða þjónustu sé þörf. Í slíkum tilvikum ætti að teljast réttlætanlegt að breyta upprunalega sérleyfinu án þess að nýtt útboðsferli fyrir sérleyfi komi til, að því tilskildu að skilyrðin sem kveðið er á um í þessari tilskipun séu uppfyllt.

80) Samningsyfirvöldin og samningsstofnanirnar standa stundum frammi fyrir aðstæðum sem krefjast þess að sérleyfinu sé slitið fyrr en til stóð, til þess að farið sé að skyldum samkvæmt lögum Sambandsins á sviði sérleyfa. Aðildarríkin ættu því að tryggja að samningsyfirvöld og samningsstofnanir eigi þess kost að slíta sérleyfinu, í samræmi við skilyrði sem kveðið er á um í landslögum, á meðan það er í gildi, ef þess er krafist samkvæmt lögum Sambandsins.

81) Til þess að tryggja nægilega réttarvernd umsækjenda og bjóðenda í útboðsferlinu fyrir sérleyfi, ásamt því að gera framfylgd þessarar tilskipunar og meginreglna sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skilvirka, ætti tilskipun ráðsins 89/665/EBE ([16]) og tilskipun ráðsins 92/13/EBE ([17]) einnig að gilda um sérleyfissamninga um þjónustu og verk sem gerðir eru bæði af samningsyfirvöldum og samningsstofnunum. Því ætti að breyta tilskipunum 89/665/EBE og 92/13/EBE til samræmis við það.

82) Vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt þessari tilskipun ætti að falla undir gildissvið tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ([18]).

83) Aðildarríki þurfa að fylgjast stöðugt og skipulega með framkvæmd og virkni reglna um gerð sérleyfissamninga til þess að tryggja skilvirka og samræmda beitingu laga Sambandsins.

84) Framkvæmdastjórnin ætti að meta efnahagsleg áhrif notkunar þeirra viðmiðunarfjárhæða, sem settar eru fram í þessari tilskipun og undantekningarinnar sem sett er fram í 12. gr., á innri markaðinn, einkum að því er varðar þætti svo sem gerð samninga yfir landamæri, þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja og viðskiptakostnað, með tilliti til sérstakrar uppbyggingar vatnsgeirans. Framkvæmdastjórnin ætti að gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu þar um eigi síðar en 18. apríl 2019. Í samræmi við 7. mgr. XXIV gr. samningsins um opinber innkaup eiga samningsaðilar að eiga með sér frekari viðræður um hann þremur árum eftir að hann öðlast gildi og með reglubundnum hætti þar á eftir. Í þessu samhengi ætti að kanna, í tengslum við viðræðurnar samkvæmt samningnum um opinber innkaup, hversu viðeigandi viðmiðunarfjárhæðirnar eru, með tilliti til áhrifa verðbólgu og viðskiptakostnaðar. Framkvæmdastjórnin ætti, þegar það er hægt og við hæfi, að taka til skoðunar að leggja til að viðmiðunarfjárhæðir, sem eiga við samkvæmt samningnum um opinber innkaup, verði hækkaðar í næstu viðræðum. Verði einhver breyting á þessum viðmiðunarfjárhæðum ætti tillaga að nýrri löggjöf um breytingar á viðmiðunarfjárhæðinni sem sett er fram í þessari tilskipun að fylgja eftir skýrslu framkvæmdastjórnarinnar, þar sem við á.

85) Til þess að aðlagast hraðri tæknilegri og efnahagslegri þróun og þróun á sviði reglusetningar ætti að framselja vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290 gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins til framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar endurskoðun á skránni yfir gerðir sem sett er fram í III. viðauka, endurskoðun á tæknilegum útfærslum aðferða til útreiknings á viðmiðunarfjárhæðinni ásamt reglubundinni endurskoðun á viðmiðunarfjárhæðinni sjálfri, breytingum á tilvísunum til flokkunarkerfis sameiginlega innkaupaorðasafnsins og breytingum á skránni yfir gerðir sem sett er fram í X. viðauka. Einkar mikilvægt er að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

86) Til þess að tryggja samræmd skilyrði varðandi samningu og afhendingu tilkynninga og fyrir sendingu og útgáfu gagna sem um getur í V., VII. og VIII. viðauka ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu valdi ber að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([19]). Beita ætti ráðgjafarnefndarmeðferð við samþykkt framkvæmdargerða sem hafa hvorki áhrif á fjárhagsstöðu né á eðli og umfang skyldna sem stafa af þessari tilskipun. Þessar gerðir einkennir, þvert á móti, að þær þjóna einvörðungu stjórnsýslulegum tilgangi og er ætlað að auðvelda beitingu þessarar tilskipunar.

87) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að samræma lög og stjórnsýslufyrirmæli aðildarríkjanna um beitingu tiltekinna útboðsferla fyrir sérleyfi, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs og áhrifa aðgerðanna, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná því markmiði.

([16]) Tilskipun ráðsins 89/665/EBE frá 21. desember 1989 um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna á reglum um meðferð kæru vegna útboðs og gerðar opinberra vörukaupa- og verksamninga (Stjtíð. EB L 395, 30.12.1989, bls. 33).

([17]) Tilskipun ráðsins 92/13/EBE frá 25. febrúar 1992 um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla um beitingu á reglum Bandalagsins um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti (Stjtíð. EB 76, 23.3.1992, bls. 14).

([18]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

([19]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

88) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl, hafa aðildarríki skuldbundið sig, í rökstuddum tilvikum, til að láta tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar fylgja eitt eða fleiri skjöl sem skýra út sambandið milli innihalds tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga. Að því er varðar þessa tilskipun telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé rökstudd.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. BÁLKUR: EFNI, GILDISSVIÐ, MEGINREGLUR OG SKILGREININGAR

I. KAFLI: Gildissvið, almennar meginreglur og skilgreiningar

I. ÞÁTTUR: EFNI, GILDISSVIÐ, ALMENNAR MEGINREGLUR, SKILGREININGAR OG VIÐMIÐUNARFJÁRHÆÐ

1. gr.: Efni og gildissvið

2. gr.: Meginreglan um frjálsa stjórnsýslu opinberra yfirvalda

3. gr.: Meginreglan um jafna meðferð, bann við mismunun og gagnsæi

4. gr.: Frelsi til að skilgreina þjónustu í almannaþágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu

5. gr.: Skilgreiningar

6. gr.: Samningsyfirvöld

7. gr.: Samningsstofnanir

8. gr.: Viðmiðunarfjárhæð og aðferðir til að reikna út áætlað verðmæti sérleyfa

9. gr.: Endurskoðun viðmiðunarfjárhæðar

II. ÞÁTTUR: UNDANTEKNINGAR

10. gr.: Undantekningar sem gilda um sérleyfi sem samningsyfirvöld og samningsstofnanir veita

11. gr.: Sérstakar undantekningar á sviði rafrænna fjarskipta

12. gr.: Sérstakar undantekningar á sviði vatns

13. gr.: Sérleyfi sem veitt eru eignatengdu fyrirtæki

14. gr.: Sérleyfi sem veitt eru fyrirtæki um sameiginlegt verkefni eða samningsstofnun sem á hlut að fyrirtæki um sameiginlegt verkefni

15. gr.: Tilkynning samningsstofnana um upplýsingar

16. gr.: Undantekning vegna starfsemi sem er í beinni samkeppni

17. gr.: Sérleyfi milli opinberra aðila

III. ÞÁTTUR: ALMENN ÁKVÆÐI

18. gr.: Tímalengd sérleyfis

19. gr.: Félagsþjónusta og önnur sértæk þjónusta

20. gr.: Blandaðir samningar

21. gr.: Blandaðir innkaupasamningar sem hafa hliðar er snúa að vörnum eða öryggi

22. gr.: Samningar sem taka bæði til starfsemi sem um getur í II. viðauka og annarrar starfsemi

23. gr.: Sérleyfi sem taka bæði til starfsemi sem um getur í II. viðauka og starfsemi sem hefur hliðar sem snúa að vörnum og öryggi

IV. ÞÁTTUR: SÉRSTAKAR AÐSTÆÐUR

24. gr.: Sérleyfi bundin við ákveðna hópa

25. gr.: Þjónusta tengd rannsóknum og þróun

II. KAFLI: Meginreglur

26. gr.: Rekstraraðilar

27. gr.: Flokkunarkerfi

28. gr.: Trúnaðarkvaðir

29. gr.: Reglur um samskipti

II. BÁLKUR REGLUR UM VEITINGU SÉRLEYFA: ALMENNAR MEGINREGLUR OG KRÖFUR UM FRAMKVÆMD

I. KAFLI: Almennar meginreglur

30. gr.: Almennar meginreglur

31. gr.: Tilkynningar um sérleyfi

32. gr.: Tilkynningar um veitingu sérleyfis

33. gr.: Form tilkynninga og aðferð við birtingu þeirra

34. gr.: Rafrænt aðgengi að skjölum sem varða sérleyfi

35. gr.: Barátta gegn spillingu og komið í veg fyrir hagsmunaárekstra

II. KAFLI: Kröfur um framkvæmd

36. gr.: Tækni- og virknikröfur

37. gr.: Kröfur um framkvæmd

38. gr.: Val og eigindlegt mat á umsækjendum

39. gr.: Frestir fyrir móttöku umsókna um og tilboða í sérleyfi

40. gr.: Miðlun upplýsinga til umsækjenda og bjóðenda

41. gr.: Forsendur fyrir vali tilboðs

III. BÁLKUR: REGLUR UM FRAMKVÆMD SÉRLEYFA

42. gr.: Undirverktakastarfsemi

43. gr.: Breyting samninga á gildistíma þeirra

44. gr.: Slit sérleyfis

45. gr.: Vöktun og skýrslugjöf

IV. BÁLKUR: BREYTINGAR Á TILSKIPUNUM 89/665/EBE OG 92/13/EBE

46. gr.: Breytingar á tilskipun 89/665/EBE

47. gr.: Breytingar á tilskipun 92/13/EBE

V. BÁLKUR: FRAMSELT VALD, FRAMKVÆMDARVALD OG LOKAÁKVÆÐI

48. gr.: Beiting framsals

49. gr.: Flýtimeðferð

50. gr.: Nefndarmeðferð

51. gr.: Lögleiðing

52. gr.: Umbreytingarákvæði

53. gr.: Vöktun og skýrslugjöf

54. gr.: Gildistaka

55. gr.: Viðtakendur

VIÐAUKAR:

I. VIÐAUKI: YFIRLIT YFIR STARFSEMI SEM UM GETUR Í 7. LIÐ 5. GR.

II. VIÐAUKI: STARFSEMI Á VEGUM SAMNINGSSTOFNANA SEM UM GETUR Í 7. GR.

III. VIÐAUKI: SKRÁ YFIR RÉTTARGERÐIR SAMBANDSINS SEM UM GETUR Í B-LIÐ 2. MGR. 7. GR.

IV. VIÐAUKI: ÞJÓNUSTA SEM UM GETUR Í 19. GR.

V. VIÐAUKI: UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í TILKYNNINGUM UM SÉRLEYFI SEM UM GETUR Í 31. GR.

VI. VIÐAUKI: UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í KYNNINGARTILKYNNINGUM VARÐANDI SÉRLEYFI FYRIR FÉLAGSÞJÓNUSTU OG AÐRA SÉRTÆKA ÞJÓNUSTU SEM UM GETUR Í 3. MGR. 31. GR.

VII. VIÐAUKI: UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í TILKYNNINGUM UM VEITINGU SÉRLEYFIS SEM UM GETUR Í 32. GR.

VIII. VIÐAUKI: UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í TILKYNNINGUM UM VEITINGU SÉRLEYFIS FYRIR FÉLAGSÞJÓNUSTU OG AÐRA SÉRTÆKA ÞJÓNUSTU SEM UM GETUR Í 32. GR.

IX. VIÐAUKI: BIRTING

X. VIÐAUKI: SKRÁ YFIR ALÞJÓÐLEGAR SAMÞYKKTIR Á SVIÐI FÉLAGSMÁLA OG UMHVERFISMÁLA SEM UM GETUR Í 3. MGR. 30. GR.

XI. VIÐAUKI: UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í TILKYNNINGUM UM BREYTINGAR Á SÉRLEYFI Á GILDISTÍMA ÞESS SKV. 43. GR.

I. BÁLKUR

EFNI, GILDISSVIÐ, MEGINREGLUR OG SKILGREININGAR

I. KAFLI

Gildissvið, almennar meginreglur og skilgreiningar

I. þáttur

Efni, gildissvið, almennar meginreglur, skilgreiningar og viðmiðunarfjárhæð

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Með þessari tilskipun er komið á reglum um málsmeðferð samningsyfirvalda og samningsstofnana við opinber innkaup með veitingu sérleyfis, sem metið er að sé að verðmæti ekki lægra en sem nemur viðmiðunarfjárhæðinni sem mælt er fyrir um í 8. gr.

2. Þessi tilskipun gildir um gerð sérleyfissamninga um verk eða þjónustu við rekstraraðila af hálfu:

a) samningsyfirvalda eða

b) samningsstofnana, að því tilskildu að verkið eða þjónustan séu ætluð til einhverrar þeirrar starfsemi sem um getur í II. viðauka.

3. Beiting tilskipunar þessarar er með fyrirvara um ákvæði 346. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

4. Samningar, ákvarðanir eða aðrir lagagerningar þar sem vald eða ábyrgð til að framkvæma verkefni sem heyra undir hið opinbera færast milli samningsyfirvalda eða samningsstofnana eða hópa samningsyfirvalda eða samningsstofnana, og sem kveða ekki á um endurgjald fyrir samningsefndir, teljast vera innri málefni viðkomandi aðildarríkis og hefur tilskipunin engin áhrif á þau sem slík.

2. gr.

Meginreglan um frjálsa stjórnsýslu opinberra yfirvalda

1. Í þessari tilskipun er meginreglan um frjálsa stjórnsýslu lands-, svæðis- og staðaryfirvalda viðurkennd í samræmi við landslög og lög Sambandsins. Þessum yfirvöldum er frjálst að ákveða hvernig best sé að framkvæma verk eða veita þjónustu, einkum til að tryggja hátt gæðastig, öryggi og viðráðanlegt verð, jafna meðferð og stuðla að almennum aðgangi og réttindum notenda í tengslum við opinbera þjónustu. Þessi yfirvöld geta kosið að sinna verkefnum sínum í þágu almannahagsmuna með þeim föngum sem þau hafa yfir að ráða eða í samvinnu við önnur yfirvöld eða fá þau í hendur rekstraraðilum.

2. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á tilhögun eignarréttar í aðildarríkjunum. Einkum kveður hún ekki á um einkavæðingu opinberra fyrirtækja sem veita almenningi þjónustu.

3. gr.

Meginreglan um jafna meðferð, bann við mismunun og gagnsæi

1. Samningsyfirvöld og samningsstofnanir skulu gæta að jafnri meðferð án mismununar, gagnsæi og meðalhófi í samskiptum við rekstraraðila.

Útboðsferli fyrir sérleyfi, þ.m.t. mat á verðmæti þess, skal ekki hagað af ásetningi þannig að það falli utan gildissviðs þessarar tilskipunar eða þannig að það sé með óréttmætum hætti gert hagstæðara eða óhagstæðara tilteknum rekstraraðilum eða tilteknum verkum, vörum eða þjónustu.

2. Samningsyfirvöld og samningsstofnanir skulu stefna að því að tryggja gagnsæi útboðsferlisins og framkvæmd samningsins og jafnframt fylgja 28. gr.

4. gr.

Frelsi til að skilgreina þjónustu í almannaþágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu

1. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á frelsi aðildarríkjanna til að skilgreina, í samræmi við lög Sambandsins, það sem þau telja vera þjónustu í almannaþágu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu, hvernig skipuleggja skuli þessa þjónustu og fjármagna hana, í samræmi við reglur um ríkisaðstoð og hvaða sérstöku skuldbindingar skulu gilda um hana. Þessi tilskipun hefur heldur ekki áhrif á það hvernig aðildarríki skipuleggja almannatryggingakerfi sín.

2. Þjónusta í almannaþágu sem er ekki af efnahagslegum toga fellur utan gildissviðs þessarar tilskipunar.

5. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „sérleyfi“: sérleyfissamningar um verk eða þjónustu, eins og skilgreint er í a- og b-lið:

a) „sérleyfissamningur um verk“: skriflegur samningur, fjárhagslegs eðlis, þar sem ein eða fleiri samningsyfirvöld eða samningsstofnanir fela framkvæmd verka í hendur einum eða fleiri rekstraraðilum þar sem endurgjaldið felst annað hvort eingöngu í rétti til að hagnýta verkin sem samningurinn tekur til eða í þeim rétti ásamt greiðslu,

b) „sérleyfissamningur um þjónustu“: skriflegur samningur, fjárhagslegs eðlis, þar sem ein eða fleiri samningsyfirvöld eða samningsstofnanir fela veitingu og rekstur þjónustu, annarrar en framkvæmd verka sem um getur í a-lið, í hendur einum eða fleiri rekstraraðilum, þar sem endurgjaldið felst annað hvort eingöngu í rétti til að hagnýta þjónustuna sem samningurinn tekur til eða í þeim rétti ásamt greiðslu.

Gerð sérleyfissamnings um verk eða þjónustu skal fela í sér yfirfærslu til sérleyfishafans á rekstraráhættu við að hagnýta þessi verk eða þjónustu, sem nær annað hvort til eftirspurnaráhættu eða framboðsáhættu eða hvoru tveggja. Sérleyfishafinn telst bera rekstraráhættu þegar ekki er tryggt, við venjulegar rekstraraðstæður, að hann endurheimti fjárfestingar eða kostnað sem stofnað hefur verið til við starfrækslu verka eða þjónustu sem sérleyfið snýst um. Raunveruleg áhætta af duttlungum markaðarins skal vera hluti þeirrar áhættu sem flyst til sérleyfishafans, þannig að mögulegt áætlað tap sérleyfishafans skal ekki aðeins að vera tap að nafninu til eða óverulegt,

2) „rekstraraðili“: hver sá einstaklingur, lögaðili eða opinber aðili, eða hópur slíkra einstaklinga eða aðila, þ.m.t. tímabundin samtök fyrirtækja, sem býður framkvæmd verka og/eða verk, vöruafhendingu eða þjónustustarfsemi á markaðnum,

3) „umsækjandi“: rekstraraðili sem hefur leitað eftir því að eða verið boðið að taka þátt í útboðsferli fyrir sérleyfi,

4) „bjóðandi“: rekstraraðili sem hefur lagt fram tilboð,

5) „sérleyfishafi“: rekstraraðili sem veitt hefur verið sérleyfi,

6) „skriflegt“: hvers konar tjáning með orðum eða tölum sem hægt er að lesa, endurgera og miðla, þ.m.t. upplýsingar sem eru sendar eða geymdar með rafrænum aðferðum,

7) „framkvæmd verka“: framkvæmd, eða bæði hönnun og framkvæmd verka sem tengjast einhverri þeirri starfsemi sem um getur í I. viðauka eða verks, eða hvers konar framkvæmd verks sem svarar til krafna sem settar eru fram af samningsyfirvaldi eða samningsstofnun sem hefur afgerandi áhrif á gerð eða hönnun verksins,

8) „verk“: heildarafrakstur af byggingarframkvæmdum eða mannvirkjagerð sem getur, sem slíkt, þjónað fjárhagslegu eða tæknilegu hlutverki,

9) „rafrænar aðferðir“: rafrænn búnaður til vinnslu (þ.m.t. með stafrænni samþjöppun) og geymslu gagna sem eru send, flutt og móttekin með rafþræði, þráðlaust, með ljóstæknilegum aðferðum eða með öðrum rafsegulaðferðum,

10) „einkaréttur“: réttindi sem þar til bært yfirvald aðildarríkis veitir með því að setja hvers konar lög eða birt stjórnsýslufyrirmæli, þannig að samrýmist sáttmálunum, sem hafa þau áhrif að takmarka starfsemina við einungis einn rekstraraðila og sem hafa veruleg áhrif á möguleika annarra rekstraraðila til slíkrar starfsemi,

11) „sérstök réttindi“: réttindi sem þar til bært yfirvald aðildarríkis veitir með því að setja hvers konar lög eða birt stjórnsýslufyrirmæli, þannig að samrýmist sáttmálunum, sem hafa þau áhrif að takmarka starfsemina við tvo eða fleiri rekstraraðila og sem hafa veruleg áhrif á möguleika annarra rekstraraðila til slíkrar starfsemi,

12) „skjal sem varðar sérleyfi“ (e. concession document): hvert það skjal sem samningsyfirvald eða samningsstofnun lætur í té eða vísar til, til þess að lýsa eða ákvarða þætti sérleyfisins eða ferlisins, þ.m.t. tilkynning um sérleyfi, tækni- og virknikröfur, fyrirhuguð skilyrði sérleyfisins, form fyrir framlagningu umsækjenda og bjóðenda á skjölum, upplýsingar um þær skyldur sem gilda almennt og viðbótarskjöl ef einhver eru,

13) „nýsköpun“: innleiðing nýrrar eða verulega bættrar vöru, þjónustu eða ferlis, þ.m.t. en ekki takmarkað við framleiðsluferli, byggingarferli, nýja markaðssetningaraðferð eða nýja skipulagsaðferð í viðskiptaháttum, skipulagi vinnustaða eða ytri samskiptum, m.a. í þeim tilgangi að hjálpa til við að takast á við samfélagslegar áskoranir eða styðja við áætlunina Evrópa 2020.

6. gr.

Samningsyfirvöld

1. Í þessari tilskipun merkir „samningsyfirvöld“ ríkis-, svæðis- eða staðaryfirvöld, aðila sem heyra undir opinberan rétt eða samtök sem eru mynduð af einu eða fleiri slíkum yfirvöldum eða einum eða fleiri slíkum aðilum sem heyra undir opinberan rétt, þó ekki yfirvöld, aðila eða samtök sem stunda einhverja þá starfsemi sem um getur í II. viðauka og veita sérleyfi fyrir einhverja þá starfsemi sem þar er getið um.

2. „Svæðisyfirvöld“ tekur til allra yfirvalda stjórnsýslueininga sem eru á skrá, sem ekki er tæmandi, á 1. og 2. stigi flokkunar hagskýrslusvæða (NUTS), eins og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1059/2003 ([20]).

3. „Staðaryfirvöld“ tekur til allra yfirvalda stjórnsýslueininga sem heyra undir 3. stig NUTS-flokkunarinnar og smærri stjórnsýslueininga, eins og um getur í reglugerð (EB) nr. 1059/2003.

4. „Aðilar sem heyra undir opinberan rétt“ merkir aðila sem hafa öll eftirfarandi einkenni til að bera:

a) þeim er komið á fót í þeim sérstaka tilgangi að fullnægja þörfum almennings en starfa hvorki á sviði iðnaðar né viðskipta,

b) þeir hafa réttarstöðu lögaðila og

c) þeir eru fjármagnaðir að mestu leyti af ríkis-, svæðis- eða staðaryfirvöldum, eða öðrum aðilum sem heyra undir opinberan rétt, eða starfsemi þeirra er undir eftirliti slíkra aðila eða yfirvalda, eða þeir hafa stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn þar sem meiri hluti stjórnarmanna er skipaður af ríkis-, svæðis- eða staðaryfirvöldum eða öðrum aðilum sem heyra undir opinberan rétt.

7. gr.

Samningsstofnanir

1. Í þessari tilskipun merkir „samningsstofnanir“ aðila sem hafa með höndum einhverja þá starfsemi sem um getur í II. viðauka og veita sérleyfi fyrir einhverja þá starfsemi sem þar er getið um, og sem eru eitt af eftirfarandi:

a) ríkis-, svæðis- eða staðaryfirvöld, aðilar sem heyra undir opinberan rétt eða samtök sem eru mynduð af einu eða fleiri slíkum yfirvöldum eða einum eða fleiri slíkum aðilum sem heyra undir opinberan rétt,

b) opinber fyrirtæki eins og þau eru skilgreind í 4. mgr. þessarar greinar,

c) aðrir aðilar en þeir sem um getur í a- og b-lið þessarar málsgreinar, en sem starfa á grundvelli sérstakra réttinda eða einkaréttar sem er veittur til þess að hafa með höndum einhverja þá starfsemi sem um getur í II. viðauka.

2. Aðilar, sem hafa verið veitt sérstök réttindi eða einkaréttur með málsmeðferð sem tryggt hefur verið að fái nægilega kynningu og þar sem veiting réttindanna byggðist á hlutlægum viðmiðunum, teljast ekki vera „samningsstofnanir“ í skilningi c-liðar 1. mgr. Til slíkra málsmeðferða skal m.a. telja:

a) innkaupaferli að undangenginni útboðsauglýsingu í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB ([21]) og tilskipun 2014/25/ESB, tilskipun 2009/81/EB eða þessa tilskipun,

b) málsmeðferðir við veitingu leyfa á grundvelli hlutlægra viðmiðana samkvæmt öðrum réttargerðum Sambandsins sem taldar eru upp í III. viðauka, sem tryggja nægilegt gagnsæi fyrir fram.

3. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 48. gr. að því er varðar breytingar á skránni yfir réttargerðir Sambandsins, sem sett er fram í III. viðauka, ef nauðsyn krefur vegna niðurfellingar eða breytingar á þeim gerðum eða vegna samþykktar nýrra gerða.

4. „Opinbert fyrirtæki“ er hvers kyns fyrirtæki þar sem samningsyfirvöld geta haft ráðandi áhrif, beint eða óbeint, vegna eignarhalds, fjárhagslegrar þátttöku eða reglna sem gilda um fyrirtækið.

Ráðandi áhrif samningsyfirvalda skulu teljast vera fyrir hendi í sérhverju eftirfarandi tilvika, þar sem þau yfirvöld, beint eða óbeint:

a) eiga meirihluta skráðs hlutafjár í hlutaðeigandi fyrirtæki,

b) ráða yfir meirihluta atkvæða sem tengjast hlutafjáreign í fyrirtækinu,

c) hafa rétt til að skipa meira en helming fulltrúa í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn fyrirtækisins.

([20]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1059/2003 frá 26. maí 2003 um að taka upp sameiginlega flokkun hagskýrslusvæða (NUTS) (Stjtíð. ESB L 154, 21.6.2003, bls. 1).

([21]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB frá 26. febrúar 2014 um opinber innkaup (Stjtíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 65)

8. gr.

Viðmiðunarfjárhæð og aðferðir til að reikna út áætlað verðmæti sérleyfa

1. Þessi tilskipun gildir um sérleyfi að verðmæti sem nemur 5 186 000 evrum eða meira.

2. Verðmæti sérleyfis skal vera heildarvelta sérleyfishafans sem til verður á gildistíma samningsins, án virðisaukaskatts, samkvæmt mati samningsyfirvaldsins eða samningsstofnunarinnar, sem endurgjald fyrir verk eða þjónustu sem sérleyfið snýst um, auk vara sem tengjast slíkum verkum og þjónustu.

Matið skal miðast við þann tíma þegar tilkynning um sérleyfi er send eða, þegar ekki er kveðið á um slíka tilkynningu, á þeim tíma sem samningsyfirvaldið eða samningsstofnunin hefja útboðsferlið fyrir sérleyfi, til dæmis með því að hafa samband við rekstraraðila í tengslum við sérleyfin.

Ef verðmæti sérleyfisins á þeim tíma sem veitingin fer fram er meira en 20% hærra en áætlað verðmæti þess, skal matið sem gildir, að því er varðar 1. mgr., vera verðmæti sérleyfisins þegar veitingin fer fram.

3. Áætlað verðmæti sérleyfisins skal reiknað út með hlutlægri aðferð sem tilgreind er í skjölunum sem varða sérleyfið. Þegar áætlað verðmæti sérleyfisins er reiknað skulu samningsyfirvöld og samningsstofnanir, þar sem við á, einkum taka tillit til:

a) virðis hvers kyns valmöguleika og framlengingar á tímalengd sérleyfisins,

b) tekna af greiðslu gjalda og sekta, annarra en þeirra sem samningsyfirvöld eða samningsstofnanir innheimta, sem notendur verka eða þjónustu greiða,

c) greiðslna eða fjárhagslegs ávinnings í hvaða formi sem er, frá samningsyfirvaldi eða samningsstofnun eða öðrum opinberum aðila til sérleyfishafans, þ.m.t. bætur fyrir að gegna þeirri skyldu að veita opinbera þjónustu og styrkir í formi opinberra fjárfestinga,

d) verðmætis styrkja eða annars fjárhagslegs ávinnings, í hvaða formi sem er, frá þriðju aðilum vegna framkvæmdar sérleyfisins,

e) tekna af sölu hvaða eigna sem er, sem eru hluti af sérleyfinu,

f) verðmætis allra vara og þjónustu sem samningsyfirvöld eða samningsstofnanir fá sérleyfishafanum til ráðstöfunar, að því tilskildu að það sé nauðsynlegt til að framkvæma verkin eða veita þjónustuna,

g) hvers konar verðlauna eða greiðslna til umsækjenda eða bjóðenda.

4. Ekki skal velja aðferð við útreikning áætlaðs verðmætis sérleyfis í þeim tilgangi að það verði undanþegið gildissviði þessarar tilskipunar. Ekki skal skipta sérleyfi niður í hluta til að koma í veg fyrir að það falli undir gildissvið þessarar tilskipunar, nema slíkt sé réttlætanlegt á grundvelli hlutlægra ástæðna.

5. Þegar fyrirhugað verk eða þjónusta getur leitt til þess að sérleyfi sé veitt í aðgreindum hlutum skal taka tillit til áætlaðs heildarverðmætis allra slíkra samningshluta.

6. Ef samanlagt verðmæti hlutanna er jafnt viðmiðunarfjárhæðinni, sem mælt er fyrir um í þessari grein, eða meira gildir þessi tilskipun um veitingu hvers hluta.

9. gr.

Endurskoðun viðmiðunarfjárhæðar

1. Á tveggja ára fresti, frá 30. júní 2013, skal framkvæmdastjórnin ganga úr skugga um að viðmiðunarfjárhæðin sem sett er fram í 1. mgr. 8. gr. sé í samræmi við viðmiðunarfjárhæðina sem sett er í samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup (samningnum um opinber innkaup) fyrir sérleyfissamninga um verk og skal, ef nauðsyn krefur, endurskoða hana í samræmi við þessa grein.

Í samræmi við útreikningsaðferðina sem sett er fram í samningnum um opinber innkaup skal framkvæmdastjórnin reikna verðgildi viðmiðunarfjárhæðarinnar á grundvelli meðaldaggengis evru með tilliti til sérstöku dráttarréttindanna, á 24 mánaða tímabili sem lýkur 31. ágúst á undan endurskoðuninni sem tekur gildi 1. janúar. Viðmiðunarfjárhæðin, sem er endurskoðuð þannig, skal, ef þörf krefur, jöfnuð niður að næsta þúsundi evra til að tryggja að tekið sé tillit til gildandi viðmiðunarfjárhæðar samkvæmt samningnum um opinber innkaup, sem er tilgreind sem sérstök dráttarréttindi.

2. Á tveggja ára fresti frá 1. janúar 2014 skal framkvæmdastjórnin ákvarða verðgildi viðmiðunarfjárhæðarinnar, sem um getur í 1. mgr. 8. gr., sem er endurskoðuð skv. 1. mgr. þessarar greinar, í gjaldmiðli þeirra aðildarríkja sem ekki hafa evru sem gjaldmiðil.

Í samræmi við útreikningsaðferðina sem sett er fram í samningnum um opinber innkaup skal ákvörðun slíks verðgildis vera byggð á meðaldaggengi þeirra gjaldmiðla í samræmi við gildandi viðmiðunarfjárhæð í evrum, á 24 mánaða tímabili sem lýkur 31. ágúst á undan endurskoðuninni sem tekur gildi 1. janúar.

3. Framkvæmdastjórnin skal birta endurskoðuðu viðmiðunarfjárhæðina, sem um getur í 1. mgr., samsvarandi verðgildi í gjaldmiðlum aðildarríkjanna, sem um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr. og verðgildið sem ákvarðað er í samræmi við aðra undirgrein 2. mgr. í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins í upphafi nóvembermánaðar í kjölfar endurskoðunar þeirra.

4. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 48. gr. til þess að laga aðferðafræðina, sem sett er fram í annarri undirgrein 1. mgr. þessarar greinar, að hvers konar breytingum á aðferðafræðinni sem kveðið er á um í samningnum um opinber innkaup um endurskoðun viðmiðunarfjárhæðarinnar, sem um getur í 1. mgr. 8. gr., og til að ákvarða samsvarandi verðgildi í gjaldmiðlum aðildarríkja sem ekki hafa evru sem gjaldmiðil, eins og um getur í 2. mgr. þessarar greinar.

Framkvæmdastjórnin skal einnig hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 48. gr. til að endurskoða viðmiðunarfjárhæðina sem um getur í 1. mgr. 8. gr. í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar.

5. Ef nauðsynlegt reynist að endurskoða viðmiðunarfjárhæðina og tímatakmarkanir koma í veg fyrir að hægt sé að nota málsmeðferðina í 48. gr. og brýna nauðsyn ber því til, skal málsmeðferðin sem kveðið er á um í 49. gr. gilda um framseldar gerðir sem samþykktar eru samkvæmt annarri undirgrein 4. mgr. þessarar greinar.

II. þáttur

Undantekningar

10. gr.

Undantekningar sem gilda um sérleyfi sem samningsyfirvöld og samningsstofnanir veita

1. Þessi tilskipun gildir ekki um sérleyfissamninga um þjónustu sem gerðir eru við samningsyfirvald eða samningsstofnun sem um getur í a-lið 1. mgr. 7. gr. eða samtök þeirra á grundvelli einkaréttar.

Þessi tilskipun gildir ekki um sérleyfissamninga um þjónustu sem gerðir eru við rekstraraðila á grundvelli einkaréttar, sem hefur verið veittur í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins og réttargerðir Sambandsins þar sem mælt er fyrir um sameiginlegar reglur um aðgang að markaðnum sem gilda um starfsemi sem um getur í II. viðauka.

2. Þrátt fyrir aðra undirgrein 1. mgr. þessarar greinar, skal 32. gr. gilda þegar löggjöf Sambandsins, sem bundin er við tiltekna geira og um getur í þeirri undirgrein, kveður ekki á um skyldur um gagnsæi sem miðast sérstaklega við tiltekinn geira. Þegar aðildarríki veitir rekstraraðila einkarétt til að sinna einhverri þeirri starfsemi sem um getur í II. viðauka skal það tilkynna framkvæmdastjórninni um það innan eins mánaðar frá því að einkarétturinn var veittur.

3. Þessi tilskipun gildir ekki um sérleyfi fyrir flutningaþjónustu í lofti sem byggist á veitingu flugrekstrarleyfis í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 ([22]) eða um sérleyfi til almennra farþegaflutninga í skilningi reglugerðar (EB) nr. 1370/2007.

4. Þessi tilskipun gildir ekki um sérleyfi sem samningsyfirvaldi eða samningsstofnun er skylt að veita eða skipuleggja í samræmi við aðrar málsmeðferðarreglur en mælt er fyrir um í þessari tilskipun, sem komið er á með einhverjum eftirfarandi hætti:

a) með lagagerningi sem þjóðaréttarskuldbindingar leiðir af, s.s. alþjóðasamningi sem gerður er í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins, milli aðildarríkis og eins eða fleiri þriðju landa eða hluta þeirra og sem tekur til verka, vara eða þjónustu fyrir verkefni sem undirritunaraðilar ætla að framkvæma eða nýta sameiginlega,

b) af alþjóðastofnun.

Þessi tilskipun gildir ekki um sérleyfi sem samningsyfirvaldið eða samningsstofnunin veitir í samræmi við reglur um innkaup sem alþjóðastofnun eða alþjóðleg fjármálastofnun kveður á um, þar sem viðkomandi sérleyfi eru að öllu leyti fjármögnuð af þeirri stofnun. Ef um er að ræða sérleyfi sem er að fjármagnað að mestu leyti af alþjóðastofnun eða alþjóðlegri fjármálastofnun skulu aðilarnir semja um gildandi innkaupaferli.

Aðildarríkin skulu senda alla lagagerninga sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar til framkvæmdastjórnarinnar, sem getur leitað til ráðgjafarnefndar um opinber innkaup sem um getur í 50. gr.

Þessi málsgrein gildir ekki um sérleyfi á sviði varnar- og öryggismála eins og um getur í tilskipun 2009/81/EB.

5. Þessi tilskipun gildir ekki um sérleyfi á sviði varnar- og öryggismála eins og um getur í tilskipun 2009/81/EB sem falla undir:

a) sérstakar reglur um málsmeðferð samkvæmt alþjóðasamningi eða samkomulagi milli eins eða fleiri aðildarríkja og eins eða fleiri þriðju landa,

([22]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 frá 24. september 2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu (Stjtíð. L 293, 31.10.2008, bls. 3).

b) sérstakar reglur um málsmeðferð samkvæmt alþjóðasamningum eða fyrirkomulagi sem tengist veru herliðs og varðar starfsemi aðildarríkis eða þriðja lands,

c) sérstakar reglur alþjóðastofnunar, sem kaupir inn í eigin þágu, um málsmeðferð, eða um sérleyfi sem skulu veitt af aðildarríki í samræmi við þær reglur.

6. Þessi tilskipun gildir um veitingu sérleyfa á sviði varnar- og öryggismála eins og um getur í tilskipun 2009/81/EB, með eftirfarandi undantekningum:

a) sérleyfi þar sem beiting þessarar tilskipunar myndi leiða til þess að aðildarríki væri skylt að veita upplýsingar sem það telur andstætt mikilvægum öryggishagsmunum sínum að veita, eða þar sem lýst hefur verið yfir að innkaupin eða framkvæmd sérleyfisins sé leynileg eða þeim verði að fylgja sérhæfðar öryggisráðstafanir í samræmi við gildandi lög eða stjórnsýslufyrirmæli í aðildarríki, að því tilskildu að aðildarríkið hafi ákvarðað að ekki sé hægt að tryggja viðkomandi mikilvæga hagsmuni með aðgerðum sem ekki ganga eins langt, svo sem þeim sem um getur í 7. mgr.,

b) sérleyfi sem veitt eru innan ramma samvinnuáætlunar, sem um getur í c-lið 13. gr. tilskipunar 2009/81/EB,

c) sérleyfi sem ríkisstjórn veitir annarri ríkisstjórn í tengslum við verk og þjónustu sem tengjast beint hergögnum eða viðkvæmum búnaði, eða verk eða þjónustu sem eru sérstaklega í þágu hernaðar, eða viðkvæm verk og viðkvæma þjónustu,

d) sérleyfi sem veitt eru í þriðja landi, sem eru framkvæmd þegar herafli er staðsettur utan yfirráðasvæðis Sambandsins, þar sem rekstrarþarfir valda því að sérleyfin eru veitt rekstraraðilum sem staðsettir eru á rekstrarsvæðinu og

e) sérleyfi sem eru annars undanþegin samkvæmt þessari tilskipun.

7. Þessi tilskipun gildir ekki um sérleyfi sem annars eru ekki undanþegin með öðrum hætti skv. 6. mgr., að því marki sem ekki er hægt að tryggja öryggishagsmuni aðildarríkis með aðgerðum sem ekki ganga eins langt, t.d. með því að setja kröfur sem miða að því að varðveita leynd upplýsinga sem samningsyfirvaldið eða samningsstofnunin lætur í té í útboðsferli fyrir sérleyfi eins og kveðið er á um í þessari tilskipun.

8. Tilskipun þessi gildir ekki um sérleyfissamninga um þjónustu sem varða:

a) kaup eða leigu, á hvaða fjárhagsgrundvelli sem er, á landi, byggingum sem fyrir eru eða öðrum fasteignum eða sem varða réttindi yfir þeim,

b) kaup, þróun, framleiðslu eða samframleiðslu dagskrárefnis fyrir hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eða útvarpsþjónustu, sem veitendur hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eða útvarpsþjónustu gera, eða sérleyfi fyrir útsendingartíma eða gerð dagskrárliða, sem veitt eru veitendum hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eða útvarpsþjónustu. Að því er varðar þennan lið skal „hljóð- og myndmiðlunarþjónusta“ annars vegar og „veitendur fjölmiðlaþjónustu“ hins vegar hafa sömu merkingu og í a- og d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2010/13/ESB ([23]). „Dagskrárliður“ skal hafa sömu merkingu og í b-lið 1. mgr. 1. gr. þeirrar tilskipunar, en skal líka taka til dagskrárliða í útvarpi og útvarpsdagskrárefnis. Enn fremur, að því er varðar þetta ákvæði, skal „dagskrárefni“ hafa sömu merkingu og „dagskrárliður“,

c) gerðardóms- og sáttagerðarþjónustu,

d) eftirfarandi lögfræðiþjónustu:

i. málflutning lögfræðings fyrir hönd skjólstæðings í skilningi 1. gr. tilskipunar ráðsins 77/249/EBE ([24]):

— fyrir gerðardómi eða við sáttaumleitan í aðildarríki, þriðja landi eða fyrir öðrum alþjóðlegum gerðardómi eða sáttaaðila eða

— við dómsmeðferð fyrir dómi eða opinberum yfirvöldum aðildarríkis eða þriðja lands eða fyrir alþjóðlegum dómstólum eða stofnunum,

ii. lögfræðiráðgjöf sem veitt er við undirbúning málsmeðferðar sem um getur í i. lið þessa liðar eða þar sem áþreifanleg vísbending er um, og miklar líkur eru á, að það málefni, sem lögfræðiráðgjöfin varðar, verði til umfjöllunar í slíkri málsmeðferð, að því tilskildu að ráðgjöfin sé veitt af lögfræðingi í skilningi 1. gr. tilskipunar 77/249/EBE,

([23]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/13/ESB frá 10. mars 2010 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu (tilskipun um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu) (Stjtíð. ESB L 95, 15.4.2010, bls. 1).

([24]) Tilskipun ráðsins 77/249/EBE frá 22. mars 1977 um að auðvelda lögmönnum að neyta réttar til að veita þjónustu (Stjtíð. EB L 78, 26.3.1977, bls. 17).

iii. vottun skjala og sannvottunarþjónustu sem lögbókendur verða að veita,

iv. lögfræðiþjónustu sem fjárvörsluaðilar eða skipaðir forráðamenn veita eða aðra lögfræðiþjónustu þar sem veitendur eru skipaðir af dómstól í viðkomandi aðildarríki eða er falið að lögum að inna af hendi tiltekin verkefni undir eftirliti slíkra dómstóla,

v. aðra lögfræðiþjónustu sem tengist, þótt aðeins sé endrum og eins, beitingu opinbers valds í viðkomandi aðildarríki,

e) fjármálaþjónustu sem tengist útgáfu, sölu, kaupum eða aðilaskiptum að verðbréfum eða öðrum fjármálagerningum í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB ([25]), þjónustu seðlabanka og aðgerðir sem fram fara með Evrópska fjármálastöðugleikasjóðnum og Evrópska stöðugleikakerfinu,

f) lán, hvort sem þau eru eða eru ekki í tengslum við útgáfu, sölu, kaup eða aðilaskipti að verðbréfum eða öðrum fjármálagerningum,

g) borgaralegar varnir, almannavarnir og forvarnarþjónustu gegn hættum sem stofnanir eða samtök, sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni, veita, og sem falla undir CPV-kóða: 75250000-3, 75251000-0, 75251100-1, 75251110-4, 75251120-7, 75252000-7, 75222000-8, 98113100-9 og 85143000-3 að undanskildum flutningi sjúklinga með sjúkraflutningaþjónustu,

h) þjónustu fyrir stjórnmálabaráttu, sem fellur undir CPV kóða 793414000-0, 92111230-3 og 92111240-6, sem gerðir eru af stjórnmálaflokki í tengslum við kosningabaráttu.

9. Tilskipunin gildir ekki um sérleyfissamninga um happdrættisþjónustu, sem fellur undir CPV-kóða 92351100-7, sem aðildarríki gerir við rekstraraðila á grundvelli einkaréttar. Að því er varðar þessa málsgrein nær hugtakið einkaréttur ekki til einkaréttar eins og um getur í 2. mgr. 7. gr.

Veiting slíks einkaréttar skal auglýst í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

10. Þessi tilskipun gildir ekki um sérleyfi sem samningsstofnanir veita vegna starfsemi sinnar í þriðju löndum, við aðstæður þar sem ekki er um að ræða áþreifanlega notkun kerfis eða landsvæðis innan Sambandsins.

11. gr.

Sérstakar undantekningar á sviði rafrænna fjarskipta

Þessi tilskipun gildir ekki um sérleyfi þar sem megintilgangurinn er að veita samningsyfirvöldum leyfi til að bjóða fram almenn fjarskiptanet eða hagnýta þau eða veita almenningi eina eða fleiri tegundir rafrænnar fjarskiptaþjónustu.

Að því er þessa grein varðar skal „almennt fjarskiptanet“ og „rafræn fjarskiptaþjónusta“ hafa sömu merkingu og í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB ([26]).

12. gr.

Sérstakar undantekningar á sviði vatns

1. Þessi tilskipun gildir ekki um sérleyfi sem veitt eru þeim sem:

a) bjóða fram eða starfrækja föst veitukerfi sem eiga að þjóna almenningi í tengslum við framleiðslu, flutning eða dreifingu drykkjarvatns,

b) afhenda drykkjarvatn til slíkra veitukerfa.

2. Einnig skal þessi tilskipun ekki gilda um sérleyfi sem varða annað eða hvort tveggja eftirfarandi efna þegar þau tengjast starfsemi sem um getur í 1. mgr.:

a) verkefni í tengslum við vatnsvirkjun, áveitur eða framræslu, að því tilskildu að magn vatnsins, sem afhenda á sem drykkjarvatn, sé meira en 20% af heildarvatnsmagninu sem er gert aðgengilegt með slíkum verkefnum eða áveitu- og framræslubúnaði eða

b) förgun eða hreinsun skólps.

([25]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE, (Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1).

([26]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun) (Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33).

13. gr.

Sérleyfi sem veitt eru eignatengdu fyrirtæki

1. Að því er varðar þessa grein merkir „eignatengt fyrirtæki“ sérhvert fyrirtæki sem hefur ársreikninga sem hafa verið felldir inn í samstæðureikningsskil samningsstofnunar í samræmi við kröfur tilskipunar 2013/34/ESB.

2. Ef í hlut eiga aðilar, sem ekki falla undir tilskipun 2013/34/ESB merkir „eignatengt fyrirtæki“ sérhvert fyrirtæki sem:

a) getur verið, beint eða óbeint, undir ráðandi áhrifum samningsstofnunarinnar,

b) getur beitt ráðandi áhrifum gagnvart samningsstofnuninni eða

c) er ásamt samningsstofnuninni undir ráðandi áhrifum annars fyrirtækis vegna eignarhalds, fjárhagslegrar þátttöku eða reglna sem gilda um það.

Að því er varðar þessa málsgrein skal „ráðandi áhrif“ hafa sömu merkingu og í annarri undirgrein 4. mgr. 7. gr.

3. Þrátt fyrir 17. gr. og að því tilskildu að skilyrðum 4. mgr. þessarar greinar sé fullnægt gildir þessi tilskipun ekki um sérleyfi sem:

a) samningsstofnun veitir eignatengdu fyrirtæki eða

b) fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, sem nokkrar samningsstofnanir stofna eingöngu í því augnamiði að stunda starfsemi sem um getur í II. viðauka, veitir fyrirtæki sem er í eignatengslum við eina af þessum samningsstofnunum.

4. Ákvæði 3. mgr. gilda um:

a) sérleyfissamninga um þjónustu að því tilskildu að a.m.k. 80% af meðalheildarveltu eignatengda fyrirtækisins á undangengnum þremur árum, að teknu tilliti til allrar þjónustu sem það fyrirtæki veitir, megi rekja til veitingar þjónustu til samningsstofnunarinnar eða annarra fyrirtækja sem eru í eignatengslum við það,

b) sérleyfissamninga um verk að því tilskildu að a.m.k. 80% af meðalheildarveltu eignatengda fyrirtækisins á undangengnum þremur árum, að teknu tilliti til allra verka sem það fyrirtæki framkvæmir, megi rekja til verka sem framkvæmd eru fyrir samningsstofnunina eða önnur fyrirtæki sem eru í eignatengslum við það.

5. Þegar velta eignatengds fyrirtækis undanfarin þrjú ár liggur ekki fyrir vegna þess á hvaða tímapunkti það var stofnað eða hóf starfsemi skal nægja að það fyrirtæki geti sýnt fram á að tölur um veltu, sem um getur í a- eða b-lið 4. mgr., séu trúverðugar, einkum í ljósi viðskiptaáætlana.

6. Ef fleiri en eitt fyrirtæki, sem eru í eignatengslum við samningsstofnunina sem mynda með henni samstæðu, láta í té sömu eða svipaða þjónustu eða verk, skal hlutfallið, sem vísað er til í 4. mgr., reiknað með tilliti til heildarveltunnar af þeirri þjónustu eða verkum sem þessi eignatengdu fyrirtæki láta í té.

14. gr.

Sérleyfi sem veitt eru fyrirtæki um sameiginlegt verkefni eða samningsstofnun sem á hlut að fyrirtæki um sameiginlegt verkefni

Þrátt fyrir 17. gr. og að því tilskildu að fyrirtækið um sameiginlegt verkefni hafi verið stofnað með það fyrir augum að inna af hendi viðkomandi starfsemi á a.m.k. þriggja ára tímabili og að kveðið sé á um það í stofngerningi fyrirtækisins um sameiginlegt verkefni að samningsstofnanirnar, sem mynda það, verði aðilar að því í a.m.k. jafnlangan tíma, gildir þessi tilskipun ekki um sérleyfi sem eftirfarandi aðilar veita:

a) fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, sem nokkrar samningsstofnanir stofna eingöngu í því augnamiði að stunda starfsemi sem um getur í II. viðauka, til einnar af þessum samningsstofnunum eða

b) samningsstofnun til slíks fyrirtækis um sameiginlegt verkefni sem hún er hluti af.

15. gr.

Tilkynning samningsstofnana um upplýsingar

Samningsstofnanir skulu senda framkvæmdastjórninni eftirfarandi upplýsingar varðandi beitingu 2. og 3. mgr. 13. gr. og 14. gr. ef hún óskar eftir því:

a) nöfn viðkomandi fyrirtækja eða fyrirtækja um sameiginlegt verkefni,

b) hvers eðlis viðkomandi sérleyfi eru og verðmæti þeirra,

c) þau sönnunargögn, sem framkvæmdastjórnin telur nauðsynleg, um að tengslin milli fyrirtækis eða fyrirtækis um sameiginlegt verkefni, sem sérleyfi eru veitt til, og samningsstofnunarinnar standist kröfur 13. gr. eða 14. gr.

16. gr.

Undantekning vegna starfsemi sem er í beinni samkeppni

Þessi tilskipun gildir ekki um sérleyfi sem samningsstofnanir veita þar sem því hefur verið slegið föstu, í samræmi við 35. gr. tilskipunar 2014/25/ESB, að starfsemin, í því aðildarríki þar sem slík sérleyfi eru framkvæmd, eigi í beinni samkeppni í samræmi við 34. gr. þeirrar tilskipunar.

17. gr.

Sérleyfi milli opinberra aðila

1. Sérleyfi sem samningsyfirvald eða samningsstofnun, eins og um getur í a-lið 1. mgr. 7. gr., veitir lögaðila sem heyrir undir einkarétt eða opinberan rétt fellur utan gildissviðs þessarar tilskipunar þegar öll eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a) samningsyfirvaldið eða samningsstofnunin fer með yfirráð yfir viðkomandi lögaðila sem eru svipuð þeim sem það hefur yfir eigin deildum,

b) yfir 80% af starfsemi lögaðilans sem er undir yfirráðunum er innt af hendi við framkvæmd verkefna sem honum eru falin af samningsyfirvaldinu eða samningsstofnuninni sem hefur yfirráðin eða öðrum lögaðilum sem eru undir yfirráðum þess samningsyfirvalds eða samningsstofnunar og

c) ekki er um beina einkafjármagnshlutdeild að ræða í lögaðilanum sem er undir yfirráðum að undanskilinni einkafjármagnshlutdeild sem felur ekki í sér yfirráð og stöðvunarmöguleika sem krafist er í landslöggjöf, í samræmi við sáttmálana, og felur ekki í sér afgerandi áhrif á lögaðilann undir yfirráðum.

Samningsyfirvald eða samningsstofnun, eins og um getur í a-lið 1. mgr. 7. gr. skal teljast fara með yfirráð yfir lögaðila, sem svipar til þess sem það hefur yfir eigin deildum í skilningi a-liðar fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar, þegar það eða hún hefur afgerandi áhrif bæði á skipulagsmarkmið og mikilvægar ákvarðanir lögaðilans sem er undir yfirráðum. Annar lögaðili, sem er sjálfur undir yfirráðum samningsyfirvaldsins eða samningsstofnunarinnar með sama hætti, getur líka beitt þeim yfirráðum.

2. Fyrsta málsgrein gildir einnig þegar lögaðili undir yfirráðum, sem er samningsyfirvald eða samningsstofnun eins og um getur í a-lið 1. mgr. 7. gr., veitir samningsyfirvaldinu eða samningsstofnuninni sem hefur yfirráð yfir honum sérleyfi, eða öðrum lögaðila undir yfirráðum sama samningsyfirvalds eða samningsstofnunar, að því tilskildu að ekki sé um beina einkafjármagnshlutdeild að ræða í lögaðilanum sem fær sérleyfið, að undanskilinni einkafjármagnshlutdeild sem felur ekki í sér yfirráð og stöðvunarmöguleika sem krafist er í landslöggjöf í samræmi við sáttmálana, og felur ekki í sér afgerandi áhrif á lögaðilann undir yfirráðum.

3. Samningsyfirvald eða samningsstofnun, eins og um getur í a-lið 1. mgr. 7. gr., sem fer ekki með yfirráð í skilningi 1. mgr. þessarar greinar yfir lögaðila sem heyrir undir einkarétt eða opinberan rétt, getur engu að síður veitt þeim lögaðila sérleyfi án þess að beita þessari tilskipun þegar öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a) samningsyfirvaldið eða samningsstofnunin, eins og um getur í a-lið 1. mgr. 7. gr., fer sameiginlega með öðrum samningsyfirvöldum eða samningsstofnunum með yfirráð yfir þeim lögaðila sem eru svipuð þeim sem þau eða þær hafa yfir eigin deildum,

b) yfir 80% af starfsemi lögaðilans er innt af hendi við framkvæmd verkefna sem honum eru falin af samningsyfirvöldunum eða samningsstofnununum sem hafa yfirráðin eða öðrum lögaðilum sem eru undir yfirráðum þeirra samningsyfirvalda eða samningsstofnana og

c) ekki er um beina einkafjármagnshlutdeild að ræða í lögaðilanum sem er undir yfirráðum að undanskilinni einkafjármagnshlutdeild sem felur ekki í sér yfirráð og stöðvunarmöguleika sem krafist er í landslöggjöf, í samræmi við sáttmálana, og felur ekki í sér afgerandi áhrif á lögaðilann undir yfirráðum.

Að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar fara samningsyfirvöld eða samningsstofnanir, eins og um getur í a-lið 1. mgr. 7. gr., sameiginlega með yfirráð yfir lögaðila þegar öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

i. aðilarnir sem fara með ákvarðanatöku lögaðilans sem er undir yfirráðum samanstanda af fulltrúum allra samningsyfirvalda eða samningsstofnana sem eiga hlutdeild. Einstaka fulltrúar geta komið fram fyrir hönd nokkurra eða allra samningsyfirvalda eða samningsstofnana sem eiga hlutdeild,

ii. þessu samningsyfirvöld eða samningsstofnanir geta sameiginlega haft afgerandi áhrif á skipulagsmarkmið og mikilvægar ákvarðanir lögaðilans sem er undir yfirráðum og

iii. lögaðilinn undir yfirráðum hefur ekki hagsmuna að gæta sem eru á öndverðum meiði við hagsmuni samningsyfirvaldanna eða samningsstofnananna sem hafa yfirráðin.

4. Samningur sem gerður er eingöngu milli tveggja eða fleiri samningsyfirvalda eða samningsstofnana, eins og um getur í a-lið 1. mgr. 7. gr., fellur utan gildissvið þessarar tilskipunar þegar öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a) samningurinn kemur á eða hrindir í framkvæmd samvinnu milli samningsyfirvalda og samningsstofnana sem eiga hlutdeild með það að markmiði að tryggja að opinbera þjónustan sem þau eða þær þurfa að sinna sé veitt með það í huga að ná sameiginlegum markmiðum,

b) að eingöngu sjónarmið sem varða almannahagsmuni eigi við um framkvæmd þeirrar samvinnu og

c) samningsyfirvöldin eða samningsstofnanirnar sem eiga hlutdeild inni af hendi minna en 20% af starfseminni, sem samvinnan varðar, á opnum markaði.

5. Við ákvörðun hlutfalls starfseminnar sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr., b-lið fyrstu undirgreinar 3. mgr. og c-lið 4. mgr., skal taka tillit til meðalheildarveltu eða annars viðeigandi verkgrundaðs mælikvarða, s.s. kostnaðar sem viðkomandi lögaðili, samningsyfirvald eða samningsstofnun, eins og um getur í a-lið 1. mgr. 7. gr., hefur stofnað til að því er varðar þjónustu, vörur eða verk undanfarin þrjú ár fyrir veitingu sérleyfisins.

Þegar veltan eða annar viðeigandi verkgrundaður mælikvarði, s.s. kostnaður, liggur annað hvort ekki fyrir vegna undanfarinna þriggja ára eða á ekki lengur við vegna þess á hvaða tímapunkti viðkomandi lögaðili, samningsyfirvald eða samningsstofnun varð til eða hóf starfsemi eða vegna endurskipulagningar starfseminnar, skal nægja að sýna að mælikvarði fyrir starfsemina sé trúverðugur, einkum í ljósi viðskipaáætlana.

III. þáttur

Almenn ákvæði

18. gr.

Tímalengd sérleyfis

1. Sérleyfi skulu vera tímabundin. Samningsyfirvald eða samningsstofnun skal meta tímalengdina á grundvelli verkanna og þjónustunnar sem óskað er eftir.

2. Að því er varðar sérleyfi sem vara lengur en fimm ár skal hámarkslengd sérleyfis ekki vera meiri en sem nemur þeim tíma sem raunhæft er að ætla að taki sérleyfishafann að endurheimta fjárfestingu sína við starfrækslu verkanna eða þjónustunnar, ásamt ávöxtun fjárfestinga, að teknu tilliti til þeirra fjárfestinga sem nauðsynlegar eru til að ná sérstöku samningsmarkmiðunum.

Bæði upphaflegar fjárfestingar og fjárfestingar sem gerðar eru á meðan sérleyfið varir skulu vera meðal fjárfestinganna sem tekið er tillit til við útreikninginn.

19. gr.

Félagsþjónusta og önnur sértæk þjónusta

Einungis þær skyldur sem leiðir af 31. gr. (3. mgr.) og 32., 46. og 47. gr. skulu gilda um sérleyfi fyrir félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu sem skráð er í IV. viðauka og sem fellur undir gildissvið þessarar tilskipunar.

20. gr.

Blandaðir samningar

1. Sérleyfi, sem varða í senn verk og þjónustu, skulu veitt í samræmi við ákvæðin sem gilda um þá tegund sérleyfa sem einkennir meginefni samningsins sem í hlut á.

Þegar um er að ræða blönduð sérleyfi, sem varða að hluta félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu sem skráð er í IV. viðauka og að hluta aðra þjónustu, skal ákvarða hvert meginefni þeirra er út frá því hvor þjónustuþátturinn hefur hærra áætlað verðmæti.

2. Þar sem hægt er að aðskilja mismunandi hluta tiltekins samnings með hlutlægum hætti gilda 3. og 4. mgr. Þar sem ekki er hægt að aðskilja mismunandi hluta tiltekins samnings með hlutlægum hætti gildir 5. mgr.

Þar sem hluti tiltekins samnings fellur undir 346. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins eða tilskipun 2009/81/EB, gildir 21. gr. þessarar tilskipunar.

Þegar um er að ræða samninga sem ætlað er að taka til margs konar starfsemi, og ein þeirra fellur annað hvort undir II. viðauka þessarar tilskipunar eða tilskipun 2014/25/ESB, skal ákveða hvaða ákvæði gilda í samræmi við 22. gr. þessarar tilskipunar annars vegar og 6. gr. tilskipunar 2014/25/ESB hins vegar.

3. Þegar um er að ræða samninga sem fjalla í senn um þætti sem falla undir þessa tilskipun og aðra þætti, geta samningsyfirvöldin og samningsstofnanirnar kosið að gera aðskilda samninga fyrir aðskilda hluta. Þegar samningsyfirvöld eða samningsstofnanir kjósa að gera aðskilda samninga fyrir aðskilda hluta skal ákvörðunin um það hvaða lagareglur gilda um hvern og einn slíkra aðskilinna samninga tekin á grundvelli einkenna viðkomandi hluta.

Þegar samningsyfirvöld eða samningsstofnanir kjósa að gera stakan samning skal þessi tilskipun gilda, nema kveðið sé á um annað í 4. mgr. þessarar greinar eða í 21. gr., um þann blandaða samning sem til verður, óháð verðmæti þeirra hluta hans sem myndu annars falla undir aðrar lagareglur og óháð því hvaða lagareglur þeir hlutar myndu annars falla undir.

4. Þegar um er að ræða blandaða samninga sem innihalda í senn sérleyfisþætti og þætti opinberra samninga sem falla undir tilskipun 2014/24/ESB eða samninga sem falla undir tilskipun 2014/25/ESB skulu blönduðu samningarnir gerðir í samræmi við tilskipun 2014/24/ESB annars vegar eða tilskipun 2014/25/ESB hins vegar.

5. Þar sem ekki er hægt að aðskilja mismunandi hluta tiltekins samnings með hlutlægum hætti, skal ákvarða hvaða lagareglur eiga við á grundvelli meginefnis samningsins.

Þegar slíkir samningar innihalda í senn þætti sem einkenna sérleyfissamning um þjónustu og vörusamning, skal meginefnið ákvarðað eftir því hvort áætlað verðmæti þjónustunnar eða varanna sem við á er hærra.

21. gr.

Blandaðir innkaupasamningar sem hafa hliðar er snúa að vörnum eða öryggi

1. Þegar um er að ræða blandaða samninga, sem fjalla um sérleyfisþætti sem falla undir þessa tilskipun og um innkaup eða aðra þætti sem falla undir 346. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins eða tilskipun 2009/81/EB, gildir þessi grein.

Þegar um er að ræða samninga sem ætlað er að taka til margs konar starfsemi, og ein þeirra fellur annað hvort undir II. viðauka þessarar tilskipunar eða tilskipun 2014/25/ESB og önnur undir 346. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins eða tilskipun 2009/81/EB, skal ákveða hvaða ákvæði gilda í samræmi við 23. gr. þessarar tilskipunar annars vegar og 26. gr. tilskipunar 2014/25/ESB hins vegar.

2. Þar sem hægt er að aðskilja mismunandi hluta tiltekins samnings með hlutlægum hætti geta samningsyfirvöld eða samningsstofnanir kosið að gera aðskilda samninga fyrir aðskilda hluta eða gera stakan samning.

Þegar samningsyfirvöld eða samningsstofnanir kjósa að gera aðskilda samninga fyrir aðskilda hluta skal ákvörðunin um það hvaða lagareglur gilda um hvern og einn slíkra aðskilinna samninga tekin á grundvelli einkenna viðkomandi hluta.

Þegar samningsyfirvöld eða samningsstofnanir kjósa að gera stakan samning, skal beita eftirfarandi viðmiðunum til að ákvarða hvaða lagareglur eiga við:

a) þar sem hluti tiltekins samnings fellur undir 346. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, eða mismunandi hlutar falla undir 346. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins annars vegar og tilskipun 2009/81/EB hins vegar, má gera samninginn án þess að beita þessari tilskipun, að því tilskildu að gerð staks samnings sé réttlætanleg á grundvelli hlutlægra ástæðna,

b) þar sem hluti tiltekins samnings fellur undir tilskipun 2009/81/EB er hægt að gera samninginn í samræmi við þessa tilskipun eða í samræmi við tilskipun 2009/81/EB, að því tilskildu að gerð staks samnings sé réttlætanleg á grundvelli hlutlægra ástæðna.

Ákvörðun um að gera stakan samning skal þó ekki tekin í þeim tilgangi að undanþiggja samning beitingu annað hvort þessarar tilskipunar eða tilskipunar 2009/81/EB.

3. Þar sem ekki er hægt að aðskilja mismunandi hluta tiltekins samnings með hlutlægum hætti má gera samninginn án þess að beita þessari tilskipun hafi hann að geyma þætti sem 346. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gildir um. Að öðrum kosti getur samningsyfirvaldið eða samningsstofnunin kosið að gera samning í samræmi við þessa tilskipun eða í samræmi við tilskipun 2009/81/EB.

22. gr.

Samningar sem taka bæði til starfsemi sem um getur í II. viðauka og annarrar starfsemi

1. Þrátt fyrir 20. gr. geta samningsstofnanir, þegar um er að ræða samninga sem ætlað er að taka til margs konar starfsemi, kosið að gera aðskilda samninga vegna hverrar starfsemi fyrir sig eða gert stakan samning. Þar sem samningsstofnanir kjósa að gera aðskilda samninga skal ákvörðunin um það hvaða lagareglur gilda um hvern og einn slíkra aðskilinna samninga tekin á grundvelli einkenna þeirrar starfsemi sem í hlut á.

Þrátt fyrir 20. gr. gilda 2. og 3. mgr. þessarar greinar þegar samningsstofnanir kjósa að gera stakan samning. Hins vegar, þegar ein hlutaðeigandi starfsemi fellur undir 346. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins eða tilskipun 2009/81/EB, gildir 23. gr. þessarar tilskipunar.

Standi valið á milli þess að gera einn samning eða nokkra aðskilda samninga skal slíkt val ekki hafa þann tilgang að samningurinn eða samningarnir falli utan gildissviðs þessarar tilskipunar eða, eftir atvikum, gildissviðs tilskipunar 2014/24/ESB eða 2014/25/ESB.

2. Samningur, sem ætlað er að taka til margs konar starfsemi, skal falla undir gildandi reglur um þá starfsemi sem er meginviðfangsefni samningsins.

3. Þegar um er að ræða samninga þar sem ógerlegt er að ákvarða á hlutlægan hátt hvaða starfsemi er meginviðfangsefni samningsins skal ákvarða hvaða reglur skulu gilda um hann í samræmi við eftirfarandi:

a) sérleyfið skal veitt í samræmi við þau ákvæði þessarar tilskipunar sem gilda um sérleyfi sem samningsyfirvöld veita ef önnur þeirrar starfsemi sem samningnum er ætlað að ná yfir fellur undir ákvæði þessarar tilskipunar sem gilda um sérleyfi sem samningsyfirvöld veita og hin starfsemin fellur undir ákvæði þessarar tilskipunar sem gilda um sérleyfi sem samningsstofnanir veita,

b) samningurinn skal gerður í samræmi við tilskipun 2014/24/ESB ef önnur þeirrar starfsemi sem samningnum er ætlað að ná yfir fellur undir þessa tilskipun og hin starfsemin undir tilskipun 2014/24/ESB,

c) samningurinn skal gerður í samræmi við þessa tilskipun ef önnur þeirrar starfsemi sem samningnum er ætlað að ná yfir fellur undir þessa tilskipun og hin starfsemin fellur hvorki undir þessa tilskipun, tilskipun 2014/24/ESB né tilskipun 2014/25/ESB.

23. gr.

Sérleyfi sem taka bæði til starfsemi sem um getur í II. viðauka og starfsemi sem hefur hliðar sem snúa að vörnum og öryggi

1. Þegar um er að ræða samninga sem ætlað er að taka til margs konar starfsemi geta samningsstofnanir kosið að gera aðskilda samninga vegna hverrar starfsemi fyrir sig eða gert stakan samning. Þegar samningsstofnanir kjósa að gera aðskilda samninga fyrir aðskilda hluta skal ákvörðunin um það hvaða lagareglur gilda um hvern og einn slíkra aðskilinna samninga tekin á grundvelli einkenna viðkomandi starfsemi.

Þrátt fyrir 21. gr. gildir 2. mgr. þessarar greinar þegar samningsstofnanir kjósa að gera stakan samning.

Standi valið á milli þess að gera einn samning eða nokkra aðskilda samninga skal slíkt val þó ekki hafa þann tilgang að samningurinn eða samningarnir falli utan gildissviðs eða séu undanþegnir beitingu annað hvort þessarar tilskipunar eða tilskipunar 2009/81/EB.

2. Þegar um er að ræða samninga sem ætlað er að taka til starfsemi sem fellur undir þessa tilskipun og aðra sem:

a) fellur undir 346. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins eða

b) fellur undir tilskipun 2009/81/EB,

getur samningsstofnunin:

i. gert samning án þess að beita þessari tilskipun í þeim tilvikum sem nefnd eru í a-lið eða

ii. gert samning annað hvort í samræmi við þessa tilskipun eða í samræmi við tilskipun 2009/81/EB, í þeim tilvikum sem um getur í b-lið. Fyrsta undirgrein þessarar málsgreinar skal vera með fyrirvara um viðmiðunarfjárhæðir og undantekningar sem kveðið er á um í tilskipun 2009/81/EB.

Gera má samninga sem um getur í b-lið, sem taka einnig til innkaupa eða annarra þátta sem falla undir 346. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, án þess að beita þessari tilskipun.

Hins vegar skal það vera skilyrði fyrir beitingu þessarar málsgreinar að gerð staks samnings sé réttlætanleg á grundvelli hlutlægra ástæðna og að ákvörðunin um að gera stakan samning sé ekki tekin í þeim tilgangi að undanþiggja samninga beitingu þessarar tilskipunar.

IV. þáttur

Sérstakar aðstæður

24. gr.

Sérleyfi bundin við ákveðna hópa

Aðildarríki geta bundið réttinn til að taka þátt í útboðsferli fyrir sérleyfi við verndaða vinnustaði og rekstraraðila sem hafa félagslega og faglega aðlögun fatlaðra eða illa settra einstaklinga að helsta markmiði eða kveðið á um að slík sérleyfi skuli framkvæma innan ramma áætlana um verndaða vinnu, að því tilskildu að a.m.k. 30% starfsmanna þeirra vinnustaða, rekstraraðila eða áætlana séu fatlaðir eða illa settir starfsmenn. Í tilkynningunni um sérleyfi eða, í tilviki sérleyfissamninga um þjónustu eins og þeir eru skilgreindir í 19. gr., í kynningartilkynningunni skal vísað til þessarar greinar.

25. gr.

Þjónusta tengd rannsóknum og þróun

Þessi tilskipun skal eingöngu gilda um sérleyfissamninga um þjónustu fyrir þjónustu tengda rannsóknum og þróun sem fellur undir CPV-kóða 73000000-2 til 73120000-9, 73420000-2 og 73430000-5, að því tilskildu að báðum eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

a) að ávinningurinn fari eingöngu til samningsyfirvaldsins eða samningsstofnunarinnar til nota í eigin starfsemi og

b) að endurgjald fyrir þjónustuna, sem veitt er, komi alfarið frá samningsyfirvaldinu eða samningsstofnuninni.

II. KAFLI

Meginreglur

26. gr.

Rekstraraðilar

1. Ekki skal hafna rekstraraðilum, sem eiga rétt á að veita viðeigandi þjónustu samkvæmt lögum aðildarríkisins þar sem þeir hafa staðfestu, af þeirri ástæðu einni að þess er krafist í lögum aðildarríkisins þar sem samningurinn er gerður að þeir einskorðist við annaðhvort einstaklinga eða lögaðila.

Heimilt er að krefjast þess af lögaðilum að þeir tilgreini, í tilboði eða umsókn, nöfn og viðeigandi faglega menntun og hæfi starfsmanna sem eiga að bera ábyrgð á framkvæmd samningsins sem um er að ræða.

2. Hópar rekstraraðila, þ.m.t. tímabundin samtök, geta tekið þátt í útboðsferli fyrir sérleyfi. Þeir skulu ekki krafðir um það af samningsyfirvöldum eða samningsstofnunum að hafa sérstakt rekstrarform að lögum til þess að leggja fram tilboð eða þátttökutilkynningu.

Ef nauðsyn krefur geta samningsyfirvöld eða samningsstofnanir skýrt það í skjölunum sem varða sérleyfi hvernig hópar rekstraraðila skulu uppfylla kröfur um efnahags- og fjárhagsstöðu eða tæknilega og faglega getu sem krafist er af rekstraraðilum sem um getur í 38. gr. að því tilskildu að það sé réttlætanlegt á grundvelli hlutlægra ástæðna og gætt sé meðalhófs. Aðildarríki geta sett staðlaða skilmála um það hvernig hópar rekstraraðila skulu uppfylla þessar kröfur. Hvers konar skilyrði varðandi framkvæmd sérleyfis af hálfu hópa slíkra rekstraraðila sem eru ólík þeim sem gilda um einstaka þátttakendur skulu vera réttlætanleg á grundvelli hlutlægra ástæðna og gæta skal meðalhófs.

3. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. geta samningsyfirvöld eða samningsstofnanir krafist þess að hópar rekstraraðila taki á sig sérstakt rekstrarform að lögum þegar samningur hefur verið gerður við þá, að því marki sem slík breyting er nauðsynleg fyrir fullnægjandi framkvæmd samningsins.

27. gr.

Flokkunarkerfi

1. Allar tilvísanir til flokkunarkerfa í tengslum við veitingu sérleyfa skulu notast við „sameiginlega innkaupaorðasafnið“ eins og það er samþykkt í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2195/2002 ([27]).

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 48. gr. til að aðlaga CPV-kóðana, sem um getur í þessari tilskipun, þegar breytingar á flokkunarkerfi sameiginlega innkaupaorðasafnsins verða að endurspeglast í þessari tilskipun og þær fela ekki í sér breytingar á gildissviði þessarar tilskipunar.

28. gr.

Trúnaðarkvaðir

1. Ef ekki er kveðið á um annað í þessari tilskipun eða í landslögum sem samningsyfirvaldið fellur undir, einkum löggjöf um aðgang að upplýsingum, og með fyrirvara um skyldur er varða auglýsingu gerðra sérleyfissamninga og upplýsingar til umsækjenda eða bjóðenda eins og sett er fram í 32. og 40. gr. skal samningsyfirvald eða samningsstofnun ekki birta upplýsingar sem rekstraraðilar senda þeim og hafa verið auðkenndar sem trúnaðarupplýsingar, þ.m.t. en ekki bundið við tæknileg leyndarmál eða viðskiptaleyndarmál og þá þætti tilboða sem eru trúnaðarmál.

Þessi grein kemur ekki í veg fyrir opinbera birtingu þeirra hluta samninga sem ekki eru trúnaðarmál, þ.m.t. allar síðari breytingar.

2. Samningsyfirvaldið eða samningsstofnunin geta lagt kröfur á rekstraraðila sem miða að því að varðveita leynd upplýsinga sem það eða hún lætur í té á meðan útboðsferlinu fyrir sérleyfi stendur.

([27]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2195/2002 frá 5. nóvember 2002 um sameiginlegt innkaupaorðasafn (CPV) (Stjtíð. EB L 340, 16.12.2002, bls. 1).

29. gr.

Reglur um samskipti

1. Nema skylda sé að nota rafrænar aðferðir samkvæmt 2. mgr. 33. gr. og 34. gr. geta aðildarríki eða samningsyfirvöld og samningsstofnanir valið að nota eina eða fleiri af eftirfarandi samskiptaaðferðum fyrir öll samskipti og upplýsingaskipti:

a) rafrænar aðferðir,

b) póst eða símbréf,

c) munnleg samskipti, þ.m.t. í gegnum síma, í öðrum samskiptum en þeim sem varða mikilvægustu þætti útboðsferlisins fyrir sérleyfi, og að því tilskildu að efni munnlegu samskiptanna sé skráð nægilega vel á varanlegum miðli,

d) beina afhendingu sem vottuð er með staðfestingu á móttöku.

Aðildarríki geta gert notkun rafrænna samskiptaaðferða að því er varðar sérleyfi skyldubundna, umfram þær skyldur sem kveðið er á um í 2. mgr. 33. gr. og 34. gr.

2. Samskiptaaðferðir, sem valdar eru, skulu vera almennt aðgengilegar og þannig að ekki leiði til mismununar og þær skulu ekki takmarka aðgang rekstraraðila að útboðsferlinu fyrir sérleyfi. Tól og tæki, sem notuð eru í rafrænum samskiptum, svo og tæknilegir eiginleikar þeirra, skulu vera innbyrðis samhæfð þeirri upplýsinga- og fjarskiptatækni sem er almennt í notkun.

Í öllum samskiptum, miðlun og geymslu upplýsinga skulu samningsyfirvöld og samningsstofnanir tryggja að heilleiki gagna sé varðveittur og trúnaður, sem gildir um umsóknir og tilboð, sé haldinn. Þau skulu ekki kanna efni umsókna og tilboða fyrr en fresturinn til að leggja þau fram er runninn út.

II. BÁLKUR

REGLUR UM VEITINGU SÉRLEYFA:

ALMENNAR MEGINREGLUR OG KRÖFUR UM FRAMKVÆMD

I. KAFLI

Almennar meginreglur

30. gr.

Almennar meginreglur

1. Samningsyfirvald eða samningsstofnun skal hafa frelsi til að skipuleggja málsmeðferð sem leiðir til vals á sérleyfishafa með fyrirvara um að farið sé að þessari tilskipun.

2. Tilhögun útboðsferlis fyrir sérleyfi skal vera í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í 3. gr. Einkum skal samningsyfirvald eða samningsstofnun, meðan á útboðsferli fyrir sérleyfi stendur, ekki veita upplýsingar á þann hátt að umsækjendum eða bjóðendum sé mismunað þannig að staða sumra þeirra verði betri en annarra.

3. Aðildarríki skulu grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að rekstraraðilar uppfylli gildandi skyldur á sviði umhverfis-, félagsmála- og vinnuréttar sem byggjast á lögum Sambandsins, landslögum, kjarasamningum eða ákvæðum alþjóðlegrar umhverfis-, félagsmála- eða vinnulöggjafar, sem talin eru upp í X. viðauka, við framkvæmd sérleyfissamninga.

4. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 48. gr. til að breyta skránni í X. viðauka ef nauðsyn krefur til að bæta við nýjum alþjóðasamningum sem öll aðildarríkin hafa fullgilt eða þegar gildandi alþjóðasamningar sem vísað er til eru ekki lengur fullgiltir af öllum aðildarríkjum eða þeir hafa breyst með öðrum hætti, t.d. að því er varðar gildissvið þeirra, efni eða heiti.

31. gr.

Tilkynningar um sérleyfi

1. Samningsyfirvöld og samningsstofnanir sem hyggjast veita sérleyfi, skulu láta vita af fyrirætlun sinni með tilkynningu um sérleyfi.

2. Í tilkynningum um sérleyfi skulu koma fram upplýsingarnar, sem um getur í V. viðauka, og, eftir því sem við á, hvers konar upplýsingar aðrar, sem samningsyfirvaldið eða -stofnunin telur gagnlegar, í samræmi við stöðluð eyðublöð.

3. Samningsyfirvöld og samningsstofnanir sem hafa í hyggju að veita sérleyfi fyrir félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu sem skráð er í IV. viðauka skulu láta vita um fyrirhugaða veitingu sérleyfis með birtingu kynningartilkynningar. Í þessum tilkynningum skulu koma fram þær upplýsingar sem settar eru fram í VI. viðauka.

4. Þrátt fyrir 1. mgr. skal þess ekki krafist að samningsyfirvöld eða samningsstofnanir birti tilkynningu um sérleyfi þegar einungis einn tiltekinn rekstraraðili getur veitt þjónustuna af einhverri af eftirfarandi ástæðum:

a) markmiðið með sérleyfinu er gerð eða kaup á einstöku listaverki eða einstökum listflutningi,

b) ekki er um samkeppni að ræða af tæknilegum ástæðum,

c) einkaréttur er til staðar,

d) vegna verndar annars hugverkaréttar og einkaréttar en þeirra sem skilgreindir eru í 10. lið 5. gr.

Undantekningarnar sem settar eru fram í b-, c- og d-lið fyrstu undirgreinar gilda aðeins þegar enginn annar raunhæfur valkostur er fyrir hendi eða annað sem komið getur í staðinn og ástæðan fyrir því að ekki er til staðar samkeppni er ekki sú að þrengt hafi verið að breytum fyrir veitingu sérleyfisins með óeðlilegum hætti.

5. Þrátt fyrir 1. mgr. skal þess ekki krafist að samningsyfirvald eða samningsstofnun birti nýja tilkynningu um sérleyfi ef engar umsóknir, engin tilboð, engin fullnægjandi tilboð eða engar fullnægjandi umsóknir hafa verið lagðar fram vegna fyrra útboðsferlis fyrir sérleyfi, að því tilskildu að upphaflegum skilyrðum sérleyfissamningsins sé ekki breytt í veigamiklum atriðum og að framkvæmdastjórninni sé send skýrsla, ef hún óskar eftir því.

Að því er varðar fyrstu undirgrein skal tilboð ekki talið fullnægjandi þegar það hefur ekki tengsl við sérleyfið og dugir bersýnilega ekki, án verulegra breytinga, til að mæta þörfum samningsyfirvaldsins eða samningsstofnunarinnar og kröfum eins og þær eru tilgreindar í skjölunum sem varða sérleyfið.

Að því er varðar fyrstu undirgrein, skal umsókn ekki talin fullnægjandi:

a) ef útiloka skal eða ef hægt er að útiloka viðkomandi umsækjanda samkvæmt 4.–9. mgr. 38. gr. eða hann uppfyllir ekki hæfiskröfur samningsyfirvaldsins eða samningsstofnunarinnar skv. 1. mgr. 38. gr.,

b) þegar umsóknir hafa að geyma tilboð sem eru ekki fullnægjandi í skilningi annarrar undirgreinar.

32. gr.

Tilkynningar um veitingu sérleyfis

1. Eigi síðar en 48 dögum eftir að sérleyfi er veitt skulu samningsyfirvöld og samningsstofnanir, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 33. gr., senda út tilkynningu um veitingu sérleyfis sem greinir frá niðurstöðu útboðsferlisins fyrir sérleyfi. Slíkum tilkynningum vegna félagsþjónustu og annarrar sértækrar þjónustu sem skráð er í IV. viðauka má hins vegar safna saman og senda ársfjórðungslega. Í því tilviki skulu þau senda samsafnaðar tilkynningar innan 48 daga frá lokum hvers ársfjórðungs.

2. Tilkynningar um veitingu sérleyfis skulu innihalda þær upplýsingar sem settar eru fram í VII. viðauka, eða, að því er varðar sérleyfi fyrir félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu sem skráð er í IV. viðauka, þær upplýsingar sem settar eru fram í VIII. viðauka, og skulu birtar í samræmi við 33. gr.

33. gr.

Form tilkynninga og aðferð við birtingu þeirra

1. Í tilkynningum um sérleyfi, tilkynningum um veitingu sérleyfis og tilkynningunni sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 43. gr. skulu koma fram upplýsingarnar sem settar eru fram í V., VI., VII., VIII. og XI. viðauka og á stöðluðum eyðublöðum, þ.m.t. stöðluð eyðublöð fyrir leiðréttingar.

Framkvæmdastjórnin skal taka upp þessi stöðluðu eyðublöð með framkvæmdargerðum: Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem um getur í 50. gr.

2. Tilkynningarnar sem um getur í 1. mgr. skulu samdar, sendar með rafrænum aðferðum til útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins og birtar í samræmi við IX. viðauka. Útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins skal láta samningsyfirvaldinu eða samningsstofnuninni í té staðfestingu á móttöku tilkynningarinnar og á birtingu upplýsinganna, sem sendar voru, þar sem birtingardagurinn kemur fram, sem skal teljast sönnun birtingar. Tilkynningar skulu birtar eigi síðar en fimm dögum eftir að þær voru sendar. Sambandið ber kostnað af birtingu útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins á tilkynningunum.

3. Tilkynningar um sérleyfi skulu birtar í fullri lengd á einu eða fleiri opinberum tungumálum stofnana Sambandsins sem samningsyfirvöld eða samningsstofnanir velja. Einungis sú eða þær tungumálaútgáfur teljast áreiðanlegar. Birta skal samantekt á mikilvægum þáttum hverrar tilkynningar á öðrum opinberum tungumálum stofnana Sambandsins.

4. Tilkynningar um sérleyfi og tilkynningar um veitingu sérleyfa skulu ekki birtar á landsvísu áður en þær eru birtar af útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins nema birting á vettvangi Sambandsins eigi sér ekki stað innan 48 klst. frá því að útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins staðfestir móttöku tilkynningarinnar við samningsyfirvaldið eða samningsstofnunina eins og um getur í 2. mgr. Tilkynningar um sérleyfi og tilkynningar um veitingu sérleyfis sem birtar eru á landsvísu skulu ekki innihalda aðrar upplýsingar en þær sem koma fram í tilkynningum, sem eru sendar til útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins, en í þeim skal koma fram hvaða dag tilkynningin var send til útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins.

34. gr.

Rafrænt aðgengi að skjölum sem varða sérleyfi

1. Samningsyfirvöld og samningsstofnanir skulu bjóða, án endurgjalds, ótakmarkaðan og fullan, beinan, rafrænan aðgang að skjölum sem varða sérleyfi frá birtingardegi tilkynningar um sérleyfi eða, þegar tilkynningin um sérleyfi hefur ekki að geyma boð um að leggja fram tilboð, frá þeim degi sem boð um að leggja fram tilboð var sent. Í texta tilkynningarinnar um sérleyfi eða þessara boða skal tilgreina veffangið þar sem hægt er að nálgast skjölin sem varða sérleyfið.

2. Þegar ekki er hægt að bjóða ótakmarkaðan og fullan, beinan, rafrænan aðgang án endurgjalds að tilteknum skjölum sem varða sérleyfi, við aðstæður sem gefa nægilegt tilefni til vegna sérstakra öryggisástæðna eða tæknilegra ástæðna eða vegna sérstaklega viðkvæms eðlis viðskiptaupplýsinga sem krefst varnar á mjög háu stigi, skulu samningsyfirvöld eða samningsstofnanir láta það koma fram í tilkynningunni eða boðinu um að leggja fram tilboð að hlutaðeigandi skjöl sem varða sérleyfi verði send með öðrum aðferðum en rafrænum og frestur til móttöku tilboða skal lengdur.

3. Að því tilskildu að beðið hafi verið um það með góðum fyrirvara skulu samningsyfirvöld og samningsstofnanir eða þar til bærar deildir láta öllum umsækjendum eða bjóðendum, sem taka þátt í útboðsferlinu fyrir sérleyfi, í té viðbótarupplýsingar sem tengjast skjölunum sem varða sérleyfi eigi síðar en sex dögum áður en frestur til að taka við tilboðum rennur út.

35. gr.

Barátta gegn spillingu og komið í veg fyrir hagsmunaárekstra

Aðildarríki skulu gera kröfu um að samningsyfirvöld og samningsstofnanir geri viðeigandi ráðstafanir til að berjast gegn svikum, hlutdrægni og spillingu og koma með skilvirkum hætti í veg fyrir, greina og lagfæra hagsmunaárekstra sem rísa í útboðsferlinu fyrir sérleyfi til þess að forðast röskun á samkeppni og til að tryggja gagnsæi útboðsferlisins og jafna meðferð allra umsækjenda og bjóðenda.

Hugtakið hagsmunaárekstur skal a.m.k. taka til allra aðstæðna þar sem starfsfólk samningsyfirvalds eða stofnunar, sem tekur þátt í framkvæmd útboðsferlis fyrir sérleyfi eða getur haft áhrif á útkomu þess, hefur beinna eða óbeinna fjárhagslegra, efnahagslegra eða annars konar persónulegra hagsmuna að gæta sem hægt væri að sjá fyrir sér að hefðu áhrif á hlutleysi þeirra og sjálfstæði í tengslum við útboðsferli fyrir sérleyfi.

Að því er varðar hagsmunaárekstra skulu þær ráðstafanir sem gripið er til ekki ganga lengra en bráðnauðsynlegt er til að koma í veg fyrir mögulegan hagsmunaárekstur eða útrýma hagsmunaárekstri sem hefur verið greindur.

II. KAFLI

Kröfur um framkvæmd

36. gr.

Tækni- og virknikröfur (e. technical and functional requirements)

1. Tækni- og virknikröfur skulu skilgreina þá eiginleika sem krafist er að verk eða þjónusta, sem fellur undir sérleyfið, hafi til að bera. Þær skulu settar fram í skjölunum sem varða sérleyfin.

Þessir eiginleikar geta einnig vísað til sérstaks ferlis við framleiðslu eða veitingu viðkomandi verka eða þjónustu, að því tilskildu að þeir tengist efni samningsins og séu í réttu hlutfalli við verðmæti hans og markmið. Eiginleikarnir geta m.a. varðað tiltekin gæði, vistvænleika og loftslagsgæði, kröfur um hönnun fyrir alla (þ.m.t. aðgengi fyrir fatlaða) og samræmismat, nothæfi, öryggi eða umfang, hugtök, tákn, prófanir og prófunaraðferðir, merkingu og áletranir eða notendaleiðbeiningar.

2. Tækni- og virknikröfur skulu ekki vísa til sérstakrar tegundar eða uppruna eða tiltekins vinnsluferlis sem einkennir vörur eða þjónustu sem tiltekinn rekstraraðili veitir, né til vörumerkja, einkaleyfa, gerða eða sérstakrar framleiðslu með þeim áhrifum að það styðji eða útiloki tiltekin fyrirtæki eða tilteknar vörur, sé það ekki réttlætanlegt af efni samningsins. Slík tilvísun skal leyfð í sérstökum undantekningartilvikum

þegar nægileg nákvæm og skiljanleg lýsing á efni samningsins er ekki möguleg. Orðin „eða jafngilt“ skulu fylgja slíkri tilvísun.

3. Samningsyfirvald eða samningsstofnun skal ekki vísa frá tilboði á þeim forsendum að verkið eða þjónustan sem boðin er uppfylli ekki þær tækni- og virknikröfur sem það eða hún hefur vísað til, ef bjóðandinn færir sönnur á það í tilboði sínu, með einhverjum viðeigandi hætti, að lausnir þær sem hann hefur lagt til uppfylli tækni- og virknikröfurnar með jafngildum hætti.

37. gr.

Kröfur um framkvæmd

1. Sérleyfi skulu veitt á grundvelli forsendna fyrir vali tilboðs sem samningsyfirvaldið eða samningsstofnunin setur fram í samræmi við 41. gr. að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) að tilboðið uppfylli þær lágmarkskröfur sem samningsyfirvaldið eða samningsstofnunin setur, eftir atvikum,

b) að bjóðandinn uppfylli skilyrði fyrir þátttöku eins og um getur í 1. mgr. 38. gr. og

c) að bjóðandinn sé ekki útilokaður frá þátttöku í útboðsferlinu í samræmi við 4.–7. mgr. 38. gr. og með fyrirvara um 9. mgr. 38. gr.

Lágmarkskröfurnar sem um getur í a-lið skulu hafa að geyma skilyrði og einkenni (einkum tæknileg, efnisleg, sem varða virkni og lagaleg) sem öll tilboð ættu að uppfylla eða hafa.

2. Samningsyfirvaldið eða samningsstofnunin skal láta í té:

a) í tilkynningunni um sérleyfi, lýsingu á sérleyfinu og skilyrðum fyrir þátttöku,

b) í tilkynningunni um sérleyfi, í boðinu um að leggja fram tilboð eða í öðrum skjölum sem varða sérleyfið, lýsingu á forsendum fyrir vali tilboðs og, eftir atvikum, lágmarkskröfur sem uppfylla þarf.

3. Samningsyfirvaldið eða samningsstofnunin getur takmarkað fjölda umsækjenda eða bjóðenda við viðeigandi fjölda, með því skilyrði að það sé gert á gagnsæjan hátt og á grundvelli hlutlægra viðmiðana. Umsækjendur eða bjóðendur skulu vera nægilega margir til að tryggja raunverulega samkeppni.

4. Samningsyfirvaldið eða samningsstofnunin skulu senda öllum þátttakendum lýsingu á fyrirhuguðu skipulagi útboðsferlisins og leiðbeinandi lokafrest. Hvers konar breytingar skulu sendar öllum þátttakendum og, að því marki sem þær varða þætti sem eru tilgreindir í tilkynningunni um sérleyfi, kunngjörðar öllum rekstraraðilum.

5. Samningsyfirvaldið eða samningsstofnunin skal sjá til þess að viðeigandi skráning fari fram á stigum útboðsferlisins með þeim leiðum sem það eða hún telur viðeigandi, með fyrirvara um að farið sé að 1. mgr. 28. gr.

6. Samningsviðræður mega fara fram milli samningsyfirvalds eða samningsstofnunar og umsækjenda og bjóðenda. Efni sérleyfisins, forsendum fyrir vali tilboðs og lágmarkskröfum skal ekki breytt meðan á samningsviðræðunum stendur.

38. gr.

Val og eigindlegt mat á umsækjendum

1. Samningsyfirvöld og samningsstofnanir skulu fylgjast með því að þátttökuskilyrðum, sem tengjast faglegri og tæknilegri getu og fjárhagslegri og efnahagslegri stöðu umsækjendanna eða bjóðendanna, sé fullnægt, á grundvelli eigin yfirlýsinga eða meðmæla, sem leggja skal fram sem sönnun í samræmi við kröfur, sem tilgreindar eru í tilkynningunni um sérleyfi og sem skulu vera án mismununar og í réttu hlutfalli við efni sérleyfisins. Skilyrðin fyrir þátttöku skulu tengjast og vera í réttu hlutfalli við þörfina á að tryggja að sérleyfishafinn hafi getu til að framkvæma sérleyfið, að teknu tilliti til efnis sérleyfisins og þess markmiðs að tryggja raunverulega samkeppni.

2. Rekstraraðili getur, eftir því sem við á og vegna tiltekins sérleyfis, með það í huga að uppfylla skilyrðin fyrir þátttöku sem mælt er fyrir um í 1. mgr., byggt á getu annarra aðila, óháð lagalegu eðli tengsla hans við þá. Þegar rekstraraðili vill reiða sig á getu annarra aðila, skal hann sanna fyrir samningsyfirvaldinu eða samningsstofnuninni að hann hafi yfir nauðsynlegum föngum að ráða allt sérleyfistímabilið, t.d. með því að leggja fram skuldbindingu þeirra aðila þess efnis. Að því er varðar fjárhagsstöðu getur samningsyfirvaldið eða samningsstofnunin krafist þess að rekstraraðilinn og þessir aðilar beri sameiginlega ábyrgð á efndum samningsins.

3. Með sömu skilyrðum getur hópur rekstraraðila, sem um getur í 26. gr., byggt á getu þátttakenda í hópnum eða annarra aðila.

4. Samningsyfirvöld og samningsstofnanir, eins og um getur í a-lið 1. mgr. 7. gr., skulu útiloka rekstraraðila frá þátttöku í útboðsferli fyrir sérleyfi hafi þau komist að raun um að hann hafi verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir eitthvað af eftirfarandi:

a) þátttöku í skipulögðum brotasamtökum, eins og skilgreint er í 2. gr. rammaákvörðunar ráðsins 2008/841/DIM ([28]),

b) spillingu, eins og hún er skilgreind í 3. gr. í samningsins um baráttu gegn spillingu tengdri embættismönnum Evrópubandalaganna eða embættismönnum aðildarríkja Evrópusambandsins ([29]) og 1. mgr. 2. gr. rammaákvörðunar ráðsins 2003/568/DIM ([30]), auk spillingar eins og hún er skilgreind í landslögum samningsyfirvaldsins eða stofnunarinnar eða rekstraraðilans,

c) svik, í skilningi 1. gr. samningsins um verndun fjárhagslegra hagsmuna Evrópubandalaganna ([31]),

d) hryðjuverk eða brot sem tengjast hryðjuverkastarfsemi, eins og skilgreint er í 1. og 3. gr. rammaákvörðunar ráðsins 2002/475/DIM ([32]), eftir því sem við á, eða áeggjan, aðstoð eða stuðning við eða tilraun til að fremja afbrot, eins og um getur í 4. gr. þeirrar rammaákvörðunar,

e) peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka eins og skilgreint er í 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB ([33]),

f) barnavinnu og annað form mansals, eins og skilgreint er í 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/36/ESB ([34]).

Skylda til að útiloka rekstraraðila skal einnig gilda þegar einstaklingur, sem hefur verið sakfelldur með endanlegum dómi, er í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn þess rekstraraðila eða hefur heimild til fyrirsvars, ákvörðunartöku eða yfirráða í honum.

Samningsstofnanir, aðrar en þær sem getið er um í a-lið 1. mgr. 7. gr., geta útilokað rekstraraðila frá þátttöku í útboðsferli fyrir sérleyfi hafi þau vitneskju um að sá rekstraraðili hafi verið sakfelldur með endanlegum dómi af einhverri af þeim ástæðum sem taldar eru upp í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar.

5. Samningsyfirvöldin og samningsstofnanirnar, sem um getur í a-lið 1. mgr. 7. gr., skulu útiloka rekstraraðila frá þátttöku í útboðsferli fyrir sérleyfi þegar þau hafa vitneskju um að rekstraraðilinn hafi brotið gegn skyldum er snúa að greiðslu skatta eða framlaga til almannatrygginga og þar sem því hefur verið slegið föstu með ákvörðun dómstóls eða stjórnvalds sem hefur endanleg og bindandi áhrif í samræmi við lagaákvæði landsins þar sem því er slegið föstu eða við ákvæði aðildarríkis samningsyfirvaldsins eða samningsstofnunarinnar.

Samningsyfirvöldin og samningsstofnanirnar, sem um getur í a-lið 1. mgr. 7. gr. geta enn fremur útilokað, eða útilokað að kröfu aðildarríkis, rekstraraðila frá þátttöku í útboðsferli fyrir sérleyfi þegar samningsyfirvaldið eða stofnunin getur sýnt fram á með viðeigandi hætti að rekstraraðilinn hafi brotið gegn skyldum er snúa að greiðslu skatta eða framlaga til almannatrygginga.

Þessi málsgrein skal ekki lengur gilda þegar rekstraraðili hefur uppfyllt skyldur sínar með því að greiða eða gera bindandi samning um fyrirkomulag með það í huga að greiða skattana eða framlögin til almannatrygginga sem skal greiða, þ.m.t., eftir atvikum, áfallna vexti eða sektir.

6. Aðildarríki geta kveðið á um undanþágur frá skyldubundnu útilokuninni sem kveðið er á um í 4. og 5. mgr. í sérstökum undantekningartilvikum vegna ástæðna sem vega þyngra og varða almannahagsmuni, s.s. lýðheilsu eða umhverfisvernd.

([28]) Rammaákvörðun ráðsins 2008/841/DIM frá 24. október 2008 um baráttuna gegn skipulagðri afbrotastarfsemi (Stjtíð. ESB L 300, 11.11.2008, bls. 42).
([29]) Stjtíð. EB C 195, 25.6.1997, bls. 1.
([30]) Rammaákvörðun ráðsins 2003/568/DIM frá 22. júlí 2003 um baráttu gegn spillingu í einkageiranum (Stjtíð. ESB L 192, 31.7.2003, bls. 54).
([31]) Stjtíð. ESB C 316, 27.11.1995, bls. 48.
([32]) Rammaákvörðun ráðsins 2002/475/DIM frá 13. júní 2002 um baráttu gegn hryðjuverkum (Stjtíð. EB L 164, 22.6.2002, bls. 3
([33]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB frá 26. október 2005 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis og til fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi, (Stjtíð. ESB L 309, 25.11.2005, bls. 15).
([34]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/36/ESB frá 5. apríl 2011 um að koma í veg fyrir og berjast gegn mansali og vernda fórnarlömb þess, og um niðurfellingu á rammaákvörðun ráðsins 2002/629/DIM (Stjtíð. ESB L 101, 15.4.2011, bls. 1).

Aðildarríki geta einnig kveðið á um undanþágu frá skyldubundnu útilokuninni, sem kveðið er á um í 5. mgr., þegar útilokun myndi greinilega ekki vera í samræmi við meðalhóf, einkum þegar einungis minniháttar skattafjárhæðir eða framlög til almannatrygginga eru ógreidd eða þar sem rekstraraðili var upplýstur um nákvæma fjárhæð, sem enn var ógreidd í framhaldi af broti hans á skyldu sinni til greiðslu skatta eða framlaga til almannatrygginga, á tíma þar sem hann hafði ekki færi á að grípa til ráðstafana, eins og kveðið er á um í þriðju undirgrein 5. mgr., áður en fresturinn til að leggja fram umsókn rann út.

7. Samningsyfirvöldin eða samningsstofnanirnar geta útilokað, eða útilokað að kröfu aðildarríkis, rekstraraðila frá þátttöku í útboðsferli fyrir sérleyfi ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

a) þar sem hægt er að sýna, með viðeigandi hætti, fram á brot gegn gildandi skyldum sem um getur í 3. mgr. 30 gr.,

b) þegar rekstraraðilinn er gjaldþrota eða hefur verið tekinn til ógjaldfærni- eða slitameðferðar, þegar eignir hans eru í umsjá skiptastjóra eða dómstóls, þegar hann hefur gert nauðasamninga eða þegar atvinnustarfsemi hans hefur verið lögð niður tímabundið eða hann er í sambærilegri stöðu vegna svipaðrar málsmeðferðar samkvæmt landsögum og reglugerðum; samningsyfirvaldið eða samningsstofnunin getur þó ákveðið að útiloka ekki eða getur verið krafið af aðildarríki um að útiloka ekki rekstraraðila sem er í einhverri þeirri stöðu sem að framan greinir, þegar það liggur fyrir að hlutaðeigandi rekstraraðili muni geta framkvæmt sérleyfið, með tilliti til gildandi landsreglna og ráðstafana varðandi áframhaldandi starfsemi við slíkar aðstæður,

c) þegar samningsyfirvaldið getur sýnt, með viðeigandi hætti, fram á að rekstraraðilinn sé sekur um alvarlegt misferli í starfi, sem gerir það að verkum að heiðarleiki hans verður dreginn í efa,

d) þegar hagsmunaárekstra, í skilningi annarrar málsgreinar 35. gr., er ekki hægt að lagfæra með skilvirkum hætti með öðrum aðgerðum sem ekki ganga eins langt,

e) þegar samningsyfirvaldið getur leitt að því nægum líkum að rekstraraðilinn hafi gengið til samninga við aðra rekstraraðila í þeim tilgangi raska samkeppni,

f) þegar verulegir eða viðvarandi annmarkar hafa reynst vera á framkvæmd rekstraraðila á efnislegum kröfum samkvæmt fyrra sérleyfi eða fyrri samningi við samningsyfirvald eða við samningsstofnun, eins og skilgreint er í þessari tilskipun eða í tilskipun 2014/25/ESB, sem leiddi til þess að þessum fyrri samningi var slitið fyrr en til stóð, skaðabóta eða annarra svipaðra viðurlaga,

g) þegar rekstraraðili hefur verið fundinn sekur um alvarlegar rangfærslur við veitingu upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að sannreyna að ekki séu til staðar útilokunarástæður eða að hæfiskröfur séu uppfylltar, hefur leynt slíkum upplýsingum eða getur ekki lagt fram tilskilin gögn þeim til stuðnings,

h) þegar rekstraraðili hefur reynt að hafa með óréttmætum hætti áhrif á ákvarðanatökuferli samningsyfirvaldsins eða samningsstofnunarinnar, komast yfir trúnaðarupplýsingar sem geta veitt honum óréttmætt forskot í útboðsferlinu fyrir sérleyfi eða veita af gáleysi villandi upplýsingar sem geta haft efnisleg áhrif á ákvarðanir varðandi útilokun, val eða veitingu,

i) ef það kemur í ljós, þegar um er að ræða sérleyfi á sviði varnar- og öryggismála eins og um getur í tilskipun 2009/81/EB, á grundvelli hvers konar sönnunargagna, þ.m.t. verndaðra gagnalinda, að rekstraraðili býr ekki yfir þeim áreiðanleika sem þarf til að öryggi aðildarríkis sé ekki stofnað í hættu,

8. Samningsyfirvöld og samningsstofnanir, eins og um getur í a-lið 1. mgr. 7. gr., skulu hvenær sem er meðan á útboðsferlinu stendur útiloka rekstraraðila frá því ef í ljós kemur að hlutaðeigandi rekstraraðili er, í ljósi athafna eða athafnaleysis annað hvort áður eða meðan á útboðsferlinu stendur, í einhverjum þeim aðstæðum sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar og fyrstu undirgrein 5. mgr. þessarar greinar.

Samningsyfirvöld og samningsstofnanir geta, hvenær sem er á meðan útboðsferlinu stendur, útilokað, eða útilokað að kröfu aðildarríkis, rekstraraðila ef í ljós kemur að hlutaðeigandi rekstraraðili er, í ljósi athafna eða athafnaleysis annað hvort áður eða meðan á útboðsferlinu stendur, í einhverjum þeim aðstæðum sem um getur í annarri undirgrein 5. mgr. og í 7. mgr.

9. Sérhverjum rekstraraðila, sem er í einhverjum þeim aðstæðum sem um getur í 4. og 7. mgr., er heimilt að færa fram sönnur á að ráðstafanir, sem hann hefur gripið til, dugi til að sýna fram á áreiðanleika hans þrátt fyrir að viðkomandi útilokunarástæða sé fyrir hendi. Ef slík sönnun er talin fullnægjandi skal ekki útiloka viðkomandi rekstraraðila frá útboðsferlinu.

Rekstraraðilinn skal í þessum tilgangi sanna að hann hafi greitt eða skuldbundið sig til að greiða bætur vegna alls tjóns sem orðið hefur vegna refsilagabrotsins eða misferlisins, útskýrt málsatvik og málavexti með heildstæðum hætti með virkri samvinnu við rannsóknaryfirvaldið og hafi gripið til raunhæfra tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana og ráðstafana varðandi starfsfólk sem eru til þess fallnar að koma í veg fyrir frekari refsilagabrot eða misferli. Ráðstafanirnar, sem rekstraraðilar grípa til, skulu metnar með tilliti til alvarleika refsilagabrotsins eða misferlisins og þeirra tilteknu aðstæðna sem voru fyrir hendi þegar það átti sér stað. Þegar ráðstafanirnar eru ekki taldar duga skal viðkomandi rekstraraðili fá í hendur rökstuðning fyrir þeirri ákvörðun.

Rekstraraðili sem hefur verið útilokaður með endanlegum dómi frá þátttöku í innkaupaferli eða í útboðsferli fyrir sérleyfi skal ekki hafa rétt til að notfæra sér þann möguleika sem veittur er samkvæmt þessari málsgrein á meðan útilokunin varir sem leiðir af þeim dómi í aðildarríkjum þar sem dómurinn hefur áhrif.

10. Aðildarríki skulu tilgreina framkvæmdarákvæði fyrir þessa grein í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum, með hliðsjón af lögum Sambandsins. Þau skulu einkum ákvarða hámarksútilokunartímabil ef rekstraraðilinn grípur ekki til neinna ráðstafana, eins og tilgreint er í 9. mgr., til að sýna fram á áreiðanleika sinn. Þegar útilokunartímabilið hefur ekki verið ákvarðað með endanlegum dómi skal tímabilið ekki vara lengur en fimm ár frá þeim degi þegar sakfelling á sér stað með endanlegum dómi í þeim málum sem um getur í 4. mgr. og þrjú ár frá viðkomandi atviki í þeim málum sem um getur í 7. mgr.

39. gr.

Frestir fyrir móttöku umsókna um og tilboða í sérleyfi

1. Þegar samningsyfirvöld eða samningsstofnanir ákveða fresti til að taka við umsóknum eða tilboðum skulu þau einkum taka tillit til þess hve flókið efni sérleyfisins er og hve langan tíma þarf til að semja tilboð eða umsóknir, sbr. þó lágmarksfresti sem kveðið er á um í þessari grein.

2. Ef ekki er unnt að sækja um eða gera tilboð fyrr en að lokinni vettvangsskoðun eða athugun á skjölum sem varða veitingu sérleyfis á vettvangi, skal ákveða fresti til að taka við umsóknum um sérleyfið eða tilboðum þannig að allir viðkomandi rekstraraðilar geti kynnt sér allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru við gerð umsókna eða tilboða og skulu frestirnir ávallt vera lengri en lágmarksfrestirnir sem mælt er fyrir um 3. og 4. mgr.

3. Frestur til að taka við umsóknum, hvort sem þær innihalda tilboð í sérleyfið eða ekki, skal vera að lágmarki 30 dagar frá þeim degi þegar tilkynningin um sérleyfi var send.

4. Þegar útboðsferli fer fram í áföngum skal lágmarksfrestur til að taka við upphaflegum tilboðum vera 22 dagar frá sendingardegi boðs um að leggja fram tilboð.

5. Stytta má frest til að taka við tilboðum um fimm daga ef samningsyfirvaldið eða samningsstofnunin samþykkir að leggja megi fram tilboð með rafrænum aðferðum í samræmi við 29. gr.

40. gr.

Miðlun upplýsinga til umsækjenda og bjóðenda

1. Samningsyfirvaldið eða samningsstofnunin skal, eins fljótt og unnt er, upplýsa hvern umsækjanda og bjóðanda um ákvarðanir sem teknar hafa verið um veitingu sérleyfis, þ.m.t. nafn þess bjóðanda sem varð fyrir valinu, ástæður fyrir ákvörðun um að hafna umsókn hans eða tilboði og ástæður fyrir sérhverri ákvörðun um að gera ekki samning þótt birt hafi verið tilkynning um sérleyfi vegna hans eða um að hefja útboðsferli á nýjan leik.

Að fenginni beiðni viðkomandi aðila skal samningsyfirvald eða samningsstofnun enn fremur, eins fljótt og unnt er og eigi síðar en 15 dögum frá móttöku skriflegrar beiðni, upplýsa hvern og einn bjóðanda sem hefur gert tækt tilboð um eiginleika og kosti tilboðsins sem fyrir valinu varð í samanburði við önnur tilboð.

2. Samningsyfirvald eða samningsstofnun getur ákveðið að halda eftir tilteknum upplýsingum, sem um getur í 1. mgr., um samninginn ef birting slíkra upplýsinga kynni að hindra framkvæmd laga eða ganga á annan hátt gegn almannahagsmunum eða gæti skaðað lögmæta viðskiptahagsmuni opinberra eða einkarekinna rekstraraðila eða réttmæta samkeppni á milli þeirra.

41. gr.

Forsendur fyrir vali tilboðs

1. Sérleyfi skulu veitt á grundvelli hlutlægra viðmiðana sem eru í samræmi við meginreglurnar sem settar eru fram í 3. gr. og sem tryggja að tilboð séu metin á grundvelli virkrar samkeppni til þess að greina megi efnahagslegan heildarávinning samningsyfirvaldsins eða samningsstofnunarinnar.

2. Forsendurnar fyrir vali tilboðs skulu tengjast efni sérleyfisins og skulu ekki veita samningsyfirvaldinu eða samningsstofnuninni ótakmarkað ákvörðunarvald. Á meðal þeirra geta m.a. umhverfislegar, félagslegar eða nýsköpunartengdar forsendur.

Þessum forsendum skulu fylgja kröfur sem gera það kleift að sannreyna með skilvirkum hætti upplýsingar frá bjóðendum.

Samningsyfirvöldin eða samningsstofnanir skulu athuga hvort tilboðin uppfylli nægilega vel forsendur fyrir vali tilboðs.

3. Samningsyfirvaldið eða samningsstofnunin skal telja upp forsendurnar í forgangsröð eftir mikilvægi.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein getur samningsyfirvald eða samningsstofnun í undantekningartilvikum, þegar þeim berst tilboð með nýstárlegri lausn með óvenjumikið nothæfi, sem samningsyfirvald eða samningsstofnun, sem sýnir kostgæfni, gat ekki séð fyrir, breytt forgangsröð forsendna fyrir vali tilboða til að taka tillit til þessarar nýstárlegu lausnar. Samningsyfirvaldið eða samningsstofnunin skal í slíku tilviki upplýsa alla bjóðendur um breytingarnar á forgangsröðinni og gefa út nýtt boð um að leggja fram tilboð í samræmi við lágmarkstímafrestina sem um getur í 4. mgr. 39. gr. Hafi forsendur fyrir vali tilboðs verið birtar við útgáfu tilkynningarinnar um sérleyfi skulu samningsyfirvaldið eða stofnunin birta nýja tilkynningu um sérleyfi í samræmi við lágmarksfrestina sem um getur í 3. mgr. 39. gr.

Breytingin á forgangsröðinni má ekki leiða til mismununar.

III. BÁLKUR

REGLUR UM FRAMKVÆMD SÉRLEYFA

42. gr.

Undirverktakastarfsemi

1. Uppfylling undirverktaka á skyldunum sem um getur í 3. mgr. 30. gr. skal tryggð með viðeigandi aðgerðum lögbærra landsyfirvalda innan marka ábyrgða þeirra og valdsviða.

2. Í skjölum sem varða sérleyfi getur samningsyfirvald eða samningsstofnun óskað eftir því, eða óskað eftir því að kröfu aðildarríkis, að bjóðandi eða umsækjandi tilgreini í tilboði sínu hvaða hluta sérleyfisins hann hyggst láta þriðju aðila framkvæma sem undirverktaka og hverjir þeir eru. Þessi málsgrein skal ekki hafa áhrif á ábyrgð aðalsérleyfishafans.

3. Að því er varðar sérleyfissamninga um verk og þjónustu sem veita á í aðstöðu sem samningsyfirvaldið eða samningsstofnunin hefur umsjón með, skal samningsyfirvaldið eða samningsstofnunin krefjast þess að sérleyfishafinn láti því eða henni í té, eftir veitingu sérleyfisins og í síðasta lagi þegar framkvæmd þess hefst, nafn, samskiptaupplýsingar og upplýsingar um lagalega fyrirsvarsmenn undirverktaka hans sem taka þátt í slíkum verkum eða þjónustu, að svo miklu leyti sem það er vitað á þeim tímapunkti. Samningsyfirvaldið eða samningsstofnunin skal krefjast þess að sérleyfishafinn tilkynni því eða henni um allar breytingar á þeim upplýsingum á meðan sérleyfið er í gildi auk þess að veita tilskildar upplýsingar um alla nýja undirverktaka sem hann fær síðar til starfa við slík verk eða þjónustu.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein mega aðildarríkin leggja sérleyfishafanum beint þá skyldu á herðar að veita tilskildar upplýsingar.

Fyrsta og önnur undirgrein gilda ekki um birgja.

Samningsyfirvöldin og samningsstofnanirnar geta víkkað út eða geta verið krafin um það af aðildarríkjum að víkka út skyldurnar sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein, þannig að þær taki t.d. til:

a) sérleyfissamninga um þjónustu, annarra en þeirra sem varða þjónustu sem veitt er í aðstöðu sem er í umsjón samningsyfirvaldsins eða samningsstofnunarinnar eða birgja sem taka þátt í framkvæmd sérleyfissamninga um verk eða þjónustu,

b) undirverktaka hjá undirverktökum sérleyfishafans eða neðar í undirverktakakeðjunni.

4. Með það að markmiði að forðast brot á þeim skyldum, sem um getur í 3. mgr. 30. gr., má grípa til viðeigandi ráðstafana, svo sem:

a) Þegar landslög aðildarríkis kveða á um kerfi sameiginlegrar ábyrgðar undirverktaka og sérleyfishafans skal aðildarríkið tryggja að viðkomandi reglum sé beitt í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í 3. mgr. 30. gr.

b) Samningsyfirvöldin og samningsstofnanirnar geta sannreynt eða geta verið krafin af aðildarríkjum um að sannreyna hvort fyrir hendi séu ástæður til að útiloka undirverktaka samkvæmt 4.–10. mgr. 38. gr. Samningsyfirvöldin eða samningsstofnanirnar skulu, í slíkum tilvikum, krefjast þess af rekstraraðilanum að hann skipti út undirverktaka þegar athugun á honum hefur leitt í ljós að til staðar séu bindandi útilokunarástæður. Samningsyfirvaldið eða samningsstofnunin getur krafist þess af, eða aðildarríki gert þá kröfu að það eða hún krefjist þess af rekstraraðila að hann skipti út undirverktaka þegar athugun á honum hefur leitt í ljós að til staðar séu útilokunarástæður sem ekki eru bindandi.

5. Aðildarríki geta kveðið á um strangari reglur um ábyrgð í landslögum.

6. Aðildarríki sem hafa kosið að kveða á um ráðstafanir samkvæmt 1. og 3. mgr. skulu tilgreina framkvæmdarákvæði fyrir þessar ráðstafanir í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum, með hliðsjón af lögum Sambandsins. Aðildarríki geta takmarkað gildissvið þeirra, t.d. við tilteknir tegundir samninga, tiltekna flokka samningsyfirvalda, samningsstofnana eða rekstraraðila eða við tilteknar fjárhæðir.

43. gr.

Breyting samninga á gildistíma þeirra

1. Sérleyfum getur verið breytt án þess að nýtt útboðsferli fyrir sérleyfi fari fram í samræmi við þessa tilskipun í sérhverju eftirfarandi tilvika:

a) án tillits til verðgildis þeirra þegar kveðið hefur verið á um breytingarnar í upphaflegu skjölunum sem varða sérleyfi í skýrum, nákvæmum og ótvíræðum endurskoðunarákvæðum sem geta haft að geyma ákvæði um endurskoðun verðmætis eða valmöguleika. Í slíkum ákvæðum skal tilgreina umfang og eðli mögulegra breytinga eða valmöguleika auk skilyrðanna fyrir notkun þeirra. Þau skulu ekki kveða á um breytingar eða valmöguleika sem myndu breyta eðli sérleyfisins í heild,

b) þegar um er að ræða viðbótarverk eða -þjónustu af hálfu upprunalega sérleyfishafans sem hafa orðið nauðsynleg og voru ekki hluti af upphaflega sérleyfinu, þegar breyting á sérleyfishafa:

   i. getur ekki átt sér stað af efnahagslegum eða tæknilegum ástæðum, svo sem kröfum um skiptihæfi eða rekstrarsamhæfi við tækjabúnað, þjónustu eða uppsetningar sem keyptar voru á grundvelli upphaflega sérleyfisins og

   ii. myndi valda verulegu óhagræði eða talsverðri tvítekningu kostnaðar samningsyfirvaldsins eða samningsstofnunarinnar.

   Hins vegar skal aukning verðmætis ekki vera meiri en sem nemur 50% af verðmæti upphaflega sérleyfisins ef um er að ræða sérleyfi sem samningsyfirvald veitir í þeim tilgangi að rækja aðra starfsemi en þá sem um getur í II. viðauka. Þegar nokkrar breytingar eru gerðar í röð, hver á eftir annarri, skulu þessi takmörk gilda um verðmæti hverrar breytingar. Slíkar breytingar, sem gerðar eru hver á eftir annarri, skulu ekki miða að því að sniðganga þessa tilskipun.

c) þegar öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

   i. þörfin til breytinga kom til vegna aðstæðna sem samningsyfirvald eða samningsstofnun sem sýnir kostgæfni gat ekki séð fyrir,

   ii. breytingarnar hafa ekki áhrif á eðli sérleyfisins í heild,

   iii. aukning verðmætis er ekki meiri en sem nemur 50% af verðmæti upphaflega sérleyfisins ef um er að ræða sérleyfi sem samningsyfirvald veitir í þeim tilgangi að rækja aðra starfsemi en þá sem um getur í II. viðauka. Þegar nokkrar breytingar eru gerðar í röð, hver á eftir annarri, skulu þessi takmörk gilda um verðmæti hverrar breytingar. Slíkar breytingar, sem gerðar eru hver á eftir annarri, skulu ekki miða að því að sniðganga þessa tilskipun,

d) þegar nýr sérleyfishafi kemur í stað þess sem samningsyfirvaldið eða samningsstofnunin hafði upphaflega veitt sérleyfi, annað hvort vegna:

   i. beitingar ótvíræðs endurskoðunarákvæðis eða valmöguleika í samræmi við a-lið,

   ii. þess að annar rekstraraðili, sem uppfyllir forsendur hæfismiðaðs vals sem upphaflega var komið á, gengur inn í stöðu upphaflegs sérleyfishafa, í heild eða að hluta, í kjölfar endurskipulagningar fyrirtækis, þ.m.t. yfirtöku, samruna, kaupa eða ógjaldfærni, að því tilskildu að þetta hafi ekki í för með sér aðrar verulegar breytingar á samningnum og miði ekki að því að sniðganga beitingu þessarar tilskipunar eða

   iii. þess að samningsyfirvaldið eða samningsstofnunin sjálf tekur við skyldum aðalsérleyfishafans gagnvart undirverktökum hans þar sem kveðið er á um þann möguleika í landslögum,

e) þegar breytingar, óháð verðmæti þeirra, eru ekki verulegar í skilningi 4. mgr.

Samningsyfirvöld eða samningsstofnanir sem hafa breytt sérleyfi í þeim tilvikum sem sett eru fram í b- og c-lið þessarar málsgreinar skulu birta tilkynningu þess efnis í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Slíkar tilkynningar skulu hafa að geyma upplýsingarnar sem settar eru fram í XI. viðauka og skulu birtar í samræmi við 33. gr.

2. Enn fremur, og án þess að þörf sé að skýra hvort skilyrðin sem sett eru fram í a- til d-lið 4. mgr. séu uppfyllt, er einnig heimilt að breyta sérleyfum án þess að nýtt útboðsferli fyrir sérleyfi fari fram í samræmi við þessa tilskipun þegar verðmæti breytingarinnar er lægra en sem nemur eftirfarandi:

i. viðmiðunarfjárhæðinni sem sett er fram í 8. gr. og

ii. 10% af verðmæti upphaflega sérleyfisins.

Hins vegar mega breytingarnar ekki hafa áhrif á eðli sérleyfisins í heild. Þegar nokkrar breytingar eru gerðar í röð, hver á eftir annarri, skal meta verðmæti þeirra á grundvelli hreins uppsafnaðs verðmætis breytinganna.

3. Að því er varðar útreikning verðmætisins, sem um getur í 2. mgr. og b- og c-lið 1. mgr., skal uppfært verðmæti vera viðmiðunargildi þegar sérleyfið hefur að geyma verðbótaákvæði. Innihaldi sérleyfið ekki verðbótaákvæði skal uppfært verðmæti reiknað með tilliti til meðalverðbólgu í aðildarríki samningsyfirvaldsins eða samningsstofnunarinnar.

4. Breyting á sérleyfi á gildistíma þess skal talin veruleg í skilningi e-liðar 1. mgr. þegar hún gerir sérleyfið annars efnis en það sem upphaflega var veitt. Breyting skal ávallt, með fyrirvara um 1. og 2. mgr., teljast veruleg þegar eitt eða fleiri eftirfarandi skilyrða eru uppfyllt:

a) breytingin hefur í för með sér skilyrði sem, hefðu þau verið hluti af upphaflega útboðsferlinu fyrir sérleyfi, hefðu gert öðrum umsækjendum kleift að vera með í því en þeim sem upphaflega voru valdir eða gert samþykkt annars tilboðs en þess, sem var upphaflega samþykkt, mögulegt eða dregið viðbótarþátttakendur að útboðsferlinu fyrir sérleyfi,

b) breytingin breytir efnahagslegu jafnvægi sérleyfisins í þágu sérleyfishafans með hætti sem ekki var gert ráð fyrir í upphaflega sérleyfinu,

c) breytingin víkkar verulega út gildissvið sérleyfisins,

d) nýr sérleyfishafi kemur í stað þess sem samningsyfirvaldið eða samningsstofnunin hafði upphaflega veitt sérleyfið, í öðrum tilvikum en þeim sem kveðið er á um í d-lið 1. mgr.

5. Krafist skal nýs útboðsferlis fyrir sérleyfi í samræmi við þessa tilskipun fyrir aðrar breytingar á ákvæðum sérleyfis meðan á gildistíma þess stendur en þær sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr.

44. gr.

Slit sérleyfis

Aðildarríkin skulu að tryggja að samningsyfirvöld og samningsstofnanir hafi möguleika á að slíta sérleyfi á gildistíma þess, samkvæmt þeim skilyrðum sem kveðið er á um í gildandi landslögum, þegar eitt eða fleiri eftirfarandi skilyrða eru uppfyllt:

a) breyting á sérleyfinu hefur átt sér stað, sem hefði átt að hafa í för með nýtt útboðsferli fyrir sérleyfi samkvæmt 43. gr.,

b) sérleyfishafinn var, á þeim tíma þegar sérleyfið var veitt, í einhverri þeirri stöðu sem um getur í 4. mgr. 38. gr. og hefði því átt að vera útilokaður frá útboðsferlinu fyrir sérleyfi,

c) Evrópudómstóllinn kemst að þeirri niðurstöðu, í málsmeðferð samkvæmt 258. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að aðildarríki hafi ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt sáttmálunum með því að samningsyfirvald eða samningsstofnun, sem tilheyrir aðildarríkinu, hefur veitt viðkomandi sérleyfi án þess að fara að skyldum sínum samkvæmt sáttmálunum og þessari tilskipun.

45. gr.

Vöktun og skýrslugjöf

1. Til þess að tryggja rétta og skilvirka framkvæmd skulu aðildarríkin tryggja að eitt eða fleiri yfirvöld eða stofnanir framkvæmi a.m.k. þau verkefni sem sett eru fram í þessari grein. Þau skulu skýra framkvæmdastjórninni frá öllum yfirvöldum eða stofnunum sem eru bær til að sinna þessum verkefnum.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að fylgst sé með beitingu reglna um gerð sérleyfissamninga. Þegar eftirlitsyfirvöld eða stofnanir uppgötva tiltekin brot eins og svik, spillingu, hagsmunaárekstra og annars konar alvarlegar misfellur eða kerfislæg vandamál, skulu þau hafa vald til að upplýsa landsbundin endurskoðunaryfirvöld, dómstóla eða önnur viðeigandi yfirvöld eða stofnanir, svo sem umboðsmann, þjóðþing eða nefndir, um þau.

3. Niðurstöður eftirlitsaðgerða samkvæmt 2. mgr. skulu gerðar aðgengilegar almenningi með viðeigandi upplýsingaleiðum.

Framkvæmdastjórnin getur, í mesta lagi á þriggja ára fresti, beðið aðildarríki um að senda framkvæmdastjórninni vöktunarskýrslu með yfirliti yfir algengustu ástæður rangrar beitingar reglna um gerð sérleyfissamninga, þ.m.t. hugsanleg kerfislæg eða viðvarandi vandamál við beitingu reglnanna, þ.m.t. möguleg tilvik svika eða annarrar ólöglegrar háttsemi.

4. Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingar og leiðbeiningar um túlkun og beitingu laga Sambandsins um gerð sérleyfissamninga séu aðgengilegar án endurgjalds til að aðstoða samningsyfirvöld og stofnanir og rekstraraðila við rétta beitingu á reglum Sambandsins.

IV. BÁLKUR

BREYTINGAR Á TILSKIPUNUM 89/665/EBE OG 92/13/EBE

46. gr.

Breytingar á tilskipun 89/665/EBE

Tilskipun 89/665/EBE er breytt sem hér segir:

1) Í stað 1. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„1. Þessi tilskipun gildir um samninga sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB (*) nema slíkir samningar séu undanþegnir í samræmi við 7., 8., 9., 10., 11., 12., 15., 16., 17. og 37. gr. þeirrar tilskipunar.

Þessi tilskipun gildir einnig um sérleyfi sem veitt eru af samningsyfirvöldum sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB (**) nema slík sérleyfi séu undanþegin í samræmi við 10., 11., 12., 17. og 25. gr. þeirrar tilskipunar.

Samningar í skilningi þessarar tilskipunar taka til opinberra samninga, rammasamninga, sérleyfissamninga um verk og þjónustu og gagnvirkra innkaupakerfa.

Þegar um er að ræða samninga sem falla undir tilskipun 2014/24/ESB eða tilskipun 2014/23/ESB, skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að unnt sé að kæra ákvarðanir samningsyfirvalda á skilvirkan hátt og svo fljótt sem unnt er, í samræmi við skilmála sem settir eru fram í 2. gr. til 2. gr. f í þessari tilskipun, á þeim forsendum að ákvarðanir þessar brjóti í bága við lög Sambandsins um opinber innkaup eða reglur sem aðildarríkin hafa sett til að lögleiða þau lög.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB frá 26. febrúar 2014 um opinber innkaup (Stjtíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 65).
(**) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB frá 26. febrúar 2014 um gerð sérleyfissamninga (Stjtíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 1).“

2) Ákvæðum 2. mgr. 2. gr. a er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu undirgreinar komi eftirfarandi:

„Ekki er heimilt að gera samning í kjölfar ákvörðunar um gerð samnings sem fellur undir gildissvið tilskipunar 2014/24/ESB eða tilskipunar 2014/23/ESB áður en frestur, sem er a.m.k. 10 almanaksdagar frá deginum eftir að ákvörðunin um gerð samnings er send til hlutaðeigandi bjóðenda og umsækjenda með símbréfi eða rafrænum aðferðum, rennur út eða, ef önnur samskiptaaðferð er notuð, áður en frestur, sem er a.m.k. annaðhvort 15 almanaksdagar frá deginum eftir að ákvörðunin um gerð samningsins er send til hlutaðeigandi bjóðenda og umsækjenda eða a.m.k. 10 almanaksdagar frá deginum eftir að ákvörðunin um gerð samnings er móttekin, rennur út.“

b) Í stað fyrsta undirliðar fjórðu undirgreinar komi eftirfarandi:

„— samantekt á viðeigandi ástæðum, sem eru settar fram í 2. mgr. 55. gr. tilskipunar 2014/24/ESB, sbr. þó 3. mgr. 55. gr. þeirrar tilskipunar, eða í annarri undirgrein 1. mgr. 40. gr. tilskipunar 2014/23/ESB, sbr. þó 2. mgr. 40. gr. þeirrar tilskipunar og“.

3) Ákvæðum 2. gr. b er breytt sem hér segir:

a) Í fyrstu málsgrein:

i. í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) ef í tilskipun 2014/24/ESB eða, þar sem við á, tilskipun 2014/23/ESB er ekki gerð krafa um undangengna birtingu útboðstilkynningar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins,“,

ii. í stað c-liðar komi eftirfarandi:

„c) þegar um er að ræða samning á grundvelli rammasamnings, eins og kveðið er á um í 33. gr. tilskipunar 2014/24/ESB, og þegar um er að ræða sérstakan samning á grundvelli gagnvirks innkaupakerfis, eins og kveðið er á um í 34. gr. þeirrar tilskipunar.“

b) Í stað fyrsta og annars undirliðar í annarri málsgrein komi eftirfarandi:

„— brotið er í bága við c-lið 4. mgr. 33. gr. eða 6. mgr. 34. gr. tilskipunar 2014/24/ESB og

— verðmæti samningsins er metið jafnt eða meira en viðmiðunarfjárhæðirnar sem eru settar fram í 4. gr. tilskipunar 2014/24/ESB.“

4) Í 2. gr. c komi „tilskipun 2014/24/ESB eða tilskipun 2014/23/ESB“ í stað „tilskipun 2004/18/EB“.

5) Ákvæðum 2. gr. d. er breytt sem hér segir:

a) Í 1. mgr.:

i. í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) ef samningsyfirvaldið hefur gert samning án undangenginnar birtingar útboðstilkynningar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins án þess að það sé leyfilegt í samræmi við tilskipun 2014/24/ESB eða tilskipun 2014/23/ESB“,

ii. í b-lið komi „tilskipun 2014/24/ESB eða tilskipun 2014/23/ESB“ í stað „tilskipun 2004/18/EB“.

b) Í stað fyrsta undirliðar 4. mgr. komi eftirfarandi:

„— samningsyfirvaldið telur að samningsgerð án undangenginnar birtingar útboðstilkynningar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins sé leyfileg í samræmi við tilskipun 2014/24/ESB eða tilskipun 2014/23/ESB“.

c) Í stað fyrsta undirliðar 5. mgr. komi eftirfarandi:

„— samningsyfirvaldið telur að samningsgerð sé í samræmi við c-lið 4. mgr. 33. gr. eða 6. mgr. 34. gr. tilskipunar 2014/24/ESB,“.

6) Í stað a-liðar í 1. mgr. 2. gr. f komi eftirfarandi:

„a) áður en 30 almanaksdagar, að lágmarki, eru liðnir frá deginum eftir að:

— samningsyfirvaldið birti tilkynningu um samningsgerð, í samræmi við 50. gr. og 51. gr. tilskipunar 2014/24/ESB eða 31. og 32. gr. tilskipunar 2014/23/ESB, að því tilskildu að þessi tilkynning feli í sér rökstuðning fyrir þeirri ákvörðun samningsyfirvaldsins að gera samning án undangenginnar birtingar útboðstilkynningar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða

— samningsyfirvaldið gerði hlutaðeigandi bjóðendum og umsækjendum grein fyrir gerð samningsins, að því tilskildu að þessar upplýsingar feli í sér samantekt á viðeigandi ástæðum, sem eru settar fram í 2. mgr. 55. gr. tilskipunar 2014/24/ESB, sbr. þó 3. mgr. 55. gr. þeirrar tilskipunar, eða í annarri undirgrein 1. mgr. 40. gr. tilskipunar 2014/23/ESB, sbr. þó 2. mgr. 40. gr. þeirrar tilskipunar. Þessi möguleiki gildir einnig um tilvik sem um getur í c-lið fyrstu málsgreinar 2. gr. b í þessari tilskipun“.

7) Í stað 1. mgr. 3. gr. komi eftirfarandi:

„1. Framkvæmdastjórninni er heimilt að grípa til málsmeðferðarinnar, sem kveðið er á um 2.–5. mgr., þegar hún telur, áður en gengið er frá samningi, að alvarlegt brot á lögum Sambandsins um opinber innkaup hafi verið framið við útboð og gerð samnings sem fellur undir gildissvið tilskipunar 2014/24/ESB eða tilskipun 2014/23/ESB.“

47. gr.

Breytingar á tilskipun 92/13/EBE

Tilskipun 92/13/EBE er breytt sem hér segir:

1) Í stað 1. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„1. Þessi tilskipun gildir um samninga sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB ([35]) nema slíkir samningar séu undanþegnir í samræmi við 18.–24. gr., 27.–30. gr., 34. eða 55. gr. þeirrar tilskipunar.

Samningar í skilningi þessarar tilskipunar taka til vörusamninga, verksamninga og þjónustusamninga, sérleyfissamninga um verk og um þjónustu, rammasamninga og gagnvirkra innkaupakerfa.

([35]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB frá 26. febrúar 2014 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu (Stjtíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 243).

Þessi tilskipun gildir einnig um sérleyfi sem veitt eru af samningsstofnunum sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB ([36]) nema slíkir samningar séu undanþegnir í samræmi við 10., 12., 13., 14., 16., 17. og 25. gr. þeirrar tilskipunar.

Þegar um er að ræða samninga sem falla undir tilskipun 2014/25/ESB eða tilskipun 2014/23/ESB, skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að unnt sé að kæra ákvarðanir samningsstofnana á skilvirkan hátt og svo fljótt sem unnt er, í samræmi við skilmála sem settir eru fram í 2. gr. til 2. gr. f í þessari tilskipun, á þeim forsendum að ákvarðanir þessar brjóti í bága við lög Sambandsins um innkaup eða reglur sem aðildarríkin hafa sett til að lögleiða þau lög.

2) Ákvæðum 2. mgr. 2. gr. a er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu undirgreinar komi eftirfarandi:

„Ekki er heimilt að gera samning í kjölfar ákvörðunar um gerð samnings sem fellur undir gildissvið tilskipunar 2014/25/ESB eða tilskipunar 2014/23/ESB áður en frestur, sem er a.m.k. 10 almanaksdagar frá deginum eftir að ákvörðunin um gerð samnings er send til hlutaðeigandi bjóðenda og umsækjenda með símbréfi eða rafrænum aðferðum, rennur út eða, ef önnur samskiptaaðferð er notuð, áður en frestur, sem er a.m.k. annaðhvort 15 almanaksdagar frá deginum eftir að ákvörðunin um gerð samnings er send til hlutaðeigandi bjóðenda og umsækjenda eða a.m.k. 10 almanaksdagar frá deginum eftir að ákvörðunin um gerð samnings er móttekin, rennur út.“

b) Í stað fyrsta undirliðar fjórðu undirgreinar komi eftirfarandi:

„— samantekt á viðeigandi ástæðum sem settar eru fram í 2. mgr. 75. gr. tilskipunar 2014/25/ESB, sbr. þó 3. mgr. 75. gr. þeirrar tilskipunar, eða í annarri undirgrein 1. mgr. 40. gr. tilskipunar 2014/23/ESB, sbr. þó 2. mgr. 40. gr. þeirrar tilskipunar og“.

3) Ákvæðum 2. gr. b er breytt sem hér segir:

a) Í fyrstu málsgrein:

i. í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) ef í tilskipun 2014/25/ESB eða, þar sem við á, tilskipun 2014/23/ESB er ekki gerð krafa um undangengna birtingu auglýsingar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.“,

ii. í stað c-liðar komi eftirfarandi:

„c) þegar um er að ræða sérstaka samninga á grundvelli gagnvirks innkaupakerfis eins og kveðið er á um í 52. gr. tilskipunar 2014/25/ESB.“

b) Í stað fyrsta og annars undirliðar í annarri málsgrein komi eftirfarandi:

„— brotið er í bága við 6. mgr. 52. gr. tilskipunar 2014/25/ESB og

— verðmæti samningsins er metið jafnt eða meira en viðmiðunarfjárhæðirnar sem eru settar fram í 15. gr. tilskipunar 2014/25/ESB.“

4) Í 2. gr. c komi „tilskipun 2014/25/ESB eða tilskipun 2014/23/ESB“ í stað „tilskipun 2004/17/EB“.

5) Ákvæðum 2. gr. d. er breytt sem hér segir:

a) Í 1. mgr.:

i. í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) ef samningsstofnunin hefur gert samning án undangenginnar birtingar tilkynningar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* án þess að það sé leyfilegt í samræmi við tilskipun 2014/25/ESB eða tilskipun 2014/23/ESB“,

ii. í b-lið komi „tilskipun 2014/25/ESB eða tilskipun 2014/23/ESB“ í stað „tilskipun 2004/17/EB“.

b) Í stað fyrsta undirliðar 4. mgr. komi eftirfarandi:

„— samningsstofnunin telur að gerð samnings, án undangenginnar birtingar tilkynningar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, sé heimil í samræmi við tilskipun 2014/25/ESB eða tilskipun 2014/23/ESB,“.

([36]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB frá 26. febrúar 2014 um gerð sérleyfissamninga (Stjtíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 1).“

c) Í stað fyrsta undirliðar 5. mgr. komi eftirfarandi:

„— samningsstofnunin telur að gerð samnings sé í samræmi við 6. mgr. 52. gr. tilskipunar 2014/25/ESB,“.

6) Í stað a-liðar 1. mgr. 2. gr. f komi eftirfarandi:

„a) áður en 30 almanaksdagar, að lágmarki, eru liðnir frá deginum eftir að:

— samningsstofnunin birti tilkynningu um samningsgerð í samræmi við 70. gr. og 71. gr. tilskipunar 2014/25/ESB eða 31. og 32. gr. tilskipunar 2014/23/ESB, að því tilskildu að þessi tilkynning feli í sér rökstuðning fyrir þeirri ákvörðun samningsstofnunarinnar að gera samning án undangenginnar birtingar tilkynningar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða

— samningsstofnunin gerði hlutaðeigandi bjóðendum og umsækjendum grein fyrir gerð samningsins, að því tilskildu að þessar upplýsingar feli í sér samantekt á viðeigandi ástæðum, sem eru settar fram í 2. mgr. 75. gr. 2014/25/ESB, sbr. þó 3. mgr. 75. gr. þeirrar tilskipunar, eða í annarri undirgrein 1. mgr. 40. gr. tilskipunar 2014/23/ESB, sbr. þó 2. mgr. 40. gr. þeirrar tilskipunar. Þessi möguleiki gildir einnig um tilvik sem um getur í c-lið fyrstu málsgreinar 2. gr. b í þessari tilskipun,“.

7) Í stað 1. mgr. 8. gr. komi eftirfarandi:

„1. Framkvæmdastjórninni er heimilt að grípa til málsmeðferðarinnar, sem kveðið er á um 2.–5. mgr., þegar hún telur, áður en gengið er frá samningi, að alvarlegt brot á lögum Sambandsins á sviði innkaupa hafi verið framið við útboð og gerð samnings sem fellur undir gildissvið tilskipunar 2014/25/ESB eða tilskipunar 2014/23/ESB eða í tengslum við 1. mgr. 26. gr. tilskipunar 2014/25/ESB þegar um er að ræða samningsstofnanir sem það ákvæði gildir um.“

V. BÁLKUR

FRAMSELT VALD, FRAMKVÆMDARVALD OG LOKAÁKVÆÐI

48. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sbr. þó skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til óákveðins tíma til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 7. gr. (3. mgr.), 9. gr. (4. mgr.), 27. gr. (2. mgr.) og 30. gr. (4. mgr.), frá 17. apríl 2014.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 7. gr. (3. mgr.), 9. gr. (4. mgr.), 27. gr. (2. mgr.) og 30. gr. (4. mgr.). Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal valdsins sem tilgreint er í ákvörðuninni. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 7. gr. (3. mgr.), 9. gr. (4. mgr.), 27. gr. (2. mgr.) og 30. gr. (4. mgr.), skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

49. gr.

Flýtimeðferð

1. Framseldar gerðir, sem samþykktar eru samkvæmt þessari grein, skulu öðlast gildi án tafar og gilda svo lengi sem engin andmæli eru lögð fram í samræmi við 2. mgr. Í tilkynningu til Evrópuþingsins og ráðsins um framselda gerð skal taka fram ástæður þess að flýtimeðferðinni er beitt.

2. Evrópuþingið eða ráðið getur andmælt framseldri gerð í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 5. mgr. 48. gr. Í slíku tilviki skal framkvæmdastjórnin fella gerðina tafarlaust úr gildi í kjölfar tilkynningar um ákvörðun Evrópuþingsins eða ráðsins um andmæli.

50. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar ráðgjafanefndar um opinber innkaup sem komið var á fót með 1. gr. ákvörðunar 71/306/EBE ([37]). Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

([37]) Ákvörðun ráðsins 71/306/EBE frá 26. júlí 1971 um stofnun ráðgjafarnefndar um opinbera verksamninga (Stjtíð. EB L 185, 16.8.1971, bls. 15).

2. Þegar vísað er til þessarar greinar gilda ákvæði 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

51. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 18. apríl 2016. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta viðkomandi ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

52. gr.

Umbreytingarákvæði

Líta ber á tilvísanir til a- og b-liðar 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 2004/17/EB og til 3. og 4. mgr. 1. gr. og III. bálks tilskipunar 2004/18/EB sem tilvísanir til þessarar reglugerðar.

53. gr.

Vöktun og skýrslugjöf

Framkvæmdastjórnin skal meta efnahagsleg áhrif notkunar þeirra viðmiðunarfjárhæða sem settar eru fram í 8. gr. á innri markaðinn, einkum að því er varðar þætti svo sem gerð samninga yfir landamæri og viðskiptakostnað og gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um málið eigi síðar en 18. apríl 2019. Kanna skal, í tengslum við viðræðurnar samkvæmt samningnum um opinber innkaup, hversu viðeigandi viðmiðunarfjárhæðirnar eru, með tilliti til áhrifa verðbólgu og viðskiptakostnaðar. Framkvæmdastjórnin skal, þegar það er hægt og við hæfi, taka til skoðunar að leggja til að viðmiðunarfjárhæðir sem eiga við samkvæmt samningnum um opinber innkaup verði hækkaðar í næstu viðræðum.

Verði einhver breyting á þeim viðmiðunarfjárhæðum sem eiga við samkvæmt samningnum um opinber innkaup skal tillaga að nýrri löggjöf um breytingar á viðmiðunarfjárhæðunum, sem settar eru fram í þessari tilskipun, fylgja eftir skýrslunni, þar sem við á.

Framkvæmdastjórnin skal einnig meta efnahagsleg áhrif þeirra undantekninga, sem settar eru fram í 12. gr., á innri markaðinn, með tilliti til sérstakrar uppbyggingar vatnsgeirans og gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um málið eigi síðar en 18. apríl 2019.

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða framkvæmd þessarar tilskipunar og gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um málið eigi síðar en 18. apríl 2021 og á fimm ára fresti eftir það, á grundvelli upplýsinga sem aðildarríki skulu veita í samræmi við 3. mgr. 45. gr.

Framkvæmdastjórnin skal gera niðurstöður endurskoðunarinnar, sem framkvæmd er í samræmi við fjórðu málsgrein, aðgengilegar öllum.

54. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Þessi tilskipun skal ekki gilda um veitingu sérleyfa sem boðin eru út eða veitt fyrir 17. apríl 2014.

55. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 26. febrúar 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
M. SCHULZ	D. KOURKOULAS
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

YFIRLIT YFIR STARFSEMI SEM UM GETUR Í 7. LIÐ 5. GR. ([38])

Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE), 1. endursk. ([1])					CPV-kóði
BÁLKUR F			BYGGINGARSTARFSEMI		
Deild	Flokkur	Grein	Viðfangsefni	Athugasemdir	
45			Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	Til þessarar deildar telst: smíði nýrra húsa og annarra bygginga, endurbyggingar og almennar viðgerðir.	45000000
	45.1		Undirbúningsvinna á byggingarsvæði		45100000
		45.11	Niðurrif bygginga; jarðvegsvinna	Til þessarar greinar telst: — niðurrif bygginga og annarra mannvirkja, — hreinsun byggingarsvæða, — jarðvegsvinna: uppgröftur, uppfylling, jöfnun lands og sléttun byggingarsvæða, skurðgröftur, grjóthreinsun, sprengingar o.s.frv., — undirbúningur námusvæðis, — fjarlæging yfirborðsjarðvegs og önnur vinna og undirbúningur námusvæðis. Til þessarar greinar telst einnig: — framræsla byggingarsvæða, — framræsla lands til ræktunar- eða skógarnytja.	45110000
		45.12	Tilraunaboranir og borvinna	Til þessarar greinar telst: — boranir og taka borkjarna í tilraunaskyni í tengslum við byggingar, jarðeðlisfræðilegar og jarðfræðilegar athuganir eða í öðrum svipuðum tilgangi. Til þessarar greinar telst ekki: — boranir brunna vegna olíu- eða jarðgasvinnslu, sjá 11.20, — boranir fyrir vatnsbrunnum, sjá 45.25, — boranir námustokka, sjá 45.25, — olíu- og jarðgasleit, rannsóknir á sviði jarðeðlisfræði og jarðfræði- og jarðskjálftarannsóknir, sjá 74.20.	45120000
	45.2		Smíði húsa eða húshluta og önnur mannvirkjagerð		45200000

([38]) Ef mismunandi túlkun er á CPV og NACE gildir CPV-flokkunarkerfið.

Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE), 1. endursk. ([1])					CPV-kóði
BÁLKUR F			BYGGINGARSTARFSEMI		
Deild	Flokkur	Grein	Viðfangsefni	Athugasemdir	
		45.21	Bygging húsnæðis og önnur mannvirkjagerð	Til þessarar greinar telst: — smíði hvers konar húsnæðis og mannvirkjagerð, — brúarsmíði, þ.m.t. vegna uppbyggðra þjóðvega, brúarvega, ganga og undirganga, — lagning leiðslu- og veitukerfa, fjarskiptaleiðslna og raflína um langan veg, — lagning leiðslna, fjarskiptaleiðslna og raflína í þéttbýli, — tengd starfsemi í þéttbýli, — samsetning og uppsetning forsmíðaðra bygginga á byggingarlóð. Til þessarar greinar telst ekki: — þjónustustarfsemi sem tengist olíu- og jarðgasvinnslu, sjá 11.20, — uppsetning fullbúinna, forsmíðaðra bygginga, sem eru smíðaðar úr hlutum, ekki úr steinsteypu, sem eru eigin framleiðsla, sjá 20., 26. og 28. deild, — byggingarframkvæmdir, aðrar en bygging húsnæðis, í tengslum við leikvanga, sundlaugar, íþróttahús, tennisvelli, golfvelli og önnur íþróttamannvirki, sjá 45.23, — lagnavinna, sjá 45.3, — frágangur bygginga, sjá 45.4, — starfsemi arkitekta og verkfræðinga, sjá 74.20, — verkefnastjórnun við byggingarframkvæmdir, sjá 74.20.	45210000 Undanskilið: – 45213316 45220000 45231000 45232000
		45.22	Uppsetning þakklæðninga og þakburðarvirkja	Til þessarar greinar telst: — uppsetning þaks, — þakklæðning, — vatnsþétting.	45261000
		45.23	Gerð þjóðvega, vega, flugvalla og íþróttamannvirkja	Til þessarar greinar telst: — gerð þjóðvega, gatna, vega og annarra aksturs- og gangbrauta, — lagning járnbrauta, — lagning flugbrauta, — byggingarframkvæmdir, aðrar en bygging húsnæðis, í tengslum við leikvanga, sundlaugar, íþróttahús, tennisvelli, golfvelli og önnur íþróttamannvirki,	45212212 og DA03 45230000 undanskilið: – 45231000 – 45232000 – 45234115

Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE), 1. endursk. ([1])					CPV-kóði
BÁLKUR F			BYGGINGARSTARFSEMI		
Deild	Flokkur	Grein	Viðfangsefni	Athugasemdir	
				— merkingar á vegum og bifreiða-stæðum. Til þessarar greinar telst ekki: — undirbúningsjarðvegsvinna, sjá 45.11.	
		45.24	Gerð vatnsmannvirkja	Til þessarar greinar telst gerð: — vatnaleiða, hafna og flóðgarða, smábátahafna, skipastiga o.s.frv., — stíflna og ræsa, — uppmokstur, — vinna undir vatnsyfirborði.	45240000
		45.25	Önnur sérhæfð byggingarstarfsemi	Til þessarar greinar telst: — byggingarstarfsemi sem er sérhæfð á einu sviði sem er sameiginlegt með ólíkum tegundum mannvirkja og krefst sérstakrar hæfni eða sérstaks búnaðar, — vinna við grunna, þ.m.t. að reka niður burðarstólpa, — borun og bygging vatnsbrunna, borun námustokka, — uppsetning stáleininga sem eru ekki eigin framleiðsla, — járnabindingar, — múrhleðsla og steinlögn, — að setja upp og taka sundur verk- og vinnupalla, þ.m.t. leiga á slíkum pöllum, — uppsetning reykháfa og iðnaðarofna. Til þessarar greinar telst ekki: — leiga á verkpöllum án þess að setja þá upp og taka í sundur, sjá 71.32.	45250000 45262000
	45.3		Lagnavinna		45300000
		45.31	Uppsetning raflagna og raftengja	Til þessarar greinar telst: uppsetning í byggingar eða önnur mannvirki: — raflagnir og raftengi, — fjarskiptakerfi, — rafhitunarkerfi, — loftnet fyrir íbúðarhús,	45213316 45310000 Undanskilið: – 45316000

Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE), 1. endursk. ([1])					CPV-kóði
BÁLKUR F			BYGGINGARSTARFSEMI		
Deild	Flokkur	Grein	Viðfangsefni	Athugasemdir	
				— brunaboðar, — þjófavarnarkerfi, — lyftur og rúllustigar, — eldingavarar o.s.frv.	
		45.32	Vinna við einangrun	Til þessarar greinar telst: — uppsetning hita-, hljóð- og titringseinangrunar í byggingar og önnur mannvirki. Til þessarar greinar telst ekki: — vatnsþétting, sjá 45.22.	45320000
		45.33	Pípulagnir	Til þessarar greinar telst: — uppsetning í byggingar eða önnur mannvirki: — pípulagnir og hreinlætistæki, — gasbúnaður, — búnaður og rásir fyrir upphitun, loftræstingu, kælingu eða hitajöfnun, — úðakerfi. Til þessarar greinar telst ekki: — uppsetning rafhitunarkerfa, sjá 45.31.	45330000
		45.34	Önnur lagnavinna	Til þessarar greinar telst: — uppsetning lýsingar- og merkjakerfa fyrir vegi, járnbrautir, flugvelli og hafnir, — uppsetning festinga og fylgihluta í byggingum og öðrum mannvirkjum, ót.a.	45234115 45316000 45340000
	45.4		Frágangur bygginga		45400000
		45.41	Múrhúðun	Til þessarar greinar telst: — múrhúðun eða pússning bygginga eða annarra mannvirkja innan- eða utanhúss, þ.m.t. múrhúðunarnet eða -grindur.	45410000
		45.42	Uppsetning innréttinga	Til þessarar greinar telst: — ísetning hurða, glugga, dyra- og gluggakarma, uppsetning eldhús-innréttinga, stiga, verslunar-innréttinga o.þ.h., úr viði eða öðrum efnum, sem ekki eru eigin framleiðsla,	45420000

Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE), 1. endursk. ([1])					CPV-kóði
BÁLKUR F			BYGGINGARSTARFSEMI		
Deild	Flokkur	Grein	Viðfangsefni	Athugasemdir	
				— frágangur innanhúss, t.d. vinna við loft, veggklæðningar úr viði, færanlega skilveggi o.s.frv. Til þessarar greinar telst ekki: — lagning parketgólfa og annarra viðargólfa, sjá 45.43.	
		45.43	Lagning gólf- og veggefna	Til þessarar greinar telst: — lagning gólf- og veggefna í hús og önnur mannvirki: — keramikflísar, steyptar flísar eða skornar steinflísar fyrir veggi eða gólf, — parket og annað gólfefni úr viði, gólfteppi og línóleumgólfdúkar, — einnig úr gúmmíi eða plasti, — terrassó, marmari, granít eða steinflögur á gólf eða veggi, — veggfóður.	45430000
		45.44	Málningarvinna og glerjun	Til þessarar greinar telst: — málun bygginga innanhúss og utan, — málun mannvirkja, — ísetning glers, spegla o.þ.h. Til þessarar greinar telst ekki: — ísetning glugga, sjá 45.42,	45440000
		45.45	Annar frágangur bygginga	Til þessarar greinar telst: — uppsetning einkasundlauga, — háþrýstiþvottur, sandblástur og áþekk vinna við byggingar utanhúss, — annar frágangur bygginga, ót.a. Til þessarar greinar telst ekki: — hreinsun á byggingum og öðrum mannvirkjum að innanverðu, sjá 74.70.	45212212 og DA04 45450000
	45.5		Leiga á vinnuvélum til mannvirkjagerðar eða niðurrifs með stjórnanda		45500000

Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE), 1. endursk. ([1])					CPV-kóði
BÁLKUR F			BYGGINGARSTARFSEMI		
Deild	Flokkur	Grein	Viðfangsefni	Athugasemdir	
		45.50	Leiga á vinnuvélum til mannvirkjagerðar eða niðurrifs með stjórnanda	Til þessarar greinar telst ekki: — leiga á vinnuvélum og búnaði til mannvirkjagerðar eða niðurrifs án stjórnanda, sjá 71.32.	45500000

([1]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 frá 9. október 1990 um atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (Stjtíð. EB L 293, 24.10.1990, bls. 1).

II. VIÐAUKI

STARFSEMI Á VEGUM SAMNINGSSTOFNANA SEM UM GETUR Í 7. GR.

Ákvæði þessarar tilskipunar um sérleyfi, sem samningsstofnanir veita, skulu ná yfir eftirfarandi starfsemi:

1. Að því er varðar gas og hita:

   a) að bjóða fram eða starfrækja föst veitukerfi sem eiga að þjóna almenningi í tengslum við framleiðslu, flutning eða dreifingu á gasi eða hita,

   b) að afhenda gas eða hita til slíkra fastra veitukerfa.

   Þegar samningsstofnun, sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 7. gr., afhendir gas eða hita til fastra veitukerfa sem þjóna almenningi skal sú starfsemi ekki teljast eiga við í skilningi fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar ef öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

   i. gas- eða hitaframleiðsla viðkomandi samningsstofnunar er óhjákvæmileg afleiðing af starfsemi sem ekki er getið um í þessari málsgrein eða í 2. eða 3. mgr. þessa viðauka,

   ii. afhending til almenningsveitukerfisins miðar einungis að því að hafa hagnað af slíkri framleiðslu og nemur ekki meira en 20% af veltu viðkomandi samningsstofnunar miðað við meðaltal undanfarinna þriggja ára, að yfirstandandi ári meðtöldu.

   Að því er þessa tilskipun varðar tekur „afhending“ til framleiðslu, heildsölu og smásölu gass. Hins vegar fellur framleiðsla á gasi með vinnslu undir gildissvið 4. mgr. viðaukans.

2. Að því er varðar raforku:

   a) að bjóða fram eða starfrækja föst veitukerfi sem eiga að þjóna almenningi í tengslum við raforkuframleiðslu, raforkuflutning eða rafveitu,

   b) að afhenda raforku til slíkra fastra veitukerfa.

   Að því er þessa tilskipun varðar tekur afhending raforku til framleiðslu, heildsölu og smásölu raforku.

   Þegar samningsstofnun, sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 7. gr., afhendir raforku til veitukerfa sem þjóna almenningi skal sú starfsemi ekki teljast eiga við í skilningi fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar ef öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

   a) framleiðsla viðkomandi samningsstofnunar á raforku á sér stað vegna þess að notkun hennar er nauðsynleg til að stunda starfsemi sem ekki er getið í þessari málsgrein eða í 1. og 3. mgr. þessa viðauka,

   b) afhending til almenningsveitukerfisins er einungis háð eigin notkun samningsstofnunarinnar og hefur ekki farið yfir 30% af heildarframleiðslu hennar á orku miðað við meðaltal undanfarinna þriggja ára, að yfirstandandi ári meðtöldu.

3. Starfsemi í tengslum við framboð eða starfrækslu á kerfum sem þjóna almenningi á sviði flutninga með járnbrautum, sjálfvirkum kerfum, sporvögnum, rafknúnum strætisvögnum, hópbifreiðum eða togbrautum.

   Í flutningaþjónustu telst vera um kerfi að ræða þegar þjónusta er veitt samkvæmt rekstrarskilyrðum sem lögbær yfirvöld aðildarríkis setja, s.s. varðandi þær leiðir sem þjónustan er veitt á, sætaframboð og ferðatíðni.

4. Starfsemi sem tengist nýtingu landsvæðis í því skyni að sjá aðilum, sem flytja farm í lofti, á sjó eða eftir skipgengum vatnaleiðum, fyrir flugvöllum og höfnum við sjó eða vatnaleiðir eða veita aðra stöðvaraðstöðu.

5. Starfsemi sem tengist veitingu:

   a) póstþjónustu,

   b) annarrar þjónustu en póstþjónustu, að því tilskildu að slík þjónusta sé veitt af aðila, sem veitir einnig póstþjónustu í skilningi ii. liðar annarrar undirgreinar þessarar málsgreinar, og að skilyrðin, sem sett eru í 1. mgr. 34. gr. tilskipunar 2014/25/ESB, séu ekki uppfyllt þegar um er að ræða þjónustu sem fellur undir ii. lið annarrar undirgreinar.

   Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir, sbr. þó tilskipun 97/67/EB:

   i. „póstsending“: sending með áletruðu póstfangi, í því endanlega formi sem á að flytja hana, án tillits til þyngdar. Auk bréfa geta slíkar sendingar verið bækur, verðlistar, dagblöð, tímarit og bögglar sem innihalda varning með eða án söluverðmætis, óháð þyngd,

   ii. „póstþjónusta“: þjónusta sem felst í söfnun, flokkun, flutningi og afhendingu póstsendinga. Í þessari þjónustu felst þjónusta sem fellur innan jafnt sem utan gildissviðs alþjónustu sem komið er á fót í samræmi við tilskipun 97/67/EB,

   iii. „önnur þjónusta en póstþjónusta“: þjónusta sem er veitt á eftirfarandi sviðum:

      — rekstur póstþjónustu (þjónusta bæði fyrir og eftir sendingu, þ.m.t. póstafgreiðsla),

      — þjónusta sem varðar póstsendingar sem falla ekki undir a-lið, t.d. markpóstur án póstfangs.

6. Starfsemi í tengslum við nýtingu landsvæða með það fyrir augum:

   a) að vinna olíu eða gas,

   b) að leita að eða vinna kol eða annað eldsneyti í föstu formi.

_____

III. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR RÉTTARGERÐIR SAMBANDSINS SEM UM GETUR Í B-LIÐ 2. MGR. 7. GR.

Réttindi, sem hafa verið veitt með málsmeðferð sem tryggt hefur verið að fái nægilega kynningu og þar sem veiting réttindanna byggðist á hlutlægum viðmiðunum, skulu ekki teljast vera „sérstök réttindi eða einkaréttur“ í skilningi þessarar tilskipunar. Hér á eftir eru tilgreindar málsmeðferðarreglur, sem tryggja nægilegt gagnsæi fyrir fram, um veitingu starfsleyfa á grundvelli annarra réttargerða Sambandsins, sem teljast ekki vera „sérstök réttindi eða einkaréttur“ í skilningi þessarar tilskipunar:

a) Veiting leyfis til að starfrækja virki fyrir jarðgas í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 4. gr. tilskipunar 2009/73/EB.

b) Leyfi eða útboð á smíði nýs búnaðar til raforkuframleiðslu í samræmi við tilskipun 2009/72/EB.

c) Veiting leyfa, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 9. gr. tilskipunar 97/67/EB, í tengslum við póstþjónustu sem er ekki, eða verður ekki, einkaréttarbundin.

d) Málsmeðferð við veitingu leyfis til að stunda starfsemi á sviði nýtingar vetniskolefnis í samræmi við tilskipun 94/22/EB.

e) Opinberir þjónustusamningar í skilningi reglugerðar (EB) nr. 1370/2007 að því er varðar framboð á þjónustu á sviði almennra farþegaflutninga með strætisvögnum, sporvögnum, lestum eða jarðlestum, sem hafa verið gerðir á grundvelli samkeppnisútboðs í samræmi við 3. mgr. 5. gr. hennar, að því tilskildu að tímalengdin sé í samræmi við 3. eða 4. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar.

IV. VIÐAUKI

ÞJÓNUSTA SEM UM GETUR Í 19. GR.

Lýsing	CPV-kóði
79611000-0; 75200000-8; 75231200-6; 75231240-8; 79622000-0 [Útvegun starfsfólks við húshjálp]; 79624000-4 [Útvegun hjúkrunarfólks] og 79625000-1 [Útvegun heilbrigðisstarfsfólks] frá 85000000-9 til 85323000-9; 85143000-3, 98133100-5, 98133000-4 og 98200000-5 og 98500000-8 [Einkaheimili með launuðu starfsfólki] og 98513000-2 til 98514000-9 [Starfsmannamiðlun fyrir einkaheimili, þjónusta afleysingafólks fyrir einkaheimili, þjónusta skrifstofufólks fyrir einkaheimili, fólk í tímabundnu starfi fyrir einkaheimili, heimahlynning og heimilishjálp]	Heilbrigðisþjónusta, félagsþjónusta og þjónusta tengd henni
85321000-5 og 85322000-2, 75000000-6 [Opinber stjórnsýsluþjónusta, varnarmál og almannatryggingar], 75121000-0, 75122000-7, 75124000-1; frá 79995000-5 til 79995200-7; frá 80000000-4 Menntunar- og þjálfunarþjónusta til 80660000-8; frá 92000000-1 til 92342200-2; frá 92360000-2 til 92700000-8, 79950000-8 [Þjónusta vegna skipulagningar á sýningum, kaupstefnum, mörkuðum og ráðstefnum], 79951000-5 [Skipulagning á málstofum], 79952000-2 [Viðburðaþjónusta], 79952100-3 [Skipulagning menningarviðburða], 79953000-9 [Skipulagning hátíða], 79954000-6 [Skipulagning samkvæma], 79955000-3 [Skipulagning tískusýninga], 79956000-0 [Þjónusta vegna skipulagningar á sýningum og kaupstefnum]	Stjórnsýsluþjónusta, félagsþjónusta, þjónusta á sviði menntunar, heilsugæslu og menningarstarfsemi
75300000-9	Lögboðnar almannatryggingar ([1])
75310000-2, 75311000-9, 75312000-6, 75313000-3, 75313100-4, 75314000-0, 75320000-5, 75330000-8, 75340000-1	Bætur
98000000-3; 98120000-0; 98132000-7; 98133110-8 og 98130000-3	Önnur samfélagsþjónusta, félagsleg og persónuleg þjónusta, þ.m.t. þjónusta stéttarfélaga, stjórnmálasamtaka, æskulýðssamtaka og annarra félagasamtaka
98131000-0	Þjónusta trúfélaga
55100000-1 til 55410000-7; 55521000-8 til 55521200-0 [55521000-8 Sala á tilbúnum mat til heimila, 55521100-9 Þjónusta tengd heimakstri máltíða, 55521200-0 Þjónusta tengd afhendingu málsverða]. 55520000-1 Sala á tilbúnum mat, 55522000-5 Sala á tilbúnum mat til flutningafyrirtækja, 55523000-2 Sala á tilbúnum mat til annarra fyrirtækja eða stofnana, 55524000-9 Sala á tilbúnum mat til skóla 55510000-8 Mötuneytisþjónusta, 55511000-5 Þjónusta mötuneyta og kaffitería sem sinna tilteknum hópi viðskiptavina, 55512000-2 Rekstur mötuneyta, 55523100-3 Þjónusta tengd skólamáltíðum	Hótel- og veitingaþjónusta
79100000-5 til 79140000-7; 75231100-5,	Lögfræðiþjónusta, að því marki sem hún er ekki undanskilin skv. d-lið 8. mgr. 10. gr.

Lýsing	CPV-kóði
75100000-7 til 75120000-3; 75123000-4; 75125000-8 til 75131000-3	Önnur stjórnsýsluþjónusta og opinber þjónusta
75200000-8 til 75231000-4	Þjónusta við samfélagið
75231210-9 til 75231230-5; 75240000-0 til 75252000-7; 794300000-7; 98113100-9	Þjónusta tengd fangelsum, þjónusta við almannaöryggi og björgunarþjónusta, að því marki sem hún er ekki undanskilin skv. g-lið 8. mgr. 10. gr.
79700000-1 til 79721000-4 [Eftirgrennslan og öryggisþjónusta, öryggisþjónusta, vöktun viðvörunarbúnaðar, öryggisvarðaþjónusta, eftirlit með fólki, þjónusta við að rekja spor, leit að sakborningum á flótta, eftirlitsferðir, útgáfuþjónusta auðkennismerkja, rannsóknir og þjónusta umboðsskrifstofu leynilögreglu] 79722000-1[Rithandarfræðiþjónusta], 79723000-8 [Greiningarþjónusta vegna úrgangs]	Eftirgrennslan og öryggisþjónusta
64000000-6 [Póst- og fjarskiptaþjónusta], 64100000-7 [Póst- og boðberaþjónusta], 64110000-0 [Póstþjónusta], 64111000-7 [Póstþjónusta í tengslum við dagblöð og tímarit], 64112000-4 [Bréfapóstsþjónusta], 64113000-1 [Bögglapóstsþjónusta], 64114000-8 [Póstafgreiðsluþjónusta], 64115000-5 [Leiga pósthólfa], 64116000-2 [Biðpóstsþjónusta], 64122000-7 [Innanhússpóstþjónusta]	Póstþjónusta
50116510-9 [Hjólbarðasólningarþjónusta], 71550000-8 [Járnsmíðaþjónusta]	Ýmiss konar þjónusta
98900000-2 [Starfsemi alþjóðlegra stofnana og samtaka með úrlendisrétt] og 98910000-5 [Þjónusta sem alþjóðastofnanir og samtök sinna sérstaklega]	Alþjóðleg þjónusta

([1]) Þessi þjónusta fellur ekki undir þessa tilskipun ef hún er skipulögð sem þjónusta í almannaþágu sem er ekki af efnahagslegum toga. Aðildarríkjum er frjálst að skipuleggja lögboðna félagsþjónustu eða annars konar þjónustu annaðhvort sem þjónustu í almannaþágu eða sem þjónustu í almannaþágu sem er ekki af efnahagslegum toga.

V. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í TILKYNNINGUM UM SÉRLEYFI SEM UM GETUR Í 31. GR.

1. Nafn, auðkennisnúmer (ef kveðið er á um það í landslöggjöf), heimilisfang, þ.m.t. NUTS-kóði, símanúmer, bréfasímanúmer, tölvupóstfang og veffang samningsyfirvalds eða -stofnunar, sem og samsvarandi upplýsingar um þjónustu þar sem hægt er að fá viðbótarupplýsingar.

2. Tegund og aðalstarfsemi samningsyfirvalds eða -stofnunar.

3. Ef umsóknir eiga að innihalda tilboð, tölvupóstfang eða veffang þar sem hægt er að fá beinan, ótakmarkaðan og fullan aðgang að skjölum varðandi sérleyfið án endurgjalds. Þegar ekki er hægt er að fá beinan, ótakmarkaðan og fullan aðgang að skjölum varðandi sérleyfið án endurgjalds í þeim tilvikum sem um getur í 2. mgr. 32. gr., upplýsingar um það með hvaða hætti er hægt að nálgast útboðsgögn.

4. Lýsing á sérleyfinu: eðli og umfang verksins, eðli og umfang þjónustunnar, stærðargráða eða leiðbeinandi verðmæti og, ef mögulegt er, tímalengd samningsins. Þegar sérleyfinu er skipt í hluta skal veita þessar upplýsingar fyrir hvern hluta. Lýsing á valmöguleikum, eftir því sem við á.

5. CPV-kóðar. Þegar sérleyfinu er skipt í hluta skal veita þessar upplýsingar fyrir hvern hluta.

6. NUTS-kóði fyrir aðalverkstað að því er varðar sérleyfissamninga um verk eða NUTS-kóði fyrir aðalstað þar sem þjónusta er innt af hendi vegna sérleyfissamninga um þjónustu; ef sérleyfinu er skipt í hluta skal veita þessar upplýsingar fyrir hvern hluta.

7. Skilyrði fyrir þátttöku, þ.m.t.:

   a) ef við á, skal tilgreina hvort samningurinn sé bundinn við verndaða vinnustaði eða hvort framkvæmd hans takmarkist við áætlanir um verndaða vinnu,

   b) ef við á, skal tilgreina hvort þjónustustarfsemin er bundin við tiltekna starfsgrein með lögum eða stjórnsýslufyrirmælum; vísa skal í viðeigandi lög eða stjórnsýslufyrirmæli,

   c) skrá yfir hæfiskröfur og stutt lýsing á þeim eftir atvikum; lágmarkskröfur sem hugsanlega eru gerðar; tilgreina skal tilskildar upplýsingar (eigin yfirlýsingar, gögn).

8. Frestur til að leggja fram umsóknir eða frestur til móttöku tilboða.

9. Viðmiðanir sem notaðar verða við veitingu sérleyfisins ef þær koma ekki fram í öðrum skjölum varðandi sérleyfið.

10. Sendingardagur tilkynningarinnar.

11. Nafn og heimilisfang aðilans sem sér um meðferð kærumála og, ef við á, sáttameðferð. Nákvæmar upplýsingar um það hvenær leggja má fram kæru í síðasta lagi eða, ef þörf krefur, nafn, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang þjónustunnar sem veitir þessar upplýsingar.

12. Sé framkvæmd sérleyfisins sérstökum skilyrðum háð skal tilgreina það, eftir því sem við á.

13. Heimilisfang þangað sem senda skal umsóknir eða tilboð.

14. Upplýsingar um kröfur og skilyrði sem tengjast notkun rafrænna samskiptamiðla, eftir því sem við á.

15. Upplýsingar um hvort sérleyfið tengist verkefni og/eða áætlun sem fjármögnuð er úr sjóðum Sambandsins.

16. Að því er varðar sérleyfissamninga um verk, upplýsingar um hvort sérleyfið fellur undir samninginn um opinber innkaup (GPA).

VI. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í KYNNINGARTILKYNNINGUM VARÐANDI SÉRLEYFI FYRIR FÉLAGSÞJÓNUSTU OG AÐRA SÉRTÆKA ÞJÓNUSTU SEM UM GETUR Í 3. MGR. 31. GR.

1. Nafn, auðkennisnúmer (ef kveðið er á um það í landslöggjöf), heimilisfang, þ.m.t. NUTS-kóði, símanúmer, bréfasímanúmer, tölvupóstfang og veffang samningsyfirvalds eða samningsstofnunar, sem og samsvarandi upplýsingar um þjónustu þar sem hægt er að fá viðbótarupplýsingar.
2. Tölvupóstfang eða veffang þar sem hægt er að fá aðgang að útboðsskilmálum ásamt öllum fylgiskjölum, eftir því sem við á.
3. Tegund og aðalstarfsemi samningsyfirvalds eða samningsstofnunar.
4. CPV-kóðar; Þegar samningnum er skipt í hluta skal veita þessar upplýsingar fyrir hvern hluta.
5. NUTS-kóði fyrir aðalstað þar sem þjónusta er innt af hendi vegna sérleyfissamninga um þjónustu.
6. Lýsing á þjónustunni, leiðbeinandi stærðargráða eða verðmæti.
7. Skilyrði fyrir þátttöku.
8. Frestur til að hafa samband við samningsyfirvald eða samningsstofnun með tilliti til þátttöku, eftir atvikum.
9. Stutt lýsing á helstu þáttum útboðsferlisins, eftir atvikum.
10. Allar aðrar viðeigandi upplýsingar.

VII. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í TILKYNNINGUM UM VEITINGU SÉRLEYFIS SEM UM GETUR Í 32. GR.

1. Nafn, auðkennisnúmer (ef kveðið er á um það í landslöggjöf), heimilisfang, þ.m.t. NUTS-kóði og, eftir því sem við á, símanúmer, bréfasímanúmer, tölvupóstfang og veffang samningsyfirvalds eða -stofnunar, sem og samsvarandi upplýsingar um þjónustu þar sem hægt er að fá viðbótarupplýsingar.
2. Tegund og aðalstarfsemi samningsyfirvalds eða -stofnunar.
3. CPV-kóðar.
4. NUTS-kóði fyrir aðalverkstað að því er varðar sérleyfissamninga um verk eða NUTS-kóði fyrir aðalstað þar sem þjónusta er innt af hendi vegna sérleyfissamninga um þjónustu.
5. Lýsing á sérleyfinu: eðli og umfang verksins, eðli og umfang þjónustunnar, tímalengd samningsins. Þegar sérleyfinu er skipt í hluta skal veita þessar upplýsingar fyrir hvern hluta. Lýsing á valmöguleikum, eftir því sem við á.
6. Lýsing á útboðsferli sem fylgt var og rökstuðningur ef um er að ræða samningsgerð án undangenginnar birtingar.
7. Viðmiðanir, sem um getur í 41. gr., sem voru notaðar við veitingu sérleyfis eða sérleyfa.
8. Dagsetning ákvörðunar eða ákvarðana um veitingu sérleyfis.
9. Fjöldi tilboða sem barst að því er varðar hvern samning sem gerður er, þ.m.t.:
   a) fjöldi tilboða sem barst frá rekstraraðilum sem eru lítil og meðalstór fyrirtæki,
   b) fjöldi tilboða sem barst frá öðrum löndum,
   c) fjöldi tilboða sem barst með rafrænum hætti.
10. Fyrir hvern samning sem gerður er, nafn, heimilisfang, þ.m.t. NUTS-kóði og, eftir atvikum, símanúmer, bréfasímanúmer, tölvupóstfang og veffang hlutskarpasta bjóðandans eða bjóðandanna, þ.m.t.:
    a) upplýsingar um hvort hlutskarpasti bjóðandinn er lítið eða meðalstórt fyrirtæki,
    b) upplýsingar um hvort sérleyfið var veitt fyrirtækjasamtökum.
11. Verðmæti og helstu fjárhagslegir skilmálar sérleyfisins sem veitt er, þ.m.t.:
    a) gjöld, verð og fjársektir, ef einhverjar eru,
    b) verðlaun og greiðslur, ef einhverjar eru,
    c) allar aðrar upplýsingar varðandi verðmæti sérleyfisins eins og mælt er fyrir um í 3. gr. 8. gr.
12. Upplýsingar um hvort sérleyfið tengist verkefni og/eða áætlun sem fjármögnuð er úr sjóðum Sambandsins.
13. Nafn og heimilisfang aðilans sem sér um meðferð kærumála og, ef við á, sáttameðferð. Nákvæmar upplýsingar um það hvenær leggja má fram kæru í síðasta lagi eða, ef þörf krefur, nafn, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang þjónustunnar sem veitir þessar upplýsingar.
14. Dagsetning(ar) og tilvísun(-anir) í birtingar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins sem máli skipta að því er varðar sérleyfi sem auglýst eru í þessari tilkynningu.
15. Sendingardagur tilkynningarinnar.
16. Aðferð sem notuð var við útreikning á áætluðu verðmæti sérleyfisins, ef það er ekki tilgreint í öðrum skjölum varðandi sérleyfið í samræmi við 8. gr.
17. Allar aðrar viðeigandi upplýsingar.

VIII. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í TILKYNNINGUM UM VEITINGU SÉRLEYFIS FYRIR FÉLAGSÞJÓNUSTU OG AÐRA SÉRTÆKA ÞJÓNUSTU SEM UM GETUR Í 32. GR.

1. Nafn, auðkennisnúmer (ef kveðið er á um það í landslöggjöf), heimilisfang, þ.m.t. NUTS-kóði, eftir því sem við á, símanúmer, bréfasímanúmer, tölvupóstfang og veffang samningsyfirvalds eða -stofnunar, sem og samsvarandi upplýsingar um þjónustu þar sem hægt er að fá viðbótarupplýsingar.
2. Tegund og aðalstarfsemi samningsyfirvalds eða -stofnunar.
3. CPV-kóðar; Þegar samningnum er skipt í hluta skal veita þessar upplýsingar fyrir hvern hluta.
4. Stutt lýsing á inntaki sérleyfisins.
5. Fjöldi tilboða sem barst.
6. Verðmæti hlutskarpasta tilboðsins, þ.m.t. gjöld og verð.
7. Nafn og heimilisfang, þ.m.t. NUTS-kóði, símanúmer, bréfasímanúmer, tölvupóstfang og veffang hlutskarpasta rekstraraðilans eða -aðilanna.
8. Allar aðrar viðeigandi upplýsingar.

IX. VIÐAUKI

BIRTING

1. Birting tilkynninga

   Samningsyfirvöld eða samningsstofnanir skulu senda þær tilkynningar, sem um getur í 31. og 32. gr., til útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins til birtingar í samræmi við eftirfarandi reglur:

   Tilkynningar, sem um getur í 31. og 32. gr., skulu birtar af útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins.

   Útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins sendir samningsyfirvaldi eða -stofnun staðfestingu á birtingu sem um getur í 2. mgr. 33. gr.

2. Snið tilkynninga og reglur um rafræna sendingu þeirra

   Upplýsingar um snið tilkynninga og reglur um rafræna sendingu þeirra samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar er að finna á veffanginu „http://simap.europa.eu“.

X. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR ALÞJÓÐLEGAR SAMÞYKKTIR OG SAMNINGA Á SVIÐI FÉLAGSMÁLA OG UMHVERFISMÁLA SEM UM GETUR Í 3. MGR. 30. GR.

Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 87 um félagafrelsi og verndun þess

Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 98 um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega

Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 29 um nauðungarvinnu eða skylduvinnu

Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 105 um afnám nauðungarvinnu

Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 138 um lágmarksaldur við vinnu

Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 111 um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs

Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 100 um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf

Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 182 um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og tafarlausar aðgerðir til að afnema hana

Vínarsamningur um vernd ósónlagsins og Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins

Alþjóðasamningur um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra (Basel-samningurinn)

Samningur um þrávirk lífræn efni (Stokkhólmssamningurinn)

Samningur um fyrirframupplýst samþykki fyrir tilteknum hættulegum efnum og varnarefnum í alþjóðaviðskiptum (Umhverfisstofnun SÞ/Matvæla- og landbúnaðarstofnun SÞ) (PIC-samningurinn) og svæðisbundnu bókanirnar þrjár við hann

XI. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í TILKYNNINGUM UM BREYTINGAR Á SÉRLEYFI Á GILDISTÍMA ÞESS SKV. 43. GR.

1. Nafn, auðkennisnúmer (ef kveðið er á um það í landslöggjöf), heimilisfang, þ.m.t. NUTS-kóði, símanúmer, bréfasímanúmer, tölvupóstfang og veffang samningsyfirvalds eða -stofnunar, sem og samsvarandi upplýsingar um þjónustu þar sem hægt er að fá viðbótarupplýsingar.
2. CPV-kóðar.
3. NUTS-kóði fyrir aðalverkstað að því er varðar sérleyfissamninga um verk eða NUTS-kóði fyrir aðalstað þar sem þjónusta er innt af hendi vegna sérleyfissamninga um þjónustu,
4. Lýsing á sérleyfinu fyrir og eftir breytinguna: eðli og umfang verks, eðli og umfang þjónustu.
5. Eftir atvikum, breytingar á verðmæti sérleyfisins, þ.m.t. hækkun á verði eða gjöldum af völdum breytinganna.
6. Lýsing á aðstæðunum sem ollu því að breytingarnar voru nauðsynlegar.
7. Dagsetning ákvörðunar um veitingu sérleyfis.
8. Nafn, heimilisfang, þ.m.t. NUTS-kóði, símanúmer, bréfasímanúmer, tölvupóstfang og veffang nýja rekstraraðilans eða -aðilanna, eftir því sem við á.
9. Upplýsingar um hvort sérleyfið tengist verkefni og/eða áætlun sem fjármögnuð er úr sjóðum Sambandsins.
10. Nafn og heimilisfang aðilans sem sér um meðferð kærumála og, ef við á, sáttameðferð. Nákvæmar upplýsingar um það hvenær leggja má fram kæru í síðasta lagi eða, ef þörf krefur, nafn, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang þjónustunnar sem veitir þessar upplýsingar.
11. Dagsetning(ar) og tilvísun(-anir) fyrri birtinga í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins sem máli skipta að því er varðar samning eða samninga sem þessi tilkynning varðar.
12. Sendingardagur tilkynningarinnar.
13. Allar aðrar viðeigandi upplýsingar.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2014/24/ESB **2016/EES/27/60**

frá 26. febrúar 2014

um opinber innkaup og niðurfellingu tilskipunar 2004/18/EB (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 53. gr. (1. mgr.), 62. gr. og 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Gerð opinberra samninga af hálfu stjórnvalda aðildarríkja eða fyrir þeirra hönd verður að vera í samræmi við meginreglur sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU), einkum um frjálsa vöruflutninga, staðfesturétt og frelsi til að veita þjónustu auk meginreglnanna sem af honum leiðir, s.s. um jafna meðferð, bann við mismunun, gagnkvæma viðurkenningu, meðalhóf og gagnsæi. Sé hins vegar um að ræða opinbera samninga sem fara yfir tiltekið verðmæti ætti að setja ákvæði til að samræma innkaupaferli í einstökum aðildarríkjum til að tryggja að umræddar meginreglur séu virtar í reynd og opnað sé fyrir samkeppni í opinberum innkaupum.

2) Opinber innkaup gegna lykilhlutverki í áætluninni Evrópa 2020, eins og sett er fram í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 3. mars 2010 sem nefnist „Evrópa 2020: áætlun um snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla“ („áætlunin Evrópa 2020 um snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla“) sem eitt af markaðstengdum stjórntækjum til að ná fram snjallhagvexti, sjálfbærum hagvexti og hagvexti fyrir alla og tryggja jafnframt bestu mögulegu nýtingu opinbers fjármagns. Í þessu skyni ætti að endurskoða og færa til nútímahorfs reglur um opinber innkaup sem voru samþykktar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB ([4]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB ([5]) til að auka skilvirkni í útgjöldum hins opinbera, einkum að auðvelda litlum og meðalstórum fyrirtækjum þátttöku í opinberum innkaupum og að gera innkaupendum kleift að nýta opinber innkaup til stuðnings sameiginlegum samfélagslegum markmiðum. Einnig er þörf á að skýra grundvallarhugmyndir og -hugtök til að tryggja réttarvissu og samþætta tiltekna þætti í fastmótaðri dómaframkvæmd Evrópudómstólsins sem tengist efninu.

3) Við framkvæmd þessarar tilskipunar ætti að taka mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks ([6]), einkum í tengslum við val á samskiptaaðferðum, tækniforskriftum, valforsendum og skilyrðum varðandi framkvæmd samnings.

4) Vegna sífelldrar aukningar á ýmiss konar opinberum aðgerðum hefur reynst nauðsynlegt að skilgreina skýrar sjálft hugtakið innkaup, sú skýring ætti þó ekki að víkka gildissvið þessarar tilskipunar samanborið við tilskipun 2004/18/EB. Reglum Sambandsins um opinber innkaup er ekki ætlað að ná til allra tegunda útgreiðslna á opinberum fjármunum heldur einungis þeirra sem ætlaðir eru til kaupa fyrir tilstilli opinbers samnings, á verki, vöru eða þjónustu. Gera ætti grein fyrir að slík kaup á verkum, vörum eða þjónustu ættu að vera með fyrirvara um þessa tilskipun hvort sem framkvæmdin er í gegnum kaup, leigu eða með öðru samningsbundnu formi.

Hugtakið kaup ætti að túlka í víðum skilningi þess að afla ávinnings af verkum, vörum eða þjónustu sem um er að ræða, en hefur ekki endilega í för með sér yfirfærslu eignarréttar til samningsyfirvalda. Enn fremur fellur fjármögnun starfsemi ein og sér, einkum í formi styrkja, sem oft er tengd skyldu til endurgreiðslu fjárhæðarinnar sem móttekin var, í þeim tilvikum sem hún er ekki notuð í þeim tilgangi sem ætlaður var, ekki undir gildissvið reglna um opinber innkaup. Að sama skapi ætti ekki að túlka aðstæður þar sem allir aðilar, sem uppfylla tiltekin skilyrði

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 65. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 191, 29.6.2012, bls. 84.

([2]) Stjtíð. ESB C 391, 18.12.2012, bls. 49.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 15. janúar 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 11. febrúar 2014.

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu (Stjtíð. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 1).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga (Stjtíð. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 114).

([6]) Samþykkt með ákvörðun ráðsins 2010/48/EB frá 26. nóvember 2009 um staðfestingu Evrópubandalagsins á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (Stjtíð. ESB L 23, 27.1.2010, bls. 35).

hafa rétt á að annast ákveðið verkefni án þess að nokkurt val fari fram, s.s. við neytendaval og þjónustuávísanir, sem innkaup heldur einfaldlega fyrirkomulag leyfisveitinga (t.d. leyfi fyrir lyfjum eða læknisþjónustu).

5) Rétt er að minna á að þessi tilskipun skuldbindur aðildarríki á engan hátt til að útvista eða finna þriðja aðila til að veita þjónustu sem þau vilja sjálf veita eða skipuleggja eftir öðrum leiðum en með opinberum samningum í skilningi þessarar tilskipunar. Tilskipunin ætti ekki að ná yfir þjónustustarfsemi sem byggist á lögum, reglum eða ráðningarsamningum. Í sumum aðildarríkjum gæti þetta t.d. átt við um tiltekna þjónustu á vegum stjórnsýslu- og ríkisstofnana, s.s. þjónustu á sviði framkvæmda- og löggjafarvaldsins eða tiltekna samfélagsþjónustu, s.s. utanríkisþjónustu eða þjónustu tengda dómsmálum eða lögboðnar almannatryggingar.

6) Einnig er rétt að minna á að þessi tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á löggjöf aðildarríkjanna um almannatryggingar. Hún ætti ekki heldur að ná yfir aukið frelsi í þjónustu í almannaþágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu og bundin er við opinbera aðila eða einkaaðila, eða einkavæðingu opinberra stofnana sem veita þjónustu.

Ekki er síður nauðsynlegt að minna á að aðildarríkjum er frjálst að skipuleggja hvernig þau standa að lögboðinni félagsþjónustu eða annarri þjónustu, s.s. póstþjónustu, annaðhvort sem þjónustu í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu eða sem þjónustu í almannaþágu sem er ekki af efnahagslegum toga eða sem blöndu af þessu tvennu. Rétt þykir að skýra að þjónusta í almannaþágu, sem er ekki af efnahagslegum toga, ætti ekki að falla undir gildissvið þessarar tilskipunar.

7) Að lokum er einnig rétt að minna á að þessi tilskipun hefur ekki áhrif á frelsi lands-, svæðis- og staðaryfirvalda til að skilgreina, í samræmi við lög Sambandsins, þjónustu í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu, umfang hennar og einkenni þjónustunnar sem veita skal, þ.m.t. öll skilyrði er varða gæði þjónustunnar, til þess að ná fram opinberum stefnumiðum sínum. Þessi tilskipun ætti ekki heldur að hafa áhrif á heimild lands-, svæðis- og staðaryfirvalda til að útvega, bjóða upp á og fjármagna þjónustu í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu í samræmi við 14. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og bókun nr. 26 sem fylgir sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og sáttmálanum um Evrópusambandið. Í þessari tilskipun er að auki ekki fjallað um fjármögnun þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu eða um kerfi aðstoðar sem aðildarríkin veita, einkum á sviði félagsmála, í samræmi við samkeppnisreglur Sambandsins.

8) Samningur ætti því aðeins að teljast opinber verksamningur ef efni hans varðar sérstaklega framkvæmd þeirra verka sem tilgreind eru í II. viðauka, jafnvel þótt samningurinn taki til annarrar þjónustu sem er nauðsynleg til að unnt sé að vinna þessi verk. Opinberir þjónustusamningar geta við ákveðnar aðstæður náð yfir verk, einkum þegar um er að ræða rekstur fasteigna. Ef slík verk tengjast meginefni samningsins, og eru því hugsanlega afleiðing af eða viðbót við hann, telst það þó ekki gild ástæða fyrir því að flokka samning um almannaþjónustu sem opinberan verksamning að hann taki til slíkra verka.

Í ljósi þess hve opinberir verksamningar eru fjölbreytilegir ættu samningsyfirvöld þó að geta valið um hvort þau gera samning um hönnun og framkvæmd verks aðgreint eða sameiginlega. Þessari tilskipun er ekki ætlað að segja fyrir um hvort gera skuli samninga sameiginlega eða aðgreint.

9) Við framkvæmd verks, er samsvarar þeim kröfum sem samningsyfirvald hefur tilgreint, er það forsenda að yfirvaldið, sem um er að ræða, hafi gert ráðstafanir til skilgreina tegund verksins eða, að lágmarki, að það hafi haft afgerandi áhrif á áætlanagerðina. Hvort heldur að verktaki annast alla framkvæmd verksins eða hluta hennar á eigin vegum eða tryggir framkvæmd þeirra með öðrum leiðum ætti ekki að breyta flokkun samningsins sem verksamnings, svo fremi sem verktakinn tekur á sig beina eða óbeina skuldbindingu sem er framfylgjanleg samkvæmt lögum til að tryggja að verkið verði framkvæmt.

10) Hugtakið „samningsyfirvöld“ og einkum hugtakið „aðilar sem heyra undir opinberan rétt“ hafa ítrekað verið tekin til skoðunar í dómaframkvæmd Evrópudómstólsins. Rétt er taka skýrt fram að persónulegt gildissvið þessarar tilskipunar ætti að haldast óbreytt og af þeim sökum er rétt að halda skilgreiningunum sem Dómstóllinn byggir sjálfur á og að fella inn tiltekinn fjölda útskýringa sem þessi dómaframkvæmd hefur í för með sér til að efla skilning á skilgreiningunum sjálfum án þess að ætlunin sé að breyta skilningi á hugtökunum eins og þau eru útfærð í dómaframkvæmdinni. Því ætti að koma skýrt fram að aðili, sem starfar við eðlileg markaðsskilyrði í hagnaðarskyni og ber tapið af starfsemi sinni, ætti ekki að teljast „aðili sem heyrir undir opinberan rétt“, þar sem þær þarfir í almannaþágu, sem hann var stofnaður til að mæta, eða hefur verið falið að mæta, geta talist vera iðnaðar- eða viðskiptalegs eðlis.

Dómstóllinn hefur að sama skapi skoðað skilyrðið, sem varðar uppruna fjármögnunar aðilans sem á í hlut, og hefur m.a. skýrt út að fjármagnaður „að mestu leyti“ þýði að meira en hálfu leyti og að til slíkrar fjármögnunar geti talist greiðslur frá notendum sem eru lagðar á, reiknaður og innheimtar í samræmi við reglur opinbers réttar.

11) Þegar um er að ræða blandaða samninga ætti það að ákvarðast með hliðsjón af meginefni samningsins hvaða reglur ættu að gilda um hann, ef ekki er hægt að aðskilja mismunandi hluta samningsins á hlutlægan hátt. Því ætti að koma skýrt fram hvernig samningsyfirvöld ættu að skera úr um hvort mismunandi hlutar samnings séu aðskiljanlegir eða ekki. Slík skýring ætti að vera byggð á viðkomandi dómaframkvæmd Evrópudómstólsins.

Taka ætti ákvörðun í hverju tilviki fyrir sig þar sem yfirlýstur eða ætlaður ásetningur samningsyfirvalds um að líta á hina ýmsu hluta blandaðs samnings sem óaðskiljanlega ætti ekki að duga til, heldur ætti að styðja hann með hlutlægum sönnunargögnum sem geta réttlætt hann og nauðsyn þess að gera stakan samning. Slík réttlætanleg þörf til að gera stakan samning gæti t.d. verið fyrir hendi þegar bygging stakrar byggingar á í hlut, sem að hluta á að vera í beinni notkun hlutaðeigandi samningsyfirvalds og að öðrum hluta starfrækt á grundvelli sérleyfis, t.d. til að útvega almenningi bílastæði. Koma ætti skýrt fram að nauðsyn þess að gera stakan samning getur stafað af ástæðum sem eru bæði tæknilegs og efnahagslegs eðlis.

12) Ef um er að ræða blandaða samninga, sem hægt er að aðskilja, er samningsyfirvöldum ávallt frjálst að gera aðskilda samninga fyrir aðskilda hluta hins blandaða samnings, en í því tilviki ættu ákvæðin, sem gilda um einstaka hluta samningsins, að ákvarðast eingöngu af einkennum þess sérstaka samnings. Ef samningsyfirvöld velja, hins vegar, að bæta öðrum þáttum inn í innkaupin, hvert sem verðmæti þeirra er eða hvaða lagareglur sem hefðu gilt um viðbótarþættina, ætti sú höfuðregla að gilda að ef gera ætti samning samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar, og ef hann er gerður einn og sér, ætti þessi tilskipun að gilda áfram um blandaða samninginn í heild.

13) Þó ætti að setja sérákvæði um blandaða samninga sem hafa hliðar er snúa að vörnum eða öryggi eða hluta sem ekki falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Í slíkum tilvikum ætti að vera mögulegt að beita ekki þessari tilskipun, að því tilskildu að gerð staks samnings sé réttlætanleg af hlutlægum ástæðum og að ákvörðunin um að gera stakan samning sé ekki tekin í þeim tilgangi að undanskilja samninga frá beitingu þessarar tilskipunar eða tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/81/EB ([7]). Rétt er að taka fram að ekki ætti að hindra samningsyfirvöld í að velja að beita þessari tilskipun gagnvart tilteknum blönduðum samningum í stað þess að beita tilskipun 2009/81/EB.

14) Koma ætti skýrt fram að túlka ætti hugtakið „rekstraraðili“ vítt þannig að það taki til allra aðila og/eða stofnana sem bjóða framkvæmd verka, vöruafhendingu eða þjónustustarfsemi á markaði, án tillits til þess samkvæmt hvaða lögákveðna rekstrarformi þeir hafa kosið að starfa. Því ættu fyrirtæki, útibú, dótturfyrirtæki, sameignarfélög, samvinnufélög, félög með takmarkaða ábyrgð, ríkisháskólar og einkaháskólar, og allar aðrar tegundir aðila en einstaklingar að falla undir hugtakið rekstraraðili undir öllum kringumstæðum, hvort sem um er að ræða „lögaðila“ eða ekki.

15) Koma ætti skýrt fram að hópar rekstraraðila, þ.m.t. þar sem þeir hafa komið saman til að mynda tímabundin samtök, geta tekið þátt í útboðsferli án þess að nauðsynlegt sé að þeir stofni til sérstaks lögákveðins rekstrarforms. Að því marki sem nauðsynlegt er, t.d. þar sem krafist er óskiptrar bótaábyrgðar, má gera kröfu um sérstakt rekstrarform þegar gerður er samningur við slíka hópa.

Einnig ætti að koma skýrt fram að samningsyfirvöld ættu að geta sett fram með ótvíræðum hætti hvernig hópar rekstraraðila eigi að fara að kröfum um efnahagslega og fjárhagslega stöðu, eins og sett er fram í þessari tilskipun, eða viðmiðunum um tæknilega og faglega getu sem krafist er af rekstraraðilum sem taka þátt á eigin vegum.

Þegar hópar rekstraraðila framkvæma samninga getur verið nauðsynlegt að setja skilyrði sem einstakir þátttakendur þurfa ekki að hlíta. Meðal slíkra skilyrða, sem ættu að vera réttlætanleg á grundvelli hlutlægra ástæðna og vera í samræmi við meðalhófsregluna, gæti t.d. verið krafan um að myndað sé sameiginlegt fyrirsvar eða skipaður leiðandi samstarfsaðili að því er varðar innkaupaferlið eða krafa um upplýsingar um hvernig þeir eru samsettir.

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/81/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu reglna um útboð og gerð samningsyfirvalda eða samningsstofnana á tilteknum verksamningum, vörusamningum og þjónustusamningum á sviði varnar- og öryggismála og um breytingu á tilskipunum 2004/17/EB og 2004/18/EB (Stjtíð. ESB L 216, 20.8.2009, bls. 76).

16) Samningsyfirvöld ættu að nýta allar mögulegar leiðir, sem þau hafa aðgang að samkvæmt landslögum, til þess að koma í veg fyrir röskun á opinberum innkaupaferlum sem stafar af hagsmunaárekstrum. Þeirra á meðal gætu verið reglur sem greina, koma í veg fyrir og lagfæra hagsmunaárekstra.

17) Með ákvörðun ráðsins 94/800/EB ([8]) var samþykktur sérstaklega samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup (samningurinn um opinber innkaup). Samningurinn um opinber innkaup hefur að markmiði að koma á marghliða ramma um jafnvæg réttindi og skyldur sem tengjast opinberum samningum með það í huga að efla frelsi í alþjóðaviðskiptum. Vegna samninga sem falla undir 1., 2., 4. og 5. viðauka og almennar athugasemdir við I. viðbæti Evrópusambandsins við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup og einnig undir aðra alþjóðasamninga, sem Sambandið er bundið af, ættu samningsyfirvöld að uppfylla skyldur samkvæmt þessum samningum með því að beita þessari tilskipun gagnvart rekstraraðilum þriðju landa sem eru undirritunaraðilar að samningunum.

18) Samningurinn um opinber innkaup gildir um samninga yfir vissum viðmiðunarfjárhæðum sem ákvarðaðar eru í samningnum um opinber innkaup og eru tilgreindar í sérstökum dráttarréttindum. Rétt er að aðlaga viðmiðunarfjárhæðirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, til að tryggja að þær samsvari fjárhæðum í evrum sem jafngilda viðmiðunarfjárhæðunum í samningnum um opinber innkaup. Í þessu sambandi ætti einnig að setja ákvæði um reglubundna endurskoðun á viðmiðunarfjárhæðum sem tilgreindar eru í evrum til að laga þær, með hreinni stærðfræðiaðferð, að hugsanlegum breytingum á gengi evru gagnvart sérstökum dráttarréttindum. Auk þessara reglubundnu stærðfræðilegu aðlagana ætti að skoða hvort hækka ætti viðmiðunarfjárhæðirnar sem ákvarðaðar eru í samningnum um opinber innkaup í næstu samningalotu um efnið.

19) Gera ætti ljóst að við mat á verðmæti samnings verður að taka tillit til allra tekna hvort sem tekið er við þeim frá samningsyfirvaldinu eða þriðju aðilum. Einnig ætti að gera það ljóst að við mat á viðmiðunarfjárhæðum ber að skilja hugtakið sambærilegar vörur sem vörur, sem ætlaðar eru til sömu eða sambærilegrar notkunar, s.s. röð matvæla eða ýmiss konar skrifstofuhúsgagna. Venjulega myndi rekstraraðili, sem starfar á viðkomandi sviði, vera líklegur til að eiga slíkar vörur sem væru hluti af venjulegu vöruúrvali hans.

20) Til þess að meta verðmæti tiltekinna innkaupa ætti að taka fram að því aðeins ætti að vera heimilt að byggja verðmatið á verðmæti undirskipaðra hluta innkaupanna að það sé réttlætt með hlutlægum rökum. Sem dæmi mætti rökstyðja að verðmæti samnings væri metið hjá aðskilinni rekstrareiningu samningsyfirvaldsins, s.s. skólum eða leikskólum, að því tilskildu að einingin sem um ræðir beri sjálf ábyrgð á innkaupum sínum. Gera má ráð fyrir að svo sé þegar sérstök rekstrareining sér sjálf um innkaupaferlin og tekur ákvarðanir um kaup, er sjálf með sérstakan fjárhagslið vegna innkaupanna sem um er að ræða, gerir sjálf samninginn og fjármagnar hann af fjárveitingu sem hún hefur yfir að ráða. Undirskipaður hluti er ekki réttlætanlegur ef samningsyfirvaldið skipuleggur aðeins innkaupin með dreifstýrðum hætti.

21) Opinberir samningar, gerðir af samningsyfirvöldum sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu og sem varða slíka starfsemi, falla undir gildissvið tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB ([9]). Samningar, sem samningsyfirvöld gera í tengslum við þjónustustarfsemi á þeirra vegum vegna sjó- og strandflutninga og flutninga á ám og vötnum, skulu þó falla undir gildissvið þessarar tilskipunar.

22) Þar sem þessari tilskipun er beint til aðildarríkjanna gildir hún ekki um innkaup af hálfu alþjóðastofnana fyrir eigin hönd og á eigin reikning. Hins vegar er nauðsynlegt að gera grein fyrir því að hvaða marki beita ætti þessari tilskipun gagnvart innkaupum sem falla undir sérstakar alþjóðlegar reglur.

23) Við gerð opinberra samninga vegna tiltekinnar hljóð- og myndmiðlunar- og útvarpsþjónustu af hálfu veitenda fjölmiðlaþjónustu ætti að gefa kost á því að taka tillit til menningarlegra eða félagslega mikilvægra þátta sem valda því að ekki er heppilegt að beita reglum um opinber innkaup. Af þeim sökum ætti að gera undantekningu um opinbera þjónustusamninga, sem veitendur fjölmiðlaþjónustu gera sjálfir, vegna kaupa, þróunar, framleiðslu eða samframleiðslu á efni sem er tilbúið til notkunar og annarrar undirbúningsþjónustu, t.d. varðandi handrit eða listræna framkvæmd, sem nauðsynleg er fyrir framleiðslu efnisins. Einnig ætti að koma skýrt fram að undantekningin ætti að gilda jafnt um útvarps- og sjónvarpsþjónustu og pöntunarþjónustu (ólínuleg þjónusta). Þessi undantekning ætti þó ekki gilda um afhendingu tæknilegs búnaðar sem er nauðsynlegur fyrir framleiðslu, sameiginlega framleiðslu og útsendingu slíks efnis.

24) Rétt er að minna á að gerðardóms- og sáttagerðarþjónusta og önnur svipuð form við lausn deilumála utan dómstóla er venjulega veitt af aðilum eða einstaklingum sem samþykki ríkir um eða eru valdir á þann hátt sem ekki fellur undir reglur um innkaup. Gera ætti grein fyrir að þessi tilskipun gildir ekki um þjónustusamninga um veitingu slíkrar þjónustu, hvernig svo sem þeim er lýst samkvæmt landslögum.

([8]) Ákvörðun ráðsins 94/800/EB frá 22. desember 1994 um samþykki af hálfu Evrópubandalagsins, að því er varðar málefni sem falla undir valdsvið þess, á samningunum sem náðust í Úrúgvælotu marghliða samningaviðræðnanna (1986 til 1994) (Stjtíð EB L 336, 23.12.1994, bls. 1).

([9]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB frá 26. febrúar 2014 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu (Stjtíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 243).

25) Ýmis lögfræðiþjónusta er veitt af hálfu þjónustuveitenda sem dómstóll í aðildarríki tilnefnir, hún felur í sér að lögfræðingar fara með málflutning fyrir skjólstæðinga í dómsmálum, lögbókendur verða að veita hana eða hún er í tengslum við beitingu opinbers valds. Slík lögfræðiþjónusta er venjulega veitt af aðilum eða einstaklingum, sem eru tilnefndir eða valdir á einhvern þann hátt sem ekki fellur undir gildissvið reglna um innkaup, sem dæmi má nefna tilnefningu ríkislögmanns í tilteknum aðildarríkjum. Því ætti slík lögfræðiþjónusta að falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar.

26) Rétt þykir að tilgreina að hugtakið fjármálagerningur, eins og um getur í þessari tilskipun, hefur hér sömu merkingu og í annarri löggjöf um innri markaðinn og ef litið er til þess að nýlega var komið á fót Evrópska fjármálastöðugleikasjóðnum og Evrópska stöðugleikakerfinu ætti að tilskilja að aðgerðir sem fara fram með sjóðnum og kerfinu ættu að falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar. Að síðustu ætti að taka fram að lán ættu að falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar hvort sem þau eru í tengslum við útgáfu verðbréfa eða aðra fjármálagerninga eða aðra tengda starfsemi.

27) Rétt er að minna á að í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1370/2007 ([10]) er ótvírætt kveðið á um að tilskipun 2004/17/EB og 2004/18/EB gildi annars vegar um þjónustusamninga og hins vegar um opinbera þjónustusamninga vegna almennra farþegaflutninga með strætisvögnum eða sporvögnum, en reglugerð (EB) nr. 1370/2007 gildir um sérleyfissamninga um þjónustu vegna almennra farþegaflutninga með strætisvögnum eða sporvögnum. Enn fremur er rétt að minna á að sú reglugerð gildir áfram um opinbera þjónustusamninga sem og sérleyfissamninga um þjónustu vegna almennra farþegaflutninga með lestum eða jarðlestum. Til að gera grein fyrir tengslum milli þessarar tilskipunar og reglugerðar (EB) nr. 1370/2007 ætti að kveða ótvírætt á um að þessi tilskipun skuli ekki gilda um opinbera þjónustusamninga vegna þjónustu við almenna farþegaflutninga með lestum eða jarðlestum en gerð þeirra ætti áfram að vera á efnissviði þeirrar reglugerðar. Að því marki sem reglugerð (EB) nr. 1370/2007 veitir svigrúm í landslögum til að víkja frá reglum, sem settar eru í þeirri reglugerð, ætti aðildarríkjum að vera kleift að kveða á um í landslögum sínum að opinberir þjónustusamningar um almenna farþegaflutninga með lestum eða jarðlestum skuli gerðir með útboðsferli fyrir samningsgerð samkvæmt almennum reglum þeirra um opinber innkaup.

28) Þessi tilskipun ætti ekki að gilda um tiltekna neyðarþjónustu, sem stofnanir eða félög sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni veita, þar sem erfitt væri að varðveita eðli þessara samtaka ef velja þyrfti þjónustuveitendur í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í þessari tilskipun. Hins vegar ætti undantekningin ekki að vera umfangsmeiri en ýtrasta nauðsyn krefur. Því ætti að taka ótvírætt fram að flutningur sjúklinga með sjúkraflutningaþjónustu ætti ekki að vera undanskilinn. Í því samhengi er enn fremur nauðsynlegt að gera grein fyrir því að flokkur 601, „landflutningar“, í sameiginlega innkaupaorðasafninu, nær ekki til sjúkraflutningaþjónustu sem er í grein 8514 í sameiginlega innkaupaorðasafninu. Því ætti að taka skýrt fram að þjónusta, sem fellur undir CPV-kóða 85143000-3 og felst einvörðungu í flutningi sjúklinga með sjúkraflutningaþjónustu ætti að falla undir sérreglur sem settar eru fram fyrir félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu („einfalda fyrirkomulagið“). Af þessum sökum myndu blandaðir samningar um veitingu sjúkraflutningaþjónustu almennt einnig falla undir einfalda fyrirkomulagið ef verðmæti flutnings sjúklinga með sjúkraflutningaþjónustu væri meira en verðmæti annarrar sjúkraflutningaþjónustu.

29) Rétt þykir að minna á að þessi tilskipun gildir aðeins um samningsyfirvöld aðildarríkjanna. Ákvæði hennar gilda af þessum sökum ekki um stjórnmálaflokka þar sem þeir eru ekki samningsyfirvöld. Engu að síður gætu stjórnmálaflokkar í sumum aðildarríkjum talist aðilar sem heyra undir opinberan rétt.

Hins vegar er tiltekin þjónusta (t.a.m. framleiðsla áróðursmynda og myndbanda) svo órjúfanlega tengd stjórnmálaskoðunum þjónustuveitandans þegar hún er veitt í tengslum við kosningabaráttu að val á þjónustuveitendum fer venjulega þannig fram að ekki verður fellt undir gildissvið reglna um innkaup.

Að lokum er rétt að minna á að aðrar reglur gilda um samþykktir og fjármögnun evrópskra stjórnmálaflokka og stjórnmálastofnana á Evrópuvettvangi en þær sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

30) Í vissum tilvikum getur samningsyfirvald eða samband samningsyfirvalda verið eini veitandi tiltekinnar þjónustu og í tengslum við að veita hana njóta þau einkaréttar samkvæmt lögum og birtum stjórnsýslufyrirmælum sem eru í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins. Rétt er að taka fram að þessi tilskipun þarf ekki að gilda um gerð opinberra þjónustusamninga við viðkomandi samningsyfirvald eða samband samningsyfirvalda.

31) Umtalsverð réttaróvissa er um það að hve miklu leyti samningar, sem gerðir eru milli aðila innan opinbera geirans, ættu að falla undir reglur um opinber innkaup. Viðkomandi dómaframkvæmd Evrópudómstólsins er túlkuð með mismunandi hætti í aðildarríkjunum og jafnvel eftir því hvaða samningsyfirvald á í hlut. Því er nauðsynlegt að skýra í hvaða tilvikum samningar, sem gerðir eru innan opinbera geirans, falla ekki undir beitingu reglna um opinber innkaup.

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1370/2007 frá 23. október 2007 um almenna farþegaflutninga á járnbrautum og á vegum og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1191/69 og (EBE) nr. 1107/70 (Stjtíð. ESB L 315, 3.12.2007, bls. 1).

Slík skýring ætti að vera byggð á meginreglunum sem settar eru fram í viðkomandi dómaframkvæmd Evrópudómstólsins. Sú staðreynd ein og sér að báðir aðilar samkomulags séu opinber yfirvöld útilokar í sjálfu sér ekki beitingu reglna um innkaup. Beiting reglna um opinber innkaup ætti hins vegar ekki að hafa áhrif á frelsi opinberra yfirvalda til framkvæma þau verkefni, sem snúa að opinberri þjónustu og þeim eru falin, með því að beita eigin úrræðum, sem m.a. felur í sér möguleikann á samvinnu við önnur opinber yfirvöld.

Tryggja ætti að undanþegin samstarfsverkefni milli opinberra aðila leiði ekki til röskunar á samkeppni í tengslum við einkarekna rekstraraðila að svo miklu leyti sem röskunin veitir einkareknum veitanda þjónustu forskot á samkeppnisaðila hans.

32) Opinberir samningar, sem gerðir eru við lögaðila sem eru undir yfirráðum samningsyfirvalds, ættu ekki að falla undir ferlið, sem kveðið er um í þessari tilskipun, ef samningsyfirvaldið fer með yfirráð yfir viðkomandi lögaðila sem eru svipuð þeim sem það hefur yfir eigin deildum, að því tilskildu að lögaðilinn, sem er undir yfirráðum samningsyfirvalds, inni af hendi meira en 80% af starfsemi sinni við framkvæmd verkefna sem honum eru falin af samningsyfirvaldinu sem fer með yfirráðin eða öðrum lögaðilum sem lúta yfirráðum þessa samningsyfirvalds, óháð því hver nýtur góðs af framkvæmd samningsins.

Undantekningin ætti ekki að ná til aðstæðna þar sem um beinan hlut einkarekins rekstraraðila er að ræða í fjármagni lögaðilans sem er undir yfirráðum samningsyfirvalds, þar sem gerð opinbers samnings undir slíkum kringumstæðum án samkeppniútboðs myndi veita einkarekna rekstraraðilanum, sem hefur hlutdeild í fjármagni lögaðilans sem er undir yfirráðum samningsyfirvalds, óréttmætt forskot á samkeppnisaðila hans. Hins vegar, í ljósi sérstakra eiginleika opinberra aðila með skylduaðild, s.s. samtaka, sem bera ábyrgð á að reka eða veita tiltekna opinbera þjónustu, ætti þetta ekki að gilda þegar hlutdeild tiltekinna einkarekinna rekstraraðila í fjármagni lögaðila, sem er undir yfirráðum samningsyfirvalds, er skyldubundin samkvæmt innlendum lagaákvæðum í samræmi við sáttmálana, að því tilskildu að slík hlutdeild feli ekki í sér yfirráð og stöðvunarmöguleika og hafi ekki afgerandi áhrif á ákvarðanir lögaðilans sem er undir yfirráðum samningsyfirvalds. Rétt er að gera nánari grein fyrir því að einungis bein einkahlutdeild í lögaðilanum, sem er undir yfirráðum samningsyfirvalds, er ákvarðandi þáttur. Þar af leiðandi útilokar þetta ekki fyrir fram, þegar um einkafjármagnshlutdeild er að ræða í samningsyfirvaldinu eða -yfirvöldunum sem fara með yfirráð, gerð opinberra samninga við lögaðilann sem er undir yfirráðum samningsyfirvaldsins, án þess að beita ferlinu sem kveðið er á um í þessari tilskipun, þar sem slík hlutdeild hefur ekki neikvæð áhrif á samkeppni milli einkarekinna rekstraraðila.

Einnig ætti að koma skýrt fram að samningsyfirvöld, s.s. aðilar sem heyra undir opinberan rétt, sem kunna að hafa einkafjármagnshlutdeild, ættu að vera í aðstöðu til geta nýtt sér undantekninguna fyrir lárétt samstarf. Af þessum sökum ætti undanþágan fyrir lárétt samstarf að ná til slíkra samningsyfirvalda þar sem samningurinn er gerður eingöngu milli samningsyfirvalda, ef öll önnur skilyrði í tengslum við lárétt samstarf eru uppfyllt.

33) Samningsyfirvöld ættu að geta valið um að veita opinbera þjónustu sína sameiginlega með samstarfi án þess að þeim sé skylt að nota eitthvert tiltekið lögákveðið rekstrarform. Slík samvinna gæti náð til allra tegunda starfsemi, sem tengist veitingu þjónustu og ábyrgð, sem yfirvöldum sem taka þátt er fengin eða þau takast á herðar, s.s. lögboðin eða valfrjáls verkefni staðar- eða svæðisyfirvalda eða þjónusta sem sérstökum aðilum er fengin samkvæmt opinberum rétti. Ekki er nauðsynlegt að sú þjónusta sem hin ýmsu yfirvöld sem taka þátt veita sé nákvæmlega sú sama, hún getur líka verið til fyllingar.

Samningar um sameiginlega veitingu opinberrar þjónustu ættu ekki að falla undir reglur sem settar eru í þessari tilskipun, að því tilskildu að þeir séu eingöngu gerðir milli samningsyfirvalda, að framkvæmd samvinnunnar sé einvörðungu stjórnað á grundvelli sjónarmiða sem varða almannahagsmuni og að enginn einkarekinn þjónustuveitandi öðlist forskot á samkeppnisaðila sína.

Til þess að uppfylla þessi skilyrði ætti samvinnan að vera byggð á hugmyndinni um samstarfsfélög. Þess er ekki krafist í slíkri samvinnu að öll yfirvöldin, sem taka þátt, taki að sér framkvæmd samningsbundinna meginskyldna, að því tilskildu að um sé að ræða skuldbindingu um að leggja sitt af mörkum til samvinnu við veitingu þeirrar opinberu þjónustu sem um er að ræða. Að auki ætti framkvæmd samvinnunnar, þ.m.t. tilfærsla fjármagns milli samningsyfirvalda, sem taka þátt, að stjórnast einvörðungu af sjónarmiðum sem varða almannahagsmuni.

34) Ákveðin tilvik eru til staðar þar sem lögaðili, samkvæmt viðkomandi ákvæðum í landslögum, er í hlutverki tækis eða veitir tækniþjónustu í þágu ákveðinna samningsyfirvalda og honum ber skylda til að fara að fyrirmælum sem hann fær frá þessum samningsyfirvöldum, en hefur engin áhrif endurgjald fyrir hans framlag. Í ljósi þess að slíkt réttarsamband er algjörlega stjórnsýslulegt í eðli sínu en ekki samningssamband ætti það ekki að falla undir opinber innkaupaferli.

35) Hvetja ætti til þess að atvinnulífið fjármagni í sameiningu rannsóknar- og þróunaráætlanir. Af þeim sökum er rétt að taka skýrt fram að þessi tilskipun gildir aðeins ef sameiginleg fjármögnun af þessu tagi er alls ekki fyrir hendi og ef útkoman af rannsóknar- og þróunarstarfsemi rennur til viðkomandi samningsyfirvalds. Þetta ætti ekki að útiloka þann möguleika að þjónustuveitandi, sem sinnt hefur þessari starfsemi, gæti birt skýrslu um hana, svo fremi sem samningsyfirvaldið heldur einkaréttinum á því að nýta útkomu úr rannsóknar- og þróunarstarfinu til eigin starfsemi. Þótt hlutdeild í niðurstöðum rannsóknar- og þróunarstarfs sé uppspuni eða þátttaka í greiðslum til þjónustuveitandans sé hreinlega táknræn ætti slíkt hins vegar ekki að hindra beitingu þessarar tilskipunar.

36) Atvinna og starfsgrein hafa sitt að segja um aðlögun að samfélaginu og eru lykilþættir þegar kemur að því að tryggja öllum jöfn tækifæri. Í þessu samhengi geta verndaðir vinnustaðir gegnt mikilvægu hlutverki. Það á einnig við um önnur félagsleg fyrirtæki, sem hafa að meginmarkmiði að styðja félagslega og faglega aðlögun eða enduraðlögun fatlaðra eða illa settra einstaklinga, t.d. atvinnulausra, einstaklinga, sem tilheyra minnihlutahópum, sem eiga undir högg að sækja, eða hópa sem eru á einhvern hátt félagslega jaðarsettir. Hins vegar er hugsanlegt að slíkir vinnustaðir eða fyrirtæki nái ekki samningum við venjulegar samkeppnisaðstæður. Þess vegna er rétt að setja ákvæði um að aðildarríkin geti bundið réttinn til þátttöku í útboði vegna opinberra samninga eða tiltekinna samningshluta þeirra slíkum vinnustöðum eða fyrirtækjum eða bundið framkvæmd samninga við áætlanir um verndaða vinnu.

37) Þegar litið er til viðeigandi samþættingar umhverfislegra og félagslegra krafna og vinnumarkaðskrafna í opinberu innkaupaferli er einkum mikilvægt að aðildarríki og samningsyfirvöld grípi til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að uppfylltar séu kröfur á sviði umhverfis-, félagsmála- og vinnuréttar sem gilda á staðnum þar sem verkin eru framkvæmd eða þjónustan veitt og leiða má af lögum, reglugerðum, úrskurðum og ákvörðunum bæði á landsvísu og á Sambandsvísu, og af kjarasamningum, að því tilskildu að slíkar reglur, og beiting þeirra, samræmist löggjöf Sambandsins. Á sama hátt ættu skyldur, sem stafa af alþjóðasamningum, sem öll aðildarríki hafa fullgilt og eru tilgreindar í X. viðauka, að gilda meðan á framkvæmd samnings stendur. Þetta ætti hins vegar ekki að koma í veg fyrir að notaðir séu ráðningarskilmálar og atvinnuskilyrði sem eru hagstæðari fyrir starfsmenn.

Viðkomandi ráðstöfunum ætti að beita í samræmi við grundvallarreglur í löggjöf Sambandsins, einkum með það í huga að tryggja jafna meðferð. Beita ætti slíkum viðeigandi ráðstöfunum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/71/EB ([11]) og með slíkum hætti að það tryggi jafna meðferð og að rekstraraðilum og starfsmönnum frá öðrum aðildarríkjum sé ekki mismunað beint eða óbeint.

38) Líta ætti svo á að þjónusta sé veitt á þeim stað þar sem einkennandi þættir hennar eru framkvæmdir. Þegar þjónustu er fjarmiðlað, t.d. þjónustu sem veitt er úr þjónustuverum, ætti slík þjónusta að teljast veitt á þeim stað þar sem þjónustan er framkvæmd, án tillits til þeirra staða eða aðildarríkja sem þjónustunni er beint til.

39) Þær skyldur sem við eiga gætu endurspeglast í samningsákvæðum. Einnig ætti að vera mögulegt að setja inn ákvæði í opinbera samninga sem tryggja að farið sé að kjarasamningum í samræmi við lög Sambandsins. Líta má á það sem alvarlegt misferli af hálfu rekstraraðilans sem í hlut á ef viðeigandi skyldur eru ekki uppfylltar og gæti slíkt varðað útilokun þess rekstraraðila frá ferlinu við gerð opinbers samnings.

40) Eftirlit með því hvort farið sé að ákvæðum umhverfis-, félagsmála- og vinnulöggjafar ætti að fara fram á viðeigandi stigum innkaupaferlisins, þegar almennum meginreglum um val á þátttakendum og gerð samninga er beitt, þegar útilokunarviðmiðunum er beitt og þegar beitt er ákvæðum sem varða óeðlilega lág tilboð. Nauðsynleg sannprófun í þessu tilliti ætti að fara fram í samræmi við viðeigandi ákvæði í þessari tilskipun, einkum þau sem varða leiðir til sönnunar og eigin yfirlýsingar.

41) Ekkert í þessari tilskipun ætti að koma í veg fyrir að gerðar verði ráðstafanir eða framfylgt verði ráðstöfunum, sem eru nauðsynlegar til að vernda allsherjarreglu, almennt siðgæði, almannaöryggi, heilbrigði, líf manna og dýra, að varðveita plöntur eða gera aðrar umhverfisráðstafanir, einkum með tilliti til sjálfbærrar þróunar, að því tilskildu að þessar ráðstafanir samrýmist sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins.

42) Mikil þörf er fyrir samningsyfirvöld að hafa meiri sveigjanleika við val á innkaupaferli þar sem gefinn er kostur á samningsviðræðum. Með frekari notkun þessara ferla er einnig líklegt að viðskipti yfir landamæri aukist, en sýnt hefur verið fram á með mati að samningar gerðir með samningskaupum að undangenginni auglýsingu eru einstaklega árangursríkir ef litið er til tilboða yfir landamæri. Aðildarríkin ættu að geta kveðið á um notkun samkeppnisútboðs með samningsviðræðum eða samkeppnisviðræðna við ýmsar aðstæður þar sem ólíklegt er að opið eða lokað útboð án samningsviðræðna muni leiða til viðunandi niðurstaðna innkaupanna. Rétt er að minna á að notkun samkeppnisviðræðna hefur aukist stórum í seinni tíð með tilliti til samningsfjárhæða. Það hefur sýnt sig að þær eru gagnlegar þegar samningsyfirvöld geta ekki skilgreint leiðir til að uppfylla eigin þarfir

([11]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/71/EB frá 16. desember 1996 um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu (Stjtíð. EB L 18, 21.1.1997, bls. 1).

eða metið hvað í boði er á markaðnum af tæknilegum, fjárhagslegum eða lagalegum lausnum. Þessi staða getur einkum komið upp í tengslum við nýsköpunarverkefni, framkvæmd stórra samþættra verkefna á sviði grunnvirkja í flutningum, stórra tölvuneta eða verkefna sem fela í sér flókna og skipulagsbundna fjármögnun. Þar sem við á ætti að hvetja samningsyfirvöld til að tilnefna verkefnisstjóra til að tryggja gott samstarf milli rekstraraðilanna og samningsyfirvaldsins meðan á útboðsferlinu stendur.

43) Þegar um er að ræða verksamninga eru slíkar aðstæður t.d. verk sem ekki eru staðalbyggingar eða ef verkið felur í sér hönnun eða nýstárlegar lausnir. Þegar um er að ræða þjónustu eða vörur sem krefjast breytinga eða hönnunar er sennilegt að notkun samkeppnisútboðs með samningsviðræðum eða samkeppnisviðræðna gagnist vel. Einkum eru slíkar breytingar eða hönnun nauðsynleg þegar um er að ræða flókin kaup, s.s. á háþróaðri vöru, hugverkaþjónustu, t.d. sum ráðgjafarþjónusta, arkitektaþjónusta eða verkfræðiþjónusta eða stór upplýsinga- og fjarskiptatækniverkefni. Í slíkum tilvikum geta samningsviðræður verið nauðsynlegar til að tryggja að vörurnar eða þjónustan, sem um er að ræða, svari þörfum samningsyfirvaldsins. Þegar um er að ræða staðalþjónustu eða hilluvöru, sem margir mismunandi rekstraraðilar á markaðnum geta veitt, ætti ekki að nota samkeppnisútboð með samningsviðræðum og samkeppnisviðræður.

44) Einnig ætti að vera unnt að nota samkeppnisútboð með samningsviðræðum ef almennt eða lokað útboð skilaði einungis ógildum tilboðum eða tilboðum sem ekki uppfylla skilmála innkaupaferlis. Ef svo ber undir ætti samningsyfirvöldum að vera heimilt að fara með samningsviðræður með það að markmiði að afla gildra tilboða sem uppfylla skilmála innkaupaferlis.

45) Samkeppnisútboði með samningsviðræðum ættu að fylgja fullnægjandi verndarráðstafanir til að tryggja að meginreglurnar um jafna meðferð og gagnsæi séu uppfylltar. Einkum ættu samningsyfirvöld að tilgreina fyrirfram þær lágmarkskröfur sem eru einkennandi fyrir innkaupin og ætti ekki að breyta í samningsviðræðunum. Valforsendur og vægi þeirra ættu að vera óbreyttar meðan allt ferlið varir og ættu ekki að vera umsemjanlegar svo að tryggð sé jöfn meðferð allra rekstraraðila. Samningsviðræður ættu að hafa það að markmiði að bæta tilboðin og gera samningsyfirvöldum þannig kleift að kaupa verk, vörur og þjónustu sem eru nákvæmlega aðlöguð sértækum þörfum þeirra. Samningsviðræður geta varðað öll einkenni keyptra verka, vara og þjónustu, einnig hvað varðar t.d. gæði, magn, viðskiptaákvæði, sem og félags-, umhverfis- og nýsköpunartengda þætti, að svo miklu leyti sem þeir falla ekki undir lágmarkskröfur.

Rétt er að taka skýrt fram að lágmarkskröfur, sem samningsyfirvald á að setja, eru þau skilyrði og einkenni (einkum efnisleg, hagnýt og lagaleg), sem sérhvert tilboð ætti að uppfylla eða bera með sér, svo að samningsyfirvaldinu sé unnt að gera samning í samræmi við valforsendur. Til að tryggja gagnsæi og rekjanleika í ferlinu ætti að skjalfesta öll stig á tilhlýðilegan hátt. Enn fremur ætti að leggja fram skriflega öll tilboð meðan á ferlinu stendur.

46) Samningsyfirvöldum ætti að vera heimilt að stytta tiltekna fresti, sem gilda um almenn og lokuð útboð og um samkeppnisútboð með samningsviðræðum, þegar slíkir frestir koma ekki til greina vegna brýnna aðstæðna og ættu samningsyfirvöld að færa gild rök fyrir því. Taka ber skýrt fram að ekki er endilega um bráða nauðsyn að ræða vegna atburða sem samningsyfirvaldið gat ekki séð fyrir og eru ekki raktir til þess.

47) Rannsóknir og nýsköpun, þ.m.t. vistvæn nýsköpun og félagsleg nýsköpun, eru meðal þess sem helst drífur áfram framtíðarvöxt og eru kjarninn í áætluninni Evrópa 2020 um snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla. Opinber yfirvöld ættu að nýta opinber innkaup á sem skipulagðastan hátt til að efla nýsköpun. Kaup á nýsköpunarvörum, -verkum og -þjónustu gegna lykilhlutverki í því að bæta skilvirkni og gæði opinberrar þjónustu og að sama skapi er með þeim tekið á helstu samfélagslegum áskorunum. Þetta stuðlar að því að fá mesta verðmætið fyrir opinbert fé, auk víðtækara efnahagslegs, umhverfislegs og félagslegs hagræðis þegar litið er til þess að skapa nýjar hugmyndir, koma þeim yfir í nýsköpunarvörur og -þjónustu og efla sjálfbæran hagvöxt með þessum hætti.

Minna ætti á að röð innkaupalíkana er tilgreind í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 14. desember 2007 sem ber heitið „Opinber innkaup fyrir markaðssetningu: Hvatt til nýsköpunar til að tryggja varanlega hágæða opinbera þjónustu í Evrópu“ og fjallar um innkaup á rannsóknar- og þróunarþjónustu sem fellur ekki innan gildissviðs þessarar tilskipunar. Þessi líkön yrðu áfram tiltæk en þessi tilskipun ætti einnig að hafa einföldun opinberra innkaupa á sviði nýsköpunar í för með sér og auðvelda aðildarríkjum að ná takmörkum um nýsköpun í Sambandinu.

48) Þegar litið er til þess hve nýsköpun er mikilvæg ætti að hvetja samningsyfirvöld til að heimila frávikstilboð eins oft og unnt er. Þar af leiðandi ætti að beina athygli þessara yfirvalda að því að nauðsynlegt er að skilgreina lágmarkskröfur sem frávikstilboð verða að uppfylla áður en þau gefa til kynna að leggja megi fram frávikstilboð.

49) Ef lausnir sem þegar eru fyrir hendi á markaði eru ekki fullnægjandi til að koma til móts við þörfina á að þróa nýsköpunarvöru eða -þjónustu eða nýsköpunarverk og eftirfylgjandi kaup á vörum, þjónustu eða verkum sem af því leiðir ættu samningsyfirvöld að hafa aðgang að sérstöku innkaupaferli að því er varðar samninga sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar. Þetta sérstaka ferli ætti að gefa samningsyfirvöldum færi á að stofna til langtíma nýsköpunarsamstarfs fyrir þróun og eftirfylgjandi kaup á nýrri nýsköpunarvöru, -þjónustu eða -verkum að því tilskildu að unnt sé að afhenda slíka nýsköpunarvöru, -þjónustu eða -verk á því nothæfisstigi og fyrir þann kostnað, sem samþykktur var, án þess að þörf sé á sérstöku innkaupaferli vegna kaupanna. Nýsköpunarsamstarfið ætti að byggjast á málsmeðferðarreglum, sem gilda um samkeppnisútboð með samningsviðræðum, og eingöngu ætti að gera samninga á grundvelli besta hlutfalls milli verðs og gæða sem er hentugasta aðferðin við samanburð á tilboðum vegna nýsköpunarlausna. Hvort sem um er að ræða mjög stór verkefni eða nýsköpunarverkefni, sem eru smærri í sniðum, ætti að skipuleggja nýsköpunarsamstarfið þannig að það gefi þann „markaðstogkraft“ sem þarf og sé hvetjandi fyrir þróun á nýsköpunarlausn en virki þó ekki útilokandi fyrir markaðinn.

Samningsyfirvöld ættu því ekki að nota nýsköpunarsamstarf á þann hátt að það komi í veg fyrir, takmarki eða raski samkeppni. Í sérstökum tilvikum gæti stofnun nýsköpunarsamstarfs með nokkrum samstarfsaðilum haft í för með sér að komist yrði hjá slíkum áhrifum.

50) Í ljósi skaðlegra áhrifa á samkeppni ætti einungis að nota samningskaup án undangenginnar birtingar útboðstilkynningar í sérstökum undantekningartilvikum. Þessi undantekning ætti að takmarkast við tilvik þegar birting er ýmist ekki möguleg vegna þess að bráð nauðsyn skapaðist vegna atburða sem samningsyfirvaldið gat ekki séð fyrir og eru ekki raktir til þess eða vegna þess að augljóst er allt frá upphafi að birtingin myndi ekki ýta undir meiri samkeppni eða hagstæðari innkaupaniðurstöður, ekki hvað síst vegna þess að í reynd er einungis einn rekstraraðili sem getur framkvæmt samninginn. Þetta á við um listaverk þegar það hver listamaðurinn er ákvarðar í sjálfu sér einstakt eðli og virði listmunarins sjálfs. Einkaréttur getur einnig skapast af öðrum ástæðum en eingöngu er hægt að réttlæta notkun samningskaupa án auglýsingar ef aðstæður eru hlutlægar í einkaréttarlegu tilliti og samningsyfirvaldið sjálft hefur ekki skapað þessar einkaréttaraðstæður með komandi innkaupaferli í huga.

Samningsyfirvöld, sem reiða sig á þessa undantekningu, ættu að gefa ástæður fyrir því af hverju ekki fyrirfinnast neinir aðrir raunhæfir valkostir eða annað sem komið getur í staðinn, t.d. að nota aðrar dreifileiðir, einnig utan aðildarríkis samningsyfirvaldsins, eða að íhuga verk, vörur og þjónustu með sambærilega hagnýtingu.

Ef einkaréttaraðstæðurnar eru tilkomnar af tæknilegum ástæðum ætti að skilgreina og réttlæta þær af gaumgæfni í hverju tilviki fyrir sig. Þær gætu m.a. verið vegna þess að því sem næst ógerlegt er fyrir annan rekstraraðila að ná þeirri frammistöðu, sem krafist er, eða að nauðsynlegt er að nota sérstaka verkkunnáttu, tæki eða aðferðir sem aðeins einn rekstraraðili býr yfir. Tæknilegar ástæður geta einnig verið tilkomnar vegna tiltekinna krafna um rekstrarsamhæfi sem skylt er að uppfylla til að tryggja nothæfi verka, birgða eða þjónustu sem kaupa skal inn.

Að lokum er ekki gagnlegt að nota innkaupaferli ef vörur eru keyptar beint á vörumarkaði, þ.m.t. viðskiptavettvangar fyrir hrávöru á borð við landbúnaðarafurðir, hrávörur og orkuviðskipti þar sem fjölþætt viðskiptakerfi, sem lýtur reglusetningu og eftirliti, tryggir markaðsverð með eðlilegum hætti.

51) Taka ætti skýrt fram að ákvæði um verndun trúnaðarupplýsinga koma ekki á nokkurn hátt í veg fyrir opinbera birtingu upplýsinga um þá hluta gerða samninga, sem ekki lúta trúnaðarkvöðum, þ.m.t. allar síðari breytingar.

52) Rafrænar aðferðir við upplýsingar og samskipti geta einfaldað mjög birtingu samninga og aukið skilvirkni og gagnsæi innkaupaferla. Þær ættu að verða hin hefðbundna aðferð fyrir samskipti og skipti á upplýsingum í innkaupaferlum þar sem þær auka verulega möguleika rekstraraðila til að taka þátt í innkaupaferlum á öllum innri markaðnum. Í því skyni ætti að skyldubinda að tilkynningar séu sendar á rafrænu formi, að útboðsgögn séu aðgengileg rafrænt og – að 30 mánaða umbreytingarfresti liðnum – öll samskipti séu rafræn, þ.e.a.s. samskipti með rafrænum leiðum á öllum stigum ferlisins, þ.m.t. sending þátttökutilkynninga og sér í lagi sending tilboðanna (rafræn framlagning). Aðildarríkjum og samningsyfirvöldum ætti áfram að vera frjálst að setja ákvæði sem ganga lengra ef þau kjósa svo. Einnig ætti að taka skýrt fram að skyldubundin notkun rafrænna samskiptaaðferða samkvæmt þessari tilskipun ætti þó ekki að leggja þá kvöð á samningsyfirvöld að úrvinnsla tilboða sé rafræn né heldur að lögbjóða rafrænt mat eða sjálfvirka vinnslu. Samkvæmt þessari tilskipun ættu enn fremur engir þættir opinbera innkaupaferlisins, eftir að samningur er gerður, að falla undir kvöðina um að nota rafrænar samskiptaaðferðir og á það einnig við um innri samskipti hjá samningsyfirvaldinu.

53) Samningsyfirvöld ættu, nema aðstæður séu alveg sérstakar, að nota rafrænar samskiptaaðferðir sem mismuna ekki, eru almennt aðgengilegar og innbyrðis samhæfðar upplýsinga- og fjarskiptatækni sem almennt er í notkun og takmarka ekki aðgang rekstraraðila að innkaupaferlinu. Við notkun slíkra samskiptaaðferða ætti einnig að taka tilhlýðilegt tillit til aðgengis fatlaðs fólks. Rétt er að taka skýrt fram að skyldan til þess að nota rafrænar aðferðir á öllum stigum opinbera innkaupaferlisins myndi ekki eiga við ef notkun rafrænna aðferða hefði skilyrðislaust í för með sér sérhæfð tæki eða skráasnið, sem eru yfirleitt ekki tiltæk, eða ef einungis væri hægt að hafa umrædd samskipti með því að nota sérhæfðan skrifstofubúnað. Þess vegna ætti ekki að skylda samningsyfirvöld til að gera kröfu um notkun rafrænna samskiptaaðferða í framlagningarferlinu í tilteknum tilvikum sem ætti að taka saman tæmandi lista yfir. Í þessari tilskipun er mælt fyrir um að slík tilvik séu m.a. aðstæður þar sem gerð væri krafa um sérhæfðan skrifstofubúnað sem er yfirleitt ekki tiltækur samningsyfirvöldunum, t.d. prentarar fyrir breitt snið (e. wide-format). Í sumum innkaupaferlum gæti verið nauðsynlegt, útboðsgagnanna vegna, að leggja fram líkan eða smækkað líkan (e. a physical or scale model) sem ekki er hægt að senda samningsyfirvöldunum með rafrænum hætti. Þegar svo ber undir ætti að senda líkanið til samningsyfirvalda með pósti eða öðrum viðeigandi flutningsmáta.

Hins vegar ætti að taka skýrt fram að notkun annarra samskiptaaðferða ætti einungis að ná til þeirra þátta tilboðsins þar sem ekki er krafist rafrænna samskiptaaðferða.

Rétt þykir að taka fram að samningsyfirvöld ættu, ef nauðsyn krefur af tæknilegum ástæðum, að geta sett hámarksmörk á stærð skráa sem leggja má fram.

54) Upp geta komið undantekningartilvik þar sem samningsyfirvöldum ætti ekki að vera heimilt að nota rafrænar samskiptaaðferðir og nauðsynlegt er að nota ekki slíkar samskiptaaðferðir til að vernda upplýsingar sem eru sérstaklega viðkvæmar í eðli sínu. Taka ætti fram að ef notkun rafrænna tækja, sem eru almennt ekki tiltæk, hefur í för með sér að ná megi nauðsynlegu verndarstigi, ætti að nota slík rafræn tæki. Sem dæmi gæti þetta átt við ef samningsyfirvöld gera kröfu um að notaðar séu sérstaklega öruggar samskiptaaðferðir sem þau bjóða upp á aðgang að.

55) Mismunandi tæknisnið eða -ferlar og skeytastaðlar gætu hugsanlega skapað hindranir gagnvart rekstrarsamhæfi, ekki aðeins innan sérhvers aðildarríkis, heldur einnig og einkum milli aðildarríkjanna. Sem dæmi má nefna að til að taka þátt í innkaupaferli þar sem notkun rafrænna vörulista er leyfð eða hennar krafist, en þeir eru ákveðið snið fyrir kynningu og skipulag upplýsinga á formi sem sammerkt er öllum bjóðendum, sem taka þátt, og hentar vel til rafrænnar meðferðar, myndi sú krafa gerð til rekstraraðila, ef ekki er um stöðlun að ræða, að þeir aðlagi vörulista sína að sérhverju innkaupaferli, en slíkt hefði í för með sér að mjög sambærilegar upplýsingar væru veittar á mismunandi formi og færi eftir nákvæmum skilgreiningum viðkomandi samningsyfirvalds. Stöðlun á sniði vörulista myndi því bæta samhæfisstigið, auka skilvirkni og myndi einnig minnka þá vinnu sem rekstraraðilar þurfa að leggja á sig.

56) Við skoðun á því hvort þörf sé á að tryggja eða auka samhæfi milli mismunandi tæknisniða eða ferla- og skeytastaðla með því að skyldubinda sérstaka staðla, og ef slíkt yrði raunin, hvaða staðla ætti að setja, ætti framkvæmdastjórnin að taka ítrasta tillit til skoðana viðkomandi hagsmunaaðila. Hún ætti einnig að taka til skoðunar að hvaða marki tiltekinn staðall hefur þegar verið notaður í reynd af rekstraraðilum og samningsyfirvöldum og hversu vel hann reyndist. Áður en notkun tiltekinna tæknistaðla er gerð skyldubundin ætti framkvæmdastjórnin einnig að íhuga vandlega hvaða kostnað slíkt gæti haft í för með sér, einkum að því er varðar aðlaganir að rafrænum innkaupalausnum sem þegar eru fyrir hendi, m.a. að því er varðar innviði, ferla eða hugbúnað. Ef viðkomandi staðlar hafa ekki verið þróaðir af alþjóðlegri, evrópskri eða landsbundinni staðlastofnun ættu þeir að uppfylla kröfur sem gilda um upplýsinga- og fjarskiptatæknistaðla eins og sett er fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 1025/2012 ([12]).

57) Áður en öryggisstig, sem krafist er fyrir rafrænar samskiptaaðferðir sem nota skal á ýmsum stigum útboðsferlisins, er tilgreint ættu aðildarríki og samningsyfirvöld að meta samsvörun milli þeirra krafna, sem miða að því að tryggja rétta og áreiðanlega auðkenningu sendanda viðkomandi skilaboða, auk heilleika efnisins, annars vegar, og hættu á vandamálum, t.d. í aðstæðum þegar skilaboð eru send af öðrum sendanda en þeim sem tilgreint er að sendi þau hins vegar. Að öðru jöfnu þýðir þetta að öryggisstig, sem t.d. er gerð krafa um varðandi tölvupóst þar sem farið er fram á að staðfest sé nákvæmt heimilisfang á þeim stað, sem upplýsingafundur verður haldinn, væri ekki hið sama og fyrir tilboðið sjálft, en í því felst bindandi tilboð fyrir rekstraraðilann. Á sama hátt gæti matið á samsvörun haft í för með sér að gerð

([12]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun og breytingu á tilskipunum ráðsins 89/686/EBE og 93/15/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB, 94/25/EB, 95/16/EB, 97/23/EB, 98/34/EB, 2004/22/EB, 2007/23/EB, 2009/23/EB og 2009/105/EB og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 87/95/EBE og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1673/2006/EB (Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).

sé krafa um lægra öryggisstig í tengslum við að rafrænir vörulistar séu aftur lagðir fram eða framlagningu tilboða þegar um að ræða örútboð samkvæmt rammasamningi eða aðgang að útboðsgögnum.

58) Enda þótt mikilvægir þættir í innkaupaferlinu, s.s. útboðsgögn, þátttökubeiðnir, staðfesting á áhuga og tilboð, ættu ætíð að vera skriflegir ættu munnleg samskipti við rekstraraðila að öðru leyti að vera möguleg áfram, að því tilskildu að efni þeirra sé skjalfest að nægilega miklu leyti. Þetta er nauðsynlegt til að tryggja viðunandi gagnsæi sem gerir kleift að sannreyna fylgt hafi verið meginreglunni um jafna meðferð. Einkum er brýnt að munnleg samskipti við bjóðendur, sem gætu haft áhrif á efni og mat tilboða, séu skrásett nægilega vel og með viðeigandi hætti, s.s. sem skriflegar eða hljóðskýrslur eða samantekt á helstu atriðum í samskiptunum.

59) Fyrir hendi er rík tilhneiging á opinberum innkaupamörkuðum í öllu Sambandinu í átt að samþjöppun eftirspurnar af hálfu opinberra kaupenda, sem miðar að því að ná fram stærðarhagkvæmni, m.a. lægra verði og viðskiptakostnaði og að bæta stjórnun í innkaupum og gera hana faglegri. Þessu má ná fram með samsöfnun innkaupa, annaðhvort með fjölda samningsyfirvalda sem eiga hlut að máli, eða með umfangi og verðmæti yfir lengra tímabil. Hins vegar ætti að fylgjast náið með samþjöppun og miðstýringu innkaupa til að forða frá of mikilli samsöfnun innkaupamáttar og leynilegu samráði og til að viðhalda gagnsæi og samkeppni sem og tækifærum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki að hafa aðgang að markaði.

60) Víðtæk notkun hefur verið á rammasamningum og eru þeir taldir skilvirk innkaupatækni um gervalla Evrópu. Þeim ætti því viðhalda að mestu leyti í núverandi mynd. Hins vegar er þörf á að gera grein fyrir tilteknum þáttum, einkum því að samningsyfirvöld ættu ekki að nota rammasamninga, sem þau eru ekki tilgreind í. Í því skyni ætti að tilgreina skýrt þau samningsyfirvöld, sem eru aðilar að sérstökum rammasamningi frá upphafi, annaðhvort með heiti eða öðrum hætti, t.d. með tilvísun í ákveðinn flokk samningsyfirvalda innan skýrt afmarkaðs landsvæðis, svo að auðvelt sé og ótvírætt unnt að bera kennsl á viðkomandi samningsyfirvöld. Á sama hátt ættu nýir rekstraraðilar ekki að geta orðið aðilar að rammasamningi þegar hann hefur verið gerður. Þetta hefur t.d. í för með sér að ef miðlæg innkaupastofnun notar heildarskrá yfir samningsyfirvöld eða flokka þeirra, s.s. staðaryfirvöld á tilteknu landsvæði, sem eiga rétt á að nota rammasamninga sem hún gerir, ætti þessi miðlæga innkaupastofnun að nota hana þannig að ekki er eingöngu unnt að sannreyna að um hlutaðeigandi samningsyfirvald sé að ræða heldur einnig dagsetninguna, sem hún öðlast rétt til að nota rammasamning þann sem gerður var af hálfu miðlægu innkaupastofnunarinnar, vegna þess að sú dagsetning er ákvarðandi um hvaða tilteknu rammasamninga umrætt samningsyfirvald ætti að hafa heimild til að nota.

61) Meðal hlutlægra skilyrða fyrir ákvörðun á því hvaða rekstraraðilar, sem eru aðilar að rammasamningnum, ættu að annast tiltekið verkefni, s.s. vörur eða þjónustu sem fyrirhuguð er til nota fyrir einstaklinga, geta verið þarfir eða val hlutaðeigandi einstaklings ef um er að ræða rammasamninga þar sem allir skilmálar koma fram.

Samningsyfirvöld ættu að hafa kost á viðbótarsveigjanleika við innkaup samkvæmt rammasamningum sem gerðir eru við fleiri en einn rekstraraðila og allir skilmálar koma fram í honum.

Þegar um slíkt er að ræða ætti að heimila samningsyfirvöldum að hljóta tiltekin verk, vörur eða þjónustu, sem fellur undir rammasamninginn, annaðhvort með því að gera kröfu um þau frá einum rekstraraðilanna, sem valinn er í samræmi við hlutlægar forsendur og skilmála sem þegar eru sett fram eða með því að gera sérstakan samning um viðkomandi verk, vörur eða þjónustu í kjölfar örútboðs meðal rekstraraðilanna sem eru aðilar að rammasamningnum. Til að tryggja gagnsæi og jafna meðferð ættu samningsyfirvöld að tilgreina í útboðsgögnum fyrir rammasamning hvaða hlutlægu viðmiðanir muni ráða vali milli þessara tveggja aðferða við framkvæmd rammasamningsins. Slíkar viðmiðanir gætu t.d. vísað til magns, virðis eða eiginleika viðkomandi verka, vara eða þjónustu, m.a. að þörf sé á viðameiri þjónustu eða auknu öryggisstigi eða til þróunar á verðlagi í samanburði við fyrirfram ákvarðaða verðvísitölu. Ekki ætti að misnota rammasamninga eða nota þá á þann hátt að það komi í veg fyrir, takmarki eða raski samkeppni. Ekki ætti með þessari tilskipun að skuldbinda samningsyfirvöld til að kaupa verk, vörur eða þjónustu sem falla undir rammasamning samkvæmt þeim rammasamningi.

62) Einnig ætti að gera grein fyrir því að þótt gera eigi samninga, sem byggðir eru á rammasamningi, fyrir lok gildistíma rammasamningsins sjálfs, er ekki nauðsynlegt að gildistími einstakra samninga, sem byggjast á rammasamningi, falli saman við gildistíma umræddsrammasamnings heldur gæti hann verið skemmri eða lengri, eftir því sem við á. Einkum ætti að heimila að ákveða lengd einstakra samninga, sem byggjast á rammasamningi með tilliti til þátta á borð við hve langan tíma tekur að framkvæma þá, að litið er til þess að tilgreint er viðhald á búnaði með lengri væntan nýtingartíma en fjögur ár eða að þörf er á yfirgripsmikilli þjálfun starfsfólks til að framkvæma samninginn.

Einnig ætti að taka fram að upp geta komið undantekningartilvik þar sem heimila ætti að lengd rammasamninganna sjálfra taki til lengri tíma en fjögurra ára. Slík tilvik, sem ættu að vera tilhlýðilega rökstudd, einkum með inntaki rammasamningsins, gætu t.d. orðið ef rekstraraðilar verða að farga búnaði, sem tekur lengri tíma en fjögur ár að afskrifa, og verður ætíð að vera tiltækur á öllum gildistíma rammasamningsins.

63) Í ljósi fenginnar reynslu er einnig nauðsynlegt að aðlaga reglurnar um gagnvirk innkaupakerfi til að gera samningsyfirvöldum kleift að nýta til fulls þá möguleika sem þetta stjórntæki felur í sér. Einfalda þarf kerfin, einkum að því leyti að starfrækja ætti þau í formi lokaðs útboðs og uppræta þannig þörfina á kynningarboðum, sem hafa verið tilgreind sem einn mest íþyngjandi þátturinn í tengslum við gagnvirk innkaupakerfi. Þess vegna ætti að heimila öllum rekstraraðilum, sem leggja fram þátttökutilkynningu og uppfylla hæfiskröfur, að taka þátt í innkaupaferlunum sem fram fara í gegnum gagnvirka innkaupakerfið meðan á gildistíma þess stendur. Með þessari innkaupatækni er samningsyfirvaldinu gert kleift að hafa einkar vítt svið tilboða og tryggja þannig hámarksnýtingu opinbers fjármagns í gegnum víðtæka samkeppni þegar litið er til algengrar hilluvöru, verka eða þjónustu, sem eru almennt fáanleg á markaðnum.

64) Yfirleitt ætti skoðun á þessum þátttökutilkynningum að fara fram innan 10 virkra daga að hámarki, að því gefnu að hæfiskröfurnar verði metnar á grundvelli einfölduðu krafnanna um skjalahald sem settar eru fram í þessari tilskipun. Þegar gagnvirku innkaupakerfi er upphaflega komið á gætu samningsyfirvöld þó staðið andspænis það miklum fjölda beiðna um þátttöku þegar viðbrögð berast við fyrstu birtingu útboðstilkynningar eða boðs um að staðfesta áhuga að þau þyrftu lengri tíma til að skoða beiðnirnar. Þetta ætti að vera leyfilegt að því tilskildu að engin sérstök kaup verði hafin áður en allar beiðnirnar hafa verið skoðaðar. Samningsyfirvöldum ætti að vera frjálst að skipuleggja hvernig þau hyggjast skoða þátttökubeiðnir, t.d. með því að ákveða að annast þessar skoðanir einungis einu sinni í viku, að því tilskildu að tímamörk um skoðun á sérhverri beiðni séu virtar.

65) Samningsyfirvöldum ætti að vera frjálst, hvenær sem er á gildistíma gagnvirka innkaupakerfisins, að krefja rekstraraðila um að leggja fram nýja og uppfærða eigin yfirlýsingu að því er varðar uppfyllingu skilyrða um hæfismiðað val innan hæfilegra tímamarka. Rétt er að minna á að möguleikinn sem gert er ráð fyrir í almennum ákvæðum um sönnunaraðferðir í þessari tilskipun, að biðja rekstraraðila um að leggja fram fylgiskjöl og skylda þess bjóðanda, sem samningsyfirvaldið hefur ákveðið að gera samning við, að gera það einnig, á einnig við í tilteknu sambandi þegar um gagnvirk innkaupakerfi er að ræða.

66) Til að ýta undir þátttökumöguleika lítilla og meðalstórra fyrirtækja í umfangsmiklu gagnvirku innkaupakerfi, t.d. kerfi sem rekið er af miðlægri innkaupastofnun, ætti viðkomandi samningsyfirvald að geta gert grein fyrir kerfinu í flokkum vöru, verka og þjónustu sem skilgreindir eru á hlutlægan hátt. Slíka flokka ætti að skilgreina með vísun í hlutlæga þætti, sem gætu t.d. falið í sér mestu leyfilegu stærð ákveðinna samninga, sem gera skal innan viðkomandi flokks, eða tiltekið landsvæði þar sem ákveðnir samningar koma til framkvæmda. Ef gagnvirku innkaupakerfi er skipt niður í flokka ætti samningsyfirvaldið að nota hæfiskröfur sem eru í réttu hlutfalli við einkenni viðkomandi flokks.

67) Taka ætti skýrt fram að rafræn uppboð eru yfirleitt ekki hentug fyrir tiltekna opinbera verksamninga og tiltekna opinbera þjónustusamninga, sem eru að samningsefni til um framkvæmd á sviði hugverka, s.s. verkhönnun, vegna þess að einungis er heimilt að þeir þættir, sem unnt er að meta sjálfvirkt með rafrænum aðferðum án nokkurra afskipta eða mats af hálfu samningsyfirvaldsins, þ.e.a.s. þættir sem eru mælanlegir og unnt er að setja fram í tölum eða hundraðshlutum, séu viðfangsefni rafrænna uppboða.

Þó ætti einnig að taka skýrt fram að heimilt er að nota rafræn uppboð í innkaupaferli vegna kaupa á sérstökum hugverkaréttindum. Rétt er einnig að minna á að þótt samningsyfirvöldum sé áfram frjálst að draga úr fjölda umsækjenda eða bjóðenda, meðan uppboðið er enn ekki hafið, er engin fækkun heimil á fjölda bjóðenda, sem taka þátt í rafræna uppboðinu, eftir að uppboðið er hafið.

68) Stöðugt er í þróun ný tækni við rafræn kaup, t.a.m. rafrænir vörulistar. Rafrænir vörulistar eru form á kynningu og skipulagi upplýsinga með ákveðnum hætti sem er sammerk öllum bjóðendum sem taka þátt og hentar vel til rafrænnar meðferðar. Dæmi um slíkt getur verið tilboð sem sett er fram í töflureikni. Samningsyfirvöldum ætti að vera kleift að gera kröfu um rafræna vörulista í öllum tiltækum ferlum þar sem krafist er notkunar rafrænna samskiptaaðferða. Rafrænir vörulistar eru til þess fallnir

að auka samkeppni og hagræða í opinberum innkaupum, einkum með tilliti til þess að spara tíma og peninga. Þó ætti að ákveða vissar reglur til að tryggja að notkun nýrrar tækni sé í samræmi við þessa tilskipun og við meginreglurnar um jafna meðferð, bann við mismunun og gagnsæi. Þannig ætti notkun rafrænna vörulista við kynningu á tilboðum ekki að hafa þann möguleika í för með sér að rekstraraðilar láti nægja að senda einungis almennan vörulista. Rekstraraðilar ættu enn sem fyrr að breyta almennum vörulistum sínum með tilliti til hins sérstaka innkaupaferlis. Þess háttar breyting tryggir að vörulistinn, sem sendur er vegna tiltekins innkaupaferlis, innihaldi einungis vörur, verk eða þjónustu sem rekstraraðilarnir mátu, að viðhöfðu virku mati, að samsvaraði kröfum samningsyfirvaldsins. Um leið ætti að heimila rekstraraðilum að afrita upplýsingar úr almenna vörulistanum sínum en þeim ætti ekki að vera heimilt að leggja fram almenna listann sem slíkan.

Ef fullnægjandi tryggingar eru fyrir hendi að því er varðar að tryggja rekjanleika, jafna meðferð og fyrirsjáanleika ætti einnig að heimila samningsyfirvöldum að afla tilboða vegna sérstakra innkaupa á grundvelli rafrænna vörulista, sem áður hafa verið sendir, einkum þegar efnt er á ný til samkeppni í tengslum við rammasamning eða gagnvirkt innkaupakerfi.

Ef samningsyfirvaldið hefur aflað tilboða ætti að gefa viðkomandi rekstraraðila tækifæri til að ganga úr skugga um að tilboð, sem gert er með þessum hætti af hálfu samningsyfirvaldsins, innihaldi ekki neinar efnislegar skekkjur. Ef efnislegar skekkjur fyrirfinnast ætti rekstraraðilinn ekki að vera bundinn af tilboðinu, sem samningsyfirvaldið hefur samþykkt, nema skekkjan sé leiðrétt.

Í samræmi við kröfur í reglum um rafrænar samskiptaaðferðir ættu samningsyfirvöld að forðast óréttmætar hindranir gagnvart aðgangi rekstraraðila að innkaupaferlunum þar sem leggja skal fram tilboð í formi rafrænna vörulista og þau tryggja að uppfylltar séu almennu meginreglurnar um bann við mismunun og jafna meðferð.

69) Æ algengara er að nota miðstýrðar innkaupaaðferðir í flestum aðildarríkjunum. Miðlægar innkaupastofnanir bera ábyrgð á að annast innkaup, reka gagnvirk innkaupakerfi eða gera opinbera samninga/rammasamninga fyrir önnur samningsyfirvöld, bæði án þess að taka þóknun fyrir og fyrir þóknun. Samningsyfirvöld, sem rammasamningur er gerður fyrir, ættu að geta nýtt hann til einstakra eða endurtekinna innkaupa. Þegar litið er til hins mikla innkaupamagns ættu þessar aðferðir að leiða til aukinnar samkeppni og fagmennsku í opinberum innkaupum. Þess vegna ætti að kveða á um skilgreiningu á vettvangi Sambandsins á miðlægum innkaupastofnunum fyrir samningsyfirvöld og gera ætti grein fyrir því að miðlægar innkaupastofnanir starfi á tvenns konar hátt.

Í fyrsta lagi ættu þær að geta gegnt hlutverki heildsala með kaupum, birgðasöfnun og endursölu eða í öðru lagi ættu þær að geta verið milliliðir með því að gera samninga, reka gagnvirk innkaupakerfi eða gera rammasamninga sem samningsyfirvöld nýta sér. Slíku miðlunarhlutverki mætti í sumum tilvikum sinna með því að láta viðkomandi útboðsferli fara fram sjálfstætt, án ítarlegra fyrirmæla frá hlutaðeigandi samningsyfirvöldum, eða með því að láta viðkomandi útboðsferli fara fram samkvæmt fyrirmælum hlutaðeigandi samningsyfirvalda, fyrir þeirra hönd og á þeirra kostnað.

Jafnframt ætti að setja reglur um skiptingu ábyrgðar á að uppfylla skyldur samkvæmt þessari tilskipun milli miðlægu innkaupastofnunarinnar og samningsyfirvaldsins sem kaupir af henni eða í gegnum hana. Ef miðlæga innkaupastofnunin ber ein alla ábyrgð á framkvæmd innkaupaferlanna ætti hún einnig að bera ein alla og beina ábyrgð á lögmæti þeirra. Ef samningsyfirvald annast tiltekna hluta ferlisins, t.d. að efna á ný til samkeppni innan rammasamnings eða gera einstaka samninga á grundvelli gagnvirks innkaupakerfis, ætti það að bera áfram ábyrgð á þeim stigum sem það annast.

70) Heimila ætti samningsyfirvöldum að gera opinberan þjónustusamning við miðlæga innkaupastofnun um að inna af hendi miðstýrða innkaupastarfsemi án þess að beitt sé ferlunum sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Einnig ætti að vera heimilt að hafa ákvæði um veitingu stoðstarfsemi við innkaup í slíkum opinberum þjónustusamningum. Opinbera þjónustusamninga um veitingu stoðstarfsemi við innkaup ætti að gera í samræmi við þessa tilskipun ef þeir eru framkvæmdir með öðrum hætti en af miðlægri innkaupastofnun þegar hún innir af hendi miðstýrða innkaupastarfsemi fyrir hlutaðeigandi samningsyfirvald. Einnig er rétt að minna á að þessi tilskipun ætti ekki að gilda ef miðstýrð innkaup eða stoðstarfsemi við innkaup er veitt á annan hátt en með samningi, sem er fjárhagslegs eðlis og telst til innkaupa í skilningi þessarar tilskipunar.

71) Styrking ákvæða um miðlægar innkaupastofnanir ætti ekki að koma á neinn hátt í veg fyrir núverandi starfsvenjur vegna tilfallandi sameiginlegra innkaupa, þ.e. sameiginleg innkaup, sem eru lítt stofnanavædd og kerfisbundin eða viðteknar venjur um að geta nýtt þjónustuveitendur sem undirbúa innkaupaferli og stjórna þeim fyrir hönd samningsyfirvalds, á kostnað þess og samkvæmt fyrirmælum þess. Þvert á móti ætti að skýra tiltekna þætti sameiginlegra innkaupa vegna þess að sameiginleg innkaup geta gegnt mikilvægu hlutverki, ekki hvað síst í tengslum við nýsköpunarverkefni.

Sameiginleg innkaup geta verið á ýmiss konar formi, allt frá samræmdum innkaupum þar sem teknar hafa verið saman sameiginlegar tækniforskriftir fyrir verk, vörur og þjónustu, sem verða keypt af nokkrum samningsyfirvöldum, sem hvert um sig er með sérstakt innkaupaferli, til aðstæðna þar sem hlutaðeigandi samningsyfirvöld annast eitt innkaupaferli saman, annaðhvort í sameiningu eða með því að fela einu samningsyfirvaldi að stýra innkaupaferlinu fyrir hönd allra samningsyfirvaldanna.

Ef nokkur samningsyfirvöld annast í sameiningu innkaupaferli ættu þau að vera sameiginlega ábyrg fyrir því að uppfylla skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun. Ef, hins vegar, aðeins hlutar innkaupaferlisins fara fram í sameiningu hjá samningsyfirvöldunum ætti sameiginlega ábyrgðin einungis að taka til þeirra hluta ferlisins sem framkvæmdir hafa verið sameiginlega. Hvert samningsyfirvald ætti eitt og sér að bera ábyrgð því sem tengist ferlum eða hlutum ferla, sem það annast sjálft, s.s. samningsgerð, gerð rammasamnings, rekstri gagnvirks innkaupakerfis, nýrri samkeppni innan rammasamnings eða ákvörðun um hver þeirra rekstraraðila, sem eiga aðild að rammasamningi, skuli annast tiltekið verkefni.

72) Rafrænar samskiptaaðferðir eru einkar hentugar til að styðja starfshætti og tæki við miðstýrð innkaup vegna þess að með þeim er hægt að endurnýta gögn og vinna sjálfvirkt með þau og að lágmarka kostnað vegna upplýsinga og viðskipta. Þess vegna ætti fyrsta skrefið að vera að gera notkun rafrænna samskiptaaðferða sem þessara skyldubundna hjá miðlægum innkaupastofnunum en slíkt myndi um leið greiða fyrir samleitni í starfsvenjum í Sambandinu öllu. Í kjölfarið ætti að fylgja sú almenna skylda að nota rafrænar samskiptaaðferðir í öllum innkaupaferlum að liðnu 30 mánaða umbreytingartímabili.

73) Gerð sameiginlegra opinberra samninga af hálfu samningsyfirvalda frá ýmsum aðildarríkjum er sem stendur bundin sérstökum lagalegum vandkvæðum vegna lagaskila í lögum einstakra ríkja. Þrátt fyrir að heimilað var með óbeinum hætti í tilskipun 2004/18/EB að opinber innkaup færu fram sameiginlega yfir landamæri standa samningsyfirvöld ennþá frammi fyrir talsverðum lagalegum og framkvæmdatengdum vandkvæðum við innkaup frá miðlægum innkaupastofnunum í öðrum aðildarríkjum eða við sameiginlega gerð opinberra samninga. Til að gera samningsyfirvöldum kleift að njóta hámarksávinnings af þeim möguleikum sem felast í innri markaðnum þegar litið er til stærðarhagkvæmni og áhættu- og hagnaðarskiptingar, ekki síst vegna nýsköpunarverkefna sem fylgir meiri áhætta en sanngjarnt er að vænta að eitt stakt samningsyfirvald geti borið, ætti að uppræta þessi vandkvæði. Þess vegna ætti að setja nýjar reglur um sameiginleg innkaup yfir landamæri til að greiða fyrir samstarfi milli samningsyfirvalda og ná fram meiri ávinningi af innri markaðnum með því að skapa viðskiptatækifæri yfir landamæri fyrir birgja og þjónustuveitendur. Með þessum reglum ætti að ákvarða skilyrði fyrir því að miðlægar innkaupastofnanir séu nýttar yfir landamæri og tiltaka viðeigandi löggjöf um opinber innkaup, þ.m.t. viðeigandi löggjöf um úrræði, ef um er að ræða sameiginlega verkferla yfir landamæri, til að fylla í skarðið á reglum varðandi lagaskil í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 593/2008 ([13]). Auk þessa ættu samningsyfirvöld frá ýmsum aðildarríkjum að geta stofnað sameiginlegar rekstrareiningar í samræmi við lands- eða Sambandslög. Setja ætti sértækar reglur um slík form sameiginlegra innkaupa.

Hins vegar ættu samningsstofnanir ekki að nýta sér möguleikann á sameiginlegum innkaupum yfir landamæri til að sniðganga lögboðnar reglur í opinberum rétti, í samræmi við Sambandslög, sem gilda um þau í aðildarríkinu þar sem þau eru staðsett. Slíkar reglur gætu t.d. falið í sér ákvæði um gagnsæi og aðgang að skjölum eða sértækar kröfur um rekjanleika viðkvæmrar vöru.

74) Tækniforskriftirnar, sem opinberir innkaupsaðilar setja fram, verða að veita möguleika á að opið sé fyrir samkeppni í opinberum innkaupum og einnig því að ná markmiðum um sjálfbærni. Í því skyni ætti að vera mögulegt að leggja fram tilboð, sem endurspeglar fjölbreytni í tæknilausnastöðlum og tækniforskriftum á markaðnum, m.a. þau sem gerð eru á grundvelli frammistöðuviðmiðana, sem tengjast vistferli og sjálfbærni framleiðsluferlis verkanna, varanna og þjónustunnar.

Þess vegna ætti að semja tækniforskriftir með þeim hætti að komið sé í veg fyrir að þrengt sé að samkeppni með óeðlilegum hætti með kröfum sem eru tilteknum rekstraraðila í hag með því að endurspegla lykileinkenni vara, þjónustu eða verka sem umræddur rekstraraðili veitir venjulega. Með því að semja tækniforskriftir út frá kröfum um virkni og frammistöðu verður yfirleitt möguleiki á að ná þessu markmiði á besta hugsanlegan hátt. Kröfur um virkni og frammistöðu eru einnig viðeigandi leið til

([13]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 593/2008 frá 17. júní 2008 um lög sem gilda um samningsbundnar skyldur (Róm I) (Stjtíð. ESB L 177, 4.7.2008, bls. 6).

að styðja nýsköpun í opinberum innkaupum og ætti að nota þær á eins víðtækan hátt og mögulegt er. Þegar vísað er til Evrópustaðals eða, ef hann er ekki fyrir hendi, til landsstaðals, ættu samningsyfirvöld að taka gild tilboð sem eru byggð á jafngildu fyrirkomulagi. Það ætti að vera á ábyrgð rekstraraðilans að færa sönnur á að jafngildi sé með merkinu sem krafist er.

Til að færa sönnur á jafngildi ætti að vera mögulegt að krefjast þess að bjóðendur sýni staðfesta sönnun þess efnis frá þriðja aðila. Hins vegar ætti að leyfa önnur viðeigandi sönnunargögn, s.s. tæknileg málsskjöl framleiðandans, ef viðkomandi rekstraraðili hefur ekki aðgang að vottorðum eða prófunarskýrslum, eða hefur engan möguleika á að afla þeirra innan þeirra tímamarka, sem um ræðir, að því tilskildu að viðkomandi rekstraraðili færi þannig sönnur á að verkin, vörurnar eða þjónustan uppfylli þær kröfur eða viðmiðanir, sem settar eru fram í tækniforskriftum, valforsendum eða skilyrðum varðandi framkvæmd samnings.

75) Samningsyfirvöld, sem vilja kaupa verk, vörur eða þjónustu með sérstökum umhverfislegum, félagslegum eða öðrum eiginleikum, ættu að geta vísað til sérstakra merkja, s.s. umhverfismerkis ESB, (fjöl-)þjóðlegra umhverfismerkja eða annarra merkja, að því tilskildu að kröfur sem gerðar eru um merkið tengist inntaki samningsins, s.s. lýsing og framsetning vörunnar og einnig kröfur um pökkun. Enn fremur er brýnt að þessar kröfur séu skrifaðar og samþykktar á grundvelli forsendna, sem unnt er að sanna á hlutlægan hátt með ferli sem hagsmunaaðilar, s.s. opinberir aðilar, neytendur, framleiðendur, dreifingaraðilar og umhverfissamtök, geta tekið þátt í og að allir hlutaðeigandi aðilar geti nálgast merkið og haft aðgang að því. Taka ber skýrt fram að hagsmunaaðilar geta verið opinberir eða einkaaðilar, fyrirtæki eða ýmis konar frjáls félagasamtök (aðili sem er ekki hluti af hinu opinbera og er ekki hefðbundið fyrirtæki).

Jafnframt ætti að taka skýrt fram að sérstakir landsbundnir aðilar eða landssamtök geta átt þátt í að semja kröfur sem liggja að baki merki, sem unnt er að nota í tengslum við innkaup af hálfu opinberra yfirvalda, án þess að þessir aðilar eða samtök missi stöðu sína sem þriðju aðilar.

Þó að vísað sé til merkja ætti það ekki að hafa hamlandi áhrif á nýsköpun.

76) Í öllum innkaupum sem ætluð eru til nota fyrir einstaklinga, hvort sem um er að ræða almenning eða starfsfólk samningsyfirvaldsins, er nauðsynlegt að samningsyfirvöld semji tækniforskriftir þannig að tekið sé tillit til viðmiðana um aðgengi fatlaðs fólks eða hönnun fyrir alla notendur nema í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum.

77) Við samningu tækniforskrifta ættu samningsyfirvöld að líta til krafna, sem leiðir af Sambandslöggjöf á sviði laga um gagnavernd, einkum í tengslum við hvernig staðið er að vinnslu persónuupplýsinga (innbyggð gagnavernd).

78) Aðlaga ætti opinber innkaup að þörfum lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Hvetja ætti samningsyfirvöld til að beita reglunum um bestu starfsvenjur sem settar eru fram í vinnuskjali framkvæmdastjórnarinnar frá 25. júní 2008 undir heitinu „Evrópskar reglur um bestu starfsvenjur sem auðvelda litlum og meðalstórum fyrirtækjum aðgang að samningum um opinber innkaup“ með leiðbeiningum um hvernig þau geta notað rammann fyrir opinber innkaup þannig að það liði fyrir þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Í þessu skyni og til að auka samkeppni ætti einkum að hvetja samningsyfirvöld til að skipta niður stórum samningum. Slík skipting ætti að byggjast á megindlegum grunni, þannig að stærð einstakra samninga samsvari betur getu lítilla og meðalstórra fyrirtækja, eða á eigindlegum grunni, í samræmi við mismunandi atvinnugreinar og sérhæfð svið, sem hlut eiga að máli, til að aðlaga efni einstakra samninga betur að sérhæfðum geirum, sem lítil og meðalstór fyrirtæki eru í, eða í samræmi við ýmis stig verkefnis sem fylgja í kjölfarið.

Samningsyfirvaldinu ætti að vera frjálst að ákvarða stærð og efni hlutanna og í samræmi við viðeigandi reglur um útreikning á áætluðu verðmæti innkaupanna ætti því einnig að vera heimilt að gera samning um suma hlutana án þess að nota ferlin í þessari tilskipun. Samningsyfirvaldinu ætti einnig að vera skylt að skoða hversu heppilegt er að skipta samningum í hluta og um leið vera frjálst að taka sjálft ákvörðun á grundvelli einhverrar ástæðu, sem það metur svo að skipti máli, án þess að það falli undir stjórnsýslu- eða réttarfarslegt eftirlit. Ef samningsyfirvaldið ákveður að ekki sé heppilegt að skipta samningi niður í hluta ætti að koma fram í stöku skýrslunni eða í útboðsgögnum hvaða meginástæður eru fyrir vali samningsyfirvaldsins. Sem dæmi gætu ástæðurnar verið að samningsyfirvaldið álíti að slík skipting gæti valdið hættu á að hamla samkeppni eða að hætta sé á að framkvæmd samningsins verði tæknilega séð óhóflega erfið eða kostnaðarsöm eða að þörfin fyrir að samhæfa mismunandi verktaka einstakra hluta gæti valdið hættu á að skaða alvarlega rétta framkvæmd samningsins.

Aðildarríkjunum ætti áfram að vera frjálst að ganga lengra í viðleitni sinni til að liðka fyrir þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja í opinbera innkaupamarkaðnum, með því að víkka gildissvið skyldunnar til að skoða hversu heppilegt er að skipta samningum niður í hluta og smærri samninga, með því að gera þá kröfu til samningsyfirvalda að leggja fram rökstuðning fyrir þeirri ákvörðun að skipta samningum ekki niður í hluta eða með því að gera það að skyldu að skipta þeim niður í hluta við tilteknar aðstæður. Í sama tilgangi ætti aðildarríkjunum einnig að vera frjálst að hafa á að skipa aðferðum til að greiða undirverktökum beint.

79) Ef samningum er skipt í hluta ætti samningsyfirvöldum að vera heimilt, t.d. til að viðhalda samkeppni eða tryggja áreiðanleika afhendingar, að takmarka fjölda hluta sem rekstraraðili getur gert tilboð í og jafnframt ætti að heimila þeim að takmarka fjölda hluta sem getur komið í hlut einhvers eins bjóðanda.

Þó gæti það verið heftandi fyrir markmiðið um að liðka fyrir auknum aðgangi lítilla og meðalstórra fyrirtækja að opinberum innkaupum ef samningsyfirvöld yrðu skylduð til að gera samninginn í einstökum hlutum, og jafnvel að slíkt hefði í för með sér að þau yrðu að samþykkja umtalsvert óhagstæðari lausnir samanborið við samningsgerð á mörgum hlutum eða öllum hlutunum. Ef möguleikinn á að beita slíkri aðferð hefur verið skýrt tilgreindur fyrirfram ætti því að vera mögulegt fyrir samningsyfirvöld að framkvæma samanburðarmat á tilboðum til að ákvarða hvort tilboðin, sem tiltekinn bjóðandi lagði fram fyrir tiltekna samsetningu hluta samnings, myndu, sem heild, frekar uppfylla valforsendur, sem mælt er fyrir um samkvæmt þessari tilskipun að því er varðar þessa hluta, heldur en tilboðin fyrir einstaka hluta, sem um ræðir, ef litið er til hvers og eins einstaks þeirra. Ef svo er ætti samningsyfirvaldinu að vera heimilt að gera samning með samsetningu þeirra hluta, sem um er að ræða, við hlutaðeigandi bjóðanda. Gera ætti skýra grein fyrir því að samningsyfirvöld ættu að framkvæma þetta samanburðarmat með því að ákveða fyrst hvaða tilboð uppfylla best valforsendurnar, sem mælt er fyrir um fyrir hvern einstakan hluta, og bera það síðan saman við tilboðin sem tiltekinn bjóðandi leggur fram fyrir tiltekna samsetningu hluta, sem teknir eru sem heild.

80) Til að gera ferli skjótvirkari og skilvirkari ætti að hafa tímamörk um þátttöku í innkaupaferlum eins stutt og unnt er án þess að það skapi óæskilegar hindranir á aðgangi rekstraraðila á öllum innri markaðnum, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Hafa ætti í huga að við ákvörðun á fresti til móttöku tilboða og þátttökutilkynninga ættu samningsyfirvöld einkum að líta til þess hversu flókinn samningurinn er og hversu langan tíma þarf til að setja fram tilboð, jafnvel þótt þetta hafi í för með að tímamörk verði lengri en lágmarkið sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Á hitt er að líta að notkun rafrænna upplýsinga- og samskiptaaðferða, einkum algjörlega rafrænn aðgangur rekstraraðila, bjóðenda og umsækjenda að útboðsgögnum og rafræn sending tilkynninga, leiðir til aukins gagnsæis og tímasparnaðar. Þess vegna ætti að kveða á um að lágmarksfrestur sé styttur í samræmi við reglur í samningnum um opinber innkaup og með fyrirvara um það skilyrði að hann samrýmist sérstakri sendingaraðferð sem fyrirhuguð er á vettvangi Sambandsins. Enn fremur ættu samningsyfirvöld að hafa þann kost að stytta tímamörkin fyrir móttöku þátttökutilkynninga og tilboða enn frekar ef aðstæður skapa brýna nauðsyn og hefðbundin tímamörk koma því ekki til greina, án þess þó að almennt útboð með auglýsingu sé ómögulegt. Einungis í undantekningartilvikum og ef brýn nauðsyn hefur skapast vegna atburða, sem viðkomandi samningsyfirvald gat ekki séð fyrir og eru ekki raktir til þessa samningsyfirvalds, og gera það að verkum að ógerlegt er að viðhafa venjulegt útboðsferli, jafnvel með styttum tímamörkum, ættu samningsyfirvöld, að því marki sem bráðnauðsynlegt er, að gera samninga með samningskaupum án undangenginnar auglýsingar. Slíkt getur átt við ef nauðsyn er á tafarlausum viðbrögðum vegna náttúruhamfara.

81) Taka ætti fram að þörfin á að tryggja að rekstraraðilar hafi nægan tíma til að skrifa svartilboð getur haft í för með sér að framlengja þurfi upphafleg tímamörk. Einkum gæti slíkt átt við um tilvik þegar umtalsverðar breytingar eru gerðar á útboðsgögnum. Einnig ætti að tilgreina sérstaklega að ef svo hagar til ætti að túlka umtalsverðar breytingar þannig að þær feli í sér breytingar sem rekstraraðilar myndu þarfnast viðbótartíma til að skilja og svara á viðeigandi hátt, einkum á þetta við um tækniforskriftir Þó ætti að taka skýrt fram að slíkar breytingar ættu ekki að vera svo víðtækar að öðrum umsækjendum en þeim sem upphaflega voru valdir hefði verið gert kleift að taka þátt eða að viðbótarþátttakendur hefðu fengið áhuga á innkaupaferlinu. Einkum gæti þetta átt við um tilvik þar sem breytingar hafa í för með sér efnislegar breytingar á eiginleikum samningsins eða rammasamningsins frá því sem upphaflega var sett fram í útboðsgögnunum.

82) Gera ætti ljóst að samningsyfirvöld ættu að senda upplýsingar varðandi tilteknar ákvarðanir, sem teknar eru meðan á innkaupaferli stendur, m.a. ákvörðun um að gera ekki samning eða rammasamning, án þess að umsækjendur eða bjóðendur þurfi að fara fram á slíkar upplýsingar. Einnig er rétt að minna á að í tilskipun ráðsins 89/665/EBE ([14]) er kveðið á um skyldu samningsyfirvalda, og það án þess að umsækjendur eða bjóðendur þurfi að fara fram á slíkt, að láta hlutaðeigandi umsækjendum og bjóðendum í té samantekt um viðkomandi ástæður sem liggja fyrir sumum helstu ákvörðununum sem teknar eru í innkaupaferlinu. Að lokum ætti að taka fram að umsækjendur og bjóðendur ættu að geta farið fram á ítarlegri upplýsingar varðandi þessar ástæður, sem gera ætti kröfu um að samningsyfirvöld veiti, nema til þess liggi ríkar ástæður að veita þær ekki. Þessar ástæður ætti að setja fram í þessari tilskipun. Til að tryggja nauðsynlegt gagnsæi í tengslum við innkaupaferli, sem fela í sér samninga og samræður við bjóðendur, ætti einnig að gera þeim bjóðendum, sem gert hafa tækt tilboð, kleift að fara fram á upplýsingar um framkvæmd og framvindu ferlisins nema ríkar ástæður séu gegn því að svo sé gert.

([14]) Tilskipun ráðsins 89/665/EBE frá 21. desember 1989 um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna á reglum um meðferð kæru vegna útboðs og gerðar opinberra vörukaupa- og verksamninga (Stjtíð. EB L 395, 30.12.1989, bls. 33).

83) Allt of strangar kröfur um efnahagslega og fjárhagslega getu eru oft óréttmætar hindranir í vegi fyrir þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja í opinberum innkaupum. Allar slíkar kröfur ættu að tengjast efni samningsins og vera í réttu hlutfalli við hann. Einkum ætti samningsyfirvöldum ekki að vera heimilt að gera þá kröfu til rekstraraðila að þeir séu með lágmarksveltu, sem væri ekki í réttu hlutfalli við efni samningsins, krafan ætti almennt ekki að vera hærri en í mesta lagi tvöfalt áætlað virði samningsins. Í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum ætti þó að vera unnt að setja hærri kröfur. Slíkar aðstæður gætu verið tengdar mikilli áhættu sem fylgir framkvæmd samningsins eða þeirri staðreynd að tímanlegar og réttar samningsefndir eru mjög mikilvægar, t.d. vegna þess að þær eru nauðsynleg forsenda fyrir framkvæmd annarra samninga.

Í slíkum tilhlýðilega rökstuddum tilvikum ætti samningsyfirvöldum áfram að vera frjálst að taka sjálfstæða ákvörðun um hvort heppilegt og viðeigandi væri að setja kröfur um hærri lágmarksveltu án þess að þurfa að sæta eftirliti stjórnsýslu eða dómstóla. Ef setja á kröfur um hærri lágmarksveltu ætti samningsyfirvöldum áfram að vera frjálst að ákveða mörkin, svo fremi sem þau tengjast og eru í réttu hlutfalli við efni samningsins. Ef samningsyfirvaldið ákveður að krefjast skuli þess að lágmarksvelta sé hærri en tvöfalt áætlað verðmæti samningsins ætti að koma fram í stöku skýrslunni eða í útboðsgögnum hvaða meginástæður eru fyrir vali samningsyfirvaldsins.

Samningsyfirvöld ættu t.d. einnig að geta farið fram á upplýsingar um hlutföllin milli eigna og skulda í ársreikningunum. Jákvætt hlutfall, sem sýnir að eignir eru umfram skuldir, gæti gefið viðbótarvísbendingar um að fjárhagsleg geta rekstraraðila sé fullnægjandi.

84) Margir rekstraraðilar, ekki síst lítil og meðalstór fyrirtæki, telja ýmiss konar stjórnsýslubyrði vera meiri háttar hindrun fyrir þátttöku þeirra í opinberum innkaupum, vegna þess að nauðsynlegt er að útbúa umtalsverðan fjölda vottorða og annarra skjala sem tengjast útilokunarviðmiðunum og hæfiskröfum. Ef dregið væri úr þessum kröfum, t.d. með því að nota samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda (e. European Single Procurement Document (ESPD)), þar sem fram kemur uppfærð eigin yfirlýsing, gæti það orðið til talsverðar einföldunar til hagsbóta bæði fyrir samningsyfirvöld og rekstraraðila.

Þó ætti að gera kröfu um að bjóðandinn, sem ákveðið hefur verið að gera samning við, leggi fram viðeigandi sönnunargögn og samningsyfirvöld ættu ekki að gera samninga við bjóðendur sem ekki geta lagt þau fram. Samningsyfirvöld ættu einnig að hafa rétt á að fara fram á öll eða hluta fylgiskjala hvenær sem þau telja slíkt nauðsynlegt til að tryggja að ferlið fari rétt fram. Þetta gæti einkum átt við í tveggja stiga ferli – lokuðum útboðum, samkeppnisútboðum með samningsviðræðum, samkeppnisviðræðum og nýsköpunarsamstarfi – þar sem samningsyfirvöld nýta sér möguleikann á að takmarka fjölda umsækjenda sem boðið er að leggja fram tilboð. Réttlæta mætti að fylgiskjöl séu lögð fram þegar val á umsækjendum, sem boðin er þátttaka, fer fram til að komast megi hjá því að samningsyfirvöld bjóði umsækjendum, sem reynast síðar ófærir um að leggja fram fylgiskjöl á samningsgerðarstiginu, og komi þannig í veg fyrir að annars hæfir umsækjendur taki þátt.

Gera ætti skýra grein fyrir því að á samevrópskri hæfisyfirlýsingu bjóðanda yrðu einnig veittar viðeigandi upplýsingar um aðila, sem rekstraraðilinn reiðir sig á hvað varðar getu, svo að staðfesting á upplýsingum varðandi slíka aðila geti farið fram með og samkvæmt sömu skilyrðum og staðfestingin í tengslum við aðalrekstraraðilann.

85) Mikilvægt er að ákvarðanir samningsyfirvalda séu byggðar á nýlegum upplýsingum, einkum hvað varðar útilokunarástæður, vegna þess að vitað er að miklar breytingar geta orðið snögglega, t.d. vegna fjárhagslegra vandkvæða, sem gætu valdið því að rekstraraðilinn hentar ekki, eða öfugt vegna þess að útistandandi framlag til almannatrygginga hefur verið greitt í millitíðinni. Æskilegt er því, hvenær sem unnt er, að samningsyfirvöld staðfesti slíkar upplýsingar með aðstoð viðeigandi gagnagrunna sem ættu að vera innlendir, í þeim skilningi að þeir eru reknir af opinberum yfirvöldum. Eins og þróunin stendur nú gætu enn verið tilvik þar sem slíkt er ekki mögulegt af tæknilegum ástæðum. Framkvæmdastjórnin ætti því að íhuga að hvatt verði til ráðstafana sem gætu eflt og auðveldað rafrænan aðgang að uppfærðum upplýsingum, s.s. að styrkja verkfæri sem veita aðgang að rafrænu upplýsingasafni um hæfi fyrirtækja (e. virtual company dossier) eða leiðir sem auðvelda rekstrarsamhæfi gagnasafna eða annarra þess háttar samhliða ráðstafana.

Einnig ætti að kveða á um að samningsyfirvöld ættu ekki að fara fram á að fá enn nýrri uppfærð skjöl með upplýsingum sem þau hafa þegar undir höndum frá fyrri innkaupaferlum. Hins vegar ætti einnig að tryggja að samningsyfirvöld muni ekki standa andspænis óhóflegri skjalavörslu og -vistun í þessu sambandi. Af þessu leiðir að eingöngu ætti að innleiða þessa skyldu þegar notkun rafrænna samskiptaaðferða hefur verið skyldubundin vegna þess að rafræn skjalastjórnun mun auðvelda samningsyfirvöldum þetta verk til muna.

86) Ná mætti frekari einföldun, bæði fyrir rekstraraðila og samningsyfirvöld, með stöðluðu eyðublaði fyrir eigin yfirlýsingar, sem gæti dregið úr vandamálum sem tengjast nákvæmni við vinnslu formlegra yfirlýsinga og yfirlýsinga um samþykki sem og vandkvæðum í tengslum við tungumál.

87) Framkvæmdastjórnin hefur á að skipa og rekur rafrænt kerfi, e-Certis, sem landsyfirvöld uppfæra og staðfesta á valfrjálsum grundvelli sem stendur. Markmiðið með e-Certis er að auðvelda skipti á vottorðum og öðrum skriflegum sönnunargögnum sem samningsyfirvöld gera oft kröfu um. Reynslan hingað til gefur til kynna að valfrjáls uppfærsla og staðfesting nægir ekki til að tryggja að e-Certis geti nýst til fulls við að einfalda og auðvelda skjalaskipti, einkum til hagsbóta fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Fyrsta skrefið ætti því að vera að gera viðhald þess skyldubundið. Notkun e-Certis verður gerð skyldubundin síðar.

88) Samningsyfirvöldum ætti að vera kleift að krefjast þess að umhverfisstjórnunarráðstöfunum eða -kerfum sé beitt meðan á framkvæmd opinbers samnings stendur. Umhverfisstjórnunarkerfi, hvort sem þau eru skráð samkvæmt Sambandsgerningum, eins og t.d. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 ([15]) eða ekki, geta sýnt hvort rekstraraðilinn hefur tæknilega getu til að framkvæma samninginn. Þeirra á meðal eru vottorð um umhverfismerki varðandi viðmiðanir vegna umhverfisstjórnunar. Ef rekstraraðili hefur engan aðgang að slíkum umhverfisstjórnunarskráningarkerfum eða möguleika á að fá aðgang innan viðeigandi tímamarka ætti að heimila honum að leggja fram lýsingu á þeim umhverfisstjórnunarráðstöfunum, sem komið hefur verið í framkvæmd, að því tilskildu að hlutaðeigandi rekstraraðili sýni fram á að þessar ráðstafanir tryggi sama umhverfisverndarstig og þær ráðstafanir sem krafist er samkvæmt umhverfisstjórnuninni.

89) Hugtakið forsendur fyrir vali tilboðs er kjarni þessarar tilskipunar. Þess vegna er mikilvægt að viðkomandi ákvæði séu sett fram á eins einfaldan og aðgengilegan hátt og mögulegt er. Þetta er hægt með því að nota hugtakið „fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið“ sem yfirhugtak vegna þess að öll tilboð sem valin eru ættu að lokum að vera valin í samræmi við það sem einstök samningsyfirvöld telja að sé fjárhagslega besta lausnin af þeim sem í boði eru. Til að komast hjá ruglingi við valforsenduna, sem nú er þekkt sem „fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið“ í tilskipun 2004/17/EB og 2004/18/EB ætti að nota annað orðasamband um það hugtak, þ.e. „besta hlutfall milli verðs og gæða“. Af því leiðir að túlka ætti það í samræmi við dómaframkvæmd, sem tengist þessum tilskipunum, nema þar sem greinilega er umtalsvert önnur lausn í þessari tilskipun.

90) Gera ætti samninga á grundvelli hlutlægra viðmiðana, sem tryggja samræmi við meginregluna um gagnsæi, bann við mismunun og jafna meðferð, með það í huga að tryggja hlutlægan samanburð á hlutfallslegu virði tilboða til að ákvarða, við aðstæður þar sem virk samkeppni ríkir, hvaða tilboð er fjárhagslegasta hagstæðasta tilboðið. Setja ætti skýrt og ótvírætt fram að meta ætti fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið á grundvelli besta hlutfalls milli verðs og gæða og ætti alltaf að fela í sér verð- eða kostnaðarþátt. Jafnframt ætti að gera skýra grein fyrir því að slíkt mat á fjárhagslega hagkvæmasta tilboðinu væri einnig hægt að framkvæma á grundvelli annaðhvort verðs eða kostnaðarhagkvæmni eingöngu. Enn fremur er rétt að minna á að samningsyfirvöldum er frjálst að setja viðeigandi gæðastaðla með því að nota tækniforskriftir eða skilyrði varðandi framkvæmd samnings.

Til að hvetja til meiri áherslu á gæði í opinberum innkaupum ætti að heimila aðildarríkjum að banna eða takmarka notkun verðs eingöngu eða kostnaðar eingöngu við mat á því hvaða tilboð er fjárhagslega hagkvæmast eftir því sem þau telja að við eigi.

Til að tryggja að farið sé að meginreglunni um jafna meðferð við gerð samninga ætti að skylda samningsyfirvöld til skapa nauðsynlegt gagnsæi til að gera öllum bjóðendum kleift að vera tilhlýðilega vel upplýstir um forsendur og tilhögun sem beitt verður við ákvörðun um gerð samnings. Þess vegna ætti að skylda samningsyfirvöld til að tilgreina forsendur fyrir vali tilboðs og hlutfallslegt vægi sem hver og ein forsenda fékk. Samningsyfirvöldum ætti þó að vera heimilt að gera undantekningu frá þeirri skyldu að tilgreina vægi forsendna þegar gildar ástæður eru fyrir því, sem þau verða að geta rökstutt, og ekki er unnt að meta vægið fyrir fram, einkum þegar um er að ræða flókna samninga. Í slíkum tilvikum ættu þau að tilgreina forsendurnar í forgangsröð eftir mikilvægi.

91) Í samræmi við 11. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins ber að fella kröfur um umhverfisvernd inn í skilgreiningu og framkvæmd á stefnu Sambandsins og starfsemi, einkum með það fyrir augum að stuðla að sjálfbærri þróun. Í þessari tilskipun er skýrt hvernig samningsyfirvöld geta stuðlað að vernd umhverfisins og sjálfbærri þróun og jafnframt tryggt að besta hlutfall milli gæða og verðs náist í samningum.

92) Við mat á besta hlutfallinu milli verðs og gæða ættu samningsyfirvöld að ákvarða fjárhagslegar viðmiðanir og gæðaviðmiðanir sem tengjast efni samningsins og þau munu nota í þeim tilgangi. Þessar viðmiðanir ættu því að gefa færi á samanburðarmati á því nothæfisstigi sem boðið er í sérhverju tilboði í ljósi þess hvert efni samningsins er eins og skilgreint er í tækniforskriftunum. Með tilliti til besta hlutfalls milli verðs og gæða er í þessari tilskipun settur fram listi, sem ekki er tæmandi, um mögulegar valforsendur og þar koma m.a. fram umhverfislegir og félagslegir þættir. Hvetja ætti samningsyfirvöld til að velja valforsendur sem gera þeim kleift að fá hágæðaverk, vörur og þjónustu sem samrýmast þörfum þeirra sem best.

([15]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 frá 25. nóvember 2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 761/2001 og ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 2001/681/EB og 2006/193/EB (Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 1).

Þær valforsendur sem valdar eru ættu ekki að veita samningsyfirvaldinu ótakmarkað ákvörðunarvald og þær ættu að tryggja möguleikann á skilvirkri og sanngjarnri samkeppni og fela í sér tilhögun sem gerir kleift að staðfesta á skilvirkan hátt upplýsingar sem bjóðendur leggja fram.

Til að ákvarða hvaða tilboð er fjárhagslega hagstæðast ætti ákvörðunin um samningsgerðina ekki að byggjast eingöngu á forsendum sem ekki tengjast kostnaði. Þess vegna ætti kostnaðarviðmiðun að fylgja gæðaviðmiðunum og gæti það annaðhvort falist í nálgun sem byggist á verði eða kostnaðarhagkvæmni, s.s. útreikningi á vistferilskostnaði, eftir því sem samningsyfirvaldið kýs. Hins vegar ættu valforsendur ekki að hafa áhrif á beitingu ákvæða landslaga sem ákvarða greiðslur fyrir tiltekna þjónustu eða þar sem fast verð er ákveðið fyrir tilteknar vörur.

93) Ef greiðsla fyrir tiltekna þjónustu ræðst af ákvæðum landslaga eða er ákveðin í föstu verði fyrir tilteknar vörur ætti að koma skýrt fram að áfram er unnt að meta hlutfall gæða og verðs á grundvelli annarra þátta en einungis verðsins eða greiðslunnar. Eftir því hvaða þjónustu eða vöru er um að ræða gætu slíkir þættir m.a. verið skilmálar um afhendingu og greiðslu, atriði varðandi þjónustu eftir sölu (t.d. umfang ráðgjafar- og endurnýjunarþjónustu) eða umhverfislegir eða félagslegir þættir (t.d. hvort bækur voru prentaðar á endurunninn pappír eða pappír úr sjálfbærum viði, kostnaður sem skrifast á umhverfisleg úthrif eða hvort ýtt hafi verið undir félagslega aðlögun einstaklinga, sem standa höllum fæti, eða þeirra sem tilheyra berskjölduðum hópum meðal einstaklinga sem falið er að framkvæma samninginn). Miðað við margvíslega möguleika til að meta hlutfall gæða og verðs á grundvelli efnislegra viðmiðana ætti að forðast að nota þá leið að draga um hluta sem einu aðferðina við gerð samnings.

94) Hvenær sem gæði ráðins starfsfólks skipta máli varðandi framkvæmd samnings ætti einnig að heimila samningsyfirvöldum að nota sem valforsendu skipulag, gæði og reynslu þess starfsfólks, sem falið er að framkvæma umræddan samning, vegna þess að þetta getur haft áhrif á gæði framkvæmdar samningsins og, þar af leiðandi, á fjárhagslegt virði tilboðsins. Þetta getur t.d. átt við um samninga um hugverkaþjónustu á borð við ráðgjafar- eða arkitektaþjónustu. Samningsyfirvöld, sem nýta sér þennan möguleika, ættu að tryggja með viðeigandi samningsbundnum leiðum að starfsfólkið, sem falin er framkvæmd samnings, uppfylli í raun þá gæðastaðla, sem tilgreindir eru, og að einungis megi ráða annað starfsfólk í stað þess sem fyrir er með samþykki samningsyfirvaldsins sem staðfestir að starfsfólkið, sem ráðið er í annars stað, sé af sambærilegum gæðum.

95) Það er gríðarlega brýnt að nýta til fulls þá möguleika sem felast í opinberum innkaupum við að ná markmiðum áætlunarinnar Evrópa 2020 um snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla. Í þessu tilliti er rétt að minna á að opinber innkaup eru drifkraftur nýsköpunar sem skiptir miklu máli fyrir framtíðarvöxt í Evrópu. Í ljósi þess að mikilvægur munur er á einstökum geirum og mörkuðum væri á hinn bóginn ekki viðeigandi að setja almennar lögboðnar kröfur um innkaup á sviði umhverfismála, félagsmála og nýsköpunar.

Í löggjöf Sambandsins hafa þegar verið settar lögboðnar kröfur um innkaup til að ná sérstökum takmörkum á sviði vélknúinna ökutækja til flutninga á vegum (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/33/EB) ([16]) og á sviði skrifstofubúnaðar (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 106/2008) ([17]). Auk þess hefur mikið áunnist hvað varðar skilgreininguna á sameiginlegum aðferðum til útreiknings vistferilskostnaðar.

Því virðist rétt að halda áfram á þessari leið og láta löggjöf í vissum geirum það eftir að setja lögboðin markmið og takmörk í samræmi við tilteknar stefnur og skilyrði sem eru í gildi í viðkomandi geira og halda á lofti þróun og notkun evrópskra aðferða við útreikning á vistferilskostnaði í þeim tilgangi að styðja betur við notkun opinberra innkaupa til að styrkja sjálfbæran vöxt.

96) Til viðbótar við þessar ráðstafanir í tilteknum geirum ætti að breyta tilskipun 2004/17/EB og 2004/18/EB og gera samningsyfirvöldum kleift að keppa að markmiðum áætlunarinnar Evrópa 2020 um snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla í innkaupaáætlunum sínum. Þess vegna ætti að taka ótvírætt fram að ef matið er ekki einungis gert á grundvelli verðs geta samningsyfirvöld ákveðið hvaða tilboð er fjárhagslega hagstæðast og lægstur kostnaður með því að nota nálgun sem grundvallast á útreikningi á vistferilskostnaði. Hugtakið útreikningur á vistferliskostnaði tekur til alls kostnaðar á vistferli verka, vöru eða þjónustu.

Þetta þýðir innri kostnað, s.s. vegna rannsókna sem gera skal, þróunar, framleiðslu, flutninga, notkunar, viðhalds og kostnaðar við förgun við lok vistferlis en getur einnig tekið til kostnaðar sem skrifast á umhverfisleg úthrif, s.s. mengunar af völdum náms hráefna, sem notuð eru í vörunni eða af völdum vörunnar sjálfrar eða vinnslu hennar, að því tilskildu að unnt sé að verðleggja þær og fylgjast með þeim. Þær aðferðir sem samningsyfirvöld nota við mat á kostnaði sem skrifast á umhverfisleg úthrif ætti að ákvarða fyrirfram á hlutlægan hátt og án mismununar og ættu að vera aðgengilegar öllum hlutaðeigandi aðilum. Þessar aðferðir má ákvarða á lands-, svæðis- eða staðarvísu en til að koma í veg fyrir röskun á samkeppni með hjálp sérsniðinna aðferða ættu þær að vera almennar í þeim skilningi að ekki ætti að koma þeim á fót sérstaklega fyrir tiltekið opinbert innkaupaferli.

([16]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/33/EB frá 23. apríl 2009 um að stuðla að notkun á hreinum og orkunýtnum ökutækjum til flutninga á vegum (Stjtíð. ESB L 120, 15.5.2009, bls. 5).

([17]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 106/2008 frá 15. janúar 2008 um áætlun Bandalagsins varðandi orkunýtnimerkingar á skrifstofubúnaði (Stjtíð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 1)

Þróa ætti sameiginlegar aðferðir á vettvangi Sambandsins til að reikna út vistferliskostnað í sérstökum flokkum vara eða þjónustu. Þar sem slíkar sameiginlegar aðferðir eru þróaðar ætti að skyldubinda notkun þeirra.

Jafnframt ætti að skoða hvort hagkvæmt sé að koma á sameiginlegum aðferðum í útreikningi á félagslegum vistferilskostnaði og líta til fyrirliggjandi aðferða, s.s. viðmiðunarreglna fyrir félagslegt vistferilsmat á vörum sem samþykktar voru innan ramma Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna.

97) Enn fremur ætti samningsyfirvöldum, með betri samþættingu félagslegra og umhverfislegra sjónarmiða í innkaupaferli í huga, að vera heimilt að nota valforsendur eða skilyrði varðandi framkvæmd samnings, sem tengjast verkum, vörum eða þjónustu, sem veita á samkvæmt opinbera samningnum, að hvaða leyti sem er og á hvaða stigi sem er á vistferli þeirra frá námi hráefna fyrir vöruna þar til vörunni er fargað, þ.m.t. þættir í hinu sérstaka ferli framleiðslu, veitingar eða viðskipta með þau verk, vörur eða þjónustu eða í sérstöku ferli á síðara stigi í vistferli þeirra jafnvel þótt slíkir þættir séu ekki hluti af efni þeirra. Forsendur og skilyrði sem varða slíkt framleiðslu- eða veitingarferli eru t.d. að ekki hafi verið notuð eiturefni við framleiðsla keyptu varanna eða að keypt þjónusta sé veitt með notkun orkunýtinna véla. Í samræmi við dómaframkvæmd Evrópudómstólsins tekur þetta líka til valforsendna eða skilyrða um framkvæmd samnings í tengslum við afhendingu eða notkun vara sem framleiddar eru í samræmi við sanngjörn viðskipti (e. fair trade) við framkvæmd samningsins sem á að gera. Forsendur og skilyrði í tengslum við viðskipti og aðstæður þeirra geta t.d. vísað til þeirrar staðreyndar að varan, sem um er að ræða, er framleidd í samræmi við sanngjörn viðskipti, þ.m.t. krafan um að greiða lágmarksverð auk álags (e. price premium) til framleiðenda. Skilyrði varðandi framkvæmd samnings, sem varða umhverfissjónarmið, geta t.d. náð yfir afhendingu, pökkun og förgun vara og í tengslum við verk- og þjónustusamninga, lágmörkun úrgangs eða auðlindanýtni.

Hins vegar útilokar skilyrðið um tengsl við efni samningsins forsendur og skilyrði, sem tengjast almennri stefnu fyrirtækisins, sem ekki er unnt að líta á sem einkennandi þátt í sérstöku framleiðslu- eða veitingarferli keyptu verkanna, varanna eða þjónustunnar. Þess vegna ætti ekki að heimila samningsyfirvöldum að gera þá kröfu til bjóðenda að þeir hafi sett tiltekna stefnu um samfélagslega eða umhverfislega ábyrgð fyrirtækisins.

98) Mikilvægt er að valforsendur og skilyrði um framkvæmd samnings varðandi félagslega þætti í framleiðsluferlinu tengist þeim verkum, vöru eða þjónustu sem veita skal samkvæmt samningnum. Auk þess ætti að beita þeim í samræmi við tilskipun 96/71/EB eins og hún hefur verið túlkuð af Evrópudómstólnum, og ætti ekki að velja eða beita þeim þannig að í því felist bein eða óbein mismunun rekstraraðila frá öðrum aðildarríkjum eða þriðju löndum sem eiga aðild að samninnum um opinber innkaup eða fríverslunarsamningum sem Sambandið er aðili að. Því ættu kröfur varðandi grundvallarvinnuskilyrði, sem reglur eru settar um í tilskipun 96/71/EB, s.s. um lágmarkslaun, að vera áfram þær sem settar eru með landslöggjöf eða kjarasamningum sem beitt er í samræmi við lög Sambandsins í tengslum við þá tilskipun.

Skilyrðum varðandi framkvæmd samnings gæti einnig verið ætlað að stuðla að framkvæmd ráðstafana til að efla jafnrétti milli kvenna og karla í vinnu, aukinni þátttöku kvenna á vinnumarkaði og samræmingu vinnu og einkalífs, verndun umhverfisins eða velferð dýra, því að farið sé efnislega að grundvallarsamningum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, og að ráðið sé fleira fólk sem stendur höllum fæti en krafist er samkvæmt landslöggjöf.

99) Ráðstafanir til að vernda heilsu starfsfólks, sem tekur þátt í framleiðsluferlinu, til að efla félagslega aðlögun fólks sem stendur höllum fæti eða þeirra sem tilheyra berskjölduðum hópum meðal þeirra sem falið er að framkvæma samninginn eða til að veita þjálfun á þeirri kunnáttu sem nauðsynleg fyrir viðkomandi samning, geta líka verið meðal valforsendna eða skilyrða varðandi framkvæmd samnings, að því tilskildu að þær snúi að verkum, vörum eða þjónustu sem veitt er samkvæmt samningnum. Til dæmis gætu slíkar forsendur eða skilyrði m.a. vísað til ráðningar umsækjenda, sem hafa verið lengi atvinnulausir, framkvæmdar ráðstafana vegna menntunar fyrir atvinnulausa eða ungmenni við framkvæmd samningsins sem gera skal. Samningsyfirvöld geta í tækniforskriftum kveðið á um slíkar félagslegar kröfur sem einkenna með beinum hætti viðkomandi vöru eða þjónustu, svo sem aðgengi fyrir fatlaða eða hönnun fyrir alla notendur.

100) Ekki ætti að gera opinbera samninga við rekstraraðila, sem hafa tekið þátt í skipulögðum brotasamtökum eða hafa verið fundnir sekir um spillingu, svik sem hafa skaðað fjárhagslega hagsmuni Sambandsins, hryðjuverk, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða mansal. Vangreiðsla skatta eða framlaga til almannatrygginga ætti einnig að varða skyldubundinni útilokun á Sambandsvísu. Aðildarríki ættu hins vegar að geta kveðið á um undanþágur frá þessum skyldubundnu útilokunum í undantekningartilvikum þegar kröfur, sem vega þyngra í þágu almannahagsmuna, gera það að verkum að samningsgerð er óhjákvæmileg. Slíkt gæti t.d. átt við ef aðeins er hægt að kaupa bóluefni eða neyðarbúnað sem brýn þörf er fyrir frá rekstraraðila sem skyldubundnar forsendur fyrir útilokun gilda um að öðru leyti.

101) Enn fremur ætti samningsyfirvöldum að vera gert kleift að útiloka rekstraraðila, sem reynst hafa óáreiðanlegir, t.d. vegna brota á skyldum vegna umhverfismála eða í félagslegu tilliti, þ.m.t. reglur um aðgengi fatlaðra eða annars konar alvarlegt misferli í starfsemi í viðkomandi atvinnugrein, s.s. brot á samkeppnisreglum eða hugverkaréttindum. Koma ætti skýrt fram að alvarlegt misferli í tengslum við starfsemi í viðkomandi atvinnugrein getur gert það að verkum að heiðarleiki rekstraraðila sé dreginn í efa og þannig gert rekstraraðilann illa til þess fallinn að fá opinberan samning, óháð því hvort hann hefði annars yfir að ráða þeirri tæknilegu og efnahagslegu getu sem þarf til að framkvæma samninginn.

Með það í huga að samningsyfirvaldið ber ábyrgð á afleiðingum ákvarðana, sem gætu mögulega verið rangar, ættu samningsyfirvöld áfram að geta talið að alvarlegt misferli í tengslum við starfsemi í viðkomandi atvinnugrein hafi átt sér stað þegar þau geta sýnt fram á með viðeigandi hætti, áður en endanleg og bindandi ákvörðun er tekin um tilvist skyldubundinna útilokunarástæðna, að rekstraraðili hafi brotið gegn skyldum sínum, þ.m.t. skyldum er varða greiðslu skatta eða framlaga til almannatrygginga, nema kveðið sé á um annað í landslögum. Samningsyfirvöld ættu einnig að geta útilokað umsækjendur eða bjóðendur þegar framkvæmd þeirra á fyrri opinberum samningum var verulega áfátt að því er varðar efnislegar kröfur, t.d. skortur á efndum eða framkvæmd, alvarlegir annmarkar á vörunni eða þjónustunni sem veitt var, sem gerðu hana ónothæfa í tilætluðum tilgangi, eða röng háttsemi sem veldur verulegum vafa um áreiðanleika rekstraraðilans. Í landslögum ætti að kveða á um hámarkslengd slíkrar útilokunar.

Við beitingu valfrjálsra ástæðna fyrir útilokun ættu samningsyfirvöld að líta sérstaklega til meginreglunnar um meðalhóf. Minni háttar frávik ættu einungis í undantekningartilvikum að leiða til útilokunar rekstraraðila. Ef minni háttar frávik eru síendurtekin getur slíkt þó vakið efasemdir um áreiðanleika rekstraraðila og gæti réttlætt útilokun hans.

102) Þó ætti að taka tillit til möguleika rekstraraðila á að gera ráðstafanir til að fara að reglum í þeim tilgangi að bæta fyrir afleiðingar hvers konar refsilagabrota eða misferlis og koma með áhrifaríkum hætti í veg fyrir fleiri tilvik rangrar háttsemi. Slíkar ráðstafanir gætu einkum snúið að starfsfólki eða skipulagi s.s. að rjúfa öll tengsl við fólk eða stofnanir, sem tóku þátt í misferlinu, gera viðeigandi ráðstafanir til endurskipulagningar varðandi starfsfólk, innleiða tilkynninga- og eftirlitskerfi, koma á fyrirkomulagi fyrir innri endurskoðun til að fylgjast með því að farið sé að reglum og samþykkja innri reglur um ábyrgð og bætur. Þegar slíkar ráðstafanir veita nægilega tryggingu ætti ekki að útiloka viðkomandi rekstraraðila lengur af þessum sökum einvörðungu. Rekstraraðilar ættu að geta óskað eftir að ráðstafanir til að fara að reglum, sem gerðar eru með það í huga að gera þátttöku þeirra í opinberu innkaupaferli mögulega, verði skoðaðar. Hins vegar ætti að láta það eftir aðildarríkjum að ákveða nákvæmlega þau formlegu og efnislegu skilyrði sem gilda um slík tilvik. Þau ættu einkum að geta ákveðið hvort þau heimili einstökum samningsyfirvöldum að framkvæma viðkomandi mat eða fá það öðrum yfirvöldum í hendur með miðlægum eða dreifstýrðum hætti.

103) Tilboð sem virðast óeðlilega lág miðað við verkin, vörurnar eða þjónustuna gætu byggst á ótryggum forsendum eða starfsvenjum í tæknilegu, fjárhagslegu eða lagalegu tilliti. Ef bjóðandinn getur ekki veitt fullnægjandi skýringu ætti samningsyfirvaldið að hafa rétt til þess að hafna tilboðinu. Höfnun ætti að vera lögboðin ef samningsyfirvaldið hefur komist að raun um að ástæðan fyrir óeðlilega lágu verði eða kostnaði, sem boðið er, er að ekki er farið að skyldubundnum Sambandslögum eða sambærilegum landslögum á sviði félagsmála-, vinnu- eða umhverfisréttar eða ákvæðum alþjóðlegrar vinnulöggjafar.

104) Skilyrði varðandi framkvæmd samnings eru til þess að mæla fyrir um sérstakar kröfur sem tengjast því að samningurinn sé efndur. Ólíkt því sem á við um forsendur fyrir vali tilboðs, sem eru grundvöllurinn fyrir samanburðarmati á gæðum tilboða, fela skilyrði varðandi framkvæmd samnings í sér fastar hlutlægar kröfur, sem hafa engin áhrif á mat á tilboðum. Skilyrði varðandi framkvæmd samnings ættu að samrýmast þessari tilskipun, að því tilskildu að þau mismuni ekki, hvorki beint né óbeint, og að þau tengist efni samningsins, sem felur í sér alla þætti sem varða hið sérstaka ferli framleiðslu, veitingar eða markaðssetningar. Þar á meðal eru skilyrði sem varða framvindu efnda samningsins, en undanskildar eru kröfur sem eiga við um almenna stefnu fyrirtækisins.

Tilgreina ætti skilyrði varðandi framkvæmd samnings í útboðstilkynningunni, kynningartilkynning er notuð sem leið til að kalla eftir samkeppni eða útboðsgögnum.

105) Mikilvægt er að tryggja að undirverktakar uppfylli viðeigandi skyldur á sviði umhverfis-, félagsmála- og vinnuréttar, sem byggjast á lögum Sambandsins, landslögum, kjarasamningum eða ákvæðum alþjóðlegrar umhverfis-, félagsmála- eða vinnulöggjafar, sem talin eru upp í þessari tilskipun, með viðeigandi aðgerðum lögbærra landsyfirvalda innan marka ábyrgða þeirra og valdsviða, s.s. vinnueftirlitsstofnana eða umhverfisverndarstofnana, að því tilskildu að slíkar reglur og beiting þeirra samrýmist lögum Sambandsins.

Einnig er nauðsynlegt að tryggja nokkurt gagnsæi í undirverktakakeðjunni, þar sem það veitir samningsyfirvöldum upplýsingar um hverjir eru til staðar á byggingarsvæðum þar sem unnið er að verkum í þeirra þágu, eða um það hvaða fyrirtæki veita þjónustu í eða við byggingar, grunnvirki eða svæði, s.s. ráðhús, skóla í eigu

sveitarfélaga, íþróttamannvirki, hafnir eða hraðbrautir, sem samningsyfirvöld bera ábyrgð á eða hafa yfirumsjón með. Koma ætti skýrt fram að skyldan til að veita tilskildar upplýsingar hvílir alltaf á aðalverktakanum, annaðhvort á grundvelli sérstakra skilmála, sem hvert samningsyfirvald þyrfti að fella inn í öll innkaupaferli eða á grundvelli skyldna sem aðildarríki legðu á aðalverktakana með almennt gildandi ákvæðum.

Einnig ætti að koma skýrt fram að skilyrði um framfylgd þess að farið sé að viðeigandi skyldum á sviði umhverfis-, félagsmála- og vinnuréttar, sem byggjast á lögum Sambandsins, landslögum, kjarasamningum eða ákvæðum alþjóðlegrar umhverfis-, félagsmála- eða vinnulöggjafar, sem talin eru upp í þessari tilskipun, ættu að gilda þegar landslög aðildarríkis kveða á um kerfi sameiginlegrar ábyrgðar undirverktaka og aðalverktaka, að því tilskildu að slíkar reglur og beiting þeirra samrýmist löggjöf Sambandsins. Enn fremur ætti að taka ótvírætt fram að aðildarríki ættu að geta gengið lengra, t.d. með því að víkka út skyldur um gagnsæi, með því að gera kleift að undirverktökum sé greitt beint eða með því að gera samningsyfirvöldum kleift eða skylda þau til að ganga úr skugga um að ekki sé þannig ástatt um undirverktaka að útilokun rekstraraðila eigi við. Þegar slíkum ráðstöfunum er beitt gagnvart undirverktökum ætti að tryggja samræmi við ákvæðin sem gilda um aðalverktaka svo að aðalverktakanum sé gert að skipta út viðkomandi undirverktaka ef bindandi útilokunarástæður eru fyrir hendi. Ef slík athugun leiðir í ljós útilokunarástæður, sem ekki eru bindandi, ætti að koma fram að samningsyfirvöld geti gert kröfu um að undirverktakanum sé skipt út. Hins vegar ætti einnig að koma ótvírætt fram að samningsyfirvöldum getur verið skylt að krefjast þess að viðkomandi undirverktaka sé skipt út ef útilokun aðalverktaka væri skyldubundin við slíkar aðstæður.

Einnig ætti að taka ótvírætt fram að aðildarríkjunum er áfram frjálst að kveða á um strangari reglur um bótaábyrgð í landslögum eða ganga lengra í landslögum sínum varðandi beinar greiðslur til undirverktaka.

106) Rétt er að minna á að reglugerð ráðsins (EBE, KBE) nr. 1182/71 ([18]) gildir um útreikning á tímamörkum í þessari tilskipun.

107) Nauðsynlegt er að skýra við hvaða aðstæður breytingar, sem verða á samningi meðan á framkvæmd hans stendur, gera nýtt innkaupaferli nauðsynlegt, með hliðsjón af viðkomandi dómaframkvæmd Evrópudómstólsins. Nýtt innkaupaferli er nauðsynlegt ef um er að ræða efnislegar breytingar á upphaflega samningnum, einkum á umfangi og efni gagnkvæmra réttinda og skyldna aðilanna, þ.m.t. skiptingu hugverkaréttinda. Slíkar breytingar sýna vilja aðilanna til að semja aftur um nauðsynlega skilmála eða skilyrði þess samnings. Þetta á einkum við ef hin breyttu skilyrði hefðu haft áhrif á útkomu útboðsins hefðu þau verið hluti af upprunalega útboðinu.

Breytingar á samningnum, sem valda minniháttar breytingum á samningsfjárhæðinni upp að vissri viðmiðunarfjárhæð, ættu alltaf að vera mögulegar án þess að framkvæma nýtt innkaupaferli. Í þessu skyni og til þess að tryggja réttarvissu ætti þessi tilskipun að kveða á um lágmarksviðmiðunarfjárhæðir og sé fjárhæðin undir þeim þarf ekki að hefja nýtt innkaupaferli. Breytingar á samningnum, sem nema fjárhæðum sem eru yfir þessum viðmiðunarfjárhæðum, ættu að vera mögulegar án nýs innkaupaferlis, að því marki sem slíkar breytingar samrýmast viðeigandi skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

108) Samningsyfirvöld gætu staðið andspænis aðstæðum þar sem viðbótarverk, -vörur eða -þjónusta reynast nauðsynleg; í slíkum tilvikum gæti verið réttlætanlegt að breyta upphaflega samningnum án nýs innkaupaferlis, einkum ef um er að ræða viðbótarafhendingu á vörum sem annaðhvort er ætlað að koma að hluta í stað eða vera viðbót við fyrirliggjandi þjónustu, vörur eða búnað og val á nýjum birgi myndi skuldbinda samningsyfirvaldið til að kaupa efni, verk eða þjónustu sem hefði aðra tæknilega eiginleika og leiddu því til ósamhæfis eða óeðlilega mikilla tæknilegra erfiðleika við rekstur og viðhald.

109) Samningsyfirvöld geta staðið andspænis ytri kringumstæðum sem þau gátu ekki séð fyrir þegar þau gerðu samninginn, einkum þegar framkvæmd hans nær yfir langt tímabil. Þegar svo ber undir er viss sveigjanleiki nauðsynlegur til að laga samninginn að aðstæðunum án nýs innkaupaferlis. Hugtakið ófyrirsjáanlegar aðstæður vísar til aðstæðna, sem ekki hefði verið hægt að spá fyrir um þrátt fyrir vandlegan undirbúning samningsyfirvaldsins á upphaflegu samningsgerðinni með tilliti til færra leiða, eðlis og einkenna hins tiltekna verkefnis, góðra starfsvenja á viðkomandi sviði og þarfarinnar á að tryggja eðlileg tengsl milli þess sem varið er í að undirbúa gerð samningsins og fyrirsjáanlegs verðmætis hans. Hins vegar getur þetta ekki átt við þegar breyting leiðir til breytingar á eðli innkaupanna í heild, t.d. með því að eitthvað annað komi í stað verkanna, varanna eða þjónustunnar sem kaupa skal, eða með því að tegund innkaupanna sé breytt í grundvallaratriðum, þar sem gera má ráð fyrir því í slíkum tilvikum að það hafi möguleg áhrif á útkomuna.

([18]) Reglugerð ráðsins (EBE, KBE) nr. 1182/71 frá 3. júní 1971 sem setur reglur um hvernig reikna ber tímabil, dagsetningar og fresti (Stjtíð. EB sérstök ensk útgáfa: Röð V hefti 1952-1972 bls. 88).

110) Í samræmi við meginreglurnar um jafna meðferð og gagnsæi ætti ekki að skipta út hlutskarpasta bjóðandanum fyrir annan rekstraraðila án þess að efna á ný til samkeppni um samninginn, t.d. þar sem bundinn er endi á samninginn vegna annmarka við efndir. Hlutskarpasti bjóðandinn sem framkvæmir samninginn ætti hins vegar, einkum þegar samningurinn hefur verið gerður við fleiri en eitt fyrirtæki, að geta farið í gegnum tilteknar skipulagsbreytingar meðan á framkvæmd samningsins stendur, s.s. hreina innri endurskipulagningu, yfirtökur, samruna og kaup eða ógjaldfærni. Slíkar skipulagsbreytingar ættu ekki sjálfkrafa að kalla á nýtt innkaupaferli fyrir alla opinbera samninga sem sá bjóðandi framkvæmir.

111) Samningsyfirvöld ættu að hafa möguleika á að kveða á um breytingar á einstökum samningum með endurskoðunarákvæðum eða ákvæðum um valmöguleika í samningunum sjálfum en slík ákvæði ættu ekki að veita þeim ótakmarkað ákvörðunarvald. Því ætti að setja fram í þessari tilskipun upp að hvaða marki megi kveða á um breytingar í upphaflega samningnum. Því ætti að koma skýrt fram að nægilega skýrt orðuð endurskoðunarákvæði eða ákvæði um valmöguleika geti m.a. kveðið á um verðtryggingu eða tryggt að t.d. fjarskiptabúnaður, sem ber að afhenda á tilteknu tímabili henti áfram, einnig ef um er að ræða breyttar samskiptareglur um fjarskipti eða aðrar tæknilegar breytingar. Einnig ætti að vera mögulegt, samkvæmt nægilega skýrum ákvæðum, að kveða á um breytingar á samningnum sem reynast nauðsynlegar vegna tæknilegra örðugleika sem hafa komið upp við starfrækslu eða viðhald. Einnig ætti að minna á að samningar gætu t.d. varðað bæði hefðbundið viðhald auk þess að kveða á um sérstök inngrip vegna viðhalds sem kann að vera nauðsynlegt til þess að tryggja áframhaldandi veitingu opinberrar þjónustu.

112) Samningsyfirvöld standa stundum frammi fyrir aðstæðum sem krefjast þess að opinberum samningum sé slitið fyrr en ætlað var til þess að farið sé að skyldum samkvæmt löggjöf Sambandsins á sviði opinberra innkaupa. Aðildarríkin ættu því að tryggja að samningsyfirvöld eigi þess kost að slíta opinberum samningi, í samræmi við skilyrði sem kveðið er á um í landslögum, á gildistíma hans, ef þess er krafist samkvæmt lögum Sambandsins.

113) Niðurstöður vinnuskjals framkvæmdastjórnarinnar frá 27. júní 2011 með heitinu „Matsskýrsla: Áhrif og skilvirkni löggjafar ESB um opinber innkaup“ gáfu til kynna að endurskoða ætti að vissar tegundir þjónustu eru undanskildar fullri beitingu tilskipunar 2004/18/EB. Af því leiðir að víkka ætti út fulla beitingu þessarar tilskipunar þannig að hún nái til fleiri tegunda þjónustu.

114) Eðlis síns vegna ná tilteknir flokkar þjónustu áfram að takmörkuðu leyti yfir landamæri, einkum þjónusta, sem lýst er sem þjónusta við einstaklinga, s.s. tiltekin félagsþjónusta, heilbrigðisþjónusta og þjónusta á sviði menntunar. Slík þjónusta er veitt í tilteknu samhengi sem er mjög mismunandi meðal aðildarríkjanna vegna mismunandi menningarhefða. Því ætti að koma á sérstöku fyrirkomulagi fyrir opinbera samninga vegna þess konar þjónustu með hærri viðmiðunarfjárhæð en gildir um aðra þjónustu.

Þjónusta við einstaklinga, þar sem verðmætið er undir þeirri viðmiðunarfjárhæð, vekur yfirleitt ekki áhuga þjónustuveitenda í öðrum aðildarríkjum nema ótvíræðar vísbendingar séu um hið gagnstæða, s.s. að Sambandið fjármagni verkefni sem ná yfir landamæri.

Um samninga um þjónustu við einstaklinga yfir þessari viðmiðunarfjárhæð ættu að gilda gagnsæiskvaðir innan alls Sambandsins. Í ljósi mikilvægis menningarlegs samhengis þessarar þjónustu og hversu viðkvæm hún er ætti að veita aðildarríkjunum víðtækt ákvörðunarvald til að skipuleggja val á þjónustuveitendum með þeim hætti sem þau telja hæfa best. Reglur þessarar tilskipunar taka mið af þessari brýnu kröfu og með þeim eru einungis settar kröfur um að uppfylla grundvallarreglurnar um gagnsæi og jafna meðferð og að tryggja að samningsyfirvöld séu fær um að nota sérstakar gæðaviðmiðanir við val á þjónustuveitendum, s.s. viðmiðanirnar sem settar eru fram í valfrjálsum evrópskum gæðaramma fyrir félagsþjónustu, sem birtur er af nefnd Evrópusambandsins um félagslega vernd. Við ákvörðun á þeim ferlum sem nota skal við samningsgerð vegna þjónustu við einstaklinga ættu aðildarríkin að taka mið af 14. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og bókun nr. 26. Um leið ættu aðildarríkin að leitast við að ná markmiðum um einföldun og að létta stjórnsýsluálag samningsyfirvalda og rekstraraðila; taka ætti skýrt fram að slíkar aðgerðir gætu einnig falið í sér að fara þyrfti að reglum sem gilda um þjónustusamninga sem ekki falla undir einfalda fyrirkomulagið.

Aðildarríkjum og opinberum yfirvöldum er áfram frjálst að veita þessa þjónustu sjálf eða að skipuleggja félagsþjónustu með þeim hætti að það feli ekki í sér gerð opinberra samninga, t.d. með því að fjármagna aðeins slíka þjónustu eða með því að veita leyfi eða heimildir til allra rekstraraðila, sem uppfylla tiltekin skilyrði sem samningsyfirvaldið setur fyrirfram, án takmarkana eða kvóta, að því tilskildu að slík kerfi tryggi næga auglýsingu og séu í samræmi við meginreglurnar um gagnsæi og bann við mismunun.

115) Á sama hátt er hótel- og veitingaþjónusta almennt einungis boðin af aðilum sem eru staðsettir á þeim tiltekna stað þar sem þjónustan er veitt og nær þess vegna að takmörkuðu leyti yfir landamæri. Hún ætti því eingöngu að falla undir einfalda fyrirkomulagið ef verðmæti hennar nemur 750 000 evra viðmiðunarfjárhæðinni eða þar yfir. Stórir hótel- og veitingaþjónustusamningar yfir þessum viðmiðunarfjárhæðum geta verið mikilvægir fyrir ýmsa rekstraraðila, s.s. ferðaskrifstofur og aðra milliliði, einnig yfir landamæri.

116) Svipuðu máli gegnir með tiltekna lögfræðiþjónustu, sem snertir eingöngu málefni sem eru alfarið bundin við landslög og er þess vegna almennt aðeins boðin af aðilum, sem eru í hlutaðeigandi aðildarríki, og nær af þessum sökum einnig að takmörkuðu leyti yfir landamæri. Hún ætti því eingöngu að falla undir einfalda fyrirkomulagið ef verðmæti hennar nemur 750 000 evra viðmiðunarfjárhæðinni eða þar yfir. Stórir samningar um lögfræðiþjónustu, sem eru yfir þessari viðmiðunarfjárhæð, geta verið mikilvægir fyrir ýmsa rekstraraðila, t.d. alþjóðleg lögfræðifyrirtæki, einnig þeir sem ná yfir landamæri, einkum ef um er að ræða lögfræðileg álitaefni sem rísa eða eru tilkomin vegna Sambandslaga eða annarra alþjóðalaga eða taka til fleiri en eins lands.

117) Reynslan hefur leitt í ljós að yfirleitt varðar ýmiss konar önnur þjónusta, s.s. björgunarþjónusta, slökkvistörf og fangelsisþjónusta, aðeins hagsmuni yfir landamæri frá þeim tíma sem hún nær nægilegu magnumfangi vegna hlutfallslega mikils verðmætis. Svo fremi sem hún er ekki undanskilin gildissviði þessarar tilskipunar ætti hún að falla undir einfalda fyrirkomulagið. Að því marki sem veiting þjónustu byggist í reynd á samningum, mun annars konar þjónusta, s.s. opinber þjónusta eða þjónusta við samfélagið, að öðru jöfnu aðeins varða hagsmuni yfir landamæri ef verðmæti hennar fer yfir 750 000 evra viðmiðunarfjárhæð og ætti þess vegna aðeins í slíku tilviki að falla undir einfalda fyrirkomulagið.

118) Til að tryggja áframhaldandi opinbera þjónustu ætti þessi tilskipun að gefa færi á að þátttaka á sviði tiltekinnar heilbrigðis-, félags- og menningarþjónustu í innkaupaferli geti verið bundin við stofnanir, sem byggjast á eignarhaldi starfsmanna eða virkri þátttöku starfsmanna í stjórnun þeirra, sem og við fyrirliggjandi stofnanir á borð við samvinnufélög, að því er varðar þátttöku í að veita endanlegum notendum þessa þjónustu. Gildissvið þessa ákvæðis nær einungis til tiltekinnar heilbrigðis- og félagsþjónustu og tengdrar þjónustu, tiltekinnar menntunar- og þjálfunarþjónustu, bókasafns-, skjalavörslu- og safnaþjónustu og annarrar menningartengdrar þjónustu, íþróttaþjónustu og þjónustu fyrir einkaheimili og er ekki ætlað að ná til undanskilinnar þjónustu sem annars er kveðið á um í þessari tilskipun. Sú þjónusta ætti aðeins að falla undir einfalda fyrirkomulagið.

119) Rétt er að skilgreina þess konar þjónustu með tilvísun í sérstaka liði í sameiginlega innkaupaorðasafninu eins og það var samþykkt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2195/2002 ([19]), en það er flokkunarkerfi með stigskipaðri uppbyggingu, skipt niður í deildir, hópa, greinar, flokka og undirflokka. Til þess að koma í veg fyrir réttaróvissu ætti að taka fram að tilvísun í deild felur ekki í sér að vísað sé í undirskipaðar undirdeildir. Þess í stað ætti að setja fram slíka heildartilvísun skýrt og greinilega með því að tiltaka alla viðkomandi staði, ef við á, sem röð af kóðum.

([19]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2195/2002 frá 5. nóvember 2002 um sameiginlegt innkaupaorðasafn (CPV) (Stjtíð. EB L 340, 16.12.2002, bls. 1).

120) Hönnunarsamkeppnir hafa yfirleitt helst verið haldnar á sviði borgar- og byggðaskipulags, byggingarlistar og verkfræði eða gagnavinnslu. Hins vegar er rétt að minna á að þessar sveigjanlegu aðferðir mætti líka nýta í öðrum tilgangi, s.s. til að afla áætlana um fjármögnunarúrræði til að hámarka stuðning við lítil og meðalstór fyrirtæki í tengslum við verkefnið sameiginleg evrópsk úrræði fyrir ör- til meðalstór fyrirtæki (JEREMIE) eða aðrar stuðningsáætlanir Sambandsins fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í tilteknu aðildarríki. Í hönnunarsamkeppninni, sem notuð væri til að afla áætlana um þess háttar fjármögnunarúrræði, mætti einnig gera ráð fyrir að þjónustusamningar, sem fylgja í kjölfarið til að koma í þessum fjármögnunarúrræðum í framkvæmd, yrðu gerðir við vinningshafann eða einn vinningshafa hönnunarsamkeppninnar með samningskaupum án auglýsingar.

121) Matið hefur leitt í ljós að enn er umtalsvert svigrúm til endurbóta á beitingu reglna Sambandsins um opinber innkaup. Til að beiting reglnanna verði skilvirkari og samræmdari er mikilvægt að öðlast góða yfirsýn yfir möguleg kerfislæg vandamál og almenn mynstur í opinberri innkaupastefnu í hverju aðildarríki fyrir sig svo taka megi á mögulegum vandamálum með markvissari hætti. Þetta yfirlit ætti að vinna með viðeigandi eftirliti og niðurstöður þess ætti að birta reglulega til að upplýst umræða um mögulegar endurbætur á reglum og starfsvenjum um innkaup geti farið fram. Með því að fá gott yfirlit af þessu tagi væri einnig hægt að fá innsýn í beitingu reglna um opinber innkaup í tengslum við framkvæmd verkefna sem Sambandið fjármagnar í samstarfi við aðildarríkin. Aðildarríkjunum ætti að vera í sjálfsvald sett að ákveða hvernig eftirlitið fer fram og hver annast framkvæmd þess, um leið ætti þeim að vera í sjálfsvald sett að ákveða hvort eftirlitið skuli byggjast á eftirliti eftir á með hjálp úrtaka eða á kerfisbundnu fyrirframmati á opinberum innkaupaferlum sem falla undir þessa tilskipun. Það ætti að vera mögulegt að vekja athygli viðeigandi aðila á hugsanlegum vandamálum, en ætti ekki nauðsynlega að hafa í för með sér að þeir sem önnuðust eftirlitið öðlist rétt til málsóknar fyrir dómstólum.

Betri leiðbeiningar, upplýsingar og stuðningur við samningsyfirvöld og rekstraraðila gæti einnig lagt umtalsvert af mörkum til að auka skilvirkni í opinberum innkaupum með meiri þekkingu, aukinni réttarvissu og fagmennsku í starfsvenjum við opinber innkaup. Slíkar leiðbeiningar ætti að ætíð að gera aðgengilegar samningsyfirvöldum og rekstraraðilum ef nauðsyn virðist á því að færa beitingu reglnanna til betri vegar. Leiðbeiningarnar sem veita skal gætu náð yfir öll málefni, sem skipta máli í opinberum innkaupum, s.s. skipulagningu innkaupa, ferli, val á tækni og aðferðum og góðar starfsvenjur við framkvæmd ferlanna. Að því er varðar lagaleg atriði er ekki nauðsynlegt að leiðbeiningarnar séu svo ítarlegar að þær feli í sér lögfræðilega heildargreiningu á viðkomandi málefnum,

þær mætti takmarka við almennar ábendingar á þeim þáttum, sem ætti að taka tillit til við ítarlega greiningu á spurningunum, sem síðar er gerð, t.d. með því að vísa til dómaframkvæmdar, sem gæti skipt máli, eða til leiðbeininga eða annarra heimilda þar sem þegar hefur verið fjallað um tiltekna spurningu.

122) Í tilskipun 89/665/EBE er kveðið á um tilteknar kæruleiðir sem skulu vera tiltækar a.m.k. einstaklingum sem hafa eða höfðu áhuga á því að ná tilteknum samningi og hafa átt á hættu að verða eða hafa orðið fyrir skaða af meintu broti á Sambandslögum á sviði opinberra innkaupa eða reglna sem aðildarríkin hafa sett til að lögleiða þau lög. Þessar kæruleiðir ættu ekki að verða fyrir áhrifum af þessari tilskipun. Borgarar, hagsmunaaðilar, sem málið varðar, hvort heldur skipulagðir eða ekki, og aðrir einstaklingar eða aðilar, sem ekki hafa aðgang að kæruleiðum samkvæmt tilskipun 89/665/EBE, hafa, sem skattgreiðendur, engu að síður lögmætra hagsmuna að gæta varðandi traust innkaupaferli. Þeir ættu því að hafa möguleika á því, fyrir utan kæruleiðirnar samkvæmt tilskipun 89/665/EBE og án þess að það hafi í för með sér að þeir öðlist rétt til málssóknar fyrir dómstólum, að benda lögbæru yfirvaldi eða stofnun á möguleg brot á þessari tilskipun. Til að komast hjá skörun við önnur yfirvöld eða stofnanir, sem þegar eru til staðar, ætti aðildarríkjunum að vera unnt að skírskota til almennra eftirlitsyfirvalda eða -stofnana, eftirlitsaðila í vissum geirum, eftirlitsyfirvalda á sveitarstjórnarstigi, samkeppnisyfirvalda, umboðsmanns eða landsbundinna endurskoðunaryfirvalda.

123) Til að nýta til fulls þá möguleika sem felast í opinberum innkaupum við að ná markmiðum áætlunarinnar Evrópa 2020 um snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla verða innkaup á sviði umhverfismála, félagsmála og nýsköpunar einnig að gegna sínu hlutverki. Þess vegna er mikilvægt að fá yfirlit yfir þróun á sviði stefnumótandi innkaupa þannig að unnt sé að fá upplýst sjónarhorn á almenna tilhneigingu á þessu sviði í heild. Auðvitað má einnig nota allar viðeigandi skýrslur, sem þegar hafa verið gerðar, í þessu samhengi.

124) Í ljósi þeirra möguleika sem lítil og meðalstór fyrirtæki gefa færi á varðandi fjölgun starfa, vöxt og nýsköpun er mikilvægt að hvetja þau til að taka þátt í opinberum innkaupum, bæði með viðeigandi ákvæðum í þessari tilskipun og einnig í gegnum framtaksverkefni á landsvísu. Nýju ákvæðin, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, ættu að stuðla að því að bæta árangur, þ.e.a.s. hlutfall lítilla og meðalstórra fyrirtækja í heildarverðmæti gerðra samninga. Ekki þykir rétt að setja fyrirmæli um skyldubundið árangurshlutfall, hins vegar ætti að fylgjast náið með landsbundnum framtaksverkefnum til að auka þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja með tilliti til mikilvægis þessa þáttar.

125) Röð ferla og starfsaðferða hefur þegar verið komið á að því er varðar samskipti og tengiliði framkvæmdastjórnarinnar við aðildarríki, s.s. samskipti og tengiliði sem tengjast ferlunum, sem kveðið er á um í 258. og 260. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, samkvæmt netinu til úrlausnar vandamála á innri markaði (SOLVIT) og tilraunaverkefni ESB (EU Pilot), sem ekki er breytt með þessari tilskipun. Þeim til viðbótar ætti þó að tilgreina einn tengilið í hverju aðildarríki fyrir samvinnu við framkvæmdastjórnina, sem myndi gegna hlutverki eins móttökuaðila fyrir málefni sem varða opinber innkaup í viðkomandi aðildarríki. Þetta hlutverk gæti verið í höndum annaðhvort einstaklinga eða stofnana, sem þegar eru í reglulegu sambandi við framkvæmdastjórnina varðandi málefni sem tengjast opinberum innkaupum, s.s. landsbundnir tengiliðir, fulltrúar í ráðgjafarnefnd um opinber innkaup, fulltrúar í innkaupatengslanetinu eða landsbundnir samræmingaraðilar.

126) Rekjanleiki og gagnsæi við ákvarðanatöku í innkaupaferlum er það sem meginmáli skiptir til að tryggja traust ferli, m.a. að berjast með skilvirkni gegn spillingu og svikum. Samningsyfirvöld ættu því að geyma afrit af verðmætum samningum, sem gerðir eru, til þess að geta veitt hlutaðeigandi aðilum aðgang að þessum skjölum í samræmi við gildandi reglur um aðgang að skjölum. Enn fremur ætti að skjalfesta mikilvægustu þætti og ákvarðanir einstakra innkaupaferla í innkaupaskýrslu. Til að komast hjá stjórnsýsluálagi, svo sem unnt er, ætti að vera heimilt að vísað sé til upplýsinga í innkaupaskýrslunni sem þegar eru fyrir hendi í viðkomandi tilkynningu um samningsgerð. Einnig ætti að endurbæta rafrænu kerfin fyrir birtingu slíkra tilkynninga, sem framkvæmdastjórnin hefur umsjón með, í því skyni að auðvelda innfærslu gagna og um leið útdrátt heildarskýrslna og gagnaskipti milli kerfa.

127) Í þágu þess að einfalda stjórnsýsluna og til að létta byrðum af aðildarríkjunum ætti framkvæmdastjórnin að skoða reglulega hvort gæði og heilleika í upplýsingum í tilkynningum, sem birtar eru í tengslum við opinber innkaupaferli, séu nægileg til að framkvæmdastjórninni sé kleift að draga út þær tölfræðilegu upplýsingar sem aðildarríkin myndu að öðrum kosti þurfa að sjá um að senda.

128) Skilvirk samvinna á sviði stjórnsýslu er nauðsynleg vegna þeirra upplýsingaskipta sem þörf er á við framkvæmd útboðsferla yfir landamæri, einkum að því er varðar sannprófun á ástæðum útilokunar og á hæfiskröfum og notkun gæða- og umhverfisstaðla og skráa yfir viðurkennda rekstraraðila. Upplýsingaskipti eru með fyrirvara um landslög um trúnaðarskyldu. Þess vegna felur þessi tilskipun ekki í sér neins konar kvöð fyrir aðildarríkin um að skiptast á upplýsingum umfram þær sem landsbundin samningsyfirvöld hafa aðgang að. Upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn (IM-upplýsingakerfið), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1024/2012 ([20]), gæti falið í sér gagnlegar rafrænar leiðir til að auðvelda og efla samvinnu á sviði stjórnsýslu varðandi stjórnun upplýsingaskipta með einföldum og samræmdum ferlum til að yfirstíga tungumálahindranir. Þess vegna ætti að hleypa af stokkunum tilraunaverkefni

([20]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1024/2012 frá 25. október 2012 um samvinnu á sviði stjórnsýslu fyrir tilstilli upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn og niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/49/EB („reglugerðin um IM-upplýsingakerfið“) (Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 1).

svo skjótt sem auðið er til að prófa hvort það sé heppilegt skref að stækka upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn þannig að nái yfir upplýsingaskipti samkvæmt þessari tilskipun.

129) Til þess að aðlagast hraðri tæknilegri og efnahagslegri þróun og þróun á sviði reglusetningar ætti að framselja vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins til framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar nokkra þætti í þessari tilskipun sem hafa ekki grundvallarþýðingu. Þar sem nauðsynlegt er að fylgja alþjóðasamningum ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að breyta tæknilegri útfærslu aðferða til útreiknings á viðmiðunarfjárhæðum ásamt reglubundinni endurskoðun á viðmiðunarfjárhæðunum sjálfum og að breyta X. viðauka. Breytingar gætu orðið á skránum yfir yfirvöld á vegum ríkisins vegna breytinga í stjórnsýslunni í hverju aðildarríki fyrir sig. Tilkynnt er um slíkar breytingar til framkvæmdastjórnarinnar sem ætti að hafa heimild til að breyta I. viðauka. Tilvísanir í flokkunarkerfi sameiginlega innkaupaorðasafnsins geta breyst vegna breytinga á reglum á vettvangi Sambandsins og nauðsynlegt er að þessar breytingar skili sér í texta þessarar tilskipunar. Uppfæra ætti tæknileg atriði og eiginleika búnaðar til rafrænnar móttöku í takt við tækniþróun. Einnig er nauðsynlegt að heimila framkvæmdastjórninni að lögbjóða tæknistaðla fyrir rafræn samskipti til að tryggja rekstrarsamhæfi tæknisniða, ferla og skilaboða í innkaupaferli sem fram fer með notkun rafrænna samskiptaaðferða með hliðsjón af tækniþróun. Skránni yfir réttargerðir Sambandsins, þar sem komið er á sameiginlegum aðferðum við útreikning á vistferilskostnaði, ætti að breyta með hraði til að fella inn ráðstafanir sem samþykktar eru í hverjum geira fyrir sig. Til að uppfylla þessar þarfir ætti að heimila framkvæmdastjórninni að halda skránni yfir réttargerðir ávallt uppfærðri, þ.m.t. aðferðum við útreikning vistferilskostnaðar. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

130) Við beitingu þessarar tilskipunar ætti framkvæmdastjórnin að ráðfæra sig við viðeigandi sérfræðingahópa á sviði rafrænna innkaupa til að tryggja jafnvægi í samsetningu þeirra hópa sem hafa lykilhagsmuna að gæta.

131) Til að tryggja samræmd skilyrði við framkvæmd þessarar tilskipunar, sem og við að semja stöðluðu eyðublöðin fyrir birtingu tilkynninga og staðlað eyðublað fyrir eigin yfirlýsingar, ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([21]).

([21]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

132) Beita ætti ráðgjafarnefndarmeðferð við samþykkt framkvæmdargerða, sem varða stöðluð eyðublöð fyrir birtingu tilkynninga, sem hafa hvorki áhrif frá fjárhagslegu sjónarmiði né á eðli og umfang skyldna sem stafa af þessari tilskipun. Þessar gerðir einkennast, þvert á móti, af því að þær þjóna einvörðungu stjórnsýslulegum tilgangi og er ætlað að auðvelda beitingu reglnanna sem settar eru fram í þessari tilskipun.

133) Beita ætti rannsóknarmálsmeðferðinni við samþykkt staðlaða eyðublaðsins fyrir eigin yfirlýsingar vegna þeirra áhrifa sem þessar eigin yfirlýsingar hafa á innkaupin og vegna þess að þær gegna lykilhlutverki við einföldun á kröfum um skjalahald í innkaupaferlinu.

134) Framkvæmdastjórnin ætti að rýna í áhrif þess á innri markaðinn að notaðar séu viðmiðunarfjárhæðir og greina Evrópuþinginu og ráðinu frá því. Um leið ætti hún að taka tillit til þátta á borð við umfang innkaupa yfir landamæri, þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja, viðskiptakostnaðar og vega og meta kostnað á móti ávinningi.

Í samræmi við 7. mgr. XXII gr. samningsins um opinber innkaup eiga samningsaðilar að eiga með sér frekari viðræður um hann þremur árum eftir að hann öðlast gildi og með reglubundnum hætti eftir það. Í tengslum við það ætti að skoða hversu viðeigandi viðmiðunarfjárhæðirnar eru, með áhrif verðbólgu í huga í ljósi þess að langur tími líður án þess að viðmiðunarfjárhæðunum sé breytt í samningnum um opinber innkaup. Ef viðmiðunarfjárhæðirnar skyldu breytast af þessum sökum ætti framkvæmdastjórnin að samþykkja, eftir því sem við á, tillögu um réttargerð um að breyta viðmiðunarfjárhæðunum sem settar eru fram í þessari tilskipun.

135) Með hliðsjón af yfirstandandi umræðum um þverlæg ákvæði um tengsl við þriðju lönd með skírskotun til opinberra innkaupa ætti framkvæmdastjórnin að fylgjast náið með alþjóðlegum viðskiptaskilyrðum og meta hver samkeppnisaðstaða Sambandsins er.

136) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að samræma lög og stjórnsýslufyrirmæli aðildarríkjanna um beitingu tiltekinna opinberra innkaupaferla og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs þeirra og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná því markmiði.

137) Fella ber tilskipun 2004/18/EB úr gildi.

138) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl hafa aðildarríki skuldbundið sig, í rökstuddum tilvikum, til að láta tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar fylgja eitt eða fleiri skjöl sem skýra út sambandið milli innihalds tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga. Að því er varðar þessa tilskipun telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé rökstudd.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. BÁLKUR: GILDISSVIÐ, SKILGREININGAR OG ALMENNAR MEGINREGLUR

I. KAFLI: Gildissvið og skilgreiningar

1. ÞÁTTUR: EFNI OG SKILGREININGAR

1. gr.: Efni og gildissvið

2. gr.: Skilgreiningar

3. gr.: Blönduð innkaup

2. ÞÁTTUR: VIÐMIÐUNARFJÁRHÆÐIR

4. gr.: Viðmiðunarfjárhæðir

5. gr.: Aðferðir til að reikna út áætlað verðmæti innkaupa

6. gr.: Endurskoðun viðmiðunarfjárhæða og skrárinnar yfir yfirvöld á vegum ríkisins

3. ÞÁTTUR: UNDANTEKNINGAR

7. gr.: Samningar á sviði vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu

8. gr.: Sérstakar undantekningar á sviði rafrænna fjarskipta

9. gr.: Opinberir samningar sem gerðir eru og hönnunarsamkeppnir sem haldnar eru í samræmi við alþjóðlegar reglur

10. gr.: Sérstakar undantekningar vegna þjónustusamninga

11. gr.: Þjónustusamningar sem gerðir eru á grundvelli einkaréttar

12. gr.: Opinberir samningar milli opinberra aðila

4. ÞÁTTUR: SÉRSTAKAR AÐSTÆÐUR

1. undirþáttur: Niðurgreiddir samningar og þjónusta tengd rannsóknum og þróun

13. gr.: Samningar niðurgreiddir af samningsyfirvöldum

14. gr.: Þjónusta tengd rannsóknum og þróun

2. undirþáttur: Innkaup sem hafa hliðar er snúa að vörnum eða öryggi

15. gr.: Varnir og öryggi

16. gr.: Blönduð innkaup sem hafa hliðar er snúa að vörnum eða öryggi

17. gr.: Samningar sem gerðir eru og hönnunarsamkeppnir sem skipulagðar eru í samræmi við alþjóðlegar reglur og hafa hliðar er snúa að vörnum og öryggi

II. KAFLI: Almennar reglur

18. gr.: Meginreglur um innkaup

19. gr.: Rekstraraðilar

20. gr.: Samningar bundnir við ákveðna hópa

21. gr.: Trúnaðarkvaðir

22. gr.: Reglur um samskipti

23. gr.: Flokkunarkerfi

24. gr.: Hagsmunaárekstrar

II. BÁLKUR REGLUR UM OPINBERA SAMNINGA

I. KAFLI: Útboðsaðferðir

25. gr.: Skilyrði í tengslum við samninginn um opinber innkaup og aðra alþjóðasamninga

26. gr.: Val á útboðsaðferðum

27. gr.: Almennt útboð

28. gr.: Lokað útboð

29. gr.: Samkeppnisútboð með samningsviðræðum

30. gr.: Samkeppnisviðræður

31. gr.: Nýsköpunarsamstarf

32. gr.: Notkun samningskaupa án undangenginnar auglýsingar

II. KAFLI: Tækni og aðferðir við rafræn innkaup og hópinnkaup

33. gr.: Rammasamningar

34. gr.: Gagnvirk innkaupakerfi

35. gr.: Rafræn uppboð

36. gr.: Rafrænir vörulistar

37. gr.: Miðstýrð innkaupastarfsemi og miðlægar innkaupastofnanir

38. gr.: Tilfallandi sameiginleg innkaup

39. gr.: Innkaup samningsyfirvalda frá mismunandi aðildarríkjum

III. KAFLI: Framkvæmd útboðs

1. ÞÁTTUR: UNDIRBÚNINGUR

40. gr.: Undanfarandi markaðskannanir

41. gr.: Fyrri aðkoma umsækjenda eða bjóðenda

42. gr.: Tækniforskriftir

43. gr.: Merki

44. gr.: Prófunarskýrslur, vottun og önnur sönnunargögn

45. gr.: Frávikstilboð

46. gr.: Skipting samninga í hluta

47. gr.: Frestir settir

2. ÞÁTTUR: BIRTING OG GAGNSÆI

48. gr.: Kynningartilkynningar

49. gr.: Útboðstilkynningar

50. gr.: Tilkynningar um samningsgerð

51. gr.: Form tilkynninga og aðferð við birtingu þeirra

52. gr.: Birting á landsvísu

53. gr.: Rafrænt aðgengi að útboðsgögnum

54. gr.: Boð til umsækjenda

55. gr.: Upplýsingar til umsækjenda og bjóðenda

3. ÞÁTTUR: VAL Á ÞÁTTTAKENDUM OG SAMNINGSGERÐ

56. gr.: Almennar meginreglur

1. undirþáttur: Forsendur fyrir hæfismiðuðu vali

57. gr.: Ástæður til útilokunar

58. gr.: Hæfiskröfur

59. gr.: Samevrópsk hæfisyfirlýsing bjóðanda

60. gr.: Sönnunargögn

61. gr.: Gagnasafn vottorða á Netinu (e-Certis)

62. gr.: Gæðastaðlar og umhverfisstjórnunarstaðlar

63. gr.: Byggt á getu annarra aðila

64. gr.: Opinberar skrár yfir samþykkta rekstraraðila og vottun frá opinberum og einkaréttarlegum aðilum

2. undirþáttur: Fækkun umsækjenda, tilboða og lausna

65. gr.: Fækkun hæfra umsækjenda sem boðin er þátttaka

66. gr.: Fækkun tilboða og lausna

3. undirþáttur: Gerð samnings

67. gr.: Forsendur fyrir vali tilboðs

68. gr.: Útreikningur vistferilskostnaðar

69. gr.: Óeðlilega lág tilboð

IV. KAFLI: Framkvæmd samnings

70. gr.: Skilyrði sem tengjast framkvæmd samnings

71. gr.: Undirverktakastarfsemi

72. gr.: Breyting samninga á gildistíma þeirra

73. gr.: Slit samninga

III. BÁLKUR: SÉRSTAKT INNKAUPAFYRIRKOMULAG

I. KAFLI: Félagsþjónusta og önnur sértæk þjónusta

74. gr.: Gerð samninga um félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu

75. gr.: Birting tilkynninga

76. gr.: Meginreglur um val tilboða

77. gr.: Samningar bundnir við ákveðna hópa um tiltekna þjónustu

II. KAFLI: Reglur um hönnunarsamkeppni

78. gr.: Gildissvið

79. gr.: Tilkynningar

80. gr.: Reglur um tilhögun hönnunarsamkeppna og val þátttakenda

81. gr.: Samsetning dómnefndar

82. gr.: Ákvarðanir dómnefndar

IV. BÁLKUR: STJÓRNUNARHÆTTIR

83. gr.: Framfylgd

84. gr.: Stakar skýrslur um innkaupaferli vegna samninga

85. gr.: Skýrslugjöf innanlands og tölfræðilegar upplýsingar

86. gr.: Samvinna á sviði stjórnsýslu

V. BÁLKUR: FRAMSELT VALD, FRAMKVÆMDARVALD OG LOKAÁKVÆÐI

87. gr.: Beiting framsals

88. gr.: Flýtimeðferð

89. gr.: Nefndarmeðferð

90. gr.: Lögleiðing og umbreytingarákvæði

91. gr.: Niðurfelling

92. gr.: Athugun

93. gr.: Gildistaka

94. gr.: Viðtakendur

VIÐAUKAR:

I. VIÐAUKI: YFIRVÖLD Á VEGUM RÍKISINS

II. VIÐAUKI: YFIRLIT YFIR STARFSEMI SEM UM GETUR Í a-LIÐ 6. LIÐAR 1. MGR. 2. GR.

III. VIÐAUKI: SKRÁ YFIR VÖRUR SEM UM GETUR Í b-LIÐ 4. GR. MEÐ HLIÐSJÓN AF SAMNINGUM SEM SAMNINGSYFIRVÖLD GERA Á SVIÐI VARNARMÁLA

IV. VIÐAUKI: KRÖFUR VARÐANDI TÆKI OG BÚNAÐ FYRIR RAFRÆNA MÓTTÖKU TILBOÐA, ÞÁTTTÖKUTILKYNNINGA SEM OG ÁÆTLANA OG VERKEFNA Í HÖNNUNARSAMKEPPNUM

V. VIÐAUKI: UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í TILKYNNINGUM

A-hluti: UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í TILKYNNINGUM UM BIRTINGU KYNNINGARTILKYNNINGAR Í UPPLÝSINGASKRÁ KAUPANDA

B-hluti: UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í KYNNINGARTILKYNNINGUM (eins og um getur í 48. gr.)

C-hluti: UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í ÚTBOÐSTILKYNNINGUM (eins og um getur í 49. gr.)

D-hluti: UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í TILKYNNINGUM UM SAMNINGSGERÐ (eins og um getur í 50. gr.)

E-hluti: UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í TILKYNNINGUM UM HÖNNUNARSAMKEPPNI (eins og um getur í 1. mgr. 79. gr.)

F-hluti: UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í TILKYNNINGUM UM ÚRSLIT SAMKEPPNI (eins og um getur í 2. mgr. 79. gr.)

G-hluti: UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í TILKYNNINGUM UM BREYTINGAR Á SAMNINGI Á GILDISTÍMA HANS (eins og um getur í 1. mgr. 72. gr.)

H-hluti: UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í ÚTBOÐSTILKYNNINGUM VARÐANDI SAMNINGA UM FÉLAGSÞJÓNUSTU OG AÐRA SÉRTÆKA ÞJÓNUSTU (eins og um getur í 1. mgr. 75. gr.).

I-hluti: UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í KYNNINGARTILKYNNINGUM VARÐANDI FÉLAGSÞJÓNUSTU OG AÐRA SÉRTÆKA ÞJÓNUSTU (eins og um getur í 1. mgr. 75. gr.)

J-hluti: UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í TILKYNNINGUM UM SAMNINGSGERÐ VARÐANDI SAMNINGA UM FÉLAGSÞJÓNUSTU OG AÐRA SÉRTÆKA ÞJÓNUSTU (eins og um getur í 2. mgr. 75. gr).

VI. VIÐAUKI: UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í ÚTBOÐSGÖGNUM Í TENGSLUM VIÐ RAFRÆN UPPBOÐ (4. MGR. 35. GR.)

VII. VIÐAUKI: SKILGREINING TILTEKINNA TÆKNIFORSKRIFTA

VIII. VIÐAUKI: BIRTING

IX. VIÐAUKI: INNIHALD BOÐS UM AÐ LEGGJA FRAM TILBOÐ, TAKA ÞÁTT Í VIÐRÆÐUM EÐA STAÐFESTA ÁHUGA SINN EINS OG KVEÐIÐ ER Á UM Í 54. GR.

X. VIÐAUKI: SKRÁ YFIR ALÞJÓÐLEGAR SAMÞYKKTIR OG SAMNINGA Á SVIÐI FÉLAGSMÁLA OG UMHVERFISMÁLA SEM UM GETUR Í 2. MGR. 18. GR.

XI. VIÐAUKI: SKRÁR

XII. VIÐAUKI: SÖNNUNARGÖGN UM HÆFISKRÖFUR

XIII. VIÐAUKI SKRÁ YFIR RÉTTARGERÐIR SAMBANDSINS SEM UM GETUR Í 3. MGR. 68. GR.

XIV. VIÐAUKI: ÞJÓNUSTA SEM UM GETUR Í 74. GR.

XV. VIÐAUKI: SAMSVÖRUNARTAFLA

I. BÁLKUR

GILDISSVIÐ, SKILGREININGAR OG ALMENNAR MEGINREGLUR

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar

1. þáttur

Efni og skilgreiningar

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Með þessari tilskipun er komið á reglum um málsmeðferð samningsyfirvalda við opinber innkaup að því er varðar opinbera samninga og hönnunarsamkeppnir, sem metið er að séu að verðmæti sem ekki er lægra en sem nemur viðmiðunarfjárhæðunum sem mælt er fyrir um í 4. gr.

2. Innkaup, í skilningi þessarar tilskipunar, eru kaup eins eða fleiri samningsyfirvalda, fyrir tilstilli opinbers samnings, á verki, vöru eða þjónustu af rekstraraðilum sem þessi samningsyfirvöld velja, hvort sem verkið, varan eða þjónustan er í almannaþágu eður ei.

3. Beiting tilskipunar þessarar er með fyrirvara um ákvæði 346. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

4. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á frelsi aðildarríkjanna til að skilgreina, í samræmi við lög Sambandsins, það sem þau telja vera þjónustu í almannaþágu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu, hvernig skipuleggja skuli þessa þjónustu og fjármagna hana, í samræmi við reglur um ríkisaðstoð og hvaða sérstöku skuldbindingar skulu gilda um hana. Á sama hátt hefur þessi tilskipun ekki áhrif á ákvörðun opinberra yfirvalda um það hvort, hvernig og að hvaða marki þau óska eftir að annast sjálf opinber störf í samræmi við 14. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og bókun 26.

5. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á það hvernig aðildarríki skipuleggja almannatryggingakerfi sín.

6. Samningar, ákvarðanir eða aðrir lagagerningar þar sem völd eða ábyrgðir til að framkvæma verkefni sem heyra undir hið opinbera færast milli samningsyfirvalda eða hópa samningsyfirvalda, og sem kveða ekki á um endurgjald fyrir samningsefndir, teljast vera innri málefni viðkomandi aðildarríkis og hefur tilskipunin engin áhrif á þau sem slík.

2. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „samningsyfirvöld“: ríkis-, svæðis- eða staðaryfirvöld, aðilar sem heyra undir opinberan rétt eða samtök sem eru mynduð af einu eða fleiri slíkum yfirvöldum eða einum eða fleiri aðilum sem heyra undir opinberan rétt,

2) „yfirvöld á vegum ríkisins“: samningsyfirvöld sem skráð eru í I. viðauka og, hafi leiðréttingar eða breytingar verið gerðar í viðkomandi landi, einingar sem koma í stað þeirra,

3) „samningsyfirvöld sem eru ekki yfirvöld á vegum ríkisins“: öll samningsyfirvöld sem ekki eru yfirvöld á vegum ríkisins,

4) „aðilar sem heyra undir opinberan rétt“: aðilar sem hafa öll eftirfarandi einkenni til að bera:

   a) þeim er komið á fót í þeim sérstaka tilgangi að fullnægja þörfum almennings en starfa hvorki á sviði iðnaðar né viðskipta,

   b) þeir hafa réttarstöðu lögaðila og

   c) þeir eru fjármagnaðir að mestu leyti af ríkis-, svæðis- eða staðaryfirvöldum, eða öðrum aðilum sem heyra undir opinberan rétt, eða starfsemi þeirra er undir eftirliti slíkra yfirvalda eða aðila, eða þeir hafa stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn þar sem meirihluti stjórnarmanna er skipaður af ríkis-, svæðis- eða staðaryfirvöldum eða öðrum aðilum sem heyra undir opinberan rétt,

5) „opinberir samningar“: skriflegir samningar, fjárhagslegs eðlis, sem einn eða fleiri rekstraraðilar og eitt eða fleiri samningsyfirvöld gera sín á milli og eru um að framkvæma verk, afhenda vörur og veita þjónustu,

6) „opinberir verksamningar“: opinberir samningar sem fjalla um eitt af eftirfarandi:

   a) framkvæmd eða bæði hönnun og framkvæmd verka sem tengjast einhverri þeirri starfsemi sem um getur í II. viðauka,

   b) framkvæmd, eða bæði hönnun og framkvæmd verks,

   c) hvers konar framkvæmd verks sem svarar til krafna sem settar eru fram af samningsyfirvaldi sem hefur afgerandi áhrif á gerð eða hönnun verksins,

7) „verk“: heildarafrakstur af byggingarframkvæmdum eða mannvirkjagerð sem getur, sem slíkt, þjónað fjárhagslegu eða tæknilegu hlutverki,

8) „opinberir vörusamningar“: opinberir samningar um kaup, langtíma- eða skammtímaleigu eða kaupleigu á vörum, með eða án kaupréttar. Opinber vörusamningur getur falið í sér tilfallandi ísetningu og uppsetningu,

9) „opinberir þjónustusamningar“: opinberir samningar um veitingu þjónustu, annarrar en þeirrar sem um getur í 6. lið,

10) „rekstraraðili“: hver sá einstaklingur, lögaðili eða opinber aðili, eða hópur slíkra einstaklinga og/eða aðila, þ.m.t. tímabundin samtök fyrirtækja, sem bjóða framkvæmd verka og/eða verk, vöruafhendingu eða þjónustustarfsemi á markaðnum,

11) „bjóðandi“: rekstraraðili, sem hefur lagt fram tilboð,

12) „umsækjandi“: rekstraraðili sem hefur leitað eftir því að eða verið boðið að taka þátt í lokuðu útboði, samkeppnisútboði með samningsviðræðum, samningskaupum án undangenginnar auglýsingar, samkeppnisviðræðum eða nýsköpunarsamstarfi,

13) „útboðsgögn“: hvert það skjal sem samningsyfirvald lætur í té eða vísar til, til þess að lýsa eða ákvarða þætti útboðsins eða ferlisins, þ.m.t. útboðstilkynning, kynningartilkynning þar sem hún er notuð til að kynna útboð, tækniforskriftir, skýringargögn, fyrirhuguð skilyrði samnings, form fyrir framlagningu umsækjenda og bjóðenda á skjölum, upplýsingar um þær skyldur sem gilda almennt og viðbótarskjöl ef einhver eru,

14) „miðstýrð innkaupastarfsemi“: viðvarandi starfsemi á einhverju því formi sem hér segir:

   a) kaup á vöru og/eða þjónustu fyrir samningsyfirvöld eða

   b) gerð opinberra samninga eða rammasamninga um verk, vöru eða þjónustu fyrir samningsyfirvöld,

15) „stoðstarfsemi við innkaup“: starfsemi sem felst í að veita stuðning við innkaup, einkum í formi:

   a) tæknilegra innviða sem gera samningsyfirvöldum kleift að gera opinbera samninga eða rammasamninga um verk, vöru eða þjónustu,

   b) ráðgjafar um framkvæmd eða skipulag opinberra innkaupaferla,

   c) undirbúnings og stjórnunar innkaupaferla fyrir hönd og á kostnað viðkomandi samningsyfirvalds,

16) „miðlæg innkaupastofnun“: samningsyfirvald sem býður miðstýrða innkaupastarfsemi og hugsanlega stoðstarfsemi við innkaup,

17) „veitandi innkaupaþjónustu“: opinber aðili eða einkaaðili sem býður stoðstarfsemi við innkaup á markaði,

18) „skriflegt“: hvers konar tjáning með orðum eða tölum sem hægt er að lesa, endurgera og miðla, þ.m.t. upplýsingar sem eru sendar eða geymdar með rafrænum aðferðum,

19) „rafrænar aðferðir“: rafrænn búnaður til vinnslu (þ.m.t. með stafrænni samþjöppun) og geymslu gagna sem eru send, flutt og móttekin með rafþræði, þráðlaust, með ljóstæknilegum aðferðum eða með öðrum rafsegulaðferðum.

20) „vistferill“: öll samfelld og/eða samtengd stig á ferli vöru, verks eða þjónustu sem veitt er, frá öflun hráefnis eða myndun tilfanga til förgunar, rýmingar og loka þjónustu eða nota, þ.m.t. rannsóknir og þróun sem fara eiga fram, framleiðsla, viðskipti og skilmálar þeirra, flutningur, notkun og viðhald,

21) „hönnunarsamkeppni“: ferli sem gerir samningsyfirvaldi kleift að fá til afnota áætlun eða hönnun, einkum á sviði borgar- og landsbyggðarskipulags, byggingarlistar og verkfræði eða gagnavinnslu, sem valin er af dómnefnd eftir að efnt hefur verið til samkeppni með eða án verðlauna,

22) „nýsköpun“: innleiðing nýrrar eða verulega bættrar vöru, þjónustu eða ferlis, þ.m.t. en ekki takmarkað við framleiðsluferli, byggingarferli, nýja markaðssetningaraðferð eða nýja skipulagsaðferð í viðskiptaháttum, skipulagi vinnustaða eða ytri samskiptum, m.a. í þeim tilgangi að hjálpa til við að takast á við samfélagslegar áskoranir eða styðja við áætlunina Evrópa 2020 um snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla,

23) „merki“: hvers konar skjal, vottorð eða staðfesting um að tiltekin verk, vörur, þjónusta, ferli eða málsmeðferðir uppfylli tilteknar kröfur,

24) „kröfur sem liggja að baki merki“: þær kröfur sem tiltekin verk, vörur, þjónusta, ferli eða málsmeðferðir þurfa að uppfylla til að fá viðkomandi merki.

2. Að því er varðar þessa grein taka „svæðisyfirvöld“ til yfirvalda sem eru á skrá, sem ekki er tæmandi, á 1. og 2. stigi flokkunar hagskýrslusvæða (NUTS) eins og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1059/2003 um að taka upp sameiginlega flokkun hagskýrslusvæða (NUTS) ([22]), en „staðaryfirvöld“ taka til allra yfirvalda stjórnsýslueininga sem heyra undir 3. stig NUTS-flokkunarinnar og smærri stjórnsýslueininga, eins og um getur í reglugerð (EB) nr. 1059/2003.

([22]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1059/2003 frá 26. maí 2003 um að taka upp sameiginlega flokkun hagskýrslusvæða (NUTS) (Stjtíð. ESB L 154, 21.6.2003, bls. 1).

3. gr.

Blönduð innkaup

1. Ákvæði 2. mgr. gilda um blandaða samninga sem varða mismunandi tegundir innkaupa sem allar falla undir þessa tilskipun.

Ákvæði 3.–5. mgr. gilda um blandaða samninga sem varða innkaup sem heyra undir þessa tilskipun og innkaup sem heyra undir aðrar lagareglur.

2. Samningar, sem varða í senn tvær eða fleiri tegundir innkaupa (á verkum, þjónustu eða vörum) skulu gerðir í samræmi við ákvæðin sem gilda um þá tegund innkaupa sem einkennir meginefni samningsins sem í hlut á.

Þegar um er að ræða blandaða samninga, sem varða að hluta þjónustu í skilningi I. kafla III. bálks og að hluta aðra þjónustu, eða blandaða samninga, sem varða að hluta þjónustu og að hluta vörur, skal ákvarða hvert meginefni samningsins er út frá því hvor viðkomandi þjónustuþátta hefur hærra áætlað verðmæti eða hvort áætlað verðmæti þjónustu- eða vöruþáttarins er hærra.

3. Þar sem hægt er að aðskilja mismunandi hluta tiltekins samnings með hlutlægum hætti gildir 4. mgr. Þar sem ekki er hægt að aðskilja mismunandi hluta tiltekins samnings með hlutlægum hætti gildir 6. mgr.

Þar sem hluti tiltekins samnings fellur undir 346. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins eða tilskipun 2009/81/EB, gildir 16. gr. þessarar tilskipunar.

4. Ef um er að ræða samninga sem fjalla um innkaup sem falla undir þessa tilskipun auk innkaupa sem ekki falla undir hana, geta samningsyfirvöldin valið á milli þess að gera aðskilda samninga fyrir aðskilda hluta þeirra eða einn stakan samning. Þar sem samningsyfirvöld kjósa að gera aðskilda samninga fyrir aðskilda hluta skal ákvörðunin um það hvaða lagareglur gilda um hvern og einn slíkra aðskilinna samninga tekin á grundvelli einkenna viðkomandi hluta.

Þar sem samningsyfirvöld kjósa að gera stakan samning skal þessi tilskipun gilda, nema kveðið sé á um annað í 16. gr., um þann blandaða samning sem til verður, óháð verðmæti þeirra hluta hans sem myndu annars falla undir aðrar lagareglur og óháð því hvaða lagareglur þeir hlutar myndu annars falla undir.

Þegar um er að ræða blandaða samninga sem innihalda í senn þætti vöru-, verk- og þjónustusamninga og sérleyfa, skal blandaði samningurinn gerður í samræmi við þessa tilskipun að því tilskildu að áætlað verðmæti þess hluta samningsins sem telst vera samningur sem fellur undir þessa tilskipun, reiknað út í samræmi við 5. gr., sé jafnhátt eða hærra en viðkomandi viðmiðunarfjárhæð sem sett er fram í 4. gr.

5. Þegar um er að ræða samninga sem varða í senn innkaup sem falla undir þessa tilskipun og innkaup vegna starfsemi sem fellur undir tilskipun 2014/25/ESB, skal, þrátt fyrir 4. mgr. þessarar greinar, ákvarða hvaða reglur gilda í samræmi við 5. og 6. gr. tilskipunar 2014/25/ESB.

6. Þar sem ekki er hægt að aðskilja mismunandi hluta tiltekins samnings með hlutlægum hætti, skal ákvarða hvaða lagareglur eiga við á grundvelli meginefnis samningsins.

2. þáttur

Viðmiðunarfjárhæðir

4. gr.

Viðmiðunarfjárhæðir

Þessi tilskipun gildir um innkaup þar sem áætlað verðmæti án virðisaukaskatts er jafnt eða meira en eftirfarandi viðmiðunarfjárhæðir:

a) 5 186 000 evrur þegar um er að ræða opinbera verksamninga.

b) 134 000 evrur þegar um er að ræða opinbera vöru- og þjónustusamninga, gerða af yfirvöldum á vegum ríkisins og hönnunarsamkeppnir sem slík yfirvöld halda; sé um að ræða opinbera vörusamninga, gerða af samningsyfirvöldum sem starfa á sviði varnarmála, skal viðmiðunarfjárhæðin aðeins gilda um samninga varðandi vörur sem falla undir III. viðauka,

c) 207 000 evrur þegar um er að ræða opinbera vöru- og þjónustusamninga, gerða af samningsyfirvöldum, sem eru ekki yfirvöld á vegum ríkisins og hönnunarsamkeppnir sem slík yfirvöld halda; skal sú viðmiðunarfjárhæð einnig gilda um opinbera vörusamninga gerða af yfirvöldum á vegum ríkisins sem starfa á sviði varnarmála ef þessir samningar varða vörur sem falla ekki undir III. viðauka,

d) 750 000 evrur þegar um er að ræða opinbera þjónustusamninga um félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu sem talin er upp í XIV. viðauka.

5. gr.

Aðferðir til að reikna út áætlað verðmæti innkaupa

1. Útreikningur á áætluðu verðmæti innkaupa skal byggjast á heildarfjárhæð, sem samningsyfirvald áætlar að beri að greiða, að frátöldum virðisaukaskatti, að teknu tilliti til hvers konar valmöguleika og hugsanlegrar endurnýjunar samninganna, sem skýrt skal kveðið á um í útboðsgögnum.

Þegar samningsyfirvald ákveður verðlaun eða greiðslur til umsækjenda eða bjóðenda skal það taka tillit til þeirra við útreikning á áætluðu verðmæti innkaupanna.

2. Ef samningsyfirvald samanstendur af aðskildum skipulagseiningum skal taka tillit til áætlaðs heildarverðmætis fyrir þær allar.

Ef aðskilin skipulagseining ber sjálf ábyrgð á innkaupum sínum eða tilteknum flokkum þeirra má þó, þrátt fyrir fyrstu undirgrein, áætla verðmætið á vettvangi viðkomandi einingar.

3. Ekki skal velja aðferð við útreikning áætlaðs verðmætis innkaupa í þeim tilgangi að þau falli utan gildissviðs þessarar tilskipunar. Innkaupum skal ekki skipt niður í hluta þannig að það komi í veg fyrir að þau falli undir gildissvið þessarar tilskipunar, nema slíkt sé réttlætanlegt á grundvelli hlutlægra ástæðna.

4. Áætlað verðmæti skal miðast við þann tíma þegar útboðsauglýsing er send eða, þegar útboðsauglýsing er ekki fyrirhuguð, á þeim tíma sem samningsyfirvaldið hefur innkaupaferlið, til dæmis með því að hafa samband við rekstraraðila í tengslum við innkaupin.

5. Varðandi rammasamninga og gagnvirk innkaupakerfi skal verðmætið, sem miðað er við, vera áætlað hámarksverðmæti allra samninga, án virðisaukaskatts, sem fyrirhugað er að gera á gildistíma rammasamningsins eða gagnvirka innkaupakerfisins.

6. Þegar um er að ræða nýsköpunarsamstarf skal verðmætið, sem miðað er við, vera áætlað hámarksverðmæti rannsókna og þróunarstarfsemi, án virðisaukaskatts, sem fara á fram á öllum stigum fyrirhugaðs samstarfs, auk verðmætis vara, þjónustu eða verka sem verða þróuð og keypt í lok fyrirhugaðs samstarfs.

7. Að því er varðar opinbera verksamninga skal, við útreikning á áætluðu verðmæti, taka tillit bæði til kostnaðar við verkið og áætlaðs heildarverðmætis vara og þjónustu, sem samningsyfirvaldið fær verktakanum til ráðstöfunar að því tilskildu að það sé nauðsynlegt fyrir framkvæmd verksins.

8. Þegar fyrirhugað verk eða veiting þjónustu getur leitt til þess að samningar séu gerðir í aðskildum hlutum, skal taka tillit til áætlaðs heildarverðmætis allra slíkra samningshluta.

Ef samanlagt verðmæti samningshlutanna er jafnt viðmiðunarfjárhæðinni, sem mælt er fyrir um í 4. gr., eða meira skal þessi tilskipun gilda um hvern samningshluta.

9. Þegar hægt er að skipta tilboði um kaup á líkum vörum í aðgreinda samningshluta skal taka tillit til áætlaðs heildarverðmætis allra slíkra samningshluta við beitingu b- og c-liðar 4. gr.

Ef samanlagt verðmæti samningshlutanna er jafnt viðmiðunarfjárhæðinni, sem mælt er fyrir um í 4. gr., eða meira skal þessi tilskipun gilda um hvern samningshluta.

10. Þrátt fyrir 8. og 9. mgr. geta samningsyfirvöld gert einstaka samningshluta án þess að beita málsmeðferðum þeim sem kveðið er á um í þessari tilskipun, ef áætlað verðmæti viðkomandi samningshluta, án virðisaukaskatts, er minna en 80 000 evrur fyrir vörur eða þjónustu eða 1 milljón evrur fyrir verk. Þó skal samanlagt verðmæti samningshluta, sem þannig eru gerðir án þess að þessari tilskipun sé beitt, ekki fara yfir 20% af samanlögðu verðmæti allra samningshlutanna, sem fyrirhuguðu verki, fyrirhuguðum kaupum á líkum vörum eða fyrirhugaðri veitingu þjónustu hefur verið skipt niður í.

11. Sé um að ræða opinbera vöru- eða þjónustusamninga, sem eru gerðir með reglulegu millibili eða sem á að endurnýja innan tiltekins tíma, skal leggja eftirfarandi til grundvallar þegar áætlað verðmæti samningsins er reiknað út:

a) annaðhvort samanlagt raunvirði sams konar samninga, sem hafa verið gerðir hver á fætur öðrum, á síðustu 12 mánuðum eða á síðasta fjárhagsári, leiðrétt, þar sem unnt er, með tilliti til magn- eða verðbreytinga sem gætu orðið á næstu 12 mánuðum eftir að fyrsti samningurinn er gerður,

b) eða áætlað heildarverðmæti samninga sem gerðir eru hver á fætur öðrum á næstu 12 mánuðum eftir fyrstu afhendingu eða á fjárhagsárinu þar sem það er lengra en 12 mánuðir.

12. Varðandi opinbera vörusamninga í tengslum við langtíma- eða skammtímaleigu eða kaupleigu á vörum skal leggja eftirfarandi verðmæti til grundvallar þegar áætlað verðmæti samningsins er reiknað út:

a) áætlað heildarverðmæti tímabundinna opinberra samninga, sem gilda í 12 mánuði eða skemur, eða, ef samningur gildir lengur en í 12 mánuði, heildarverðmætið auk áætlaðs verðmætis eftirstöðva,

b) verðmæti hvers mánaðar, margfaldað með 48, þegar um er að ræða ótímabundna, opinbera samninga eða samninga sem ekki er hægt að tímasetja nákvæmlega.

13. Varðandi opinbera þjónustusamninga skal eftirfarandi lagt til grundvallar þegar áætlað verðmæti samningsins er reiknað út:

a) vátryggingaþjónusta: iðgjöld sem skal greiða og aðrar greiðslur,

b) bankastarfsemi og önnur fjármálaþjónusta: þóknun, umboðslaun sem skal greiða, vextir og aðrar greiðslur,

c) hönnunarsamningar: þóknun, umboðslaun sem skal greiða og aðrar greiðslur,

14. Að því er varðar opinbera þjónustusamninga þar sem heildarfjárhæð er ótilgreind skal áætlað verðmæti samningsins reiknað út á grundvelli eftirfarandi:

a) ef um er að ræða tímabundinn samning sem er gerður til 48 mánaða eða skemmri tíma: heildarverðmæti samningsins allan gildistímann,

b) verðmæti hvers mánaðar, margfaldað með 48, þegar um er að ræða ótímabundna samninga eða samninga sem gilda lengur en í 48 mánuði.

6. gr.

Endurskoðun viðmiðunarfjárhæða og skrárinnar yfir yfirvöld á vegum ríkisins

1. Á tveggja ára fresti, frá 30. júní 2013, skal framkvæmdastjórnin ganga úr skugga um að viðmiðunarfjárhæðirnar sem settar er fram í a-, b- og c-lið 4. gr. séu í samræmi við viðmiðunarfjárhæðirnar sem settar eru í samningnum um opinber innkaup og skal, ef nauðsyn krefur, endurskoða þær í samræmi við þessa grein.

Í samræmi við útreikningsaðferðina sem sett er fram í samningnum um opinber innkaup skal framkvæmdastjórnin reikna verðgildi viðmiðunarfjárhæðanna á grundvelli meðaldaggengis evru með tilliti til sérstöku dráttarréttindanna, á 24 mánaða tímabili sem lýkur 31. ágúst á undan endurskoðuninni sem tekur gildi 1. janúar. Viðmiðunarfjárhæðirnar, sem eru endurskoðaðar þannig, skulu, ef þörf krefur, jafnaðar niður að næsta þúsundi evra til að tryggja að tekið sé tillit til gildandi viðmiðunarfjárhæða samkvæmt samningnum um opinber innkaup, sem eru tilgreindar sem sérstök dráttarréttindi.

2. Þegar framkvæmdastjórnin framkvæmir endurskoðunina skv. 1. mgr. skal hún að auki endurskoða:

a) viðmiðunarfjárhæðina, sem ákveðin er í a-lið fyrstu málsgreinar 13. gr., með því að aðlaga hana að endurskoðaðri viðmiðunarfjárhæð fyrir opinbera verksamninga,

b) viðmiðunarfjárhæðina, sem ákveðin er í b-lið fyrstu málsgreinar 13. gr., með því að aðlaga hana að endurskoðaðri viðmiðunarfjárhæð fyrir opinbera þjónustusamninga sem gerðir eru af samningsyfirvöldum sem ekki eru yfirvöld á vegum ríkisins,

3. Á tveggja ára fresti frá 1. janúar 2014 skal framkvæmdastjórnin ákvarða verðgildi viðmiðunarfjárhæðanna sem um getur í a-, b- og c-lið 4. gr., sem eru endurskoðaðar skv. 1. mgr. þessarar greinar, í gjaldmiðli þeirra aðildarríkja sem ekki hafa evru sem gjaldmiðil.

Samhliða skal framkvæmdastjórnin ákvarða verðgildi viðmiðunarfjárhæðarinnar, sem um getur í d-lið 4. gr., í gjaldmiðli þeirra aðildarríkja sem ekki hafa evru sem gjaldmiðil.

Í samræmi við útreikningsaðferðina sem sett er fram í samningnum um opinber innkaup skal ákvörðun slíks verðgildis vera byggð á meðaldaggengi þeirra gjaldmiðla í samræmi við gildandi viðmiðunarfjárhæð í evrum, á 24 mánaða tímabili sem lýkur 31. ágúst á undan endurskoðuninni sem tekur gildi 1. janúar.

4. Framkvæmdastjórnin skal birta endurskoðuðu viðmiðunarfjárhæðirnar sem um getur í 1. mgr., samsvarandi verðgildi í gjaldmiðlum aðildarríkjanna sem um getur í fyrstu undirgrein 3. mgr., og verðgildi sem ákvarðað er í samræmi við aðra undirgrein 3. mgr., í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins í upphafi nóvembermánaðar í kjölfar endurskoðunar þeirra.

5. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 87. gr. til þess að laga aðferðafræðina, sem sett er fram í annarri undirgrein 1. mgr. þessarar greinar, að hvers konar breytingum á aðferðafræðinni sem kveðið er á um í samningnum um opinber innkaup um endurskoðun viðmiðunarfjárhæðanna sem um getur í a-, b- og c-lið 4. gr. og til að ákvarða samsvarandi verðgildi í gjaldmiðlum aðildarríkja sem ekki hafa evru sem gjaldmiðil, eins og um getur í 3. mgr. þessarar greinar.

Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 87. gr. til þess að endurskoða viðmiðunarfjárhæðirnar sem um getur í a-, b- og c-lið 4. gr. í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar og til þess að endurskoða viðmiðunarfjárhæðirnar, sem um getur í a- og b-lið fyrstu málsgreinar 13. gr. í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar.

6. Ef nauðsynlegt reynist að endurskoða viðmiðunarfjárhæðirnar sem um getur í a-, b- og c-lið 4. gr. og viðmiðunarfjárhæðirnar sem um getur í a- og b-lið fyrstu málsgreinar 13. gr. og tímatakmarkanir koma í veg fyrir að hægt sé að nota málsmeðferðina í 87. gr. og brýna nauðsyn ber því til, skal málsmeðferðin sem kveðið er á um í 88. gr. gilda um framseldar gerðir sem samþykktar eru samkvæmt annarri undirgrein 5. mgr. þessarar greinar.

7. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 87. gr. til að breyta I. viðauka, í því skyni að uppfæra skrána yfir samningsyfirvöld í kjölfar tilkynninga frá aðildarríkjum, ef slíkar breytingar reynast nauðsynlegar til að tilgreina samningsyfirvöld réttilega.

3. þáttur

Undantekningar

7. gr.

Samningar á sviði vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu

Þessi tilskipun gildir ekki um opinbera samninga sem eru gerðir og hönnunarsamkeppnir sem eru haldnar í samræmi við tilskipun 2014/25/ESB af samningsyfirvöldum sem reka eina eða fleiri tegundir þeirrar starfsemi sem um getur í 8.–14. gr. þeirrar tilskipunar, og sem eru gerðir vegna reksturs þeirrar starfsemi, og ekki heldur um opinbera samninga sem falla utan gildissviðs þeirrar tilskipunar samkvæmt 18., 23. og 34. gr. hennar eða samninga sem gerðir eru vegna reksturs eftirfarandi starfsemi þegar þeir eru gerðir af samningsyfirvaldi sem veitir póstþjónustu í skilningi b-liðar 2. mgr. 13. gr. þeirrar tilskipunar:

a) virðisaukaþjónusta sem tengist rafrænum aðferðum og er veitt eingöngu á þann hátt (þ.m.t. örugg sending kóðaðra skjala með rafrænum aðferðum, meðferð póstfanga og sendingar á skráðum tölvupósti),

b) fjármálaþjónusta sem fellur undir CPV-kóða 66100000-1 til 66720000-3 og undir d-lið 21. gr. tilskipunar 2014/25/ESB, og þ.m.t. einkum póstávísanir og póstgírógreiðslur,

c) þjónusta við frímerkjasafnara eða

d) vöruferlisstjórnun (þjónusta þar sem bein afhending og/eða vörugeymsluþjónusta er sameinuð annarri starfsemi sem er ekki póstþjónusta).

8. gr.

Sérstakar undantekningar á sviði rafrænna fjarskipta

Þessi tilskipun gildir ekki um opinbera samninga og hönnunarsamkeppnir þar sem megintilgangurinn er að veita samningsyfirvöldum leyfi til að bjóða fram almenn fjarskiptanet eða hagnýta þau eða veita almenningi eina eða fleiri tegundir rafrænnar fjarskiptaþjónustu.

Að því er þessa grein varðar skal „almennt fjarskiptanet“ og „rafræn fjarskiptaþjónusta“ hafa sömu merkingu og í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB ([23]).

9. gr.

Opinberir samningar sem gerðir eru og hönnunarsamkeppnir sem haldnar eru í samræmi við alþjóðlegar reglur

1. Þessi tilskipun gildir ekki um opinbera samninga sem samningsyfirvaldi er skylt að gera eða hönnunarsamkeppnir sem því er skylt að halda í samræmi við önnur innkaupaferli en mælt er fyrir um í þessari tilskipun, sem komið er á með einhverjum eftirfarandi hætti:

a) með lagagerningi sem þjóðaréttarskuldbindingar leiðir af, s.s. alþjóðasamningi sem gerður er í samræmi við sáttmálana, milli aðildarríkis og eins eða fleiri þriðju landa eða hluta þeirra og sem tekur til verka, vara eða þjónustu fyrir verkefni sem undirritunaraðilar ætla að framkvæma eða nýta sameiginlega,

b) af alþjóðastofnun.

([23]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun) (Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33).

Aðildarríkin skulu senda alla lagagerninga sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar til framkvæmdastjórnarinnar, sem getur leitað til ráðgjafarnefndar um opinber innkaup sem um getur í 89. gr.

2. Þessi tilskipun gildir ekki um opinbera samninga og hönnunarsamkeppnir sem samningsyfirvald gerir eða sem það heldur í samræmi við innkaupaferli sem kveðið er á um af alþjóðastofnun eða alþjóðlegri fjármálastofnun, ef slík stofnun fjármagnar að öllu leyti viðkomandi opinbera samninga og hönnunarsamkeppnir; þegar um er að ræða opinbera samninga og hönnunarsamkeppnir sem eru fjármagnaðar að mestu leyti af alþjóðastofnun eða alþjóðlegri fjármálastofnun skulu aðilar semja um gildandi innkaupaferli.

3. Ákvæði 17. gr. gilda um samninga sem gerðir eru og hönnunarsamkeppnir sem skipulagðar eru í samræmi við alþjóðlegar reglur og hafa hliðar er snúa að vörnum og öryggi. Ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar skulu ekki eiga við um slíka samninga og hönnunarsamkeppnir.

10. gr.

Sérstakar undantekningar vegna þjónustusamninga

Tilskipun þessi gildir ekki um opinbera þjónustusamninga sem varða:

a) kaup eða leigu, á hvaða fjárhagsgrundvelli sem er, á landi, byggingum sem til eru fyrir eða öðrum fasteignum eða sem varða réttindi yfir þeim,

b) kaup, þróun, framleiðslu eða samframleiðslu dagskrárefnis fyrir hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eða útvarpsþjónustu, sem veitendur hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eða útvarpsþjónustu gera, eða samninga um útsendingartíma eða gerð dagskrárliða, sem gerðir eru við veitendur hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eða útvarpsþjónustu. Að því er varðar þennan lið skal „hljóð- og myndmiðlunarþjónusta“ annars vegar og „veitendur fjölmiðlaþjónustu“ hins vegar hafa sömu merkingu og í a- og d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2010/13/ESB ([24]). „Dagskrárliður“ skal hafa sömu merkingu og í b-lið 1. mgr. 1. gr. þeirrar tilskipunar, en skal líka taka til dagskrárliða í útvarpi og útvarpsdagskrárefnis. Enn fremur, að því er varðar þetta ákvæði, skal „dagskrárefni“ hafa sömu merkingu og „dagskrárliður“,

c) gerðardóms- og sáttagerðarþjónustu,

d) eftirfarandi lögfræðiþjónustu:

i) málflutning lögfræðings fyrir hönd skjólstæðings í skilningi 1. gr. tilskipunar ráðsins 77/249/EBE ([25]):

— fyrir gerðardómi eða við sáttaumleitan í aðildarríki, þriðja landi eða fyrir öðrum alþjóðlegum gerðardómi eða sáttaaðila eða

— við dómsmeðferð fyrir dómi eða opinberum yfirvöldum aðildarríkis eða þriðja lands eða fyrir alþjóðlegum dómstólum eða stofnunum,

ii. lögfræðiráðgjöf sem veitt er við undirbúning málsmeðferðar sem um getur í i-lið þessa liðar eða þar sem áþreifanleg vísbending er um, og miklar líkur eru á, að það málefni sem lögfræðiráðgjöfin varðar, verði til umfjöllunar í slíkri málsmeðferð, að því tilskildu að ráðgjöfin sé veitt af lögfræðingi í skilningi 1. gr. tilskipunar 77/249/EBE,

iii. vottun skjala og sannvottunarþjónustu sem lögbókendur verða að veita,

iv. lögfræðiþjónustu sem fjárvörsluaðilar eða skipaðir forráðamenn veita eða aðra lögfræðiþjónustu þar sem veitendur eru skipaðir af dómstól í viðkomandi aðildarríki eða er falið að lögum að inna af hendi tiltekin verkefni undir eftirliti slíkra dómstóla,

v. aðra lögfræðiþjónustu sem tengist, þótt aðeins sé endrum og eins, beitingu opinbers valds í viðkomandi aðildarríki,

e) fjármálaþjónustu sem tengist útgáfu, sölu, kaupum eða aðilaskiptum að verðbréfum eða öðrum fjármálagerningum í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB ([26]), þjónustu seðlabanka og aðgerðir sem fram fara með Evrópska fjármálastöðugleikasjóðnum og Evrópska stöðugleikakerfinu,

f) lán, hvort sem þau eru eða eru ekki í tengslum við útgáfu, sölu, kaup eða aðilaskipti að verðbréfum eða öðrum fjármálagerningum,

g) ráðningarsamninga,

([24]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/13/ESB frá 10. mars 2010 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu (tilskipun um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu) (Stjtíð. ESB L 95, 15.4.2010, bls. 1).

([25]) Tilskipun ráðsins 77/249/EBE frá 22. mars 1977 um að auðvelda lögmönnum að neyta réttar til að veita þjónustu (Stjtíð. EB L 78, 26.3.1977, bls. 17).

([26]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE, (Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1).

h) borgaralegar varnir, almannavarnir, og forvarnarþjónustu gegn hættum, sem stofnanir eða samtök, sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni, veita og sem falla undir CPV-kóða 75250000-3, 75251000-0, 75251100-1, 75251110-4, 75251120-7, 75252000-7, 75222000-8, 98113100-9 og 85143000-3, að undanskildum flutningi sjúklinga með sjúkraflutningaþjónustu,

i) almenna farþegaflutninga með lestum eða jarðlestum,

j) þjónustu fyrir stjórnmálabaráttu, sem fellur undir CPV-kóða 79341400-0, 92111230-3 og 92111240-6, sem gerðir eru af stjórnmálaflokki í tengslum við kosningabaráttu.

11. gr.

Þjónustusamningar sem gerðir eru á grundvelli einkaréttar

Þessi tilskipun gildir ekki um opinbera þjónustusamninga sem samningsyfirvald gerir við annað samningsyfirvald eða við samtök samningsyfirvalda á grundvelli einkaréttar sem þessir aðilar hafa samkvæmt lögum eða stjórnsýslufyrirmælum sem hafa verið birt og samrýmast sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins.

12. gr.

Opinberir samningar milli opinberra aðila

1. Opinber samningur, sem samningsyfirvald gerir við lögaðila sem heyrir undir einkarétt eða opinberan rétt, skal vera utan gildissviðs þessarar tilskipunar, þegar öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a) samningsyfirvaldið fer með yfirráð yfir viðkomandi lögaðila sem eru svipuð þeim sem það hefur yfir eigin deildum,

b) yfir 80% af starfsemi lögaðilans sem er undir yfirráðunum er innt af hendi við framkvæmd verkefna sem honum eru falin af samningsyfirvaldinu sem hefur yfirráðin eða öðrum lögaðilum sem eru undir yfirráðum þess samningsyfirvalds og

c) ekki er um beina einkafjármagnshlutdeild að ræða í lögaðilanum sem er undir yfirráðum að undanskilinni einkafjármagnshlutdeild sem felur ekki í sér yfirráð og stöðvunarmöguleika sem krafist er í landslöggjöf, í samræmi við sáttmálana, og felur ekki í sér afgerandi áhrif á lögaðilann undir yfirráðum.

Samningsyfirvald skal teljast fara með yfirráð yfir lögaðila, sem svipar til þess sem það hefur yfir eigin deildum í skilningi a-liðar fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar, þegar það hefur afgerandi áhrif bæði á skipulagsmarkmið og mikilvægar ákvarðanir lögaðilans sem er undir yfirráðum. Annar lögaðili, sem er sjálfur undir yfirráðum samningsyfirvaldsins með sama hætti, getur líka beitt þeim yfirráðum.

2. Ákvæði 1. mgr. gildir einnig þegar lögaðili undir yfirráðum sem er samningsyfirvald gerir samning við samningsyfirvaldið sem hefur yfirráð yfir honum eða aðra lögaðila undir yfirráðum sama samningsyfirvalds, að því tilskildu að ekki sé um beina einkafjármagnshlutdeild að ræða í lögaðilanum sem samningur er gerður við að undanskilinni einkafjármagnshlutdeild sem felur ekki í sér yfirráð og stöðvunarmöguleika, sem krafist er í landslöggjöf í samræmi við sáttmálana, og felur ekki í sér afgerandi áhrif á lögaðilann undir yfirráðum.

3. Samningsyfirvald, sem fer ekki með yfirráð í skilningi 1. mgr. þessarar greinar yfir lögaðila sem heyrir undir einkarétt eða opinberan rétt, getur engu að síður gert samning við þann lögaðila án þess að beita þessari tilskipun þegar öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a) samningsyfirvaldið fer sameiginlega með öðrum samningsyfirvöldum með yfirráð yfir þeim lögaðila sem eru svipuð þeim sem þau hafa yfir eigin deildum,

b) yfir 80% af starfsemi lögaðilans er innt af hendi við framkvæmd verkefna sem honum eru falin af samningsyfirvöldunum sem hafa yfirráðin eða öðrum lögaðilum sem eru undir yfirráðum þeirra samningsyfirvalda og

c) ekki er um beina einkafjármagnshlutdeild að ræða í lögaðilanum sem er undir yfirráðum að undanskilinni einkafjármagnshlutdeild sem felur ekki í sér yfirráð og stöðvunarmöguleika sem krafist er í landslöggjöf, í samræmi við sáttmálana, og felur ekki í sér afgerandi áhrif á lögaðilann undir yfirráðum.

Að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar fara samningsyfirvöld sameiginlega með yfirráð yfir lögaðila þegar öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

i. aðilarnir sem fara með ákvarðanatöku lögaðilans sem er undir yfirráðum samanstanda af fulltrúum allra samningsyfirvalda sem eiga hlutdeild. Einstaka fulltrúar geta komið fram fyrir hönd nokkurra eða allra samningsyfirvalda sem eiga hlutdeild,

ii. þau samningsyfirvöld geta sameiginlega haft afgerandi áhrif á skipulagsmarkmið og mikilvægar ákvarðanir lögaðilans sem er undir yfirráðum og

iii. lögaðilinn undir yfirráðum hefur ekki hagsmuna að gæta sem eru á öndverðum meiði við hagsmuni samningsyfirvaldanna sem hafa yfirráðin.

4. Samningur sem gerður er eingöngu milli tveggja eða fleiri samningsyfirvalda fellur utan gildissviðs þessarar tilskipunar þegar öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a) samningurinn kemur á eða hrindir í framkvæmd samvinnu milli samningsyfirvaldanna sem eiga hlutdeild með það að markmiði að tryggja að opinbera þjónustan sem þau þurfa að sinna sé veitt með það í huga að ná sameiginlegum markmiðum,

b) að eingöngu sjónarmið sem varða almannahagsmuni eigi við um framkvæmd þeirrar samvinnu og

c) samningsyfirvöldin sem eiga hlutdeild inna af hendi innan við 20% af starfseminni, sem samvinnan varðar, á opnum markaði.

5. Við ákvörðun hlutfalls starfseminnar sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr., b-lið fyrstu undirgreinar 3. mgr. og c-lið 4. mgr., skal taka tillit til meðalheildarveltu eða annars viðeigandi verkgrundaðs mælikvarða, s.s. kostnaðar sem viðkomandi lögaðili eða samningsyfirvald hefur stofnað til að því er varðar þjónustu, vörur eða verk undanfarin þrjú árin fyrir gerð samningsins.

Þegar veltan eða annar viðeigandi verkgrundaður mælikvarði, s.s. kostnaður, liggur annað hvort ekki fyrir vegna undanfarinna þriggja ára eða á ekki lengur við vegna þess á hvaða tímapunkti viðkomandi lögaðili eða samningsyfirvald varð til eða hóf starfsemi eða vegna endurskipulagningar starfseminnar, skal nægja að sýna að mælikvarði fyrir starfsemina sé trúverðugur, einkum í ljósi viðskipaáætlana.

4. ÞÁTTUR

Sérstakar aðstæður

1. undirþáttur

Niðurgreiddir samningar og þjónusta tengd rannsóknum og þróun

13. gr.

Samningar niðurgreiddir af samningsyfirvöldum

Tilskipun þessi gildir um gerð eftirtalinna samninga:

a) verksamninga sem eru niðurgreiddir beint af samningsyfirvöldum um meira en 50% og áætlað verðmæti þeirra, án virðisaukaskatts, er 5 186 000 evrur eða meira, þegar slíkir samningar fela í sér einhverja af eftirtalinni starfsemi:

i. mannvirkjagerð, eins og talið er upp í II. viðauka,

ii. byggingaframkvæmdir sjúkrahúsa, íþrótta- og tómstundamannvirkja, skóla- og háskóla og opinberra bygginga,

b) þjónustusamninga sem eru niðurgreiddir beint af samningsyfirvöldum um meira en 50% og áætlað verðmæti þeirra, án virðisaukaskatts, er 207 000 evrur eða meira og sem tengjast verksamningi í skilningi a-liðar.

Samningsyfirvöld, sem annast niðurgreiðsluna sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar, skulu tryggja að farið sé að þessari tilskipun þegar þau gera ekki sjálf niðurgreidda samninginn eða þegar þau gera hann fyrir hönd og fyrir reikning annarra aðila.

14. gr.

Þjónusta tengd rannsóknum og þróun

Þessi tilskipun skal eingöngu gilda um opinbera þjónustusamninga um þjónustu tengda rannsóknum og þróun sem fellur undir CPV-kóða 73000000-2 til 73120000-9, 73300000-5, 73420000-2 og 73430000-5 að því tilskildu að báðum eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

a) að ávinningurinn fari eingöngu til samningsyfirvaldsins til nota í eigin starfsemi og

b) að endurgjald fyrir þjónustuna, sem veitt er, komi alfarið frá samningsyfirvaldinu.

2. undirþáttur

Innkaup sem hafa hliðar er snúa að vörnum eða öryggi

15. gr.

Varnir og öryggi

1. Tilskipun þessi gildir um opinbera samninga sem gerðir eru og hönnunarsamkeppnir sem haldnar eru á sviði varnar- og öryggismála, að undanskildum eftirfarandi samningum:

a) samningum sem falla undir gildissvið tilskipunar 2009/81/EB,

b) samningum sem tilskipun 2009/81/EB gildir ekki um skv. 8., 12. og 13. gr. hennar.

2. Þessi tilskipun gildir ekki um opinbera samninga og hönnunarsamkeppnir, sem annars eru ekki undanþegin skv. 1. mgr., að því marki sem ekki er hægt að tryggja öryggishagsmuni aðildarríkis með aðgerðum sem ekki ganga eins langt, t.d. með því að setja kröfur sem miða að því að varðveita leynd upplýsinga sem samningsyfirvaldið lætur í té við útboðsferli fyrir samningsgerð eins og kveðið er á um í þessari tilskipun.

Ennfremur og í samræmi við a-lið 1. mgr. 346. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gildir þessi tilskipun ekki um opinbera samninga og hönnunarsamkeppnir, sem annars eru ekki undanþegin skv. 1. mgr. þessarar greinar, ef beiting þessarar tilskipunar myndi skylda aðildarríki til að veita upplýsingar sem það telur andstætt mikilvægum öryggishagsmunum sínum.

3. Ef lýst er yfir að innkaupin eða framkvæmd opinbers samnings eða hönnunarsamkeppni séu leynileg eða ef þeim verða að fylgja sérhæfðar öryggisráðstafanir í samræmi við gildandi lög eða stjórnsýslufyrirmæli í aðildarríki, gildir þessi tilskipun ekki ef aðildarríkin hafa ákveðið að ekki sé hægt að tryggja hina mikilvægu hagsmuni, eins og þá sem um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr., með aðgerðum sem ekki ganga eins langt.

16. gr.

Blönduð innkaup sem hafa hliðar er snúa að vörnum eða öryggi

1. Þegar um er að ræða blandaða samninga, sem fjalla í senn um innkaup sem falla undir þessa tilskipun og innkaup sem falla undir 346. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins eða tilskipun 2009/81/EB, gildir þessi grein.

2. Þar sem hægt er að aðskilja mismunandi hluta tiltekins samnings með hlutlægum hætti geta samningsyfirvöld kosið að gera aðskilda samninga fyrir aðskilda hluta eða gera stakan samning.

Þar sem samningsyfirvöld kjósa að gera aðskilda samninga fyrir aðskilda hluta skal ákvörðunin um það hvaða lagareglur gilda um hvern og einn þessara aðskildu samninga tekin á grundvelli einkenna viðkomandi hluta.

Þar sem samningsyfirvöld kjósa að gera stakan samning, skal beita eftirfarandi viðmiðunum til að ákvarða hvaða lagareglur eiga við:

a) þar sem hluti tiltekins samnings fellur undir 346. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins má gera samninginn án þess að beita þessari tilskipun, að því tilskildu að gerð staks samnings sé réttlætanleg á grundvelli hlutlægra ástæðna,

b) þar sem hluti tiltekins samnings fellur undir tilskipun 2009/81/EB má gera samninginn í samræmi við þá tilskipun, að því tilskildu að gerð staks samnings sé réttlætanleg á grundvelli hlutlægra ástæðna. Þessi liður skal vera með fyrirvara um viðmiðunarfjárhæðir og undantekningar sem sú tilskipun kveður á um.

Ákvörðun um að gera stakan samning skal þó ekki tekin í þeim tilgangi að undanþiggja samning beitingu annað hvort þessarar tilskipunar eða tilskipunar 2009/81/EB.

3. Ákvæði a-liðar þriðju undirgreinar 2. mgr. skulu gilda um blandaða samninga sem bæði a- og b-liður þeirrar undirgreinar gætu annars gilt um.

4. Þar sem ekki er hægt að aðskilja mismunandi hluta tiltekins samnings með hlutlægum hætti má gera samninginn án þess að beita þessari tilskipun hafi hann að geyma þætti sem 346. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gildir um; að öðrum kosti má gera hann í samræmi við tilskipun 2009/81/EB.

17. gr.

Opinberir samningar sem gerðir eru og hönnunarsamkeppnir sem haldnar eru í samræmi við alþjóðlegar reglur og hafa hliðar er snúa að vörnum og öryggi

1. Þessi tilskipun gildir ekki um opinbera samninga eða hönnunarsamkeppnir sem hafa hliðar er snúa að vörnum og öryggi og samningsyfirvaldi er skylt að gera eða halda í samræmi við önnur innkaupaferli en mælt er fyrir um í þessari tilskipun, sem komið er á með einhverjum eftirfarandi hætti:

a) með alþjóðasamningi eða samkomulagi sem gert er í samræmi við sáttmálana, milli aðildarríkis og eins eða fleiri þriðju landa eða hluta þeirra og sem tekur til verka, vara eða þjónustu fyrir verkefni sem undirritunaraðilar ætla að framkvæma eða nýta sameiginlega,

b) með alþjóðasamningi eða fyrirkomulagi sem tengist veru herliðs og varðar starfsemi aðildarríkis eða þriðja lands,

c) af alþjóðastofnun.

Sérhvern samning eða samkomulag sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar skal senda til framkvæmdastjórnarinnar, sem getur leitað til ráðgjafarnefndar um opinber innkaup sem um getur í 89. gr.

2. Þessi tilskipun gildir ekki um opinbera samninga eða hönnunarsamkeppnir sem hafa hliðar er snúa að vörnum og öryggi og samningsyfirvaldið gerir í samræmi við reglur um innkaup sem alþjóðastofnun eða alþjóðleg fjármálastofnun kveður á um, þar sem viðkomandi opinberir samningar eða hönnunarsamkeppnir eru að öllu leyti fjármögnuð af þeirri stofnun. Þegar um er að ræða opinbera samninga og hönnunarsamkeppnir sem eru fjármagnaðar að mestu leyti af alþjóðastofnun eða alþjóðlegri fjármálastofnun skulu aðilar koma sér saman um viðeigandi innkaupaferli.

II. KAFLI

Almennar reglur

18. gr.

Meginreglur um innkaup

1. Samningsyfirvöld skulu gæta að jafnri meðferð án mismununar, gagnsæi og meðalhófi í samskiptum við rekstaraðila.

Innkaupunum skal ekki hagað af ásetningi þannig að þau falli utan gildissviðs þessarar tilskipunar eða takmarki samkeppni óeðlilega. Litið skal svo á að samkeppni sé takmörkuð óeðlilega ef innkaupunum er hagað þannig að það sé í þágu eða beint gegn tilteknum rekstraraðilum.

2. Aðildarríki skulu grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að rekstraraðilar uppfylli gildandi skyldur á sviði umhverfis-, félagsmála- og vinnuréttar sem byggjast á lögum Sambandsins, landslögum, kjarasamningum eða ákvæðum alþjóðlegrar umhverfis-, félagsmála- eða vinnulöggjafar, sem talin eru upp í X. viðauka, við framkvæmd opinberra samninga.

19. gr.

Rekstraraðilar

1. Ekki skal hafna rekstraraðilum, sem eiga rétt á að veita viðeigandi þjónustu samkvæmt lögum aðildarríkisins þar sem þeir hafa staðfestu, af þeirri ástæðu einni að þess er krafist í lögum aðildarríkisins þar sem samningurinn er gerður að þeir einskorðist við annaðhvort einstaklinga eða lögaðila.

Þegar um er að ræða opinbera þjónustu- og verksamninga svo og opinbera vörusamninga, sem taka að auki til þjónustu eða ísetningar- og uppsetningarstarfs, er þó hægt að krefjast þess að lögaðilar tilgreini, í tilboði eða þátttökutilkynningu, nöfn og viðeigandi faglega menntun og hæfi starfsmanna sem eiga að bera ábyrgð á framkvæmd viðkomandi samnings.

2. Hópar rekstraraðila, þ.m.t. tímabundin samtök, geta tekið þátt í innkaupaferli. Þeir skulu ekki krafðir um það af samningsyfirvöldum að hafa sérstakt rekstrarform að lögum til þess að leggja fram tilboð eða þátttökutilkynningu.

Ef nauðsyn krefur geta samningsyfirvöld skýrt það í útboðsgögnum hvernig hópar rekstraraðila skulu uppfylla kröfur um efnahags- og fjárhagsstöðu eða tæknilega og faglega getu, sem krafist er af rekstraraðilum sem um getur í 58. gr., að því tilskildu að það sé réttlætanlegt á grundvelli hlutlægra ástæðna og gætt sé meðalhófs. Aðildarríki geta sett staðlaða skilmála um það hvernig hópar rekstraraðila skulu uppfylla þessar kröfur.

Hvers konar skilyrði varðandi framkvæmd samnings af hálfu hópa slíkra rekstraraðila, sem eru ólík þeim sem gilda um einstaka þátttakendur, skulu vera réttlætanleg á grundvelli hlutlægra ástæðna og gæta skal meðalhófs.

3. Þrátt fyrir 2. mgr. geta samningsyfirvöld krafist þess að hópur rekstraraðila taki á sig sérstakt rekstrarform að lögum þegar samningur hefur verið gerður við þá, að því marki sem slík breyting er nauðsynleg fyrir fullnægjandi framkvæmd samningsins.

20. gr.

Samningar bundnir við ákveðna hópa

1. Aðildarríki geta bundið réttinn til að taka þátt í opinberu innkaupaferli við verndaða vinnustaði og rekstraraðila sem hafa félagslega og faglega aðlögun fatlaðra eða illa settra einstaklinga að helsta markmiði eða kveðið á um að slíkir samningar skuli framkvæmdir innan ramma áætlana um verndaða vinnu, að því tilskildu að a.m.k. 30% starfsmanna þeirra vinnustaða, rekstraraðila eða áætlana séu fatlaðir eða illa settir starfsmenn.

2. Í útboðinu skal vísað til þessarar greinar.

21. gr.

Trúnaðarkvaðir

1. Ef ekki er kveðið á um annað í þessari tilskipun eða í landslögum sem samningsyfirvaldið fellur undir, einkum löggjöf um aðgang að upplýsingum, og með fyrirvara um skyldur er varða auglýsingu gerðra samninga og upplýsingar til umsækjenda eða bjóðenda eins og sett er fram í 50. og 55. gr. skal samningsyfirvald ekki birta upplýsingar sem rekstraraðilar senda því og hafa verið auðkenndar sem trúnaðarupplýsingar, þ.m.t. en ekki bundið við, tæknileg leyndarmál eða viðskiptaleyndarmál og þá þætti tilboða sem eru trúnaðarmál.

2. Samningsyfirvöld geta lagt kröfur á rekstraraðila sem miða að því að varðveita leynd upplýsinga sem þau gera tiltækar meðan á innkaupaferlinu stendur.

22. gr.

Reglur um samskipti

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að öll samskipti og upplýsingaskipti samkvæmt þessari tilskipun, einkum rafræn framlagning gagna, fari fram með rafrænum samskiptaaðferðum í samræmi við kröfur þessarar greinar. Tól og tæki, sem notuð eru í rafrænum samskiptum, svo og tæknilegir eiginleikar þeirra, skulu vera þannig að ekki leiði til mismununar, vera almennt aðgengileg og innbyrðis samhæfð þeirri upplýsinga- og fjarskiptatækni sem er almennt í notkun og skulu ekki takmarka aðgang rekstraraðila að innkaupaferlinu.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein skal samningsyfirvöldum ekki vera skylt að krefjast þess að notaðar séu rafrænar samskiptaaðferðir við framlagningu gagna við eftirfarandi aðstæður:

a) ef notkun rafrænna samskiptaaðferða myndi, sakir sérhæfðs eðlis innkaupanna, kalla á sérstök áhöld, tæki eða skráasnið sem ekki eru almennt aðgengileg eða sem þau forrit, sem almennt eru aðgengileg, styðja ekki,

b) ef forritin, sem styðja skráasnið sem henta fyrir lýsingu tilboða, nota skráasnið sem önnur opin eða almennt aðgengileg forrit ráða ekki við eða eru háð séreignarleyfi og sem ekki er hægt að gera aðgengileg til niðurhals eða fjarnotkunar af hálfu samningsyfirvaldsins,

c) ef notkun rafrænna aðferða myndi krefjast sérhæfðs skrifstofubúnaðar sem samningsyfirvöld hafa alla jafna ekki aðgang að,

d) ef þess er krafist í útboðsgögnum að lögð séu fram líkön eða smækkuð líkön (e. physical or scale models) sem ekki er unnt að senda með rafrænum aðferðum.

Ef rafrænar aðferðir eru ekki notaðar við samskipti í samræmi við aðra undirgrein skulu þau fara fram með pósti eða öðrum viðeigandi miðli eða með samsetningu pósts eða annars viðeigandi miðils og rafrænna samskipta.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skal samningsyfirvöldum ekki vera skylt að krefjast þess að notaðar séu rafrænar samskiptaaðferðir við framlagningu gagna ef notkun annarra samskiptaaðferða er nauðsynleg, annað hvort vegna öryggisrofs í rafrænum samskiptaaðferðum eða til verndar sérstaklega viðkvæmum upplýsingum sem krefjast varnar á svo háu stigi að ekki er hægt að tryggja það með viðunandi hætti með notkun rafrænna tóla og tækja sem annað hvort eru almennt aðgengileg rekstraraðilum eða sem hægt er að gera þeim aðgengileg með mismunandi aðgangsleiðum í skilningi 5. mgr.

Það skal vera á ábyrgð þeirra samningsyfirvalda, sem krefjast þess að notaðar séu aðrar samskiptaaðferðir en rafrænar við framlagningu gagna í samræmi við aðra undirgrein þessarar málsgreinar, að tilgreina ástæður þess í stöku skýrslunni sem um getur í 84. gr. Samningsyfirvöld skulu, eftir atvikum, tilgreina í skýrslunni ástæður þess að talið var nauðsynlegt að nota aðrar samskiptaaðferðir en rafrænar við beitingu fjórðu undirgreinar þessarar málsgreinar.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. er heimilt að nota munnleg samskipti í öðrum samskiptum en þeim sem varða mikilvægustu þætti innkaupaferlisins, að því tilskildu að efni munnlegu samskiptanna sé skráð nægilega vel. Að því er þetta varðar taka mikilvægustu þættir innkaupaferlisins til útboðsgagna, þátttökutilkynninga, staðfestinga á áhuga og tilboða. Einkum skulu munnleg samskipti við bjóðendur, sem gætu haft veruleg áhrif á efni og mat tilboða, skrásett nægilega vel og með viðeigandi hætti, s.s. sem skriflegar skýrslur eða hljóðskýrslur eða útdrættir helstu þátta samskiptanna.

3. Í öllum samskiptum, miðlun og geymslu upplýsinga skulu samningsyfirvöld tryggja að heilleiki gagna sé varðveittur og trúnaður, sem gildir um tilboð og þátttökutilkynningar, sé haldinn. Þau skulu ekki kanna efni tilboða og þátttökutilkynninga fyrr en fresturinn til að leggja þau fram er runninn út.

4. Þegar um er að ræða opinbera verksamninga og hönnunarsamkeppnir geta aðildarríkin krafist notkunar sérstakra rafrænna tóla, s.s. til gerðar upplýsingalíkana mannvirkja eða áþekkra tækja. Í slíkum tilvikum skulu samningsyfirvöld bjóða annars konar aðgang, eins og kveðið er á um í 5. mgr., þangað til slík tæki verða almennt aðgengileg í skilningi annars málsliðar fyrstu undirgreinar 1. mgr.

5. Samningsyfirvöld geta, ef nauðsyn krefur, krafist þess að notuð séu tól og tæki sem ekki eru almennt aðgengileg að því tilskildu að þau bjóði annars konar aðgang (e. alternative means of access).

Samningsyfirvöld skulu teljast bjóða viðeigandi annars konar aðgang við eftirfarandi aðstæður, ef þau:

a) bjóða, án endurgjalds, ótakmarkaðan og fullan, beinan aðgang með rafrænum aðferðum að slíkum tólum og tækjum frá þeim degi þegar tilkynning er birt, í samræmi við VIII. viðauka, eða frá þeim degi þegar boð um að staðfesta áhuga er sent. Í texta tilkynningarinnar eða boðsins um að staðfesta áhuga skal tilgreina veffangið þar sem hafa má aðgang að þessum tólum og tækjum,

b) tryggja að bjóðendur, sem ekki hafa aðgang að viðkomandi tólum og tækjum eða hafa engan möguleika á að nálgast þau innan þeirra tímamarka sem um er að ræða, geti haft aðgang að innkaupaferlinu með notkun bráðabirgðalykla er fáist án endurgjalds á Netinu, að því tilskildu að skort á aðgangi megi ekki rekja til viðkomandi bjóðanda, eða

c) sjá til þess að fyrir hendi sé annars konar leið til að leggja fram tilboð rafrænt.

6. Auk þeirra krafna sem settar eru fram í IV. viðauka skulu eftirfarandi reglur gilda um tól og tæki sem notuð eru við rafræna sendingu og móttöku tilboða og rafræna móttöku þátttökutilkynninga:

a) upplýsingar um nákvæmar skilgreiningar varðandi rafræna framlagningu tilboða og þátttökutilkynninga, þar á meðal um dulkóðun og tímastimplun, skulu vera aðgengilegar öllum hlutaðeigandi aðilum,

b) Aðildarríki, eða samningsyfirvöld sem koma fram innan heildarramma sem viðkomandi aðildarríki setur, skulu tilgreina öryggisstig fyrir rafrænar samskiptaaðferðir á hinum ýmsu stigum tiltekins innkaupaferlis; það stig skal vera í réttu hlutfalli við áhætturnar sem því tengjast,

c) komist aðildarríki, eða samningsyfirvöld sem koma fram innan heildarramma sem viðkomandi aðildarríki setur, að þeirri niðurstöðu að áhættustig, sem metið er skv. b-lið þessarar málsgreinar, sé svo hátt að krafist sé þróaðra rafrænna undirskrifta, eins og þær eru skilgreindar í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB ([27]), skulu samningsyfirvöld viðurkenna þróaðar rafrænar undirskriftir studdar fullgiltu vottorði, með hliðsjón af því hvort þessi vottorð séu frá vottunaraðila sem er á áreiðanlegri skrá eins og kveðið er á um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/767/EB ([28]), sem gerðar eru með eða án öruggs undirskriftarbúnaðar, þó að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

i. samningsyfirvöldin skulu ákveða hvaða sniðs þróaðrar undirskriftar skuli krafist, á grundvelli sniða sem skilgreind eru í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/130/ESB([29])ogkomaánauðsynlegumráðstöfunum til að geta, tæknilega, unnið með þessi snið; ef notað er annað snið fyrir rafrænar undirskriftir skal rafræna undirskriftin eða flutningsmiðill rafrænu skjalanna búa yfir upplýsingum um fullgildingarmöguleika sem fyrir hendi eru, sem skulu vera á ábyrgð aðildarríkisins. Fullgildingarmöguleikarnir skulu gera samningsyfirvaldinu kleift að fullgilda móttekna rafræna undirskrift endurgjaldslaust, á Netinu, með hætti sem er skiljanlegur fyrir þá sem ekki hafa viðkomandi tungumál að móðurmáli, sem þróaða rafræna undirskrift sem studd er fullgiltu vottorði.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það hver veitir fullgildingarþjónustuna og skal hún birta upplýsingarnar frá aðildarríkjunum á Netinu,

ii. sé tilboð undirritað með stuðningi fullgilts vottorðs sem er á áreiðanlegri skrá skulu samningsyfirvöld ekki setja frekari kröfur sem gætu hindrað notkun bjóðenda á slíkum undirskriftum.

Að því er varðar skjöl í tengslum við innkaupaferli sem lögbært yfirvald í aðildarríki eða annar útgáfuaðili undirritar, skal viðkomandi útgáfuyfirvald eða -aðili ákveða hvaða sniðs þróaðra undirskrifta skuli krafist, í samræmi við kröfur 2. mgr. 1. gr. ákvörðunar 2011/130/ESB. Þau skulu koma á nauðsynlegum ráðstöfunum til að geta, tæknilega, unnið með það snið með því að bæta við nauðsynlegum upplýsingum til að hægt sé að vinna undirskriftina í viðkomandi skjali. Slík skjöl skulu innihalda, í rafrænu undirskriftinni eða í flutningsmiðli rafrænna skjala, upplýsingar um fullgildingarmöguleika sem fyrir hendi eru, sem gera kleift að fullgilda móttekna rafræna undirskrift endurgjaldslaust, á Netinu, með hætti sem er skiljanlegur fyrir þá sem ekki hafa viðkomandi tungumál að móðurmáli.

7. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 87. gr., til að breyta tæknilegum atriðum og eiginleikum sem sett eru fram í IV. viðauka með hliðsjón af tækniþróun.

Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 87. gr., til að breyta upptalningunni í a- til d-lið annarrar undirgreinar 1. mgr. þessarar greinar ef ekki er lengur við hæfi, sakir tækniþróunar, að víkja sífellt frá notkun rafrænna samskiptaaðferða eða, í undantekningartilvikum, ef kveða þarf á um nýjar undanþágur vegna tækniþróunar.

Til að tryggja að tæknileg snið séu innbyrðis samhæfð, sem og ferla- og skeytastaðlar, einkum yfir landamæri, skal framkvæmdastjórnin hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 87. gr., til að koma á skyldubundinni notkun slíkra sérstakra tæknistaðla, einkum að því er varðar notkun rafrænna aðferða við framlagningu gagna, rafræna vörulista og leiðir til rafrænnar sannvottunar, þó aðeins þar sem ítarlegar prófanir hafa farið fram á tæknistöðlum og þeir hafa sannað gagnsemi sína í verki. Áður en notkun tæknistaðla er gerð skyldubundin skal framkvæmdastjórnin einnig íhuga vandlega hvaða kostnað slíkt hefur í för með sér, einkum að því er varðar aðlaganir að rafrænum innkaupalausnum (e. e-procurement solutions) sem þegar eru fyrir hendi, m.a. að því er varðar innviði, ferla eða hugbúnað.

23. gr.

Flokkunarkerfi

1. Allar tilvísanir til flokkunarkerfa í tengslum við opinber innkaup skulu notast við „sameiginlega innkaupaorðasafnið“ eins og það er samþykkt í reglugerð (EB) nr. 2195/2002.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 87. gr. til að aðlaga CPV-kóðana, sem um getur í þessari tilskipun, þegar breytingar á flokkunarkerfi sameiginlega innkaupaorðasafnsins verða að endurspeglast í þessari tilskipun og þær fela ekki í sér breytingar á gildissviði þessarar tilskipunar.

24. gr.

Hagsmunaárekstrar

Aðildarríkin skulu sjá til þess að samningsyfirvöld geri viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir, greina og lagfæra hagsmunaárekstra sem rísa í innkaupaferlinu til þess að forðast röskun á samkeppni og til að tryggja jafna meðferð allra rekstraraðila.

([27]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB frá 13. desember 1999 um ramma Bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir (Stjtíð. EB L 13, 19.1.2000, bls. 12).

([28]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/767/EB frá 16. október 2009 um ráðstafanir sem greiða fyrir notkun rafrænnar málsmeðferðar með upplýsinga- og þjónustumiðstöðvum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB um þjónustu á innri markaðnum (Stjtíð. ESB L 274, 20.10.2009, bls. 36).

([29]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/130/ESB frá 25. febrúar 2011 um að setja lágmarkskröfur um vinnslu skjala yfir landamæri sem undirrituð eru rafrænt af lögbærum yfirvöldum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB um þjónustu á innri markaðnum (Stjtíð. ESB L 53, 26.2.2011, bls. 66).

Hugtakið hagsmunaárekstur skal a.m.k. taka til allra aðstæðna þar sem starfsfólk samningsyfirvalds, eða veitanda innkaupaþjónustu sem kemur fram fyrir hönd samningsyfirvalds, sem tekur þátt í framkvæmd innkaupaferlis eða getur haft áhrif á útkomu þess, hefur beinna eða óbeinna fjárhagslegra, efnahagslegra eða annars konar persónulegra hagsmuna að gæta sem hægt væri að sjá fyrir sér að hefðu áhrif á hlutleysi þeirra og sjálfstæði í tengslum við innkaupaferli.

II. BÁLKUR

REGLUR UM OPINBERA SAMNINGA

I. KAFLI

Útboðsaðferðir

25. gr.

Skilyrði í tengslum við samninginn um opinber innkaup og aðra alþjóðasamninga

Að því marki sem fjallað er um það í 1., 2., 4. og 5. viðauka og almennum athugasemdum við I. viðbæti Evrópusambandsins við samninginn um opinber innkaup og í öðrum alþjóðasamningum sem Sambandið er bundið af, skal meðferð samningsyfirvalda að því er varðar verk, vörur, þjónustu og rekstraraðila undirritunaraðila þessara samninga ekki vera lakari en sú sem veitt er að því er varðar verk, vörur, þjónustu og rekstraraðila Sambandsins.

26. gr.

Val á útboðsaðferðum

1. Við gerð opinberra samninga skulu samningsyfirvöld beita innlendum útboðsaðferðum sem eru lagaðar að efni þessarar tilskipunar að því tilskildu, með fyrirvara um 32. gr., að útboðsauglýsing hafi verið birt í samræmi við þessa tilskipun.

2. Aðildarríkin skulu kveða á um að samningsyfirvöld geti beitt almennum eða lokuðum útboðum eins og mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

3. Aðildarríkin skulu kveða á um að samningsyfirvöld geti beitt nýsköpunarsamstarfi eins og mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

4. Aðildarríkin skulu kveða á um að samningsyfirvöld geti beitt samkeppnisútboði með samningsviðræðum eða samkeppnisviðræðum við eftirfarandi aðstæður:

a) að því er varðar verk, vörur eða þjónustu sem uppfyllir eina eða fleiri eftirtalinna viðmiðana:

   i. ekki er hægt að mæta þörfum samningsyfirvaldsins án þess að aðlaga lausnir sem fyrir hendi eru,

   ii. þau fela í sér hönnun eða nýstárlegar lausnir,

   iii. ekki er hægt að gera samninginn án undanfarandi samningsviðræðna vegna sérstakra aðstæðna sem tengjast eðli hans, því hversu flókinn hann er eða lagalegum og fjárhagslegum ramma hans eða vegna áhættu sem fylgir,

   iv. samningsyfirvaldið getur ekki fastsett tækniforskriftir af nægilegri nákvæmni með tilvísun til staðals, evrópska tæknimatsins, sameiginlegrar tækniforskriftar eða tækniviðmiðunar í skilningi 2.–5. liðar VII. viðauka,

b) að því er varðar verk, vörur eða þjónustu þar sem einungis berast ógild tilboð eða tilboð sem uppfylla ekki skilmála innkaupaferlis í almennu eða lokuðu útboði. Við slíkar aðstæður þurfa samningsyfirvöld ekki að birta útboðstilkynningu ef þau láta ferlið taka til allra þeirra og aðeins þeirra bjóðenda, sem uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í 57.–64. gr. og sem lögðu fram tilboð í fyrra almennu eða lokuðu útboði, í samræmi við formlegar kröfur innkaupaferlisins.

   Tilboð skulu teljast ógild ef þau eru ekki í samræmi við útboðsgögn, berast of seint, ef sönnun er fyrir leynilegu samráði eða spillingu eða ef samningsyfirvöld telja að þau séu óeðlilega lág. Tilboð skulu ekki teljast uppfylla skilmála innkaupaferlis ef þau eru lögð fram af bjóðendum sem ekki hafa til að bera nauðsynlega menntun og hæfi og bjóðendum sem bjóða hærra verð en fjárheimildir samningsyfirvalds leyfa, eins og þær voru ákveðnar og skráðar áður en innkaupaferlið hófst.

5. Útboð skal auglýst með útboðstilkynningu í samræmi við 49. gr.

Þegar samningur er gerður með lokuðu útboði eða samkeppnisútboði með samningsviðræðum geta aðildarríkin kveðið á um, þrátt fyrir fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, að samningsyfirvöld sem ekki eru yfirvöld á vegum ríkisins eða tilteknir flokkar þeirra, geti auglýst útboð með kynningartilkynningu í samræmi við 2. mgr. 48. gr.

Þegar útboð er auglýst með kynningartilkynningu í samræmi við 2. mgr. 48. gr. skal rekstraraðilum, sem látið hafa í ljósi áhuga sinn í kjölfar birtingar kynningartilkynningarinnar, í framhaldinu boðið að staðfesta áhuga sinn skriflega með boði um að staðfesta áhuga í samræmi við 54. gr.

6. Í þeim sérstöku tilvikum og við þær aðstæður sem sérstaklega er getið um í 32. gr. geta aðildarríkin kveðið á um að samningsyfirvöld geti gengið til samningskaupa án undangenginnar birtingar útboðsauglýsingar. Aðildarríki skulu ekki heimila beitingu þessarar aðferðar í neinum öðrum tilvikum en þeim sem um getur í 32. gr.

27. gr.

Almennt útboð

1. Í almennum útboðum er öllum rekstraraðilum, sem hafa áhuga, heimilt að gera tilboð í kjölfar útboðsauglýsingar.

Frestur til að taka við tilboðum skal vera að lágmarki 35 dagar frá þeim degi þegar útboðstilkynningin var send.

Tilboði skulu fylgja þær upplýsingar vegna hæfismiðaðs vals sem samningsyfirvald fer fram á.

2. Hafi samningsyfirvöld birt kynningartilkynningu, sem ekki var í sjálfu sér notuð til að kynna útboðið, er heimilt að stytta lágmarksfrest til að taka við tilboðum skv. annarri undirgrein 1. mgr. þessarar greinar í 15 daga, að því tilskildu að öllum eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

a) kynningartilkynningin hafði að geyma allar upplýsingar sem krafist er í I. þætti B. hluta V. viðauka að séu í útboðstilkynningunni, svo fremi að þær upplýsingar hafi verið tiltækar þegar kynningartilkynningin var birt,

b) kynningartilkynningin var send til birtingar minnst 35 dögum og mest 12 mánuðum fyrir sendingardag útboðstilkynningarinnar.

3. Ef brýn nauðsyn, sem rökstudd er af samningsyfirvaldi, leiðir af sér að fresturinn sem mælt er fyrir um í annarri undirgrein 1. mgr., kemur ekki til greina, er því heimilt að setja frest sem skal ekki vera skemmri en 15 dagar frá sendingardegi útboðstilkynningarinnar.

4. Samningsyfirvaldi er heimilt að stytta frestinn til að taka við tilboðum, sem mælt er fyrir um í annarri undirgrein 1. mgr. þessarar greinar, um fimm daga ef það samþykkir að leggja megi fram tilboð með rafrænum aðferðum í samræmi við fyrstu undirgrein 1. mgr. 22. gr. og 5. og 6. mgr. 22. gr.

28. gr.

Lokað útboð

1. Í lokuðum útboðum er sérhverjum rekstraraðila heimilt að leggja fram þátttökutilkynningu í kjölfar útboðsauglýsingar sem inniheldur þær upplýsingar sem um getur í B- eða C-hluta V. viðauka, eftir því sem við á, með því að senda inn þær upplýsingar vegna hæfismiðaðs vals sem samningsyfirvald fer fram á.

Frestur til að taka við þátttökutilkynningum skal vera að lágmarki 30 dagar frá sendingardegi útboðstilkynningar eða, ef kynningartilkynning er notuð til að kynna útboð, þeim degi þegar boð um að staðfesta áhuga var sent.

2. Aðeins þeir rekstraraðilar, sem samningsyfirvald býður þátttöku eftir að hafa metið upplýsingarnar sem lagðar voru fram, geta lagt fram tilboð. Samningsyfirvöld geta takmarkað fjölda hæfra umsækjenda, sem boðið er að taka þátt í ferlinu, í samræmi við 65. gr.

Frestur til að taka við tilboðum skal vera að lágmarki 30 dagar frá sendingardegi boðs um að leggja fram tilboð.

3. Hafi samningsyfirvöld birt kynningartilkynningu, sem ekki var í sjálfu sér notuð til að kynna útboðið, er heimilt að stytta lágmarksfrest til að taka við tilboðum skv. annarri undirgrein 2. mgr. þessarar greinar í 10 daga, að því tilskildu að öllum eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

a) kynningartilkynningin hefur að geyma allar upplýsingar sem krafist er í I. þætti B. hluta V. viðauka, svo fremi að þær upplýsingar séu tiltækar á þeim tíma sem kynningartilkynningin er birt,

b) kynningartilkynningin var send til birtingar minnst 35 dögum og mest 12 mánuðum fyrir sendingardag útboðstilkynningarinnar.

4. Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um að öll samningsyfirvöld sem eru ekki yfirvöld á vegum ríkisins, eða tilteknir flokkar þeirra megi setja frest til að taka við tilboðum með gagnkvæmu samkomulagi á milli samningsyfirvaldsins og valinna umsækjenda, að því tilskildu að allir valdir umsækjendur hafi sama tíma til að semja og leggja fram tilboð sín. Ef ekki næst samkomulag um frest til að taka við tilboðum, skal fresturinn vera að lágmarki 10 dagar frá deginum þegar boð um að leggja fram tilboð er sent.

5. Stytta má frest til að taka við tilboðum, sem kveðið er á um í 2. mgr. þessarar greinar, um fimm daga ef samningsyfirvald samþykkir að leggja megi fram tilboð með rafrænum aðferðum í samræmi við 1., 5. og 6. mgr. 22. gr.

6. Ef brýn nauðsyn, sem rökstudd er af samningsyfirvöldum, leiðir af sér að frestirnir sem kveðið er á um í þessari grein koma ekki til greina, er þeim heimilt að setja:

a) frest til að taka við þátttökutilkynningum sem skal ekki vera skemmri en 15 dagar frá þeim degi þegar útboðstilkynningin var send,

b) frest til taka við tilboðum sem skal ekki vera skemmri en 10 dagar frá þeim degi þegar boð um að leggja fram tilboð var sent.

29. gr.

Samkeppnisútboð með samningsviðræðum

1. Í samkeppnisútboðum með samningsviðræðum er sérhverjum rekstraraðila heimilt að leggja fram þátttökutilkynningu í kjölfar útboðsauglýsingar sem inniheldur þær upplýsingar sem um getur í B- eða C-hluta V. viðauka með því að senda inn þær upplýsingar vegna hæfismiðaðs vals sem samningsyfirvald fer fram á.

Í útboðsgögnum skulu samningsyfirvöld tilgreina efni innkaupanna ásamt lýsingu á þörfum sínum og þeim eiginleikum sem þær vörur, verk eða þjónusta, sem kaupa á, skulu hafa til að bera og tilgreina forsendur fyrir vali tilboðs. Þau skulu einnig tilgreina í hvaða þáttum lýsingarinnar þær lágmarkskröfur sem öll tilboð þurfa að uppfylla eru skilgreindar.

Upplýsingarnar, sem látnar eru í té, skulu vera nægilega nákvæmar til að gera rekstraraðilum kleift að átta sig á eðli og umfangi innkaupanna og ákveða hvort þeir vilji taka þátt í útboðinu.

Frestur til að taka við þátttökutilkynningum skal vera að lágmarki 30 dagar frá sendingardegi útboðstilkynningar eða, ef kynningartilkynning er notuð til að kynna útboð, þeim degi þegar boð um að staðfesta áhuga var sent. Lágmarksfrestur til að taka við upphaflegum tilboðum skal vera 30 dagar frá sendingardegi boðsins. Ákvæði 3.–6. mgr. 28. gr. gilda.

2. Aðeins þeir rekstraraðilar, sem samningsyfirvald býður þátttöku eftir að hafa metið upplýsingarnar sem lagðar voru fram, geta lagt fram upphaflegt tilboð sem skal vera grundvöllur áframhaldandi viðræðna. Samningsyfirvöld geta takmarkað fjölda hæfra umsækjenda, sem boðið er að taka þátt í ferlinu, í samræmi við 65. gr.

3. Ef ekki er kveðið á um annað í 4. mgr. skulu samningsyfirvöld ræða við bjóðendur um upphafleg tilboð þeirra og öll síðari tilboð sem þeir leggja fram, nema endanleg tilboð í skilningi 7. mgr., til að bæta innihald þeirra.

Ekki skal vera hægt að semja um lágmarkskröfur og forsendur fyrir vali tilboðs.

4. Samningsyfirvöldum er heimilt að gera samninga á grundvelli upphaflegra tilboða án samningsviðræðna hafi þau tekið það fram í útboðstilkynningu eða boði um að staðfesta áhuga að þau áskilji sér rétt til þess.

5. Meðan á viðræðum stendur skulu samningsyfirvöld tryggja að jafnræðis sé gætt meðal allra bjóðenda. Í því skyni skulu þau gæta þess að veita ekki upplýsingar á þann hátt að bjóðendum sé mismunað þannig að staða sumra þeirra verði betri en annarra. Þau skulu upplýsa alla bjóðendur, hafi tilboð þeirra ekki verið útilokuð í samræmi við 6. mgr., skriflega um hvers konar breytingar á tækniforskriftum eða öðrum útboðsgögnum, öðrum en þeim þar sem lágmarkskröfur eru settar. Eftir slíkar breytingar skulu samningsyfirvöld veita bjóðendum nægilega langan frest til að breyta tilboðum sínum og leggja þau fram aftur, eins og við á.

Í samræmi við 21. gr. skulu samningsyfirvöld ekki upplýsa aðra þátttakendur um trúnaðarupplýsingar sem umsækjandi eða bjóðandi í samningsviðræðunum hefur veitt, án samþykkis hans. Slíkt samþykki skal ekki fela í sér almennt afsal réttinda heldur skal það gefið með tilvísun til hinnar fyrirhuguðu miðlunar tiltekinna upplýsinga.

6. Samkeppnisútboð með samningsviðræðum getur farið fram í nokkrum áföngum til að fækka þeim tilboðum, sem fjalla þarf um í samningsviðræðum, með því að beita forsendunum fyrir vali tilboðs sem tilgreindar eru í útboðstilkynningu, í boði um að staðfesta áhuga eða öðrum útboðsgögnum. Samningsyfirvaldið skal taka fram í útboðstilkynningu, í boði um að staðfesta áhuga eða öðrum útboðsgögnum hvort það hyggst nýta sér þennan kost.

7. Ef samningsyfirvald hyggst ljúka samningsviðræðunum skal það tilkynna þeim bjóðendum sem eftir eru um það og setja sameiginlegan frest til að leggja fram ný eða endurskoðuð tilboð. Það skal ganga úr skugga um að endanleg tilboð séu í samræmi við lágmarkskröfur og 1. mgr. 56. gr., meta endanleg tilboð á grundvelli valforsendna og gera samning í samræmi við 66.–69. gr.

30. gr.

Samkeppnisviðræður

1. Í samkeppnisviðræðum er sérhverjum rekstraraðila heimilt að leggja fram þátttökutilkynningu í kjölfar útboðstilkynningar með því að senda inn þær upplýsingar vegna hæfismiðaðs vals sem samningsyfirvald fer fram á.

Frestur til að taka við þátttökutilkynningum skal vera að lágmarki 30 dagar frá þeim degi þegar útboðstilkynningin var send.

Aðeins þeir rekstraraðilar, sem samningsyfirvald býður þátttöku eftir að hafa metið upplýsingarnar sem lagðar voru fram, geta tekið þátt í samkeppnisviðræðum. Samningsyfirvöld geta takmarkað fjölda hæfra umsækjenda, sem boðið er að taka þátt í ferlinu, í samræmi við 65. gr. Samningur skal gerður á grundvelli valforsendunnar um besta hlutfall milli verðs og gæða eingöngu, í samræmi við 2. mgr. 67. gr.

2. Samningsyfirvöld skulu setja fram þarfir sínar og kröfur í útboðstilkynningu og skilgreina þær þarfir og kröfur í tilkynningunni og/eða í skýringargögnum. Í sömu skjölum skulu þau samhliða setja fram og skilgreina þær forsendur fyrir vali tilboðs sem ákveðnar hafa verið og setja leiðbeinandi tímaramma.

3. Samningsyfirvöld skulu hefja viðræður við þátttakendur, sem valdir hafa verið í samræmi við viðeigandi ákvæði 56.–66. gr., með það að markmiði að finna og skilgreina heppilegustu aðferðirnar við að uppfylla þarfir sínar. Í þessum viðræðum geta þau rætt öll atriði innkaupanna við hina völdu þátttakendur.

Í viðræðunum skulu samningsyfirvöld tryggja að allir bjóðendur fái jafna meðferð. Í því skyni skulu þau gæta þess að veita ekki upplýsingar á þann hátt að bjóðendum sé mismunað þannig að staða sumra þeirra verði betri en annarra.

Í samræmi við 21. gr. skulu samningsyfirvöld ekki upplýsa aðra þátttakendur um fyrirhugaðar lausnir eða aðrar trúnaðarupplýsingar sem umsækjandi eða bjóðandi í samningsviðræðunum hefur veitt, án samþykkis hans. Slíkt samþykki skal ekki fela í sér almennt afsal réttinda heldur skal það gefið með tilvísun til hinnar fyrirhuguðu miðlunar tiltekinna upplýsinga.

4. Samkeppnisviðræður geta farið fram í nokkrum áföngum til að fækka þeim lausnum sem fjalla þarf um á meðan viðræður standa yfir; það má gera á grundvelli forsendna fyrir vali tilboðs sem settar eru fram í útboðstilkynningu eða skýringargögnum. Samningsyfirvaldið skal taka fram í útboðstilkynningu eða í skýringargögnum hvort það hyggst nýta sér þennan kost.

5. Samningsyfirvaldið skal halda viðræðunum áfram þar til fundist hefur lausn eða lausnir sem geta uppfyllt þarfir þess.

6. Þegar samningsyfirvöld hafa lýst því yfir að viðræðum sé lokið og tilkynnt þeim þátttakendum sem eftir eru um það skulu þau gefa þátttakendum kost á að leggja fram endanleg tilboð á grundvelli þeirrar lausnar eða lausna sem kynntar hafa verið og skýrðar meðan á viðræðum stóð. Þessi tilboð skulu hafa að geyma öll atriði sem krafist er og eru nauðsynleg fyrir framkvæmd verkefnisins.

Þessi tilboð má skýra, skilgreina og betrumbæta að beiðni samningsyfirvaldsins. Slíkar skýringar, skilgreiningar, betrumbætur eða viðbótarupplýsingar mega þó ekki fela í sér breytingar á grundvallarþáttum tilboðs eða opinberu innkaupanna, s.s. á þörfum og kröfum sem settar eru fram í útboðstilkynningunni eða í skýringargögnunum, þar eð frávik á slíkum þáttum, þörfum og kröfum eru líkleg til að raska samkeppni eða ýta undir mismunun.

7. Samningsyfirvöld skulu meta tilboð sem þeim berast á grundvelli þeirra forsendna fyrir vali tilboðs, sem mælt er fyrir um í útboðstilkynningu eða skýringargögnum.

Að beiðni samningsyfirvalds er heimilt að halda áfram viðræðum við þann bjóðanda, sem hefur lagt fram það tilboð sem hefur best hlutfall milli verðs og gæða í samræmi við 67. gr., til að staðfesta skuldbindingar sem felast í tilboðinu, að því tilskildu að það hafi ekki í för með sér verulegar breytingar á veigamiklum atriðum í tilboðinu eða innkaupunum, s.s. á þörfum og kröfum sem settar eru fram í útboðstilkynningunni eða í skýringargögnunum, og að ekki sé hætta á að það raski samkeppni eða ýti undir mismunun.

8. Samningsyfirvöldum er heimilt að ákveða verðlaun eða greiðslur til þátttakenda í viðræðunum.

31. gr.

Nýsköpunarsamstarf

1. Í nýsköpunarsamstarfi er sérhverjum rekstraraðila heimilt að leggja fram þátttökutilkynningu í kjölfar útboðstilkynningar með því að senda inn þær upplýsingar vegna hæfismiðaðs vals sem samningsyfirvald fer fram á.

Í útboðsgögnum skal samningsyfirvald tilgreina þörf á nýsköpunarvöru, -þjónustu eða -verki sem ekki er hægt að uppfylla með því að kaupa vörur, þjónustu eða verk sem til eru á markaði. Það skal einnig tilgreina í hvaða þáttum lýsingarinnar skilgreindar eru þær lágmarkskröfur sem öll tilboð þurfa að uppfylla. Upplýsingarnar, sem látnar eru í té, skulu vera nægilega nákvæmar til að gera rekstraraðilum kleift að átta sig á eðli og umfangi lausnarinnar, sem krafist er, og ákveða hvort þeir vilji taka þátt í útboðinu.

Samningsyfirvaldið getur ákveðið að stofna til nýsköpunarsamstarfs við einn eða fleiri aðila sem stunda aðskilda rannsóknar- og þróunarstarfsemi.

Frestur til að taka við þátttökutilkynningum skal vera að lágmarki 30 dagar frá þeim degi þegar útboðstilkynningin var send. Aðeins þeir rekstraraðilar, sem samningsyfirvald býður þátttöku eftir að hafa metið upplýsingarnar sem lagðar voru fram, geta tekið þátt í ferlinu. Samningsyfirvöld geta takmarkað fjölda hæfra umsækjenda, sem boðið er að taka þátt í ferlinu, í samræmi við 65. gr. Samningar skulu gerðir á grundvelli valforsendunnar um besta hlutfall milli verðs og gæða eingöngu, í samræmi við 67. gr.

2. Nýsköpunarsamstarfið skal miða að því að þróa nýsköpunarvöru, -þjónustu eða -verk og síðan kaupum á þeirri vöru, þjónustu eða verki sem af því leiðir, að því tilskildu að þau svari til þess nothæfisstigs og hámarkskostnaðar sem samningsyfirvöld og þátttakendur komu sér saman um.

Nýsköpunarsamstarfið skal skipulagt í áföngum sem haldast í hendur við röð þrepa í rannsóknar- og nýsköpunarferlinu, sem geta tekið til framleiðslu á vörunum, veitingar þjónustunnar eða lokafrágangs verka. Í nýsköpunarsamstarfinu skal ákveða áfangamarkmið fyrir samstarfsaðilana og kveða á um greiðslu þóknunar í viðeigandi hlutagreiðslum.

Á grundvelli þessara markmiða getur samningsyfirvaldið, að hverjum áfanga loknum, ákveðið að binda enda á nýsköpunarsamstarfið eða, ef um er að ræða samstarf við fleiri en einn aðila, að fækka samstarfsaðilum með því að slíta einstökum samningum, að því tilskildu að það hafi tiltekið slíka möguleika og skilmála fyrir notkun þeirra í útboðsgögnum.

3. Ef ekki er kveðið á um annað í 4. mgr. skulu samningsyfirvöld ræða við bjóðendur um upphafleg tilboð þeirra og öll síðari tilboð sem þeir leggja fram, nema endanlegt tilboð í skilningi 7. mgr., til að bæta innihald þeirra.

Ekki skal vera hægt að semja um lágmarkskröfur og forsendur fyrir vali tilboðs.

4. Meðan á viðræðum stendur skulu samningsyfirvöld tryggja að jafnræðis sé gætt meðal allra bjóðenda. Í því skyni skulu þau gæta þess að veita ekki upplýsingar á þann hátt að bjóðendum sé mismunað þannig að staða sumra þeirra verði betri en annarra. Þau skulu upplýsa alla bjóðendur, hafi tilboð þeirra ekki verið útilokuð, í samræmi við 5. mgr., skriflega um hvers konar breytingar á tækniforskriftum eða öðrum útboðsgögnum, öðrum en þeim þar sem lágmarkskröfur eru settar. Eftir slíkar breytingar skulu samningsyfirvöld veita bjóðendum nægilega langan frest til að breyta tilboðum sínum og leggja þau fram aftur, eins og við á.

Í samræmi við 21. gr. skulu samningsyfirvöld ekki upplýsa aðra þátttakendur um trúnaðarupplýsingar sem umsækjandi eða bjóðandi í samningsviðræðunum hefur veitt, án samþykkis hans. Slíkt samþykki skal ekki fela í sér almennt afsal réttinda heldur skal það gefið með tilvísun til hinnar fyrirhuguðu miðlunar tiltekinna upplýsinga.

5. Samningsviðræður meðan á nýsköpunarsamstarfsferli stendur geta farið fram í nokkrum áföngum til að fækka þeim tilboðum, sem fjalla þarf um í samningsviðræðum, með því að beita forsendunum fyrir vali tilboðs sem tilgreindar eru í útboðstilkynningu, í boði um að staðfesta áhuga eða í útboðsgögnum. Samningsyfirvaldið skal taka fram í útboðstilkynningu, í boði um að staðfesta áhuga eða í útboðsgögnum hvort það hyggst nýta sér þennan kost.

6. Við val á umsækjendum skulu samningsyfirvöld einkum beita viðmiðunum sem varða getu umsækjenda á sviði rannsókna og þróunar og við þróun og framkvæmd nýstárlegra lausna.

Aðeins þeir rekstraraðilar, sem samningsyfirvald býður þátttöku eftir að hafa metið upplýsingarnar sem lagðar voru fram, mega leggja fram rannsóknar- og nýsköpunarverkefni sem miða að því að uppfylla þær þarfir sem samningsyfirvaldið hefur tilgreint að ekki sé hægt að fullnægja með lausnum sem fyrir eru.

Í útboðsgögnunum skal samningsyfirvaldið skilgreina það fyrirkomulag sem gilda skal um hugverkarétt. Þegar um er að ræða nýsköpunarsamstarf með fleiri en einum þátttakanda skal samningsyfirvald ekki, í samræmi við 21. gr., upplýsa aðra þátttakendur um fyrirhugaðar lausnir eða aðrar trúnaðarupplýsingar sem þátttakandi hefur veitt innan ramma samstarfsins, án samþykkis þess þátttakanda. Slíkt samþykki skal ekki fela í sér almennt afsal réttinda heldur skal það gefið með tilvísun til hinnar fyrirhuguðu miðlunar tiltekinna upplýsinga.

7. Samningsyfirvaldið skal sjá til þess að uppbygging samstarfsins, og einkum lengd og virði hinna mismunandi áfanga, endurspegli nýsköpunarstig hinnar fyrirhuguðu lausnar og röð þess rannsóknar- og nýsköpunarstarfs sem þarf til að þróa nýstárlega lausn sem ekki er enn til á markaði. Áætlað verðmæti vara, þjónustu eða verka skal ekki vera í óeðlilegu hlutfalli við þá fjárfestingu sem þarf til þróunar þeirra.

32. gr.

Notkun samningskaupa án undangenginnar auglýsingar

1. Í tilteknum tilvikum og við tilteknar aðstæður sem mælt er fyrir um í 2.–5. mgr. er aðildarríkjunum heimilt að kveða á um að samningsyfirvöld geti gert opinbera samninga með samningskaupum án undangenginnar auglýsingar.

2. Nota má samningskaup án undangenginnar auglýsingar að því er varðar opinbera verksamninga, opinbera vörusamninga og opinbera þjónustusamninga í eftirfarandi tilvikum:

a) ef engin tilboð eða engin fullnægjandi tilboð eða engar þátttökutilkynningar eða engar fullnægjandi þátttökutilkynningar hafa borist vegna almenns eða lokaðs útboðs, að því tilskildu að ekki sé vikið frá upphaflegum samningsskilmálum í veigamiklum atriðum og að framkvæmdastjórninni sé send skýrsla, ef hún óskar eftir því,

   Tilboð skal ekki talið fullnægjandi þegar það hefur ekki tengsl við samninginn og dugir bersýnilega ekki, án verulegra breytinga, til að mæta þörfum samningsyfirvaldsins eða kröfum eins og þær eru tilgreindar í útboðsgögnum. Þátttökutilkynning telst ekki fullnægjandi ef viðkomandi rekstraraðili er eða gæti verið útilokaður skv. 57. gr. eða ef hann uppfyllir ekki hæfiskröfur samningsyfirvaldsins skv. 58. gr.

b) ef aðeins einn tiltekinn rekstraraðili getur látið í té verkið, vörurnar eða þjónustuna af einni af eftirfarandi ástæðum:

   i. markmiðið með innkaupunum er gerð eða kaup á einstöku listaverki eða einstökum listflutningi,

   ii. ekki er um samkeppni að ræða af tæknilegum ástæðum,

   iii. vegna verndar einkaréttar, þ.m.t. hugverkaréttar.

   Undantekningarnar sem settar eru fram í ii. og iii. lið gilda aðeins þegar enginn annar raunhæfur valkostur er fyrir hendi eða annað sem komið getur í staðinn og ástæðan fyrir því að ekki er til staðar samkeppni er ekki sú að þrengt hafi verið að breytum innkaupanna með óeðlilegum hætti,

c) ef það er algerlega nauðsynlegt og ekki er hægt, af knýjandi ástæðum sem viðkomandi samningsyfirvöld gátu ekki séð fyrir, að standa við fresti sem gilda við almenn eða lokuð útboð eða samkeppnisútboð með samningsviðræðum. Aðstæðurnar, sem skírskotað er til sem knýjandi, skulu ekki undir neinum kringumstæðum skrifast á reikning samningsyfirvalds.

3. Nota má samningskaup án undangenginnar auglýsingar að því er varðar opinbera vörusamninga:

a) þegar um er að ræða vörur sem eru eingöngu framleiddar vegna rannsókna, tilrauna, athugana eða þróunar; samningar sem gerðir eru samkvæmt þessum lið taka hins vegar ekki til fjöldaframleiðslu sem er ætlað að skila hagnaði eða mæta kostnaði vegna rannsóknar- og þróunarverkefna,

b) þegar um er að ræða viðbótarvörur frá upphaflegum birgi sem annaðhvort er ætlað að koma að hluta í stað birgða eða búnaðar eða eru viðbót við birgðir eða búnað og val á nýjum birgi myndi skuldbinda samningsyfirvald til að kaupa vörur sem hefðu aðra tæknilega eiginleika og leiddu því til ósamhæfis eða óeðlilega mikilla tæknilegra erfiðleika við rekstur og viðhald; slíkir samningar, svo og endurnýjaðir samningar, skulu að jafnaði ekki gilda lengur en í þrjú ár,

c) þegar um er að ræða vörur sem eru skráðar og keyptar á vörumarkaði,

d) þegar um er að ræða kaup á vörum eða þjónustu á sérlega góðum kjörum, annaðhvort hjá birgi sem er að hætta starfsemi sinni eða skiptastjóra við gjaldþrotaskipti, nauðasamninga eða svipaða málsmeðferð samkvæmt innlendum lögum eða reglum.

4. Samningskaup án undangenginnar auglýsingar má nota að því er varðar opinbera þjónustusamninga, þegar viðkomandi samningur er gerður að lokinni hönnunarsamkeppni sem haldin er í samræmi við þessa tilskipun og hann á að gera, skv. reglum hönnunarsamkeppninnar, við sigurvegarann eða einn sigurvegaranna í keppninni; í síðarnefnda tilvikinu verður að bjóða öllum sigurvegurum að taka þátt í samningsviðræðum.

5. Samningskaup án undangenginnar auglýsingar má nota þegar um er að ræða nýtt verk eða þjónustu sem felur í sér endurtekningu á svipuðu verki eða þjónustu og sama samningsyfirvald samdi upphaflega um við sama rekstraraðila, að því tilskildu að slíkt verk eða þjónusta sé í samræmi við grunnverkefnið sem upphaflegi samningurinn var gerður um á grundvelli útboðs í samræmi við 1. mgr. 26. gr. Grunnverkefnið skal gefa til kynna umfang hugsanlegra frekari verka eða þjónustu og skilmála fyrir veitingu þeirra.

Þegar fyrra verkefnið er boðið út skal taka fram að þessari aðferð kunni að verða beitt og samningsyfirvöld skulu taka tillit til áætlaðs heildarkostnaðar síðari verka eða þjónustu þegar þau beita ákvæðum 4. gr.

Þessari aðferð má aðeins beita innan þriggja ára frá gerð upphaflega samningsins.

II. KAFLI

Tækni og aðferðir við rafræn innkaup og hópinnkaup

33. gr.

Rammasamningar

1. Samningsyfirvöldum er heimilt að gera rammasamninga að því tilskildu að þau beiti þeim aðferðum sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

Rammasamningur er samningur eins eða fleiri samningsyfirvalda við einn eða fleiri rekstraraðila sem er gerður í þeim tilgangi að ákveða skilmála samninga sem gerðir verða á tilteknu tímabili, einkum að því er varðar verð og, ef við á, fyrirhugað magn.

Gildistími rammasamnings má ekki vera lengri en fjögur ár nema í undantekningartilvikum sem eiga sér m.a. gilda stoð í efni rammasamningsins.

2. Samningar, sem eru byggðir á rammasamningi, skulu gerðir í samræmi við aðferðirnar sem mælt er fyrir um í þessari málsgrein og í 3. og 4. mgr.

Einungis má beita þessum aðferðum í samningum á milli þeirra samningsyfirvalda sem eru skýrt tilgreind í þessu skyni í útboðsauglýsingunni eða boðinu um að staðfesta áhuga og þeirra rekstraraðila sem eru aðilar að rammasamningnum eins og hann var gerður.

Samningar sem gerðir eru á grundvelli rammasamnings mega undir engum kringumstæðum fela í sér verulegar breytingar á skilmálunum, sem mælt er fyrir um í þeim rammasamningi, og alls ekki í því tilviki sem um getur í 3. mgr.

3. Ef rammasamningur er gerður við einn rekstraraðila skulu samningar, sem eru byggðir á þeim samningi, gerðir innan ramma þeirra skilmála sem mælt er fyrir um í rammasamningnum.

Við gerð slíkra samninga geta samningsyfirvöld ráðfært sig skriflega við rekstraraðila rammasamningsins og óskað eftir viðbótum við tilboð hans ef þörf krefur.

4. Ef rammasamningur er gerður við fleiri en einn rekstraraðila skal hann framkvæmdur á einhvern þann hátt sem hér segir:

a) í samræmi við skilyrði og skilmála rammasamningsins, án þess að efnt sé á ný til samkeppni, þegar þar koma fram allir skilmálar um viðkomandi verk, þjónustu og vörur sem láta á í té, og hlutlæg skilyrði til að ákvarða hver af rekstraraðilunum, sem eru aðilar að rammasamningnum, skuli annast það; síðarnefndu skilyrðin skulu koma fram í útboðsgögnum fyrir rammasamninginn,

b) ef mælt er í rammasamningnum fyrir um alla skilmála varðandi viðkomandi verk, þjónustu og vörur sem láta á í té, að hluta án þess að efnt sé á ný til samkeppni í samræmi við a-lið og að hluta með því að efna á ný til samkeppni meðal aðila að rammasamningnum í samræmi við c-lið, hafi samningsyfirvöld mælt fyrir um þann möguleika í útboðsgögnum fyrir rammasamninginn. Beita skal hlutlægum viðmiðunum, sem mælt er fyrir um í útboðsgögnum rammasamningsins, til að ákveða hvort kaupa skuli tiltekin verk, vörur eða þjónustu á grundvelli nýrrar samkeppni eða beint, samkvæmt þeim skilmálum sem mælt er fyrir um í rammasamningnum. Í útboðsgögnunum skal einnig koma fram hvaða skilmálar geta orðið tilefni þess að efnt er á ný til samkeppni.

Möguleikarnir, sem kveðið er á um í fyrstu málsgrein þessa liðar skulu einnig eiga við um hvern þann samningshluta rammasamningsins, þar sem mælt hefur verið fyrir um alla skilmála viðkomandi verks, þjónustu og vara í rammasamningnum, án tillits til þess hvort mælt hafi verið fyrir um alla skilmála viðkomandi verka, þjónustu og vara sem heyra undir aðra samningshluta,

c) ef ekki hefur verið mælt fyrir um alla skilmála verka, þjónustu og vara í rammasamningnum, með því að efna á ný til samkeppni meðal aðila að rammasamningnum.

5. Boðin sem um getur í b- og c-lið 4. mgr. skulu byggjast á sömu skilmálum og beitt var við gerð rammasamningsins og, þar sem þörf er á, skýrari skilmálum, og, eftir atvikum, á grundvelli annarra skilyrða sem um getur í útboðsskilmálum rammasamningsins í samræmi við eftirfarandi reglur:

a) við gerð hvers samnings skulu samningsyfirvöld ráðfæra sig skriflega við þá rekstraraðila sem hafa burði til að framkvæma samninginn,

b) samningsyfirvöld skulu ákveða tilboðsfrest sem er hæfilega langur til að bjóðendur geti lagt fram tilboð vegna hvers einstaks samnings, að teknu tilliti til þess hve flókið efni samningsins er, hve langan tíma það tekur að leggja fram tilboð og annarra slíkra þátta,

c) tilboð skulu vera skrifleg og skulu ekki opnuð fyrr en tilgreindur frestur til að svara þeim er útrunninn,

d) samningsyfirvöld skulu gera samning við þann bjóðanda sem leggur fram besta tilboðið á grundvelli þeirra valforsendna sem koma fram í útboðsgögnum rammasamningsins.

34. gr.

Gagnvirk innkaupakerfi

1. Samningsyfirvöldum er heimilt að nýta sér gagnvirk innkaupakerfi við algeng innkaup sem almennt er mögulegt að gera á almennum markaði þannig að kröfum kaupanda sé fullnægt. Gagnvirkt innkaupakerfi skal vera fyllilega rafrænt ferli og skal allan gildistíma innkaupakerfisins vera opið hverjum þeim rekstraraðila sem uppfyllir hæfiskröfur. Því má skipta niður í flokka vara, verka og þjónustu sem eru hlutlægt skilgreind á grundvelli eiginleika þeirra innkaupa sem gera á innan viðkomandi flokks. Slíkir eiginleikar geta verið tilvísanir til mestu leyfilegu stærðar samninga sem af þessu leiðir eða til tiltekins landsvæðis þar sem tilteknir samningar, sem af þessu leiðir, verða framkvæmdir.

2. Til þess að framkvæma innkaup innan ramma gagnvirks innkaupakerfis skulu samningsyfirvöld fylgja reglum lokaðs útboðs. Allir umsækjendur sem uppfylla hæfiskröfur skulu hafa aðgang að kerfinu og ekki skal takmarka fjölda umsækjenda sem veittur er aðgangur að kerfinu í samræmi við 65. gr. Þegar samningsyfirvöld hafa skipt kerfinu í flokka vara, verka eða þjónustu í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar skulu þau tilgreina gildandi valforsendur fyrir hvern flokk.

Þrátt fyrir 28. gr. skulu eftirfarandi frestir gilda:

a) frestur til að taka við þátttökutilkynningum skal vera að lágmarki 30 dagar frá sendingardegi útboðstilkynningar eða, ef kynningartilkynning er notuð til að kynna útboð, þeim degi þegar boð um að staðfesta áhuga er sent. Engir frekari frestir til að taka við þátttökutilkynningum skulu gefnir eftir að boð um að leggja fram tilboð í fyrsta einstaka útboðinu innan gagnvirka innkaupakerfisins hefur verið sent,

b) frestur til að taka við tilboðum skal vera að lágmarki 10 dagar frá sendingardegi boðs um að leggja fram tilboð. Ákvæði 4. mgr. 28. gr. gilda, eftir því sem við á. Ákvæði 3. og 5. mgr. 28. gr. gilda ekki.

3. Öll samskipti innan ramma gagnvirks innkaupakerfis skulu einungis fara fram með rafrænum aðferðum í samræmi við 1., 3., 5. og 6. mgr. 22. gr.

4. Þegar gagnvirku innkaupakerfi er komið á fót skulu samningsyfirvöld:

a) birta útboðsauglýsingu þar sem skýrt er tekið fram að um gagnvirkt innkaupakerfi sé að ræða,

b) tilgreina í útboðsgögnum a.m.k. hvers konar innkaup séu fyrirhuguð samkvæmt þessu innkaupakerfi og í hvaða magni og einnig allar nauðsynlegar upplýsingar um kerfið, m.a. hvernig það starfar, rafeindabúnaðinn sem er notaður og tæknilegt fyrirkomulag og forskriftir varðandi tengingar við kerfið,

c) tilgreina hvers konar skiptingu í flokka vara, verka eða þjónustu og þá eiginleika sem skilgreina þá,

d) bjóða ótakmarkaðan og fullan, beinan aðgang, svo lengi sem kerfið er í gildi, að útboðsgögnum í samræmi við 53. gr.

5. Samningsyfirvöld skulu, á öllum gildistíma gagnvirka innkaupakerfisins, gefa sérhverjum rekstraraðila kost á því að leggja fram þátttökutilkynningu og fá aðgang að kerfinu með þeim skilyrðum sem um getur í 2. mgr. Samningsyfirvöld skulu ljúka mati sínu á slíkum tilkynningum í samræmi við hæfiskröfur innan 10 virkra daga frá viðtöku þeirra. Í einstökum rökstuddum tilvikum má lengja frestinn í 15 virka daga, einkum ef þarf að kanna viðbótargögn eða sannreyna á annan hátt hvort hæfiskröfur séu uppfylltar.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein og svo lengi sem boð um að leggja fram tilboð vegna fyrstu einstöku innkaupanna innan gagnvirka innkaupakerfisins hefur ekki verið sent, er samningsyfirvöldum heimilt að framlengja matsfrestinn að því tilskildu að ekkert boð um að leggja fram tilboð sé sent út meðan á framlengda frestinum stendur. Samningsyfirvöld skulu tilgreina í útboðsgögnum lengd framlengds frests sem þau hyggjast beita.

Samningsyfirvöld skulu upplýsa viðkomandi rekstraraðila, eins fljótt og unnt er, um það hvort hann hafi fengið aðgang að gagnvirka innkaupakerfinu eða ekki.

6. Samningsyfirvöld skulu bjóða öllum þátttakendum, sem hafa fengið aðgang að kerfinu, að leggja fram tilboð fyrir hver einstök innkaup sem gera á innan gagnvirka innkaupakerfisins, í samræmi við 54. gr. Hafi gagnvirka innkaupakerfinu verið skipt niður í flokka verka, vara eða þjónustu skulu samningsyfirvöld bjóða öllum þátttakendum, sem fengið hafa aðgang að þeim flokki sem svarar til hinna tilteknu innkaupa, að leggja fram tilboð.

Þau skulu gera samning við þann bjóðanda sem leggur fram besta tilboðið á grundvelli valforsendna, sem settar eru fram í útboðstilkynningunni fyrir gagnvirka innkaupakerfið eða, ef kynningartilkynning er notuð til að kynna útboð, í boðinu um að staðfesta áhuga. Þessar forsendur má skilgreina nánar, eftir því sem við á, í boðinu um að leggja fram tilboð.

7. Samningsyfirvöldum er heimilt, hvenær sem er á gildistíma gagnvirka innkaupakerfisins, að krefjast þess að þátttakendur, sem fengið hafa aðgang að kerfinu, leggi fram endurnýjaða og uppfærða eigin yfirlýsingu, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 59. gr., innan fimm virkra daga frá þeim degi þegar beiðni um það var lögð fram.

Ákvæði 4.–6. mgr. 59. gr. skulu gilda á öllum gildistíma gagnvirks innkaupakerfis.

8. Samningsyfirvöld skulu tilgreina gildistíma gagnvirks innkaupakerfis í útboðsauglýsingu. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um hvers konar breytingu á gildistíma með eftirtöldum stöðluðum eyðublöðum:

a) ef gildistímanum er breytt án þess að bundinn sé endi á kerfið, með því eyðublaði sem upphaflega er notað fyrir útboðsauglýsingu fyrir gagnvirka innkaupakerfið,

b) ef bundinn er endi á kerfið, með tilkynningu um gerð samnings sem um getur í 50. gr.

9. Ekki má leggja nein gjöld á rekstraraðila sem eru áhugasamir um eða sem eiga aðild að gagnvirka innkaupakerfinu fyrir eða meðan á gildistíma kerfisins stendur.

35. gr.

Rafræn uppboð

1. Samningsyfirvöldum er heimilt að nota rafræn uppboð þar sem nýtt og lægra verð og/eða nýtt verðgildi tiltekinna þátta í tilboðum er sett fram með rafrænum hætti.

Í þessu skyni skulu samningsyfirvöld skipuleggja rafræna uppboðið sem endurtekið rafrænt ferli sem hefst eftir að full afstaða hefur verið tekin til tilboðanna í upphafi og gerir mögulegt að flokka þau með sjálfvirkum matsaðferðum.

Ekki skal bjóða upp með rafrænum aðferðum tiltekna opinbera þjónustusamninga og verksamninga, sem fela í sér framkvæmd á sviði hugverka, s.s. hönnun verka, sem ekki er hægt að meta með sjálfvirkum matsaðferðum.

2. Þegar um er að ræða almenn eða lokuð útboð eða samkeppnisútboð með samningsviðræðum geta samningsyfirvöld ákveðið að samningur skuli gerður að undangengnu rafrænu uppboði þegar unnt er að ákvarða efni útboðsgagna, einkum tækniforskriftir, af nákvæmni.

Við sömu aðstæður er heimilt að halda rafrænt uppboð þegar efnt er á ný til samkeppni meðal aðila að rammasamningi, eins og kveðið er á um í b- eða c-lið 4. mgr. 33. gr., og í útboðum þar sem gera á samning samkvæmt gagnvirka innkaupakerfinu sem um getur í 34. gr.

3. Rafrænt uppboð skal grundvallast á einum af eftirfarandi þáttum tilboða:

a) eingöngu á verði, ef samningur er gerður á grundvelli lægsta verðs, eða

b) á verði og/eða nýju verðgildi tilboðsþátta í útboðsgögnum, ef samningur er gerður á grundvelli besta hlutfalls milli verðs og gæða eða þess tilboðs sem hefur í för með sér minnstan kostnað á grundvelli nálgunar sem byggist á kostnaðarhagkvæmni.

4. Samningsyfirvöld, sem ákveða að halda rafrænt uppboð, skulu geta þess í útboðstilkynningu eða boði um að staðfesta áhuga. Í útboðsgögnum skulu koma fram a.m.k. þær upplýsingar sem settar eru fram í VI. viðauka.

5. Áður en rafrænt uppboð hefst skulu samningsyfirvöld leggja fullt, fyrsta mat á tilboðin í samræmi við forsendu eða forsendur fyrir vali tilboðs og það vægi sem er ákveðið fyrir þær.

Tilboð skal teljast tækt ef það hefur verið lagt fram af bjóðanda sem ekki hefur verið útilokaður í samræmi við 57. gr. og sem uppfyllir hæfiskröfur, ef tilboðið er í samræmi við tækniforskriftir án þess að vera ógilt, eða uppfylla ekki skilmála innkaupaferlis eða vera ófullnægjandi.

Tilboð skulu teljast ógild ef þau eru ekki í samræmi við útboðsgögn, berast of seint, ef sönnun er fyrir leynilegu samráði eða spillingu eða ef samningsyfirvöld telja að þau séu óeðlilega lág. Tilboð skulu ekki teljast uppfylla skilmála innkaupaferlis ef þau eru lögð fram af bjóðendum sem ekki hafa til að bera nauðsynlega menntun og hæfi og bjóðendum sem bjóða hærra verð en fjárheimildir samningsyfirvalds leyfa, eins og þær voru ákveðnar og skráðar áður en innkaupaferlið hófst.

Tilboð skal ekki talið fullnægjandi þegar það hefur ekki tengsl við samninginn og dugir bersýnilega ekki, án verulegra breytinga, til að mæta þörfum samningsyfirvaldsins og kröfum eins og þær eru tilgreindar í útboðsgögnum. Þátttökutilkynning telst ekki fullnægjandi ef viðkomandi rekstraraðili er eða gæti verið útilokaður skv. 57. gr. eða ef hann uppfyllir ekki hæfiskröfur samningsyfirvaldsins skv. 58. gr.

Öllum bjóðendum, sem hafa lagt fram tæk tilboð, skal samtímis boðið að taka þátt í rafrænu uppboði og nota til þess, frá og með tilteknum degi og tíma, tengingar í samræmi við leiðbeiningar sem settar eru fram í boðinu. Rafræna uppboðinu má skipta í nokkra áfanga sem fara fram hver á fætur öðrum. Rafræna uppboðið skal ekki hefjast fyrr en tveimur virkum dögum eftir að boðin eru send út.

6. Boðinu skulu fylgja niðurstöður úr fullu mati á viðkomandi tilboði, sem fer fram í samræmi við það vægi sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein 5. mgr. 67. gr.

Í boðinu skal einnig koma fram hvaða reiknilíkan á að nota í rafræna uppboðinu til að ákvarða sjálfkrafa endurröðun tilboða á grundvelli nýs verðs og/eða verðgildis. Í öðrum tilvikum en þeim þar sem fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið er ákvarðað eingöngu á grundvelli verðs skal þetta líkan taka til vægis allra forsendna sem eru settar til að ákvarða fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið, eins og tilgreint er í útboðstilkynningunni eða í öðrum útboðsgögnum. Í því augnamiði skulu þó hugsanleg vikmörk skilgreind fyrir fram sem föst gildi.

Ef frávikstilboð eru heimil skal setja fram sérstakt reiknilíkan fyrir hvert frávik.

7. Í hverjum áfanga rafræns uppboðs skulu samningsyfirvöld þegar í stað láta öllum bjóðendum í té a.m.k. nægilegar upplýsingar til að þeir hafi vitneskju um stöðu sína í röðinni hverju sinni. Þau geta einnig, hafi það verið tekið fram fyrir fram, veitt aðrar upplýsingar um önnur atriði varðandi verð eða verðgildi, sem hafa verið sett fram. Þau geta einnig, hvenær sem er, tilkynnt um fjölda bjóðenda í viðkomandi áfanga uppboðs. Þeim er þó aldrei heimilt að upplýsa um nafn bjóðenda á neinu stigi rafræns uppboðs.

8. Samningsyfirvöld skulu loka rafrænu uppboði með einhverju af eftirfarandi:

a) á fyrirfram tilgreindum degi og tíma,

b) þegar ekki berst lengur nýtt verð eða verðgildi sem uppfyllir kröfur um lágmarksmun, að því tilskildu að þau hafi þegar tiltekið hversu langur tími verður látinn líða frá því að tekið er á móti síðasta tilboði og þar til rafræna uppboðinu er lokað, eða

c) þegar þeim fjölda áfanga uppboðs, sem áður hafa verið tilteknir, er lokið.

Þegar samningsyfirvöld ætla að loka rafrænu uppboði í samræmi við c-lið fyrstu undirgreinar, og hugsanlega einnig samkvæmt þeirri aðferð sem mælt er fyrir um í b-lið, skal tímaáætlun fyrir hvern áfanga uppboðsins koma fram í boði um að taka þátt í uppboðinu.

9. Þegar rafrænu uppboði hefur verið lokað skulu samningsyfirvöld gera samning í samræmi við 67. gr. á grundvelli niðurstaðna úr rafræna uppboðinu.

36. gr.

Rafrænir vörulistar

1. Þar sem rafrænna samskiptaaðferða er krafist geta samningsyfirvöld farið fram á að tilboð séu lögð fram í formi rafræns vörulista eða að því fylgi rafrænn vörulisti.

Aðildarríkin geta gert notkun rafrænna vörulista skyldubundna í tengslum við tilteknar tegundir innkaupa.

Tilboðum, sem lögð eru fram í formi rafræns vörulista, mega fylgja önnur skjöl til að fullgera tilboðið.

2. Umsækjendur eða bjóðendur skulu útbúa rafræna vörulista til að taka þátt í tilteknu innkaupaferli í samræmi við þær tækniforskriftir og með því sniði sem samningsyfirvaldið ákveður.

Rafrænir vörulistar skulu enn fremur vera í samræmi við kröfur um rafræn samskiptatæki, sem og hverjar þær viðbótarkröfur aðrar sem samningsyfirvald setur í samræmi við 22. gr.

3. Ef framlagning tilboða í formi rafrænna vörulista er viðurkennd eða hennar er krafist skulu samningsyfirvöld:

a) tiltaka það í útboðstilkynningu eða í boði um að staðfesta áhuga ef kynningartilkynning er notuð til að kynna útboð,

b) tiltaka í útboðsgögnum allar nauðsynlegar upplýsingar skv. 6. mgr. 22. gr. varðandi snið, rafeindabúnaðinn sem er notaður og tæknilegt fyrirkomulag og forskriftir varðandi tengingar við vörulistann.

4. Þegar rammasamningur hefur verið gerður við fleiri en einn rekstraraðila eftir að lögð hafa verið fram tilboð í formi rafrænna vörulista, geta samningsyfirvöld kveðið á um að efnt sé á ný til samkeppni vegna tiltekinna samninga á grundvelli uppfærðra vörulista. Í slíku tilviki skulu samningsyfirvöld beita einni af eftirtöldum aðferðum:

a) bjóða bjóðendum að leggja fram rafræna vörulista sína að nýju eftir að hafa lagað þá að kröfum viðkomandi samnings eða

b) tilkynna bjóðendum að þau hafi í hyggju að safna, úr þeim rafrænu vörulistum sem þegar hafa verið lagðir fram, nauðsynlegum upplýsingum til að setja saman tilboð sem löguð eru að kröfum viðkomandi samnings; að því tilskildu að tilkynnt hafi verið um notkun þessarar aðferðar í útboðsgögnum fyrir rammasamninginn.

5. Þegar samningsyfirvöld efna á ný til samkeppni vegna tiltekinna samninga í samræmi við b-lið 4. mgr. skulu þau láta bjóðendur vita hvaða dag og á hvaða tíma þau hyggjast safna saman nauðsynlegum upplýsingum til að setja saman tilboð sem löguð eruð að kröfum hins tiltekna samnings sem um ræðir og gefa bjóðendum möguleika á að hafna slíkri söfnun upplýsinga.

Samningsyfirvöld skulu leyfa hæfilegum tíma að líða á milli tilkynningarinnar og upplýsingasöfnunarinnar.

Áður en samningur er gerður skulu samningsyfirvöld kynna viðkomandi bjóðanda þær upplýsingar, sem safnað var, og gefa honum tækifæri til að andmæla eða staðfesta að tilboðið, sem þannig er saman sett, innihaldi engar efnislegar skekkjur.

6. Samningsyfirvöld geta gert samninga á grundvelli gagnvirks innkaupakerfis þar sem þess er krafist að tilboð vegna tiltekins samnings séu lögð fram í formi rafræns vörulista.

Samningsyfirvöld geta einnig gert samninga á grundvelli gagnvirks innkaupakerfis í samræmi við b-lið 4. mgr. og 5. mgr. að því tilskildu að tilkynningu um þátttöku í gagnvirka innkaupakerfinu fylgi rafrænn vörulisti í samræmi við þær tækniforskriftir og með því sniði sem samningsyfirvaldið ákveður. Umsækjendur fullgera þann vörulista í framhaldinu þegar þeim er tilkynnt um þá fyrirætlan samningsyfirvaldsins að setja saman tilboð með aðferðinni sem sett er fram í b-lið 4. mgr.

37. gr.

Miðstýrð innkaupastarfsemi og miðlægar innkaupastofnanir

1. Aðildarríkin geta kveðið á um að samningsyfirvöldum sé heimilt að kaupa vörur og/eða þjónustu frá miðlægri innkaupastofnun sem býður miðstýrða innkaupastarfsemi eins og um getur í a-lið 14. liðar 1. mgr. 2. gr.

Aðildarríkin geta einnig kveðið á um að samningsyfirvöldum sé heimilt að kaupa verk, vörur og þjónustu með samningum sem miðlæg innkaupastofnun gerir, með notkun gagnvirkra innkaupakerfa sem starfrækt eru af miðlægri innkaupastofnun eða, að því marki sem sett er fram í annarri undirgrein 2. mgr. 33. gr., með rammasamningi gerðum af miðlægri innkaupastofnun sem býður miðstýrða innkaupastarfsemi eins og um getur í b-lið 14. liðar 1. mgr. 2. gr. Þegar önnur samningsyfirvöld mega nota gagnvirkt innkaupakerfi sem miðlæg innkaupastofnun starfrækir skal það tekið fram í útboðsauglýsingunni sem kemur gagnvirka innkaupakerfinu á fót.

Í tengslum við fyrstu og aðra undirgrein geta aðildarríkin kveðið á um að tiltekin innkaup skuli fara fram í gegnum miðlægar innkaupastofnanir eða eina eða fleiri tilteknar miðlægar innkaupastofnanir.

2. Samningsyfirvald uppfyllir skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun ef það kaupir vörur eða þjónustu frá miðlægri innkaupastofnun sem býður miðstýrða innkaupastarfsemi eins og um getur í a-lið 14. liðar 1. mgr. 2. gr.

Ennfremur uppfyllir samningsyfirvald skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun ef það kaupir verk, vörur eða þjónustu með samningum sem miðlæg innkaupastofnun gerir, með notkun gagnvirkra innkaupakerfa sem starfrækt eru af miðlægri innkaupastofnun eða, að því marki sem sett er fram í annarri undirgrein 2. mgr. 33. gr., með rammasamningi gerðum af miðlægri innkaupastofnun sem býður miðstýrða innkaupastarfsemi sem um getur í b-lið 14. liðar 1. mgr. 2. gr.

Hins vegar skal viðkomandi samningsyfirvald bera sjálft ábyrgð á því að uppfylla skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun að því er varðar þá hluta sem það framkvæmir sjálft, s.s.:

a) gerð samnings innan ramma gagnvirks innkaupakerfis sem starfrækt er af miðlægri innkaupastofnun,

b) nýja samkeppni innan rammasamnings sem miðlæg innkaupastofnun hefur gert,

c) að ákvarða, skv. a- eða b-lið 4. mgr. 33. gr., hver rekstraraðila, sem eiga aðild að rammasamningi, skuli framkvæma tiltekið verkefni samkvæmt rammasamningi sem miðlæg innkaupastofnun hefur gert.

3. Öll innkaupaferli, sem miðlæg innkaupastofnun stýrir, skulu fara fram með rafrænum samskiptaaðferðum í samræmi við kröfur 22. gr.

4. Samningsyfirvöldum er heimilt, án þess að beita aðferðum þessarar tilskipunar, að gera opinberan þjónustusamning við miðlæga innkaupastofnun um að inna af hendi miðstýrða innkaupastarfsemi.

Slíkir opinberir þjónustusamningar geta einnig tekið til stoðstarfsemi við innkaup.

38. gr.

Tilfallandi sameiginleg innkaup

1. Tvö eða fleiri samningsyfirvöld geta ákveðið að gera tiltekin, einstök innkaup sameiginlega.

2. Fari innkaupaferli í heild sinni fram sameiginlega í nafni og fyrir hönd allra samningsyfirvalda sem í hlut eiga, skulu þau vera sameiginlega ábyrg fyrir því að uppfylla skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun. Þetta á einnig við í tilvikum þar sem eitt samningsyfirvald annast ferlið og kemur fram fyrir eigin hönd og annarra samningsyfirvalda sem hlut eiga að máli.

Ef innkaupaferli fer ekki í heild sinni fram í nafni og fyrir hönd samningsyfirvalda sem í hlut eiga, skulu þau einungis vera sameiginlega ábyrg fyrir þeim hlutum sem þau framkvæma sameiginlega. Sérhvert samningsyfirvald skal einungis bera ábyrgð á að uppfylla skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun að því er varðar þá hluta sem það framkvæmir í eigin nafni og fyrir sína hönd.

39. gr.

Innkaup samningsyfirvalda frá mismunandi aðildarríkjum

1. Með fyrirvara um 12. gr. geta samningsyfirvöld frá mismunandi aðildarríkjum gert sameiginlega opinbera samninga með einhverri af þeim aðferðum sem kveðið er á um í þessari grein.

Samningsyfirvöld skulu ekki nota þær aðferðir, sem kveðið er á um í þessari grein, til að komast hjá beitingu ófrávíkjanlegra ákvæða opinbers réttar, sem eru í samræmi við lög Sambandsins og sem þau heyra undir í aðildarríki sínu.

2. Aðildarríki skal ekki meina samningsyfirvöldum sínum að nota sér miðstýrða innkaupastarfsemi miðlægrar innkaupastofnunar sem staðsett er í öðru aðildarríki.

Að því er varðar miðstýrða innkaupastarfsemi miðlægrar innkaupastofnunar, sem staðsett í öðru aðildarríki en samningsyfirvaldið, geta aðildarríkin þó kosið að kveða á um að samningsyfirvöld þeirra megi einungis nota sér miðstýrða innkaupastarfsemi eins og hún er skilgreind annað hvort í a-lið eða b-lið 14. liðar 1. mgr. 2. gr.

3. Miðstýrð innkaupastarfsemi miðlægrar innkaupastofnunar, sem er staðsett í öðru aðildarríki, skal fara fram í samræmi við landsákvæði aðildarríkisins þar sem miðlæga innkaupastofnunin er staðsett.

Landsákvæði aðildarríkisins, þar sem miðlæga innkaupastofnunin er staðsett, skulu einnig gilda um eftirfarandi:

a) gerð samnings innan ramma gagnvirks innkaupakerfis,

b) nýja samkeppni innan rammasamnings,

c) ákvarðanatöku, skv. a- eða b-lið 4. mgr. 33. gr., um það hver rekstraraðila, sem eiga aðild að rammasamningi, skuli framkvæma tiltekið verkefni.

4. Fleiri en einu samningsyfirvaldi frá mismunandi aðildarríkjum er heimilt að gera sameiginlega opinberan samning, rammasamning eða starfrækja sameiginlega gagnvirkt innkaupakerfi. Þau mega einnig, að því marki sem fram kemur í annarri undirgrein 2. mgr. 33. gr., gera samninga á grundvelli rammasamningsins eða gagnvirka innkaupakerfisins. Ef ekki er kveðið á um nauðsynleg atriði í alþjóðasamningi milli þeirra aðildarríkja sem í hlut eiga skulu samningsyfirvöldin, sem taka þátt, gera með sér samning þar sem eftirfarandi er ákvarðað:

a) ábyrgðarsvið aðilanna og viðeigandi gild landsákvæði,

b) innra skipulag innkaupaferlisins, þ.m.t. stjórnun ferlisins, skipting verka, vara eða þjónustu sem kaupa á og samningagerð.

Samningsyfirvald, sem tekur þátt, uppfyllir skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun ef það kaupir verk, vörur eða þjónustu af samningsyfirvaldinu sem ber ábyrgð á innkaupaferlinu. Þegar ákvörðuð eru ábyrgðarsvið og gildandi landsákvæði, eins og um getur í a-lið, geta samningsyfirvöld, sem taka þátt, skipt með sér sérstökum ábyrgðarsviðum og ákvarðað gildandi ákvæði landslaga í hverju og einu aðildarríkja sinna. Skipting ábyrgðarsviða og gildandi landslög skulu koma fram í útboðsgögnum fyrir opinbera samninga sem gerðir eru sameiginlega.

5. Þegar fleiri en eitt samningsyfirvald frá mismunandi aðildarríkjum hafa sett á fót sameiginlega einingu, þ.m.t. Evrópuhóp um svæðasamvinnu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1082/2006 ([30]) eða aðrar einingar sem stofnaðir eru að lögum Sambandsins, skulu samningsyfirvöldin sem taka þátt, með ákvörðun þar til bærs aðila hinnar sameiginlegu einingar, komast að samkomulagi um að landsreglur um innkaup í einu af eftirfarandi aðildarríkjum gildi:

a) landsákvæði þess aðildarríkis þar sem hin sameiginlega eining hefur skráða skrifstofu,

b) landsákvæði þess aðildarríkis þar sem hin sameiginlega eining stundar starfsemi sína.

([30]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1082/2006 frá 5. júlí 2006 um Evrópuhóp um svæðasamvinnu (Stjtíð. L 210, 31.7.2006, bls. 19).

Samkomulagið sem um getur í fyrstu undirgrein getur annað hvort gilt um óákveðinn tíma, ef það er ákveðið í stofnskrá sameiginlegu einingarinnar, eða takmarkast við tiltekið tímabil, tilteknar tegundir samninga eða gerð eins eða fleiri stakra samninga.

III. KAFLI

Framkvæmd útboðs

1. þáttur

Undirbúningur

40. gr.

Undanfarandi markaðskannanir

Áður en ráðist er í innkaupaferli er samningsyfirvöldum heimilt að gera markaðskannanir til að undirbúa innkaupin og upplýsa rekstraraðila um áform sín um innkaup og kröfur varðandi þau.

Í þessu skyni geta samningsyfirvöld t.d. leitað ráða eða þegið ráð frá sjálfstæðum sérfræðingum eða yfirvöldum eða frá markaðsaðilum. Þá ráðgjöf má nota við skipulagningu og framkvæmd innkaupaferlisins, að því tilskildu að hún hafi ekki þau áhrif að raska samkeppni og leiði ekki til brota á meginreglunum um gagnsæi og bann við mismunun.

41. gr.

Fyrri aðkoma umsækjenda eða bjóðenda

Þegar umsækjandi eða bjóðandi, eða fyrirtæki sem tengist umsækjanda eða bjóðanda, hefur veitt samningsyfirvaldi ráðgjöf, hvort sem er í tengslum við 40. gr. eða ekki, eða hefur á annan hátt komið að undirbúningi innkaupaferlis, skal samningsyfirvaldið gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þátttaka þess umsækjanda eða bjóðanda verði ekki til þess að samkeppni sé raskað.

Slíkar ráðstafanir skulu m.a. felast í því að láta öðrum umsækjendum og bjóðendum í té upplýsingar sem máli skipta og sem skipst var á í tengslum við eða sem leiddi af aðkomu umsækjandans eða bjóðandans í undirbúningi innkaupaferlisins og í setningu hæfilegs frests til að taka við tilboðum. Aðeins skal útiloka hlutaðeigandi umsækjanda eða bjóðanda frá ferlinu ef ekki er með neinu öðru móti hægt að tryggja að virt sé sú skylda að uppfylla meginregluna um jafna meðferð.

Áður en gripið er til slíkrar útilokunar skal umsækjendum eða bjóðendum gefið færi á að sýna fram á að aðkoma þeirra að undirbúningi innkaupaferlisins geti ekki raskað samkeppni. Ráðstafanirnar, sem gripið er til, skulu skráðar í stöku skýrsluna sem krafist er í 84. gr.

42. gr.

Tækniforskriftir

1. Tækniforskriftir, eins og þær eru skilgreindar í 1. lið VII. viðauka, skulu koma fram í útboðsgögnum. Í tækniforskrift skal tilgreina þá eiginleika sem krafist er að verk, þjónusta eða vara hafi til að bera.

Þessir eiginleikar geta einnig vísað til sérstaks ferlis eða aðferðar við framleiðslu eða afhendingu viðkomandi verka, vara eða þjónustu eða til sérstaks ferlis á öðru stigi vistferils þeirra, jafnvel þótt slíkir þættir séu ekki hluti af þeim, að því tilskildu að þeir tengist efni samningsins og séu í réttu hlutfalli við verðgildi hans og markmið.

Í tækniforskriftum má einnig tilgreina hvort krafist verður yfirfærslu hugverkaréttinda.

Í öllum innkaupum sem ætluð eru til nota fyrir einstaklinga, hvort sem um er að ræða almenning eða starfsfólk samningsyfirvaldsins, skulu tækniforskriftir samdar þannig að tekið sé tillit til viðmiðana um aðgengi fyrir fatlaða eða hönnun fyrir alla notendur, nema í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum.

Hafi lögboðnar kröfur um aðgengi verið samþykktar með réttargerð Sambandsins skulu tækniforskriftir skilgreindar með tilvísun til þeirra að því er varðar viðmiðanir um aðgengi fyrir fatlaða eða hönnun fyrir alla notendur.

2. Tækniforskriftir skulu veita rekstraraðilum jafna aðgangsmöguleika að innkaupaferlinu og skulu ekki fela í sér tilefnislausar hindranir í vegi fyrir því að opinber innkaup séu opnuð fyrir samkeppni.

3. Með fyrirvara um lögboðnar, innlendar tæknireglur, svo fremi að þær samrýmist lögum Sambandsins, skulu tækniforskriftirnar settar fram með einhverjum þeim hætti sem hér segir:

a) með lýsingu á frammistöðu eða virknikröfum, þ.m.t. umhverfiseiginleikar, að því tilskildu að breyturnar séu nægilega nákvæmar til að bjóðendur geti gert sér grein fyrir efni samningsins og samningsyfirvöld geti gert samning,

b) með tilvísun til tækniforskrifta og, í eftirfarandi forgangsröð, til landsstaðla sem hafa verið settir til lögleiðingar Evrópustöðlum, evrópsks tæknimats, sameiginlegra tækniforskrifta, alþjóðlegra staðla, annarra tæknilegra tilvísunarkerfa sem evrópskar staðlastofnanir hafa komið á fót, eða, þegar ekkert af þessu er fyrir hendi, til landsstaðla, innlends tæknisamþykkis eða innlendra tækniforskrifta um hönnun, útreikning og framkvæmd verks og notkun vöru; orðalagið „eða jafngilt“ skal fylgja hverri tilvísun.

c) með lýsingu á frammistöðu eða virknikröfum, eins og getið er um í a-lið, með tilvísun til tækniforskriftanna, sem getið er um í b-lið, til að sýna að reiknað sé með að slíkar kröfur um frammistöðu eða virkni hafi verið uppfylltar,

d) með því að vísa til tækniforskriftanna, sem getið er um í b-lið, um tiltekna eiginleika og með því að vísa til frammistöðu eða virknikrafna, sem getið er um í a-lið, um aðra.

4. Tækniforskriftir skulu ekki vísa til sérstakrar tegundar eða uppruna eða tiltekins vinnsluferlis sem einkennir vörur eða þjónustu sem tiltekinn rekstraraðili veitir, né til vörumerkja, einkaleyfa, gerða eða sérstaks uppruna eða framleiðslu með þeim áhrifum að það styðji eða útiloki tiltekin fyrirtæki eða tilteknar vörur, sé það ekki réttlætanlegt af efni samningsins. Slík tilvísun skal leyfð í sérstökum undantekningartilvikum þegar nægileg nákvæm og skiljanleg lýsing á efni samningsins skv. 3. mgr. er ekki möguleg. Orðin „eða jafngilt“ skulu fylgja slíkri tilvísun.

5. Ef samningsyfirvald nýtir þann kost að vísa til tækniforskriftanna, sem um getur í b-lið 3. mgr., skal það ekki vísa frá tilboði af þeirri ástæðu að verkið, varan eða þjónustan, sem er boðin, sé í ósamræmi við tækniforskriftirnar, sem það vísaði til, ef bjóðandinn færir sönnur á það í tilboði sínu, með einhverjum viðeigandi hætti, þ.m.t. með þeim sönnunargögnum sem um getur í 44. gr., að lausnir þær sem hann leggur til uppfylli kröfurnar sem eru ákvarðaðar í tækniforskriftunum með jafngildum hætti.

6. Ef samningsyfirvald nýtir þann kost, sem kveðið er á um í a-lið 3. mgr., að setja fram tækniforskriftir með lýsingu á frammistöðu eða virknikröfum, skal það ekki vísa frá tilboði í verk, vörur eða þjónustu sem er í samræmi við landsstaðal til lögleiðingar Evrópustaðli, evrópskt tæknisamþykki, sameiginlega tækniforskrift, alþjóðlegan staðal eða tæknilegt tilvísunarkerfi sem evrópsk staðlastofnun hefur komið á fót ef þær forskriftir varða frammistöðuna eða virknikröfurnar sem yfirvaldið hefur mælt fyrir um.

Í tilboði sínu verður bjóðandi að sanna, með einhverjum viðeigandi hætti, þ.m.t. þeim sem um getur í 44. gr., að verkið, varan eða þjónustan, sem er í samræmi við staðalinn, uppfylli kröfur samningsyfirvaldsins um frammistöðu eða virkni.

43. gr.

Merki

1. Hafi samningsyfirvöld í hyggju að kaupa verk, vörur eða þjónustu sem hafa til að bera sérstaka umhverfislega, félagslega eða aðra eiginleika er þeim heimilt, í tækniforskriftum, forsendum fyrir vali tilboðs eða skilyrðum varðandi framkvæmd samnings, að krefjast sérstaks merkis sem sönnunargagns um að verkið, þjónustan eða varan svari til tilskilinna eiginleika, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) að kröfur sem liggja að baki merkinu varði einungis viðmiðanir sem tengjast efni samningsins og séu til þess fallnar að skilgreina eiginleika verka, vöru eða þjónustu sem samningurinn fjallar um,

b) að kröfur sem liggja að baki merkinu byggi á hlutlægt sannprófanlegum viðmiðunum án mismununar,

c) að merkjunum sé komið á fót með opinni og gagnsærri málsmeðferð sem allir hlutaðeigandi hagsmunaaðilar, þ.m.t. ríkisstofnanir, neytendur, aðilar vinnumarkaðarins, framleiðendur, dreifingaraðilar og frjáls félagasamtök geta tekið þátt í,

d) að merkin séu aðgengileg öllum hlutaðeigandi aðilum.

e) að kröfurnar, sem liggja að baki merkinu, séu settar af þriðja aðila sem rekstraraðilinn, sem sækir um merkið, hefur ekki afgerandi áhrif á.

Ef samningsyfirvöld krefjast þess ekki að verk, vara eða þjónusta uppfylli allar kröfur sem liggja að baki merkinu, skulu þau tiltaka til hvaða krafna þau vísa.

Samningsyfirvöldum, sem krefjast sérstaks merkis, ber að samþykkja öll merki sem staðfesta að verkið, varan eða þjónustan uppfylli jafngildar kröfur.

Hafi rekstraraðili bersýnilega ekki haft neinn möguleika á að afla sér þess tiltekna merkis, sem samningsyfirvald tilgreinir, eða jafngilds merkis, innan þess frests sem gefinn var, af ástæðum sem ekki verða raktar til rekstraraðilans, skal samningsyfirvald samþykkja önnur viðeigandi sönnunargögn, sem geta falist í tæknilegum málsskjölum frá framleiðanda, að því tilskildu að viðkomandi rekstraraðili sýni fram á að verkið, varan eða þjónustan sem veita á, uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til hins tiltekna merkis eða hinar sérstöku kröfur sem samningsyfirvaldið tilgreinir.

2. Ef merki uppfyllir skilyrðin sem kveðið er á um í b-, c-, d- og e-lið 1. mgr., en tekur einnig til krafna sem tengjast ekki efni samningsins, skulu samningsyfirvöld ekki krefjast merkisins sem slíks en mega skilgreina tækniforskrift með tilvísun til þeirra forskrifta merkisins eða, ef nauðsyn krefur, hluta þeirra, sem tengjast efni samningsins og eru til þess fallnar að skilgreina eiginleika þess.

44. gr.

Prófunarskýrslur, vottun og önnur sönnunargögn

1. Samningsyfirvöld geta krafist þess að rekstraraðilar leggi fram prófunarskýrslu frá samræmismatsstofu eða vottorð, sem slíkur aðili gefur út, sem sönnunargagn fyrir því að kröfur eða viðmiðanir, sem settar eru fram í tækniforskriftum, forsendum fyrir vali tilboðs eða skilyrðum varðandi framkvæmd samnings, séu uppfylltar.

Ef samningsyfirvöld krefjast þess að lögð séu fram vottorð, sem samin eru af sérstakri samræmismatsstofu, skulu þau einnig samþykkja vottorð frá öðrum jafngildum samræmismatsstofum.

Að því er varðar þessa málsgrein skal samræmismatsstofa vera stofnun sem annast samræmismat, þ.m.t. kvörðun, prófun, vottun og eftirlit, sem hlotið hefur faggildingu í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 ([31]).

2. Samningsyfirvald skal samþykkja önnur viðeigandi sönnunargögn en þau sem um getur í 1. mgr., s.s. tæknileg málsskjöl frá framleiðanda, ef viðkomandi rekstraraðili hafði ekki aðgang að þeim vottorðum eða prófunarskýrslum sem um getur í 1. mgr., eða engan möguleika á að afla þeirra innan þess frests sem gefinn var, að því tilskildu að ástæðu þess, að hann hafði ekki aðgang að þeim, megi ekki rekja til rekstraraðilans sjálfs og að því tilskildu að hann sýni með þeim fram á að verkið, varan eða þjónustan sem hann veitir uppfylli þær kröfur eða viðmiðanir sem settar eru fram í tækniforskriftum, forsendum fyrir vali tilboðs eða skilyrðum varðandi framkvæmd samnings.

3. Aðildarríkin skulu láta öðrum aðildarríkjum í té, að fenginni beiðni, hvers konar upplýsingar í tengslum við sannanir og skjöl sem lögð eru fram í samræmi við 42. gr. (6. mgr.), 43. gr og þessa grein (1. og 2. mgr.). Lögbær yfirvöld aðildarríkisins þar sem rekstraraðili hefur staðfestu skulu láta þessar upplýsingar í té í samræmi við 86. gr.

45. gr.

Frávikstilboð

1. Samningsyfirvöld geta heimilað bjóðendum að leggja fram frávikstilboð eða krafist þess af þeim. Þau skulu geta þess í útboðstilkynningu eða, þar sem kynningartilkynning er notuð til að kynna útboð, í boði um að staðfesta áhuga hvort þau heimila eða krefjast frávikstilboða eða ekki. Sé það ekki gert eru frávikstilboð óheimil. Frávikstilboð skulu tengjast efni samningsins.

([31]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og um niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 339/93 (Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30).

2. Samningsyfirvöld, sem heimila eða krefjast frávikstilboða, skulu í útboðsgögnum gera grein fyrir þeim lágmarkskröfum sem frávikstilboð þarf að uppfylla og öllum sérkröfum varðandi framlagningu þeirra, einkum hvort einungis sé heimilt að leggja fram frávikstilboð ef þegar hefur verið lagt fram tilboð sem ekki er frávikstilboð. Þau skulu einnig tryggja að þær forsendur fyrir vali tilboðs, sem ákveðnar eru, geti jafnt átt við um frávikstilboð, sem uppfylla þessar lágmarkskröfur, sem og um tilboð sem uppfylla kröfur en eru ekki frávikstilboð.

3. Einungis frávikstilboð sem uppfylla lágmarkskröfur samningsyfirvalda, skulu tekin til greina.

Í útboðum vegna opinberra vöru- eða þjónustusamninga skulu samningsyfirvöld, sem hafa heimilað eða krafist frávikstilboða, ekki vísa frávikstilboði frá af þeirri ástæðu einni að ef það tilboð yrði fyrir valinu yrði annaðhvort gerður þjónustusamningur í stað vörusamnings eða vörusamningur í stað þjónustusamnings.

46. gr.

Skipting samninga í hluta

1. Samningsyfirvöld geta ákveðið að gera samning í formi aðgreindra hluta og geta ákvarðað stærð og efni slíkra samningshluta.

Samningsyfirvöld skulu, nema að því er varðar samninga sem skylt er að skipta í hluta í samræmi við 4. mgr. þessarar greinar, tilgreina helstu ástæður þess að þau ákveða að skipta samningi ekki í hluta og láta þær koma fram í útboðsgögnum eða í stöku skýrslunni sem um getur í 84. gr.

2. Samningsyfirvöld skulu taka fram í útboðstilkynningu eða í boði um að staðfesta áhuga hvort gera megi tilboð í aðeins einn, nokkra eða alla samningshlutana.

Jafnvel þegar heimilt er að bjóða í nokkra eða alla hlutana er samningsyfirvöldum heimilt að takmarka fjölda hluta sem gera má samninga um við einn bjóðanda, að því tilskildu að hámarksfjöldi hluta á bjóðanda sé tekinn fram í útboðstilkynningu eða í boði um að staðfesta áhuga. Samningsyfirvöld skulu tiltaka í útboðsgögnum hvaða hlutlægu forsendur eða reglur án mismununar þau munu nota til að ákveða um hvaða hluta gerðir verða samningar við viðkomandi ef beiting forsendna fyrir vali tilboðs myndi leiða til þess að einn bjóðandi fengi fleiri hluta en hámarkið leyfir.

3. Aðildarríkin geta kveðið á um að þegar heimilt er að gera samninga um fleiri en einn hluta við sama bjóðanda sé samningsyfirvöldum heimilt að gera samninga sem sameina nokkra eða alla hlutana, hafi þau tekið fram í útboðstilkynningu eða í boði um að staðfesta áhuga að þau áskilji sér möguleika á því og tiltekið hvaða hluta eða hópa hluta heimilt er að sameina.

4. Aðildarríkjunum er heimilt að framkvæma aðra undirgrein 1. mgr. með því að gera skylt að gera samninga í formi aðskilinna hluta með skilyrðum sem tilgreind verða í samræmi við landslög þeirra og með hliðsjón af lögum Sambandsins. Við slíkar aðstæður skal fyrsta undirgrein 2. mgr. og, eftir því sem við á, 3. mgr. gilda.

47. gr.

Frestir settir

1. Þegar samningsyfirvöld ákveða fresti til að taka við tilboðum og þátttökutilkynningum skulu þau einkum taka tillit til þess hve flókið efni samningsins er og hve langan tíma þarf til að semja tilboð, sbr. þó lágmarksfrest sem kveðið er á um í 27.–31. gr.

2. Ef ekki er unnt að gera tilboð fyrr en að lokinni vettvangsskoðun eða athugun á fylgiskjölum útboðsgagna á vettvangi, skal ákveða fresti til að taka við tilboðum, sem skulu vera lengri en lágmarksfrestirnir sem mælt er fyrir um í 27.–31. gr., þannig að allir viðkomandi rekstraraðilar geti kynnt sér allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru við gerð tilboðs.

3. Samningsyfirvöld skulu lengja fresti til að taka við tilboðum svo að allir viðkomandi rekstraraðilar geti kynnt sér allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar við gerð tilboðs í eftirfarandi tilvikum:

a) ef viðbótarupplýsingar hafa af einhverjum ástæðum ekki verið afhentar a.m.k. sex dögum áður en frestur til að taka við tilboðum rennur út, þótt rekstraraðili hafi beðið um þessi gögn með góðum fyrirvara. Sé um að ræða hraðútboð, eins og um getur í 3. mgr. 27. gr. og 6. mgr. 28. gr., skal fresturinn vera fjórir dagar,

b) þegar umtalsverðar breytingar eru gerðar á útboðsgögnum.

Lengd framlengingarinnar skal vera í réttu hlutfalli við mikilvægi upplýsinganna eða breytingarinnar.

Hafi ekki verið beðið um viðbótarupplýsingarnar með góðum fyrirvara eða ef mikilvægi þeirra í sambandi við undirbúning svartilboða er óverulegt skal samningsyfirvöldum ekki vera skylt að lengja frestina.

2. ÞÁTTUR

Birting og gagnsæi

48. gr.

Kynningartilkynningar

1. Samningsyfirvöldum er heimilt að láta vita um fyrirætluð innkaup sín með birtingu kynningartilkynningar. Í þessum tilkynningum skulu koma fram þær upplýsingar sem settar eru fram í I. þætti B-hluta V. viðauka. Þær skulu annað hvort birtar af útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins eða af samningsyfirvöldum sjálfum í þeirra eigin upplýsingaskrám kaupanda, í samræmi við b-lið 2. liðar VIII. viðauka. Ef samningsyfirvöld birta kynningartilkynningu í sinni eigin upplýsingaskrá kaupanda skulu þau senda tilkynningu til útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins um slíka birtingu í upplýsingaskrá sinni í samræmi við VIII. viðauka. Í þessum tilkynningum skulu koma fram þær upplýsingar sem settar eru fram í A-hluta V. viðauka.

2. Þegar um er að ræða lokuð útboð og samkeppnisútboð með samningsviðræðum er samningsyfirvöldum sem eru ekki yfirvöld á vegum ríkisins, heimilt að nota kynningartilkynningu sem útboðsauglýsingu í samræmi við 5. mgr. 26. gr., að því tilskildu að tilkynningin uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:

a) hún vísar sérstaklega til þeirrar vöru, verks eða þjónustu sem samningurinn nær til,

b) hún gefur til kynna að samningurinn verði gerður á grundvelli lokaðs útboðs eða samkeppnisútboðs með samningsviðræðum án frekari birtingar útboðsauglýsingar og áhugasömum rekstraraðilum er boðið að láta áhuga sinn í ljós skriflega, og

c) hún inniheldur, auk upplýsinganna sem um getur í I. þætti B-hluta V. viðauka, upplýsingarnar í II. þætti B-hluta V. viðauka,

d) hún hefur verið send til birtingar minnst 35 dögum og mest 12 mánuðum fyrir þann dag sem boðið, sem um getur í 1. mgr. 54. gr., er sent.

Slíkar tilkynningar skulu ekki birtar í upplýsingaskrá kaupanda. Hins vegar getur viðbótarbirting á landsvísu, skv. 52. gr., ef einhver er, farið fram í upplýsingaskrá kaupanda.

Tímabilið sem kynningartilkynningin tekur til skal vera mest 12 mánuðir frá þeim degi þegar tilkynningin er send til birtingar. Þegar um er að ræða opinbera þjónustusamninga um félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu getur kynningartilkynningin, sem um getur í b-lið 1. mgr. 75. gr. þó tekið til lengra tímabils en 12 mánaða.

49. gr.

Útboðstilkynningar

Útboðstilkynningar skulu notaðar til að auglýsa hvers konar útboð, sbr. þó aðra undirgrein 5. mgr. 26. gr. og 32. gr. Í útboðstilkynningu skulu koma fram upplýsingarnar sem settar eru fram í C-hluta V. viðauka og skal hún birt í samræmi við 51. gr.

50. gr.

Tilkynningar um samningsgerð

1. Eigi síðar en 30 dögum eftir gerð samnings eða rammasamnings, í kjölfar ákvörðunar um gerð hans, skulu samningsyfirvöld senda út tilkynningu um gerð samnings með niðurstöðum innkaupaferlisins.

Slíkar tilkynningar skulu hafa að geyma upplýsingarnar sem settar eru fram í D-hluta V. viðauka og skulu birtar í samræmi við 51. gr.

2. Hafi viðkomandi samningur verið boðinn út með kynningartilkynningu og samningsyfirvaldið ákveðið að gera ekki fleiri samninga á tímabilinu sem kynningartilkynningin tekur til, skal það koma sérstaklega fram í tilkynningunni um samningsgerð.

Þegar um er að ræða rammasamning, sem er gerður í samræmi við 33. gr., ber samningsyfirvöldum ekki skylda til að senda tilkynningu um niðurstöður innkaupaferlisins fyrir hvern samning sem er grundvallaður á þeim rammasamningi. Aðildarríkin geta kveðið á um að samningsyfirvöld skuli safna saman tilkynningum um niðurstöður innkaupaferlisins vegna samninga sem byggja á rammasamningnum og senda þær ársfjórðungslega, Í því tilviki skulu samningsyfirvöld senda samsafnaðar tilkynningar innan 30 daga frá lokum hvers ársfjórðungs.

3. Samningsyfirvöld skulu senda tilkynningu um samningsgerð innan 30 daga frá gerð sérhvers samning sem byggist á gagnvirku innkaupakerfi. Þau hafa þó heimild til að safna slíkum tilkynningum saman og senda þær ársfjórðungslega. Í því tilviki skulu þau senda samsafnaðar tilkynningar innan 30 daga frá lokum hvers ársfjórðungs.

4. Heimilt er að halda eftir tilteknum upplýsingum um gerð samnings eða rammasamnings ef birting slíkra upplýsinga kynni að hindra framkvæmd laga eða ganga á annan hátt gegn almannahagsmunum eða gæti skaðað lögmæta viðskiptahagsmuni tiltekins opinbers eða einkarekins rekstraraðila eða réttmæta samkeppni á milli rekstraraðila.

51. gr.

Form tilkynninga og aðferð við birtingu þeirra

1. Í tilkynningunum, sem um getur í 48., 49. og 50. gr., skulu koma fram upplýsingarnar sem settar eru fram í V. viðauka, á stöðluðum eyðublöðum, þ.m.t. stöðluð eyðublöð fyrir leiðréttingar.

Framkvæmdastjórnin skal taka upp þessi stöðluðu eyðublöð með framkvæmdargerðum. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 89. gr.

2. Tilkynningarnar, sem um getur í 48., 49. og 50. gr., skulu samdar, sendar með rafrænum aðferðum til útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins og birtar í samræmi við VIII. viðauka. Tilkynningar skulu birtar eigi síðar en fimm dögum eftir að þær voru sendar. Sambandið ber kostnað af birtingu útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins á tilkynningunum.

3. Tilkynningarnar, sem um getur í 48., 49., og 50. gr., skulu birtar í fullri lengd á einu eða fleiri opinberum tungumálum stofnana Sambandsins sem samningsyfirvöld velja. Einungis sú eða þær tungumálaútgáfur teljast áreiðanlegar. Birta skal samantekt á mikilvægum þáttum hverrar tilkynningar á öðrum opinberum tungumálum stofnana Sambandsins.

4. Útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins skal tryggja að bæði texti í fullri lengd og samantekt kynningartilkynninga, sem um getur í 2. mgr. 48. gr., og útboða til að koma á laggirnar gagnvirku innkaupakerfi, eins og um getur í a-lið 4. mgr. 34. gr. séu birt áfram:

a) til 12 mánaða þegar um er að ræða kynningartilkynningar, eða uns veitt er viðtaka tilkynningu um samningsgerð, eins og kveðið er á um í 50. gr., þar sem fram kemur að ekki verði gerðir fleiri samningar á 12 mánaða tímabilinu sem útboðsauglýsingin tók til. Þegar um er að ræða opinbera þjónustusamninga um félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu skal þó áfram birta kynningartilkynninguna sem um getur í b-lið 1. mgr. 75. gr. til loka þess gildistíma sem upprunalega var gefinn upp eða uns veitt er viðtaka tilkynningu um samningsgerð eins og kveðið er á um í 50. gr. þar sem fram kemur að ekki verði gerðir fleiri samningar á tímabilinu sem útboðstilkynningin tók til,

b) meðan á gildistíma gagnvirks innkaupakerfis stendur, þegar um er að ræða útboð til að koma á laggirnar gagnvirku innkaupakerfi.

5. Samningsyfirvöld skulu geta sannað hvaða dag tilkynningar eru sendar.

Útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins skal láta samningsyfirvaldinu í té staðfestingu á móttöku tilkynningarinnar og á birtingu upplýsinganna, sem sendar voru, þar sem birtingardagurinn kemur fram. Slík staðfesting skal teljast sönnun um birtingu.

6. Samningsyfirvöld geta birt tilkynningar um opinbera samninga sem falla ekki undir kröfur um birtingu sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, að því tilskildu að slíkar tilkynningar séu sendar útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins með rafrænum aðferðum í samræmi við snið og reglur um sendingu sem um getur í VIII. viðauka.

52. gr.

Birting á landsvísu

1. Ekki skal birta tilkynningarnar, sem um getur í 48., 49. og 50. gr., og efni þeirra á innlendum vettvangi fyrir birtingu þeirra skv. 51. gr. Þó má birting fara fram á innlendum vettvangi hafi samningsyfirvöldum ekki verið tilkynnt um birtingu innan 48 stunda frá staðfestingu á móttöku tilkynningarinnar í samræmi við 51. gr.

2. Tilkynningar, sem eru birtar á innlendum vettvangi, skulu ekki innihalda aðrar upplýsingar en þær sem koma fram í tilkynningum, sem eru sendar til útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins, eða í upplýsingaskrá kaupanda en í þeim skal koma fram hvaða dag tilkynningin var send til útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins eða hvenær hún birtist í upplýsingaskrá kaupanda.

3. Ekki má birta kynningartilkynningar í upplýsingaskrá kaupanda fyrr en tilkynning hefur verið send til útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins um að birting verði í því formi. Í þeim skal getið um sendingardag.

53. gr.

Rafrænt aðgengi að útboðsgögnum

1. Samningsyfirvöld skulu bjóða, án endurgjalds, ótakmarkaðan og fullan, beinan aðgang að útboðsgögnum með rafrænum aðferðum frá og með birtingardegi tilkynningar í samræmi við 51. gr., eða þeim degi þegar boð um að staðfesta áhuga var sent. Í texta tilkynningarinnar eða boðsins um að staðfesta áhuga skal tilgreina veffangið þar sem hægt er að nálgast útboðsgögnin.

Ef ekki er hægt að bjóða ótakmarkaðan og fullan, beinan aðgang með rafrænum aðferðum án endurgjalds að tilteknum útboðsgögnum af einhverjum þeim ástæðum sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 22. gr., geta samningsyfirvöld tekið það fram í tilkynningunni eða í boði um að staðfesta áhuga að viðkomandi útboðsgögn verði send á annan hátt en með rafrænum aðferðum, í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar. Í því tilviki skal lengja frestinn til að leggja fram tilboð um fimm daga nema í brýnum og vel rökstuddum tilvikum eins og um getur í 27. gr. (3. mgr.), 28. gr. (6. mgr.) og í 29. gr. (fjórðu undirgrein 1. mgr.).

Ef ekki er hægt að bjóða ótakmarkaðan og fullan, beinan aðgang með rafrænum aðferðum án endurgjalds að tilteknum útboðsgögnum vegna þess að samningsyfirvöld hafa í hyggju að beita 2. mgr. 21. gr. þessarar tilskipunar, skulu þau taka fram í tilkynningunni eða í boðinu um að staðfesta áhuga hvaða ráðstafana þeir krefjast til að vernda trúnaðarupplýsingar og hvernig hægt er að fá aðgang að viðkomandi gögnum. Í því tilviki skal lengja frestinn til að leggja fram tilboð um fimm daga nema í brýnum og vel rökstuddum tilvikum eins og um getur í 27. gr. (3. mgr.), 28. gr. (6. mgr.) og í 29. gr. (fjórðu undirgrein 1. mgr.).

2. Að því tilskildu að beðið hafi verið um það með góðum fyrirvara skulu samningsyfirvöld láta öllum bjóðendum, sem taka þátt í innkaupaferlinu, í té viðbótarupplýsingar sem tengjast forskriftum og fylgiskjöl, ef einhver eru, eigi síðar en sex dögum áður en frestur til að taka við tilboðum rennur út. Sé um að ræða hraðútboð, eins og um getur í 3. mgr. 27. gr. og 6. mgr. 28. gr., skal fresturinn vera fjórir dagar.

54. gr.

Boð til umsækjenda

1. Í lokuðum útboðum, samkeppnisviðræðum, nýsköpunarsamstarfi og samkeppnisútboðum með samningsviðræðum skulu samningsyfirvöld bjóða völdum umsækjendum, samtímis og skriflega, að leggja fram tilboð sín eða, þegar um er að ræða samkeppnisviðræður, að taka þátt í viðræðunum.

Ef kynningartilkynning er notuð til að auglýsa útboð í samræmi við 2. mgr. 48. gr. skulu samningsyfirvöld, samtímis og skriflega, bjóða þeim rekstraraðilum, sem lýst hafa yfir áhuga, að staðfesta að sá áhugi sé enn fyrir hendi.

2. Í boðunum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skal vera tilvísun til veffangsins þar sem útboðsgögn hafa verið gerð aðgengileg beint með rafrænum aðferðum. Útboðsgögn skulu fylgja boðunum ef ótakmarkaður og fullur, beinn aðgangur hefur ekki verið veittur að þeim án endurgjalds af þeim ástæðum sem settar eru fram í annarri eða þriðju undirgrein 1. mgr. 53. gr. og hafi ekki verið veittur aðgangur að þeim á annan hátt. Auk þess skulu boðin, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, hafa að geyma þær upplýsingar sem settar eru fram í IX. viðauka.

55. gr.

Upplýsingar til umsækjenda og bjóðenda

1. Samningsyfirvöld skulu, eins fljótt og unnt er, upplýsa sérhvern umsækjenda og bjóðanda um ákvarðanir sem hafa verið teknar varðandi gerð rammasamnings, samningsgerð eða aðgang að gagnvirku innkaupakerfi, þ.m.t. ástæður fyrir ákvörðun um að gera ekki rammasamning eða samning þótt útboð hafi farið fram, um að hefja útboðsferli á nýjan leik eða að koma ekki á fót gagnvirku innkaupakerfi.

2. Að fenginni beiðni viðkomandi umsækjenda eða bjóðanda skal samningsyfirvald, eins fljótt og unnt er og eigi síðar en 15 dögum frá móttöku skriflegrar beiðni, upplýsa:

a) hvern og einn umsækjenda um ástæður fyrir því ef þátttökutilkynningu hans er hafnað,

b) hvern og einn bjóðanda um ástæður fyrir því ef tilboði hans er hafnað, þ.m.t., í tilvikum sem um getur í 5. og 6. mgr. 42. gr., ástæður fyrir því ef það ákvarðar að jafngildisákvæðið sé ekki uppfyllt eða að verk, vörur eða þjónusta uppfylli ekki kröfur um frammistöðu eða virkni,

c) hvern og einn bjóðanda sem hefur gert tækt tilboð, um eiginleika og kosti tilboðsins sem fyrir valinu varð í samanburði við önnur tilboð og einnig nafn þess bjóðanda sem varð fyrir valinu eða nöfn aðila að rammasamningnum,

d) hvern og einn bjóðanda sem hefur gert tækt tilboð, um framkvæmd og framvindu samningsviðræðna og viðræðna við bjóðendur.

3. Samningsyfirvöld geta ákveðið að halda eftir tilteknum upplýsingum, sem um getur í 1. og 2. mgr., um gerð samnings eða rammasamnings eða aðgang að gagnvirku innkaupakerfi ef birting slíkra upplýsinga kynni að hindra framkvæmd laga eða ganga á annan hátt gegn almannahagsmunum eða gæti skaðað lögmæta viðskiptahagsmuni opinberra eða einkarekinna rekstraraðila eða réttmæta samkeppni á milli þeirra.

3. þáttur

Val á þátttakendum og samningsgerð

56. gr.

Almennar meginreglur

1. Samningar skulu gerðir grundvelli forsendna, sem mælt er fyrir um í 67.–69. gr. að því tilskildu að samningsyfirvaldið hafi, í samræmi við 59.–61. gr., gengið úr skugga um að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) að tilboðið uppfylli þær kröfur, skilyrði og viðmiðanir sem um getur í útboðstilkynningu eða í boði um að staðfesta áhuga og í útboðsgögnum, með tilliti til 45. gr., eftir atvikum,

b) að tilboðið komi frá bjóðanda sem hefur ekki verið útilokaður í samræmi við 57. gr. og sem uppfyllir hæfiskröfur sem samningsyfirvald ákveður í samræmi við 58. gr. og, eftir atvikum, þær reglur og forsendur án mismununar sem um getur í 65. gr.

Samningsyfirvöld geta ákveðið að gera ekki samning við þann bjóðanda sem býður fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið hafi þau komist að raun um að tilboðið uppfylli ekki þær gildandi skyldur sem um getur í 2. mgr. 18. gr.

2. Í almennum útboðum geta samningsyfirvöld ákveðið að kanna tilboð áður en þau ganga úr skugga um að ekki séu ástæður til útilokunar og að hæfiskröfur séu uppfylltar í samræmi við 57.–64. gr. Þegar þau notfæra sér þennan möguleika skulu þau sjá til þess að þegar gengið er úr skugga um að ekki séu ástæður til útilokunar og að hæfiskröfur séu uppfylltar sé það gert með óhlutdrægum og gagnsæjum hætti þannig að ekki sé gerður samningur við bjóðanda sem hefði átt að útiloka skv. 57. gr. eða sem uppfyllir ekki hæfiskröfur samningsyfirvaldsins.

Aðildarríki geta útilokað notkun aðferðarinnar í fyrstu undirgrein að því er varðar tilteknar tegundir innkaupa eða tilteknar aðstæður eða takmarkað hana við þær.

3. Þegar upplýsingar eða gögn, sem rekstraraðilar eiga að leggja fram, eru eða virðast vera ófullkomin eða innihalda villur eða ef tiltekin skjöl vantar, geta samningsyfirvöld, nema kveðið sé á um annað í landslögum til framkvæmdar þessari tilskipun, farið fram á að hlutaðeigandi rekstraraðilar leggi fram, bæti við, skýri eða fullgeri viðkomandi upplýsingar eða gögn innan viðeigandi frests, að því tilskildu að slíkar beiðnir séu gerðar fyllilega í samræmi við meginreglurnar um jafna meðferð og gagnsæi.

4. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 87. gr. til að breyta skránni í X. viðauka ef nauðsyn krefur til að bæta við nýjum alþjóðasamningum sem öll aðildarríkin hafa fullgilt eða þegar gildandi alþjóðasamningar sem vísað er til eru ekki lengur fullgiltir af öllum aðildarríkjum eða þeir hafa breyst með öðrum hætti, t.d. að því er varðar gildissvið þeirra, efni eða heiti.

1. undirþáttur

Forsendur fyrir hæfismiðuðu vali

57. gr.

Ástæður til útilokunar

1. Samningsyfirvöld skulu útiloka rekstraraðila frá þátttöku í innkaupaferli hafi þau komist að raun um, með því að sannreyna það í samræmi við 59., 60. og 61. gr., eða með öðrum hætti að hann hafi verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir eitthvað af eftirfarandi:

a) þátttöku í skipulögðum brotasamtökum, eins og skilgreint er í 2. gr. rammaákvörðunar ráðsins 2008/841/DIM ([32]),

b) spillingu, eins og hún er skilgreind í 3. gr. samningsins um baráttu gegn spillingu tengdri embættismönnum Evrópubandalaganna eða embættismönnum aðildarríkja Evrópusambandsins ([33]) og 1. mgr. 2. gr. rammaákvörðunar ráðsins 2003/568/DIM ([34]), auk spillingar eins og hún er skilgreind í landslögum samningsyfirvaldsins eða rekstraraðilans.

c) sviksemi, í skilningi 1. gr. samningsins um verndun fjárhagslegra hagsmuna Evrópubandalaganna ([35]),

d) hryðjuverk eða brot sem tengjast hryðjuverkastarfsemi, eins og skilgreint er í 1. og 3. gr. rammaákvörðunar ráðsins 2002/475/DIM ([36]) eftir því sem við á, eða áeggjan, aðstoð eða stuðning við eða tilraun til að fremja afbrot, eins og um getur í 4. gr. þeirrar rammaákvörðunar,

e) peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka eins og skilgreint er í 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB ([37]),

f) barnavinnu og annað form mansals, eins og skilgreint er í 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/36/ESB ([38]).

Skylda til að útiloka rekstraraðila skal einnig gilda þegar einstaklingur, sem hefur verið sakfelldur með endanlegum dómi, er í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn þess rekstraraðila eða hefur heimild til fyrirsvars, ákvörðunartöku eða yfirráða í honum.

2. Rekstraraðili skal útilokaður frá þátttöku í innkaupaferli þegar samningsyfirvald hefur vitneskju um að hann hafi brotið gegn skyldum er snúa að greiðslu skatta eða framlaga til almannatrygginga og þar sem því hefur verið slegið föstu með ákvörðun dómstóls eða stjórnvalds sem hefur endanleg og bindandi áhrif í samræmi við lagaákvæði landsins þar sem því er slegið föstu eða ákvæði aðildarríkis samningsyfirvaldsins.

Samningsyfirvöld geta enn fremur útilokað, eða útilokað að kröfu aðildarríkis, rekstraraðila frá þátttöku í innkaupaferli þegar samningsyfirvaldið getur sýnt fram á með viðeigandi hætti að rekstraraðilinn hafi brotið gegn skyldum er snúa að greiðslu skatta eða framlaga til almannatrygginga.

([32]) Rammaákvörðun ráðsins 2008/841/DIM frá 24. október 2008 um baráttuna gegn skipulagðri afbrotastarfsemi (Stjtíð. ESB L 300, 11.11.2008, bls. 42).

([33]) Stjtíð. EB C 195, 25.6.1997, bls. 1.

([34]) Rammaákvörðun ráðsins 2003/568/DIM frá 22. júlí 2003 um baráttu gegn spillingu í einkageiranum (Stjtíð. ESB L 192, 31.7.2003, bls. 54).

([35]) Stjtíð. EB C 316, 27.11.1995, bls. 48.

([36]) Rammaákvörðun ráðsins frá 13. júní 2002 um baráttuna gegn hryðjuverkum (Stjtíð. EB L 164, 22.6.2002, bls. 3).

([37]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB frá 26. október 2005 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis og til fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi (Stjtíð. ESB L 309, 25.11.2005, bls. 15).

([38]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/36/ESB frá 5. apríl 2011 um að koma í veg fyrir og berjast gegn mansali og vernda fórnarlömb þess, og um niðurfellingu á rammaákvörðun ráðsins 2002/629/DIM (Stjtíð. ESB L 101, 15.4.2011, bls. 1).

Þessi málsgrein skal ekki lengur gilda þegar rekstraraðili hefur uppfyllt skyldur sínar með því að greiða eða gera bindandi samning um fyrirkomulag með það í huga að greiða skattana eða framlögin til almannatrygginga sem skal greiða, þ.m.t. eftir atvikum, áfallna vexti eða sektir.

3. Aðildarríki geta kveðið á um undanþágur frá skyldubundnu útilokuninni sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. í sérstökum undantekningartilvikum vegna ástæðna sem vega þyngra og varða almannahagsmuni, s.s. lýðheilsu eða umhverfisvernd.

Aðildarríki geta einnig kveðið á um undanþágu frá skyldubundnu útilokuninni, sem kveðið er á um í 2. mgr., þegar útilokun myndi greinilega ekki vera í samræmi við meðalhóf, einkum þegar einungis minniháttar skattafjárhæðir eða framlög til almannatrygginga eru ógreidd eða þar sem rekstraraðili var upplýstur um nákvæma fjárhæð, sem enn var ógreidd í framhaldi af broti hans á skyldu sinni til greiðslu skatta eða framlaga til almannatrygginga, á tíma þar sem hann hafði ekki færi á að grípa til ráðstafana, eins og kveðið er á um í þriðju undirgrein 2. mgr., áður en tímafresturinn til að leggja fram þátttökutilkynningu eða, í opnu útboði, fresturinn til að leggja fram tilboð, rann út.

4. Samningsyfirvöldin geta útilokað, eða útilokað að kröfu aðildarríkis, rekstraraðila frá þátttöku í innkaupaferli við einhverjar af eftirfarandi aðstæðum:

a) þar sem samningsyfirvald getur sýnt, með viðeigandi hætti, fram á brot gegn gildandi skyldum sem um getur í 2. mgr. 18 gr.,

b) þegar rekstraraðilinn er gjaldþrota eða hefur verið tekinn til ógjaldfærni- eða slitameðferðar, ef eignir hans eru í umsjá skiptastjóra eða dómstóls, þegar hann hefur gert nauðasamninga, eða þegar atvinnustarfsemi hans hefur verið lögð niður tímabundið eða þegar ástatt er um hann með sambærilegum hætti vegna svipaðrar málsmeðferðar samkvæmt landslögum eða reglugerðum,

c) þegar samningsyfirvaldið getur sýnt, með viðeigandi hætti, fram á að rekstraraðilinn sé sekur um alvarlegt misferli í starfi, sem gerir það að verkum að heiðarleiki hans verður dreginn í efa,

d) þegar samningsyfirvaldið getur leitt að því nægum líkum að rekstraraðilinn hafi gengið til samninga við aðra rekstraraðila í þeim tilgangi raska samkeppni,

e) þegar hagsmunaárekstur, í skilningi 24. gr., er ekki hægt að lagfæra með skilvirkum hætti með öðrum aðgerðum sem ekki ganga eins langt,

f) þar sem ekki er hægt að lagfæra röskun á samkeppni sem stafar af fyrri aðkomu rekstraraðila við undirbúning innkaupaferlisins, eins og um getur í 41. gr., með aðgerðum sem ekki ganga eins langt.

g) þegar verulegir eða viðvarandi annmarkar hafa reynst vera á framkvæmd rekstraraðila á efnislegum kröfum samkvæmt fyrri opinberum samningi, fyrri samningi við samningsstofnun eða fyrri samningi um sérleyfi sem leiddi til þess að þessum fyrri samningi var slitið fyrr en til stóð, skaðabóta eða annarra svipaðra viðurlaga,

h) þegar rekstraraðili hefur verið fundinn sekur um alvarlegar rangfærslur við veitingu upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að sannreyna að ekki séu til staðar útilokunarástæður eða að hæfiskröfur séu uppfylltar, hefur leynt slíkum upplýsingum eða getur ekki lagt fram þau fylgiskjöl sem krafist er skv. 59. gr. eða

i) þegar rekstraraðili hefur reynt með óréttmætum hætti að hafa áhrif á ákvarðanatökuferli samningsyfirvaldsins, til þess að öðlast trúnaðarupplýsingar sem geta veitt honum óréttmætt forskot í innkaupaferlinu eða að veita af gáleysi villandi upplýsingar sem geta haft efnisleg áhrif á ákvarðanir varðandi útilokun, val eða samningsgerð.

Þrátt fyrir b-lið fyrstu undirgreinar getur aðildarríki krafist þess, eða kveðið á um þann möguleika, að samningsyfirvald útiloki ekki rekstraraðila sem er í einhverri þeirri stöðu sem um getur í þeim lið, hafi samningsyfirvaldið slegið því föstu að hlutaðeigandi rekstraraðili muni geta staðið við samninginn, með tilliti til gildandi landsreglna og ráðstafana varðandi áframhaldandi starfsemi við aðstæður eins og þær sem um getur í b-lið.

5. Samningsyfirvöld skulu hvenær sem er meðan á útboðsferlinu stendur útiloka rekstraraðila frá því ef í ljós kemur að hann er, í ljósi athafna eða athafnaleysis annað hvort áður eða meðan á útboðsferlinu stendur, í einhverjum þeim aðstæðum sem um getur í 1. og 2. mgr.

Samningsyfirvöld geta, hvenær sem er á meðan útboðsferlinu stendur, útilokað, eða útilokað að kröfu aðildarríkis, rekstraraðila ef í ljós kemur að hann er, í ljósi athafna eða athafnaleysis annað hvort áður eða á meðan útboðsferlinu stendur, í einhverjum þeim aðstæðum sem um getur í 4. mgr.

6. Sérhverjum rekstraraðila, sem er í einhverjum þeim aðstæðum sem um getur í 1. og 4. mgr., er heimilt að færa fram sönnur á að ráðstafanir, sem hann hefur gripið til, dugi til að sýna fram á áreiðanleika hans þrátt fyrir að fyrir hendi sé ástæða til að útiloka hann. Ef slík sönnun er talin fullnægjandi skal ekki útiloka viðkomandi rekstraraðila frá innkaupaferlinu.

Rekstraraðilinn skal í þessum tilgangi sanna að hann hafi greitt eða skuldbundið sig til að greiða bætur vegna alls tjóns sem orðið hefur vegna refsilagabrotsins eða misferlisins, útskýrt málsatvik og málavexti með heildstæðum hætti með virkri samvinnu við rannsóknaryfirvaldið og hafi gripið til raunhæfra tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana og ráðstafana varðandi starfsfólk sem eru til þess fallnar að koma í veg fyrir frekari refsilagabrot eða misferli.

Ráðstafanirnar, sem rekstraraðilar grípa til, skulu metnar með tilliti til alvarleika refsilagabrotsins eða misferlisins og þeirra tilteknu aðstæðna sem voru fyrir hendi þegar það átti sér stað. Þegar ráðstafanirnar eru ekki taldar duga skal rekstraraðili fá í hendur rökstuðning fyrir þeirri ákvörðun.

Rekstraraðili sem hefur verið útilokaður með endanlegum dómi frá innkaupaferli eða útboðsferli fyrir sérleyfi skal ekki hafa rétt til að notfæra sér þann möguleika sem veittur er samkvæmt þessari málsgrein á meðan útilokunin varir sem leiðir af þeim dómi í aðildarríkjum þar sem dómurinn hefur áhrif.

7. Aðildarríki skulu tilgreina framkvæmdarákvæði fyrir þessa grein í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum, með hliðsjón af lögum Sambandsins. Þau skulu einkum ákvarða hámarksútilokunartímabil ef rekstraraðilinn grípur ekki til neinna ráðstafana, eins og tilgreint er í 6. mgr., til að sýna fram á áreiðanleika sinn. Þegar útilokunartímabilið hefur ekki verið ákvarðað með endanlegum dómi skal tímabilið ekki vara lengur en fimm ár frá þeim degi þegar sakfelling á sér stað með endanlegum dómi í þeim málum sem um getur í 1. mgr. og þrjú ár frá viðkomandi atviki í þeim málum sem um getur í 4. mgr.

58. gr.

Hæfiskröfur

1. Hæfiskröfur geta varðað:

a) starfsréttindi,

b) efnahagslega og fjárhagslega stöðu,

c) tæknilega og faglega getu.

Samningsyfirvöldum er óheimilt að gera aðrar kröfur varðandi þátttöku til rekstraraðila en viðmiðanirnar, sem um getur í 2., 3. og 4. mgr. Þau skulu takmarka sig við kröfur sem eru til þess fallnar að tryggja að umsækjandi eða bjóðandi hafi gerhæfi og fjárhagslega burði og tæknilega og faglega getu til að framkvæma samninginn sem gera á. Allar kröfur ættu að tengjast og vera í réttu hlutfalli við efni samningsins.

2. Að því er varðar starfsréttindi er samningsyfirvöldum heimilt að krefjast þess að rekstraraðilar séu skráðir í firmaskrá eða viðskiptaskrá í aðildarríkinu þar sem þeir hafa staðfestu, eins og lýst er í XI. viðauka, eða uppfylli sérhverja aðra kröfu sem sett er fram í þeim viðauka.

Þegar um er að ræða innkaupaferli á þjónustu og rekstraraðilar þurfa að hafa sérstaka heimild eða vera félagar í tilteknum samtökum til að mega veita viðkomandi þjónustu í heimalandi sínu, getur samningsyfirvaldið krafist þess að þeir sýni fram á að þeir hafi slíka heimild eða séu félagar í slíkum samtökum.

3. Að því er varðar efnahagslega og fjárhagslega stöðu er samningsyfirvöldum heimilt að gera kröfur til að tryggja að rekstraraðilar hafi nauðsynlega efnahagslega og fjárhagslega burði til að framkvæma samninginn. Í því skyni er samningsyfirvöldum einkum heimilt að krefjast þess að rekstraraðilar hafi tiltekna lágmarksveltu á ári, þ.m.t. tiltekna lágmarksveltu á því sviði sem fellur undir samninginn. Auk þess geta samningsyfirvöld farið fram á upplýsingar um ársreikninga þeirra þar sem fram koma hlutföllin, t.d. milli eigna og skulda. Þau geta einnig krafist viðeigandi starfsábyrgðartryggingar.

Sú lágmarksársvelta sem krafist er að rekstraraðilar hafi skal ekki vera hærri en tvisvar sinnum áætlað verðmæti samningsins nema í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum s.s. í tengslum við sérstakar áhættur sem tengjast eðli verksins, þjónustunnar eða varanna. Samningsyfirvaldið skal tiltaka helstu ástæður fyrir slíkri kröfu í útboðsgögnum eða í stöku skýrslunni sem um getur í 84. gr.

Til dæmis má taka tillit til hlutfallsins milli eigna og skulda þegar samningsyfirvald tilgreinir í útboðsgögnunum þær aðferðir og viðmiðanir, sem beita á. Slíkar aðferðir og viðmiðanir skulu vera gagnsæjar, hlutlægar og án mismununar.

Þegar samningi er skipt í hluta skal þessi grein eiga við um hvern einstakan hluta. Þó er samningsyfirvaldinu heimilt að ákveða tiltekna lágmarksársveltu, sem rekstraraðilar skulu hafa, með tilvísun til hópa samningshluta ef gerðir eru samningar um nokkra hluta við bjóðandann, sem varð fyrir valinu, sem framkvæma á á sama tíma.

Ef gera á samninga, byggða á rammasamningi, í kjölfar þess að efnt er á ný til samkeppni, reiknast krafan um hámarksársveltu, sem um getur í annarri undirgrein þessarar málsgreinar, á grundvelli væntrar hámarksstærðar tiltekinna samninga, sem framkvæmdir verða samtímis, eða, ef hún er ekki þekkt, á grundvelli áætlaðs verðmætis rammasamningsins. Þegar um er að ræða gagnvirk innkaupakerfi reiknast krafan um hámarksársveltu, sem um getur í annarri undirgrein, á grundvelli væntrar hámarksstærðar tiltekinna samninga sem gerðir verða innan þess kerfis.

4. Að því er varðar tæknilega og faglega getu er samningsyfirvöldum heimilt að gera kröfur til að tryggja að rekstraraðilar hafi nauðsynlegan mannauð, tækniúrræði og reynslu til að framkvæma samninginn í samræmi við tiltekinn gæðastaðal

Samningsyfirvöld geta einkum krafist þess að rekstraraðilar hafi nægilega reynslu, sem sýna má fram á með viðeigandi gögnum í tengslum við samninga sem áður hafa verið framkvæmdir. Samningsyfirvaldi er heimilt að líta svo á að rekstraraðili hafi ekki til að bera tilskilda faglega getu hafi það komist á snoðir um hagsmunaárekstra rekstraraðilans sem geta haft neikvæð áhrif á framkvæmd samningsins.

Þegar um er að ræða innkaupaferli á vörum, sem fela í sér ísetningu eða uppsetningu, þjónustu eða framkvæmd verks, er heimilt að meta faglega getu rekstraraðila til að veita þjónustuna eða annast uppsetninguna eða verkið einkum með hliðsjón af færni þeirra, skilvirkni, reynslu og áreiðanleika.

5. Samningsyfirvöld skulu tiltaka, í útboðstilkynningu eða í boði um að staðfesta áhuga, hvaða skilyrða er krafist fyrir þátttöku, sem setja má fram sem lágmarkskröfur um getu ásamt viðeigandi sönnunargögnum.

59. gr.

Samevrópsk hæfisyfirlýsing bjóðanda

1. Þegar þátttökutilkynningar eða tilboð eru lögð fram skulu samningsyfirvöld viðurkenna samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda (European Single Procurement Document), sem felst í uppfærðri eigin yfirlýsingu sem bráðabirgðasönnun, sem kemur í stað vottorða sem gefin eru út af opinberum yfirvöldum eða þriðju aðilum til staðfestingar á að viðkomandi rekstraraðili uppfylli eftirfarandi skilyrði:

a) hann er ekki í einhverjum af þeim aðstæðum sem um getur í 57. gr., sem eru eða geta verið ástæða til að útiloka rekstraraðila,

b) hann uppfyllir viðeigandi hæfiskröfur sem settar hafa verið skv. 58. gr.,

c) hann uppfyllir, eftir því sem við á, hlutlægar reglur og viðmiðanir sem settar hafa verið skv. skv. 65. gr.,

Ef rekstraraðili byggir á getu annarra aðila í samræmi við 63. gr. skal samevrópsk hæfisyfirlýsing bjóðanda einnig innihalda upplýsingarnar, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, um slíkar einingar.

Samevrópsk hæfisyfirlýsing bjóðanda skal vera formleg yfirlýsing rekstraraðila um að viðeigandi ástæða til útilokunar eigi ekki við og/eða að hann uppfylli viðeigandi hæfiskröfur og gefur viðeigandi upplýsingar sem samningsyfirvald krefst. Samevrópsk hæfisyfirlýsing bjóðanda skal einnig tilgreina það opinbera yfirvald eða þriðja aðila sem ber ábyrgð á að útbúa fylgiskjölin og innihalda formlega yfirlýsingu um að rekstraraðili muni tafarlaust geta lagt fram þessi fylgiskjöl sé um það beðið.

Þegar samningsyfirvald getur haft aðgang að fylgiskjölunum beint í gagnasafni, í samræmi við 5. mgr., skulu nauðsynlegar upplýsingar til þess einnig koma fram í samevrópskri hæfisyfirlýsingu bjóðanda, s.s. veffang gagnasafnsins, auðkennisgögn og, ef við á, nauðsynleg yfirlýsing um samþykki.

Rekstraraðilar geta notað aftur samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda sem áður hefur verið notuð í fyrra innkaupaferli, að því tilskildu að þeir staðfesti að upplýsingarnar í henni séu enn réttar.

2. Samevrópsk hæfisyfirlýsing bjóðanda skal samin á grundvelli staðlaðs eyðublaðs. Framkvæmdastjórnin skal taka upp þetta staðlaða eyðublað með framkvæmdargerðum. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 89. gr.

Samevrópsk hæfisyfirlýsing bjóðanda skal vera á rafrænu formi eingöngu.

3. Þrátt fyrir 92. gr. skal framkvæmdastjórnin kanna beitingu samevrópskrar hæfisyfirlýsingar bjóðanda í reynd, með tilliti til tækniþróunar gagnasafna í aðildarríkjunum, og gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um það fyrir 18. apríl 2017.

Eftir því sem við á skal framkvæmdastjórnin leggja fram tillögur að lausnum um að gera aðgang yfir landamæri að slíkum gagnasöfnum og notkun vottorða og staðfestinga á innri markaðnum sem besta.

4. Samningsyfirvald getur hvenær sem er, meðan á ferlinu stendur, beðið bjóðendur og umsækjendur um að leggja fram öll eða hluta fylgiskjala þar sem það er nauðsynlegt til að tryggja tilhlýðilegan framgang ferlisins.

Áður en samningur er gerður skal samningsyfirvaldið, nema að því er varðar samninga sem byggjast á rammasamningum sem gerðir eru í samræmi við 3. mgr. 33. gr. eða a-lið 4. mgr. 33. gr., krefjast þess að bjóðandi, sem það hefur ákveðið að gera samning við, leggi fram uppfærð fylgiskjöl í samræmi við 60. gr. og, þar sem við á, 62. gr. Samningsyfirvald getur óskað eftir að rekstraraðilinn bæti við eða skýri vottorð sem eru lögð fram skv. 60. og 62. gr.

5. Þrátt fyrir 4. mgr. skal þess ekki krafist að rekstraraðilar leggi fram fylgiskjöl eða önnur skrifleg sönnunargögn ef og að því marki sem samningsyfirvaldið hefur möguleika á að fá vottorðin eða viðeigandi upplýsingar beint og án endurgjalds með aðgangi að landsbundnum gagnagrunni í einhverju aðildarríkjanna, s.s. landsskrá um hæfi bjóðenda, rafrænu upplýsingasafni um hæfi fyrirtækja, rafrænu skjalageymslukerfi eða forhæfismatskerfi.

Þrátt fyrir 4. mgr. skal þess ekki krafist að rekstraraðilar leggi fram fylgiskjöl ef samningsyfirvaldið sem gerði samninginn eða rammasamninginn er þegar með þessi skjöl undir höndum.

Að því er varðar fyrstu undirgrein skulu aðildarríkin tryggja að gagnagrunnar, sem innihalda viðeigandi upplýsingar um rekstraraðila og sem þeirra eigin samningsyfirvöld hafa aðgang að, séu einnig aðgengilegir samningsyfirvöldum annarra aðildarríkja með sömu skilyrðum.

6. Aðildarríkin skulu gera aðgengilegan og uppfæra í e-Certis tæmandi lista yfir gagnagrunna sem innihalda viðeigandi upplýsingar um rekstraraðila sem samningsyfirvöld í öðrum aðildarríkjum geta haft aðgang að. Að fenginni beiðni skulu aðildarríki senda öðrum aðildarríkjum hvers konar upplýsingar varðandi gagnagrunnana sem um getur í þessari grein.

60. gr.

Sönnunargögn

1. Samningsyfirvöld geta krafist þess að lögð séu fram vottorð, yfirlýsingar og önnur sönnunargögn, sem um getur í 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar og í XII. viðauka, til sönnunar á því að ekki séu fyrir hendi ástæður til útilokunar, eins og um getur í 57. gr., og á því að hæfiskröfur séu uppfylltar í samræmi við 58. gr.

Samningsyfirvöld skulu ekki krefjast annarra sönnunargagna en þeirra sem um getur í þessari grein og í 62. gr. Að því er varðar 63. gr. geta rekstraraðilar notað hvers konar viðeigandi aðferðir til að sanna fyrir samningsyfirvaldi að þeir muni ráða yfir nauðsynlegum úrræðum.

2. Samningsyfirvöld skulu samþykkja eftirfarandi sem fullnægjandi sönnun þess að ekkert af þeim tilvikum, sem eru tilgreind í 57. gr., eigi við um fyrirtæki rekstraraðila:

a) að því er varðar 1. mgr. þeirrar greinar, framlagning útskriftar úr viðeigandi skrá, s.s. sakavottorðs eða, að öðrum kosti, jafngilds skjals sem er gefið út af þar til bæru dóms- eða stjórnvaldi í aðildarríkinu eða upprunalandi eða í því landi þar sem rekstraraðilinn hefur staðfestu, sem sýnir að þessum kröfum er fullnægt,

b) að því er varðar 2. mgr. og b-lið 4. mgr. þeirrar greinar, vottorð sem gefið er út af lögbæru yfirvaldi í viðkomandi aðildarríki eða landi.

Ef slík skjöl eða vottorð eru ekki gefin út í viðkomandi aðildarríki eða landi, eða ef þau ná ekki yfir öll þau tilvik sem tilgreind eru í 1. og 2. mgr. og b-lið 4. mgr. 57. gr. getur eiðsvarin yfirlýsing viðkomandi aðila komið í stað þeirra eða, í þeim aðildarríkjum eða löndum þar sem ekki er kveðið á um slíka eiðsvarna yfirlýsingu, drengskaparheit sem viðkomandi gefur í viðurvist þar til bærs dóms- eða stjórnvalds eða, þar sem við á, lögbókanda eða hjá þar til bærri fag- eða viðskiptastofnun í aðildarríkinu eða upprunalandinu eða í aðildarríkinu eða landinu þar sem rekstraraðilinn hefur staðfestu.

Aðildarríki skal, ef við á, láta í té opinbera yfirlýsingu um að skjölin eða vottorðin, sem um getur í þessari málsgrein, séu ekki gefin út þar eða að þau nái ekki yfir öll þau tilvik sem tilgreind eru í 1. og 2. mgr. og b-lið 4. mgr. 57. gr. Slíkar opinberar yfirlýsingar skulu vera aðgengilegar í gagnasafni vottorða á Netinu (e-Certis) sem um getur í 61. gr.

3. Að jafnaði skal vera hægt að færa sönnur á efnahagslega og fjárhagslega stöðu rekstraraðila með einni eða fleiri af þeim aðferðum sem taldar eru upp í I. hluta XII. viðauka.

Ef rekstraraðili getur ekki, af einhverri gildri ástæðu, lagt fram þau gögn sem samningsyfirvöld krefjast getur hann sýnt fram á efnahagslega og fjárhagslega stöðu sína með öðrum gögnum sem samningsyfirvaldið telur fullnægjandi.

4. Rekstraraðili getur sannað tæknilega getu sína með einni eða fleiri af þeim aðferðum sem taldar eru upp í II. hluta XII. viðauka, allt eftir eðli, magni, mikilvægi eða fyrirhugaðri notkun verksins, vörunnar eða þjónustunnar.

5. Að fenginni beiðni skulu aðildarríkin láta hinum aðildarríkjunum í té hvers konar upplýsingar í tengslum við ástæðurnar til útilokunar sem taldar eru upp í 57. gr., starfsréttindi og fjárhagslega og tæknilega getu bjóðenda, sem um getur í 58. gr. og hvers konar upplýsingar í tengslum við sönnunargögnin sem um getur í þessari grein.

61. gr.

Gagnasafn vottorða á Netinu (e-Certis)

1. Í því skyni að greiða fyrir tilboðsgerð yfir landamæri skulu aðildarríkin tryggja að upplýsingar varðandi vottorð og önnur skrifleg sönnunargögn, sem færð eru inn í e-Certis, sem framkvæmdastjórnin kemur á fót, séu stöðugt uppfærðar.

2. Samningsyfirvöld skulu hafa aðgang að e-Certis og skulu fyrst og fremst krefjast þess konar vottorða eða skriflegra sönnunargagna með því sniði sem þar er að finna.

3. Framkvæmdastjórnin skal hafa samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda fáanlega í öllum tungumálaútgáfum í e-Certis.

62. gr.

Gæðastaðlar og umhverfisstjórnunarstaðlar

1. Ef samningsyfirvöld krefjast þess að lögð séu fram vottorð frá óháðum aðilum, sem staðfesta að rekstraraðilinn uppfylli tiltekna gæðastaðla, þ.m.t. varðandi aðgengi fyrir fatlaða, skulu þau vísa til gæðakerfa sem grundvallast á viðeigandi kerfi Evrópustaðla sem hefur fengið vottun faggiltra stofnana. Þau skulu viðurkenna jafngild vottorð frá stofnunum sem hafa staðfestu í öðrum aðildarríkjum. Þau skulu einnig samþykkja önnur sönnunargögn um sambærilegar ráðstafanir til að tryggja gæði ef viðkomandi rekstraraðili hafði engan möguleika á að afla sér slíkra vottorða innan þeirra tímamarka sem um er að ræða, af ástæðum sem ekki má rekja til rekstraraðilans sjálfs, og að því tilskildu að hann sýni fram á að þær ráðstafanir til að tryggja gæði, sem lagðar eru til, uppfylli tilskilda gæðastaðla.

2. Ef samningsyfirvöld krefjast þess að lögð séu fram vottorð frá óháðum aðilum, sem staðfesta að rekstraraðilinn uppfylli kröfur tiltekinna umhverfisstjórnunarkerfa eða tiltekna umhverfisstjórnunarstaðla, skulu þau vísa til umhverfisstjórnunarkerfis Sambandsins (EMAS) eða til annarra umhverfisstjórnunarkerfa, sem viðurkennd eru í samræmi við 45. gr. reglugerðar (EB) nr. 1221/2009, eða annarra umhverfisstjórnunarstaðla sem grundvallast á viðeigandi evrópskum eða alþjóðlegum stöðlum faggiltra stofnana. Þau skulu viðurkenna jafngild vottorð frá stofnunum sem hafa staðfestu í öðrum aðildarríkjum.

Hafi rekstraraðili bersýnilega ekki haft aðgang að slíkum vottorðum eða neinn möguleika á að afla sér þeirra innan þess frests sem gefinn var, af ástæðum sem ekki verða raktar til rekstraraðilans, skal samningsyfirvaldið einnig samþykkja önnur sönnunargögn um umhverfisstjórnunarráðstafanir að því tilskildu að rekstraraðilinn sýni fram á að þær ráðstafanir séu jafngildar þeim sem krafist er samkvæmt gildandi umhverfisstjórnunarkerfi eða -staðli.

3. Að fenginni beiðni skulu aðildarríkin láta hinum aðildarríkjunum í té, í samræmi við 86. gr., hvers konar upplýsingar í tengslum við skjöl sem lögð eru fram til sönnunar á samræmi við gæða- og umhverfisstaðlana sem um getur í 1. og 2. mgr.

63. gr.

Byggt á getu annarra aðila

1. Að því er varðar viðmiðanir sem tengjast efnahagslegri og fjárhagslegri stöðu, eins og sett er fram skv. 3. mgr. 58. gr., og viðmiðanir sem tengjast tæknilegri og faglegri getu, eins og sett er fram skv. 4. mgr. 58. gr. getur rekstraraðili, eftir því sem við á og vegna tiltekins samnings, byggt á getu annarra aðila, óháð lagalegu eðli tengsla hans við þá. Að því er varðar viðmiðanir sem tengjast menntun og faglegu hæfi, eins og sett er fram í f-lið II. hluta XII. viðauka, eða viðeigandi starfsreynslu, mega rekstraraðilar hins vegar aðeins reiða sig á getu annarra aðila ef hinir síðarnefndu sjá um að framkvæma verkið eða þjónustuna sem þessa getu þarf til. Þegar rekstraraðili vill reiða sig á getu annarra aðila, skal hann sanna fyrir samningsyfirvaldinu að hann hafi yfir nauðsynlegum föngum að ráða, t.d. með því að leggja fram skuldbindingu þeirra aðila þess efnis.

Samningsyfirvaldið skal, í samræmi við 59., 60. og 61. gr., sannreyna hvort aðilarnir, sem rekstraraðilinn hyggst reiða sig á varðandi getu, uppfylla viðeigandi hæfiskröfur og hvort ástæða sé til að útiloka þá skv. 57. gr. Samningsyfirvaldið skal krefjast þess að rekstraraðilinn finni nýjan aðila í stað aðila sem ekki uppfyllir viðeigandi hæfiskröfu eða þegar til staðar eru bindandi útilokunarástæður. Samningsyfirvaldið getur krafist þess af, eða aðildarríki gert þá kröfu að það krefjist þess af rekstraraðila að skipta út aðila þegar til staðar eru útilokunarástæður sem ekki eru bindandi.

Þegar rekstraraðili reiðir sig á getu annarra aðila að því er varðar viðmiðunina um efnahagslega og fjárhagslega stöðu getur samningsyfirvaldið krafist þess að rekstraraðilinn og þessir aðilar beri sameiginlega ábyrgð á efndum samningsins.

Með sömu skilyrðum getur hópur rekstraraðila, sem um getur í 2. mgr. 19. gr., byggt á getu þátttakenda í hópnum eða annarra aðila.

2. Þegar um er að ræða verksamninga, þjónustusamninga og ísetningu eða uppsetningu innan ramma vörusamnings, geta samningsyfirvöld krafist þess að tiltekin afar mikilvæg verkefni séu framkvæmd beint af bjóðanda sjálfum eða, ef tilboðið er lagt fram af hópi rekstraraðila eins og um getur í 2. mgr. 19. gr., af þátttakanda í þeim hópi.

64. gr.

Opinberar skrár yfir samþykkta rekstraraðila og vottun frá opinberum og einkaréttarlegum aðilum

1. Aðildarríkin geta komið á eða viðhaldið annaðhvort opinberum skrám yfir samþykkta verktaka, birgja eða þjónustuveitendur eða innleitt vottun frá vottunaraðilum sem uppfylla evrópska vottunarstaðla í skilningi VII. viðauka.

Þau skulu upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um heimilisfang vottunaraðilans eða aðilans sem ber ábyrgð á opinberu skránum, sem senda skal umsóknir til.

2. Aðildarríkin skulu laga skilyrðin fyrir skráningu í opinberu skrárnar, sem um getur í 1. mgr., ásamt skilyrðum fyrir útgáfu vottorða frá vottunaraðilum, að ákvæðum þessa undirþáttar.

Aðildarríkin skulu einnig laga þau að 63. gr. þegar um er að ræða skráningarumsóknir frá rekstraraðilum sem eru hluti af hópi og sem sýna fram á að þeir ráði yfir tilföngum sem hin fyrirtækin í hópnum hafa fengið þeim til ráðstöfunar. Í þeim tilvikum skulu þessir rekstraraðilar sanna fyrir yfirvaldinu, sem innleiðir opinberu skrána, að þeir ráði yfir þessum tilföngum út allan gildistíma vottorðs sem staðfestir að þeir séu skráðir í opinberu skrána og að allt það tímabil muni þessi fyrirtæki uppfylla áfram kröfur um hæfismiðað val sem opinbera skráin eða vottorðið, sem rekstraraðilar bera fyrir sig í tengslum við skráningu sína, taka til.

3. Rekstraraðilar, sem eru skráðir í opinberar skrár eða hafa fengið vottorð, geta, í hverju útboði, afhent samningsyfirvaldi vottorð um skráningu sem er gefið út af þar til bæru yfirvaldi eða vottorð sem þar til bær vottunaraðili gefur út.

Í þessum vottorðum eða skírteinum skulu koma fram þær tilvísanir sem gerðu þessum rekstraraðilum kleift að fá skráningu í opinberu skrána eða að fá vottorð ásamt flokkun samkvæmt skránni.

4. Hægt skal vera að ganga út frá því að vottuð skráning þar til bærra aðila í opinberum skrám eða vottorð, gefið út af vottunaraðila, sé til marks um hæfi að því er varðar kröfur um hæfismiðað val sem opinbera skráin eða vottorðið tekur til.

5. Ekki skal vefengja upplýsingar, sem rekja má til skráningar í opinberum skrám eða vottunar, án rökstuðnings. Að því er varðar greiðslu iðgjalda til almannatrygginga og skatta er þó heimilt að krefjast viðbótarvottorðs frá skráðum rekstraraðilum í hvert sinn sem gera á samning.

Samningsyfirvöld hinna aðildarríkjanna skulu einungis beita 3. mgr. og fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar til hagsbóta þeim rekstraraðilum sem hafa staðfestu í aðildarríkinu þar sem opinbera skráin er haldin.

6. Kröfur um sönnunargögn varðandi forsendur fyrir hæfismiðuðu vali, sem opinbera skráin eða vottorðið tekur til, skulu vera í samræmi við 60. gr. og, eftir því sem við á, 62. gr. Ekki er heimilt, varðandi skráningu rekstraraðila frá öðrum aðildarríkjum í opinberri skrá eða vottun þeirra, að krefjast frekari sannana eða yfirlýsinga, annarra en þeirra sem innlendir rekstraraðilar eru krafðir um.

Rekstraraðilar geta, hvenær sem er, farið fram á að fá skráningu í opinbera skrá eða að fá útgefið vottorð. Þeir skulu látnir vita, áður en langt um líður, um ákvörðun yfirvaldsins, sem heldur opinberu skrána, eða þar til bærs vottunaraðila.

7. Ekki skal skylda rekstraraðila frá öðrum aðildarríkjum til að fá slíka skráningu eða vottun til að geta tekið þátt í opinberu útboði. Samningsyfirvöld skulu viðurkenna jafngild vottorð frá stofnunum sem hafa staðfestu í öðrum aðildarríkjum. Þau skulu einnig samþykkja annars konar sannanir sem eru jafngildar.

8. Að fenginni beiðni skulu aðildarríkin láta hinum aðildarríkjunum í té hvers konar upplýsingar í tengslum við þau skjöl sem lögð eru fram til sönnunar á því að rekstraraðilar uppfylli kröfur til að fá skráningu á opinbera skrá yfir samþykkta rekstraraðila eða til sönnunar á því að rekstraraðilar frá öðru aðildarríki hafi jafngilt vottorð.

2. undirþáttur

Fækkun umsækjenda, tilboða og lausna

65. gr.

Fækkun hæfra umsækjenda sem boðin er þátttaka

1. Við lokað útboð, samkeppnisútboð með samningsviðræðum, samkeppnisviðræður og nýsköpunarsamstarf geta samningsyfirvöld takmarkað fjölda umsækjenda sem uppfylla hæfiskröfur sem þau bjóða að leggja fram tilboð eða að ganga til viðræðna, að því tilskildu að lágmarksfjöldi hæfra umsækjenda skv. 2. mgr. sé fyrir hendi.

2. Í útboðstilkynningu eða í boði um að staðfesta áhuga skulu samningsyfirvöld tilgreina þær hlutlægu forsendur eða reglur án mismununar sem þau hyggjast beita, lágmarksfjölda umsækjenda sem þau hyggjast bjóða og, ef við á, hámarksfjölda.

Í lokuðu útboði skal lágmarksfjöldi umsækjenda vera fimm. Í samkeppnisútboði með samningsviðræðum, í samkeppnisviðræðum og í nýsköpunarsamstarfi skal lágmarksfjöldi umsækjenda vera þrír. Umsækjendur skulu ætíð vera nægilega margir til að tryggja raunverulega samkeppni.

Samningsyfirvöld skulu bjóða a.m.k. lágmarksfjölda umsækjenda þátttöku í útboði. Ef umsækjendur, sem uppfylla hæfiskröfur og lágmarkskröfur um getu, eins og kveðið er á um í 5. mgr. 58. gr., eru hins vegar færri en tilskilinn lágmarksfjöldi þátttakenda geta samningsyfirvöld haldið útboðsferli áfram á þann hátt að gefa þeim umsækjendum, sem uppfylla kröfur, kost á að leggja fram tilboð. Samningsyfirvöldum er óheimilt að gefa rekstraraðilum, sem óskuðu ekki eftir þátttöku í útboðsferli, eða umsækjendum, sem uppfylla ekki kröfur um getu, kost á að leggja fram tilboð í því sama útboðsferli.

66. gr.

Fækkun tilboða og lausna

Ef samningsyfirvöld nýta sér þann kost að fækka þeim tilboðum sem samið er um, eins og kveðið er á um í 6. mgr. 29. gr., eða lausnum sem ræða þarf, eins og kveðið er á um í 4. mgr. 30. gr., skulu þau gera það með því að beita forsendum fyrir vali tilboðs sem koma fram í útboðsgögnum. Á lokastigi ferlisins skal fjöldi þátttakenda vera nægilega mikill til að tryggja raunverulega samkeppni, að svo miklu leyti sem um er að ræða nægilegan fjölda tilboða, lausna eða hæfra umsækjenda.

3. undirþáttur

Gerð samnings

67. gr.

Forsendur fyrir vali tilboðs

1. Með fyrirvara um innlend lög og stjórnsýslufyrirmæli er varða verð fyrir tilteknar vörur eða þóknun fyrir tiltekna þjónustu skulu samningsyfirvöld byggja val sitt á aðilum, sem opinberir samningar eru gerðir við, á fjárhagslega hagstæðasta tilboðinu.

2. Fjárhagslega hagstæðasta tilboðið að mati samningsyfirvaldsins skal fundið út frá verði eða kostnaði, á grundvelli nálgunar sem byggist á kostnaðarhagkvæmni, s.s. útreiknings á vistferilskostnaði í samræmi við 68. gr., og getur tekið til besta hlutfalls milli verðs og gæða sem metið skal á grundvelli forsendna sem tengjast efni viðkomandi opinbers samnings, þ.m.t. eigindlegra, umhverfislegra og/eða félagslegra þátta. Slíkar forsendur geta t.d. náð yfir:

a) gæði, tæknilega kosti, útlit og notagildi, aðgengi, hönnun fyrir alla notendur, félagslega, umhverfislega og nýjungakennda eiginleika og viðskipti og skilyrði þeirra,

b) skipulagningu, menntun, hæfi og reynslu starfsfólks sem framkvæma á samninginn, ef gæði starfsfólks sem framkvæma á samninginn geta haft veruleg áhrif á framkvæmd hans, eða

c) þjónustu eftir verklok og tæknilega aðstoð, afhendingarskilmála, s.s. afhendingardag, afhendingarferli og afhendingartíma eða frest til að ljúka verki.

Kostnaðarþátturinn getur einnig verið í formi fasts verðs eða kostnaðar þar sem rekstraraðilar keppa eingöngu á grundvelli gæðaforsendna.

Aðildarríkin geta kveðið á um að samningsyfirvöld megi ekki nota verð eingöngu eða kostnað eingöngu sem einu valforsenduna eða takmarkað notkun þeirra við tiltekna flokka samningsyfirvalda eða tilteknar tegundir samninga.

3. Litið skal svo á að forsendur fyrir vali tilboðs tengist efni opinbers samnings ef þær varða verk, vöru eða þjónustu, sem láta á í té samkvæmt samningnum, að einhverju leyti eða á einhverju stigi vistferils þeirra, þ.m.t. þættir sem varða:

a) sérstakt ferli við framleiðslu, afhendingu eða viðskipti með slík verk, vöru eða þjónustu eða

b) sérstakt ferli á öðru stigi á vistferli þeirra,

jafnvel þótt slíkir þættir séu ekki hluti af þeim.

4. Forsendur fyrir vali tilboðs skulu ekki hafa þau áhrif að veita samningsyfirvaldi ótakmarkað ákvörðunarvald. Þær skulu tryggja möguleikann á virkri samkeppni og þeim skulu fylgja forskriftir sem gera kleift að athuga upplýsingar frá bjóðendum á skilvirkan hátt til að meta hversu vel tilboðin uppfylla forsendur fyrir vali tilboðs. Í vafatilvikum skulu samningsyfirvöld athuga á skilvirkan hátt áreiðanleika upplýsinga og sönnunargagna frá bjóðendum.

5. Samningsyfirvöld skulu tilgreina í útboðsgögnum hvert mat þeirra er á hlutfallslegu vægi hverrar forsendu sem valin er til að ákvarða fjárhagslega hagstæðasta tilboðið, nema það sé fundið á grundvelli verðs eingöngu.

Þetta vægi má setja fram sem ákveðið bil með hæfilegum hámarksvikmörkum.

Ef ekki er hægt að beita vægi vegna hlutlægra ástæðna skal samningsyfirvaldið tilgreina forsendurnar í forgangsröð eftir mikilvægi þeirra.

68. gr.

Útreikningur vistferilskostnaðar

1. Útreikningur vistferilskostnaðar skal, að því marki sem við á, taka til hluta eða alls eftirfarandi kostnaðar á vistferli vöru, þjónustu eða verks:

a) kostnaðar sem samningsyfirvaldið eða aðrir notendur bera, s.s.:

   i. kostnaðar í tengslum við öflun,

   ii. notkunarkostnaðar, s.s. við orkunotkun og notkun annarra auðlinda,

   iii. viðhaldskostnaðar,

   iv. úrvinnslukostnaðar, s.s. kostnaðar við söfnun og endurvinnslu.

b) kostnaðar sem skrifast á umhverfisleg úthrif í tengslum við vöru, þjónustu eða verk meðan á vistferli þeirra stendur, að því tilskildu að hægt sé að ákvarða og sannreyna verðgildi þeirra; slíkur kostnaður getur falið í sér kostnað við losun gróðurhúsalofttegunda og aðra losun mengandi efna og annan kostnað við það að draga úr loftslagsbreytingum.

2. Þegar samningsyfirvöld meta kostnað með nálgun sem grundvallast á útreikningi á vistferilskostnaði skulu þau taka fram í útboðsgögnum hvaða gögn bjóðendur þurfa að leggja fram og hvaða aðferð samningsyfirvaldið mun nota til að ákvarða vistferilskostnað á grundvelli þessara gagna.

Aðferðin sem notuð er til að meta kostnað sem skrifast á umhverfisleg úthrif skal uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

a) byggja á hlutlægt sannprófanlegum viðmiðunum án mismununar. Sé hún ekki til endurtekinnar eða stöðugrar notkunar skal hún sérstaklega ekki vera hagstæðari eða óhagstæðari tilteknum rekstraraðilum þannig að óréttmætt sé,

b) vera aðgengileg öllum hlutaðeigandi aðilum,

c) rekstraraðilar, sem sýna eðlilega kostgæfni, þ.m.t. rekstraraðilar frá þriðju löndum sem eru aðilar að samningnum um opinber innkaup eða öðrum alþjóðasamningum sem Sambandið er bundið af, skulu geta lagt fram tilskilin gögn án þess að leggja meira á sig en eðlilegt getur talist.

3. Hafi sameiginleg aðferð við útreikning á vistferilskostnaði verið gerð skyldubundin með lagagerð Sambandsins, skal beita henni við mat á vistferilskostnaði.

Skrá yfir slíkar lagagerðir og, ef nauðsyn krefur, framseldar gerðir sem styðja þær, er að finna í XIII. viðauka. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 87. gr. varðandi uppfærslu þessarar skrár þegar uppfærsla hennar er nauðsynleg vegna samþykktar nýrrar löggjafar, sem gerir sameiginlega aðferð skyldubundna, eða niðurfellingar eða breytingar á réttargerðum sem fyrir eru.

69. gr.

Óeðlilega lág tilboð

1. Ef tilboð virðast óeðlilega lág miðað við verk, vöru eða þjónustu skulu samningsyfirvöld óska eftir því að rekstraraðilar skýri verð eða kostnað sem fram kemur í tilboði.

2. Skýringarnar, sem um getur í 1. mgr., geta einkum varðað:

a) hagkvæmni framleiðsluferlis, þjónustu eða byggingaraðferðar,

b) tæknilegar lausnir, sem hafa verið valdar, eða hvers konar óvenjulega hagstæðar aðstæður bjóðanda við framkvæmd verks, afhendingu vöru eða veitingu þjónustu,

c) frumleika í tillögum bjóðanda varðandi verk, vöru eða þjónustu,

d) samræmi við skyldurnar sem um getur í 2. mgr. 18. gr.,

e) samræmi við skyldurnar sem um getur í 71. gr.,

f) möguleika bjóðanda á því að fá ríkisstyrki.

3. Samningsyfirvöld skulu meta upplýsingarnar sem lagðar eru fram með viðræðum við bjóðanda. Þau mega aðeins vísa frá tilboði ef sönnunargögnin sem lögð eru fram skýra ekki með viðunandi hætti hið lága verð eða kostnað sem lagður er til, að teknu tilliti til þeirra atriða sem um getur í 2. mgr.

Samningsyfirvöld skulu vísa frá tilboði komist þau að raun um að tilboðið sé óeðlilega lágt vegna þess að það er ekki í samræmi við gildandi skyldur sem um getur í 2. mgr. 18. gr.

4. Ef samningsyfirvald kemst að raun um að tilboð sé óeðlilega lágt vegna þess að bjóðandi hafi fengið ríkisstyrk er ekki hægt að vísa tilboðinu frá af þeirri ástæðu einni fyrr en samningsyfirvaldið hefur átt viðræður við bjóðanda og hann reynist, að loknum hæfilegum fresti sem samningsyfirvaldið setur, ófær um að sanna að viðkomandi styrkur hafi verið samrýmanlegur innri markaðnum í skilningi 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Ef samningsyfirvald vísar tilboði frá við þessar aðstæður skal það tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

5. Að fenginni beiðni skulu aðildarríkin láta hinum aðildarríkjunum í té, með samvinnu á sviði stjórnsýslu, hvers konar upplýsingar sem þau búa yfir, s.s. lög, reglugerðir, almennt gildandi kjarasamninga eða innlenda tæknistaðla, sem tengjast sönnunargögnum og skjölum sem lögð eru fram í tengslum við atriðin sem talin eru upp í 2. mgr.

IV. KAFLI

Framkvæmd samnings

70. gr.

Skilyrði sem tengjast framkvæmd samnings

Samningsyfirvöld geta mælt fyrir um sérstök skilyrði varðandi framkvæmd samnings, að því tilskildu að þau tengist efni samningsins, í skilningi 3. mgr. 67. gr., og séu tilgreind í útboðsauglýsingu eða í útboðsgögnum. Á meðal þessara skilyrða geta verið efnahagsleg, nýsköpunartengd, umhverfisleg, félagsleg eða atvinnutengd sjónarmið.

71. gr.

Undirverktakastarfsemi

1. Uppfylling undirverktaka á skyldunum sem um getur í 2. mgr. 18. gr. er tryggð með viðeigandi aðgerðum lögbærra landsyfirvalda innan marka ábyrgða þeirra og valdsviða.

2. Í útboðsgögnum getur samningsyfirvald óskað eftir því, eða óskað eftir því að kröfu aðildarríkis, að bjóðandi tilgreini í tilboði sínu hvaða hluta samningsins hann hyggst láta þriðju aðila framkvæma sem undirverktaki og hverjir þeir eru.

3. Aðildarríki geta kveðið á um að samningsyfirvald skuli millifæra greiðslur, sem inna ber af hendi, beint til undirverktaka fyrir þjónustu, vöru eða verk sem hann lætur rekstraraðila, sem opinber samningur hefur verið gerður við (aðalverktaka), í té, fari undirverktaki fram á það og heimili eðli samningsins það. Slíkar ráðstafanir geta tekið til viðeigandi aðferða til að gera aðalverktaka kleift að andmæla óréttmætum greiðslum. Tilhögun slíks greiðslumáta skal útlistuð í útboðsgögnum.

4. Ákvæði 1.–3. mgr. skulu ekki hafa áhrif á ábyrgð aðalverktakans.

5. Að því er varðar verksamninga og þjónustu sem veita á í aðstöðu sem samningsyfirvaldið hefur beina umsjón með, skal samningsyfirvaldið krefjast þess að aðalverktakinn láti því í té, eftir gerð samningsins og í síðasta lagi þegar framkvæmd hans hefst, nafn, samskiptaupplýsingar og upplýsingar um lagalega fyrirsvarsmenn undirverktaka hans sem taka þátt í slíkum verkum eða þjónustu, að svo miklu leyti sem það er vitað á þeim tímapunkti. Samningsyfirvaldið skal krefjast þess að aðalverktakinn tilkynni því um allar breytingar á þeim upplýsingum á meðan samningurinn er í gildi auk þess að veita tilskildar upplýsingar um alla nýja undirverktaka sem hann fær síðar til starfa við slík verk eða þjónustu.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein mega aðildarríkin leggja aðalverktakanum beint þá skyldu á herðar að veita tilskildar upplýsingar.

Ef nauðsyn krefur, vegna b-liðar 6. mgr. þessarar greinar, skulu eigin yfirlýsingar undirverktaka fylgja tilskildum upplýsingum eins og kveðið er á um í 59. gr. Í framkvæmdarráðstöfunum skv. 8. mgr. þessarar greinar má kveða á um að undirverktakar, sem kynntir eru til sögunnar eftir gerð samnings, skuli leggja fram vottorð og önnur fylgiskjöl í stað eigin yfirlýsingar.

Fyrsta undirgreinin gildir ekki um birgja.

Samningsyfirvöldin geta víkkað út eða geta verið krafin um það af aðildarríkjum að víkka út skyldurnar sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein, þannig að þær taki t.d. til:

a) vörusamninga, þjónustusamninga annarra en þeirra sem varða þjónustu sem veitt er í aðstöðu sem samningsyfirvaldið hefur beina umsjón með eða birgja sem taka þátt í framkvæmd verk- eða þjónustusamninga,

b) undirverktaka hjá undirverktökum aðalverktakans eða neðar í undirverktakakeðjunni.

6. Með það að markmiði að forðast brot á þeim skyldum sem um getur í 2. mgr. 18. gr., má grípa til viðeigandi ráðstafana svo sem:

a) þegar landslög aðildarríkis kveða á um kerfi sameiginlegrar ábyrgðar undirverktaka og aðalverktaka skal aðildarríkið tryggja að viðkomandi reglum sé beitt í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í 2. mgr. 18. gr.

b) Samningsyfirvöldin geta, í samræmi við 59., 60. og 61. gr., sannreynt eða geta verið krafin af aðildarríkjum um að sannreyna hvort fyrir hendi séu ástæður til að útiloka undirverktaka samkvæmt 57. gr. Samningsyfirvöldin skulu, í slíkum tilvikum, krefjast þess af rekstraraðilanum að hann skipti út undirverktaka þegar athugun á honum hefur leitt í ljós að til staðar séu bindandi útilokunarástæður. Samningsyfirvaldið getur krafist þess af, eða aðildarríki gert þá kröfu að það krefjist þess af rekstraraðila að skipta út undirverktaka þegar athugun á honum hefur leitt í ljós að til staðar séu útilokunarástæður sem ekki eru bindandi.

7. Aðildarríkin geta kveðið á um strangari reglur um ábyrgð í landslögum eða gengið lengra í landslögum varðandi beinar greiðslur til undirverktaka, t.d. með því að kveða á um beinar greiðslur til undirverktaka án þess að þeir þurfi að fara fram á það.

8. Aðildarríki sem hafa kosið að kveða á um ráðstafanir samkvæmt 3., 5. eða 6. mgr. skulu tilgreina skilyrði fyrir framkvæmd þessara ráðstafana í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum, með hliðsjón af lögum Sambandsins. Aðildarríki geta takmarkað gildissvið þeirra, t.d. við tilteknar tegundir samninga, tiltekna flokka samningsyfirvalda eða rekstraraðila eða við tilteknar fjárhæðir.

72. gr.

Breyting samninga á gildistíma þeirra

1. Samningum og rammasamningum getur verið breytt án þess að nýtt innkaupaferli fari fram í samræmi við þessa tilskipun í sérhverju eftirfarandi tilvika:

a) án tillits til verðgildis þeirra þegar kveðið hefur verið á um breytingarnar í upphaflegu útboðsgögnunum í skýrum og nákvæmum og ótvíræðum endurskoðunarákvæðum sem geta haft að geyma ákvæði um endurskoðun verðs eða valmöguleika. Í slíkum ákvæðum skal tilgreina umfang og eðli mögulegra breytinga eða valmöguleika auk skilyrðanna fyrir notkun þeirra. Þau skulu ekki kveða á um breytingar eða valmöguleika sem myndu breyta eðli samningsins eða rammasamningsins í heild,

b) þegar um er að ræða viðbótarverk, -þjónustu eða -vörur af hálfu upprunalega verktakans sem hafa orðið nauðsynleg og voru ekki hluti af upphaflegu innkaupunum, þegar breyting á verktaka:

i. getur ekki átt sér stað af efnahagslegum eða tæknilegum ástæðum, svo sem kröfum um skiptihæfi eða rekstrarsamhæfi við tækjabúnað, þjónustu eða uppsetningar sem keyptar voru á grundvelli upphaflegu innkaupanna og

ii. myndi valda verulegu óhagræði eða talsverðri tvítekningu kostnaðar samningsyfirvaldsins.

Verðhækkun skal þó aldrei vera hærri en sem nemur 50% af verðmæti upphaflega samningsins. Þegar nokkrar breytingar eru gerðar í röð, hver á eftir annarri, skulu þessi takmörk gilda um verðmæti hverrar breytingar. Slíkar breytingar, sem gerðar eru hver á eftir annarri, skulu ekki gerðar í þeim tilgangi að sniðganga þessa tilskipun,

c) þegar öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

i. þörfin til breytinga kom til vegna aðstæðna sem samningsyfirvald sem sýnir kostgæfni gat ekki séð fyrir,

ii. breytingarnar hafa ekki áhrif á eðli samningsins í heild,

iii. verðhækkun er ekki hærri en sem nemur 50% af verðmæti upphaflega samningsins eða rammasamningsins. Þegar nokkrar breytingar eru gerðar í röð, hver á eftir annarri, skulu þessi takmörk gilda um verðmæti hverrar breytingar. Slíkar breytingar, sem gerðar eru hver á eftir annarri, skulu ekki gerðar í þeim tilgangi að sniðganga þessa tilskipun,

d) þegar nýr verktaki kemur í stað þess sem samningsyfirvaldið hafði upphaflega gert samning við vegna:

i. beitingar ótvíræðs ákvæðis um endurskoðun eða valmöguleika í samræmi við a-lið,

ii. þess að annar rekstraraðili, sem uppfyllir forsendur hæfismiðaðs vals sem upphaflega var komið á, gengur inn í stöðu upphaflegs verktaka í heild eða að hluta í kjölfar endurskipulagningar fyrirtækis, þ.m.t. yfirtöku, samruna, kaupa eða ógjaldfærni, að því tilskildu að þetta hafi ekki í för með sér aðrar verulegar breytingar á samningnum og sé ekki gert í þeim tilgangi að sniðganga beitingu þessarar tilskipunar eða

iii. þess að samningsyfirvaldið sjálft tekur við skyldum aðalverktakans gagnvart undirverktökum hans þar sem kveðið er á um þann möguleika í landslögum í samræmi við 71. gr.,

e) þegar breytingarnar, óháð verðmæti þeirra, eru ekki verulegar í skilningi 4. mgr.

Samningsyfirvöld sem hafa breytt samningi í þeim tilvikum sem sett eru fram í b- og c-lið þessarar málsgreinar skulu birta tilkynningu þess efnis í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Slíkar tilkynningar skulu hafa að geyma upplýsingarnar sem settar eru fram í G-hluta V. viðauka og skulu birtar í samræmi við 51. gr.

2. Enn fremur, og án þess að þörf sé á að skýra hvort skilyrðin sem sett eru fram í a- til d-lið 4. mgr. séu uppfyllt, er einnig heimilt að breyta samningum án þess að nýtt innkaupaferli fari fram í samræmi við þessa tilskipun þegar verðgildi breytinganna er lægra en sem nemur eftirfarandi verðgildum:

i. viðmiðunarfjárhæðunum sem settar eru fram í 4. gr. og

ii. 10% af upphaflegu verðmæti þjónustu- og vörusamninga og lægra en 15% af upphaflegu verðmæti verksamninga.

Hins vegar mega breytingarnar ekki hafa áhrif á eðli samningsins eða rammasamningsins í heild. Þegar nokkrar breytingar eru gerðar í röð, hver á eftir annarri, skal meta verðmæti þeirra á grundvelli hreins uppsafnaðs verðmætis breytinganna.

3. Að því er varðar útreikning verðsins sem um getur í 2. mgr. og b- og c-lið 1. mgr. skal uppfært verð vera viðmiðunargildi þegar samningurinn hefur að geyma verðbótaákvæði.

4. Breyting á samningi eða rammasamningi á gildistíma þeirra skal talin veruleg í skilningi e-liðar 1. mgr. þegar hún gerir samninginn eða rammasamninginn annars efnis en þann sem upphaflega var gerður. Breyting skal ávallt, með fyrirvara um 1. og 2. mgr., teljast veruleg þegar eitt eða fleiri eftirfarandi skilyrða eru uppfyllt:

a) breytingin hefur í för með sér skilyrði sem, hefðu þau verið hluti af upphaflega innkaupaferlinu, hefðu gert öðrum umsækjendum kleift að vera með í því en þeim sem upphaflega voru valdir eða gert samþykkt annars tilboðs en þess, sem var upphaflega samþykkt, mögulegt eða dregið viðbótarþátttakendur að innkaupaferlinu,

b) breytingin breytir efnahagslegu jafnvægi samningsins eða rammasamningsins í þágu verktakans með hætti, sem ekki var gert ráð fyrir í upphaflega samningnum eða rammasamningnum,

c) breytingin víkkar verulega út gildissvið samningsins eða rammasamningsins,

d) nýr verktaki kemur í stað þess sem samningsyfirvaldið hafði upphaflega gert samning við, í öðrum tilvikum en þeim sem kveðið er á um í d-lið 1. mgr.

5. Krafist skal nýs innkaupaferlis í samræmi við þessa tilskipun fyrir aðrar breytingar á ákvæðum opinbers samnings eða rammasamnings á meðan gildistíma hans stendur en þær sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr.

73. gr.

Slit samninga

Aðildarríkin skulu tryggja að samningsyfirvöld hafi möguleika á að slíta opinberum samningi meðan á gildistíma hans stendur, a.m.k. við eftirfarandi aðstæður og samkvæmt þeim skilyrðum sem kveðið er á um í gildandi landslögum:

a) ef gerð hefur verið veruleg breyting á samningnum sem hefði átt að leiða til nýs innkaupaferlis í samræmi við 72. gr.,

b) ef verktakinn var, á þeim tíma þegar samningurinn var gerður, í einhverri þeirri stöðu sem um getur í 1. mgr. 57. gr. og hefði því átt að vera útilokaður frá innkaupaferlinu,

c) ef ekki hefði átt að gera samninginn við verktakann í ljósi alvarlegs brots á skyldum samkvæmt sáttmálunum og þessari tilskipun sem lýst hefur verið yfir af Evrópudómstólnum með málsmeðferð skv. 258. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

III. BÁLKUR

SÉRSTAKT INNKAUPAFYRIRKOMULAG

I. KAFLI

Félagsþjónusta og önnur sértæk þjónusta

74. gr.

Gerð samninga um félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu

Opinberir samningar um félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu, sem talin er upp í XIV. viðauka, skulu gerðir í samræmi við þennan kafla ef verðmæti samninganna er jafnhátt eða hærra en viðmiðunarfjárhæðin í d-lið 4. mgr.

75. gr.

Birting tilkynninga

1. Samningsyfirvöld, sem hafa í hyggju að gera opinberan samning um þá þjónustu sem um getur í 74. gr., skulu láta vita um fyrirætlan sína með einhverjum þeim hætti sem hér segir:

a) með útboðstilkynningu, sem skal hafa að geyma þær upplýsingar sem um getur í H-hluta V. viðauka, í samræmi við stöðluðu eyðublöðin sem um getur í 51. gr., eða

b) með kynningartilkynningu, sem skal birt endurtekið og innihalda þær upplýsingar sem settar eru fram í I-hluta V. viðauka. Í kynningartilkynningunni skal vísað sérstaklega til þeirrar tegundar þjónustu sem gera á samninga um. Þar skal koma fram að samningarnir verði gerðir án frekari birtingar og áhugasömum rekstraraðilum boðið að láta áhuga sinn í ljós skriflega.

Fyrsta undirgrein skal þó ekki gilda þar sem hefði verið hægt að nota samningskaup án undangenginnar auglýsingar, í samræmi við 32. gr., við gerð opinbers þjónustusamnings.

2. Samningsyfirvöld, sem gert hafa opinberan samning um þjónustuna sem um getur í 74. gr., skulu láta vita um niðurstöðu innkaupaferlisins með tilkynningu um samningsgerð, sem skal innihalda upplýsingarnar sem um getur í J-hluta V. viðauka, í samræmi við stöðluðu eyðublöðin sem um getur í 51. gr., Þau hafa þó heimild til að safna slíkum tilkynningum saman og senda þær ársfjórðungslega. Í því tilviki skulu þau senda samsafnaðar tilkynningar innan 30 daga frá lokum hvers ársfjórðungs.

3. Framkvæmdastjórnin skal taka upp stöðluðu eyðublöðin, sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, með framkvæmdargerðum. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 89. gr.

4. Tilkynningarnar, sem um getur í þessari grein, skulu birtar í samræmi við 51. gr.

76. gr.

Meginreglur um val tilboða

1. Aðildarríkin skulu setja landsreglur um gerð samninga sem heyra undir þennan kafla til að tryggja að samningsyfirvöld uppfylli meginreglur um gagnsæi og jafna meðferð rekstraraðila. Aðildarríkjunum er frjálst að ákveða hvaða málsmeðferðarreglur gilda svo lengi sem slíkar reglur gera samningsyfirvöldum kleift að taka tillit til sérstakra eiginleika þjónustunnar sem um er að ræða.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að samningsyfirvöld geti tekið tillit til þarfarinnar á að tryggja gæði, samfellu, aðgengi að, viðráðanlegt verð á, framboð á og heildstæði þjónustunnar, sérþarfa mismunandi flokka notenda, þ.m.t. illra settra og berskjaldaðra hópa, aðkomu og valdeflingar notenda og nýsköpunar. Aðildarríkin geta einnig kveðið á um að val á þjónustuveitanda fari fram á grundvelli þess tilboðs sem býður besta hlutfall milli verðs og gæða að teknu tilliti til gæða- og sjálfbærniviðmiðana fyrir félagsþjónustu.

77. gr.

Samningar bundnir við ákveðna hópa um tiltekna þjónustu

1. Aðildarríkin geta kveðið á um að samningsyfirvöldum sé heimilt að binda við stofnanir réttinn til þátttöku í útboðum vegna opinberra samninga eingöngu á sviði þeirrar heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu og þjónustu á sviði menningarmála sem um getur í 74. gr. og heyrir undir CPV-kóðana 75121000-0, 75122000-7, 75123000-4, 79622000-0, 79624000-4, 79625000-1, 80110000-8, 80300000-7, 80420000-4, 80430000-7, 80511000-9, 80520000-5, 80590000-6, frá 85000000-9 til 85323000-9, 92500000-6, 92600000-7, 98133000-4, 98133110-8.

2. Stofnun, sem um getur í 1. mgr., skal uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

a) hafa það að markmiði að veita opinbera þjónustu sem tengist veitingu þeirrar þjónustu sem um getur í 1. mgr.,

b) hagnaður er endurfjárfestur í þágu markmiða stofnunarinnar. Ef hagnaði er úthlutað eða endurúthlutað ætti það að byggjast á þátttökusjónarmiðum,

c) stjórnskipulag eða eignarhaldsfyrirkomulag stofnunarinnar sem framkvæmir samninginn byggist á meginreglunum um eignarhald starfsmanna eða þátttöku, eða krefst virkrar þátttöku starfsmanna, notenda eða hagsmunaaðila, og

d) hlutaðeigandi samningsyfirvald hefur ekki gert samning við stofnunina um viðkomandi þjónustu samkvæmt þessari grein á síðustu þremur árum.

3. Hámarksgildistími samningsins skal ekki vera lengri en þrjú ár.

4. Í útboðsauglýsingu skal vísað til þessarar greinar.

5. Þrátt fyrir 92. gr. skal framkvæmdastjórnin meta áhrif þessarar greinar og leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 18. apríl 2019.

II. KAFLI

Reglur um hönnunarsamkeppnir

78. gr.

Gildissvið

Þessi kafli gildir um:

a) hönnunarsamkeppni sem efnt er til með það fyrir augum að gera opinberan þjónustusamning,

b) hönnunarsamkeppni þar sem þátttakendur fá verðlaun og/eða greiðslur.

Í þeim tilvikum, sem um getur í a-lið fyrstu málsgreinar þessarar greinar, er viðmiðunarfjárhæðin, sem um getur í 4. gr., reiknuð út á grundvelli áætlaðs verðmætis opinbera þjónustusamningsins án virðisaukaskatts, þ.m.t. öll verðlaun og/eða greiðslur til þátttakenda.

Í þeim tilvikum, sem um getur í b-lið fyrstu málsgreinar þessarar greinar, merkir viðmiðunarfjárhæð heildarfjárhæð verðlauna og greiðslna, þ.m.t. áætlað verðmæti opinbers þjónustusamnings án virðisaukaskatts, sem kynni að vera gerður síðar skv. 4. mgr. 32. gr., ef samningsyfirvaldið hefur tilkynnt að það hafi í hyggju að gera slíkan samning í tilkynningu um samkeppnina.

79. gr.

Tilkynningar

1. Samningsyfirvöld, sem hyggjast halda hönnunarsamkeppni, skulu láta vita af fyrirætlun sinni með tilkynningu um samkeppnina.

Hafi þau í hyggju að gera þjónustusamning síðar, í samræmi við 4. mgr. 32. gr., skal það koma fram í tilkynningunni um samkeppnina.

2. Samningsyfirvöld, sem hafa haldið hönnunarsamkeppni, skulu senda tilkynningu um úrslit samkeppninnar í samræmi við 51. gr. og þau skulu geta fært sönnur á sendingardaginn.

Ef afhending upplýsinga um niðurstöður hönnunarsamkeppni kynni að hindra framkvæmd laga, ganga gegn almannahagsmunum eða gæti skaðað lögmæta viðskiptahagsmuni tiltekinna, opinberra eða einkarekinna fyrirtækja eða réttmæta samkeppni milli þjónustuveitenda er heimilt að birta ekki slíkar upplýsingar.

3. Tilkynningarnar sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar skulu birtar í samræmi við 2.–6. mgr. 51. gr. og 52. gr. Þær skulu hafa að geyma upplýsingarnar sem settar eru fram í E-hluta V. viðauka annars vegar og F-hluta V. viðauka hins vegar, á stöðluðum eyðublöðum.

Framkvæmdastjórnin skal taka upp þessi stöðluðu eyðublöð með framkvæmdargerðum. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 89. gr.

80. gr.

Reglur um tilhögun hönnunarsamkeppna og val þátttakenda

1. Þegar hönnunarsamkeppnir eru haldnar skulu samningsyfirvöld nota aðferðir sem eru lagaðar að ákvæðum I. bálks og þessa kafla.

2. Aðgangur að hönnunarsamkeppnum má ekki takmarkast við:

a) yfirráðasvæði eða hluta af yfirráðasvæði aðildarríkis,

b) það að þátttakendur séu annaðhvort einstaklingar eða lögaðilar þótt þess kunni að vera krafist í lögum aðildarríkisins þar sem samkeppnin er haldin.

3. Ef hönnunarsamkeppni er bundin við takmarkaðan fjölda þátttakenda skulu samningsyfirvöld mæla fyrir um skýrar hæfiskröfur án mismununar. Umsækjendur, sem boðin er þátttaka, skulu ætíð vera nægilega margir til að tryggja raunverulega samkeppni.

81. gr.

Samsetning dómnefndar

Dómnefnd skal aðeins skipuð einstaklingum sem eru óháðir þátttakendum í samkeppninni. Ef tiltekinnar, faglegrar menntunar og hæfis er krafist af þátttakendum í samkeppni skal a.m.k. einn þriðji hluti dómnefndarmanna hafa þá sömu eða sambærilega menntun og hæfi.

82. gr.

Ákvarðanir dómnefndar

1. Dómnefndin skal vera sjálfstæð í ákvörðunum og áliti sínu.

2. Hún skal rannsaka áætlanir og verkefni, sem umsækjendur leggja fram, undir nafnleynd og eingöngu á grundvelli forsendna sem eru tilgreindar í tilkynningu um samkeppni.

3. Dómnefndin skal skrá flokkun sína á tillögum, eftir kostum þeirra, í skýrslu sem nefndarmenn undirrita ásamt athugasemdum nefndarinnar og þeim atriðum sem kunna að þarfnast skýringar.

4. Halda skal nafnleynd þar til álit eða ákvörðun dómnefndar liggur fyrir.

5. Umsækjendum kann að vera boðið, ef þörf krefur, að svara spurningum sem dómnefndin hefur skráð í fundargerð til að skýra einhverja þætti tillagnanna.

6. Rita skal ítarlega fundargerð af viðræðum dómnefndarmanna og umsækjenda.

IV. BÁLKUR

STJÓRNUNARHÆTTIR

83. gr.

Framfylgd

1. Til þess að tryggja rétta og skilvirka framkvæmd með skilvirkum hætti skulu aðildarríkin tryggja að eitt eða fleiri yfirvöld, aðilar eða stofnanir framkvæmi a.m.k. þau verkefni sem sett eru fram í þessari grein. Þau skulu skýra framkvæmdastjórninni frá öllum yfirvöldum, aðilum eða stofnunum sem eru bærar til að sinna þessum verkefnum.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að eftirlit sé haft með beitingu reglna um opinber innkaup.

Þegar eftirlitsyfirvöld eða stofnanir uppgötva, að eigin frumkvæði eða að fengnum upplýsingum þar um, tiltekin brot eða kerfislæg vandamál, skulu þau hafa vald til að upplýsa landsbundin endurskoðunaryfirvöld, dómstóla eða önnur viðeigandi yfirvöld eða stofnanir, svo sem umboðsmann, þjóðþing eða nefndir, um þau.

3. Niðurstöður eftirlitsaðgerða samkvæmt 2. mgr. skulu gerðar aðgengilegar almenningi með viðeigandi upplýsingaleiðum. Niðurstöðurnar skulu enn fremur látnar framkvæmdastjórninni í té. Til dæmis má fella þær inn í eftirlitsskýrslurnar sem um getur í annarri undirgrein þessarar málsgreinar.

Eigi síðar en 18. apríl 2017 og á þriggja ára fresti eftir það skulu aðildarríkin leggja eftirlitsskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina með upplýsingum, ef við á, um algengustu ástæður rangrar beitingar eða réttaróvissu, þ.m.t. hugsanleg kerfislæg eða viðvarandi vandamál við beitingu reglnanna, um þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja í opinberum innkaupum og um að koma í veg fyrir, greina og tilkynna á viðeigandi hátt um tilvik um svik, spillingu, hagsmunaárekstra og alvarlegar misfellur í tengslum við útboð.

Framkvæmdastjórnin getur, þó ekki oftar en á þriggja ára fresti, óskað eftir því að aðildarríkin leggi fram upplýsingar um framkvæmd landsbundinna áætlana um opinberar innkaupastefnur í reynd.

Að því er varðar þessa málsgrein og 4. mgr. þessarar greinar skulu „lítil og meðalstór fyrirtæki“ teljast skilgreind á sama hátt og í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB ([39]).

Á grundvelli gagna sem berast samkvæmt þessari málsgrein skal framkvæmdastjórnin reglulega gefa út skýrslu um framkvæmd landsbundinna stefna á sviði opinberra innkaupa og bestu starfsvenjur varðandi þær á innri markaðnum.

4. Aðildarríki skulu tryggja að:

a) upplýsingar og leiðbeiningar um túlkun og beitingu laga Sambandsins um opinber innkaup séu tiltækar án endurgjalds til að aðstoða samningsyfirvöld og rekstraraðila, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki, við rétta beitingu á reglum Sambandsins um opinber innkaup, og

b) stuðningur sé fyrir hendi fyrir samningsyfirvöld að því er varðar skipulagningu og framkvæmd innkaupaferla.

5. Aðildarríkin skulu, án þess að það hafi áhrif á almennar málsmeðferðarreglur og vinnuaðferðir sem framkvæmdastjórnin hefur komið á fyrir samskipti sín og tengsl við aðildarríkin, tilnefna tengilið fyrir samstarf við framkvæmdastjórnina að því er varðar beitingu löggjafar um opinber innkaup.

6. Samningsyfirvöld skulu, a.m.k. á gildistíma samnings, geyma afrit af öllum gerðum samningum að verðmæti sem nemur eftirfarandi fjárhæðum eða hærra:

([39]) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 6. maí 2003 um skilgreininguna á örfyrirtækjum, litlum fyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum (Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36).

a) 1 000 000 evrur, þegar um er að ræða opinbera vöru- eða þjónustusamninga,

b) 10 000 000 evrur þegar um er að ræða opinbera verksamninga.

Samningsyfirvöld skulu veita aðgang að þessum samningum; þó er heimilt að synja um aðgang að tilteknum skjölum eða upplýsingaatriðum að því marki og með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í gildandi reglum Sambandsins eða reglum í hverju aðildarríki fyrir sig um aðgang að skjölum og gagnavernd.

84. gr.

Stakar skýrslur um innkaupaferli vegna samninga

1. Fyrir hvern samning eða rammasamning sem heyrir undir þessa tilskipun og í hvert sinn sem gagnvirku innkaupakerfi er komið á fót, skulu samningsyfirvöld semja skriflega skýrslu þar sem koma skal fram a.m.k. eftirfarandi:

a) nafn og heimilisfang samningsyfirvalds og efni og verðmæti samningsins, rammasamningsins eða gagnvirka innkaupakerfisins,

b) eftir atvikum, niðurstöður hæfismiðaðs vals og/eða fækkunar skv. 65. og 66. gr., þ.e.a.s.:

   i. nöfn þeirra umsækjenda eða bjóðenda sem urðu fyrir valinu og ástæðurnar fyrir vali þeirra,

   ii. nöfn þeirra umsækjenda eða bjóðenda sem vísað var frá og ástæðurnar fyrir frávísun þeirra,

c) ástæður fyrir frávísun tilboða sem reynast vera óeðlilega lág,

d) nafn þess bjóðanda sem varð fyrir valinu og ástæðurnar fyrir því að tilboð hans var valið og hvaða hluta samningsins eða rammasamningsins bjóðandinn, sem valinn var, hyggst fá þriðju aðila til að vinna sem undirverktaka, ef það er vitað; ásamt nöfnum undirverktaka aðalverktakans, ef einhverjir eru, ef það er vitað á þeim tímapunkti,

e) þegar um er að ræða samkeppnisútboð með samningsviðræðum og samkeppnisviðræður, aðstæðurnar sem mælt er fyrir um í 26. gr. og eru rökstuðningur fyrir notkun þessa innkaupaferlis,

f) þegar um er að ræða samningskaup án undangenginnar auglýsingar, aðstæðurnar sem um getur í 32. gr. og eru rökstuðningur fyrir notkun þessa innkaupaferlis,

g) eftir atvikum, ástæður fyrir því að samningsyfirvöld hafa ákveðið að gera ekki samning eða rammasamning eða koma á fót gagnvirku innkaupakerfi,

h) eftir atvikum, ástæður fyrir því að notaðar hafa verið aðrar samskiptaaðferðir en rafrænar við framlagningu tilboða,

i) eftir atvikum, hagsmunaárekstrar sem greindir hafa verið og ráðstafanir sem gripið hefur verið til vegna þeirra.

Þessarar skýrslu er ekki krafist að því er varðar samninga sem byggjast á rammasamningum sem gerðir eru í samræmi við 3. mgr. 33. gr. eða a-lið 4. mgr. 33. gr.

Að svo miklu leyti sem tilkynningin um samningsgerð, sem gerð er skv. 50. gr. eða 2. mgr. 75. gr., inniheldur upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt þessari málsgrein, er samningsyfirvöldum heimilt að vísa til þeirrar tilkynningar.

2. Samningsyfirvöld skulu skrá framvindu allra innkaupaferla, hvort sem þau eru rafræn eða ekki. Í því skyni skulu þau sjá til þess að geymd séu fullnægjandi gögn til að rökstyðja ákvarðanir sem teknar eru á öllum stigum innkaupaferlisins, s.s. gögn um samskipti við rekstraraðila og innri umfjöllun, samningu útboðsgagna, viðræður eða samningsviðræður, ef einhverjar eru, val og gerð samnings. Gögnin skulu geymd í a.m.k. þrjú ár frá dagsetningu ákvörðunar um samningsgerð.

3. Skýrslan, eða helstu þættir hennar, skal send framkvæmdastjórninni eða þar til bærum yfirvöldum, aðilum eða stofnunum sem um getur í 83. gr., fari þau fram á það.

85. gr.

Skýrslugjöf innanlands og tölfræðilegar upplýsingar

1. Framkvæmdastjórnin skal fara yfir gæði og heilleika þeirra upplýsinga sem lesa má út úr tilkynningunum sem um getur í 48., 49., 50., 75. og 79. gr. og sem birtar eru í samræmi við VIII. viðauka.

Ef gæði og heilleiki gagnanna sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar er ekki í samræmi við þær skyldur, sem mælt er fyrir um í 48. gr. (1. mgr.), 49. gr., 50. gr. (1. mgr.), 75. gr. (2. mgr.) og 79. gr. (3. mgr.), skal framkvæmdastjórnin óska eftir frekari upplýsingum frá hlutaðeigandi aðildarríki. Hlutaðeigandi aðildarríki skal láta í té þær tölfræðilegu upplýsingar sem upp á vantar og framkvæmdastjórnin óskaði eftir innan hæfilegs tíma.

2. Eigi síðar en 18. apríl 2017 og á þriggja ára fresti eftir það skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni skýrslu með tölfræðilegum upplýsingum um innkaup, sem hefðu heyrt undir þessa tilskipun hefði verðmæti þeirra farið yfir viðeigandi viðmiðunarfjárhæð sem mælt er fyrir um í 4. gr., og skal koma fram í henni mat á samanlögðu heildarverðmæti slíkra innkaupa á tímabilinu sem um er að ræða. Matið getur einkum verið byggt á gögnum sem tiltæk eru vegna landsbundinna krafna um birtingu eða á mati byggðu á úrtaki.

Skýrslan má vera hluti af skýrslunni sem um getur í 3. mgr. 83. gr.

3. Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni í té upplýsingar um skipulag stofnana sinna í tengslum við framkvæmd, eftirlit með og framfylgd þessarar tilskipunar, sem og um landsbundin framtaksverkefni til að leiðbeina eða aðstoða við framkvæmd reglna Sambandsins um opinber innkaup eða til að bregðast við áskorunum varðandi framkvæmd þessara reglna.

Þessar upplýsingar mega vera hluti af skýrslunni sem um getur í 3. mgr. 83. gr.

86. gr.

Samvinna á sviði stjórnsýslu

1. Aðildarríkin skulu veita hvert öðru gagnkvæma aðstoð og gera ráðstafanir um skilvirka samvinnu sín á milli í því skyni að skiptast á upplýsingum um þau málefni sem um getur í 42., 43., 44., 57., 59., 60., 62., 64. og 69. gr. Þau skulu tryggja að farið verði með upplýsingarnar sem þau skiptast á sem trúnaðarmál.

2. Lögbær yfirvöld allra hlutaðeigandi aðildarríkja skulu skiptast á upplýsingum í samræmi við þær reglur um vernd persónuupplýsinga sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ([40]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB ([41]).

3. Til að prófa hentugleika upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn (IM-upplýsingakerfisins), sem komið var á fót með reglugerð (ESB) nr. 1024/2012, til að skiptast á upplýsingum sem heyra undir þessa tilskipun, skal hleypa af stokkunum tilraunaverkefni eigi síðar en 18. apríl 2015.

V. BÁLKUR

FRAMSELT VALD, FRAMKVÆMDARVALD OG LOKAÁKVÆÐI

87. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sbr. þó skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til óákveðins tíma til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 6., 22., 23., 56. og 68. gr., frá 17. apríl 2014.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 6., 22., 23., 56. og 68. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal valdsins sem tilgreint er í ákvörðuninni. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 6., 22., 23., 56. og 68. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

88. gr.

Flýtimeðferð

1. Framseldar gerðir, sem samþykktar eru samkvæmt þessari grein, skulu öðlast gildi án tafar og gilda svo lengi sem engin andmæli eru lögð fram í samræmi við 2. mgr. Í tilkynningu til Evrópuþingsins og ráðsins um framselda gerð skal taka fram ástæður þess að flýtimeðferðinni er beitt.

2. Evrópuþingið eða ráðið getur andmælt framseldri gerð í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 5. mgr. 87. gr. Í slíku tilviki skal framkvæmdastjórnin fella gerðina tafarlaust úr gildi í kjölfar tilkynningar um ákvörðun Evrópuþingsins eða ráðsins um andmæli.

89. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar ráðgjafanefndar um opinber innkaup sem komið var á fót með 1. gr. ákvörðunar 71/306/EBE ([42]). Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

90. gr.

Lögleiðing og umbreytingarákvæði

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 18. apríl 2016. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ráðstafana.

([40]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

([41]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti) (Stjtíð. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37).

([42]) Ákvörðun ráðsins 71/306/EBE frá 26. júlí 1971 um stofnun ráðgjafarnefndar um opinbera verksamninga (Stjtíð. EB L 185, 16.8.1971, bls. 15).

2. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar er aðildarríkjunum heimilt að fresta beitingu 1. mgr. 22. gr. til 18. október 2018, nema skylt sé að nota rafrænar aðferðir skv. 34., 35. eða 36. gr., 37. gr. (3. mgr.), 51. gr. (2. mgr.) eða 53. gr.

Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar mega aðildarríkin fresta beitingu 1. mgr. 22. gr. að því er varðar miðlægar innkaupastofnanir til 18. apríl 2017.

Kjósi aðildarríki að fresta beitingu 1. mgr. 22. gr. skal það aðildarríki kveða á um að samningsyfirvöld geti valið á milli þess að nota eftirfarandi samskiptaaðferðir við öll samskipti og upplýsingaskipti:

a) rafrænar aðferðir í samræmi við 22. gr.,

b) póst eða annan viðeigandi miðil,

c) bréfasíma,

d) sambland af þessum aðferðum.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar mega aðildarríkin fresta beitingu annarrar undirgreinar 2. mgr. 59. gr. til 18. apríl 2018.

4. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar mega aðildarríkin fresta beitingu annarrar undirgreinar 5. mgr. 59. gr. til 18. október 2018.

5. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar mega aðildarríkin fresta beitingu 2. mgr. 61. gr. til 18. október 2018.

6. Þegar aðildarríkin samþykkja ráðstafanirnar sem um getur í 1.–5. mgr. skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

7. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

91. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 2004/18/EB er felld úr gildi frá og með 18. apríl 2016.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í XV. viðauka.

92. gr.

Athugun

Framkvæmdastjórnin skal athuga efnahagsleg áhrif notkunar þeirra viðmiðunarfjárhæða sem settar eru fram í 4. gr. á innri markaðinn, einkum að því er varðar þætti svo sem gerð samninga yfir landamæri og viðskiptakostnað og gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um málið fyrir 18. apríl 2019.

Framkvæmdastjórnin skal, þegar það er hægt og við hæfi, taka til skoðunar að leggja til að viðmiðunarfjárhæðir sem eiga við samkvæmt samningnum um opinber innkaup verði hækkaðar í næstu viðræðum. Verði einhver breyting á þeim viðmiðunarfjárhæðum sem eiga við samkvæmt samningnum um opinber innkaup, skal tillaga að nýrri löggjöf um breytingar á viðmiðunarfjárhæðunum, sem settar eru fram í þessari tilskipun, fylgja skýrslunni, þar sem við á.

93. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

94. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 26. febrúar 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins	*Fyrir hönd ráðsins,*
M. SCHULZ	D. KOURKOULAS
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

YFIRVÖLD Á VEGUM RÍKISINS

BELGÍA

1. Services publics fédéraux (Ráðuneyti):	1. Federale Overheidsdiensten (Ráðuneyti):
SPF Chancellerie du Premier Ministre	FOD Kanselarij van de Eerste Minister
SPF Personnel et Organisation	FOD Kanselarij Personeel en Organisatie
SPF Budget et Contrôle de la Gestion	FOD Budget en Beheerscontrole
SPF Technologie de l'Information et de la Communication (Fedict)	FOD Informatie- en Communicatietechnologie (Fedict)
SPF Affaires étrangères, Commerce extérieur et Coopération au Développement	FOD Buitenlandse Zaken, Buitenlandse Handel en Ontwikkelingssamenwerking
SPF Intérieur	FOD Binnenlandse Zaken
SPF Finances	FOD Financiën
SPF Mobilité et Transports	FOD Mobiliteit en Vervoer
SPF Emploi, Travail et Concertation sociale	FOD Werkgelegenheid, Arbeid en sociaal overleg
SPF Sécurité Sociale et Institutions publiques de Sécurité Sociale	FOD Sociale Zekerheid en Openbare Instellingen van sociale Zekerheid
SPF Santé publique, Sécurité de la Chaîne alimentaire et Environnement	FOD Volksgezondheid, Veiligheid van de Voedselketen en Leefmilieu
SPF Justice	FOD Justitie
SPF Economie, PME, Classes moyennes et Energie	FOD Economie, KMO, Middenstand en Energie
Ministère de la Défense	Ministerie van Landsverdediging
Service public de programmation Intégration sociale, Lutte contre la pauvreté et Economie sociale	Programmatorische Overheidsdienst Maatschappelijke Integratie, Armoedsbestrijding en sociale Economie
Service public fédéral de Programmation Développement durable	Programmatorische federale Overheidsdienst Duurzame Ontwikkeling
Service public fédéral de Programmation Politique scientifique	Programmatorische federale Overheidsdienst Wetenschapsbeleid
2. Régie des Bâtiments	2. Regie der Gebouwen
Office national de Sécurité sociale	Rijksdienst voor sociale Zekerheid
Institut national d'Assurance sociales pour travailleurs indépendants	Rijksinstituut voor de sociale Verzekeringen der Zelfstandigen
Institut national d'Assurance Maladie-Invalidité	Rijksinstituut voor Ziekte- en Invaliditeitsverzekering
Office national des Pensions	Rijksdienst voor Pensioenen
Caisse auxiliaire d'Assurance Maladie-Invalidité	Hulpkas voor Ziekte-en Invaliditeitsverzekering
Fond des Maladies professionnelles	Fonds voor Beroepsziekten
Office national de l'Emploi	Rijksdienst voor Arbeidsvoorziening

BÚLGARÍA

Администрация на Народното събрание

Администрация на Президента

Администрация на Министерския съвет

Конституционен съд

Българска народна банка

Министерство на външните работи

Министерство на вътрешните работи

Министерство на държавната администрация и административната реформа

Министерство на извънредните ситуации

Министерство на земеделието и храните

Министерство на здравеопазването

Министерство на икономиката и енергетиката

Министерство на културата

Министерство на образованието и науката

Министерство на околната среда и водите

Министерство на отбраната

Министерство на правосъдието

Министерство на регионалното развитие и благоустройството

Министерство на транспорта

Министерство на труда и социалната политика

Министерство на финансите

Ríkisstofnanir, ríkisnefndir, framkvæmdastofnanir og önnur ríkisyfirvöld sem komið er á fót með lögum eða ráðherraráðsúrskurði og sem hafa með höndum hlutverk sem tengist beitingu framkvæmdavalds:

Агенция за ядрено регулиране

Висшата атестационна комисия

Държавна комисия за енергийно и водно регулиране

Държавна комисия по сигурността на информацията

Комисия за защита на конкуренцията

Комисия за защита на конкуренцията

Комисия за защита от дискриминация

Комисия за регулиране на съобщенията

Комисия за финансов надзор

Патентно ведомство на Република България

Сметна палата на Република България

Агенция за приватизация

Агенция за следприватизационен контрол

Български институт по метрология

Държавна агенция „Архиви“

Държавна агенция „Държавен резерв и военновременни запаси“

Държавна агенция „Национална сигурност“

Държавна агенция за бежанците

Държавна агенция за българите в чужбина

Държавна агенция за закрила на детето

Държавна агенция за информационни технологии и съобщения

Държавна агенция за метрологичен и технически надзор

Държавна агенция за младежта и спорта

Държавна агенция по горите

Държавна агенция по туризма

Държавна комисия по стоковите борси и тържища

Институт по публична администрация и европейска интеграция

Национален статистически институт

Национална агенция за оценяване и акредитация

Националната агенция за професионално образование и обучение

Национална комисия за борба с трафика на хора

Агенция „Митници“

Агенция за държавна и финансова инспекция

Агенция за държавни вземания

Агенция за социално подпомагане

Агенция за хората с увреждания

Агенция по вписванията

Агенция по геодезия, картография и кадастър

Агенция по енергийна ефективност

Агенция по заетостта

Агенция по обществени поръчки

Българска агенция за инвестиции

Главна дирекция „Гражданска въздухоплавателна администрация“

Дирекция „Материално-техническо осигуряване и социално обслужване“ на Министерство на вътрешните работи

Дирекция „Оперативно издирване“ на Министерство на вътрешните работи

Дирекция „Финансово-ресурсно осигуряване“ на Министерство на вътрешните работи

Дирекция за национален строителен контрол

Държавна комисия по хазарта

Изпълнителна агенция „Автомобилна администрация“

Изпълнителна агенция „Борба с градушките“

Изпълнителна агенция „Българска служба за акредитация“

Изпълнителна агенция „Военни клубове и информация“

Изпълнителна агенция „Главна инспекция по труда“

Изпълнителна агенция „Държавна собственост на Министерството на отбраната“

Изпълнителна агенция „Железопътна администрация“

Изпълнителна агенция „Изпитвания и контролни измервания на въоръжение, техника и имущества“

Изпълнителна агенция „Морска администрация“

Изпълнителна агенция „Национален филмов център“

Изпълнителна агенция „Пристанищна администрация“

Изпълнителна агенция „Проучване и поддържане на река Дунав“

Изпълнителна агенция „Социални дейности на Министерството на отбраната“

Изпълнителна агенция за икономически анализи и прогнози

Изпълнителна агенция за насърчаване на малките и средни предприятия

Изпълнителна агенция по лекарствата

Изпълнителна агенция по лозата и виното

Изпълнителна агенция по околна среда

Изпълнителна агенция по почвените ресурси

Изпълнителна агенция по рибарство и аквакултури

Изпълнителна агенция по селекция и репродукция в животновъдството

Изпълнителна агенция по сортоизпитване, апробация и семеконтрол

Изпълнителна агенция по трансплантация

Изпълнителна агенция по хидромелиорации

Комисията за защита на потребителите

Контролно-техническата инспекция

Национален център за информация и документация

Национален център по радиобиология и радиационна защита

Национална агенция за приходите

Национална ветеринарномедицинска служба

Национална служба „Полиция“

Национална служба „Пожарна безопасност и защита на населението“

Национална служба за растителна защита

Национална служба за съвети в земеделието

Национална служба по зърното и фуражите

Служба „Военна информация“

Служба „Военна полиция“

Фонд „Републиканска пътна инфраструктура“

Авиоотряд 28

TÉKKLAND

Ministerstvo dopravy

Ministerstvo financí

Ministerstvo kultury

Ministerstvo obrany

Ministerstvo pro místní rozvoj

Ministerstvo práce a sociálních věcí

Ministerstvo průmyslu a obchodu

Ministerstvo spravedlnosti

Ministerstvo školství, mládeže a tělovýchovy

Ministerstvo vnitra

Ministerstvo zahraničních věcí

Ministerstvo zdravotnictví

Ministerstvo zemědělství

Ministerstvo životního prostředí

Poslanecká sněmovna PČR

Senát PČR

Kancelář prezidenta

Český statistický úřad

Český úřad zeměměřičský a katastrální

Úřad průmyslového vlastnictví

Úřad pro ochranu osobních údajů

Bezpečnostní informační služba

Národní bezpečnostní úřad

Česká akademie věd

Vězeňská služba

Český báňský úřad

Úřad pro ochranu hospodářské soutěže

Správa státních hmotných rezerv

Státní úřad pro jadernou bezpečnost

Česká národní banka

Energetický regulační úřad

Úřad vlády České republiky

Ústavní soud

Nejvyšší soud

Nejvyšší správní soud

Nejvyšší státní zastupitelství

Nejvyšší kontrolní úřad

Kancelář Veřejného ochránce práv

Grantová agentura České republiky

Státní úřad inspekce práce

Český telekomunikační úřad

DANMÖRK

Folketinget

Rigsrevisionen

Statsministeriet

Udenrigsministeriet

Beskæftigelsesministeriet

5 styrelser og institutioner (5 stjórnsýsluskrifstofur og stofnanir)

Domstolsstyrelsen

Finansministeriet

5 styrelser og institutioner (5 stjórnsýsluskrifstofur og stofnanir)

Forsvarsministeriet

5 styrelser og institutioner (5 stjórnsýsluskrifstofur og stofnanir)

Ministeriet for Sundhed og Forebyggelse

Adskillige styrelser og institutioner, herunder Statens Serum Institut (Ýmsar stjórnsýsluskrifstofur og stofnanir, þ.m.t. Statens Serum Institut)

Justitsministeriet

Rigspolitichefen, anklagemyndigheden samt 1 direktorat og et antal styrelser (Ríkislögreglustjóri, saksóknari, 1 stjórnarstofnun og allmargar stjórnsýsluskrifstofur)

Kirkeministeriet

10 stiftsøvrigheder (10 biskupsumdæmisyfirvöld)

Kulturministeriet — Menningarmálaráðuneytið

4 styrelser samt et antal statsinstitutioner (4 deildir og allmargar stjórnsýslustofnanir)

Miljøministeriet

5 styrelser (5 stjórnsýsluskrifstofur)

Ministeriet for Flygtninge, Invandrere og Integration

1 styrelse (1 stjórnsýsluskrifstofa)

Ministeriet for Fødevarer, Landbrug og Fiskeri

4 direktorater og institutioner (4 stjórnarstofnanir og stofnanir)

Ministeriet for Videnskab, Teknologi og Udvikling

Adskillige styrelser og institutioner, Forskningscenter Risø og Statens uddannelsesbygninger (Ýmsar stjórnsýsluskrifstofur og -stofnanir, þ.m.t. rannsóknarmiðstöðin á Risø og aðrar rannsóknar- og menntastofnanir ríkisins)

Skatteministeriet

1 styrelse og institutioner (1 stjórnsýsluskrifstofa og allmargar stofnanir)

Velfærdsministeriet

3 styrelser og institutioner (3 stjórnsýsluskrifstofur og allmargar stofnanir)

Transportministeriet

7 styrelser og institutioner, herunder Øresundsbrokonsortiet (7 stjórnsýsluskrifstofur og stofnanir, þ.m.t. samstarfsfyrirtæki um Eyrarsundsbrúna, Øresundsbrokonsortiet)

Undervisningsministeriet

3 styrelser, 4 undervisningsinstitutioner og 5 andre institutioner (3 stjórnsýsluskrifstofur, 4 menntastofnanir og 5 aðrar stofnanir)

Økonomi- og Erhvervsministeriet

Adskillige styrelser og institutioner (Ýmsar stjórnsýsluskrifstofur og stofnanir)

Klima- og Energiministeriet

3 styrelser og institutioner (3 stjórnsýsluskrifstofur og stofnanir)

ÞÝSKALAND

Auswärtiges Amt

Bundeskanzleramt

Bundesministerium für Arbeit und Soziales

Bundesministerium für Bildung und Forschung

Bundesministerium für Ernährung, Landwirtschaft und Verbraucherschutz

Bundesministerium der Finanzen

Bundesministerium des Innern (aðeins almenn innkaup)

Bundesministerium für Gesundheit

Bundesministerium für Familie, Senioren, Frauen und Jugend

Bundesministerium der Justiz

Bundesministerium für Verkehr, Bau und Stadtentwicklung

Bundesministerium für Wirtschaft und Technologie

Bundesministerium für wirtschaftliche Zusammenarbeit und Entwicklung

Bundesministerium der Verteidigung (ekki hergögn)

Bundesministerium für Umwelt, Naturschutz und Reaktorsicherheit

EISTLAND

Vabariigi Presidendi Kantselei

Eesti Vabariigi Riigikogu

Eesti Vabariigi Riigikohus

Riigikontroll

Õiguskantsler

Riigikantselei

Rahvusarhiiv

Haridus- ja Teadusministeerium

Justiitsministeerium

Kaitseministeerium

Keskkonnaministeerium

Kultuuriministeerium

Majandus- ja Kommunikatsiooniministeerium

Põllumajandusministeerium

Rahandusministeerium

Siseministeerium

Sotsiaalministeerium

Välisministeerium

Keeleinspektsioon

Riigiprokuratuur

Teabeamet

Maa-amet

Keskkonnainspektsioon

Metsakaitse- ja Metsauuenduskeskus

Muinsuskaitseamet

Patendiamet

Tarbijakaitseamet

Riigihangete Amet

Taimetoodangu Inspektsioon

Põllumajanduse Registrite ja Informatsiooni Amet

Veterinaar- ja Toiduamet

Konkurentsiamet

Maksu –ja Tolliamet

Statistikaamet

Kaitsepolitseiamet

Kodakondsus- ja Migratsiooniamet

Piirivalveamet

Politseiamet

Eesti Kohtuekspertiisi Instituut

Keskkriminaalpolitsei

Päästeamet

Andmekaitse Inspektsioon

Ravimiamet

Sotsiaalkindlustusamet

Tööturuamet

Tervishoiuamet

Tervisekaitseinspektsioon

Tööinspektsioon

Lennuamet

Maanteeamet

Veeteede Amet

Julgestuspolitsei

Kaitseressursside Amet

Kaitseväe Logistikakeskus

Tehnilise Järelevalve Amet

ÍRLAND

President's Establishment

Houses of the Oireachtas — [Þingið]

Department of the Taoiseach — [Forsætisráðherra]

Central Statistics Office

Department of Finance

Office of the Comptroller and Auditor General

Office of the Revenue Commissioners

Office of Public Works

State Laboratory

Office of the Attorney General

Office of the Director of Public Prosecutions

Valuation Office

Office of the Commission for Public Service Appointments

Public Appointments Service

Office of the Ombudsman

Chief State Solicitor's Office

Department of Justice, Equality and Law Reform

Courts Service

Prisons Service

Office of the Commissioners of Charitable Donations and Bequests

Department of the Environment, Heritage and Local Government

Department of Education and Science

Department of Communications, Energy and Natural Resources

Department of Agriculture, Fisheries and Food

Department of Transport

Department of Health and Children

Department of Enterprise, Trade and Employment

Department of Arts, Sports and Tourism

Department of Defence

Department of Foreign Affairs

Department of Social and Family Affairs

Department of Community, Rural and Gaeltacht — [svæði þar sem gelíska er töluð] Affairs

Arts Council

National Gallery

GRIKKLAND

Υπουργείο Εσωτερικών

Υπουργείο Εξωτερικών

Υπουργείο Οικονομίας και Οικονομικών

Υπουργείο Ανάπτυξης

Υπουργείο Δικαιοσύνης

Υπουργείο Εθνικής Παιδείας και Θρησκευμάτων

Υπουργείο Πολιτισμού

Υπουργείο Υγείας και Κοινωνικής Αλληλεγγύης

Υπουργείο Περιβάλλοντος, Χωροταξίας και Δημοσίων Έργων

Υπουργείο Απασχόλησης και Κοινωνικής Προστασίας

Υπουργείο Μεταφορών και Επικοινωνιών

Υπουργείο Αγροτικής Ανάπτυξης και Τροφίμων

Υπουργείο Εμπορικής Ναυτιλίας, Αιγαίου και Νησιωτικής Πολιτικής

Υπουργείο Μακεδονίας- Θράκης

Γενική Γραμματεία Επικοινωνίας

Γενική Γραμματεία Ενημέρωσης

Γενική Γραμματεία Νέας Γενιάς

Γενική Γραμματεία Ισότητας

Γενική Γραμματεία Κοινωνικών Ασφαλίσεων

Γενική Γραμματεία Απόδημου Ελληνισμού

Γενική Γραμματεία Βιομηχανίας

Γενική Γραμματεία Έρευνας και Τεχνολογίας

Γενική Γραμματεία Αθλητισμού

Γενική Γραμματεία Δημοσίων Έργων

Γενική Γραμματεία Εθνικής Στατιστικής Υπηρεσίας Ελλάδος

Εθνικό Συμβούλιο Κοινωνικής Φροντίδας

Οργανισμός Εργατικής Κατοικίας

Εθνικό Τυπογραφείο

Γενικό Χημείο του Κράτους

Ταμείο Εθνικής Οδοποιίας

Εθνικό Καποδιστριακό Πανεπιστήμιο Αθηνών

Αριστοτέλειο Πανεπιστήμιο Θεσσαλονίκης

Δημοκρίτειο Πανεπιστήμιο Θράκης

Πανεπιστήμιο Αιγαίου

Πανεπιστήμιο Ιωαννίνων

Πανεπιστήμιο Πατρών

Πανεπιστήμιο Μακεδονίας

Πολυτεχνείο Κρήτης

Σιβιτανίδειος Δημόσια Σχολή Τεχνών και Επαγγελμάτων

Αιγινήτειο Νοσοκομείο

Αρεταίειο Νοσοκομείο

Εθνικό Κέντρο Δημόσιας Διοίκησης

Οργανισμός Διαχείρισης Δημοσίου Υλικού

Οργανισμός Γεωργικών Ασφαλίσεων

Οργανισμός Σχολικών Κτιρίων

Γενικό Επιτελείο Στρατού

Γενικό Επιτελείο Ναυτικού

Γενικό Επιτελείο Αεροπορίας

Ελληνική Επιτροπή Ατομικής Ενέργειας

Γενική Γραμματεία Εκπαίδευσης Ενηλίκων

Υπουργείο Εθνικής Άμυνας

Γενική Γραμματεία Εμπορίου

SPÁNN

Presidencia de Gobierno

Ministerio de Asuntos Exteriores y de Cooperación

Ministerio de Justicia

Ministerio de Defensa

Ministerio de Economía y Hacienda

Ministerio del Interior

Ministerio de Fomento

Ministerio de Educación, Política Social y Deportes

Ministerio de Industria, Turismo y Comercio

Ministerio de Trabajo e Inmigración

Ministerio de la Presidencia

Ministerio de Administraciones Públicas

Ministerio de Cultura

Ministerio de Sanidad y Consumo

Ministerio de Medio Ambiente y Medio Rural y Marino

Ministerio de Vivienda

Ministerio de Ciencia e Innovación

Ministerio de Igualdad

FRAKKLAND

1. Ráðuneyti

Services du Premier ministre

Ministère chargé de la santé, de la jeunesse et des sports

Ministère chargé de l'intérieur, de l'outre-mer et des collectivités territoriales

Ministère chargé de la justice

Ministère chargé de la défense

Ministère chargé des affaires étrangères et européennes

Ministère chargé de l'éducation nationale

Ministère chargé de l'économie, des finances et de l'emploi

Secrétariat d'Etat aux transports

Secrétariat d'Etat aux entreprises et au commerce extérieur

Ministère chargé du travail, des relations sociales et de la solidarité

Ministère chargé de la culture et de la communication

Ministère chargé du budget, des comptes publics et de la fonction publique

Ministère chargé de l'agriculture et de la pêche

Ministère chargé de l'enseignement supérieur et de la recherche

Ministère chargé de l'écologie, du développement et de l'aménagement durables

Secrétariat d'Etat à la fonction publique

Ministère chargé du logement et de la ville

Secrétariat d'Etat à la coopération et à la francophonie

Secrétariat d'Etat à l'outre-mer

Secrétariat d'Etat à la jeunesse, des sports et de la vie associative

Secrétariat d'Etat aux anciens combattants

Ministère chargé de l'immigration, de l'intégration, de l'identité nationale et du co-développement

Secrétariat d'Etat en charge de la prospective et de l'évaluation des politiques publiques

Secrétariat d'Etat aux affaires européennes,

Secrétariat d'Etat aux affaires étrangères et aux droits de l'homme

Secrétariat d'Etat à la consommation et au tourisme

Secrétariat d'Etat à la politique de la ville

Secrétariat d'Etat à la solidarité

Secrétariat d'Etat en charge de l'industrie et de la consommation

Secrétariat d'Etat en charge de l'emploi

Secrétariat d'Etat en charge du commerce, de l'artisanat, des PME, du tourisme et des services


(eins og um getur í 1. mgr. 75. gr.)

1. Nafn, auðkennisnúmer (ef kveðið er á um það í landslöggjöf), heimilisfang, þ.m.t. NUTS-kóði, tölvupóstfang og veffang samningsyfirvaldsins.

2. NUTS-kóði fyrir aðalverkstað að því er varðar verk eða NUTS-kóði fyrir aðalstað þar sem afhending fer fram eða þjónusta er innt af hendi að því er varðar vöru og þjónustu,

3. Stutt lýsing á samningi sem um ræðir, þ.m.t. CPV-kóðar.

4. Skilyrði fyrir þátttöku, þ.m.t.:

   — ef við á, skal tilgreina hvort samningurinn sé bundinn við verndaða vinnustaði eða hvort framkvæmd hans takmarkist við áætlanir um verndaða vinnu,

   — ef við á, skal tilgreina hvort framkvæmd þjónustunnar sé bundin við tiltekna starfsgrein í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum.

5. Frestur til að hafa samband við samningsyfirvaldið með tilliti til þátttöku.

6. Stutt lýsing á helstu þáttum útboðsferlisins sem nota skal.

I-HLUTI

Upplýsingar sem eiga að koma fram í kynningartilkynningum varðandi félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu

(eins og um getur í 1. mgr. 75. gr.)

1. Nafn, auðkennisnúmer (ef kveðið er á um það í landslöggjöf), heimilisfang, þ.m.t. NUTS-kóði, tölvupóstfang og veffang samningsyfirvaldsins.

2. Stutt lýsing á samningi sem um ræðir, þ.m.t. áætlað heildarverðmæti samningsins og CPV-kóðar.

3. Eftir því sem vitneskja er fyrir hendi:

   a) NUTS-kóði fyrir aðalverkstað að því er varðar verk eða NUTS-kóði fyrir aðalstað þar sem afhending fer fram eða þjónusta er innt af hendi að því er varðar vöru og þjónustu,

   b) tímamörk fyrir afhendingu eða útvegun vöru, verks eða þjónustu og gildistími samningsins,

   c) skilyrði fyrir þátttöku, þ.m.t.:

      — ef við á, skal tilgreina hvort opinberi samningurinn sé bundinn við verndaða vinnustaði eða hvort framkvæmd hans takmarkist við áætlanir um verndaða vinnu,

      — ef við á, skal tilgreina hvort framkvæmd þjónustunnar sé bundin við tiltekna starfsgrein í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum,

   d) stutt lýsing á helstu þáttum útboðsferlisins sem nota skal.

4. Upplýsingar um að áhugasamir rekstraraðilar skuli greina samningsyfirvaldinu frá því ef þeir hafa áhuga á samningi eða samningum og frestur fyrir móttöku þátttökubeiðna og heimilisfang þangað sem þeir eiga að senda upplýsingar um áhuga sinn.

J-HLUTI

Upplýsingar sem eiga að koma fram í tilkynningum um samningsgerð varðandi samninga um félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu

(eins og um getur í 2. mgr. 75. gr.)

1. Nafn, auðkennisnúmer (ef kveðið er á um það í landslöggjöf), heimilisfang, þ.m.t. NUTS-kóði, tölvupóstfang og veffang samningsyfirvaldsins.

2. Stutt lýsing á samningi sem um ræðir, þ.m.t. CPV-kóðar.

3. NUTS-kóði fyrir aðalverkstað að því er varðar verk eða NUTS-kóði fyrir aðalstað þar sem afhending fer fram eða þjónusta er innt af hendi að því er varðar vöru og þjónustu,

4. Fjöldi tilboða sem barst.

5. Verð eða verðbil (lágmark/hámark) sem greitt er.

6. Fyrir hvern samning, nafn, heimilisfang, þ.m.t. NUTS-kóði, tölvupóstfang og veffang hlutskarpasta rekstraraðilans eða -aðilanna.

7. Allar aðrar viðeigandi upplýsingar.

VI. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í ÚTBOÐSGÖGNUM Í TENGSLUM VIÐ RAFRÆN UPPBOÐ

(4. mgr. 35. gr)

Þegar samningsyfirvöld hafa ákveðið að halda rafrænt uppboð skulu útboðsgögn a.m.k. innihalda upplýsingar um eftirfarandi:

a) þá þætti þar sem verðmætið liggur til grundvallar í rafrænu uppboði, að því tilskildu að slíkir þættir séu mælanlegir og hægt sé að setja þá fram í tölum eða hundraðshlutum,

b) hvers konar takmarkanir sem hægt er að setja á verðmæti á grundvelli mats á skilmálum er varða efni samningsins,

c) upplýsingarnar, sem bjóðendur eiga að hafa aðgang að á meðan rafræna uppboðið stendur yfir, og, eftir því sem við á, hvenær þeir fá aðgang að þeim,

d) viðeigandi upplýsingar um rafræna uppboðsferlið,

e) skilyrði sem bjóðendur verða að uppfylla til að geta lagt fram tilboð og einkum hvaða lágmarksmunar sé krafist á milli tilboða, eftir því sem við á,

f) viðeigandi upplýsingar um rafræna búnaðinn, sem notaður er, og um fyrirkomulag og tækniforskriftir fyrir tengingu við hann.

VII. VIÐAUKI

SKILGREINING TILTEKINNA TÆKNIFORSKRIFTA

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „tækniforskrift“ merkir eitt af eftirtöldu:

   a) þegar um er að ræða opinbera verksamninga, öll tæknileg fyrirmæli sem einkum skulu tekin fram í útboðsgögnum þar sem skilgreindir eru tilskildir eiginleikar efnis, vöru eða aðfanga, á þann hátt að svari til þeirrar notkunar sem samningsyfirvaldið hefur fyrirhugað. Þessir eiginleikar taka til tiltekins vistvænleika og loftslagsgæða, krafna um hönnun fyrir alla (þ.m.t. aðgengi fyrir fatlaða) og samræmismats, nothæfis, öryggis eða umfangs, þ.m.t. aðferðir við gæðatryggingu, hugtök, tákn, prófanir og prófunaraðferðir, pökkun, merkingu og áletranir, leiðbeiningar um meðferð og framleiðsluferli og -aðferðir á öllum stigum vistferils verksins. Þessir eiginleikar skulu einnig taka til reglna um hönnun og kostnaðaráætlanir, skilyrða varðandi prófun, eftirlit og samþykki verka og aðferða eða byggingartækni ásamt öllum öðrum tæknilegum skilyrðum sem samningsyfirvaldið getur sett samkvæmt almennum eða sérstökum reglum um verk sem er að fullu lokið og efni og hluta sem til þess teljast,

   b) þegar um er að ræða opinbera vöru- eða þjónustusamninga, forskrift í skjali þar sem skilgreindir eru tilskildir eiginleikar vöru eða þjónustu, s.s. tiltekin gæði, vistvænleiki og loftslagsgæði, kröfur um hönnun fyrir alla (þ.m.t. aðgengi fyrir fatlaða) og samræmismat, nothæfi, notkun vörunnar, öryggi eða umfang, þ.m.t. kröfur varðandi viðskiptaheiti, hugtök, tákn, prófanir og prófunaraðferðir, pökkun, merkingu og áletranir, notendaleiðbeiningar, framleiðsluferli og -aðferðir á öllum stigum vistferils vörunnar eða þjónustunnar og aðferðir við samræmismat,

2) „staðall“: tækniforskrift, sem er samþykkt af viðurkenndri staðlastofnun til endurtekinnar eða stöðugrar beitingar, án þess að skylt sé að fylgja henni, og sem er einn eftirfarandi staðla:

   a) „alþjóðlegur staðall“: staðall sem er samþykktur af alþjóðlegri staðlastofnun og gerður aðgengilegur almenningi,

   b) „Evrópustaðall“: staðall sem er samþykktur af evrópskri staðlastofnun og gerður aðgengilegur almenningi,

   c) „landsstaðall“: staðall sem er samþykktur af landsbundinni staðlastofnun og gerður aðgengilegur almenningi,

3) „evrópskt tæknimat“: skjalfest mat á nothæfi byggingarvöru með tilliti til mikilvægra eiginleika hennar í samræmi við viðkomandi evrópskt matsskjal, eins og skilgreint er í 12. lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 ([43]),

4) „sameiginleg tækniforskrift“: tækniforskrift á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni sem mælt er fyrir um í samræmi við 13. og 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012,

5) „tækniviðmiðun“: hvers konar framleiðsla evrópskra staðlastofnana, annað en Evrópustaðlar, í samræmi við reglur sem settar eru vegna þróunar á markaðsþörfum.

([43]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 frá 9. mars 2011 um samræmd skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvara og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/106/EBE (Stjtíð. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 5).

VIII. VIÐAUKI

BIRTING

1. **Birting tilkynninga**

Samningsyfirvöld skulu senda þær tilkynningar, sem um getur í 48., 49., 50., 75. og 79. gr., til útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins til birtingar í samræmi við eftirfarandi reglur:

Útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins skal birta tilkynningar, sem um getur í 48., 49., 50., 75. og 79. gr., en ef um er að ræða kynningartilkynningu, sem birtist í upplýsingaskrá kaupanda í samræmi við 1. mgr. 48. gr., skulu samningsyfirvöld birta hana.

Auk þess geta samningsyfirvöld birt þessar upplýsingar á Netinu í „upplýsingaskrá kaupanda“ eins og um getur í b-lið 2. liðar.

Útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins sendir samningsyfirvaldinu staðfestinguna sem um getur í annarri undirgrein 5. mgr. 51. gr.

2. **Birting viðbótarupplýsinga**

a) Þegar ekki er kveðið á um annað í annarri og þriðju undirgrein 1. mgr. 53. gr. skulu samningsyfirvöld birta útboðsgögn í heild sinni á Netinu.

b) Upplýsingaskrá kaupanda getur innihaldið kynningartilkynningar, eins og um getur í 1. mgr. 48. gr., upplýsingar um yfirstandandi útboð, áformuð innkaup, gerða samninga, útboð sem er aflýst og allar gagnlegar, almennar upplýsingar, s.s. um tengilið, síma- og bréfasímanúmer, póstfang og tölvupóstfang. Upplýsingaskrá kaupanda getur einnig innihaldið kynningartilkynningar, notaðar til að kynna útboð, sem eru birtar á landsvísu skv. 52. gr.

3. **Snið tilkynninga og reglur um rafræna sendingu þeirra**

Upplýsingar um snið tilkynninga og reglur um rafræna sendingu þeirra samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar er að finna á veffanginu „http://simap.europa.eu“.

IX. VIÐAUKI

INNIHALD BOÐS UM AÐ LEGGJA FRAM TILBOÐ, TAKA ÞÁTT Í VIÐRÆÐUM EÐA STAÐFESTA ÁHUGA SINN EINS OG KVEÐIÐ ER Á UM Í 54. GR.

1. Í boði um að leggja fram tilboð eða taka þátt í viðræðum eins og kveðið er á um í 54. gr. skal a.m.k. eftirfarandi koma fram:

   a) tilvísun til útboðstilkynningar sem hefur verið birt,

   b) síðasti móttökudagur tilboða, heimilisfangið sem senda á tilboðin til og upplýsingar um á hvaða tungumáli eða tungumálum þau skuli vera,

   c) sé um að ræða samkeppnisviðræður, dagsetning og heimilisfangið þar sem viðræður hefjast og tungumálið eða tungumálin sem eru notuð,

   d) upplýsingar um það hvaða skjöl eigi hugsanlega að láta fylgja með, annaðhvort til stuðnings yfirlýsingum, sem unnt er að sannreyna og sem bjóðandi hefur sett fram, í samræmi við 59. og 60. gr. og, eftir því sem við á, 62. gr., eða til að bæta við upplýsingar, sem um getur í þessum greinum, og samkvæmt skilyrðum sem mælt er fyrir um í 59., 60. og 62. gr.,

   e) hlutfallslegt vægi forsendna fyrir gerð samnings eða, ef við á, forgangsröð slíkra forsendna eftir mikilvægi þeirra, ef það er ekki tilgreint í útboðstilkynningu, í boði um að staðfesta áhuga sinn, í tækniforskriftum eða skýringargögnum.

   Þegar um er að ræða samninga sem gerðir eru með samkeppnisviðræðum eða í nýsköpunarsamstarfi skulu upplýsingarnar, sem um getur í b-lið, ekki koma fram í boði um að taka þátt í viðræðum eða að ganga til samninga heldur skulu þær vera í boði um að leggja fram tilboð.

2. Þegar kynningartilkynning er notuð til að kynna útboð skulu samningsyfirvöld, í framhaldi af því, og áður en val á bjóðendum eða þátttakendum í samningaviðræðum hefst, bjóða öllum umsækjendum að staðfesta áhuga sinn á grundvelli ítarlegra upplýsinga um viðkomandi samning.

   Í boðinu skulu koma fram a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

   a) hvers eðlis samningurinn er og í hvaða magni, þ.m.t. allir möguleikar á viðbótarsamningum og, ef unnt er, áætlaður tími til að nýta þessa möguleika fyrir endurnýjanlega samninga en þá skal tilgreina eðli og magn og, ef unnt er, áætlaðar dagsetningar fyrir birtingu síðari tilkynninga um útboð verka, vöru eða þjónustu,

   b) tegund útboðs: lokað útboð eða samkeppnisútboð með samningsviðræðum,

   c) ef við á, hvaða dag afhending vöru eða framkvæmd verks eða veiting þjónustu skal hefjast eða ljúka,

   d) ef rafrænn aðgangur er ekki í boði, heimilisfang og síðasti dagur til að leggja fram beiðni um útboðsgögn og upplýsingar um á hvaða tungumáli eða tungumálum þau skuli vera,

   e) heimilisfang samningsyfirvaldsins sem á að gera samninginn,

   f) fjárhagsleg og tæknileg skilyrði, fjárhagslegar ábyrgðir og upplýsingar sem krafist er af rekstraraðilum,

   g) tegund samnings sem boðið miðast við: samningur um kaup, langtíma- eða skammtímaleigu eða kaupleigu eða sambland af þessu og

   h) forsendur fyrir gerð samnings og vægi þeirra eða, eftir því sem við á, forgangsröð slíkra forsendna eftir mikilvægi ef þessar upplýsingar eru ekki gefnar í kynningartilkynningu eða tækniforskriftum eða í boði um að leggja fram tilboð eða ganga til samninga.

X. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR ALÞJÓÐLEGAR SAMÞYKKTIR OG SAMNINGA Á SVIÐI FÉLAGSMÁLA OG UMHVERFISMÁLA SEM UM GETUR Í 2. MGR. 18. GR.

— Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 87 um félagafrelsi og verndun þess

— Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 98 um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega

— Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 29 um nauðungarvinnu eða skylduvinnu

— Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 105 um afnám nauðungarvinnu

— Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 138 um lágmarksaldur við vinnu

— Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 111 um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs

— Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 100 um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf

— Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 182 um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og tafarlausar aðgerðir til að afnema hana

— Vínarsamningur um vernd ósónlagsins ásamt Montrealbókuninni um efni sem valda rýrnun ósonlagsins

— Alþjóðasamningur um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra (Basel-samningurinn)

— Samningur um þrávirk lífræn efni (Stokkhólmssamningurinn),

— Samningur um fyrirfram upplýst samþykki fyrir tilteknum hættulegum efnum og varnarefnum í alþjóðaviðskiptum (Umhverfisstofnun SÞ/Matvæla- og landbúnaðarstofnun SÞ) (PIC-samningurinn) Rotterdam, 10. september 1998 og þrjár svæðisbundnar bókanir við hann.

XI. VIÐAUKI

SKRÁR ([44])

Viðeigandi firma- og viðskiptaskrár og samsvarandi yfirlýsingar og vottorð fyrir hvert aðildarríki eru:

— í Belgíu: „Registre du Commerce"/„Handelsregister", og, að því er varðar þjónustusamninga, „Ordres professionels/Beroepsorden",

— í Búlgaríu: „Търговски регистър",

— í Tékklandi: „obchodní rejstřík",

— í Danmörku: „Erhvervsstyrelsen",

— í Þýskalandi: „Handelsregister", „Handwerksrolle", og, að því er varðar þjónustusamninga, „Vereinsregister", „Partnerschaftsregister" og „Mitgliedsverzeichnisse de Berufskammern der Länder",

— í Eistlandi: „Registrite ja Infosüsteemide Keskus",

— á Írlandi: rekstraraðili kann að verða beðinn um að framvísa vottorði frá „Registrar of Companies" eða „Registrar of Friendly Societies" um að hann hafi fengið vottun um að hann sé lögaðili eða sé skráður eða, að öðrum kosti, vottorði sem staðfestir að viðkomandi aðili hafi gefið eiðsvarna yfirlýsingu um að hann starfi í viðkomandi starfsgrein í landinu þar sem hann hefur staðfestu, á sérstökum stað og undir tilteknu firmanafni,

— í Grikklandi: „Μητρώο Εργοληπτικών Επιχειρήσεων — ΜΕΕΠ" undir ráðuneyti umhverfismála, borgar- og byggðaskipulags og opinberra framkvæmda (Υ.ΠΕ.ΧΩ.Δ.Ε) að því er varðar verksamninga; „Βιοτεχνικό ή Εμπορικό ή Βιομηχανικό Επιμελητήριο" og „Μητρώο Κατασκευαστών Αμυντικού Υλικού" að því er varðar vörusamninga; þegar um er að ræða þjónustusamninga kann þjónustuveitandinn að verða beðinn að leggja fram eiðsvarna yfirlýsingu hjá lögbókanda um að hann starfi í viðkomandi starfsgrein; í tilvikum sem kveðið er á um í gildandi landslögum, vegna veitingar rannsóknarþjónustu eins og getið er í I. viðauka, firmaskrána „Μητρώο Μελετητών" og „Μητρώο Γραφείων Μελετών",

— á Spáni: „Registro Oficial de Licitadores y Empresas Clasificadas del Estado" að því er varðar verk- og þjónustusamninga og, að því er varðar vörusamninga, „Registro Mercantil" eða, þegar um er að ræða óskráða einstaklinga, vottorð sem staðfestir að viðkomandi aðili hafi gefið eiðsvarna yfirlýsingu um að hann starfi í viðkomandi starfsgrein,

— í Frakklandi: „Registre du commerce et des sociétés" og „Répertoire des métiers",

— í Króatíu: „Sudski registar"og „Obrtni registrar" eða, ef um er að ræða tiltekna starfsemi, vottorð þar sem fram kemur að viðkomandi aðili hafi leyfi til að stunda þá starfsemi eða starfsgrein sem um er að ræða,

— á Ítalíu: „Registro della Camera di commercio, industria, agricoltura e artigianato"; ef um er að ræða vöru- og þjónustusamninga, einnig „Registro delle commissioni provinciali per l'artigianato" eða, auk fyrrnefndra skráa, „Consiglio nazionale degli ordini professionali" að því er varðar þjónustusamninga; þegar um er að ræða verk- eða þjónustusamninga einnig „Albo nazionale dei gestori ambientali" auk fyrrnefndra skráa,

— á Kýpur: verktakinn getur verið beðinn um að leggja fram vottorð frá „Skráningar- og endurskoðunarráði byggingarverkfræði og byggingarverktaka (Συμβούλιο Εγγραφής και Ελέγχου Εργοληπτών Οικοδομικών και Τεχνικών Έργων)" samkvæmt lögum um skráningu og endurskoðun byggingarverkfræði og byggingarverktaka að því er varðar verksamninga; þegar um er að ræða vöru- og þjónustusamninga kann birgir eða þjónustuveitandi að verða beðinn um að framvísa vottorði frá „Skráningaryfirvaldi félaga og opinberum skiptastjóra" (Έφορος Εταιρειών και Επίσημος Παραλήπτης) eða, að öðrum kosti, vottorði sem staðfestir að viðkomandi aðili hafi gefið eiðsvarna yfirlýsingu um að hann starfi í viðkomandi starfsgrein í landinu þar sem hann hefur staðfestu, á sérstökum stað og undir tilteknu firmanafni,

— í Lettlandi: „Uzņēmumu reģistrs",

— í Litháen: „Juridinių asmenų registras",

— í Lúxemborg: „Registre aux firmes" og „Rôle de la Chambre des métiers",

([44]) Að því er varðar 2. mgr. 58. gr. eru „firma- eða viðskiptaskrár" skrárnar sem eru tilgreinar í þessum viðauka og, ef breytingar hafa verið gerðar í viðkomandi löndum, skrárnar sem hafa komið í þeirra stað.

— í Ungverjalandi: „Cégnyilvántartás“, „egyéni vállalkozók jegyzői nyilvántartása“, og, ef um er að ræða þjónustusamninga, „szakmai kamarák nyilvántartása“ eða, ef um er að ræða tiltekna starfsemi, vottorð þar sem fram kemur að viðkomandi aðili hafi leyfi til að stunda þá starfsemi eða starfsgrein sem um er að ræða,

— á Möltu: rekstraraðili fær gefið upp sitt „numru ta' registrazzjoni tat- Taxxa tal- Valur Miżjud (VAT) u n- numru tal-licenzja ta' kummerc“, og viðkomandi skráningarnúmer sem gefið er út af fjármálaþjónustuyfirvaldi Möltu ef um er að ræða sameignarfélag eða félag,

— í Hollandi: „Handelsregister“,

— í Austurríki: „Firmenbuch“, „Gewerberegister“, og „Mitgliederverzeichnisse der Landeskammern“,

— í Póllandi: „Krajowy Rejestr Sądowy“,

— í Portúgal: „Instituto da Construção e do Imobiliário“ (INCI) að því er varðar verksamninga; „Registro Nacional das Pessoas Colectivas“ ef um er að ræða vöru- og þjónustusamninga,

— í Rúmeníu: „Registrul Comerțului“,

— í Slóveníu: „sodni register“ og „obrtni register“,

— í Slóvakíu: „Obchodný register“,

— í Finnlandi: „Kaupparekisteri“/„Handelsregistret“,

— í Svíþjóð: „aktiebolags-, handels- eller föreningsregistren“,

— í Breska konungsríkinu: rekstraraðili kann að verða beðinn að framvísa vottorði frá „Registrar of Companies“ um að hann sé skráður þar eða, ef hann er ekki skráður þar, vottorði sem staðfestir að viðkomandi aðili hafi gefið eiðsvarna yfirlýsingu um að hann starfi í viðkomandi starfsgrein, á sérstökum stað og undir tilteknu firmanafni.

XII. VIÐAUKI

SÖNNUNARGÖGN UM HÆFISKRÖFUR

I. hluti: Efnahagsleg og fjárhagsleg staða

Að jafnaði skal vera hægt að færa sönnur á efnahagslega og fjárhagslega stöðu rekstraraðila með einni eða fleiri eftirfarandi aðferðum:

a) með viðeigandi yfirlýsingu frá bönkum eða, þar sem við á, sönnunargögnum um viðeigandi starfsábyrgðartryggingu,

b) með því að framvísa efnahagsreikningi eða útdrætti úr honum ef krafist er birtingar efnahagsreiknings samkvæmt landslögum í landinu þar sem rekstraraðilinn hefur staðfestu,

c) með yfirlýsingu um heildarveltu fyrirtækisins og, eftir því sem við á, veltuna á því sviði sem fellur undir samninginn á síðustu þremur fyrirliggjandi fjárhagsárum að hámarki, eftir því hvaða dag fyrirtækið var stofnað eða rekstur hafinn, ef þessar upplýsingar um veltu eru tiltækar.

II. hluti: Tæknileg geta

Gögn til að sannreyna tæknilega getu rekstraraðilans, eins og um getur í 58. gr.:

a) eftirfarandi skrár:

   i. skrá yfir þau verk sem unnin hafa verið á undanförnum fimm árum, ásamt vottorðum um fullnægjandi efndir og niðurstöðu mikilvægustu verksamninganna. Ef nauðsyn krefur geta samningsyfirvöld, til að tryggja fullnægjandi samkeppni, tilgreint að tekið verði tillit til staðfestingar um viðeigandi verk sem unnin hafa verið fyrir meira en fimm árum,

   ii. skrá yfir helstu vörusendingar eða þjónustu sem veitt hefur verið á þremur síðustu árum, ásamt upplýsingum um fjárhæðir, dagsetningar og viðtakendur, hvort heldur um er að ræða opinbera aðila eða einkaaðila. Ef nauðsyn krefur geta samningsyfirvöld, til að tryggja fullnægjandi samkeppni, tilgreint að tekið verði tillit til staðfestingar um viðeigandi vörur sem hafa verið afhentar eða þjónustu sem hefur verið veitt fyrir meira en þremur árum,

b) tilvísun til tæknimanna eða þeirra tæknilegu aðila sem koma að málinu, hvort sem þeir heyra beint undir fyrirtæki rekstraraðilans eða ekki, einkum þeirra sem bera ábyrgð á gæðaeftirliti og, þegar um er að ræða opinbera verksamninga, þeirra sem verktaki getur leitað til vegna framkvæmdar verksins,

c) lýsing á tæknibúnaði og þeim ráðstöfunum sem rekstraraðili hefur gert til að tryggja gæði ásamt lýsingu á aðstöðu fyrirtækisins til athugana og rannsókna,

d) upplýsingar um stjórnun aðfangakeðju og rakningarkerfi sem rekstraraðilinn getur beitt við framkvæmd samningsins,

e) þegar um er að ræða vöru eða þjónustu sem er margbrotin eða, í undantekningartilvikum, er veitt í sérstökum tilgangi, með athugun á framleiðslugetu birgis eða tæknilegri getu þjónustuveitanda og, ef þörf krefur, á aðstöðu hans til athugana og rannsókna og ráðstöfunum hans til gæðaeftirlits og annast samningsyfirvöld þessa athugun eða, fyrir hönd þeirra, þar til bær opinber aðili í landinu þar sem birgir eða þjónustuveitandi hefur staðfestu, með fyrirvara um samþykki þess aðila,

f) upplýsingar um menntun og faglegt hæfi þjónustuveitandans eða verktakans eða stjórnenda fyrirtækisins, að því tilskildu að það sé ekki metið sem valforsenda,

g) upplýsingar um þær umhverfisstjórnunaraðgerðir sem rekstraraðilinn getur beitt við framkvæmd samningsins,

h) yfirlýsing um árlegan meðalfjölda starfsmanna hjá þjónustuveitanda eða verktaka og fjölda manna í stjórnunarstöðum á síðustu þremur árum,

i) yfirlýsing um þau tæki, vélakost og tæknibúnað sem þjónustuveitandi eða verktaki hefur til umráða við framkvæmd samnings,

j) tilvísun til þess hlutfalls samningsins sem rekstraraðilinn mun hugsanlega fela undirverktaka,

k) að því er varðar vörur sem skulu afhentar:

i. sýnishorn, lýsingar eða ljósmyndir sem unnt á að vera að votta ef samningsyfirvald krefst þess,

ii. vottorð frá opinberri gæðaeftirlitsstofnun eða viðurkenndri stofnun sem staðfestir að varan, sem er skýrt skilgreind með tilvísunum í tækniforskriftir eða staðla, sé í samræmi við þessar forskriftir eða staðla.

_____

XIII. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR RÉTTARGERÐIR SAMBANDSINS SEM UM GETUR Í 3. MGR. 68. GR.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/33/EB.

XIV. VIÐAUKI

ÞJÓNUSTA SEM UM GETUR Í 74. GR.

CPV-kóði	Lýsing
75200000-8; 75231200-6; 75231240-8; 79611000-0; 79622000-0 [Útvegun starfsfólks við húshjálp]; 79624000-4 [Útvegun hjúkrunarfólks] og 79625000-1 [Útvegun heilbrigðisstarfsfólks] frá 85000000-9 til 85323000-9; 98133100-5, 98133000-4; 98200000-5 og 98500000-8 [Einkaheimili með launuðu starfsfólki]] og 98513000-2 til 98514000-9 [Starfsmannamiðlun fyrir heimili, þjónusta afleysingafólks fyrir einkaheimili, þjónusta skrifstofufólks fyrir einkaheimili, fólk í tímabundnu starfi fyrir einkaheimili, heimahlynning og heimilishjálp]	Heilbrigðisþjónusta, félagsþjónusta og þjónusta tengd henni
85321000-5 og 85322000-2, 75000000-6 [Opinber stjórnsýsluþjónusta, varnarmál og almannatryggingar], 75121000-0, 75122000-7, 75124000-1; frá 79995000-5 til 79995200-7; frá 80000000-4 Menntunar- og þjálfunarþjónusta til 80660000-8; frá 92000000-1 til 92700000-8, 79950000-8 [Þjónusta vegna skipulagningar á sýningum, kaupstefnum, mörkuðum og ráðstefnum], 79951000-5 [Skipulagning á málstofum], 79952000-2 [Viðburðaþjónusta], 79952100-3 [Skipulagning menningarviðburða], 79953000-9 [Skipulagning hátíða], 79954000-6 [Skipulagning samkvæma], 79955000-3 [Skipulagning tískusýninga], 79956000-0 [Þjónusta vegna skipulagningar á sýningum og kaupstefnum]	Stjórnsýsluþjónusta, félagsþjónusta, þjónusta á sviði menntunar, heilsugæslu og menningarstarfsemi
75300000-9	Lögboðnar almannatryggingar ([1])
75310000-2, 75311000-9, 75312000-6, 75313000-3, 75313100-4, 75314000-0, 75320000-5, 75330000-8, 75340000-1	Bætur
98000000-3; 98120000-0; 98132000-7; 98133110-8 og 98130000-3	Önnur samfélagsþjónusta, félagsleg og persónuleg þjónusta, þ.m.t. þjónusta stéttarfélaga, stjórnmálasamtaka, æskulýðssamtaka og annarra félagasamtaka
98131000-0	Þjónusta trúfélaga
55100000-1 til 55410000-7; 55521000-8 til 55521200-0 [55521000-8 Sala á tilbúnum mat til heimila, 55521100-9 Þjónusta, tengd heimakstri málsverða, 55521200-0 Þjónusta tengd afhendingu málsverða] 55520000-1 Sala á tilbúnum mat, 55522000-5 Sala á tilbúnum mat til flutningafyrirtækja, 55523000-2 Sala á tilbúnum mat til annarra fyrirtækja eða stofnana, 55524000-9 Sala á tilbúnum mat til skóla 55510000-8 Mötuneytisþjónusta, 55511000-5 Þjónusta mötuneyta og kaffitería sem sinna tilteknum hópi viðskiptavina, 55512000-2 Rekstur mötuneyta, 55523100-3 Þjónusta tengd skólamáltíðum	Hótel- og veitingaþjónusta
79100000-5 til 79140000-7; 75231100-5,	Lögfræðiþjónusta, að því marki sem hún er ekki undanskilin skv. d-lið 10. gr.
75100000-7 til 75120000-3; 75123000-4; 75125000-8 til 75131000-3	Önnur stjórnsýsluþjónusta og opinber þjónusta
75200000-8 til 75231000-4	Þjónusta við samfélagið

CPV-kóði	Lýsing
75231210-9 til 75231230-5; 75240000-0 til 75252000-7; 794300000-7; 98113100-9	Þjónusta tengd fangelsum, þjónusta við almannaöryggi og björgunarþjónusta, að því marki sem hún er ekki undanskilin skv. h-lið 10. gr.
79700000-1 til 79721000-4 [Eftirgrennslan og öryggisþjónusta, öryggisþjónusta, vöktun viðvörunarbúnaðar, öryggisvarðaþjónusta, eftirlit með fólki, þjónusta við að rekja spor, leit að sakborningum á flótta, eftirlitsferðir, útgáfuþjónusta auðkennismerkja, rannsóknir og þjónusta umboðsskrifstofu leynilögreglu] 79722000-1 [Rithandarfræðiþjónusta], 79723000-8 [Greiningarþjónusta vegna úrgangs]	Eftirgrennslan og öryggisþjónusta
98900000-2 [Starfsemi alþjóðlegra stofnana og samtaka með úrlendisrétt] og 98910000-5 [Þjónusta sem alþjóðastofnanir og samtök sinna sérstaklega]	Alþjóðleg þjónusta
64000000-6 [Póst- og fjarskiptaþjónusta], 64100000-7 [Póst- og boðberaþjónusta], 64110000-0 [Póstþjónusta], 64111000-7 [Póstþjónusta í tengslum við dagblöð og tímarit], 64112000-4 [Bréfapóstsþjónusta], 64113000-1 [Bögglapóstsþjónusta], 64114000-8 [Póstafgreiðsluþjónusta], 64115000-5 [Leiga pósthólfa], 64116000-2 [Biðpóstsþjónusta], 64122000-7 [Innanhússpóstþjónusta]	Póstþjónusta
50116510-9 [Hjólbarðasólningarþjónusta], 71550000-8 [Járnsmíðaþjónusta]	Ýmiss konar þjónusta

([1]) Þessi þjónusta fellur ekki undir þessa tilskipun ef hún er skipulögð sem þjónusta í almannaþágu sem er ekki af efnahagslegum toga. Aðildarríkjum er frjálst að skipuleggja lögboðna félagsþjónustu eða annars konar þjónustu annaðhvort sem þjónustu í almannaþágu eða sem þjónustu í almannaþágu sem er ekki af efnahagslegum toga.

XV. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Þessi tilskipun	Tilskipun 2004/18/EB
1., 2., 4., 5. og 6. mgr. 1. gr.	—
3. mgr. 1. gr.	10. gr.
1. liður 1. mgr. 2. gr.	Fyrsta undirgrein 9. mgr. 1. gr.
2. liður 1. mgr. 2. gr.	a-liður 7. gr.
3. liður 1. mgr. 2. gr.	—
a-liður 4. liðar 1. mgr. 2. gr.	a-liður annarrar undirgreinar 9. mgr. 1. gr.
b-liður 4. liðar 1. mgr. 2. gr.	b-liður annarrar undirgreinar 9. mgr. 1. gr.
c-liður 4. liðar 1. mgr. 2. gr.	c-liður annarrar undirgreinar 9. mgr. 1. gr.
5. liður 1. mgr. 2. gr.	a-liður 2. mgr. 1. gr.
6. liður 1. mgr. 2. gr.	Fyrsti málsliður b-liðar 2. mgr. 1. gr.
7. liður 1. mgr. 2. gr.	Annar málsliður b-liðar 2. mgr. 1. gr.
8. liður 1. mgr. 2. gr.	c-liður 2. mgr. 1. gr.
9. liður 1. mgr. 2. gr.	d-liður 2. mgr. 1. gr.
10. liður 1. mgr. 2. gr.	Önnur undirgrein 8. mgr. 1. gr.
11. liður 1. mgr. 2. gr.	Þriðja undirgrein 8. mgr. 1. gr.
12. liður 1. mgr. 2. gr.	Þriðja undirgrein 8. mgr. 1. gr.
13. liður 1. mgr. 2. gr.	1. mgr. 23. gr.
14. liður 1. mgr. 2. gr.	10. mgr. 1. gr.
15. liður 1. mgr. 2. gr.	—
16. liður 1. mgr. 2. gr.	10. mgr. 1. gr.
17. liður 1. mgr. 2. gr.	—
18. liður 1. mgr. 2. gr.	12. mgr. 1. gr.
19. liður 1. mgr. 2. gr.	13. mgr. 1. gr.
20. liður 1. mgr. 2. gr.	—
21. liður 1. mgr. 2. gr.	e-liður 11. mgr. 1. gr.
22. liður 1. mgr. 2. gr.	—

Þessi tilskipun	Tilskipun 2004/18/EB
23. liður 1. mgr. 2. gr.	—
24. liður 1. mgr. 2. gr.	—
2. mgr. 2 gr.	—
1. mgr. 3. gr.	—
Fyrsta undirgrein 2. mgr. 3. gr.	—
Önnur undirgrein 2. mgr. 3. gr.	22. gr.; d-liður 2. mgr. 1. gr.
3. mgr. 3. gr.	—
4. mgr. 3. gr.	—
5. mgr. 3. gr.	—
6. mgr. 3. gr.	—
4. gr.	7. gr.; 67. gr.
1. mgr. 5. gr.	1. mgr. 9. gr.
2. mgr. 5. gr.	—
3. mgr. 5. gr.	3. mgr. 9. gr.; önnur undirgrein 7. mgr. 9. gr.
4. mgr. 5. gr.	2. mgr. 9. gr.
5. mgr. 5. gr.	9. mgr. 9. gr.
6. mgr. 5. gr.	—
7. mgr. 5. gr.	4. mgr. 9. gr.
8. mgr. 5. gr.	Fyrsta undirgrein a-liðar 5. mgr. 9. gr.
9. mgr. 5. gr.	Fyrsta og önnur undirgrein b-liðar 5. mgr. 9. gr.
10. mgr. 5 gr.	Þriðja undirgrein a-liðar 5. mgr. 9. gr. Þriðja undirgrein b-liðar 5. mgr. 9. gr.
11. mgr. 5. gr.	7. mgr. 9. gr.
12. mgr. 5. gr.	6. mgr. 9. gr.
13. mgr. 5. gr.	a-liður 8. mgr. 9. gr.
14. mgr. 5. gr.	b-liður 8. mgr. 9. gr.
1.–6. mgr. 6. gr.	78. gr.; a-liður 2. mgr. 79. gr.
7. mgr. 6. gr.	d-liður 2. mgr. 79. gr.

Þessi tilskipun	Tilskipun 2004/18/EB
7. gr.	12. gr.; a-liður 68. gr.
Fyrsta undirgrein 8. gr.	13. gr.; b-liður 68. gr.
Önnur undirgrein 8. gr.	15. mgr. 1. gr.
9. gr.	15. gr.; b-liður 68. gr.
a-liður 10. gr.	a-liður 16. gr.
b-liður 10. gr.	b-liður 16. gr.
c-liður 10. gr.	c-liður 16. gr.
d-liður 10. gr.	—
e-liður 10. gr.	d-liður 16. gr.
f-liður 10. gr.	—
g-liður 10. gr.	e-liður 16. gr.
h-liður 10. gr.	—
i-liður 10. gr.	—
j-liður 10. gr.	—
11. gr.	18. gr.
12. gr.	—
Fyrsta undirgrein 13. gr.	Fyrsta undirgrein 8. gr.
Önnur undirgrein 13. gr.	Önnur undirgrein 8. gr.
14. gr.	f-liður 16. gr.
1. og 2. mgr. 15. gr.	10. gr.; 14. gr.; 68. gr. (b-liður)
3. mgr. 15. gr.	14. gr.; b-liður 68. gr.
16. gr.	—
1. mgr. 17. gr.	Önnur undirgrein 10. gr.; 12. gr. tilskipunar 2009/81/EB
2. mgr. 17. gr.	—
1. mgr. 18. gr.	2. gr.
2. mgr. 18. gr.	—
1. mgr. 19. gr.	1. mgr. 4. gr.
2.–3. mgr. 19. gr.	2. mgr. 4. gr.
1. mgr. 20. gr.	19. gr.

Þessi tilskipun	Tilskipun 2004/18/EB
2. mgr. 20. gr.	Önnur undirgrein 19. gr.
1. mgr. 21. gr.	6. gr.
2. mgr. 21. gr.	—
1. mgr. 22. gr.	1., 2. og 4. mgr. 42. gr.; 1. mgr. 71. gr.
2. mgr. 22. gr.	—
3. mgr. 22. gr.	3. mgr. 42. gr.; 2. mgr. 71. gr.
4. mgr. 22. gr.	—
5. mgr. 22. gr.	—
6. mgr. 22. gr.	5. og 6. mgr. 42. gr.; 3. mgr. 71. gr.
Fyrsta undirgrein 7. mgr. 22. gr.	g-liður 2. mgr. 79. gr.
Önnur og þriðja undirgrein 7. mgr. 22. gr.	—
1. mgr. 23. gr.	Fyrsta undirgrein 14. mgr. 1. gr.
2. mgr. 23. gr.	e- og f-liður 2. mgr. 79. gr.
24. gr.	—
25. gr.	5. gr.
1. mgr. 26 gr.	Fyrsta undirgrein 28. gr.
2. mgr. 26 gr.	Önnur undirgrein 28. gr.
3. mgr. 26 gr.	—
4. mgr. 26 gr.	Önnur undirgrein 28. gr.; 1. mgr. 30. gr.
Fyrsta undirgrein 5. mgr. 26. gr.	2. mgr. 35 gr.
Önnur undirgrein 5. mgr. 26. gr.	—
6. mgr. 26 gr.	Önnur undirgrein 28. gr.
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 27. gr.	a-liður 11. mgr. 1. gr.
Önnur og þriðja undirgrein 1. mgr. 27. gr.	2. mgr. 38 gr.
2. mgr. 27. gr.	4. mgr. 38. gr.
3. mgr. 27. gr.	—
4. mgr. 27. gr.	—
1. mgr. 28. gr.	a-liður 3. mgr. 38. gr.; b-liður 11. mgr. 1. gr.

Þessi tilskipun	Tilskipun 2004/18/EB
2. mgr. 28. gr.	1. gr. (b-liður 11. mgr.); 38. gr. (b-liður 3. mgr.); 44. gr. (fyrsti málsliður 3. mgr.)
3. mgr. 28. gr.	4. mgr. 38. gr.
4. mgr. 28. gr.	—
5. mgr. 28. gr.	—
6. mgr. 28. gr.	8. mgr. 38. gr.
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 29. gr.	d-liður 11. mgr. 1. gr.
Önnur og þriðja undirgrein 1. mgr. 29. gr.	—
Fjórða undirgrein 1. mgr. 29. gr.	a- og b-liður 3. mgr. 38. gr.
2. mgr. 29. gr.	d-liður 11. mgr. 1. gr.; fyrsti málsliður 3. mgr. 44. gr.
3. mgr. 29. gr.	2. mgr. 30. gr.
4. mgr. 29. gr.	—
5. mgr. 29. gr.	3. mgr. 30. gr.
6. mgr. 29. gr.	4. mgr. 30. gr.
7. mgr. 29. gr.	2. mgr. 30. gr.
1. mgr. 30. gr.	44. gr. (c-liður 11. mgr.); 38. gr. (3. mgr.); 44. gr. (fyrsti málsliður 3. mgr.)
2. mgr. 30. gr.	2. og 7. mgr. 29. gr.
3. mgr. 30. gr.	3. mgr. 29. gr.
4. mgr. 30. gr.	4. mgr. 29. gr.
5. mgr. 30. gr.	5. mgr. 29. gr.
6. mgr. 30. gr.	6. mgr. 29. gr.
7. mgr. 30. gr.	7. mgr. 29. gr.
8. mgr. 30. gr.	8. mgr. 29. gr.
31. gr.	—
1. mgr. 32. gr.	Fyrsti málsliður 31. gr.
a-liður 2. mgr. 32. gr.	a-liður 1. liðar 31. gr.
b-liður 2. mgr. 32. gr.	b-liður 1. liðar 31. gr.
c-liður 2. mgr. 32. gr.	c-liður 1. liðar 31. gr.
a-liður 3. mgr. 32. gr.	a-liður 2. liðar 31. gr.

Þessi tilskipun	Tilskipun 2004/18/EB
b-liður 3. mgr. 32. gr.	b-liður 2. liðar 31. gr.
c-liður 3. mgr. 32. gr.	c-liður 2. liðar 31. gr.
d-liður 3. mgr. 32. gr.	d-liður 2. liðar 31. gr.
4. mgr. 32. gr.	3. liður 31. gr.
5. mgr. 32. gr.	b-liður 4. liðar 31. gr.
1. mgr. 33. gr.	32. gr. (1. mgr.); 1. gr. (5. mgr.); 32. gr. (fyrsta og fjórða undirgrein 2. mgr.)
2. mgr. 33. gr.	Önnur og þriðja undirgrein 2. mgr. 32. gr.
3. mgr. 33. gr.	3. mgr. 32. gr.
4. mgr. 33. gr.	4. mgr. 32. gr.
5. mgr. 33. gr.	4. mgr. 32. gr.
1. mgr. 34. gr.	1. mgr. 33. gr.; 6. mgr. 1. gr.
2. mgr. 34. gr.	2. mgr. 33. gr.
3. mgr. 34. gr.	lok 2. mgr. 33. gr.
4. mgr. 34. gr.	3. mgr. 33. gr.
5. mgr. 34. gr.	4. mgr. 33. gr.
6. mgr. 34. gr.	6. mgr. 33. gr.
7. mgr. 34. gr.	—
8. mgr. 34. gr.	—
9. mgr. 34. gr.	Þriðja undirgrein 7. mgr. 33. gr.
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 35. gr.	1. mgr. 54. gr.
Önnur og þriðja undirgrein 1. mgr. 35. gr.	7. mgr. 1. gr.
2. mgr. 35. gr.	Fyrsta og önnur undirgrein 2. mgr. 54. gr.
3. mgr. 35. gr.	Þriðja undirgrein 2. mgr. 54. gr.
4. mgr. 35. gr.	3. mgr. 54. gr.
5. mgr. 35. gr.	4. mgr. 54. gr.
6. mgr. 35. gr.	5. mgr. 54. gr.
7. mgr. 35. gr.	6. mgr. 54. gr.
8. mgr. 35. gr.	7. mgr. 54. gr.

Þessi tilskipun	Tilskipun 2004/18/EB
9. mgr. 35. gr.	Fyrsta undirgrein 8. mgr. 54. gr.
36. gr.	—
1. mgr. 37. gr.	1. mgr. 11. gr.
2. mgr. 37. gr.	2. mgr. 11. gr.
3. mgr. 37. gr.	—
4. mgr. 37. gr.	2. mgr. 11. gr.
38. gr.	—
39. gr.	—
40. gr.	8. forsenda
41. gr.	—
1. mgr. 42. gr.	1. mgr. 23. gr.
2. mgr. 42. gr.	2. mgr. 23. gr.
3. mgr. 42. gr.	3. mgr. 23. gr.
4. mgr. 42. gr.	8. mgr. 23. gr.
5. mgr. 42. gr.	Fyrsta undirgrein 4. mgr. 23. gr.
6. mgr. 42. gr.	Fyrsta og önnur undirgrein 5. mgr. 23. gr.
1. mgr. 43. gr.	6. mgr. 23. gr.
2. mgr. 43. gr.	Fyrsti undirliður 6. mgr. 23. gr.
1. mgr. 44. gr.	Önnur undirgrein 4. mgr., önnur og þriðja undirgrein 5. mgr., önnur undirgrein 6. mgr. og 7. mgr. 23. gr.
2. mgr. 44. gr.	Fyrsta undirgrein 4. mgr., fyrsta undirgrein 5. mgr. og fyrsta undirgrein 6. mgr. 23. gr.
3. mgr. 44. gr.	—
1. mgr. 45. gr.	1. og 2. mgr. 24. gr.
2. mgr. 45. gr.	3. mgr. 24. gr.
3. mgr. 45. gr.	4. mgr. 24. gr.
46. gr.	—
1. mgr. 47. gr.	1. mgr. 38. gr.
2. mgr. 47. gr.	7. mgr. 38. gr.
3. mgr. 47. gr.	7. mgr. 38. gr.

Þessi tilskipun	Tilskipun 2004/18/EB
1. mgr. 48. gr.	1. mgr. 35. gr.; 1. mgr. 36. gr.
2. mgr. 48. gr.	—
49. gr.	2. mgr. 35. gr.; 1. mgr. 36. gr.
1.–3. mgr. 50. gr.	Fyrsta til þriðja undirgrein 4. mgr. 35. gr.; 1. mgr. 36. gr.
4. mgr. 50 gr.	Fimmta undirgrein 4. mgr. 35. gr.
1. mgr. 51. gr.	1. mgr. 36. gr.; a-liður 1. mgr. 79. gr.
2. mgr. 51. gr.	2. mgr. 36. gr.
2. mgr. 51. gr.	3. mgr. og önnur undirgrein 4. mgr. 36. gr.
3. mgr. 51. gr.	Fyrsta undirgrein 4. mgr. 36. gr.
4. mgr. 51. gr.	—
Fyrsta undirgrein 5. mgr. 51. gr.	7. mgr. 36. gr.
Önnur undirgrein 5. mgr. 51. gr.	8. mgr. 36. gr.
6. mgr. 51. gr.	37. gr.
1. mgr. 52. gr.	Fyrsta undirgrein 5. mgr. 36. gr.
2. og 3. mgr. 52. gr.	Önnur og þriðja undirgrein 5. mgr. 36. gr.
1. mgr. 53 gr.	6. mgr. 38. gr.
2. mgr. 53 gr.	2. mgr. 39. gr.
1. mgr. 54 gr.	1. mgr. 40. gr.
2. mgr. 54 gr.	2. mgr. 40. gr.
1. mgr. 55. gr.	1. mgr. 41. gr.
2. mgr. 55. gr.	2. mgr. 41. gr.
3. mgr. 55. gr.	3. mgr. 41. gr.
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 56. gr.	1. mgr. 44 gr.
Önnur undirgrein 1. mgr. 56. gr.	—
2. mgr. 56. gr.	—
3. mgr. 56. gr.	—
4. mgr. 56. gr.	—
1. mgr. 57. gr.	1. mgr. 45. gr.
2. mgr. 57. gr.	e- og f-liður 2. mgr. 45. gr.
3. mgr. 57. gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. 45. gr.

Þessi tilskipun	Tilskipun 2004/18/EB
4. mgr. 57. gr.	2. mgr. 45. gr.
5. mgr. 57. gr.	—
6. mgr. 57. gr.	—
7. mgr. 57. gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. og önnur undirgrein 2. mgr. 45. gr.
1. mgr. 58. gr.	1. mgr. og fyrsta og önnur undirgrein 2. mgr. 44. gr.
2. mgr. 58. gr.	46. gr.
3. mgr. 58. gr.	47. gr.
4. mgr. 58. gr.	48. gr.
5. mgr. 58. gr.	2. mgr. 44. gr.
59. gr.	—
1. mgr. 60. gr.	4.–5. mgr, 47. gr.; 6. mgr. 48. gr.
2. mgr. 60. gr.	3. mgr. 45. gr.
3. og 4. mgr. 60. gr.	1. og 5. mgr. 47. gr.; 2. mgr. 48. gr.
5. mgr. 60. gr.	—
61. gr.	—
1. mgr. 62. gr.	49. gr.
2. mgr. 62. gr.	50. gr.
3. mgr. 62. gr.	—
1. mgr. 63. gr.	2. og 3. mgr. 47. gr.; 3. og 4. mgr. 48. gr.
2. mgr. 63. gr.	—
1. mgr. 64. gr.	1. mgr. 52. gr.; 7. mgr. 52. gr.
Fyrsta undirgrein 2. mgr. 64. gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. 52. gr.
Önnur undirgrein 2. mgr. 64. gr.	Þriðja undirgrein 1. mgr. 52. gr.
3. mgr. 64. gr.	2. mgr. 52. gr.
4. mgr. 64. gr.	3. mgr. 52. gr.
Fyrsta undirgrein 5. mgr. 64. gr.	Fyrsta undirgrein 4. mgr. 52. gr.
Önnur undirgrein 5. mgr. 64. gr.	Önnur undirgrein 4. mgr. 52. gr.
Fyrsta undirgrein 6. mgr. 64. gr.	Fyrsta undirgrein 5. mgr. 52. gr.
Önnur undirgrein 6. mgr. 64. gr.	6. mgr. 52. gr.

Þessi tilskipun	Tilskipun 2004/18/EB
7. mgr. 64. gr.	Önnur undirgrein 5. mgr. 52. gr.
8. mgr. 64. gr.	—
65. gr.	3. mgr. 44. gr.
66. gr.	4. mgr. 44 gr.
1. mgr. 67. gr.	1. mgr. 53 gr.
2. mgr. 67. gr.	1. mgr. 53 gr.
3. mgr. 67. gr.	—
4. mgr. 67. gr.	1. forsenda; þriðja málsgrein 46. forsendu
5. mgr. 67. gr.	2. mgr. 53. gr.
68. gr.	—
1. mgr. 69. gr.	1. mgr. 55. gr.
a-liður 2. mgr. 69. gr.	a-liður annarrar undirgreinar 1. mgr. 55. gr.
b-liður 2. mgr. 69. gr.	b-liður annarrar undirgreinar 1. mgr. 55. gr.
c-liður 2. mgr. 69. gr.	c-liður annarrar undirgreinar 1. mgr. 55. gr.
d-liður 2. mgr. 69. gr.	d-liður annarrar undirgreinar 1. mgr. 55. gr.
e-liður 2. mgr. 69. gr.	—
f-liður 2. mgr. 69. gr.	e-liður annarrar undirgreinar 1. mgr. 55. gr.
Fyrsta undirgrein 3. mgr. 69. gr.	2. mgr. 55. gr.
Önnur undirgrein 3. mgr. 69. gr.	—
4. mgr. 69. gr.	3. mgr. 55. gr.
5. mgr. 69. gr.	—
70. gr.	26. gr.
1. mgr. 71. gr.	—
2. mgr. 71. gr.	Fyrsta undirgrein 25. gr.
3. mgr. 71. gr.	—
4. mgr. 71. gr.	Önnur undirgrein 25. gr.
5.–8. mgr. 71. gr.	—
72. gr.	—
73. gr.	—

Þessi tilskipun	Tilskipun 2004/18/EB
74. gr.	—
75. gr.	—
76. gr.	—
77. gr.	—
78. gr.	2. mgr. 67 gr.
1.–2. mgr. 79. gr.	1.–2. mgr. 69. gr.
3. mgr. 79. gr.	1. mgr. 70. gr.; a-liður 1. mgr. 79. gr.
1. mgr. 80. gr.	—
2. mgr. 80. gr.	2. mgr. 66 gr.
3. mgr. 80. gr.	72. gr.
81. gr.	73. gr.
82. gr.	74. gr.
1. mgr. 83. gr.	Fyrsta undirgrein 81. gr.
2.–6. mgr. 83. gr.	—
84. gr.	43. gr.
85. gr.	—
86. gr.	—
87. gr.	3. og 4. mgr. 77. gr.
88. gr.	5. mgr. 77. gr.
1. og 2. mgr. 89. gr.	1. og 2. mgr. 77. gr.
3. mgr. 89 gr.	—
1. mgr. 90 gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 80. gr.
2.–5. mgr. 90. gr.	—
6. mgr. 90 gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. 80. gr.
91. gr.	82. gr.
92. gr.	—
93. gr.	83. gr.
94. gr.	84. gr.
I. viðauki	IV. viðauki

Þessi tilskipun	Tilskipun 2004/18/EB
II. viðauki	I. viðauki
III. viðauki	V. viðauki
—	III. viðauki
a- til f-liður IV. viðauka	b- til h-liður X. viðauka
g-liður IV. viðauka	—
A-hluti V. viðauka	VII. viðauki A
I. liður B-hluta V. viðauka	VII. viðauki A
II. liður B-hluta V. viðauka	—
C-hluti V. viðauka	VII. viðauki A
D-hluti V. viðauka	VII. viðauki A
E-hluti V. viðauka	VII. viðauki D
F-hluti V. viðauka	VII. viðauki D
G-hluti V. viðauka	—
H-hluti V. viðauka	—
I-hluti V. viðauka	—
J-hluti V. viðauka	—
VI. viðauki	a- til f-liður 3. mgr. 54. gr.
VII. viðauki	VI. viðauki
VIII. viðauki	VIII. viðauki
1. liður IX. viðauka	5. mgr. 40. gr.
2. liður IX. viðauka	—
X. viðauki	—
XI. viðauki	IX. viðauki A, B og C
I. hluti XII. viðauka	1. mgr. 47. gr.
II. hluti XII. viðauka	2. mgr. 48. gr.
XIII. viðauki	—
XIV. viðauki	II. viðauki
XV. viðauki	XII. viðauki

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2014/25/ESB **2016/EES/27/61**

frá 26. febrúar 2014

um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu og um niðurfellingu tilskipunar 2004/17/EB (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 53. gr. (1. mgr.), 62. gr. og 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ljósi niðurstaðna vinnuskjals framkvæmdastjórnarinnar frá 27. júní 2011 með heitinu „Matsskýrsla: Áhrif og skilvirkni löggjafar ESB um opinber innkaup“ virðist að rétt sé að viðhalda reglum um innkaup þeirra stofnana, sem annast vatnsveitu, orku, flutninga og póstþjónustu, þar sem landsyfirvöldum er áfram unnt að hafa áhrif á atferli þessara stofnana, m.a. með því að eiga hlut í þeim og fulltrúa í stjórn þeirra, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn. Önnur ástæða til að setja áfram reglur um innkaup í þessum geirum er hið lokaða eðli þeirra markaða sem stofnanir í þessum geirum starfa á, vegna sérstakra réttinda eða einkaréttar sem aðildarríki veita til að birgja upp, koma á fót eða starfrækja kerfi til að veita viðkomandi þjónustu.

2) Til að tryggja að opnað sé fyrir samkeppni í innkaupum, sem gerð eru af stofnunum sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu ætti að setja ákvæði til að samræma innkaupaferli vegna samninga sem fara yfir tiltekið verðmæti. Þörf er á þessari samræmingu til að tryggja áhrif meginreglna sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU), einkum um frjálsa vöruflutninga, staðfesturétt og frelsi til að veita þjónustu, auk meginreglnanna sem af honum leiðir, s.s. um jafna meðferð, bann við mismunun, gagnkvæma viðurkenningu, meðalhóf og gagnsæi. Í ljósi þess hvers eðlis þeir geirar eru, sem verða fyrir áhrifum, ætti samræming innkaupaferla á vettvangi Sambandsins að setja ramma um heilbrigða viðskiptahætti, sem leyfir mesta mögulegan sveigjanleika, og standa um leið vörð um beitingu þessara meginreglna.

3) Þegar um er að ræða innkaup, sem eru að verðmæti undir þeim viðmiðunarfjárhæðum sem beiting ákvæðanna um samræmingu Sambandsins miðast við, er ráðlegt að hafa í huga dómaframkvæmd hjá Evrópudómstólnum um hvernig reglum og meginreglum sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skal beitt á viðeigandi hátt.

4) Opinber innkaup gegna lykilhlutverki í áætluninni Evrópa 2020, eins og sett er fram í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 3. mars 2010 sem nefnist „Evrópa 2020: áætlun um snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla“ („áætlunin Evrópa 2020 um snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla“) sem eitt af markaðstengdum stjórntækjum til að ná fram snjallhagvexti, sjálfbærum hagvexti og hagvexti fyrir alla og tryggja jafnframt bestu mögulegu nýtingu opinbers fjármagns. Í þessu skyni ætti að endurskoða og færa til nútímahorfs reglur um opinber innkaup sem voru samþykktar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB ([4]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB ([5]) til að auka skilvirkni í útgjöldum hins opinbera, einkum að auðvelda litlum og meðalstórum fyrirtækjum (SME) þátttöku í opinberum innkaupum og að gera innkaupendum kleift að nýta opinber innkaup til stuðnings sameiginlegum samfélagslegum takmörkum. Einnig er þörf á að skýra grundvallarhugmyndir og -hugtök til að tryggja réttarvissu og samþætta tiltekna þætti í fastmótaðri dómaframkvæmd Evrópudómstólsins sem tengist efninu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 243. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 191, 29.6.2012, bls. 84.

([2]) Stjtíð. ESB C 391, 18.12.2012, bls. 49.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 15. janúar 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 11. febrúar 2014.

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu (Stjtíð. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 1).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga (Stjtíð. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 114).

5) Við framkvæmd þessarar tilskipunar ætti að taka mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks ([6]), einkum í tengslum við val á samskiptaaðferðum, tækniforskriftum, valforsendum og skilyrðum varðandi framkvæmd samnings.

6) Rétt þykir að merking hugtaksins innkaup sé eins nálægt þeirri merkingu, sem notuð er samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB ([7]), og hægt er að teknu tilhlýðilegu tilliti til séreinkenna þeirra geira sem þessi tilskipun tekur til.

7) Rétt er að minna á að þessi tilskipun skuldbindur aðildarríki á engan hátt til að útvista eða finna þriðja aðila til að veita þjónustu sem þau vilja sjálf veita eða skipuleggja eftir öðrum leiðum en með innkaupum í skilningi þessarar tilskipunar. Ekki ætti að taka til umfjöllunar þjónustustarfsemi sem byggist á lögum, reglum eða ráðningarsamningum. Í sumum aðildarríkjum gæti þetta t.d. átt við um tiltekna samfélagsþjónustu, s.s. afhendingu drykkjarvatns.

8) Einnig er rétt að minna á að þessi tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á löggjöf aðildarríkjanna um almannatryggingar. Hún ætti ekki heldur að taka á auknu frelsi í þjónustu í almannaþágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu og bundið er við opinbera aðila eða einkaaðila, eða einkavæðingu opinberra stofnana sem veita þjónustu.

Ekki er síður nauðsynlegt að minna á að aðildarríkjum er frjálst að skipuleggja hvernig þau standa að lögboðinni félagsþjónustu eða annarri þjónustu, s.s. póstþjónustu, annaðhvort sem þjónustu í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu eða sem þjónustu í almannaþágu sem er ekki af efnahagslegum toga eða sem blöndu af þessu tvennu. Rétt þykir að skýra að þjónusta í almannaþágu, sem er ekki af efnahagslegum toga, ætti ekki að falla undir gildissvið þessarar tilskipunar.

9) Að lokum er einnig rétt að minna á að þessi tilskipun hefur ekki áhrif á frelsi lands-, svæðis- og staðaryfirvalda til að skilgreina, í samræmi við lög Sambandsins, þjónustu í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu, umfang hennar og einkenni þjónustunnar sem veita skal, þ.m.t. öll skilyrði er varða gæði þjónustunnar, til þess að ná fram opinberum stefnumiðum sínum. Þessi tilskipun ætti ekki heldur að hafa áhrif á heimild lands-, svæðis- og staðaryfirvalda til að til að útvega, bjóða upp á og fjármagna þjónustu í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu í samræmi við 14. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og bókun nr. 26 sem fylgir sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og sáttmálanum um Evrópusambandið. Í þessari tilskipun er að auki ekki fjallað um fjármögnun þjónustu í almannaþágu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu eða um kerfi aðstoðar sem aðildarríkin veita, einkum á sviði félagsmála, í samræmi við samkeppnisreglur Sambandsins.

10) Samningur ætti því aðeins að teljast verksamningur ef efni hans varðar sérstaklega framkvæmd þeirra verka sem tilgreind eru í I. viðauka, jafnvel þótt samningurinn taki til annarrar þjónustu sem er nauðsynleg til að unnt sé að vinna þessi verk. Þjónustusamningar geta við ákveðnar aðstæður náð yfir verk, einkum þegar um er að ræða rekstur fasteigna. Ef slík verk tengjast meginefni samningsins, og eru því hugsanlega afleiðing af eða viðbót við hann, telst það þó ekki gild ástæða fyrir því að flokka þjónustusamninginn sem verksamning að hann taki til slíkra verka.

Í ljósi þess hve verksamningar eru fjölbreytilegir ættu samningsstofnanir þó að geta valið um hvort þær gera samning um hönnun og framkvæmd verks aðgreint eða sameiginlega. Þessari tilskipun er ekki ætlað að segja fyrir um hvort gera skuli samninga sameiginlega eða aðgreint.

11) Við framkvæmd verks, er samsvarar þeim kröfum sem samningsstofnun hefur tilgreint, er það forsenda að stofnunin, sem um er að ræða, hafi gert ráðstafanir til skilgreina tegund verksins eða, að lágmarki, að það hafi haft afgerandi áhrif á áætlanagerðina. Hvort heldur að verktaki annast alla framkvæmd verksins eða hluta hennar á eigin vegum eða tryggir framkvæmd þeirra með öðrum leiðum ætti ekki að breyta flokkun samningsins sem verksamnings, svo fremi sem verktakinn tekur á sig beina eða óbeina skuldbindingu sem er framfylgjanleg samkvæmt lögum til að tryggja að verkið verði framkvæmt.

12) Hugtakið „samningsyfirvöld“ og einkum hugtakið „aðilar sem heyra undir opinberan rétt“ hafa ítrekað verið tekin til skoðunar í dómaframkvæmd Evrópudómstólsins. Rétt er taka skýrt fram að persónulegt gildissvið þessarar tilskipunar ætti að haldast óbreytt og af þeim sökum er rétt að halda skilgreiningunum, sem Dómstóllinn byggir sjálfur á, og að fella inn tiltekinn fjölda útskýringa, sem þessi dómaframkvæmd hefur í för með sér, til að efla skilning á skilgreiningunum sjálfum án þess að ætlunin sé að breyta skilningi á hugtakinu eins og það er útfært í dómaframkvæmdinni.

([6]) Samþykkt með ákvörðun ráðsins 2010/48/EB frá 26. nóvember 2009 um staðfestingu Evrópubandalagsins á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (Stjtíð. ESB L 23, 27.1.2010, bls. 35).

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB frá 26. febrúar 2014 um opinber innkaup (Stjtíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 65)

Því ætti að koma skýrt fram að aðili, sem starfar við eðlileg markaðsskilyrði í hagnaðarskyni og ber tapið af starfsemi sinni, ætti ekki að teljast „aðili sem heyrir undir opinberan rétt“, þar sem þær þarfir í almannaþágu, sem hann var stofnaður til að mæta, eða hefur verið falið að mæta, geta talist vera iðnaðar- eða viðskiptalegs eðlis. Dómstóllinn hefur að sama skapi skoðað skilyrðið, sem varðar uppruna fjármögnunar aðilans sem á í hlut, og hefur m.a. skýrt út að fjármagnaður „að mestu leyti“ þýði að meira en hálfu leyti og að til slíkrar fjármögnunar geti talist greiðslur frá notendum sem eru lagðar á, reiknaður og innheimtar í samræmi við reglur opinbers réttar.

13) Þegar um er að ræða blandaða samninga ætti það að ákvarðast með hliðsjón af meginefni samningsins hvaða reglur ættu að gilda um hann, ef ekki er hægt að aðskilja mismunandi hluta samningsins á hlutlægan hátt. Því ætti að koma skýrt fram hvernig samningsstofnanir ættu að skera úr um hvort mismunandi hlutar samnings séu aðskiljanlegir eða ekki. Slík skýring ætti að vera byggð á viðkomandi dómaframkvæmd Evrópudómstólsins. Taka ætti ákvörðun í hverju tilviki fyrir sig þar sem yfirlýstur eða ætlaður ásetningur samningsstofnunar um að líta á hina ýmsu hluta blandaðs samnings sem óaðskiljanlega ætti ekki að duga til, heldur ætti að styðja hann með hlutlægum sönnunargögnum sem geta réttlætt hann og nauðsyn þess að gera stakan samning. Slík réttlætanleg þörf til að gera stakan samning gæti t.d. verið fyrir hendi þegar bygging stakrar byggingar á í hlut, sem að hluta á að vera í beinni notkun hlutaðeigandi samningsstofnunar, og að öðrum hluta starfrækt á grundvelli sérleyfis, t.d. til að útvega almenningi bílastæði. Koma ætti skýrt fram að nauðsyn þess að gera stakan samning getur stafað af ástæðum sem eru bæði tæknilegs og efnahagslegs eðlis.

14) Ef um er að ræða blandaða samninga, sem hægt er að aðskilja, er samningsstofnunum ávallt frjálst að gera aðskilda samninga fyrir aðskilda hluta hins blandaða samnings, en í því tilviki ættu ákvæðin, sem gilda um einstaka hluta samningsins, að ákvarðast eingöngu af einkennum þess sérstaka samnings. Ef samningsstofnanir velja, hins vegar, að bæta öðrum þáttum inn í innkaupin, hvert sem verðmæti þeirra er eða hvaða lagareglur sem hefðu gilt um viðbótarþættina, ætti sú höfuðregla að gilda að ef gera ætti samning samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar, og ef hann er gerður einn og sér, ætti þessi tilskipun að gilda áfram um blandaða samninginn í heild.

15) Þó ætti að setja sérákvæði um blandaða samninga sem hafa hliðar er snúa að vörnum eða öryggi eða hluta sem ekki falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Í slíkum tilvikum ætti að vera mögulegt að beita ekki þessari tilskipun, að því tilskildu að gerð staks samnings sé réttlætanleg af hlutlægum ástæðum og að ákvörðunin um að gera stakan samning sé ekki tekin í þeim tilgangi að undanskilja samninga frá beitingu þessarar tilskipunar eða tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/81/EB ([8]). Rétt er að taka fram að ekki ætti að hindra samningsstofnanir í að velja að beita þessari tilskipun gagnvart tilteknum blönduðum samningum í stað þess að beita tilskipun 2009/81/EB.

16) Enn fremur má gera samninga í þeim tilgangi að koma til móts við kröfur margs konar starfsemi sem kann að falla undir mismunandi lagareglur. Gera ætti ljóst að þær lagareglur, sem gilda um einn samning, sem ætlað er að ná yfir margs konar starfsemi, eiga að falla undir gildandi reglur um þá starfsemi sem samningurinn á einkum við um. Hægt er að ákvarða hvaða starfsemi það er, sem samningurinn er aðallega gerður um, út frá greiningu á þeim kröfum sem þessi tiltekni samningur þarf að uppfylla og skal þá samningsstofnunin annast greininguna með það fyrir augum að meta verðmæti samningsins og semja útboðsgögn. Í ákveðnum tilvikum, s.s. við kaup á einu tæki til að inna af hendi margs konar starfsemi, þar sem ekki eru tiltækar upplýsingar sem gera kleift að meta notkunarhlutfall hverrar starfsemi um sig, getur verið ómögulegt að ákvarða, á hlutlægan hátt, hvaða starfsemi samningurinn á einkum við um. Tilgreina ætti þær reglur sem gilda í slíkum tilvikum.

17) Koma ætti skýrt fram að túlka ætti hugtakið „rekstraraðili“ vítt þannig að það taki til allra aðila og/eða stofnana sem bjóða framkvæmd verka, vöruafhendingu eða þjónustustarfsemi á markaði, án tillits til þess samkvæmt hvaða lögákveðna rekstrarformi þeir hafa kosið að starfa. Því ættu fyrirtæki, útibú, dótturfyrirtæki, sameignarfélög, samvinnufélög, félög með takmarkaða ábyrgð, ríkisháskólar og einkaháskólar, og allar aðrar tegundir aðila en einstaklingar að falla undir hugtakið rekstraraðili undir öllum kringumstæðum, hvort sem um er að ræða „lögaðila“ eða ekki.

([8]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/81/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu reglna um útboð og gerð samningsyfirvalda eða samningsstofnana á tilteknum verksamningum, vörusamningum og þjónustusamningum á sviði varnar- og öryggismála og um breytingu á tilskipunum 2004/17/EB og 2004/18/EB (Stjtíð. ESB L 216, 20.8.2009, bls. 76).

18) Koma ætti skýrt fram að hópar rekstraraðila, þ.m.t. þar sem þeir hafa komið saman til að mynda tímabundin samtök, geta tekið þátt í útboðsferli án þess að nauðsynlegt sé að þeir stofni til sérstaks lögákveðins rekstrarforms. Að því marki sem nauðsynlegt er, t.d. þar sem krafist er óskiptrar bótaábyrgðar, má gera kröfu um sérstakt rekstrarform þegar gerður er samningur við slíka hópa.

Einnig ætti að koma skýrt fram að samningsstofnanir ættu að geta sett fram með skýrum hætti hvernig hópar rekstraraðila eigi að fara að kröfum um efnahagslega og fjárhagslega stöðu, sem settar eru fram í þessari tilskipun, sem krafist er af rekstraraðilum sem taka þátt á eigin vegum.

Þegar hópar rekstraraðila framkvæma samninga getur verið nauðsynlegt að setja skilyrði sem einstakir þátttakendur þurfa ekki að hlíta. Meðal slíkra skilyrða, sem ættu að vera réttlætanleg á grundvelli hlutlægra ástæðna og vera í samræmi við meðalhófsregluna, gæti t.d. verið krafan um að myndað sé sameiginlegt fyrirsvar eða skipaður leiðandi samstarfsaðili að því er varðar innkaupaferlið eða krafa um upplýsingar um hvernig þeir eru samsettir.

19) Til að tryggja raunverulega opnun markaðarins og sanngjarnan jöfnuð í beitingu reglna um innkaup á sviði vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu er nauðsynlegt að þær stofnanir, sem reglurnar gilda um, séu skilgreindar á annan hátt en með tilvísun til réttarstöðu sinnar. Þess vegna ætti að tryggja jafna meðferð þeirra samningsstofnana sem starfa í opinbera geiranum og hinna sem starfa í einkageiranum. Einnig er nauðsynlegt að tryggja, í samræmi við 345. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að ekki sé gengið gegn reglum aðildarríkjanna um tilhögun eignarréttar.

20) Sérstök réttindi eða einkaréttur eru hugtök sem eru kjarninn í skilgreiningu á gildissviði þessarar tilskipunar vegna þess að stofnanir, sem hvorki eru samningsyfirvöld né opinber fyrirtæki í skilningi þessarar tilskipunar, falla ekki undir ákvæði hennar nema að því marki sem þar fer fram ein tegund þeirrar starfsemi sem fjallað er um á grundvelli umræddra réttinda. Því er viðeigandi að gera grein fyrir því að réttindi, sem veitt hafa verið á grundvelli málsmeðferðar sem byggist á hlutlægum viðmiðunum, einkum samkvæmt löggjöf Sambandsins, og tryggt hefur að fái næga kynningu, teljast ekki til sérstakra réttinda eða einkaréttar að því er varðar þessa tilskipun.

Sú löggjöf ætti meðal annars að taka til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/73/EB ([9]), tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/72/EB ([10]), tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/67/EB ([11]), tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB ([12]) og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1370/2007 ([13]).

Einnig ætti að koma skýrt fram að þessi upptalning löggjafar er ekki tæmandi og að réttindi í hvaða formi sem er, þ.m.t. í gegnum sérleyfi, sem veitt hafa verið með öðrum málsmeðferðum, sem byggjast á hlutlægum viðmiðunum og tryggt hefur verið að fái nægilega kynningu, teljast ekki fela í sér sérstök réttindi eða einkarétt að því er varðar hvernig persónulegt gildissvið þessarar tilskipunar er skilgreint. Einnig ber að nota hugtakið einkarétt þegar tekin er ákvörðun um hvort notkun samningskaupa án undangenginnar útboðsauglýsingar sé réttlætanleg þar sem einungis einn rekstraraðili getur afhent verkin eða vörurnar eða innt þjónustuna af hendi vegna tiltekinnar einkaréttarverndar.

Hins vegar, með það í huga að mismunandi lagatilgangur liggur að baki þessum ákvæðum er rétt að gera grein fyrir því að hugtakið einkaréttur merkir ekki endilega það sama í þessu tvenns konar samhengi. Þess vegna ætti að koma skýrt fram að stofnun, sem hefur fengið einkarétt á að veita tiltekna þjónustu á tilteknu landsvæði í kjölfar ferlis sem byggt er á hlutlægum viðmiðunum, sem tryggt hefur verið að séu nægilega gagnsæjar, myndi ekki sjálf vera samningsstofnun, væri þetta einkaaðili, en væri engu að síður eina stofnunin sem gæti veitt viðkomandi þjónustu á þessu svæði.

([9]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/73/EB frá 13. júlí 2009 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir jarðgas og niðurfellingu tilskipunar 2003/55/EB (Stjtíð. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 94).

([10]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/72/EB frá 13. júlí 2009 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og um niðurfellingu tilskipunar 2003/54/EB (Stjtíð. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 55).

([11]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/67/EB frá 15. desember 1997 um sameiginlegar reglur varðandi þróun innri markaðar Bandalagsins á sviði póstþjónustu og umbætur á þeirri þjónustu (Stjtíð. EB L 15, 21.1.1998, bls. 14).

([12]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni (Stjtíð. EB L 164, 30.6.1994, bls. 3).

([13]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1370/2007 frá 23. október 2007 um almenna farþegaflutninga á járnbrautum og á vegum og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1191/69 og (EBE) nr. 1107/70 (Stjtíð. ESB L 315, 3.12.2007, bls. 1).

21) Tilteknar stofnanir starfa á sviði framleiðslu, flutnings eða dreifingar bæði hita og kælingar. Nokkur óvissa kann að ríkja um það hvaða reglur gildi um starfsemi tengda hitun annars vegar og kælingu hins vegar. Þess vegna ætti að koma skýrt fram að samningsyfirvöld, opinber fyrirtæki og einkafyrirtæki, sem starfa á sviði hitunar, falla undir þessa tilskipun, en ef aftur á móti er um einkafyrirtæki að ræða eru viðbótarskilyrði að þau starfi á grundvelli sérstakra réttinda eða einkaréttar. Samningsyfirvöld, sem starfa á sviði kælingar, falla á hinn bóginn undir reglur tilskipunar 2014/24/ESB, meðan opinber fyrirtæki og einkafyrirtæki, óháð því hvort þau síðarnefndu starfa á grundvelli sérstakra réttinda eða einkaréttar, falla ekki undir reglur um innkaup. Að lokum ætti að skýra að fara ber með samninga, sem veittir eru fyrir bæði samninga um hitun og kælingu, samkvæmt ákvæðum um samninga um ýmiss konar starfsemi til þess að ákvarða hvaða reglur um innkaup, ef einhverjar eru, ættu að gilda um gerð þeirra.

22) Áður en hugað er að breytingum á gildissviði þessarar tilskipunar og tilskipunar 2014/24/ESB fyrir þennan geira ætti að kanna stöðuna í kælingargeiranum til þess að safna nægum upplýsingum, einkum um samkeppnisstöðu, umfang innkaupa yfir landamæri og um sjónarmið hagsmunaaðila. Þar sem að beiting tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB ([14]) í þessum geira gæti haft veruleg áhrif í þá veru að opna markaði væri hyggilegt að rannsóknin færi fram þegar áhrif tilskipunar 2014/23/ESB eru metin.

23) Án þess að það víkki gildissvið þessarar tilskipunar á nokkurn hátt ætti að gera grein fyrir því að framleiðsla, heildsala og smásala á raforku falla undir efni hennar þegar vísað er til afhendingar raforku í þessari tilskipun.

24) Samningsstofnanir, sem starfa í drykkjarvatnsgeiranum, geta einnig annast aðra starfsemi sem tengist vatni, s.s. verkefni á sviði vatnsvirkjunar, áveitu, framræslu lands eða förgunar og hreinsunar skólps. Þegar um slíkt er að ræða ætti samningsstofnunum að vera kleift að nota innkaupaferlin, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, um alla sína starfsemi sem tengist vatni, sama um hvaða hluta vatnshringrásarinnar er að ræða. Reglur um innkaup, sem lagt er til að séu notaðar í vörubirgðasamningum, henta þó ekki við kaup á vatni, þar eð nauðsynlegt er að nýta uppsprettur í grennd við notkunarstað.

([14]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB frá 26. febrúar 2014 um gerð sérleyfissamninga (Stjtíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 1).

25) Rétt þykir að undanskilja innkaup í tengslum við olíu- og gasleit vegna þess að ítrekað kemur sannanlega í ljós að í þessum geira er samkeppnisþrýstingurinn svo mikill að ekki er lengur þörf á þeim aga í innkaupum sem Sambandið hefur komið á með reglum um innkaup. Þar sem olíu- og gasvinnsla fellur áfram undir gildissvið þessarar tilskipunar gæti verið þörf á að aðgreina leit og vinnslu. Ef það er gert ætti að leggja þann skilning í „leit" að hún taki til starfsemi, sem fer fram til að sannreyna hvort olíu og gas sé að finna á vissu svæði, og, ef svo er, hvort unnt er að nýta það í ábataskyni en „vinnsla" sé skilið sem „framleiðsla" olíu og gass. Í samræmi við viðteknar venjur þegar um samruna er að ræða ætti einnig að leggja þann skilning í „framleiðsla" að hún feli í sér „þróun", þ.e. að koma upp viðunandi grunnvirki fyrir framtíðarframleiðslu (olíuborpallar, leiðslur, birgðastöðvar, o.s.frv.)

26) Samningsstofnanir ættu að nýta allar mögulegar leiðir, sem þær hafa aðgang að samkvæmt landslögum, til að koma í veg fyrir röskun á innkaupaferlum sem stafar af hagsmunaárekstrum. Þeirra á meðal gætu verið reglur sem eru til þess ætlaðar að greina, koma í veg fyrir og lagfæra hagsmunaárekstra.

27) Með ákvörðun ráðsins 94/800/EB ([15]) var samþykktur sérstaklega samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup (samningurinn um opinber innkaup). Samningurinn um opinber innkaup hefur að markmiði að koma á marghliða ramma um jafnvæg réttindi og skyldur sem tengjast opinberum samningum með það í huga að efla frelsi í alþjóðaviðskiptum. Vegna samninga sem falla undir 3., 4. og 5. viðauka og almennar athugasemdir við I. viðbæti Evrópusambandsins við samninginn um opinber innkaup og einnig undir aðra alþjóðasamninga, sem Sambandið er bundið af, ættu samningsstofnanir að uppfylla skyldur samkvæmt þessum samningum með því að beita þessari tilskipun gagnvart rekstraraðilum þriðju landa sem eru undirritunaraðilar að samningunum.

28) Samningurinn um opinber innkaup gildir um samninga yfir vissum viðmiðunarfjárhæðum sem ákvarðaðar eru í samningnum um opinber innkaup og eru tilgreindar í sérstökum dráttarréttindum. Rétt er að aðlaga viðmiðunarfjárhæðirnar, sem kveðið er á um í þessari

([15]) Ákvörðun ráðsins 94/800/EB frá 22. desember 1994 um samþykki af hálfu Evrópubandalagsins, að því er varðar málefni sem falla undir valdsvið þess, á samningunum sem náðust í Úrúgvælotu marghliða samningaviðræðnanna (1986 til 1994) (Stjtíð EB L 336, 23.12.1994, bls. 1).

tilskipun, til að tryggja að þær samsvari fjárhæðum í evrum sem jafngilda viðmiðunarfjárhæðunum í samningnum um opinber innkaup. Í þessu sambandi ætti einnig að setja ákvæði um reglubundna endurskoðun á viðmiðunarfjárhæðum sem tilgreindar eru í evrum til að laga þær, með hreinni stærðfræðiaðferð, að hugsanlegum breytingum á gengi evru gagnvart sérstökum dráttarréttindum.

Auk þessara reglubundnu stærðfræðilegu aðlagana ætti að skoða hvort hækka ætti viðmiðunarfjárhæðirnar sem ákvarðaðar eru í samningnum um opinber innkaup í næstu samningalotu um efnið.

Til að komast hjá því að viðmiðunarfjárhæðum fjölgi er einnig rétt, með fyrirvara um alþjóðlegar skuldbindingar Sambandsins, að halda áfram að nota sömu viðmiðunarfjárhæðir gagnvart öllum samningsstofnunum, óháð því í hvaða geira þær starfa.

29) Gera ætti ljóst að við mat á verðmæti samnings verður að taka tillit til allra tekna hvort sem tekið er við þeim frá samningsstofnuninni eða þriðju aðilum.

Einnig ætti að gera það ljóst að við mat á viðmiðunarfjárhæðum ber að skilja hugtakið sambærilegar vörur sem vörur, sem ætlaðar eru til sömu eða sambærilegrar notkunar, s.s. röð matvæla eða ýmiss konar skrifstofuhúsgagna. Venjulega myndi rekstraraðili, sem starfar á viðkomandi sviði, vera líklegur til að eiga slíkar vörur sem væru hluti af venjulegu vöruúrvali hans.

30) Til þess að meta verðmæti tiltekinna innkaupa ætti að gera grein fyrir því að því aðeins ætti að vera heimilt að byggja verðmatið á verðgildi undirskipaðra hluta innkaupanna að það sé réttlætt með hlutlægum rökum. Sem dæmi mætti rökstyðja að verðmæti samnings væri metið hjá aðskilinni rekstrareiningu samningsstofnunarinnar, að því tilskildu að einingin sem um ræðir beri sjálf ábyrgð á innkaupum sínum. Gera má ráð fyrir að svo sé þegar sérstök rekstrareining sér sjálf um innkaupaferlin og tekur ákvarðanir um kaup, er sjálf með sérstakan fjárhagslið vegna innkaupanna sem um er að ræða, gerir sjálf samninginn og fjármagnar hann af fjárveitingu sem hún hefur yfir að ráða. Undirskipaður hluti er ekki réttlætanlegur ef samningsstofnunin skipuleggur aðeins innkaupin með dreifstýrðum hætti.

31) Þar sem þessari tilskipun er beint til aðildarríkjanna gildir hún ekki um innkaup af hálfu alþjóðastofnana fyrir eigin hönd og á eigin reikning. Hins vegar er nauðsynlegt að gera grein fyrir því að hvaða marki beita ætti þessari tilskipun gagnvart innkaupum sem falla undir sérstakar alþjóðlegar reglur.

32) Rétt er að minna á að gerðardóms- og sáttagerðarþjónusta og önnur svipuð form við lausn deilumála utan dómstóla er venjulega veitt af aðilum eða einstaklingum sem samþykki ríkir um eða eru valdir á þann hátt sem ekki fellur undir reglur um innkaup. Gera ætti grein fyrir að þessi tilskipun gildir ekki um þjónustusamninga um veitingu slíkrar þjónustu, hvernig svo sem þeim er lýst samkvæmt landslögum.

33) Ýmis lögfræðiþjónusta er veitt af hálfu þjónustuveitenda sem dómstóll í aðildarríki tilnefnir, hún felur í sér að lögfræðingar fara með málflutning fyrir skjólstæðinga í dómsmálum, lögbókendur verða að veita hana eða hún er í tengslum við beitingu opinbers valds. Slík lögfræðiþjónusta er venjulega veitt af aðilum eða einstaklingum, sem eru tilnefndir eða valdir á einhvern þann hátt sem ekki fellur undir gildissvið reglna um innkaup, sem dæmi má nefna tilnefning ríkislögmanns í tilteknum aðildarríkjum. Því ætti slík lögfræðiþjónusta að falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar.

34) Rétt þykir að tilgreina að hugtakið fjármálagerningur, eins og um getur í þessari tilskipun, hefur hér sömu merkingu og í annarri löggjöf um innri markaðinn og ef litið er til þess að nýlega var komið á fót Evrópska fjármálastöðugleikasjóðnum og Evrópska stöðugleikakerfinu ætti að tilskilja að aðgerðir sem fara fram með sjóðnum og kerfinu ættu að falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar. Að síðustu ætti að taka fram að lán ættu að falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar hvort sem þau eru í tengslum við útgáfu verðbréfa eða aðra fjármálagerninga eða aðra tengda starfsemi.

35) Rétt er að minna á að í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1370/2007 ([16]) er ótvírætt kveðið á um að tilskipun 2004/17/EB og 2004/18/EB gildi annars vegar um þjónustusamninga og hins vegar um opinbera þjónustusamninga vegna almennra farþegaflutninga með strætisvögnum eða sporvögnum, en reglugerð (EB) nr. 1370/2007 gildir um sérleyfissamninga um þjónustu vegna almennra farþegaflutninga með strætisvögnum eða sporvögnum. Enn fremur er rétt að minna á að sú reglugerð gildir áfram um opinbera þjónustusamninga sem og sérleyfissamninga um þjónustu vegna almennra farþegaflutninga með lestum eða jarðlestum. Til að gera grein fyrir tengslunum milli þessarar tilskipunar og reglugerðar (EB) nr. 1370/2007 ætti að kveða ótvírætt á um að þessi tilskipun skuli ekki að gilda um opinbera þjónustusamninga vegna

([16]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1370/2007 frá 23. október 2007 um almenna farþegaflutninga á járnbrautum og á vegum og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1191/69 og (EBE) nr. 1107/70 (Stjtíð. ESB L 315, 3.12.2007, bls. 1).

þjónustu við almenna farþegaflutninga með lestum eða jarðlestum en gerð þeirra ætti áfram að vera á efnissviði þeirrar reglugerðar. Að því marki sem reglugerð (EB) nr. 1370/2007 veitir svigrúm í landslögum að víkja frá reglum, sem settar eru í þeirri reglugerð, ætti aðildarríkjum að vera kleift að kveða á um í landslögum sínum að opinberir þjónustusamningar um almenna farþegaflutninga með lestum eða jarðlestum skuli gerðir með útboðsferli fyrir samningsgerð samkvæmt almennum reglum þeirra um opinber innkaup.

36) Þessi tilskipun ætti ekki að gilda um tiltekna neyðarþjónustu, sem stofnanir eða félög sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni veita, þar sem erfitt væri að varðveita eðli þessara samtaka ef velja þyrfti þjónustuveitendur í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í þessari tilskipun. Hins vegar ætti undantekningin ekki að vera umfangsmeiri en ýtrasta nauðsyn krefur. Því ætti að taka ótvírætt fram að flutningur sjúklinga með sjúkraflutningaþjónustu ætti ekki að vera undanskilinn. Í því samhengi er enn fremur nauðsynlegt að gera grein fyrir því að flokkur 601, „landflutningar“, í sameiginlega innkaupaorðasafninu, nær ekki til sjúkraflutningaþjónustu sem er í grein 8514 í sameiginlega innkaupaorðasafninu. Því ætti að taka skýrt fram að þjónusta, sem fellur undir CPV-kóða 85143000-3 og felst einvörðungu í flutningi sjúklinga með sjúkraflutningaþjónustu, ætti að falla undir sérreglur sem settar eru fram fyrir félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu („einfalda fyrirkomulagið“). Af þessum sökum myndu blandaðir samningar um veitingu sjúkraflutningaþjónustu almennt einnig falla undir einfalda fyrirkomulagið ef verðmæti flutninga sjúklinga með sjúkraflutningaþjónustu væri meira en verðmæti annarrar sjúkraflutningaþjónustu.

37) Í vissum tilvikum getur samningsyfirvald eða samband samningsyfirvalda verið eini veitandi tiltekinnar þjónustu og í tengslum við að veita hana njóta þau einkaréttar samkvæmt lögum og birtum stjórnsýslufyrirmælum sem eru í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins. Rétt er að taka fram að þessi tilskipun þarf ekki að gilda um gerð opinberra þjónustusamninga við viðkomandi samningsyfirvald eða samband samningsyfirvalda.

38) Umtalsverð réttaróvissa ríkir um það að hve miklu leyti samningar, sem gerðir eru milli samningsyfirvalda, ættu að falla undir reglur um opinber innkaup. Viðkomandi dómaframkvæmd Evrópudómstólsins er túlkuð með mismunandi hætti í aðildarríkjunum og jafnvel eftir því hvaða samningsyfirvald á í hlut. Af því að þessi dómaframkvæmd gildir að sama skapi um opinber yfirvöld, sem starfa í geirum sem falla undir þessa tilskipun, er rétt að tryggja að sömu reglur gildi og séu túlkaðar á sama hátt bæði í þessari tilskipun og í tilskipun 2014/24/ESB.

39) Margar samningsstofnanir eru skipulagðar sem samstæður sem geta staðið saman af hóp aðskilinna fyrirtækja og hefur hvert þessara fyrirtækja sérstakt hlutverk í heildarsamhengi samstæðunnar. Rétt er því að undanskilja tiltekna þjónustu-, vöru- og verksamninga, sem gerðir eru við eignatengt fyrirtæki, ef fyrirtækið hefur aðallega þá starfsemi með höndum að sjá fyrirtækjahópnum, sem það er hluti af, fyrir slíkri þjónustu, vöru eða verkum, fremur en að bjóða þau á markaði. Einnig er rétt að undanskilja tiltekna þjónustu-, vöru- og verksamninga, sem samningsstofnun gerir við fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, sem nokkrar samningsstofnanir mynda og samningsstofnunin er hluti af, með það fyrir augum að stunda starfsemi sem fellur undir þessa tilskipun. Þó ber að tryggja að þessi undantekning verði ekki til þess að raska samkeppni til hagsbóta fyrir þau fyrirtæki eða fyrirtæki um sameiginlegt verkefni sem eru í eignartengslum við samningsstofnanirnar. Setja þarf viðeigandi reglur, einkum varðandi hámarksmörk þar sem hluti af veltu fyrirtækjanna má koma frá markaðnum ef þau eru undir þeim mörkum, en yfir þeim myndu þau missa möguleikann á að gerður sé við þau samningur án útboðs, og um samsetningu fyrirtækja um sameiginlegt verkefni og stöðugleika tengsla á milli þessara fyrirtækja um sameiginlegt verkefni og samningsstofnananna sem þau eru hluti af.

40) Einnig er rétt að gera grein fyrir samspili ákvæða um samstarf milli opinberra yfirvalda og ákvæða um gerð samninga við eignatengd fyrirtæki eða í tengslum við samrekstur.

41) Fyrirtæki ættu að teljast eignatengd þegar bein eða óbein ráðandi áhrif eru til staðar milli samningsstofnunarinnar og fyrirtækisins sem um ræðir eða þegar þau eru bæði undir ráðandi áhrifum annars fyrirtækis; í þessu samhengi ætti einkaþátttaka ekki að skipta máli í sjálfu sér. Athugun á því hvort fyrirtæki sé tengt tiltekinni samningsstofnun ætti að vera eins auðveld í framkvæmd og mögulegt er. Af þessum sökum, og þar eð þegar hefði þurft að kanna möguleg bein eða óbein ráðandi áhrif í þeim tilgangi að greina hvort ársreikningar fyrirtækja eða stofnana sem í hlut eiga ættu að vera gerðir samstæðir, ættu fyrirtæki að teljast eignatengd þegar ársreikningar þeirra hafa verið gerðir samstæðir. Hins vegar gilda reglur Sambandsins um samstæðureikningsskil ekki um tiltekinn fjölda tilvika, t.d. vegna stærðar fyrirtækisins sem á í hlut eða þar sem tiltekin skilyrði um rekstrarform

þeirra að lögum eru ekki uppfyllt. Í slíkum tilvikum, þegar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB ([17]) á ekki við, verður nauðsynlegt að kanna hvort bein eða óbein ráðandi áhrif séu til staðar að teknu tilliti til eignarhalds, fjárhagslegrar þátttöku eða reglna sem gilda um fyrirtækin.

42) Hvetja ætti til þess að atvinnulífið fjármagni í sameiningu rannsóknar- og þróunaráætlanir. Af þeim sökum er rétt að taka fram að þessi tilskipun gildir aðeins ef sameiginleg fjármögnun af þessu tagi er alls ekki fyrir hendi og ef niðurstöður af rannsóknar- og þróunarstarfsemi renna til viðkomandi samningsstofnunar. Þetta ætti ekki að útiloka þann möguleika að þjónustuveitandi, sem sinnt hefur þessari starfsemi, gæti birt skýrslu um hana, svo fremi sem samningsstofnunin heldur einkaréttinum á því að nýta niðurstöður úr rannsóknar- og þróunarstarfinu til eigin starfsemi. Þótt hlutdeild í niðurstöðum rannsóknar- og þróunarstarfs sé uppspuni eða þátttaka í greiðslum til þjónustuveitandans sé fullkomlega táknræn ætti slíkt hins vegar ekki að hindra beitingu þessarar tilskipunar.

43) Þessi tilskipun ætti hvorki að gilda um samninga, sem ætlað er að heimila framkvæmd starfsemi sem fjallað er um í þessari tilskipun, né um hönnunarsamkeppnir, sem efnt er til vegna slíkrar starfsemi, ef starfsemin er í beinni samkeppni, í aðildarríkinu þar sem hún fer fram, á mörkuðum þar sem aðgangur er ekki takmarkaður. Því er rétt að halda þeirri málsmeðferð, sem hægt er að beita í öllum geirum, eða hlutum þeirra, sem þessi tilskipun gildir um, sem gerir kleift að taka tillit til bæði núverandi áhrifa og framtíðaráhrifa þess að opna fyrir samkeppni. Slík málsmeðferð ætti að hafa í för með sér réttaröryggi fyrir viðkomandi aðila og einnig viðeigandi ferli ákvarðanatöku sem tryggir, innan knappra tímamarka, samræmda beitingu laga Sambandsins. Í þágu réttarvissu ætti að gera grein fyrir því að allar ákvarðanir, sem samþykktar voru fyrir gildistöku þessarar tilskipunar um gildissvið samsvarandi ákvæða í 30. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB verða áfram í gildi.

44) Bein samkeppni skal metin á grundvelli hlutlægra viðmiðana, að teknu tilliti til sérstakra eiginleika viðkomandi geira eða hluta hans. Þessu mati eru þó skorður settar vegna stuttra tímamarka og vegna þess að nauðsynlegt er að reiða sig á þær upplýsingar, sem framkvæmdastjórnin hefur yfir að ráða, sem koma annaðhvort frá þegar tiltækum heimildum eða úr upplýsingum sem fást í tengslum við beitingu skv. 35. gr., og er ekki hægt að bæta við með tímafrekari aðferðum, einkum t.d. opinberum rannsóknum sem beinast að hlutaðeigandi rekstraraðilum. Matið á beinni samkeppni, sem hægt er að framkvæma innan ramma þessarar tilskipunar, er þar af leiðandi með fyrirvara um fullkomna beitingu samkeppnislaga.

45) Mat á því hvort tiltekinn geiri, eða hlutar hans, eigi í beinni samkeppni, ætti að fara fram með tilliti til þess á nákvæmlega hvaða sviði starfsemi, eða viðkomandi hlutar hennar, er innt af hendi af hlutaðeigandi rekstraraðilum, það sem nefnt hefur verið „viðkomandi landfræðilegur markaður". Þar eð þetta hugtak er úrslitaatriði fyrir matið ætti að skilgreina það á viðunandi hátt með skírskotun til fyrirliggjandi hugtaka í löggjöf Sambandsins. Einnig ætti að gera grein fyrir því að ekki er víst að viðkomandi landfræðilegur markaður samsvari yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis, þar af leiðandi ætti að vera mögulegt að láta ákvarðanir varðandi gildissvið undanþágunnar ná einvörðungu til hluta yfirráðasvæðis hlutaðeigandi aðildarríkis.

46) Ef viðeigandi lög Sambandsins um opnun á tilteknum geira, eða hluta hans, hafa verið sett og þeim beitt ætti það að teljast nægileg ástæða til að gera ráð fyrir að frjáls aðgangur sé að viðkomandi markaði. Slík viðeigandi löggjöf skal tilgreind í viðauka sem framkvæmdastjórnin getur uppfært. Við uppfærslu á viðaukanum ætti framkvæmdastjórnin einkum að taka tillit til þess möguleika að samþykkja ráðstafanir sem fela það í sér að opnað verði að fullu fyrir samkeppni á öðrum sviðum en þeim sem falla undir lög sem þegar er vísað er til í viðaukanum, t.d. ráðstafanir varðandi farþegaflutninga með járnbrautum innanlands.

47) Ef ekki er gert ráð fyrir frjálsum aðgangi að tilteknum markaði á grundvelli þess að viðeigandi lögum Sambandsins er hrundið í framkvæmd ætti að sýna fram á að slíkur aðgangur sé frjáls að lögum og í reynd. Ef aðildarríki beitir réttargerð Sambandsins með víðtækari hætti og opnar fyrir samkeppni í tilteknum geira að því er varðar aðstæður, sem falla utan gildissviðs þeirrar réttargerðar, t.d. með því að beita tilskipun 94/22/EB í kolageiranum eða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/34/ESB ([18]) í farþegaflutningum innanlands, ætti að taka tillit til þessara aðstæðna við mat á því hvort aðgangur sé frjáls að hlutaðeigandi geira.

([17]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og viðkomandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

([18]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/34/ESB frá 21. nóvember 2012 um að koma á samevrópsku járnbrautarsvæði (Stjtíð. ESB L 343, 14.12.2012, bls. 32).

48) Óháð landsyfirvöld á borð við eftirlitsaðila í vissum geirum eða samkeppnisyfirvöld búa yfirleitt yfir sérhæfðri verkkunnáttu, upplýsingum og þekkingu, sem skiptir máli við mat á því hvort tiltekin starfsemi, eða hlutar hennar, eigi í beinni samkeppni á mörkuðum sem aðgangur er ekki takmarkaður að. Beiðnir um undanþágur ættu því, eftir því sem við á, að innihalda, eða þeim ætti að fylgja nýleg afstaða um stöðu samkeppni í hlutaðeigandi geira, sem óháð landsyfirvald, sem er lögbært með tilliti til viðkomandi starfsemi, hefur samþykkt.

Ef ekki er fyrir hendi rökstudd og skjalfest afstaða, sem óháð landsyfirvald hefur samþykkt, sem er lögbært með tilliti til viðkomandi starfsemi, þarf að gera ráð fyrir lengri tíma til að meta beiðni um undanþágu. Þess vegna ætti að breyta þeim tímabilum sem framkvæmdastjórnin hefur til að framkvæma mat á slíkum beiðnum til samræmis við það.

49) Framkvæmdastjórninni ætti ætíð að vera skylt að skoða beiðnir, sem uppfylla nákvæmar reglur um beitingu málsmeðferða við að skera úr um hvort tiltekin starfsemi, eða hlutar hennar, eigi í beinni samkeppni á mörkuðum sem aðgangur er ekki takmarkaður að. Hins vegar ætti einnig að taka fram að flækjustig slíkra beiðna kann að vera það mikið að ekki sé ætíð unnt að tryggja að framkvæmdargerðir, sem ákvarða hvort tiltekin starfsemi, eða hlutar hennar, eigi í beinni samkeppni á mörkuðum sem aðgangur er ekki takmarkaður að, séu samþykktar innan viðeigandi tímamarka.

50) Rétt er að skýra að framkvæmdastjórninni ætti að vera kleift að gera kröfu um að aðildarríkin eða samningsstofnanir leggi fram upplýsingar, bæti við þær fylgigögnum eða geri frekari grein fyrir þeim. Framkvæmdastjórnin ætti að setja viðeigandi tímamörk fyrir slíkt, og með tilhlýðilegu tilliti til þess að einnig er nauðsynlegt að fylgja tímamörkum fyrir samþykkt framkvæmdastjórnarinnar á framkvæmdargerð sinni, og hún ætti að hafa hliðsjón af þáttum á borð við flækjustig upplýsinga sem farið er fram á og hvort auðvelt sé að nálgast upplýsingarnar.

51) Atvinna og starfsgrein hafa sitt að segja um aðlögun að samfélaginu og eru lykilþættir þegar kemur að því að tryggja öllum jöfn tækifæri. Í þessu samhengi geta verndaðir vinnustaðir gegnt mikilvægu hlutverki. Það á einnig við um önnur félagsleg fyrirtæki, sem hafa að meginmarkmiði að styðja félagslega og faglega aðlögun eða enduraðlögun fatlaðra og illa settra einstaklinga, t.d. atvinnulausra, einstaklinga, sem tilheyra minnihlutahópum, sem eiga undir högg að sækja, eða hópa sem eru á einhvern hátt félagslega jaðarsettir. Hins vegar er hugsanlegt að slíkir vinnustaðir eða fyrirtæki nái ekki samningum við venjulegar samkeppnisaðstæður. Þess vegna er rétt að setja ákvæði um að aðildarríkin geti bundið réttinn til þátttöku í útboði vegna opinberra samninga eða tiltekinna samningshluta þeirra slíkum vinnustöðum eða fyrirtækjum eða bundið framkvæmd samninga við áætlanir um verndaða vinnu.

52) Þegar litið er til viðeigandi samþættingar umhverfislegra og félagslegra krafna og vinnumarkaðskrafna í opinberu innkaupaferli er einkum mikilvægt að aðildarríki og samningsstofnanir grípi til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að uppfylltar séu kröfur á sviði umhverfis-, félagsmála- og vinnuréttar sem gilda á staðnum þar sem verkin eru framkvæmd eða þjónustan veitt og leiðir af lögum, reglugerðum, úrskurðum og ákvörðunum bæði á landsvísu og á Sambandsvísu, og af kjarasamningum, að því tilskildu að slíkar reglur, og beiting þeirra, samræmist lögum Sambandsins. Á sama hátt ættu skyldur, sem stafa af alþjóðasamningum, sem öll aðildarríki hafa fullgilt og eru taldir upp í XIV. viðauka, að gilda meðan á framkvæmd samnings stendur. Þetta ætti hins vegar ekki að koma í veg fyrir að notaðir séu ráðningarskilmálar og atvinnuskilyrði sem eru hagstæðari fyrir starfsmenn.

Viðkomandi ráðstöfunum ætti að beita í samræmi við grundvallarreglur í löggjöf Sambandsins, einkum með það í huga að tryggja jafna meðferð. Beita ætti slíkum viðeigandi ráðstöfunum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/71/EB ([19]) og með slíkum hætti að það tryggi jafna meðferð og að rekstraraðilum og starfsmönnum frá öðrum aðildarríkjum sé ekki mismunað beint eða óbeint.

53) Líta ætti svo á að þjónusta sé veitt á þeim stað þar sem einkennandi þættir hennar eru framkvæmdir. Þegar þjónustu er fjarmiðlað, t.d. þjónustu sem veitt er úr þjónustuverum, ætti slík þjónusta að teljast veitt á þeim stað þar sem þjónustan er framkvæmd, án tillits til þeirra staða eða aðildarríkja sem þjónustunni er beint til.

([19]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/71/EB frá 16. desember 1996 um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu (Stjtíð. EB L 18, 21.1.1997, bls. 1).

54) Þær skyldur, sem við eiga gætu endurspeglast í samningsákvæðum. Einnig ætti að vera mögulegt að setja inn ákvæði í opinbera samninga sem tryggja að farið sé að kjarasamningum í samræmi við lög Sambandsins. Líta má á það sem alvarlegt misferli af hálfu rekstraraðilans sem í hlut á ef viðeigandi skyldur eru ekki uppfylltar og gæti slíkt varðað útilokun þess rekstraraðila frá ferlinu við gerð opinbers samnings.

55) Eftirlit með því hvort farið sé að ákvæðum umhverfis-, félagsmála- og vinnulöggjafar ætti að fara fram á viðeigandi stigum innkaupaferlisins, þegar almennum meginreglum um val á þátttakendum og gerð samninga er beitt, þegar útilokunarviðmiðunum er beitt og þegar beitt er ákvæðum sem varða óeðlilega lág tilboð. Nauðsynleg sannprófun í þessu tilliti ætti að fara fram í samræmi við viðeigandi ákvæði í þessari tilskipun, einkum þau sem varða leiðir til sönnunar og eigin yfirlýsingar.

56) Ekkert í þessari tilskipun ætti að koma í veg fyrir að gerðar verði ráðstafanir eða framfylgt verði ráðstöfunum, sem eru nauðsynlegar til að vernda allsherjarreglu, almennt siðgæði, almannaöryggi, heilbrigði, líf manna og dýra eða varðveita plöntur, eða gera aðrar umhverfisráðstafanir, einkum með tilliti til sjálfbærrar þróunar, að því tilskildu að þessar ráðstafanir samrýmist sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins.

57) Rannsóknir og nýsköpun, þ.m.t. vistvæn nýsköpun og félagsleg nýsköpun, eru meðal þess sem helst drífur áfram framtíðarvöxt og eru kjarninn í áætluninni Evrópa 2020 um snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla. Samningsstofnanir ættu að nýta opinber innkaup á sem skipulagðastan hátt til að efla nýsköpun. Kaup á nýsköpunarvörum, -verkum og -þjónustu gegna lykilhlutverki í því að bæta skilvirkni og gæði opinberrar þjónustu og að sama skapi er með þeim tekið á helstu samfélagslegum áskorunum. Þetta stuðlar að því að fá mesta verðmætið fyrir fé, auk víðtækara efnahagslegs, umhverfislegs og félagslegs hagræðis þegar litið er til þess að skapa nýjar hugmyndir, koma þeim yfir í nýsköpunarvörur og -þjónustu og efla sjálfbæran hagvöxt með þessum hætti.

Minna ætti á að röð innkaupalíkana er tilgreind í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 14. desember 2007 sem ber heitið „Opinber innkaup fyrir markaðssetningu: Hvatt til nýsköpunar til að tryggja varanlega hágæða opinbera þjónustu í Evrópu“ og fjallar um innkaup á rannsóknar- og þróunarþjónustu sem fellur ekki innan gildissviðs þessarar tilskipunar. Þessi líkön yrðu áfram tiltæk en þessi tilskipun ætti einnig að hafa í för með sér einföldun opinberra innkaupa á sviði nýsköpunar og auðvelda aðildarríkjum að ná takmörkum um nýsköpun í Sambandinu.

58) Þegar litið er til þess hve nýsköpun er mikilvæg ætti að hvetja samningsstofnanir til að heimila frávikstilboð eins oft og unnt er. Þar af leiðandi ætti að beina athygli þessara stofnana að því að nauðsynlegt er að skilgreina lágmarkskröfur sem frávikstilboð verða að uppfylla áður en þau gefa til kynna að leggja megi fram frávikstilboð.

59) Ef lausnir, sem þegar eru fyrir hendi á markaði, eru ekki fullnægjandi til að koma til móts við þörfina á að þróa nýsköpunarvöru eða -þjónustu eða nýsköpunarverk og eftirfylgjandi kaup á vörum, þjónustu eða verkum sem af því leiðir ættu samningsstofnanir að hafa aðgang að sérstöku innkaupaferli í tengslum við samninga sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar. Þetta sérstaka ferli ætti að gefa samningsstofnunum færi á að stofna til langtíma nýsköpunarsamstarfs fyrir þróun og eftirfylgjandi kaup á nýrri nýsköpunarvöru, -þjónustu eða -verkum að því tilskildu að unnt sé að afhenda slíka nýsköpunarvöru, -þjónustu eða -verk á því nothæfisstigi og fyrir þann kostnað, sem samþykktur var, án þess að þörf sé á sérstöku innkaupaferli vegna kaupanna. Nýsköpunarsamstarfið ætti að byggjast á málsmeðferðarreglum, sem gilda um samningskaup að undangenginni útboðsauglýsingu, og eingöngu ætti að gera samninga á grundvelli besta hlutfalls milli verðs og gæða sem er hentugasta aðferðin við samanburð á tilboðum vegna nýsköpunarlausna. Hvort sem um er að ræða mjög stór verkefni eða nýsköpunarverkefni, sem eru smærri í sniðum, ætti að skipuleggja nýsköpunarsamstarfið þannig að það gefi þann „markaðstogkraft“ sem þarf og sé hvetjandi fyrir þróun á nýsköpunarlausn en virki þó ekki útilokandi fyrir markaðinn. Samningsstofnanir ættu því ekki að nota nýsköpunarsamstarf á þann hátt að það komi í veg fyrir, takmarki eða raski samkeppni. Í sérstökum tilvikum gæti stofnun nýsköpunarsamstarfs með nokkrum samstarfsaðilum haft í för með sér að komist yrði hjá slíkum áhrifum.

60) Það hefur sýnt sig að samkeppnisviðræður, sem kveðið er á um í tilskipun 2014/24/ESB, hafa verið gagnlegar þegar samningsyfirvöld geta ekki skilgreint leiðir til að uppfylla eigin þarfir eða metið hvað í boði er á markaðnum af tæknilegum, fjárhagslegum eða lagalegum lausnum. Þessi staða getur einkum komið upp í tengslum við nýsköpunarverkefni, framkvæmd stórra samþættra

verkefna á sviði grunnvirkja í flutningum, stórra tölvuneta eða verkefna sem fela í sér flókna og skipulagsbundna fjármögnun. Aðildarríkjum ætti þess vegna að vera heimilt að gera þetta tæki tiltækt samningsstofnunum. Þar sem við á ætti að hvetja samningsyfirvöld til að tilnefna verkefnisstjóra til að tryggja gott samstarf milli rekstraraðilanna og samningsyfirvaldsins meðan á útboðsferlinu stendur.

61) Í ljósi skaðlegra áhrifa á samkeppni ætti einungis að nota samningskaup án undangenginnar útboðsauglýsingar í mjög sérstökum undantekningartilvikum. Þessi undantekning ætti að takmarkast við tilvik þegar birting er ýmist ekki möguleg vegna þess að bráð nauðsyn skapaðist vegna atburða sem samningsstofnunin gat ekki séð fyrir og eru ekki raktir til hennar eða vegna þess að augljóst er allt frá upphafi að birtingin myndi ekki ýta undir meiri samkeppni eða hagstæðari innkaupaniðurstöður, ekki hvað síst vegna þess að í reynd er einungis einn rekstraraðili sem getur framkvæmt samninginn. Þetta á við um listaverk þegar það hver listamaðurinn er ákvarðar í sjálfu sér einstakt eðli og virði listmunarins sjálfs. Einkaréttur getur einnig skapast af öðrum ástæðum en eingöngu er hægt að réttlæta notkun samningskaupa án undangenginnar útboðsauglýsingar ef aðstæður eru hlutlægar í einkaréttarlegu tilliti og samningsstofnunin sjálf hefur ekki skapað þessar einkaréttaraðstæður með komandi innkaupaferli í huga.

Samningsstofnanir, sem reiða sig á þessa undantekningu, ættu að gefa ástæður fyrir því af hverju ekki fyrirfinnast neinir aðrir raunhæfir valkostir eða annað sem komið getur í staðinn, t.d. að nota aðrar dreifileiðir, einnig utan aðildarríkis samningsstofnunarinnar, eða að íhuga verk, vörur og þjónustu með sambærilega hagnýtingu.

Ef einkaréttaraðstæðurnar eru tilkomnar af tæknilegum ástæðum ætti að skilgreina og réttlæta þær af gaumgæfni í hverju tilviki fyrir sig. Þær gætu m.a. verið vegna þess að því sem næst ógerlegt er fyrir annan rekstraraðila að ná þeirri frammistöðu, sem krafist er, eða að nauðsynlegt er að nota sérstaka verkkunnáttu, tæki eða aðferðir sem aðeins einn rekstraraðili býr yfir. Tæknilegar ástæður geta einnig verið tilkomnar vegna tiltekinna krafna um rekstrarsamhæfi sem skylt er að uppfylla til að tryggja nothæfi verka, birgða eða þjónustu sem kaupa skal inn.

Að lokum er ekki gagnlegt að nota innkaupaferli ef vörur eru keyptar beint á vörumarkaði, þ.m.t. viðskiptavettvangar fyrir hrávöru á borð við landbúnaðarafurðir, hrávörur og orkuviðskipti þar sem fjölþætt viðskiptakerfi, sem lýtur reglusetningu og eftirliti, tryggir markaðsverð með eðlilegum hætti.

62) Taka ætti skýrt fram að ákvæði um verndun trúnaðarupplýsinga koma ekki á nokkurn hátt í veg fyrir opinbera birtingu upplýsinga um þá hluta gerða samninga, sem ekki lúta trúnaðarkvöðum, þ.m.t. allar síðari breytingar.

63) Rafrænar aðferðir við upplýsingar og samskipti geta einfaldað mjög birtingu samninga og aukið skilvirkni og gagnsæi innkaupaferla. Þær ættu að verða hin hefðbundna aðferð fyrir samskipti og skipti á upplýsingum í innkaupaferlum þar sem þær auka verulega möguleika rekstraraðila til að taka þátt í innkaupaferlum á öllum innri markaðnum. Í því skyni ætti að skyldubinda að tilkynningar séu sendar á rafrænu formi, að útboðsgögn séu aðgengileg rafrænt og – að 30 mánaða umbreytingarfresti liðnum – öll samskipti séu rafræn, þ.e.a.s. samskipti með rafrænum leiðum á öllum stigum ferlisins, þ.m.t. sending þátttökutilkynninga og sér í lagi sending tilboðanna (rafræn framlagning). Aðildarríkjum og samningsstofnunum ætti áfram að vera frjálst að setja ákvæði sem ganga lengra ef þau kjósa svo. Einnig ætti að taka skýrt fram að skyldubundin notkun rafrænna samskiptaaðferða samkvæmt þessari tilskipun ætti þó ekki að leggja þá kvöð á samningsstofnanir að úrvinnsla tilboða sé rafræn né heldur að lögbjóða rafrænt mat eða sjálfvirka vinnslu. Samkvæmt þessari tilskipun ættu enn fremur engir þættir opinbera innkaupaferlisins, eftir að samningur er gerður, að falla undir kvöðina um að nota rafrænar samskiptaaðferðir og á það einnig við um innri samskipti hjá samningsstofnuninni.

64) Samningsstofnanir ættu, nema aðstæður séu alveg sérstakar, að nota rafrænar samskiptaaðferðir sem mismuna ekki, eru almennt aðgengilegar og innbyrðis samhæfðar upplýsinga- og fjarskiptatækni sem er almennt í notkun og takmarka ekki aðgang rekstraraðila að innkaupaferlinu. Við notkun slíkra samskiptaaðferða ætti einnig að taka tilhlýðilegt tillit til aðgengis fatlaðs fólks. Rétt er að taka skýrt fram að skyldan til þess að nota rafrænar aðferðir á öllum stigum innkaupaferlisins myndi ekki eiga við ef notkun rafrænna aðferða hefði skilyrðislaust í för með sér sérhæfð tæki eða skráasnið, sem eru yfirleitt ekki tiltæk, eða ef einungis væri hægt að hafa umrædd samskipti með því að nota sérhæfðan skrifstofubúnað. Þess vegna ætti ekki að skylda samningsstofnanir til að gera kröfu um notkun rafrænna samskiptaaðferða í framlagningarferlinu í tilteknum tilvikum sem ætti að taka saman tæmandi lista yfir. Í þessari tilskipun er mælt fyrir um að slík tilvik séu m.a. aðstæður þar sem gerð væri krafa um sérhæfðan skrifstofubúnað sem er yfirleitt ekki tiltækur samningsstofnunum, t.d. prentarar fyrir breitt

snið (e. wide-format). Í sumum innkaupaferlum gæti verið nauðsynlegt, útboðsgagnanna vegna, að leggja fram líkan eða smækkað líkan (e. a physical or scale model) sem ekki er hægt að senda samningsstofnunum með rafrænum hætti. Þegar svo ber undir ætti að senda líkanið til samningsstofnana með pósti eða öðrum viðeigandi flutningsmáta.

Hins vegar ætti að taka skýrt fram að notkun annarra samskiptaaðferða ætti einungis að ná til þeirra þátta tilboðsins þar sem ekki er krafist rafrænna samskiptaaðferða.

Rétt þykir að taka fram að samningsstofnanir ættu, ef nauðsyn krefur af tæknilegum ástæðum, að geta sett hámarksmörk á stærð skráa sem leggja má fram.

65) Upp geta komið undantekningartilvik þar sem samningsstofnunum ætti ekki að vera heimilt að nota rafrænar samskiptaaðferðir og nauðsynlegt er að nota ekki slíkar samskiptaaðferðir til að vernda upplýsingar sem eru sérstaklega viðkvæmar í eðli sínu. Taka ætti fram að ef notkun rafrænna tækja, sem eru almennt ekki tiltæk, hefur í för með sér að ná megi nauðsynlegu verndarstigi, ætti að nota slík rafræn tæki. Sem dæmi gæti þetta átt við ef samningsstofnanir gera kröfu um að notaðar séu sérstaklega öruggar samskiptaaðferðir sem þau bjóða upp á aðgang að.

66) Mismunandi tæknisnið eða -ferlar og skeytastaðlar gætu hugsanlega skapað hindranir gagnvart rekstrarsamhæfi, ekki aðeins innan sérhvers aðildarríkis, heldur einnig og einkum milli aðildarríkjanna. Sem dæmi má nefna að til að taka þátt í innkaupaferli þar sem notkun rafrænna vörulista er leyfð eða hennar krafist, en þeir eru ákveðið snið fyrir kynningu og skipulag upplýsinga á formi sem sammerk er öllum bjóðendum, sem taka þátt, og hentar vel til rafrænnar meðferðar, myndi sú krafa gerð til rekstraraðila, ef ekki er um stöðlun að ræða, að þeir aðlagi vörulista sína að sérhverju innkaupaferli, en slíkt hefði í för með sér að mjög sambærilegar upplýsingar væru veittar á mismunandi formi og færi eftir nákvæmum skilgreiningum viðkomandi samningsstofnunar. Stöðlun á sniði vörulista myndi því bæta samhæfisstigið, auka skilvirkni og myndi einnig minnka þá vinnu sem rekstraraðilar þurfa að leggja á sig.

67) Við skoðun á því hvort þörf sé á að tryggja eða auka samhæfi milli mismunandi tæknisniða eða ferla- og skeytastaðla með því að skyldubinda sérstaka staðla, og ef slíkt yrði raunin, hvaða staðla ætti að setja, ætti framkvæmdastjórnin að taka ítrasta tillit til skoðana viðkomandi hagsmunaaðila. Hún ætti einnig að taka til skoðunar að hvaða marki tiltekinn staðall hefur þegar verið notaður í reynd af rekstraraðilum og samningsstofnunum og hversu vel hann reyndist. Áður en notkun tiltekinna staðla er gerð skyldubundin ætti framkvæmdastjórnin einnig að íhuga vandlega hvaða kostnað slíkt gæti haft í för með sér, einkum að því er varðar aðlaganir að rafrænum innkaupalausnum sem þegar eru fyrir hendi, m.a. að því er varðar innviði, ferla eða hugbúnað.

Ef viðkomandi staðlar hafa ekki verið þróaðir af alþjóðlegri, evrópskri eða landsbundinni staðlastofnun ættu þeir að uppfylla kröfur sem gilda um upplýsinga- og fjarskiptatæknistaðla eins og sett er fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 ([20]).

68) Áður en öryggisstig, sem krafist er fyrir rafrænar samskiptaaðferðir sem nota skal á ýmsum stigum útboðsferlisins, er tilgreint ættu aðildarríki og samningsstofnanir að meta samsvörun milli þeirra krafna, sem miða að því að tryggja rétta og áreiðanlega auðkenningu sendanda viðkomandi skilaboða, auk heilleika efnisins, annars vegar, og hættu á vandamálum, t.d. í aðstæðum þegar skilaboð eru send af öðrum sendanda en þeim sem tilgreint er að sendi þau hins vegar. Að öðru jöfnu þýðir þetta að öryggisstig, sem t.d. er gerð krafa um varðandi tölvupóst þar sem farið er fram á að staðfest sé nákvæmt heimilisfang á þeim stað, sem upplýsingafundur verður haldinn, væri ekki hið sama og fyrir tilboðið sjálft, en í því felst bindandi tilboð fyrir rekstraraðilann. Á sama hátt gæti matið á samsvörun haft í för með sér að gerð sé krafa um lægra öryggisstig í tengslum við að rafrænir vörulistar séu aftur lagðir fram eða framlagningu tilboða þegar um að ræða örútboð samkvæmt rammasamningi eða aðgang að útboðsgögnum.

([20]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun og breytingu á tilskipunum ráðsins 89/686/EBE og 93/15/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB, 94/25/EB, 95/16/EB, 97/23/EB, 98/34/EB, 2004/22/EB, 2007/23/EB, 2009/23/EB og 2009/105/EB og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 87/95/EBE og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1673/2006/EB (Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).

69) Enda þótt mikilvægir þættir í innkaupaferlinu, s.s. útboðsgögn, þátttökubeiðnir, staðfesting á áhuga og tilboð, ættu ætíð að vera skriflegir ættu munnleg samskipti við rekstraraðila að öðru leyti að vera möguleg áfram, að því tilskildu að efni þeirra sé skjalfest að nægilega miklu leyti. Þetta er nauðsynlegt til að tryggja viðunandi gagnsæi sem gerir kleift að sannreyna fylgt hafi verið meginreglunni um jafna meðferð. Einkum er brýnt að munnleg samskipti við bjóðendur, sem gætu haft áhrif á efni og mat tilboða, séu skrásett nægilega vel og með viðeigandi hætti, s.s. sem skriflegar skýrslur eða hljóðskýrslur eða samantekt á helstu atriðum í samskiptunum.

70) Fyrir hendi er rík tilhneiging á opinberum innkaupamörkuðum í öllu Sambandinu í átt að samþjöppun eftirspurnar af hálfu opinberra kaupenda, sem miðar að því að ná fram stærðarhagkvæmni, m.a. lægra verði og viðskiptakostnaði og að bæta stjórnun í innkaupum og gera hana faglegri. Þessu má ná fram með samsöfnun innkaupa, annaðhvort með fjölda samningsstofnana sem eiga hlut að máli, eða með umfangi og verðmæti yfir lengra tímabil. Hins vegar ætti að fylgjast náið með samþjöppun og miðstýringu innkaupa til að forða frá of mikilli samsöfnun innkaupamáttar og leynilegu samráði og til að viðhalda gagnsæi og samkeppni sem og tækifærum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki að hafa aðgang að markaði.

71) Rammasamningar geta verið árangursrík innkaupaaðferð alls staðar í Sambandinu, hins vegar þarf að styrkja samkeppni með því að auka gagnsæi við innkaup, sem fara fram með rammasamningum og aðgang að þeim. Því er viðeigandi að endurskoða ákvæðin, sem eiga við um þessa samninga, einkum með því að kveða á um að gerð sérstakra samninga, sem byggjast á slíkum samningum, sé á grundvelli hlutlægra reglna og viðmiðana, t.d. í kjölfar örútboðs og með því að takmarka gildistíma rammasamninga.

72) Einnig ætti að gera grein fyrir því að þótt gera eigi samninga, sem byggðir eru á rammasamningi, fyrir lok gildistíma rammasamningsins sjálfs, er ekki nauðsynlegt að gildistími einstakra samninga, sem byggjast á rammasamningi, falli saman við gildistíma umrædds rammasamnings heldur gæti hann verið skemmri eða lengri, eftir því sem við á. Einkum ætti að heimila að ákveða lengd einstakra samninga, sem byggjast á rammasamningi með tilliti til þátta á borð við hve langan tíma tekur að framkvæma þá, að litið er til þess að tilgreint er viðhald á búnaði með lengri væntan nýtingartíma en átta ár eða að þörf er á yfirgripsmikilli þjálfun starfsfólks til að framkvæma samninginn.

Einnig ætti að taka fram að upp geta komið tilvik þar sem heimila ætti að gildistími rammasamninganna sjálfra sé lengri en átta ár. Slík tilvik, sem ættu að vera tilhlýðilega rökstudd, einkum með inntaki rammasamningsins, gætu t.d. orðið ef rekstraraðilar verða að farga búnaði, sem tekur lengri tíma en átta ár að afskrifa, og verður ætíð að vera tiltækur á öllum gildistíma rammasamningsins. Í tengslum við þjónustuveitendur, sem veita nauðsynlega þjónustu til almennings, kann að vera, í vissum tilvikum, þörf bæði fyrir lengri rammasamninga og lengri gildistíma einstakra samninga, t.d. ef um er að ræða rammasamninga, sem ætlað er að tryggja almennt og sérstakt viðhald netkerfa, sem e.t.v. þarf dýran búnað, sem starfsfólk með mikla sérhæfða menntun, sem miðar að því að tryggja samfellda þjónustu og lágmörkun mögulegra truflana, skal starfrækja.

73) Í ljósi fenginnar reynslu er einnig nauðsynlegt að aðlaga reglurnar um gagnvirk innkaupakerfi til að gera samningsstofnunum kleift að nýta til fulls þá möguleika sem þetta stjórntæki felur í sér. Einfalda þarf kerfin, einkum að því leyti að starfrækja ætti þau í formi lokaðs útboðs og uppræta þannig þörfina á kynningarboðum, sem hafa verið tilgreind sem einn mest íþyngjandi þátturinn í tengslum við gagnvirk innkaupakerfi. Þess vegna ætti að heimila öllum rekstraraðilum, sem leggja fram þátttökutilkynningu og uppfylla hæfiskröfur, að taka þátt í innkaupaferli sem fram fer í gegnum gagnvirka innkaupakerfið meðan á gildistíma þess stendur.

Með þessari innkaupatækni er samningsstofnuninni gert kleift að hafa einkar vítt svið tilboða og tryggja þannig hámarksnýtingu fjármagns í gegnum víðtæka samkeppni þegar litið er til algengrar hilluvöru, verka eða þjónustu, sem eru almennt fáanleg á markaðnum.

74) Yfirleitt ætti skoðun á þessum þátttökutilkynningum að fara fram innan 10 virkra daga að hámarki, að því gefnu að hæfiskröfurnar verði metnar á grundvelli krafnanna um skjalahald sem settar eru fram af samningsstofnunum, eftir því sem við á í samræmi við einfölduð ákvæði í tilskipun 2014/24/ESB. Þegar gagnvirku innkaupakerfi er upphaflega komið á gætu samningsstofnanir þó staðið andspænis það miklum fjölda beiðna um þátttöku þegar viðbrögð berast við fyrstu birtingu útboðstilkynningar eða boðs um að staðfesta áhuga að þau þyrftu lengri tíma til að skoða beiðnirnar. Þetta ætti að vera leyfilegt að því tilskildu að engin sérstök kaup verði hafin áður en allar beiðnirnar hafa verið skoðaðar.

Samningsstofnunum ætti að vera frjálst að skipuleggja hvernig þau hyggjast skoða þátttökubeiðnir, t.d. með því að ákveða að þessar skoðanir fari einungis fram einu sinni í viku, að því tilskildu að tímamörk um skoðun á sérhverri beiðni séu virt. Samningsstofnanir, sem nota útilokunarviðmiðanir eða hæfiskröfur, sem kveðið er á um í tilskipun 2014/24/ESB í tengslum við gagnvirkt innkaupakerfi, ættu að beita viðeigandi ákvæðum þeirrar tilskipunar á sama hátt og samningsyfirvöld sem starfrækja gagnkvæmt innkaupakerfi samkvæmt tilskipun 2014/24/ESB.

75) Til að ýta undir þátttökumöguleika lítilla og meðalstórra fyrirtækja í umfangsmiklu gagnvirku innkaupakerfi, t.d. kerfi sem rekið er af miðlægri innkaupastofnun, ætti viðkomandi samningsyfirvald eða -stofnun að geta gert grein fyrir kerfinu í flokkum vöru, verka og þjónustu sem skilgreindir eru á hlutlægan hátt. Slíka flokka ætti að skilgreina með vísun í hlutlæga þætti, sem gætu t.d. falið í sér mestu leyfilegu stærð ákveðinna samninga, sem gera skal innan viðkomandi flokks, eða tiltekið landsvæði þar sem ákveðnir samningar koma til framkvæmda. Ef gagnvirku innkaupakerfi er skipt niður í flokka ætti samningsyfirvaldið eða -stofnunin að nota hæfiskröfur sem eru í réttu hlutfalli við einkenni viðkomandi flokks.

76) Taka ætti skýrt fram að rafræn uppboð eru yfirleitt ekki hentug fyrir tiltekna verksamninga og tiltekna þjónustusamninga, sem eru að samningsefni til um framkvæmd á sviði hugverka, s.s. verkhönnun, vegna þess að einungis er heimilt að þeir þættir, sem unnt er að meta sjálfvirkt með rafrænum aðferðum án nokkurra afskipta eða mats af hálfu samningsstofnunarinnar, þ.e.a.s. þættir sem eru mælanlegir og unnt er að setja fram í tölum eða hundraðshlutum, séu viðfangsefni rafrænna uppboða.

Þó ætti einnig að taka skýrt fram að heimilt er að nota rafræn uppboð í innkaupaferli vegna kaupa á sérstökum hugverkaréttindum. Rétt er einnig að minna á að þótt samningsstofnunum sé áfram frjálst að nota hæfiskröfur sem gera þeim kleift að fækka umsækjendum eða bjóðendum, meðan uppboðið er enn ekki hafið, er ekki heimilt að fækka bjóðendum, sem taka þátt í rafræna uppboðinu, eftir að uppboðið er hafið.

77) Stöðugt er í þróun ný tækni við rafræn kaup, t.a.m. rafrænir vörulistar. Rafrænir vörulistar eru form á kynningu og skipulagi upplýsinga með ákveðnum hætti sem er sammerk öllum bjóðendum sem taka þátt og hentar vel til rafrænnar meðferðar. Dæmi um slíkt getur verið tilboð sem sett eru fram í töflureikni. Samningsstofnunum ætti að vera kleift að gera kröfu um rafræna vörulista í öllum tiltækum ferlum þar sem krafist er notkunar rafrænna samskiptaaðferða. Rafrænir vörulistar eru til þess fallnir að auka samkeppni og hagræða í opinberum innkaupum, einkum með tilliti til þess að spara tíma og peninga. Þó ætti að ákveða vissar reglur til að tryggja að notkun nýrrar tækni sé í samræmi við þessa tilskipun og við meginreglurnar um jafna meðferð, bann við mismunun og gagnsæi. Þannig ætti notkun rafrænna vörulista við kynningu á tilboðum ekki að hafa þann möguleika í för með sér að rekstraraðilar láti nægja að senda einungis almennan vörulista. Rekstraraðilar ættu enn sem fyrr að breyta almennum vörulistum sínum með tilliti til hins sérstaka innkaupaferlis. Þess háttar breyting tryggir að vörulistinn, sem sendur er vegna tiltekins innkaupaferlis, innihaldi einungis vörur, verk eða þjónustu sem rekstraraðilarnir mátu, að viðhöfðu virku mati, að samsvaraði kröfum samningsstofnunarinnar. Um leið ætti að heimila rekstraraðilum að afrita upplýsingar úr almenna vörulistanum sínum en þeim ætti ekki að vera heimilt að leggja fram almenna listann sem slíkan. Ef fullnægjandi tryggingar eru fyrir hendi að því er varðar að tryggja rekjanleika, jafna meðferð og fyrirsjáanleika ætti einnig að heimila samningsstofnunum að afla tilboða vegna sérstakra innkaupa á grundvelli rafrænna vörulista, sem áður hafa verið sendir, einkum þegar efnt er á ný til samkeppni í tengslum við rammasamning eða gagnvirkt innkaupakerfi.

Ef samningsstofnunin hefur aflað tilboða ætti að gefa viðkomandi rekstraraðila tækifæri til að ganga úr skugga um að tilboð, sem gert er með þessum hætti af hálfu samningsstofnunarinnar, innihaldi ekki neinar efnislegar skekkjur. Ef efnislegar skekkjur fyrirfinnast ætti rekstraraðilinn ekki að vera bundinn af tilboðinu, sem samningsstofnunin hefur samþykkt, nema skekkjan sé leiðrétt.

Í samræmi við kröfur í reglum um rafrænar samskiptaaðferðir ættu samningsstofnanir að forðast óréttmætar hindranir gagnvart aðgangi rekstraraðila að innkaupaferlunum þar sem leggja skal fram tilboð í formi rafrænna vörulista og þau tryggja að uppfylltar séu almennu meginreglurnar um bann við mismunun og jafna meðferð.

78) Æ algengara er að nota miðstýrðar innkaupaaðferðir í flestum aðildarríkjunum. Miðlægar innkaupastofnanir bera ábyrgð á að annast innkaup, reka gagnvirk innkaupakerfi eða gera samninga/rammasamninga fyrir önnur samningsyfirvöld eða samningsstofnanir, bæði án þess að taka þóknun fyrir og fyrir þóknun. Samningsstofnanir, sem rammasamningur er gerður fyrir, ættu að geta nýtt hann til einstakra eða endurtekinna innkaupa. Þegar litið er til hins mikla innkaupamagns ættu þessar aðferðir að leiða til aukinnar samkeppni og fagmennsku í opinberum innkaupum. Þess vegna ætti að kveða á um skilgreiningu á vettvangi Sambandsins á miðlægum innkaupastofnunum fyrir samningsstofnanir og gera ætti grein fyrir því að miðlægar innkaupastofnanir starfi á tvenns konar hátt.

Í fyrsta lagi ættu þær að geta gegnt hlutverki heildsala með kaupum, birgðasöfnun og endursölu eða í öðru lagi ættu þær að geta verið milliliðir með því að gera samninga, reka gagnvirk innkaupakerfi eða gera rammasamninga sem samningsstofnanir nýta sér.

Slíku miðlunarhlutverki mætti í sumum tilvikum sinna með því að láta viðkomandi útboðsferli fara fram sjálfstætt, án ítarlegra fyrirmæla frá hlutaðeigandi samningsstofnunum, eða með því að láta viðkomandi útboðsferli fara fram samkvæmt fyrirmælum hlutaðeigandi samningsstofnana, fyrir þeirra hönd og á þeirra kostnað.

Jafnframt ætti að setja reglur um skiptingu ábyrgðar á að uppfylla skyldur samkvæmt þessari tilskipun, einnig ef um áfrýjun er að ræða, milli miðlægu innkaupastofnunarinnar og samningsstofnunarinnar sem kaupir af henni eða í gegnum hana. Ef miðlæga innkaupastofnunin ber ein alla ábyrgð á framkvæmd innkaupaferlanna ætti hún einnig að bera ein alla og beina ábyrgð á lögmæti þeirra. Ef samningsstofnun annast tiltekna hluta ferlisins, t.d. að efna á ný til samkeppni innan rammasamnings eða gera einstaka samninga á grundvelli gagnvirks innkaupakerfis, ætti hún að bera áfram ábyrgð á þeim stigum sem hún annast.

79) Heimila ætti samningsstofnunum að gera þjónustusamning við miðlæga innkaupastofnun um að inna af hendi miðstýrða innkaupastarfsemi án þess að beitt sé ferlunum sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Einnig ætti að vera heimilt að hafa ákvæði um veitingu stoðstarfsemi við innkaup í slíkum þjónustusamningum. Slíka þjónustusamninga um veitingu stoðstarfsemi við innkaup ætti að gera í samræmi við þessa tilskipun ef þeir eru framkvæmdir með öðrum hætti en af miðlægri innkaupastofnun þegar hún innir af hendi miðstýrða innkaupastarfsemi fyrir hlutaðeigandi samningsstofnun. Einnig er rétt að minna á að þessi tilskipun ætti ekki að gilda ef miðstýrð innkaup eða stoðstarfsemi við innkaup er veitt á annan hátt en með samningi, sem er fjárhagslegs eðlis og telst til innkaupa í skilningi þessarar tilskipunar.

80) Styrking ákvæða um miðlægar innkaupastofnanir ætti ekki að koma á neinn hátt í veg fyrir núverandi starfsvenjur vegna tilfallandi sameiginlegra innkaupa, þ.e. sameiginleg innkaup, sem eru lítt stofnanavædd og kerfisbundin eða viðteknar venjur um að geta nýtt þjónustuveitendur sem undirbúa innkaupaferli og stjórna þeim fyrir hönd samningsstofnunar, á kostnað hennar og samkvæmt fyrirmælum hennar. Þvert á móti ætti að skýra tiltekna þætti sameiginlegra innkaupa vegna þess að sameiginleg innkaup geta gegnt mikilvægu hlutverki, ekki hvað síst í tengslum við nýsköpunarverkefni.

Sameiginleg innkaup geta verið á ýmiss konar formi, allt frá samræmdum innkaupum þar sem teknar hafa verið saman sameiginlegar tækniforskriftir fyrir verk, vörur og þjónustu, sem verða keypt af nokkrum samningsstofnunum, sem hver um sig er með sérstakt innkaupaferli, til aðstæðna þar sem hlutaðeigandi samningsstofnanir annast eitt innkaupaferli saman, annaðhvort í sameiningu eða með því að fela einni samningsstofnun að stýra innkaupaferlinu fyrir hönd allra samningsstofnananna.

Ef nokkrar samningsstofnanir annast í sameiningu innkaupaferli ættu þær að vera sameiginlega ábyrgar fyrir því að uppfylla skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun. Ef, hins vegar, aðeins hlutar innkaupaferlisins fara fram í sameiningu hjá samningsstofnunum ætti sameiginlega ábyrgðin einungis að taka til þeirra hluta ferlisins sem framkvæmdir hafa verið sameiginlega. Hver samningsstofnun ætti ein og sér að bera ábyrgð því sem tengist ferlum eða hlutum ferla, sem hún annast sjálf, s.s. samningsgerð, gerð rammasamnings, rekstri gagnvirks innkaupakerfis eða nýrri samkeppni innan rammasamnings.

81) Rafrænar samskiptaaðferðir eru einkar hentugar til að styðja starfshætti og tæki við miðstýrð innkaup vegna þess að með þeim er hægt að endurnýta gögn og vinna sjálfvirkt með þau og að lágmarka kostnað vegna upplýsinga og viðskipta. Þess vegna ætti fyrsta skrefið að vera að gera notkun rafrænna samskiptaaðferða sem þessara skyldubundna hjá miðlægum innkaupastofnunum en slíkt myndi um leið greiða fyrir samleitni í starfsvenjum í Sambandinu öllu. Í kjölfarið ætti að fylgja sú almenna skylda að nota rafrænar samskiptaaðferðir í öllum innkaupaferlum að liðnu 30 mánaða umbreytingartímabili.

82) Gerð sameiginlegra samninga af hálfu samningsstofnana frá ýmsum aðildarríkjum er sem stendur bundin sérstökum lagalegum vandkvæðum vegna lagaskila í lögum einstakra ríkja. Þrátt fyrir að heimilað var með óbeinum hætti í tilskipun 2004/17/EB að opinber innkaup færu fram sameiginlega yfir landamæri standa samningsstofnanir ennþá frammi fyrir talsverðum lagalegum og framkvæmdatengdum vandkvæðum við innkaup frá miðlægum innkaupastofnunum í öðrum aðildarríkjum eða við sameiginlega gerð samninga. Til að gera samningsstofnunum kleift að njóta hámarks-ávinnings af þeim möguleikum sem felast í innri markaðnum þegar litið er til stærðarhagkvæmni og áhættu- og hagnaðarskiptingar, ekki síst vegna nýsköpunarverkefna sem fylgir meiri áhætta en sanngjarnt er að vænta að ein stök samningsstofnun geti borið, ætti að uppræta þessi vandkvæði. Þess vegna ætti að setja nýjar reglur um sameiginleg innkaup yfir landamæri til að greiða fyrir samstarfi milli samningsstofnana og ná fram meiri ávinningi af innri markaðnum með því að skapa viðskiptatækifæri yfir landamæri fyrir birgja og þjónustuveitendur. Með þessum reglum ætti að ákvarða skilyrði fyrir því að miðlægar innkaupastofnanir séu nýttar yfir landamæri og tiltaka viðeigandi löggjöf um opinber innkaup, þ.m.t. viðeigandi löggjöf um úrræði, ef um er að ræða sameiginlega verkferla yfir landamæri, til að fylla í skarðið á reglum varðandi lagaskil í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 593/2008 ([21]). Auk þessa ættu samningsstofnanir frá ýmsum aðildarríkjum að geta stofnað sameiginlegar rekstrareiningar í samræmi við lands- eða Sambandslög. Setja ætti sértækar reglur um slík form sameiginlegra innkaupa.

Hins vegar ættu samningsstofnanir ekki að nýta sér möguleikann á sameiginlegum innkaupum yfir landamæri til að sniðganga lögboðnar reglur í opinberum rétti, í samræmi við Sambandslög, sem gilda um þær í aðildarríkinu þar sem þær eru staðsettar. Slíkar reglur gætu t.d. falið í sér ákvæði um gagnsæi og aðgang að skjölum eða sértækar kröfur um rekjanleika viðkvæmrar vöru.

([21]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 593/2008 frá 17. júní 2008 um lög sem gilda um samningsbundnar skyldur (Róm I) (Stjtíð. ESB L 177, 4.7.2008, bls. 6).

83) Tækniforskriftirnar, sem innkaupsaðilar setja fram, verða að veita möguleika á að opið sé fyrir samkeppni í opinberum innkaupum og einnig því að ná markmiðum um sjálfbærni. Í því skyni ætti að vera mögulegt að leggja fram tilboð, sem endurspeglar fjölbreytni í tæknilausnastöðlum og tækniforskriftum á markaðnum, m.a. þau sem gerð eru á grundvelli frammistöðuviðmiðana, sem tengjast vistferli og sjálfbærni framleiðsluferlis verkanna, varanna og þjónustunnar.

Þess vegna ætti að semja tækniforskriftir með þeim hætti að komið sé í veg fyrir að þrengt sé að samkeppni með óeðlilegum hætti með kröfum sem eru tilteknum rekstraraðila í hag með því að endurspegla lykileinkenni vara, þjónustu eða verka sem umræddur rekstraraðili veitir venjulega. Með því að semja tækniforskriftir út frá kröfum um virkni og frammistöðu verður yfirleitt möguleiki á að ná þessu markmiði á besta hugsanlegan hátt. Kröfur um virkni og frammistöðu eru einnig viðeigandi leið til að styðja nýsköpun í opinberum innkaupum og ætti að nota þær á eins víðtækan hátt og mögulegt er. Þegar vísað er til Evrópustaðals eða, þegar hann er ekki til, landsstaðals, ættu samningsstofnanir að taka gild tilboð sem eru byggð á öðru, jafngildu fyrirkomulagi sem uppfyllir kröfur samningsstofnana og er jafngilt með tilliti til öryggis. Það ætti að vera á ábyrgð rekstraraðilans að færa sönnur á að jafngildi sé með merkinu sem krafist er.

Til að færa sönnur á jafngildi ætti að vera mögulegt að krefjast þess að bjóðendur sýni staðfesta sönnun þess efnis frá þriðja aðila. Hins vegar ætti að leyfa önnur viðeigandi sönnunargögn, s.s. tæknileg málsskjöl framleiðandans, ef viðkomandi rekstraraðili hefur ekki aðgang að vottorðum eða prófunarskýrslum, eða hefur engan möguleika á að afla þeirra innan þeirra tímamarka, sem um ræðir, að því tilskildu að viðkomandi rekstraraðili færi þannig sönnur á að verkin, vörurnar eða þjónustan uppfylli þær kröfur eða viðmiðanir, sem settar eru fram í tækniforskriftum, valforsendum eða skilyrðum varðandi framkvæmd samnings.

84) Í öllum innkaupum sem ætluð eru til nota fyrir einstaklinga, hvort sem um er að ræða almenning eða starfsfólk samningsstofnunarinnar, er nauðsynlegt að samningsstofnanir semji tækniforskriftir þannig að tekið sé tillit til viðmiðana um aðgengi fatlaðs fólks eða hönnun fyrir alla notendur nema í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum.

85) Samningsstofnanir, sem vilja kaupa verk, vörur eða þjónustu með sérstökum umhverfislegum, félagslegum eða öðrum eiginleikum, ættu að geta vísað til sérstakra merkja, s.s. umhverfismerkis ESB, (fjöl-)þjóðlegra umhverfismerkja eða annarra merkja, að því tilskildu að kröfur sem gerðar eru um merkið tengist inntaki samningsins, s.s. lýsing og framsetning vörunnar og einnig kröfur um pökkun. Enn fremur er brýnt að þessar kröfur séu skrifaðar og samþykktar á grundvelli forsendna, sem unnt er að sanna á hlutlægan hátt með ferli sem hagsmunaaðilar, s.s. opinberir aðilar, neytendur, framleiðendur, dreifingaraðilar og umhverfissamtök, geta tekið þátt í og að allir hlutaðeigandi aðilar geti nálgast merkið og haft aðgang að því. Taka ber skýrt fram að hagsmunaaðilar geta verið opinberir eða einkaaðilar, fyrirtæki eða hvers konar frjáls félagasamtök (aðili sem er ekki hluti af hinu opinbera og er ekki hefðbundið fyrirtæki).

Jafnframt ætti að taka skýrt fram að sérstakir landsbundnir aðilar eða landssamtök geta átt þátt í að semja kröfur sem liggja að baki merki, sem unnt er að nota í tengslum við innkaup af hálfu opinberra yfirvalda, án þess að þessir aðilar eða samtök missi stöðu sína sem þriðju aðilar. Þó að vísað sé til merkja ætti það ekki að hafa hamlandi áhrif á nýsköpun.

86) Við samningu tækniforskrifta ættu samningsstofnanir að líta til krafna, sem leiðir af Sambandslöggjöf á sviði laga um gagnavernd, einkum í tengslum við hvernig staðið er að vinnslu persónuupplýsinga (innbyggð gagnavernd).

87) Aðlaga ætti opinber innkaup að þörfum lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Hvetja ætti samningsstofnanir til að beita reglunum um bestu starfsvenjur sem settar eru fram í vinnuskjali framkvæmdastjórnarinnar frá 25. júní 2008 undir heitinu „Evrópskar reglur um bestu starfsvenjur sem auðvelda litlum og meðalstórum fyrirtækjum aðgang að samningum um opinber innkaup“ með leiðbeiningum um hvernig þær geta notað rammann fyrir opinber innkaup þannig að það liðki fyrir þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Í þessu skyni ætti að kveða ótvírætt á um að skipta megi samningum niður í hluta. Slík skipting ætti að byggjast á megindlegum grunni, þannig að stærð einstakra samninga samsvari betur getu lítilla og meðalstórra fyrirtækja, eða á eigindlegum grunni, í samræmi við mismunandi atvinnugreinar og sérhæfð svið, sem hlut eiga að máli, til að aðlaga efni einstakra samninga betur að sérhæfðum geirum, sem lítil og meðalstór fyrirtæki eru í, eða í samræmi við ýmis stig verkefnis sem fylgja í kjölfarið. Samningsstofnuninni ætti að vera frjálst að ákvarða stærð og efni hlutanna og í samræmi við viðeigandi reglur um útreikning á áætluðu verðmæti innkaupanna ætti henni einnig að vera heimilt að gera samning um suma hlutana án þess að nota ferlin í þessari tilskipun.

Aðildarríkjunum ætti áfram að vera frjálst að ganga lengra í viðleitni sinni til að liðka fyrir þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja í opinbera innkaupamarkaðnum, með því að kveða á um skyldu til að skoða hversu heppilegt er að skipta samningum niður í hluta og smærri samninga, með því að gera þá kröfu til samningsstofnana að leggja fram rökstuðning fyrir þeirri ákvörðun að skipta samningum ekki niður í hluta eða með því að gera það að skyldu að skipta þeim niður í hluta við tilteknar aðstæður. Í sama tilgangi ætti aðildarríkjunum einnig að vera frjálst að hafa á að skipa aðferðum til að greiða undirverktökum beint.

88) Ef samningum er skipt í hluta ætti samningsstofnunum að vera heimilt, t.d. til að viðhalda samkeppni eða tryggja áreiðanleika afhendingar, að takmarka fjölda hluta sem rekstraraðili getur gert tilboð í og jafnframt ætti að heimila þeim að takmarka fjölda hluta sem getur komið í hlut einhvers eins bjóðanda.

Þó gæti það verið heftandi fyrir markmiðið um að liðka fyrir auknum aðgangi lítilla og meðalstórra fyrirtækja að opinberum innkaupum ef samningsstofnunum yrði gert skylt að gera samninginn í einstökum hlutum, og jafnvel að slíkt hefði í för með sér að þær yrðu að samþykkja umtalsvert óhagstæðari lausnir samanborið við samningsgerð á mörgum hlutum eða öllum hlutunum. Ef möguleikinn á að beita slíkri aðferð hefur verið skýrt tilgreindur fyrirfram ætti því að vera mögulegt fyrir samningsstofnanir að framkvæma samanburðarmat á tilboðum til að ákvarða hvort tilboðin, sem tiltekinn bjóðandi lagði fram fyrir tiltekna samsetningu hluta samnings, myndu, sem heild, frekar uppfylla valforsendur, sem mælt er fyrir um samkvæmt þessari tilskipun að því er varðar þessa hluta, heldur en tilboðin fyrir einstaka hluta, sem um ræðir, ef litið er til hvers og eins einstaks þeirra. Ef svo er ætti samningsstofnuninni að vera heimilt að gera samning með samsetningu þeirra hluta, sem um er að ræða, við hlutaðeigandi bjóðanda. Gera ætti skýra grein fyrir því að samningsstofnanir ættu að framkvæma þetta samanburðarmat með því að ákveða fyrst hvaða tilboð uppfylla best valforsendurnar, sem mælt er fyrir um fyrir hvern einstakan hluta, og bera það síðan saman við tilboðin sem tiltekinn bjóðandi leggur fram fyrir tiltekna samsetningu hluta, sem teknir eru sem heild.

89) Til að gera ferli skjótvirkari og skilvirkari ætti að hafa tímamörk um þátttöku í innkaupaferlum eins stutt og unnt er án þess að það skapi óæskilegar hindranir á aðgangi rekstraraðila á öllum innri markaðnum, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Hafa ætti í huga að við ákvörðun á fresti til móttöku tilboða og þátttökutilkynninga ættu samningsstofnanir einkum að líta til þess hversu flókinn samningurinn er og hversu langan tíma þarf til að setja fram tilboð, jafnvel þótt þetta hafi í för með að

tímamörk verði lengri en lágmarkið sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Á hitt er að líta að notkun rafrænna upplýsinga- og samskiptaaðferða, einkum algjörlega rafrænn aðgangur rekstraraðila, bjóðenda og umsækjenda að útboðsgögnum og rafræn sending tilkynninga, leiðir til aukins gagnsæis og tímasparnaðar. Þess vegna ætti að kveða á um að lágmarksfrestur sem gildir um almennt útboð sé styttur í samræmi við reglur í samningnum um opinber innkaup og með fyrirvara um það skilyrði að hann samrýmist sérstakri sendingaraðferð sem fyrirhuguð er á vettvangi Sambandsins. Enn fremur ættu samningsstofnanir að eiga þess kost að stytta tímamörkin fyrir móttöku tilboða í almennum útboðum enn frekar ef aðstæður skapa brýna nauðsyn og hefðbundin tímamörk í almennum útboðum koma því ekki til greina, án þess þó að almennt útboð með styttum tímamörkum sé ómögulegt. Einungis í undantekningartilvikum og ef brýn nauðsyn hefur skapast vegna atburða, sem viðkomandi samningsstofnun gat ekki séð fyrir og eru ekki raktir til þessarar samningsstofnunar, og gera það að verkum að ógerlegt er að viðhafa venjulegt útboðsferli, jafnvel með styttum tímamörkum, ættu samningsstofnanir, að því marki sem bráðnauðsynlegt er, að gera samninga með samningskaupum án undangenginnar útboðsauglýsingar. Slíkt getur átt við ef nauðsyn er á tafarlausum viðbrögðum vegna náttúruhamfara.

90) Taka ætti fram að þörfin á að tryggja að rekstraraðilar hafi nægan tíma til að skrifa svartilboð getur haft í för með sér að framlengja þurfi upphafleg tímamörk. Einkum gæti slíkt átt við um tilvik þegar umtalsverðar breytingar eru gerðar á útboðsgögnum. Einnig ætti að tilgreina sérstaklega að ef svo hagar til ætti að túlka umtalsverðar breytingar þannig að þær feli í sér breytingar sem rekstraraðilar myndu þarfnast viðbótartíma til að skilja og svara á viðeigandi hátt, einkum á þetta við um tækniforskriftir Þó ætti að taka skýrt fram að slíkar breytingar ættu ekki að vera svo víðtækar að öðrum umsækjendum en þeim sem upphaflega voru valdir hefði verið gert kleift að taka þátt eða að viðbótarþátttakendur hefðu fengið áhuga á innkaupaferlinu. Einkum gæti þetta átt við um tilvik þar sem breytingar hafa í för með sér efnislegar breytingar á eiginleikum samningsins eða rammasamningsins frá því sem upphaflega var sett fram í útboðsgögnunum.

91) Gera ætti ljóst að samningsstofnanir ættu að senda upplýsingar varðandi tilteknar ákvarðanir, sem teknar eru meðan á innkaupaferli stendur, m.a. ákvörðun um að gera ekki samning eða rammasamning, án þess að umsækjendur eða bjóðendur þurfi að fara fram á slíkar upplýsingar. Einnig er rétt að minna á að í tilskipun ráðsins 92/13/EBE ([22]) er kveðið á um skyldu samningsstofnana, og það án þess að umsækjendur eða bjóðendur þurfi að fara fram á slíkt, að láta hlutaðeigandi umsækjendum og bjóðendum í té samantekt um viðkomandi ástæður sem liggja fyrir sumum helstu ákvörðununum sem teknar eru í innkaupaferlinu. Að lokum ætti að taka fram að umsækjendur og bjóðendur ættu að geta farið fram á ítarlegri upplýsingar varðandi þessar ástæður, sem gera ætti kröfu um að samningsstofnanir veiti, nema til þess liggi ríkar ástæður að veita þær ekki. Þessar ástæður ætti að setja fram í þessari tilskipun. Til að tryggja nauðsynlegt gagnsæi í tengslum við innkaupaferli, sem fela í sér samninga og samræður við bjóðendur, ætti einnig að gera þeim bjóðendum, sem gert hafa tækt tilboð, kleift að fara fram á upplýsingar um framkvæmd og framvindu ferlisins nema ríkar ástæður séu gegn því að svo sé gert.

92) Að því marki sem slíkt samræmist þörfinni á að tryggja markmiðið um trausta viðskiptahætti um leið og leyfður er hámarkssveigjanleiki er rétt að kveða á um beitingu tilskipunar 2014/24/ESB í tengslum við kröfur um efnahagslega og fjárhagslega getu og skjalfestar sannanir. Þess vegna ætti að heimila samningsstofnunum að beita hæfiskröfunum, sem kveðið er á um í þeirri tilskipun, og þegar þær gera það, ætti þeim að vera skylt að beita öðrum tilteknum ákvæðum sem einkum varða hámark krafna um lágmarksveltu, sem og notkun samevrópskrar hæfisyfirlýsingar bjóðanda.

93) Samningsstofnunum ætti að vera kleift að krefjast þess að umhverfisstjórnunarráðstöfunum eða -kerfum sé beitt meðan á framkvæmd samnings stendur. Umhverfisstjórnunarkerfi, hvort sem þau eru skráð samkvæmt Sambandsgerningum, eins og t.d. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 ([23]) eða ekki, geta sýnt hvort rekstraraðilinn hefur tæknilega getu til að framkvæma samninginn. Samþykkja ætti lýsingu á þeim ráðstöfunum, sem rekstraraðili hefur komið í framkvæmd til að tryggja sama stig umhverfisverndar, sem valkost við umhverfisstjórnunarskráningarkerfi sem leið til sönnunar, ef hlutaðeigandi rekstraraðili hefur engan aðgang að slíkum umhverfisstjórnunarskránin garkerfum eða engan möguleika á að fá aðgang innan viðeigandi tímamarka.

([22]) Tilskipun ráðsins 92/13/EBE frá 25. febrúar 1992 um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla um beitingu á reglum Bandalagsins um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti (Stjtíð. EB 76, 23.3.1992, bls. 14).

([23]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 frá 25. nóvember 2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 761/2001 og ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 2001/681/EB og 2006/193/EB (Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 1).

94) Hugtakið forsendur fyrir vali tilboðs er kjarni þessarar tilskipunar, þess vegna er mikilvægt að viðkomandi ákvæði séu sett fram á eins einfaldan og aðgengilegan hátt og mögulegt er. Þetta er hægt með því að nota hugtakið „fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið“ sem yfirhugtak vegna þess að öll tilboð sem valin eru ættu að lokum að vera valin í samræmi við það sem einstakar samningsstofnanir telja að sé fjárhagslega besta lausnin af þeim sem í boði eru. Til að komast hjá ruglingi við valforsenduna, sem nú er þekkt sem „fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið“ í tilskipun 2004/17/EB og 2004/18/EB ætti að nota annað orðasamband um það hugtak, þ.e. „besta hlutfall milli verðs og gæða“. Af því leiðir að túlka ætti það í samræmi við dómaframkvæmd, sem tengist þessum tilskipunum, nema þar sem greinilega er umtalsvert önnur lausn í þessari tilskipun.

95) Gera ætti samninga á grundvelli hlutlægra viðmiðana, sem tryggja samræmi við meginregluna um gagnsæi, bann við mismunun og jafna meðferð, með það í huga að tryggja hlutlægan samanburð á hlutfallslegu virði tilboða til að ákvarða, við aðstæður þar sem virk samkeppni ríkir, hvaða tilboð er fjárhagslegasta hagstæðasta tilboðið. Setja ætti skýrt og ótvírætt fram að meta ætti fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið á grundvelli besta hlutfalls milli verðs og gæða og ætti alltaf að fela í sér verð- eða kostnaðarþátt. Jafnframt ætti að gera skýra grein fyrir því að slíkt mat á fjárhagslega hagkvæmasta tilboðinu væri einnig hægt að framkvæma á grundvelli annaðhvort verðs eða kostnaðarhagkvæmni eingöngu. Enn fremur er rétt að minna á að samningsstofnunum er frjálst að setja viðeigandi gæðastaðla með því að nota tækniforskriftir eða skilyrði varðandi framkvæmd samnings.

Til að hvetja til meiri áherslu á gæði í opinberum innkaupum ætti að heimila aðildarríkjum að banna eða takmarka notkun verðs eingöngu eða kostnaðar eingöngu við mat á því hvaða tilboð er fjárhagslega hagkvæmast eftir því sem þau telja að við eigi.

Til að tryggja að farið sé að meginreglunni um jafna meðferð við gerð samninga ætti að skylda samningsstofnanir til skapa nauðsynlegt gagnsæi til að gera öllum bjóðendum kleift að vera tilhlýðilega vel upplýstir um forsendur og tilhögun sem beitt verður við ákvörðun um gerð samnings. Þess vegna ætti að skylda samningsstofnanir til að tilgreina forsendur fyrir vali tilboðs og hlutfallslegt vægi sem hver og ein forsenda fékk. Samningsstofnanir ætti þó að vera heimilt að gera undantekningu frá þeirri skyldu að tilgreina vægi forsendna þegar gildar ástæður eru fyrir því, sem þær verða að geta rökstutt, og ekki er unnt að meta vægið fyrir fram, einkum þegar um er að ræða flókna samninga. Í slíkum tilvikum ættu þær að tilgreina forsendurnar í forgangsröð eftir mikilvægi.

96) Í samræmi við 11. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins ber að fella kröfur um umhverfisvernd inn í skilgreiningu og framkvæmd á stefnu og starfsemi Sambandsins, einkum með það fyrir augum að stuðla að sjálfbærri þróun. Í þessari tilskipun er skýrt hvernig samningsstofnanir geta stuðlað að vernd umhverfisins og sjálfbærri þróun og jafnframt tryggt að besta hlutfall milli gæða og verðs náist í samningum.

97) Við mat á besta hlutfallinu milli verðs og gæða ættu samningsstofnanir að ákvarða fjárhagslegar viðmiðanir og gæðaviðmiðanir í valforsendum sem tengjast efni samningsins og verða grundvöllur mats þeirra á tilboðum, til að greina fjárhagslega hagstæðasta tilboðið í augum samningsstofnunarinnar. Þessar viðmiðanir ættu því að gefa færi á samanburðarmati á því nothæfisstigi sem boðið er í sérhverju tilboði í ljósi þess hvert efni samningsins er eins og skilgreint er í tækniforskriftunum. Með tilliti til besta hlutfalls milli verðs og gæða er í þessari tilskipun settur fram listi, sem ekki er tæmandi, um mögulegar valforsendur. Hvetja ætti samningsstofnanir til að velja valforsendur sem gera þeim kleift að fá hágæðaverk, vörur og þjónustu sem samrýmast þörfum þeirra sem best.

Þær valforsendur sem valdar eru ættu ekki að veita samningsstofnuninni ótakmarkað ákvörðunarvald og þær ættu að tryggja að færi sé á skilvirkri og sanngjarnri samkeppni og fela í sér kröfur sem gera kleift að staðfesta á skilvirkan hátt upplýsingar sem bjóðendur leggja fram.

Til að ákvarða hvaða tilboð er fjárhagslega hagstæðast ætti ákvörðunin um samningsgerðina ekki að byggjast eingöngu á forsendum sem ekki tengjast kostnaði. Þess vegna ætti kostnaðarviðmiðun að fylgja gæðaviðmiðunum og gæti það annaðhvort falist í nálgun sem byggist á verði eða kostnaðarhagkvæmni, s.s. útreikningi á vistferilskostnaði, eftir því sem samningsstofnunin kýs. Hins vegar ættu valforsendur ekki að hafa áhrif á beitingu ákvæða landslaga sem ákvarða greiðslur fyrir tiltekna þjónustu eða þar sem fast verð er ákveðið fyrir tilteknar vörur.

98) Ef greiðsla fyrir tiltekna þjónustu ræðst af ákvæðum landslaga eða er ákveðin í föstu verði fyrir tilteknar vörur ætti að koma skýrt fram að áfram er unnt að meta hlutfall gæða og verðs á grundvelli annarra þátta en einungis verðsins eða greiðslunnar. Eftir því hvaða þjónustu eða vöru er um að ræða gætu slíkir þættir m.a. verið skilmálar um afhendingu og greiðslu, atriði varðandi þjónustu eftir sölu (t.d. umfang ráðgjafar- og endurnýjunarþjónustu)

eða umhverfislegir eða félagslegir þættir (t.d. hvort bækur voru prentaðar á endurunninn pappír eða pappír úr sjálfbærum viði, kostnaður sem skrifast á umhverfisleg úthrif eða hvort ýtt hafi verið undir félagslega aðlögun einstaklinga, sem standa höllum fæti, eða þeirra sem tilheyra berskjölduðum hópum meðal einstaklinga sem falið er að framkvæma samninginn). Miðað við margvíslega möguleika til að meta hlutfall gæða og verðs á grundvelli efnislegra viðmiðana ætti að forðast að nota þá leið að draga um hluta sem einu aðferðina við gerð samnings.

99) Hvenær sem gæði ráðins starfsfólks skipta máli varðandi framkvæmd samnings ætti einnig að heimila samningsstofnunum að nota sem valforsendu skipulag, gæði og reynslu þess starfsfólks, sem falið er að framkvæma umræddan samning, vegna þess að þetta getur haft áhrif á gæði framkvæmdar samningsins og, þar af leiðandi, á fjárhagslegt virði tilboðsins. Þetta getur t.d. átt við um samninga um hugverkaþjónustu á borð við ráðgjafar- eða arkitektaþjónustu. Samningsstofnanir, sem nýta sér þennan möguleika, ættu að tryggja með viðeigandi samningsbundnum leiðum að starfsfólkið, sem falin er framkvæmd samnings, uppfylli í raun þá gæðastaðla, sem tilgreindir eru, og að einungis megi ráða annað starfsfólk í stað þess sem fyrir er með samþykki samningsstofnunarinnar sem staðfestir að starfsfólkið, sem ráðið er í annars stað, sé af sambærilegum gæðum.

100) Það er gríðarlega brýnt að nýta til fulls þá möguleika sem felast í opinberum innkaupum við að ná markmiðum áætlunarinnar Evrópa 2020 um snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla. Í þessu tilliti er rétt að minna á að opinber innkaup eru drifkraftur nýsköpunar sem skiptir miklu máli fyrir framtíðarvöxt í Evrópu. Í ljósi þess að mikilvægur munur er á einstökum geirum og mörkuðum væri á hinn bóginn ekki viðeigandi að setja almennar lögboðnar kröfur um innkaup á sviði umhverfismála, félagsmála og nýsköpunar.

Í löggjöf Sambandsins hafa þegar verið settar lögboðnar kröfur um innkaup til að ná sérstökum takmörkum á sviði vélknúinna ökutækja til flutninga á vegum (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/33/EB) ([24]) og á sviði skrifstofubúnaðar (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 106/2008) ([25]). Auk þess hefur mikið áunnist hvað varðar skilgreininguna á sameiginlegum aðferðum til útreiknings vistferilskostnaðar.

Því virðist rétt að halda áfram á þessari leið og láta löggjöf í vissum geirum það eftir að setja lögboðin markmið og takmörk í samræmi við tilteknar stefnur og skilyrði sem eru í gildi í viðkomandi geira og halda á lofti þróun og notkun evrópskra aðferða við útreikning á vistferilskostnaði í þeim tilgangi að styðja betur við notkun opinberra innkaupa til að styrkja sjálfbæran vöxt.

101) Til viðbótar við þessar ráðstafanir í tilteknum geirum ætti að breyta tilskipun 2004/17/EB og 2004/18/EB og gera samningsstofnunum kleift að keppa að markmiðum áætlunarinnar Evrópa 2020 um snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla í innkaupaáætlunum sínum. Þess vegna ætti að taka ótvírætt fram að ef matið er ekki einungis gert á grundvelli verðs geta samningsstofnanir ákveðið hvaða tilboð er fjárhagslega hagstæðast og lægstur kostnaður með því að nota nálgun sem grundvallast á útreikningi á vistferilskostnaði. Hugtakið útreikningur á vistferliskostnaði felur í sér allan kostnað á vistferli verka, vöru eða þjónustu.

Þetta þýðir innri kostnað, s.s. vegna rannsókna sem gera skal, þróunar, framleiðslu, flutninga, notkunar, viðhalds og kostnaðar við förgun við lok vistferlis en getur einnig tekið til kostnaðar sem skrifast á umhverfisleg úthrif, s.s. mengunar af völdum náms hráefna, sem notuð eru í vörunni eða af völdum vörunnar sjálfrar eða vinnslu hennar, að því tilskildu að unnt sé að verðleggja þær og fylgjast með þeim. Þær aðferðir, sem samningsstofnanir nota við mat á kostnaði sem skrifast á umhverfisleg úthrif, ætti að ákvarða fyrirfram á hlutlægan hátt og án mismununar og ættu að vera aðgengilegar öllum hlutaðeigandi aðilum. Þessar aðferðir má ákvarða á lands-, svæðis- eða staðarvísu en til að koma í veg fyrir röskun á samkeppni með hjálp sérsniðinna aðferða ættu þær að vera almennar í þeim skilningi að ekki ætti að koma þeim á fót sérstaklega fyrir tiltekið opinbert innkaupaferli. Þróa ætti sameiginlegar aðferðir á vettvangi Sambandsins til að reikna út vistferliskostnað í sérstökum flokkum vara eða þjónustu. Þar sem slíkar sameiginlegar aðferðir eru þróaðar ætti að skyldubinda notkun þeirra.

Jafnframt ætti að skoða hvort hagkvæmt sé að koma á sameiginlegum aðferðum í útreikningi á félagslegum vistferilskostnaði og líta til fyrirliggjandi aðferða, s.s. viðmiðunarreglna fyrir félagslegt vistferilsmat á vörum sem samþykktar voru innan ramma Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna.

([24]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/33/EB frá 23. apríl 2009 um að stuðla að notkun á hreinum og orkunýtnum ökutækjum til flutninga á vegum (Stjtíð. ESB L 120, 15.5.2009, bls. 5).

([25]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 106/2008 frá 15. janúar 2008 um áætlun Bandalagsins varðandi orkunýtnimerkingar á skrifstofubúnaði (Stjtíð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 1).

102) Enn fremur ætti samningsstofnunum, með betri samþættingu félagslegra og umhverfislegra sjónarmiða í innkaupaferli í huga, að vera heimilt að nota valforsendur eða skilyrði varðandi framkvæmd samnings, sem tengjast verkum, vörum eða þjónustu, sem veita á samkvæmt opinbera samningnum, að hvaða leyti sem er og á hvaða stigi sem er á vistferli þeirra frá námi hráefna fyrir vöruna þar til vörunni er fargað, þ.m.t. þættir í hinu sérstaka ferli framleiðslu, veitingar eða viðskipta með þau verk, vörur eða þjónustu eða í sérstöku ferli á síðara stigi í vistferli þeirra jafnvel þótt slíkir þættir séu ekki hluti af efni þeirra. Forsendur og skilyrði sem varða slíkt framleiðslu- eða veitingarferli eru t.d. að ekki hafi verið notuð eiturefni við framleiðsla keyptu varanna eða að keypt þjónusta sé veitt með notkun orkunýtinna véla.

Í samræmi við dómaframkvæmd Evrópudómstólsins tekur þetta líka til valforsendna eða skilyrða um framkvæmd samnings, sem varða afhendingu eða notkun vara sem framleiddar eru í samræmi við sanngjörn viðskipti (e. fair trade) við framkvæmd samningsins sem á að gera. Skilyrði varðandi framkvæmd samnings, sem varða umhverfissjónarmið, geta t.d. náð yfir afhendingu, pökkun og förgun vara og í tengslum við verk- og þjónustusamninga, lágmörkun úrgangs eða auðlindanýtni.

Hins vegar útilokar skilyrðið um tengsl við efni samningsins forsendur og skilyrði, sem tengjast almennri stefnu fyrirtækisins, sem ekki er unnt að líta á sem einkennandi þátt í sérstöku framleiðslu- eða veitingarferli keyptu verkanna, varanna eða þjónustunnar. Þess vegna ætti ekki að heimila samningsstofnunum að gera þá kröfu til bjóðenda að þeir hafi sett tiltekna stefnu um samfélagslega eða umhverfislega ábyrgð fyrirtækisins.

103) Mikilvægt er að valforsendur og skilyrði um framkvæmd samnings varðandi félagslega þætti í framleiðsluferlinu tengist þeim verkum, vöru eða þjónustu sem veita skal samkvæmt samningnum. Auk þess ætti að beita þeim í samræmi við tilskipun 96/71/EB eins og hún hefur verið túlkuð af Evrópudómstólnum, og ætti ekki að velja eða beita þeim þannig að í því felist bein eða óbein mismunun rekstraraðila frá öðrum aðildarríkjum eða þriðju löndum sem eiga aðild að samningnum um opinber innkaup eða fríverslunarsamningum sem Sambandið er aðili að. Því ættu kröfur varðandi grundvallarvinnuskilyrði, sem reglur eru settar um í tilskipun 96/71/EB, s.s. um lágmarkslaun, að vera áfram þær sem settar eru með landslöggjöf eða kjarasamningum, sem beitt er í samræmi við lög Sambandsins í tengslum við þá tilskipun.

Skilyrðum varðandi framkvæmd samnings gæti einnig verið ætlað að stuðla að framkvæmd ráðstafana til að efla jafnrétti milli kvenna og karla í vinnu, aukinni þátttöku kvenna á vinnumarkaði og samræmingu vinnu og einkalífs, verndun umhverfisins eða velferð dýra, því að farið sé efnislega að grundvallarsamningum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, og að ráðið sé fleira fólk sem stendur höllum fæti en krafist er samkvæmt landslöggjöf.

104) Ráðstafanir til að vernda heilsu starfsfólks, sem tekur þátt í framleiðsluferlinu, til að efla félagslega aðlögun fólks sem stendur höllum fæti eða þeirra sem tilheyra berskjölduðum hópum meðal þeirra sem falið er að framkvæma samninginn eða til að veita þjálfun á þeirri kunnáttu sem nauðsynleg fyrir viðkomandi samning, geta líka verið meðal valforsendna eða skilyrða varðandi framkvæmd samnings, að því tilskildu að þær snúi að verkum, vörum eða þjónustu sem veitt er samkvæmt samningnum. Til dæmis gætu slíkar forsendur eða skilyrði m.a. vísað til ráðningar umsækjenda, sem hafa verið lengi atvinnulausir, framkvæmdar ráðstafana vegna menntunar fyrir atvinnulausa eða ungmenni við framkvæmd samningsins sem gera skal. Samningsstofnanir geta í tækniforskriftum kveðið á um slíkar félagslegar kröfur sem einkenna með beinum hætti viðkomandi vöru eða þjónustu, svo sem aðgengi fyrir fatlaða eða hönnun fyrir alla notendur.

105) Ekki ætti að gera opinbera samninga við rekstraraðila, sem hafa tekið þátt í skipulögðum brotasamtökum eða hafa verið fundnir sekir um spillingu, svik sem hafa skaðað fjárhagslega hagsmuni Sambandsins, hryðjuverk, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða mansal. Vangreiðsla skatta eða framlaga til almannatrygginga ætti einnig að varða skyldubundinni útilokun á Sambandsvísu. Aðildarríki ættu hins vegar að geta kveðið á um undanþágur frá þessum skyldubundnu útilokunum í undantekningartilvikum þegar kröfur sem vega þyngra í þágu almannahagsmuna gera það að verkum að samningsgerð er óhjákvæmileg. Slíkt gæti t.d. átt við ef aðeins er hægt að kaupa bóluefni eða neyðarbúnað sem brýn þörf er fyrir frá rekstraraðila sem skyldubundnar forsendur fyrir útilokun gilda um að öðru leyti. Þar eð verið getur að samningsstofnanir, sem eru ekki samningsyfirvöld, hafi ekki aðgang að óhrekjanlegum sönnunargögnum í málinu er rétt að þessar samningsstofnanir geti valið um hvort beita skuli útilokunarákvæðunum, sem sett eru fram í tilskipun 2014/24/EB, eða ekki. Sú skylda að beita 1. og 2. mgr. 57. gr. í tilskipun 2014/24/ESB ætti því takmarkast við samningsstofnanir sem eru samningsyfirvöld.

106) Enn fremur ætti samningsstofnunum að vera gert kleift að útiloka rekstraraðila sem hafa reynst óáreiðanlegir, t.d. vegna brota á skyldum vegna umhverfismála eða í félagslegu tilliti, þ.m.t. reglur um aðgengi fatlaðra eða annars konar alvarlegt misferli í starfsemi í viðkomandi atvinnugrein, s.s. brot á samkeppnisreglum eða hugverkaréttindum. Koma ætti skýrt fram að alvarlegt misferli í tengslum við starfsemi í viðkomandi atvinnugrein getur gert það að verkum að heiðarleiki rekstraraðila sé dreginn í efa og þannig gert rekstraraðilann illa til þess fallinn að fá opinberan samning, óháð því hvort hann hefði annars yfir að ráða þeirri tæknilegu og efnahagslegu getu sem þarf til að framkvæma samninginn.

Með það í huga að samningsstofnunin ber ábyrgð á afleiðingum mögulegra rangra ákvarðana ættu samningsstofnanir áfram að geta talið að alvarlegt misferli í tengslum við starfsemi í viðkomandi atvinnugrein hafi átt sér stað þegar þau geta sýnt fram á með viðeigandi hætti, áður en endanleg og bindandi ákvörðun er tekin um tilvist skyldubundinna útilokunarástæðna, að rekstraraðili hafi brotið gegn skyldum sínum, þ.m.t. skyldum er varða greiðslu skatta eða framlaga til almannatrygginga, nema kveðið sé á um annað í landslögum. Samningsstofnanir ættu einnig að geta útilokað umsækjendur eða bjóðendur þegar framkvæmd þeirra á fyrri opinberum samningum eða samningum við aðrar samningsstofnanir var verulega áfátt að því er varðar efnislegar kröfur, t.d. skortur á efndum eða framkvæmd, alvarlegir annmarkar á vörunni eða þjónustunni sem veitt var, sem gerðu hana ónothæfa í tilætluðum tilgangi, eða röng háttsemi sem veldur verulegum vafa um áreiðanleika rekstraraðilans. Í landslögum ætti að kveða á um hámarkslengd slíkrar útilokunar.

Við beitingu valfrjálsra ástæðna fyrir útilokun ætti að líta sérstaklega til meginreglunnar um meðalhóf. Minni háttar frávik ættu einungis í undantekningartilvikum að leiða til útilokunar rekstraraðila. Ef minni háttar frávik eru síendurtekin getur slíkt þó vakið efasemdir um áreiðanleika rekstraraðila og gæti réttlætt útilokun hans.

107) Ef samningsstofnunum ber skylda til þess eða velja að beita þess háttar útilokunarviðmiðunum ættu þær að beita tilskipun 2014/24/ESB varðandi þann möguleika að rekstraraðilar geri ráðstafanir til að fara að reglum í þeim tilgangi að bæta fyrir afleiðingar hvers konar refsilagabrota eða misferlis og að koma með áhrifaríkum hætti í veg fyrir fleiri tilvik rangrar háttsemi.

108) Tilboð sem virðast óeðlilega lág miðað við verkin, vörurnar eða þjónustuna gætu byggst á ótryggum forsendum eða starfsvenjum í tæknilegu, fjárhagslegu eða lagalegu tilliti. Ef bjóðandinn getur ekki veitt fullnægjandi skýringu ætti samningsstofnunin að hafa rétt til þess að hafna tilboðinu. Höfnun ætti að vera lögboðin ef samningsstofnunin hefur komist að raun um að ástæðan fyrir óeðlilega lágu verði eða kostnaði, sem boðið er, er að ekki er farið að skyldubundnum Sambandslögum eða sambærilegum landslögum á sviði félagsmála-, vinnu- eða umhverfisréttar eða ákvæðum alþjóðlegrar vinnulöggjafar.

109) Skilyrði varðandi framkvæmd samnings eru til þess að mæla fyrir um sérstakar kröfur sem tengjast því að samningurinn sé efndur. Ólíkt því sem á við um forsendur fyrir vali tilboðs, sem eru grundvöllurinn fyrir samanburðarmati á gæðum tilboða, fela skilyrði varðandi framkvæmd samnings í sér fastar hlutlægar kröfur, sem hafa engin áhrif á mat á tilboðum. Skilyrði varðandi framkvæmd samnings ættu að samrýmast þessari tilskipun, að því tilskildu að þau mismuni ekki, hvorki beint né óbeint, og að þau tengist efni samningsins, sem felur í sér alla þætti sem varða hið sérstaka ferli framleiðslu, veitingar eða markaðssetningar. Þar á meðal eru skilyrði sem varða framvindu efnda samningsins, en undanskildar eru kröfur sem eiga við um almenna stefnu fyrirtækisins.

110) Mikilvægt er að tryggja að undirverktakar uppfylli viðeigandi skyldur á sviði umhverfis-, félagsmála- og vinnuréttar, sem byggjast á lögum Sambandsins, landslögum, kjarasamningum eða ákvæðum alþjóðlegrar umhverfis-, félagsmála- eða vinnulöggjafar, sem talin eru upp í þessari tilskipun, með viðeigandi aðgerðum lögbærra landsyfirvalda innan marka ábyrgða þeirra og valdsviða, s.s. vinnueftirlitsstofnana eða umhverfisverndarstofnana, að því tilskildu að slíkar reglur og beiting þeirra samrýmist lögum Sambandsins.

Einnig er nauðsynlegt að tryggja nokkurt gagnsæi í undirverktakakeðjunni, þar sem það veitir samningsstofnunum upplýsingar um hverjir eru til staðar á byggingarsvæðum þar sem unnið er að verkum í þeirra þágu, eða um það hvaða fyrirtæki veita þjónustu í eða við byggingar, grunnvirki eða svæði, s.s. ráðhús, skóla í eigu

sveitarfélaga, íþróttamannvirki, hafnir eða hraðbrautir, sem samningsstofnanir bera ábyrgð á eða hafa yfirumsjón með Koma ætti skýrt fram að skyldan til að veita tilskildar upplýsingar hvílir alltaf á aðalverktakanum, annaðhvort á grundvelli sérstakra skilmála, sem hver samningsstofnun þyrfti að fella inn í öll innkaupaferli eða á grundvelli skyldna sem aðildarríki legðu á aðalverktakana með almennt gildandi ákvæðum.

Einnig ætti að koma skýrt fram að skilyrði um framfylgd þess að farið sé að viðeigandi skyldum á sviði umhverfis-, félagsmála- og vinnuréttar, sem byggjast á lögum Sambandsins, landslögum, kjarasamningum eða ákvæðum alþjóðlegrar umhverfis-, félagsmála- eða vinnulöggjafar, sem talin eru upp í þessari tilskipun, ættu að gilda þegar landslög aðildarríkis kveða á um kerfi sameiginlegrar ábyrgðar undirverktaka og aðalverktaka, að því tilskildu að slíkar reglur og beiting þeirra samrýmist löggjöf Sambandsins. Enn fremur ætti að taka ótvírætt fram að aðildarríki ættu að geta gengið lengra, t.d. með því að víkka út skyldur um gagnsæi, með því að gera kleift að undirverktökum sé greitt beint eða með því að gera samningsyfirvöldum kleift eða skylda þau til að ganga úr skugga um að ekki sé þannig ástatt um undirverktaka að útilokun rekstraraðila eigi við. Þegar slíkum ráðstöfunum er beitt gagnvart undirverktökum ætti að tryggja samræmi við ákvæðin sem gilda um aðalverktaka svo að aðalverktakanum sé gert að skipta út viðkomandi undirverktaka ef bindandi útilokunarástæður eru fyrir hendi. Ef slík athugun leiðir í ljós útilokunarástæður, sem ekki eru bindandi, ætti að koma fram að samningsyfirvöld geti gert kröfu um að undirverktakanum sé skipt út. Hins vegar ætti einnig að koma ótvírætt fram að samningsyfirvöldum getur verið skylt að krefjast þess að viðkomandi undirverktaka sé skipt út ef útilokun aðalverktaka væri skyldubundin við slíkar aðstæður.

Einnig ætti að taka ótvírætt fram að aðildarríkjunum er áfram frjálst að kveða á um strangari reglur um bótaábyrgð í landslögum eða ganga lengra í landslögum sínum varðandi beinar greiðslur til undirverktaka.

111) Með hliðsjón af yfirstandandi umræðum um þverlæg ákvæði um tengsl við þriðju lönd með skírskotun til opinberra innkaupa þykir rétt að halda óbreyttu ástandi um hríð í reglum þeim er varða veitugeirann skv. 58. og 59. gr. tilskipunar 2004/17/EB. Þar af leiðir að halda ætti þessum ákvæðum óbreyttum, einnig ákvæðinu um samþykkt framkvæmdargerða í þeim tilvikum sem fyrirtæki í Sambandinu eiga í erfiðleikum með að komast inn á markaði í þriðju löndum. Við slíkar aðstæður ætti samþykkt þessar framkvæmdargerða áfram að vera í höndum ráðsins.

112) Rétt er að minna á að reglugerð ráðsins (EBE, KBE) nr. 1182/71 ([26]) gildir um útreikning á tímamörkum í þessari tilskipun.

113) Nauðsynlegt er að skýra við hvaða aðstæður breytingar, sem verða á samningi meðan á framkvæmd hans stendur, gera nýtt innkaupaferli nauðsynlegt, með hliðsjón af viðkomandi dómaframkvæmd Evrópudómstólsins. Nýtt innkaupaferli er nauðsynlegt ef um er að ræða efnislegar breytingar á upphaflega samningnum, einkum á umfangi og efni gagnkvæmra réttinda og skyldna aðilanna, þ.m.t. skiptingu hugverkaréttinda. Slíkar breytingar sýna vilja aðilanna til að semja aftur um nauðsynlega skilmála eða skilyrði þess samnings. Þetta á einkum við ef hin breyttu skilyrði hefðu haft áhrif á útkomu útboðsins hefðu þau verið hluti af upprunalega útboðinu.

Breytingar á samningnum, sem valda minniháttar breytingum á samningsfjárhæðinni upp að vissri viðmiðunarfjárhæð, ættu alltaf að vera mögulegar án þess að framkvæma nýtt innkaupaferli. Í þessu skyni og til þess að tryggja réttarvissu ætti þessi tilskipun að kveða á um lágmarksviðmiðunarfjárhæðir og sé fjárhæðin undir þeim þarf ekki að hefja nýtt innkaupaferli. Breytingar á samningnum, sem nema fjárhæðum sem eru yfir þessum viðmiðunarfjárhæðum, ættu að vera mögulegar án nýs innkaupaferlis, að því marki sem slíkar breytingar samrýmast viðeigandi skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

114) Samningsstofnanir gætu staðið frammi fyrir aðstæðum þar sem viðbótarverk, -vörur eða -þjónusta reynast nauðsynleg; í slíkum tilvikum gæti verið réttlætanlegt að breyta upphaflega samningnum án nýs innkaupaferlis, einkum ef um er að ræða viðbótarafhendingar á vörum sem annaðhvort er ætlað að koma að hluta í stað eða vera viðbót við fyrirliggjandi þjónustu, vörur eða búnað og val á nýjum birgi myndi skuldbinda samningsstofnunina til að kaupa efni, verk eða þjónustu sem hefði aðra tæknilega eiginleika og leiddu því til ósamhæfis eða óeðlilega mikilla tæknilegra erfiðleika við rekstur og viðhald.

([26]) Reglugerð ráðsins (EBE, KBE) nr. 1182/71 frá 3. júní 1971 sem setur reglur um hvernig reikna ber tímabil, dagsetningar og fresti (Stjtíð. EB sérstök ensk útgáfa: Röð V hefti 1952-1972 bls. 88).

115) Samningsstofnanir geta staðið andspænis ytri kringumstæðum sem þær gátu ekki séð fyrir þegar þær gerðu samninginn, einkum þegar framkvæmd hans nær yfir langt tímabil. Þegar svo ber undir er viss sveigjanleiki nauðsynlegur til að laga samninginn að aðstæðunum án nýs innkaupaferlis. Hugtakið ófyrirsjáanlegar aðstæður vísar til aðstæðna, sem ekki hefði verið hægt að spá fyrir um þrátt fyrir vandlegan undirbúning samningsstofnunarinnar á upphaflegu samningsgerðinni með tilliti til færra leiða, eðlis og einkenna hins tiltekna verkefnis, góðra starfsvenja á viðkomandi sviði og þarfarinnar á að tryggja eðlileg tengsl milli þess sem varið er í að undirbúa gerð samningsins og fyrirsjáanlegs verðmætis hans.

Hins vegar getur þetta ekki átt við þegar breyting leiðir til breytingar á eðli innkaupanna í heild, t.d. með því að eitthvað annað komi í stað verkanna, varanna eða þjónustunnar sem kaupa skal, eða með því að tegund innkaupanna sé breytt í grundvallaratriðum, þar sem gera má ráð fyrir því í slíkum tilvikum að það hafi möguleg áhrif á útkomuna.

116) Í samræmi við meginreglurnar um jafna meðferð og gagnsæi ætti ekki að skipta út hlutskarpasta bjóðandanum fyrir annan rekstraraðila án þess að efna á ný til samkeppni um samninginn, t.d. þar sem bundinn er endi á samninginn vegna annmarka við efndir. Hlutskarpasti bjóðandinn sem framkvæmir samninginn ætti hins vegar, einkum þegar samningurinn hefur verið gerður við fleiri en eitt fyrirtæki, að geta farið í gegnum tilteknar skipulagsbreytingar meðan á framkvæmd samningsins stendur, s.s. hreina innri endurskipulagningu, yfirtökur, samruna og kaup eða ógjaldfærni. Slíkar skipulagsbreytingar ættu ekki sjálfkrafa að kalla á nýtt innkaupaferli fyrir alla samninga sem sá bjóðandi framkvæmir.

117) Samningsstofnanir ættu að hafa möguleika á að kveða á um breytingar á einstökum samningum með endurskoðunarákvæðum eða ákvæðum um valmöguleika í samningunum sjálfum en slík ákvæði ættu ekki að veita þeim ótakmarkað ákvörðunarvald. Því ætti að setja fram í þessari tilskipun upp að hvaða marki megi kveða á um breytingar í upphaflega samningnum. Því ætti að koma skýrt fram að nægilega skýrt orðuð endurskoðunarákvæði eða ákvæði um valmöguleika geti m.a. kveðið á um verðtryggingu eða tryggt að t.d. fjarskiptabúnaður, sem ber að afhenda á tilteknu tímabili henti áfram, einnig ef um er að ræða breyttar samskiptareglur um fjarskipti eða aðrar tæknilegar breytingar. Einnig ætti að vera mögulegt, samkvæmt nægilega skýrum ákvæðum, að kveða á um breytingar á samningnum sem reynast nauðsynlegar vegna tæknilegra örðugleika sem hafa komið upp við starfrækslu eða viðhald. Einnig ætti að minna á að samningar gætu t.d. varðað bæði hefðbundið viðhald auk þess að kveða á um sérstök inngrip vegna viðhalds sem kann að vera nauðsynlegt til þess að tryggja áframhaldandi veitingu opinberrar þjónustu.

118) Samningsstofnanir standa stundum frammi fyrir aðstæðum sem krefjast þess að opinberum samningum sé slitið fyrr en ætlað var til þess að farið sé að skyldum samkvæmt löggjöf Sambandsins á sviði opinberra innkaupa. Aðildarríkin ættu því að tryggja að samningsstofnanir eigi þess kost að slíta opinberum samningi, í samræmi við skilyrði sem kveðið er á um í landslögum, á gildistíma hans, ef þess er krafist samkvæmt lögum Sambandsins.

119) Niðurstöður vinnuskjals framkvæmdastjórnarinnar frá 27. júní 2011 með heitinu „Matsskýrsla: Áhrif og skilvirkni löggjafar ESB um opinber innkaup“ gáfu til kynna að endurskoða ætti að vissar tegundir þjónustu eru undanskildar fullri beitingu tilskipunar 2004/17/EB. Af því leiðir að víkka ætti út fulla beitingu þessarar tilskipunar þannig að hún nái til fleiri tegunda þjónustu.

120) Eðlis síns vegna ná tilteknir flokkar þjónustu áfram að takmörkuðu leyti yfir landamæri, einkum þjónusta, sem lýst er sem þjónusta við einstaklinga, s.s. tiltekin félagsþjónusta, heilbrigðisþjónusta og þjónusta á sviði menntunar. Slík þjónusta er veitt í tilteknu samhengi sem er mjög mismunandi meðal aðildarríkjanna vegna mismunandi menningarhefða. Því ætti að koma á sérstöku fyrirkomulagi fyrir samninga vegna þess konar þjónustu, með hærri viðmiðunarfjárhæð en gildir um aðra þjónustu.

Þjónusta við einstaklinga, þar sem verðmætið er undir þeirri viðmiðunarfjárhæð, vekur yfirleitt ekki áhuga þjónustuveitenda í öðrum aðildarríkjum nema ótvíræðar vísbendingar séu um hið gagnstæða, s.s. að Sambandið fjármagni verkefni sem ná yfir landamæri.

Um samninga um þjónustu við einstaklinga yfir þessari viðmiðunarfjárhæð ættu að gilda gagnsæiskvaðir innan alls Sambandsins. Í ljósi mikilvægis menningarlegs samhengis þessarar þjónustu og hversu viðkvæm hún er ætti að veita aðildarríkjunum víðtækt ákvörðunarvald til að skipuleggja val á þjónustuveitendum með þeim hætti sem þau telja hæfa best. Reglur þessarar tilskipunar taka mið af þessari brýnu kröfu og með þeim eru einungis settar kröfur um að uppfylla grundvallarreglurnar um gagnsæi og jafna meðferð og að tryggja að samningsstofnanir séu fær um að nota sérstakar gæðaviðmiðanir við val á þjónustuveitendum, s.s. viðmiðanirnar sem settar eru fram í valfrjálsum evrópskum gæðaramma fyrir félagsþjónustu, sem birtur er af nefnd Evrópusambandsins um félagslega vernd. Við ákvörðun á þeim ferlum sem nota skal við samningsgerð vegna þjónustu við einstaklinga ættu aðildarríkin að taka mið af 14. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og bókun nr. 26. Um leið ættu aðildarríkin að leitast við að ná markmiðum um einföldun og að létta stjórnsýsluálag samningsstofnana og rekstraraðila; taka ætti skýrt fram að slíkar aðgerðir gætu einnig falið í sér að fara þyrfti að reglum sem gilda um þjónustusamninga sem ekki falla undir einfalda fyrirkomulagið.

Aðildarríkjum og samningsstofnunum er áfram frjálst að veita þessa þjónustu sjálf eða að skipuleggja félagsþjónustu með þeim hætti að það feli ekki í sér gerð opinberra samninga, t.d. með því að fjármagna aðeins slíka þjónustu eða með því að veita leyfi eða heimildir til allra rekstraraðila, sem uppfylla tiltekin skilyrði sem samningsstofnunin setur fyrirfram, án takmarkana eða kvóta, að því tilskildu að slík kerfi tryggi nægja auglýsingu og séu í samræmi við meginreglurnar um gagnsæi og bann við mismunun.

121) Á sama hátt er hótel- og veitingaþjónusta almennt einungis boðin af aðilum sem eru staðsettir á þeim tiltekna stað þar sem þjónustan er veitt og nær þess vegna að takmörkuðu leyti yfir landamæri. Hún ætti því eingöngu að falla undir einfalda fyrirkomulagið ef verðmæti hennar nemur 1 000 000 evra viðmiðunarfjárhæðinni eða þar yfir. Stórir hótel- og veitingaþjónustusamningar yfir þessum viðmiðunarfjárhæðum geta verið mikilvægir fyrir ýmsa rekstraraðila, s.s. ferðaskrifstofur og aðra milliliði, einnig yfir landamæri.

122) Svipuðu máli gegnir með tiltekna lögfræðiþjónustu, sem snertir eingöngu málefni sem eru alfarið bundin við landslög og er þess vegna almennt aðeins boðin af aðilum, sem eru í hlutaðeigandi aðildarríki, og nær af þessum sökum einnig að takmörkuðu leyti yfir landamæri. Hún ætti því eingöngu að falla undir einfalda fyrirkomulagið ef verðmæti hennar nemur 1 000 000 evra viðmiðunarfjárhæðinni eða þar yfir. Stórir samningar um lögfræðiþjónustu, sem eru yfir þessari viðmiðunarfjárhæð, geta verið mikilvægir fyrir ýmsa rekstraraðila, t.d. alþjóðleg lögfræðifyrirtæki, einnig þeir sem ná yfir landamæri, einkum ef um er að ræða lögfræðileg álitaefni sem rísa eða eru tilkomin vegna Sambandslaga eða annarra alþjóðalaga eða taka til fleiri en eins lands.

123) Reynslan hefur leitt í ljós að yfirleitt varðar ýmiss konar önnur þjónusta, s.s. björgunarþjónusta, slökkvistörf og fangelsisþjónusta, aðeins hagsmuni yfir landamæri frá þeim tíma sem hún nær nægilegu magnumfangi vegna hlutfallslega mikils verðmætis. Svo fremi sem hún er ekki undanskilin gildissviði þessarar tilskipunar ætti hún að falla undir einfalda fyrirkomulagið. Að því marki sem veiting þjónustu byggist í reynd á samningum, mun annars konar þjónusta, s.s. eftirgrennslan og öryggisþjónusta, að öðru jöfnu aðeins varða hagsmuni yfir landamæri ef verðmæti hennar fer yfir 1 000 000 evra viðmiðunarfjárhæð og ætti þess vegna aðeins í slíku tilviki að falla undir einfalda fyrirkomulagið.

124) Til að tryggja áframhaldandi opinbera þjónustu ætti þessi tilskipun að gefa færi á að þátttaka á sviði tiltekinnar heilbrigðis-, félags- og menningarþjónustu í innkaupaferli geti verið bundin við stofnanir, sem byggjast á eignarhaldi starfsmanna eða virkri þátttöku starfsmanna í stjórnun þeirra, sem og við fyrirliggjandi stofnanir á borð við samvinnufélög, að því er varðar þátttöku í að veita endanlegum notendum þessa þjónustu. Gildissvið þessa ákvæðis nær einungis til tiltekinnar heilbrigðis- og félagsþjónustu og tengdrar þjónustu, tiltekinnar menntunar- og þjálfunarþjónustu, bókasafns-, skjalavörslu- og safnaþjónustu og annarrar menningartengdrar þjónustu, íþróttaþjónustu og þjónustu fyrir einkaheimili og er ekki ætlað að ná til undanskilinnar þjónustu sem annars er kveðið á um í þessari tilskipun. Sú þjónusta ætti aðeins að falla undir einfalda fyrirkomulagið.

125) Rétt er að skilgreina þess konar þjónustu með tilvísun í sérstaka liði í sameiginlega innkaupaorðasafninu eins og það var samþykkt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2195/2002 ([27]), en það er flokkunarkerfi með stigskipaðri uppbyggingu, skipt niður í deildir, hópa, greinar, flokka og undirflokka. Til þess að koma í veg fyrir réttaróvissu ætti að taka fram að tilvísun í deild felur ekki í sér að vísað sé í undirskipaðar undirdeildir. Þess í stað ætti að setja fram slíka heildartilvísun skýrt og greinilega með því að tiltaka alla viðkomandi staði, ef við á, sem röð af kóðum.

([27]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2195/2002 frá 5. nóvember 2002 um sameiginlegt innkaupaorðasafn (CPV) (Stjtíð. EB L 340, 16.12.2002, bls. 1).

126) Hönnunarsamkeppnir hafa yfirleitt helst verið haldnar á sviði borgar- og byggðaskipulags, byggingarlistar og verkfræði eða gagnavinnslu. Hins vegar ætti að hafa í huga að þessar sveigjanlegu aðferðir mætti líka nýta í öðrum tilgangi og að mæla megi fyrir um að þjónustusamningar, sem á eftir fylgja, yrðu gerðir við vinningshafann eða einn vinningshafa hönnunarsamkeppninnar með samningskaupum án auglýsingar.

127) Matið hefur leitt í ljós að enn er umtalsvert svigrúm til endurbóta á beitingu reglna Sambandsins um opinber innkaup. Til að beiting reglnanna verði skilvirkari og samræmdari er mikilvægt að öðlast góða yfirsýn yfir möguleg kerfislæg vandamál og almenn mynstur í opinberri innkaupastefnu í hverju aðildarríki fyrir sig svo taka megi á mögulegum vandamálum með markvissari hætti. Þetta yfirlit ætti að vinna með viðeigandi eftirliti og niðurstöður þess ætti að birta reglulega til að upplýst umræða um mögulegar endurbætur á reglum og starfsvenjum um innkaup geti farið fram. Með því að fá gott yfirlit af þessu tagi væri einnig hægt að fá innsýn í beitingu reglna um opinber innkaup í tengslum við framkvæmd verkefna sem Sambandið fjármagnar í samstarfi við aðildarríkin. Aðildarríkjunum ætti að vera í sjálfsvald sett að ákveða hvernig eftirlitið fer fram og hver annast framkvæmd þess, um leið ætti þeim að vera í sjálfsvald sett að ákveða hvort eftirlitið skuli byggjast á eftirliti eftir á með hjálp úrtaka eða á kerfisbundnu fyrirframmati á opinberum innkaupaferlum sem falla undir þessa tilskipun. Það ætti að vera mögulegt að vekja athygli viðeigandi aðila á hugsanlegum vandamálum, en ætti ekki nauðsynlega að hafa í för með sér að þeir sem önnuðust eftirlitið öðlist rétt til málsóknar fyrir dómstólum.

Betri leiðbeiningar, upplýsingar og stuðningur við samningsstofnanir og rekstraraðila gæti einnig lagt umtalsvert af mörkum til að auka skilvirkni í opinberum innkaupum með meiri þekkingu, aukinni réttarvissu og fagmennsku í starfsvenjum við opinber innkaup. Slíkar leiðbeiningar ætti að ætíð að gera aðgengilegar samningsstofnunum og rekstraraðilum ef nauðsyn virðist á því að færa beitingu reglnanna til betri vegar. Leiðbeiningarnar sem veita skal gætu náð yfir öll málefni, sem skipta máli í opinberum innkaupum, s.s. skipulagningu innkaupa, ferli, val á tækni og aðferðum og góðar starfsvenjur við framkvæmd ferlanna. Að því er varðar lagaleg atriði er ekki nauðsynlegt að leiðbeiningarnar séu svo ítarlegar að þær feli í sér lögfræðilega heildargreiningu á viðkomandi málefnum, þær mætti takmarka við almennar ábendingar á þeim þáttum, sem ætti að taka tillit til við ítarlega greiningu á spurningunum, sem síðar er gerð, t.d. með því að vísa til dómaframkvæmdar, sem gæti skipt máli, eða til leiðbeininga eða annarra heimilda þar sem þegar hefur verið fjallað um tiltekna spurningu.

128) Í tilskipun 92/13/EBE er kveðið á um tilteknar kæruleiðir sem skulu vera tiltækar a.m.k. einstaklingum sem hafa eða höfðu áhuga á því að ná tilteknum samningi og hafa átt á hættu að verða eða hafa orðið fyrir skaða af meintu broti á Sambandslögum á sviði opinberra innkaupa eða reglna sem aðildarríkin hafa sett til að lögleiða þau lög. Þessar kæruleiðir ættu ekki að verða fyrir áhrifum af þessari tilskipun. Borgarar, hagsmunaaðilar, sem málið varðar, hvort heldur skipulagðir eða ekki, og aðrir einstaklingar eða aðilar, sem ekki hafa aðgang að kæruleiðum samkvæmt tilskipun 92/13/EBE, hafa, sem skattgreiðendur, engu að síður lögmætra hagsmuna að gæta varðandi traust innkaupaferli. Þeir ættu því að hafa möguleika á því, fyrir utan kæruleiðirnar samkvæmt tilskipun 92/13/EBE og án þess að það hafi í för með sér að þeir öðlist rétt til málssóknar fyrir dómstólum, að benda lögbæru yfirvaldi eða stofnun á möguleg brot á þessari tilskipun. Til að komast hjá skörun við önnur yfirvöld eða stofnanir, sem þegar eru til staðar, ætti aðildarríkjunum að vera unnt að skírskota til almennra eftirlitsyfirvalda eða -stofnana, eftirlitsaðila í vissum geirum, eftirlitsyfirvalda á sveitarstjórnarstigi, samkeppnisyfirvalda, umboðsmanns eða landsbundinna endurskoðunaryfirvalda.

129) Til að nýta til fulls þá möguleika sem felast í opinberum innkaupum við að ná markmiðum áætlunarinnar Evrópa 2020 um snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla verða innkaup á sviði umhverfismála, félagsmála og nýsköpunar einnig að gegna sínu hlutverki. Þess vegna er mikilvægt að fá yfirlit yfir þróun á sviði stefnumótandi innkaupa þannig að unnt sé að fá upplýst sjónarhorn á almenna tilhneigingu á þessu sviði í heild. Auðvitað má einnig nota allar viðeigandi skýrslur, sem þegar hafa verið gerðar, í þessu samhengi.

130) Í ljósi þeirra möguleika sem lítil og meðalstór fyrirtæki gefa færi á varðandi fjölgun starfa, vöxt og nýsköpun er mikilvægt að hvetja þau til að taka þátt í opinberum innkaupum, bæði með viðeigandi ákvæðum í þessari tilskipun og einnig í gegnum framtaksverkefni á landsvísu. Nýju ákvæðin, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, ættu að stuðla að því að bæta árangur, þ.e.a.s. hlutfall lítilla og meðalstórra fyrirtækja í heildarverðmæti gerðra samninga. Ekki þykir rétt að setja fyrirmæli um skyldubundið árangurshlutfall, hins vegar ætti að fylgjast náið með landsbundnum framtaksverkefnum til að auka þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja með tilliti til mikilvægis þessa þáttar.

131) Röð ferla og starfsaðferða hefur þegar verið komið á að því er varðar samskipti og tengiliði framkvæmdastjórnarinnar við aðildarríki, s.s. samskipti og tengiliði sem tengjast ferlunum, sem kveðið er á um í 258. og 260. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, samkvæmt netinu til úrlausnar vandamála á innri markaði (SOLVIT) og tilraunaverkefni ESB (EU Pilot), sem ekki er breytt með þessari tilskipun. Þeim til viðbótar ætti þó að tilgreina einn tengilið í hverju aðildarríki fyrir samvinnu við framkvæmdastjórnina, sem myndi gegna hlutverki eins móttökuaðila fyrir málefni sem varða opinber innkaup í viðkomandi aðildarríki. Þetta hlutverk gæti verið í höndum annaðhvort einstaklinga eða stofnana, sem þegar eru í reglulegu sambandi við framkvæmdastjórnina varðandi málefni sem tengjast opinberum innkaupum, s.s. landsbundnir tengiliðir, fulltrúar í ráðgjafarnefnd um opinber innkaup, fulltrúar í innkaupatengslanetinu eða landsbundnir samræmingaraðilar.

132) Rekjanleiki og gagnsæi við ákvarðanatöku í innkaupaferlum er það sem meginmáli skiptir til að tryggja traust ferli, m.a. að berjast með skilvirkni gegn spillingu og svikum. Samningsyfirvöld ættu því að geyma afrit af verðmætum samningum, sem gerðir eru, til þess að geta veitt hlutaðeigandi aðilum aðgang að þessum skjölum í samræmi við gildandi reglur um aðgang að skjölum. Enn fremur ættu samningsstofnanir að skjalfesta mikilvægustu þætti og ákvarðanir einstakra innkaupaferla í innkaupaskýrslu. Til að komast hjá stjórnsýsluálagi, svo sem unnt er, ætti að vera heimilt að vísað sé til upplýsinga í innkaupaskýrslunni sem þegar eru fyrir hendi í viðkomandi tilkynningu um samningsgerð. Einnig ætti að endurbæta rafrænu kerfin fyrir birtingu slíkra tilkynninga, sem framkvæmdastjórnin hefur umsjón með, í því skyni að auðvelda innfærslu gagna og um leið útdrátt heildarskýrslna og gagnaskipti milli kerfa.

133) Í þágu þess að einfalda stjórnsýsluna og til að létta byrðum af aðildarríkjunum ætti framkvæmdastjórnin að skoða reglulega hvort gæði og heilleiki upplýsinga í tilkynningum, sem birtar eru í tengslum við opinber innkaupaferli, séu nægileg til að framkvæmdastjórninni sé kleift að draga út þær tölfræðilegu upplýsingar sem aðildarríkin myndu að öðrum kosti þurfa að sjá um að senda.

134) Skilvirk samvinna á sviði stjórnsýslu er nauðsynleg vegna þeirra upplýsingaskipta sem þörf er á við framkvæmd útboðsferla yfir landamæri, einkum að því er varðar sannprófun á ástæðum útilokunar og á hæfiskröfum og notkun gæða- og umhverfisstaðla og skráa yfir viðurkennda rekstraraðila. Upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn (IM-upplýsingakerfið), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1024/2012 ([28]), gæti falið í sér gagnlegar rafrænar leiðir til að auðvelda og efla samvinnu á sviði stjórnsýslu varðandi stjórnun upplýsingaskipta með einföldum og samræmdum ferlum til að yfirstíga tungumálahindranir. Þess vegna ætti að hleypa af stokkunum tilraunaverkefni svo skjótt sem auðið er til að prófa hvort það sé heppilegt skref að stækka upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn þannig að nái yfir upplýsingaskipti samkvæmt þessari tilskipun.

135) Til þess að aðlagast hraðri tæknilegri og efnahagslegri þróun og þróun á sviði reglusetningar ætti að framselja vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins til framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar nokkra þætti í þessari tilskipun sem hafa ekki grundvallarþýðingu. Þar sem nauðsynlegt er að fylgja alþjóðasamningum ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að breyta tæknilegri útfærslu aðferða til útreiknings á viðmiðunarfjárhæðum ásamt reglubundinni endurskoðun á viðmiðunarfjárhæðunum sjálfum. Tilvísanir í flokkunarkerfi sameiginlega innkaupaorðasafnsins geta breyst vegna breytinga á reglum á vettvangi Sambandsins og nauðsynlegt er að þessar breytingar skili sér í texta þessarar tilskipunar. Uppfæra ætti tæknileg atriði og eiginleika búnaðar til rafrænnar móttöku í takt við tækniþróun. Einnig er nauðsynlegt að heimila framkvæmdastjórninni að lögbjóða tiltekna tæknistaðla fyrir rafræn samskipti til að tryggja rekstrarsamhæfi tæknisniða, ferla og skilaboða í innkaupaferli sem fram fer með notkun rafrænna samskiptaaðferða með hliðsjón af tækniþróun. Einnig ætti að heimila framkvæmdastjórninni að breyta skránni yfir löggerninga til að koma á sameiginlegum aðferðum við útreikning vistferilskostnaðar. Skránni yfir alþjóðlegar samþykktir og samninga á sviði félagsmála og umhverfismála og skránni yfir löggjöf Sambandsins þar sem gengið er út frá því að með framkvæmd þeirra skapist frjáls aðgangur að vissum markaði, sem og II. viðauka, sem í er skrá yfir réttargerðir, sem taka skal tillit til við mat á því hvort fyrir hendi séu sérstök réttindi eða einkaréttur, ætti að breyta með hraði til að fella inn ráðstafanir sem samþykktar eru í hverjum geira fyrir sig. Til að uppfylla þessa þörf ætti framkvæmdastjórnin að hafa vald til að halda skránum uppfærðum. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

([28]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1024/2012 frá 25. október 2012 um samvinnu á sviði stjórnsýslu fyrir tilstilli upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn og niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/49/EB („reglugerðin um IM-upplýsingakerfið“) (Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 1).

136) Við beitingu þessarar tilskipunar ætti framkvæmdastjórnin að ráðfæra sig við viðeigandi sérfræðingahópa á sviði rafrænna innkaupa til að tryggja jafnvægi í samsetningu þeirra hópa sem hafa lykilhagsmuna að gæta.

137) Til að tryggja samræmd skilyrði vegna framkvæmdar þessarar tilskipunar, sem og vegna ferlisins við að senda og birta gögn, sem um getur í IX. viðauka, og ferlanna við að semja og senda tilkynningar, stöðluð eyðublöð fyrir birtingu tilkynninga, ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([29]).

138) Beita ætti ráðgjafarnefndarmeðferð við samþykkt framkvæmdargerða, sem varða stöðluð eyðublöð fyrir birtingu tilkynninga, sem hafa hvorki áhrif frá fjárhagslegu sjónarmiði né á eðli og umfang skyldna sem stafa af þessari tilskipun. Þessar gerðir einkennast, þvert á móti, af því að þær þjóna einvörðungu stjórnsýslulegum tilgangi og er ætlað að auðvelda beitingu reglnanna sem settar eru fram í þessari tilskipun.

Jafnframt ætti að samþykkja ákvarðanir til að sannreyna hvort tiltekin starfsemi eigi í beinni samkeppni á mörkuðum þar sem aðgangur ætti að vera frjáls samkvæmt skilyrðum sem tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessa ákvæðis. Þess vegna ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald einnig í tengslum við ítarleg framkvæmdarákvæði málsmeðferðarinnar, sem kveðið er á um í 35. gr., til að sannreyna hvort 34. gr. eigi við eins og framkvæmdargerðirnar sjálfar. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 182/2011. Nota ætti ráðgjafarnefndarmeðferðina við samþykkt þessara framkvæmdargerða.

139) Framkvæmdastjórnin ætti að rýna í áhrif þess á innri markaðinn að notaðar séu viðmiðunarfjárhæðir og greina Evrópuþinginu og ráðinu frá því. Um leið ætti hún að taka tillit til þátta á borð við umfang innkaupa yfir landamæri, þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja, viðskiptakostnaðar og vega og meta kostnað á móti ávinningi.

Í samræmi við 7. mgr. XXII gr. samningsins um opinber innkaup eiga samningsaðilar að eiga með sér frekari viðræður um hann þremur árum eftir að hann öðlast gildi og með reglubundnum hætti eftir það. Í tengslum við það ætti að skoða hversu viðeigandi viðmiðunarfjárhæðirnar eru, með áhrif verðbólgu í huga í ljósi þess að langur tími líður án þess að viðmiðunarfjárhæðunum sé breytt í samningnum um opinber innkaup. Ef viðmiðunarfjárhæðirnar skyldu breytast af þessum sökum ætti framkvæmdastjórnin að samþykkja, eftir því sem við á, tillögu um réttargerð um að breyta viðmiðunarfjárhæðunum sem settar eru fram í þessari tilskipun.

140) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að samræma lög og stjórnsýslufyrirmæli aðildarríkjanna um beitingu tiltekinna opinberra innkaupaferla og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs þeirra og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná því markmiði.

141) Fella ber tilskipun 2004/17/EB úr gildi.

142) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl hafa aðildarríki skuldbundið sig, í rökstuddum tilvikum, til að láta tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar fylgja eitt eða fleiri skjöl sem skýra út sambandið milli innihalds tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga. Að því er varðar þessa tilskipun telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé rökstudd.

([29]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. BÁLKUR:	GILDISSVIÐ, SKILGREININGAR OG ALMENNAR MEGINREGLUR
I. KAFLI:	Efni og skilgreiningar
1. gr.:	Efni og gildissvið
2. gr.:	Skilgreiningar
3. gr.:	Samningsyfirvöld
4. gr.:	Samningsstofnanir
5. gr.:	Blönduð innkaup sem varða sömu starfsemi
6. gr.:	Innkaup sem taka til margs konar starfsemi
II. KAFLI:	Starfsemi
7. gr.:	Almenn ákvæði
8. gr.:	Gas og hiti
9. gr.:	Raforka
10. gr.:	Vatn
11. gr.:	Flutningaþjónusta
12. gr.:	Hafnir og flugvellir
13. gr.:	Póstþjónusta
14. gr.:	Olíu- og gasvinnsla og leit eða vinnsla á kolum eða öðru eldsneyti í föstu formi
III. KAFLI:	Efnislegt gildissvið
1. ÞÁTTUR:	VIÐMIÐUNARFJÁRHÆÐIR
15. gr.:	Viðmiðunarfjárhæðir
16. gr.:	Aðferðir til að reikna út áætlað verðmæti innkaupa
17. gr.:	Endurskoðun viðmiðunarfjárhæða
2. ÞÁTTUR:	SAMNINGAR OG HÖNNUNARSAMKEPPNIR SEM FALLA EKKI UNDIR TILSKIPUNINA; Sérákvæði um innkaup sem hafa hliðar er snúa að vörnum og öryggi
1. undirþáttur:	Undantekningar sem eiga við um allar samningsstofnanir og sérstakar undantekningar fyrir vatns- og orkugeirann
18. gr.:	Samningar sem eru gerðir til að endurselja eða leigja þriðju aðilum
19. gr.:	Samningar sem gerðir eru, og hönnunarsamkeppnir sem skipulagðar eru, í öðrum tilgangi en að inna af hendi starfsemi sem fellur undir þessa tilskipun eða til að inna af hendi slíka starfsemi í þriðja landi.

20. gr.:	Samningar sem gerðir eru og hönnunarsamkeppnir sem skipulagðar eru í samræmi við alþjóðlegar reglur
21. gr.:	Sérstakar undantekningar vegna þjónustusamninga
22. gr.:	Þjónustusamningar sem gerðir eru á grundvelli einkaréttar
23. gr.:	Samningar sem tilteknar samningsstofnanir gera um kaup á vatni og um afhendingu á orku eða eldsneyti til að framleiða orku
2. undirþáttur:	Innkaup sem hafa hliðar er snúa að vörnum og öryggi
24. gr.:	Varnir og öryggi
25. gr.:	Blönduð innkaup sem varða sömu starfsemi og hafa hliðar er snúa að vörnum eða öryggi
26. gr.:	Innkaup sem taka til margs konar starfsemi og hafa hliðar er snúa að vörnum og öryggi
27. gr.:	Samningar sem gerðir eru og hönnunarsamkeppnir sem skipulagðar eru í samræmi við alþjóðlegar reglur og hafa hliðar er snúa að vörnum og öryggi
3. undirþáttur:	Sérstök tengsl (samvinna, eignatengd fyrirtæki og fyrirtæki um sameiginlegt verkefni)
28. gr.:	Samningar milli samningsyfirvalda
29. gr.:	Samningar sem gerðir eru við eignatengt fyrirtæki
30. gr.:	Samningar sem gerðir eru við fyrirtæki um sameiginlegt verkefni eða samningsstofnun sem á hlut að fyrirtæki um sameiginlegt verkefni
31. gr.:	Tilkynning upplýsinga
4. undirþáttur:	Sérstakar aðstæður
32. gr.:	Þjónusta tengd rannsóknum og þróun
33. gr.:	Samningar sem eru háðir sérstökum ráðstöfunum
5. undirþáttur:	Starfsemi í beinni samkeppni og málsmeðferðarákvæði sem henni tengjast
34. gr.:	Starfsemi í beinni samkeppni
35. gr.:	Málsmeðferð til að slá því föstu hvort 34. gr. eigi við
IV. KAFLI:	Almennar meginreglur
36. gr.:	Meginreglur um innkaup
37. gr.:	Rekstraraðilar
38. gr.:	Samningar bundnir við ákveðna hópa
39. gr.:	Trúnaðarkvaðir
40. gr.:	Reglur um samskipti

41. gr.: Flokkunarkerfi

42. gr.: Hagsmunaárekstrar

II. BÁLKUR REGLUR UM SAMNINGA

I. KAFLI: Útboðsaðferðir

43. gr.: Skilyrði í tengslum við samninginn um opinber innkaup og aðra alþjóðasamninga

44. gr.: Val á útboðsaðferðum

45. gr.: Almennt útboð

46. gr.: Lokað útboð

47. gr.: Samningskaup að undangenginni útboðsauglýsingu

48. gr.: Samkeppnisviðræður

49. gr.: Nýsköpunarsamstarf

50. gr.: Notkun samningskaupa án undangenginnar útboðsauglýsingar

II. KAFLI: Tækni og aðferðir við rafræn innkaup og hópinnkaup

51. gr.: Rammasamningar

52. gr.: Gagnvirk innkaupakerfi

53. gr.: Rafræn uppboð

54. gr.: Rafrænir vörulistar

55. gr.: Miðstýrð innkaupastarfsemi og miðlægar innkaupastofnanir

56. gr.: Tilfallandi sameiginleg innkaup

57. gr.: Innkaup samningsstofnana frá mismunandi aðildarríkjum

III. KAFLI: Framkvæmd útboðs

1. ÞÁTTUR: UNDIRBÚNINGUR

58. gr.: Undanfarandi markaðskannanir

59. gr.: Fyrri aðkoma umsækjenda eða bjóðenda

60. gr.: Tækniforskriftir

61. gr.: Merki

62. gr.: Prófunarskýrslur, vottun og önnur sönnunargögn

63. gr.:	Afhending tækniforskrifta
64. gr.:	Frávikstilboð
65. gr.:	Skipting samninga í hluta
66. gr.:	Frestir settir
2. ÞÁTTUR:	BIRTING OG GAGNSÆI
67. gr.:	Reglubundnar kynningartilkynningar
68. gr.:	Tilkynningar um að hæfismatskerfi sé fyrir hendi
69. gr.:	Útboðstilkynningar
70. gr.:	Tilkynningar um samningsgerð
71. gr.:	Form tilkynninga og aðferð við birtingu þeirra
72. gr.:	Birting á landsvísu
73. gr.:	Rafrænt aðgengi að útboðsgögnum
74. gr.:	Boð til umsækjenda
75. gr.:	Upplýsingar til umsækjenda um hæfismat, umsækjenda og bjóðenda
3. ÞÁTTUR:	VAL Á ÞÁTTTAKENDUM OG SAMNINGSGERÐ
76. gr.:	Almennar meginreglur
1. undirþáttur:	Hæfi og hæfismiðað val
77. gr.:	Hæfismatskerfi
78. gr.:	Forsendur fyrir hæfismiðuðu vali
79. gr.:	Byggt á getu annarra aðila
80. gr.:	Notkun útilokunarástæðna og hæfiskrafna sem kveðið er á um samkvæmt tilskipun 2014/24/ESB
81. gr.:	Gæðastaðlar og umhverfisstjórnunarstaðlar
2. undirþáttur:	Gerð samnings
82. gr.:	Forsendur fyrir vali tilboðs
83. gr.:	Útreikningur vistferilskostnaðar
84. gr.:	Óeðlilega lág tilboð
4. ÞÁTTUR:	TILBOÐ SEM NÁ YFIR VÖRUR SEM ERU UPPRUNNAR Í ÞRIÐJU LÖNDUM OG TENGSL VIÐ ÞESSI LÖND

85. gr.:	Tilboð sem ná yfir vörur sem eru upprunnar í þriðju löndum
86. gr.:	Tengsl við þriðju lönd að því er varðar verk-, vöru- og þjónustusamninga
IV. KAFLI:	Framkvæmd samnings
87. gr.:	Skilyrði sem tengjast framkvæmd samnings
88. gr.:	Undirverktakastarfsemi
89. gr.:	Breyting samninga á gildistíma þeirra
90. gr.:	Slit samninga
III. BÁLKUR:	SÉRSTAKT INNKAUPAFYRIRKOMULAG
I. KAFLI:	Félagsþjónusta og önnur sértæk þjónusta
91. gr.:	Gerð samninga um félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu
92. gr.:	Birting tilkynninga
93. gr.:	Meginreglur um val tilboða
94. gr.:	Samningar bundnir við ákveðna hópa um tiltekna þjónustu
II. KAFLI:	Reglur um hönnunarsamkeppnir
95. gr.:	Gildissvið
96. gr.:	Tilkynningar
97. gr.:	Reglur um tilhögun hönnunarsamkeppna, val þátttakenda og dómnefnd
98. gr.:	Ákvarðanir dómnefndar
IV. BÁLKUR:	STJÓRNUNARHÆTTIR
99. gr.:	Framfylgd
100. gr.:	Stakar skýrslur um innkaupaferli vegna samninga
101. gr.:	Skýrslugjöf innanlands og tölfræðilegar upplýsingar
102. gr.:	Samvinna á sviði stjórnsýslu
V. BÁLKUR:	FRAMSELT VALD, FRAMKVÆMDARVALD OG LOKAÁKVÆÐI
103. gr.:	Beiting framsals
104. gr.:	Flýtimeðferð
105. gr.:	Nefndarmeðferð
106. gr.:	Lögleiðing og umbreytingarákvæði
107. gr.:	Niðurfelling
108. gr.:	Athugun
109. gr.:	Gildistaka
110. gr.:	Viðtakendur

VIÐAUKAR

I. VIÐAUKI:	Skrá yfir starfsemi sem um getur í a-lið 2. liðar 2. gr.
II. VIÐAUKI:	Skrá yfir réttargerðir Sambandsins sem um getur í 3. mgr. 4. gr.
III. VIÐAUKI:	Skrá yfir réttargerðir Sambandsins sem um getur í 3. mgr. 34. gr.
IV. VIÐAUKI:	Frestir til að samþykka framkvæmdargerðir sem um getur í 35. gr.
V. VIÐAUKI:	Kröfur varðandi tæki og búnað fyrir rafræna móttöku tilboða, þátttökutilkynninga, umsókna um hæfismat svo og áætlana og verkefna í samkeppnum
VI. VIÐAUKI - A-hluti:	Upplýsingar sem eiga að koma fram í reglubundinni kynningartilkynningu (eins og um getur í 67. gr.)
VI. VIÐAUKI - B-hluti:	Upplýsingar sem eiga að koma fram í tilkynningum um birtingu reglubundinnar kynningartilkynningar í upplýsingaskrá kaupanda sem er ekki notuð til að kynna útboð (eins og um getur í 1. mgr. 67. gr.)
VII. VIÐAUKI:	Upplýsingar sem eiga að koma fram í útboðsgögnum í tengslum við rafræn uppboð (4. mgr. 53. gr.)
VIII. VIÐAUKI:	Skilgreining tiltekinna tækniforskrifta
IX. VIÐAUKI:	Birting
X. VIÐAUKI:	Upplýsingar sem eiga að koma fram í tilkynningu um að hæfismatskerfi sé fyrir hendi (eins og um getur í b-lið 4. mgr. 44. gr. og í 68. gr.)
XI. VIÐAUKI:	Upplýsingar sem eiga að koma fram í útboðstilkynningum (eins og um getur í 69. gr.)
XII. VIÐAUKI:	Upplýsingar sem eiga að koma fram í tilkynningu um gerð samnings (eins og um getur í 70. gr.)
XIII. VIÐAUKI	Innihald boðs um að leggja fram tilboð, taka þátt í viðræðum, ganga til samninga eða staðfesta áhuga sinn eins og kveðið er á um í 74. gr.
XIV. VIÐAUKI:	Skrá yfir alþjóðlegar samþykktir og samninga á sviði félagsmála og umhverfismála sem um getur í 2. mgr. 36. gr.
XV. VIÐAUKI:	Skrá yfir réttargerðir Sambandsins sem um getur í 3. mgr. 83. gr.
XVI. VIÐAUKI:	Upplýsingar sem eiga að koma fram í tilkynningum um breytingar á samningi á gildistíma hans (eins og um getur í 1. mgr. 89. gr.)
XVII. VIÐAUKI:	Þjónusta sem um getur í 91. gr.
XVIII. VIÐAUKI:	Upplýsingar sem eiga að koma fram í tilkynningum varðandi samninga um félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu (eins og um getur í 92. gr.).
XIX. VIÐAUKI:	Upplýsingar sem eiga að koma fram í tilkynningu um hönnunarsamkeppni (eins og um getur í 1. mgr. 96. gr.)
XX. VIÐAUKI:	Upplýsingar sem eiga að koma fram í tilkynningum um úrslit hönnunarsamkeppni (eins og um getur í 1. mgr. 96. gr.)
XXI. VIÐAUKI	Samsvörunartafla

I. BÁLKUR

GILDISSVIÐ, SKILGREININGAR OG ALMENNAR MEGINREGLUR

I. KAFLI

Efni og skilgreiningar

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Með þessari tilskipun er komið á reglum um málsmeðferð samningsstofnana við opinber innkaup að því er varðar samninga og hönnunarsamkeppnir, sem metið er að séu að verðmæti sem ekki er lægra en sem nemur viðmiðunarfjárhæðunum sem mælt er fyrir um í 15. gr.

2. Innkaup, í skilningi þessarar tilskipunar, eru kaup einnar eða fleiri samningsstofnana, fyrir tilstilli vöru-, verk- eða þjónustusamnings, á verki, vöru eða þjónustu af rekstraraðilum sem þessar samningsstofnanir velja, að því tilskildu að verkið, varan eða þjónustan sé ætluð til einhverrar þeirrar starfsemi sem um getur í 8.–14. gr.

3. Beiting tilskipunar þessarar er með fyrirvara um ákvæði 346. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

4. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á frelsi aðildarríkjanna til að skilgreina, í samræmi við lög Sambandsins, það sem þau telja vera þjónustu í almannaþágu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu, hvernig skipuleggja skuli þessa þjónustu og fjármagna hana, í samræmi við reglur um ríkisaðstoð og hvaða sérstöku skuldbindingar skulu gilda um hana. Á sama hátt hefur þessi tilskipun ekki áhrif á ákvörðun opinberra yfirvalda um það hvort, hvernig og að hvaða marki þau óska eftir að annast sjálf opinber störf í samræmi við 14. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og bókun 26.

5. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á það hvernig aðildarríki skipuleggja almannatryggingakerfi sín.

6. Þjónusta í almannaþágu sem er ekki af efnahagslegum toga skal falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „vörusamningar, verksamningar og þjónustusamningar“: skriflegir samningar, fjárhagslegs eðlis, sem ein eða fleiri samningsstofnanir og einn eða fleiri rekstraraðilar gera sín á milli um að framkvæma verk, afhenda vörur og veita þjónustu,

2) „verksamningar“: samningar sem fjalla um eitt af eftirfarandi:

   a) framkvæmd eða bæði hönnun og framkvæmd verka sem tengjast einhverri þeirri starfsemi sem um getur í I. viðauka,

   b) framkvæmd, eða bæði hönnun og framkvæmd verks,

   c) hvers konar framkvæmd verks sem svarar til krafna sem settar eru fram af samningsstofnun sem hefur afgerandi áhrif á gerð eða hönnun verksins,

3) „verk“: heildarafrakstur af byggingarframkvæmdum eða mannvirkjagerð sem getur, sem slíkt, þjónað fjárhagslegu eða tæknilegu hlutverki,

4) „vörusamningar“: samningar um kaup, langtíma- eða skammtímaleigu eða kaupleigu á vörum, með eða án kaupréttar. Vörusamningur getur falið í sér tilfallandi ísetningu og uppsetningu,

5) „þjónustusamningar“: samningar um veitingu þjónustu, annarrar en þeirrar sem um getur í 2. lið,

6) „rekstraraðili“: hver sá einstaklingur, lögaðili eða samningsstofnun, eða hópur slíkra einstaklinga og/eða stofnana, þ.m.t. tímabundin samtök fyrirtækja, sem bjóða framkvæmd verka og/eða verk, vöruafhendingu eða þjónustustarfsemi á markaðnum,

7) „bjóðandi“: rekstraraðili, sem hefur lagt fram tilboð,

8) „umsækjandi“: rekstraraðili sem hefur leitað eftir því eða verið boðið að taka þátt í lokuðu útboði eða samningskaupum, samkeppnisviðræðum eða nýsköpunarsamstarfi,

9) „útboðsgögn“: hvert það skjal sem samningsstofnun lætur í té eða vísar til, til þess að lýsa eða ákvarða þætti útboðsins eða ferlisins, þ.m.t. útboðstilkynning, reglubundin kynningartilkynning eða tilkynningar um að hæfismatskerfi sé fyrir hendi, þar sem þær eru notaðar til að kynna útboð, tækniforskriftir, skýringargögn, fyrirhuguð skilyrði samnings, form fyrir framlagningu umsækjenda og bjóðenda á skjölum, upplýsingar um þær skyldur sem gilda almennt og viðbótarskjöl ef einhver eru,

10) „miðstýrð innkaupastarfsemi“: viðvarandi starfsemi á einhverju því formi sem hér segir:

a) kaup á vöru og/eða þjónustu fyrir samningsstofnanir eða

b) gerð samninga eða rammasamninga um verk, vöru eða þjónustu fyrir samningsstofnanir,

11) „stoðstarfsemi við innkaup“: starfsemi sem felst í að veita stuðning við innkaup, einkum í formi:

a) tæknilegra innviða sem gera samningsstofnunum kleift að gera opinbera samninga eða rammasamninga um verk, vöru eða þjónustu,

b) ráðgjafar um framkvæmd eða skipulag innkaupaferla,

c) undirbúnings og stjórnunar innkaupaferla fyrir hönd og á kostnað viðkomandi samningsstofnunar,

12) „miðlæg innkaupastofnun“: samningsstofnun í skilningi 1. mgr. 4. gr. þessarar tilskipunar eða samningsyfirvald í skilningi 1. liðar 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/24/ESB sem býður miðstýrða innkaupastarfsemi og hugsanlega stoðstarfsemi við innkaup.

Innkaup miðlægar innkaupastofnunar í miðstýrðri innkaupastarfsemi skulu teljast innkaup ætluð fyrir starfsemi eins og lýst er í 8.–14. gr. Ákvæði 18. gr. skulu ekki gilda um innkaup miðlægrar innkaupastofnunar í miðstýrðri innkaupastarfsemi,

13) „veitandi innkaupaþjónustu“: opinber aðili eða einkaaðili sem býður stoðstarfsemi við innkaup á markaði,

14) „skriflegt“: hvers konar tjáning með orðum eða tölum sem hægt er að lesa, endurgera og miðla, þ.m.t. upplýsingar sem eru sendar eða geymdar með rafrænum aðferðum,

15) „rafrænar aðferðir“: rafrænn búnaður til vinnslu (þ.m.t. með stafrænni samþjöppun) og geymslu gagna sem eru send, flutt og móttekin með rafþræði, þráðlaust, með ljóstæknilegum aðferðum eða með öðrum rafsegulaðferðum,

16) „vistferill“: öll samfelld og/eða samtengd stig á ferli vöru, verks eða þjónustu sem veitt er, frá öflun hráefnis eða myndun tilfanga til förgunar, rýmingar og loka þjónustu eða nota, þ.m.t. rannsóknir og þróun sem fara eiga fram, framleiðsla, viðskipti og skilmálar þeirra, flutningur, notkun og viðhald,

17) „hönnunarsamkeppni“: ferli sem gerir samningsstofnun kleift að fá til afnota áætlun eða hönnun, einkum á sviði borgar- og landsbyggðarskipulags, byggingarlistar og verkfræði eða gagnavinnslu, sem valin er af dómnefnd eftir að efnt hefur verið til samkeppni með eða án verðlauna,

18) „nýsköpun“: innleiðing nýrrar eða verulega bættrar vöru, þjónustu eða ferlis, þ.m.t. en ekki takmarkað við framleiðsluferli, byggingarferli, nýja markaðssetningaraðferð eða nýja skipulagsaðferð í viðskiptaháttum, skipulagi vinnustaða eða ytri samskiptum, m.a. í þeim tilgangi að hjálpa til við að takast á við samfélagslegar áskoranir eða styðja við áætlunina Evrópa 2020 um snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla,

19) „merki“: hvers konar skjal, vottorð eða staðfesting um að tiltekin verk, vörur, þjónusta, ferli eða málsmeðferðir uppfylli tilteknar kröfur,

20) „kröfur sem liggja að baki merki“: þær kröfur sem tiltekin verk, vörur, þjónusta, ferli eða málsmeðferðir þurfa að uppfylla til að fá viðkomandi merki.

3. gr.

Samningsyfirvöld

1. Í þessari tilskipun merkir „samningsyfirvöld“ ríkis-, svæðis- eða staðaryfirvöld, aðila sem heyra undir opinberan rétt eða samtök sem eru mynduð af einu eða fleiri slíkum yfirvöldum eða einum eða fleiri slíkum aðilum sem heyra undir opinberan rétt.

2. „Svæðisyfirvöld“ tekur til allra yfirvalda stjórnsýslueininga sem eru á skrá, sem ekki er tæmandi, á 1. og 2. stigi flokkunar hagskýrslusvæða (NUTS), eins og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1059/2003 ([30]).

3. „Staðaryfirvöld“ tekur til allra yfirvalda stjórnsýslueininga sem heyra undir 3. stig NUTS-flokkunarinnar og smærri stjórnsýslueininga, eins og um getur í reglugerð (EB) nr. 1059/2003.

4. „Aðilar sem heyra undir opinberan rétt“ merkir aðila sem hafa öll eftirfarandi einkenni til að bera:

a) þeim er komið á fót í þeim sérstaka tilgangi að fullnægja þörfum almennings en starfa hvorki á sviði iðnaðar né viðskipta,

b) þeir hafa réttarstöðu lögaðila og

c) þeir eru fjármagnaðir að mestu leyti af ríkis-, svæðis- eða staðaryfirvöldum, eða öðrum aðilum sem heyra undir opinberan rétt, eða starfsemi þeirra er undir eftirliti slíkra yfirvalda eða aðila, eða þeir hafa stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn þar sem meirihluti stjórnarmanna er skipaður af ríkis-, svæðis- eða staðaryfirvöldum eða öðrum aðilum sem heyra undir opinberan rétt.

4. gr.

Samningsstofnanir

1. Í þessari tilskipun eru samningsstofnanir aðilar sem:

a) eru samningsyfirvöld eða opinber fyrirtæki og hafa með höndum einhverja þá starfsemi sem um getur í 8.–14. gr.,

b) hafa með höndum m.a., ef þær eru hvorki samningsyfirvöld né opinber fyrirtæki, einhverja þá starfsemi sem um getur í 8.–14. gr., eða eitthvert sambland slíkrar starfsemi og starfa á grundvelli sérstakra réttinda eða einkaréttar sem þar til bær yfirvöld í aðildarríkinu veita.

2. „Opinbert fyrirtæki“ er hvers kyns fyrirtæki þar sem samningsyfirvöld geta haft ráðandi áhrif, beint eða óbeint, vegna eignarhalds, fjárhagslegrar þátttöku eða reglna sem gilda um fyrirtækið.

Ráðandi áhrif samningsyfirvalda skulu teljast vera fyrir hendi í sérhverju eftirfarandi tilvika, þar sem þau yfirvöld, beint eða óbeint:

a) eiga meirihluta skráðs hlutafjár í hlutaðeigandi fyrirtæki,

b) ráða yfir meirihluta atkvæða sem tengjast hlutafjáreign í fyrirtækinu,

c) hafa rétt til að skipa meira en helming fulltrúa í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn fyrirtækisins.

3. Í þessari grein merkir „sérstök réttindi eða einkaréttur“ réttindi sem þar til bært yfirvald aðildarríkis veitir með því að setja hvers konar laga- eða stjórnsýslufyrirmæli sem hafa þau áhrif að takmarka starfsemina, sem skilgreind er í 8.–14. gr., við einn eða fleiri aðila og sem hafa veruleg áhrif á möguleika annarra aðila á því að stunda slíka starfsemi.

Réttindi, sem hafa verið veitt með málsmeðferð sem tryggt hefur verið að fái nægilega kynningu og þar sem veiting réttindanna byggðist á hlutlægum viðmiðunum, skulu ekki teljast vera „sérstök réttindi eða einkaréttur“ í skilningi fyrstu undirgreinar.

Til slíkra málsmeðferða skal m.a. telja:

a) innkaupaferli að undangenginni útboðsauglýsingu í samræmi við tilskipun 2014/24/ESB, tilskipun 2009/81/EB, tilskipun 2014/23/ESB eða þessa tilskipun,

b) málsmeðferðir við veitingu leyfa á grundvelli hlutlægra viðmiðana samkvæmt öðrum réttargerðum Sambandsins sem taldar eru upp í II. viðauka, sem tryggja nægilegt gagnsæi fyrirfram.

4. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 103. gr. að því er varðar breytingar á skránni yfir réttargerðir Sambandsins, sem sett er fram í II. viðauka, þegar nauðsynlegt reynist að gera slíkar breytingar á grundvelli þess að nýjar gerðir eru samþykktar, gerðir eru felldar niður, eða þeim breytt.

([30]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1059/2003 frá 26. maí 2003 um að taka upp sameiginlega flokkun hagskýrslusvæða (NUTS) (Stjtíð. ESB L 154, 21.6.2003, bls. 1).

5. gr.

Blönduð innkaup sem varða sömu starfsemi

1. Ákvæði 2. mgr. gilda um blandaða samninga sem varða mismunandi tegundir innkaupa sem allar falla undir þessa tilskipun.

Ákvæði 3.–5. mgr. gilda um blandaða samninga sem varða innkaup sem heyra undir þessa tilskipun og innkaup sem heyra undir aðrar lagareglur.

2. Samningar, sem varða í senn tvær eða fleiri tegundir innkaupa (á verkum, þjónusta eða vörum) skulu gerðir í samræmi við ákvæðin sem gilda um þá tegund innkaupa sem einkennir meginefni samningsins sem í hlut á.

Þegar um er að ræða blandaða samninga sem varða að hluta þjónustu í skilningi I. kafla III. bálks og að hluta aðra þjónustu, eða blandaða samninga, sem varða að hluta þjónustu og að hluta vörur, skal ákvarða hvert meginefni samningsins er út frá því hvor viðkomandi þjónustuþátta hefur hærra áætlað verðmæti eða hvort áætlað verðmæti þjónustu- eða vöruþáttarins er hærra.

3. Þar sem hægt er að aðskilja mismunandi hluta tiltekins samnings með hlutlægum hætti gildir 4. mgr. Þar sem ekki er hægt að aðskilja mismunandi hluta tiltekins samnings með hlutlægum hætti gildir 5. mgr.

Þar sem hluti tiltekins samnings fellur undir 346. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins eða tilskipun 2009/81/EB, gildir 25. gr. þessarar tilskipunar.

4. Ef um er að ræða samninga sem fjalla um innkaup sem falla undir þessa tilskipun auk innkaupa sem ekki falla undir hana, geta samningsstofnanir valið á milli þess að gera aðskilda samninga fyrir aðskilda hluta þeirra eða gera einn stakan samning. Þar sem samningsstofnanir kjósa að gera aðskilda samninga fyrir aðskilda hluta skal ákvörðunin um það hvaða lagareglur gilda um hvern og einn slíkra aðskilinna samninga tekin á grundvelli einkenna viðkomandi hluta.

Þar sem samningsstofnanir kjósa að gera stakan samning skal þessi tilskipun gilda, nema kveðið sé á um annað í 25. gr., um þann blandaða samning sem til verður, óháð verðmæti þeirra hluta hans sem myndu annars falla undir aðrar lagareglur og óháð því hvaða lagareglur þeir hlutar myndu annars falla undir.

Þegar um er að ræða blandaða samninga sem innihalda í senn þætti vöru-, verk- og þjónustusamninga og sérleyfa, skal blandaði samningurinn gerður í samræmi við þessa tilskipun að því tilskildu að áætlað verðmæti þess hluta samningsins sem telst vera samningur sem fellur undir þessa tilskipun, reiknað út í samræmi við 16. gr., sé jafnhátt eða hærra en viðkomandi viðmiðunarfjárhæð sem sett er fram í 15. gr.

5. Þar sem ekki er hægt að aðskilja mismunandi hluta tiltekins samnings með hlutlægum hætti, skal ákvarða hvaða lagareglur eiga við á grundvelli meginefnis samningsins.

6. gr.

Innkaup sem taka til margs konar starfsemi

1. Samningsstofnanir geta, þegar um er að ræða samninga sem ætlað er að taka til margs konar starfsemi, kosið að gera aðskilda samninga vegna hverrar starfsemi fyrir sig eða gert stakan samning. Þar sem samningsstofnanir kjósa að gera aðskilda samninga skal ákvörðunin um það hvaða lagareglur gilda um hvern og einn slíkra aðskilinna samninga tekin á grundvelli einkenna þeirrar starfsemi sem í hlut á.

Þrátt fyrir 5. gr. gilda 2. og 3. mgr. þessarar greinar þegar samningsstofnanir kjósa að gera stakan samning. Hins vegar, þegar ein hlutaðeigandi starfsemi fellur undir 346. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins eða tilskipun 2009/81/EB, gildir 26. gr. þessarar tilskipunar.

Standi valið á milli þess að gera einn samning eða nokkra aðskilda samninga skal slíkt val þó ekki hafa þann tilgang að samningurinn eða samningarnir séu undanþegnir beitingu annað hvort þessarar tilskipunar eða, eftir atvikum, tilskipunar 2014/24/ESB eða tilskipunar 2014/23/ESB.

2. Samningur, sem ætlað er að taka til margs konar starfsemi, skal falla undir gildandi reglur um þá starfsemi sem er meginviðfangsefni samningsins.

3. Þegar um er að ræða samninga þar sem ógerlegt er að ákvarða á hlutlægan hátt hvaða starfsemi er meginviðfangsefni samningsins skal ákvarða hvaða reglur skulu gilda um hann í samræmi við a-, b- og c-lið:

a) samningurinn skal gerður í samræmi við tilskipun 2014/24/ESB ef önnur þeirrar starfsemi sem samningnum er ætlað að ná yfir fellur undir þessa tilskipun og hin starfsemin undir tilskipun 2014/24/ESB,

b) samningurinn skal gerður í samræmi við þessa tilskipun ef önnur þeirrar starfsemi sem samningnum er ætlað að ná yfir fellur undir þessa tilskipun og hin starfsemin undir tilskipun 2014/23/ESB,

c) samningurinn skal gerður í samræmi við þessa tilskipun ef önnur þeirrar starfsemi sem samningnum er ætlað að ná yfir fellur undir þessa tilskipun og hin starfsemin fellur hvorki undir þessa tilskipun, tilskipun 2014/24/ESB né 2014/23/ESB.

II. KAFLI

Starfsemi

7. gr.

Almenn ákvæði

Að því er varðar 8., 9. og 10. gr. skal „afhending“ taka til framleiðslu, heildsölu og smásölu.

Hins vegar fellur framleiðsla á gasi með vinnslu (e. extraction) undir gildissvið 14. gr.

8. gr.

Gas og hiti

1. Að því er gas og hita varðar gildir þessi tilskipun um eftirtalda starfsemi:

a) að bjóða fram eða starfrækja föst veitukerfi sem eiga að þjóna almenningi í tengslum við framleiðslu, flutning eða dreifingu á gasi eða hita,

b) að afhenda gas eða hita til slíkra veitukerfa.

2. Þegar samningsstofnun, sem ekki er samningsyfirvald, afhendir gas eða hita til fastra veitukerfa sem þjóna almenningi skal sú starfsemi ekki teljast eiga við í skilningi 1. mgr. ef öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a) gas- eða hitaframleiðsla viðkomandi samningsstofnunar er óhjákvæmileg afleiðing af starfsemi sem ekki er getið um í 1. mgr. þessarar greinar eða í 9.–11. gr.,

b) afhending til almenningsveitukerfisins miðar einungis að því að hafa hagnað af slíkri framleiðslu og nemur ekki meira en 20% af veltu samningsstofnunar miðað við meðaltal undanfarinna þriggja ára, að yfirstandandi ári meðtöldu.

9. gr.

Raforka

1. Að því er raforku varðar gildir þessi tilskipun um eftirtalda starfsemi:

a) að bjóða fram eða starfrækja föst veitukerfi sem eiga að þjóna almenningi í tengslum við raforkuframleiðslu, raforkuflutning eða rafveitu,

b) að afhenda raforku til slíkra veitukerfa.

2. Þegar samningsstofnun, sem ekki er samningsyfirvald, afhendir raforku til fastra veitukerfa sem þjóna almenningi skal sú starfsemi ekki teljast eiga við í skilningi 1. mgr. ef öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a) framleiðsla viðkomandi samningsstofnunar á raforku á sér stað vegna þess að notkun hennar er nauðsynleg til að stunda starfsemi sem ekki er getið um í 1. mgr. þessarar greinar eða 8., 10. og 11. gr.,

b) afhending til almenningsveitukerfisins er einungis háð eigin notkun samningsstofnunarinnar og hefur ekki farið yfir 30% af heildarframleiðslu hennar á orku miðað við meðaltal undanfarinna þriggja ára, að yfirstandandi ári meðtöldu.

10. gr.

Vatn

1. Að því er vatn varðar gildir þessi tilskipun um eftirtalda starfsemi:

a) að bjóða fram eða starfrækja föst veitukerfi sem eiga að þjóna almenningi í tengslum við framleiðslu, flutning eða dreifingu á drykkjarvatni,

b) að afhenda drykkjarvatn til slíkra veitukerfa.

2. Þessi tilskipun gildir einnig um samninga sem eru gerðir eða hönnunarsamkeppnir sem eru skipulagðar af samningsstofnunum sem hafa með höndum starfsemi sem um getur í 1. mgr. sem varða eitt af eftirfarandi:

a) verkefni í tengslum við vatnsvirkjun, áveitu eða framræslu, að því tilskildu að magn vatnsins, sem afhenda á sem drykkjarvatn, sé meira en 20% af heildarvatnsmagninu sem er gert aðgengilegt með slíkum mannvirkjum eða áveitu- og framræslubúnaði,

b) förgun eða hreinsun skólps.

3. Þegar samningsstofnun, sem ekki er samningsyfirvald, afhendir drykkjarvatn til fastra veitukerfa sem þjóna almenningi skal sú starfsemi ekki teljast eiga við í skilningi 1. mgr. ef öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a) framleiðsla viðkomandi samningsstofnunar á drykkjarvatni á sér stað vegna þess að notkun þess er nauðsynleg til að stunda starfsemi sem ekki er getið um í 8.–11. gr.,

b) afhending til almenningsveitukerfisins er einungis háð eigin notkun samningsstofnunarinnar og hefur ekki farið yfir 30% af heildarframleiðslu hennar á drykkjarvatni miðað við meðaltal undanfarinna þriggja ára, að yfirstandandi ári meðtöldu.

11. gr.

Flutningaþjónusta

Þessi tilskipun gildir um starfsemi í tengslum við framboð eða starfrækslu á kerfum sem þjóna almenningi á sviði flutninga með járnbrautum, sjálfvirkum kerfum, sporvögnum, rafknúnum strætisvögnum, hópbifreiðum eða togbrautum.

Í flutningaþjónustu telst vera um kerfi að ræða þegar þjónusta er veitt samkvæmt rekstrarskilyrðum sem lögbær yfirvöld aðildarríkis setja, s.s. varðandi þær leiðir sem þjónustan er veitt á, sætaframboð og ferðatíðni.

12. gr.

Hafnir og flugvellir

Þessi tilskipun gildir um starfsemi sem tengist nýtingu landsvæðis í því skyni að sjá aðilum, sem flytja farm í lofti, á sjó eða eftir skipgengum vatnaleiðum, fyrir flugvöllum og höfnum við sjó eða vatnaleiðir eða veita aðra stöðvaraðstöðu.

13. gr.

Póstþjónusta

1. Þessi tilskipun gildir um starfsemi sem tengist veitingu:

a) póstþjónustu,

b) annarrar þjónustu en póstþjónustu, að því tilskildu að slík þjónusta sé veitt af aðila, sem veitir einnig póstþjónustu í skilningi b-liðar 2. mgr. þessarar greinar, og að skilyrðin, sem sett eru í 1. mgr. 34. gr. séu ekki uppfyllt þegar um er að ræða þjónustu sem fellur undir b-lið 2. mgr. þessarar greinar.

2. Í þessari grein er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir, sbr. þó tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/67/EB ([31]):

a) „póstsending“: sending með áletruðu póstfangi, í því endanlega formi sem á að flytja hana, án tillits til þyngdar. Auk bréfa geta slíkar sendingar verið bækur, verðlistar, dagblöð, tímarit og bögglar sem innihalda varning með eða án söluverðmætis, óháð þyngd,

b) „póstþjónusta“: þjónusta sem felst í söfnun, flokkun, flutningi og afhendingu póstsendinga. Í þessari þjónustu felst þjónusta sem fellur innan jafnt sem utan gildissviðs alþjónustu sem komið er á fót í samræmi við tilskipun 97/67/EB,

c) „önnur þjónusta en póstþjónusta“: þjónusta sem er veitt á eftirfarandi sviðum:

i. rekstur póstþjónustu (þjónusta bæði fyrir og eftir sendingu, þ.m.t. póstafgreiðsla),

ii. þjónusta sem varðar póstsendingar sem falla ekki undir a-lið, t.d. markpóstur án póstfangs.

([31]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/67/EB frá 15. desember 1997 um sameiginlegar reglur varðandi þróun innri markaðar Bandalagsins á sviði póstþjónustu og umbætur á þeirri þjónustu (Stjtíð. EB L 15, 21.1.1998, bls. 14).

14. gr.

Olíu- og gasvinnsla og leit eða vinnsla á kolum eða öðru eldsneyti í föstu formi

Þessi tilskipun gildir um starfsemi í tengslum við nýtingu landsvæða með það fyrir augum:

a) að vinna olíu eða gas,

b) að leita að eða vinna kol eða annað eldsneyti í föstu formi.

III. KAFLI

Efnislegt gildissvið

1. þáttur

Viðmiðunarfjárhæðir

15. gr.

Viðmiðunarfjárhæðir

Þessi tilskipun gildir um innkaup sem eru ekki undanþegin skv. 18.–23. gr. eða skv. 34. gr., þegar um er að ræða rekstur viðkomandi starfsemi, þar sem áætlað verðmæti án virðisaukaskatts er jafnt eða meira en eftirfarandi viðmiðunarfjárhæðir:

a) 414 000 evrur þegar um er að ræða vörusamninga og þjónustusamninga og einnig þegar um er að ræða hönnunarsamkeppnir,

b) 5 186 000 evrur þegar um er að ræða verksamninga,

c) 1 000 000 evrur þegar um er að ræða þjónustusamninga um félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu sem talin er upp í XVII. viðauka.

16. gr.

Aðferðir til að reikna út áætlað verðmæti innkaupa

1. Útreikningur á áætluðu verðmæti innkaupa skal byggjast á heildarfjárhæð, sem samningsstofnun áætlar að beri að greiða, án virðisaukaskatts, að teknu tilliti til hvers konar valmöguleika og hugsanlegrar endurnýjunar samninganna, sem skýrt skal kveðið á um í útboðsgögnum.

Þegar samningsstofnun ákveður verðlaun eða greiðslur til umsækjenda eða bjóðenda skal hún taka tillit til þeirra við útreikning á áætluðu verðmæti innkaupanna.

2. Ef samningsstofnun samanstendur af aðskildum skipulagseiningum skal taka tillit til áætlaðs heildarverðmætis fyrir þær allar.

Ef aðskilin skipulagseining ber sjálf ábyrgð á innkaupum sínum eða tilteknum flokkum þeirra má þó, þrátt fyrir fyrstu undirgrein, áætla verðmætið á vettvangi viðkomandi einingar.

3. Ekki skal velja aðferð við útreikning áætlaðs verðmætis innkaupa í þeim tilgangi að þau falli utan gildissviðs þessarar tilskipunar. Innkaupum skal ekki skipt niður í hluta þannig að það komi í veg fyrir að þau falli undir gildissvið þessarar tilskipunar, nema slíkt sé réttlætanlegt á grundvelli hlutlægra ástæðna.

4. Áætlað verðmæti skal miðast við þann tíma þegar útboðsauglýsing er send eða, þegar útboðsauglýsing er ekki fyrirhuguð, á þeim tíma sem samningsstofnunin hefur innkaupaferlið, til dæmis með því að hafa samband við rekstraraðila í tengslum við innkaupin.

5. Varðandi rammasamninga og gagnvirk innkaupakerfi skal verðmætið, sem miðað er við, vera áætlað hámarksverðmæti allra samninga, án virðisaukaskatts, sem fyrirhugað er að gera á gildistíma rammasamningsins eða gagnvirka innkaupakerfisins.

6. Þegar um er að ræða nýsköpunarsamstarf skal verðmætið, sem miðað er við, vera áætlað hámarksverðmæti rannsókna og þróunarstarfsemi, án virðisaukaskatts, sem fara á fram á öllum stigum fyrirhugaðs samstarfs, auk vara, þjónustu eða verka sem verða þróuð og keypt í lok fyrirhugaðs samstarfs.

7. Að því er varðar 15. gr. skulu samningsstofnanir taka með í áætluðu verðmæti verksamnings bæði kostnaðinn við verkið og áætlað heildarverðmæti þeirra vara eða þjónustu, sem samningsstofnanirnar fá verktakanum til ráðstöfunar að því tilskildu að það sé nauðsynlegt fyrir framkvæmd verksins.

8. Þegar fyrirhugað verk eða veiting þjónustu getur leitt til þess að samningar séu gerðir í aðskildum hlutum, skal taka tillit til áætlaðs heildarverðmætis allra slíkra samningshluta.

Ef samanlagt verðmæti samningshlutanna er jafnt viðmiðunarfjárhæðinni, sem mælt er fyrir um í 15. gr., eða meira skal þessi tilskipun gilda um hvern samningshluta.

9. Þegar hægt er að skipta tilboði um kaup á líkum vörum í aðgreinda samningshluta skal taka tillit til áætlaðs heildarverðmætis allra slíkra samningshluta við beitingu b- og c-liðar 15. gr.

Ef samanlagt verðmæti samningshlutanna er jafnt viðmiðunarfjárhæðinni, sem mælt er fyrir um í 15. gr., eða meira skal þessi tilskipun gilda um hvern samningshluta.

10. Þrátt fyrir 8. og 9. mgr. geta samningsstofnanir gert einstaka samningshluta án þess að beita málsmeðferðum þeim sem kveðið er á um í þessari tilskipun, ef áætlað verðmæti viðkomandi samningshluta, án virðisaukaskatts, er minna en 80 000 evrur fyrir vörur eða þjónustu eða 1 milljón evrur fyrir verk. Þó skal samanlagt verðmæti samningshluta, sem þannig eru gerðir án þess að þessari tilskipun sé beitt, ekki fara yfir 20% af samanlögðu verðmæti allra samningshlutanna, sem fyrirhuguðu verki, fyrirhuguðum kaupum á líkum vörum eða fyrirhugaðri veitingu þjónustu hefur verið skipt niður í.

11. Sé um að ræða vöru- eða þjónustusamninga sem eru gerðir með reglulegu millibili eða sem á að endurnýja innan tiltekins tíma skal leggja eftirfarandi til grundvallar þegar áætlað verðmæti samningsins er reiknað út:

a) annaðhvort samanlagt raunvirði sams konar samninga, sem hafa verið gerðir hver á fætur öðrum, á síðustu 12 mánuðum eða á síðasta fjárhagsári, leiðrétt, þar sem unnt er, með tilliti til magn- eða verðbreytinga sem gætu orðið á næstu 12 mánuðum eftir að fyrsti samningurinn er gerður,

b) eða áætlað heildarverðmæti samninga sem gerðir eru hver á fætur öðrum á næstu 12 mánuðum eftir fyrstu afhendingu eða á fjárhagsárinu þar sem það er lengra en 12 mánuðir.

12. Varðandi vörusamninga í tengslum við langtíma- eða skammtímaleigu eða kaupleigu á vörum skal leggja eftirfarandi verðmæti til grundvallar þegar áætlað verðmæti samningsins er reiknað út:

a) áætlað heildarverðmæti tímabundinna samninga, sem gilda í 12 mánuði eða skemur, eða, ef samningur gildir lengur en í 12 mánuði, heildarverðmætið auk áætlaðs verðmætis eftirstöðva,

b) verðmæti hvers mánaðar, margfaldað með 48, þegar um er að ræða ótímabundna samninga eða samninga sem ekki er hægt að tímasetja nákvæmlega.

13. Varðandi þjónustusamninga skal eftirfarandi lagt til grundvallar þegar áætlað verðmæti samningsins er reiknað út:

a) vátryggingaþjónusta: iðgjöld sem skal greiða og aðrar greiðslur,

b) bankastarfsemi og önnur fjármálaþjónusta: þóknun, umboðslaun sem skal greiða, vextir og aðrar greiðslur,

c) hönnunarsamningar: þóknun, umboðslaun sem skal greiða og aðrar greiðslur.

14. Að því er varðar þjónustusamninga þar sem heildarfjárhæð er ótilgreind skal áætlað verðmæti samningsins reiknað út á grundvelli eftirfarandi:

a) ef um er að ræða tímabundinn samning sem er gerður til 48 mánaða eða skemmri tíma: heildarverðmæti samningsins allan gildistímann,

b) verðmæti hvers mánaðar, margfaldað með 48, þegar um er að ræða ótímabundna samninga eða samninga sem gilda lengur en í 48 mánuði.

17. gr.

Endurskoðun viðmiðunarfjárhæða

1. Á tveggja ára fresti, frá 30. júní 2013, skal framkvæmdastjórnin ganga úr skugga um að viðmiðunarfjárhæðirnar sem settar eru fram í a- og b-lið 15. gr. séu í samræmi við viðmiðunarfjárhæðirnar sem settar eru í samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup (samningnum um opinber innkaup) og skal, ef nauðsyn krefur, endurskoða þær í samræmi við þessa grein.

Í samræmi við útreikningsaðferðina sem sett er fram í samningnum um opinber innkaup skal framkvæmdastjórnin reikna verðmæti viðmiðunarfjárhæðanna á grundvelli meðaldaggengis evru með tilliti til sérstöku dráttarréttindanna, á 24 mánaða tímabili sem lýkur 31. ágúst á undan endurskoðuninni sem tekur gildi 1. janúar. Viðmiðunarfjárhæðirnar, sem eru endurskoðaðar þannig, skulu, ef þörf krefur, jafnaðar niður að næsta þúsundi evra til að tryggja að tekið sé tillit til gildandi viðmiðunarfjárhæða samkvæmt samningnum um opinber innkaup, sem eru tilgreindar sem sérstök dráttarréttindi.

2. Á tveggja ára fresti frá 1. janúar 2014 skal framkvæmdastjórnin ákvarða verðgildi viðmiðunarfjárhæðanna sem um getur í a- og b-lið 15. gr., sem eru endurskoðaðar skv. 1. mgr. þessarar greinar, í gjaldmiðli þeirra aðildarríkja sem ekki hafa evru sem gjaldmiðil.

Samhliða skal framkvæmdastjórnin ákvarða verðgildi viðmiðunarfjárhæðarinnar sem um getur í c-lið 15. gr., í gjaldmiðli þeirra aðildarríkja sem ekki hafa evru sem gjaldmiðil.

Í samræmi við útreikningsaðferðina sem sett er fram í samningnum um opinber innkaup skal ákvörðun slíks verðgildis vera byggð á meðaldaggengi þeirra gjaldmiðla í samræmi við gildandi viðmiðunarfjárhæð í evrum, á 24 mánaða tímabili sem lýkur 31. ágúst á undan endurskoðuninni sem tekur gildi 1. janúar.

3. Framkvæmdastjórnin skal birta endurskoðuðu viðmiðunarfjárhæðirnar sem um getur í 1. mgr., samsvarandi verðgildi í gjaldmiðlum aðildarríkjanna sem um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr., og virðið sem ákvarðað er í samræmi við aðra undirgrein 2. mgr. í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins í upphafi nóvembermánaðar í kjölfar endurskoðunar þeirra.

4. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 103. gr. til þess að laga aðferðafræðina, sem sett er fram í annarri undirgrein 1. mgr. þessarar greinar, að hvers konar breytingum á aðferðafræðinni sem kveðið er á um í samningnum um opinber innkaup um endurskoðun viðmiðunarfjárhæðanna, sem um getur í a- og b-lið 15. gr., og til að ákvarða samsvarandi verðgildi í gjaldmiðlum aðildarríkja sem ekki hafa evru sem gjaldmiðil, eins og um getur í 2. mgr. þessarar greinar.

Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 103. gr. til að endurskoða viðmiðunarfjárhæðirnar sem um getur í a- og b-lið 15. gr. þegar nauðsyn krefur.

5. Ef nauðsynlegt reynist að endurskoða viðmiðunarfjárhæðirnar sem um getur í a- og b-lið 15. gr. og tímatakmarkanir koma í veg fyrir að hægt sé að nota málsmeðferðina í 103. gr. og brýna nauðsyn ber því til, skal málsmeðferðin sem kveðið er á um í 104. gr. gilda um framseldar gerðir sem samþykktar eru samkvæmt annarri undirgrein 4. mgr. þessarar greinar.

2. þáttur

Samningar og hönnunarsamkeppnir sem falla ekki undir tilskipunina; sérákvæði um innkaup sem hafa hliðar er snúa að vörnum og öryggi

1. undirþáttur

Undantekningar sem eiga við um allar samningsstofnanir og sérstakar undantekningar fyrir vatns- og orkugeirann

18. gr.

Samningar sem eru gerðir til að endurselja eða leigja þriðju aðilum

1. Þessi tilskipun gildir ekki um samninga sem gerðir eru vegna endursölu eða leigu til þriðju aðila, að því tilskildu að samningsstofnunin njóti hvorki sérstakra réttinda né einkaréttar til að selja eða leigja það sem er viðfang samningsins og að öðrum aðilum sé frjálst að selja eða leigja viðfang samningsins með sömu skilmálum og samningsstofnunin.

2. Samningsstofnanir skulu tilkynna framkvæmdastjórninni, ef óskað er eftir því, um alla flokka vöru eða starfsemi sem þær telja að sé undanskilin skv. 1. mgr. Framkvæmdastjórnin getur, til upplýsingar, birt reglulega í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins skrá yfir flokka vöru og starfsemi sem hún telur að þessi undantekning taki til. Í því samhengi skal framkvæmdastjórnin virða öll viðkvæm sjónarmið, viðskiptalegs eðlis, sem samningsstofnanir benda á þegar þær afhenda upplýsingarnar.

19. gr.

Samningar sem gerðir eru, og hönnunarsamkeppnir sem skipulagðar eru, í öðrum tilgangi en að inna af hendi starfsemi sem fellur undir þessa tilskipun eða til að inna af hendi slíka starfsemi í þriðja landi

1. Þessi tilskipun gildir ekki um samninga sem samningsstofnanir gera í öðrum tilgangi en þeim að inna af hendi starfsemi sem lýst er í 8.–14. gr. eða í þeim tilgangi að inna af hendi slíka starfsemi í þriðja landi við skilyrði sem fela ekki í sér efnislega notkun kerfis eða landsvæðis innan Sambandsins, né gilda þeir um hönnunarsamkeppnir sem skipulagðar eru í slíkum tilgangi.

2. Samningsstofnanir skulu tilkynna framkvæmdastjórninni, ef óskað eftir því, um hvers konar starfsemi sem þær telja að sé undanskilin skv. 1. mgr. Framkvæmdastjórnin getur, til upplýsingar, birt reglulega í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins skrá yfir þá flokka starfsemi sem hún telur að þessi undantekning taki til. Í því samhengi skal framkvæmdastjórnin virða öll viðkvæm sjónarmið, viðskiptalegs eðlis, sem samningsstofnanir benda á þegar þær afhenda upplýsingarnar.

20. gr.

Samningar sem gerðir eru og hönnunarsamkeppnir sem skipulagðar eru í samræmi við alþjóðlegar reglur

1. Þessi tilskipun gildir ekki um samninga sem samningsstofnun er skylt að gera eða hönnunarsamkeppnir sem henni er skylt að skipuleggja í samræmi við önnur innkaupaferli en mælt er fyrir um í þessari tilskipun, sem komið er á með einhverjum eftirfarandi hætti:

a) með lagagerningi sem þjóðaréttarskuldbindingar leiðir af, s.s. alþjóðasamningi sem gerður er í samræmi við sáttmálana, milli aðildarríkis og eins eða fleiri þriðju landa eða hluta þeirra og sem tekur til verka, vara eða þjónustu fyrir verkefni sem undirritunaraðilar ætla að framkvæma eða nýta sameiginlega,

b) af alþjóðastofnun.

Aðildarríki skulu senda alla lagagerninga sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar til framkvæmdastjórnarinnar, sem getur leitað til ráðgjafarnefndar um opinbera samninga sem um getur í 105. gr.

2. Þessi tilskipun gildir ekki um samninga sem samningsstofnun gerir eða og hönnunarsamkeppnir sem hún skipuleggur í samræmi við reglur um innkaup sem kveðið er á um af alþjóðastofnun eða alþjóðlegri fjármálastofnun, ef slík stofnun fjármagnar að öllu leyti viðkomandi samninga eða hönnunarsamkeppnir; þegar um er að ræða samninga eða hönnunarsamkeppnir sem eru fjármagnaðar að mestu leyti af alþjóðastofnun eða alþjóðlegri fjármálastofnun skulu aðilar semja um gildandi innkaupaferli.

3. Ákvæði 27. gr. gilda um samninga sem gerðir eru og hönnunarsamkeppnir sem skipulagðar eru í samræmi við alþjóðlegar reglur og hafa hliðar er snúa að vörnum og öryggi. Ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar skulu ekki eiga við um slíka samninga og hönnunarsamkeppnir.

21. gr.

Sérstakar undantekningar vegna þjónustusamninga

Tilskipun þessi gildir ekki um þjónustusamninga sem varða:

a) kaup eða leigu, á hvaða fjárhagsgrundvelli sem er, á landi, byggingum sem til eru fyrir eða öðrum fasteignum eða sem varða réttindi yfir þeim,

b) gerðardóms- og sáttagerðarþjónustu,

c) eftirfarandi lögfræðiþjónustu:

i. málflutning lögfræðings fyrir hönd skjólstæðings í skilningi 1. gr. tilskipunar ráðsins 77/249/EBE ([32]):

— fyrir gerðardómi eða við sáttaumleitan í aðildarríki, þriðja landi eða fyrir öðrum alþjóðlegum gerðardómi eða sáttaaðila eða

— við dómsmeðferð fyrir dómi eða opinberum yfirvöldum aðildarríkis eða þriðja lands eða fyrir alþjóðlegum dómstólum eða stofnunum,

ii. lögfræðiráðgjöf sem veitt er við undirbúning málsmeðferðar sem um getur í i-lið þessa liðar eða þar sem áþreifanleg vísbending er um, og miklar líkur eru á, að það málefni sem lögfræðiráðgjöfin varðar, verði til umfjöllunar í slíkri málsmeðferð, að því tilskildu að ráðgjöfin sé veitt af lögfræðingi í skilningi 1. gr. tilskipunar 77/249/EBE,

iii. vottun skjala og sannvottunarþjónustu sem lögbókendur verða að veita,

iv. lögfræðiþjónustu sem fjárvörsluaðilar eða skipaðir forráðamenn veita eða aðra lögfræðiþjónustu þar sem veitendur eru skipaðir af dómstól í viðkomandi aðildarríki eða er falið að lögum að inna af hendi tiltekin verkefni undir eftirliti slíkra dómstóla,

v. aðra lögfræðiþjónustu sem tengist, þótt aðeins sé endrum og eins, beitingu opinbers valds í viðkomandi aðildarríki,

([32]) Tilskipun ráðsins 77/249/EBE frá 22. mars 1977 um að auðvelda lögmönnum að neyta réttar til að veita þjónustu (Stjtíð. EB L 78, 26.3.1977, bls. 17).

d) fjármálaþjónustu sem tengist útgáfu, sölu, kaupum eða aðilaskiptum að verðbréfum eða öðrum fjármálagerningum í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB ([33]) og aðgerðir sem fram fara með Evrópska stöðugleikasjóðnum og Evrópska stöðugleikakerfinu,

e) lán, hvort sem þau eru eða eru ekki í tengslum við útgáfu, sölu, kaup eða aðilaskipti að verðbréfum eða öðrum fjármálagerningum,

f) ráðningarsamninga,

g) almenna farþegaflutninga með lestum eða jarðlestum,

h) borgaralegar varnir, almannavarnir, og forvarnir gegn hættum, sem stofnanir eða samtök, sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni, veita og sem falla undir CPV-kóða 75250000-3, 75251000-0, 75251100-1, 75251110-4, 75251120-7, 75252000-7, 75222000-8, 98113100-9 og 85143000-3, að undanskildum flutningi sjúklinga með sjúkraflutningaþjónustu,

i) samninga um útsendingartíma eða gerð dagskrárliða, sem gerðir eru við veitendur hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eða útvarpsþjónustu. Að því er varðar þennan lið skal „veitendur fjölmiðlaþjónustu“ hafa sömu merkingu og í d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2010/13/ESB ([34]). „Dagskrárliður“ skal hafa sömu merkingu og í b-lið 1. mgr. 1. gr. þeirrar tilskipunar, en skal líka taka til dagskrárliða í útvarpi og útvarpsdagskrárefnis. Enn fremur, að því er varðar þetta ákvæði, skal „dagskrárefni“ hafa sömu merkingu og „dagskrárliður“.

22. gr.

Þjónustusamningar sem gerðir eru á grundvelli einkaréttar

Þessi tilskipun gildir ekki um þjónustusamninga sem gerðir eru við aðila sem sjálfur er samningsyfirvald eða við samtök samningsyfirvalda á grundvelli einkaréttar sem þessir aðilar hafa samkvæmt lögum eða stjórnsýslufyrirmælum sem hafa verið birt og samrýmast sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins.

([33]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE, (Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1).

([34]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/13/ESB frá 10. mars 2010 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu (tilskipun um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu) (Stjtíð. ESB L 95, 15.4.2010, bls. 1).

23. gr.

Samningar sem tilteknar samningsstofnanir gera um kaup á vatni og um afhendingu á orku eða eldsneyti til að framleiða orku

Tilskipun þessi gildir ekki um:

a) samninga um kaup á vatni ef þeir eru gerðir af samningsstofnunum sem stunda aðra eða báðar tegundir þeirrar starfsemi í tengslum við drykkjarvatn sem um getur í 1. mgr. 10. gr.

b) samninga sem samningsstofnanir, sem sjálfar eru virkar í orkugeiranum með því að hafa með höndum starfsemi sem um getur í 8. gr. (1. mgr.), 9. gr. (1. mgr.) eða 14. gr., gera um afhendingu á:

i. orku,

ii. eldsneyti til orkuframleiðslu.

2. undirþáttur

Innkaup sem hafa hliðar er snúa að vörnum og öryggi

24. gr.

Varnir og öryggi

1. Að því er varðar samninga sem eru gerðir, og hönnunarsamkeppnir sem eru skipulagðar, á sviði varna og öryggis, gildir þessi tilskipun ekki um:

a) samninga sem falla undir gildissvið tilskipunar 2009/81/EB,

b) samninga sem tilskipun 2009/81/EB gildir ekki um skv. 8., 12. og 13. gr. hennar.

2. Þessi tilskipun gildir ekki um samninga og hönnunarsamkeppnir, sem annars eru ekki undanþegin skv. 1. mgr., að því marki sem ekki er hægt að tryggja öryggishagsmuni aðildarríkis með aðgerðum sem ekki ganga eins langt, t.d. með því að setja kröfur sem miða að því að varðveita leynd upplýsinga sem samningsstofnunin lætur í té í útboðsferli fyrir samningsgerð eins og kveðið er á um í þessari tilskipun.

Ennfremur og í samræmi við a-lið 1. mgr. 346. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gildir þessi tilskipun ekki um samninga og hönnunarsamkeppnir, sem annars eru ekki undanþegin skv. 1. mgr. þessarar greinar, ef beiting þessarar tilskipunar myndi skylda aðildarríki til að veita upplýsingar sem það telur andstætt mikilvægum öryggishagsmunum sínum.

3. Ef lýst er yfir að innkaupin eða framkvæmd samnings eða hönnunarsamkeppni séu leynileg eða ef þeim verða að fylgja sérhæfðar öryggisráðstafanir í samræmi við gildandi lög eða stjórnsýslufyrirmæli í aðildarríki, gildir þessi tilskipun ekki ef aðildarríkin hafa ákveðið að ekki sé hægt að tryggja hina mikilvægu hagsmuni, eins og þá sem um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr., með aðgerðum sem ekki ganga eins langt.

25. gr.

Blönduð innkaup sem varða sömu starfsemi og hafa hliðar er snúa að vörnum eða öryggi

1. Ef um er að ræða blandaða samninga sem varða sömu starfsemi og sem fjalla í senn um innkaup sem falla undir þessa tilskipun og innkaup eða aðra þætti sem falla undir 346. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins eða tilskipun 2009/81/EB gildir þessi grein.

2. Þar sem hægt er að aðskilja mismunandi hluta tiltekins samnings með hlutlægum hætti geta samningsstofnanir kosið að gera aðskilda samninga fyrir aðskilda hluta eða gera stakan samning.

Þar sem samningsstofnanir kjósa að gera aðskilda samninga fyrir aðskilda hluta skal ákvörðunin um það hvaða lagareglur gilda um hvern og einn þessara aðskildu samninga tekin á grundvelli einkenna viðkomandi hluta.

Þar sem samningsstofnanir kjósa að gera stakan samning, skal beita eftirfarandi viðmiðunum til að ákvarða hvaða lagareglur eiga við:

a) þar sem hluti tiltekins samnings fellur undir 346. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins má gera samninginn án þess að beita þessari tilskipun, að því tilskildu að gerð staks samnings sé réttlætanleg á grundvelli hlutlægra ástæðna,

b) þar sem hluti tiltekins samnings fellur undir tilskipun 2009/81/EB má gera samninginn í samræmi við þá tilskipun, að því tilskildu að gerð staks samnings sé réttlætanleg á grundvelli hlutlægra ástæðna. Þessi liður skal vera með fyrirvara um viðmiðunarfjárhæðir og undantekningar sem sú tilskipun kveður á um.

Ákvörðun um að gera stakan samning skal þó ekki tekin í þeim tilgangi að undanþiggja samning beitingu annað hvort þessarar tilskipunar eða tilskipunar 2009/81/EB.

3. Ákvæði a-liðar þriðju undirgreinar 2. mgr. skulu gilda um blandaða samninga sem bæði a- og b-liður þeirrar undirgreinar gætu annars gilt um.

4. Þar sem ekki er hægt að aðskilja mismunandi hluta tiltekins samnings með hlutlægum hætti má gera samninginn án þess að beita þessari tilskipun hafi hann að geyma þætti sem 346. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gildir um; að öðrum kosti má gera hann í samræmi við tilskipun 2009/81/EB.

26. gr.

Innkaup sem taka til margs konar starfsemi og hafa hliðar er snúa að vörnum og öryggi

1. Þegar um er að ræða samninga sem ætlað er að taka til margs konar starfsemi geta samningsstofnanir kosið að gera aðskilda samninga vegna hverrar starfsemi fyrir sig eða gert stakan samning. Þegar samningsstofnanir kjósa að gera aðskilda samninga fyrir aðskilda hluta skal ákvörðunin um það hvaða lagareglur gilda um hvern og einn slíkra aðskilinna samninga tekin á grundvelli einkenna viðkomandi starfsemi.

Þegar samningsstofnanir kjósa að gera stakan samning gildir 2. mgr. þessarar greinar. Standi valið á milli þess að gera einn samning og nokkra aðskilda samninga skal slíkt val ekki hafa þann tilgang að samningurinn eða samningarnir falli utan gildissviðs þessarar tilskipunar eða tilskipunar 2009/81/EB.

2. Þegar um er að ræða samninga sem ætlað er að taka til starfsemi sem fellur undir þessa tilskipun og aðra sem:

a) fellur undir tilskipun 2009/81/EB eða

b) fellur undir 346. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins,

má gera samninginn í samræmi við tilskipun 2009/81/EB í þeim tilvikum sem nefnd eru í a-lið og gera samninginn án þess að beita þessari tilskipun í tilvikum sem um getur í b-lið. Þessi undirgrein skal vera með fyrirvara um viðmiðunarfjárhæðir og undantekningar sem kveðið er á um í tilskipun 2009/81/EB.

Gera má samninga sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar, sem taka einnig til innkaupa eða annarra þátta sem falla undir 346. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, án þess að beita þessari tilskipun.

Hins vegar skal það vera skilyrði fyrir beitingu fyrstu og annarrar undirgreinar að gerð staks samnings sé réttlætanleg á grundvelli hlutlægra ástæðna og að ákvörðunin um að gera stakan samning sé ekki tekin í þeim tilgangi að undanþiggja samninga beitingu þessarar tilskipunar.

27. gr.

Samningar sem gerðir eru og hönnunarsamkeppnir sem skipulagðar eru í samræmi við alþjóðlegar reglur og hafa hliðar er snúa að vörnum og öryggi

1. Þessi tilskipun gildir ekki um samninga eða hönnunarsamkeppnir með hliðar er snúa að vörnum og öryggi sem samningsstofnun er skylt að gera eða skipuleggja í samræmi við önnur innkaupaferli en mælt er fyrir um í þessari tilskipun, sem komið er á með einhverjum eftirfarandi hætti:

a) með alþjóðasamningi eða samkomulagi sem gert er í samræmi við sáttmálana, milli aðildarríkis og eins eða fleiri þriðju landa eða hluta þeirra og sem tekur til verka, vara eða þjónustu fyrir verkefni sem undirritunaraðilar ætla að framkvæma eða nýta sameiginlega,

b) með alþjóðasamningi eða samkomulagi sem tengist veru herliðs og varðar starfsemi aðildarríkis eða þriðja lands,

c) af alþjóðastofnun.

Sérhvern samning eða samkomulag sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar skal senda til framkvæmdastjórnarinnar, sem getur leitað til ráðgjafarnefndar um opinber innkaup sem um getur í 105. gr.

2. Þessi tilskipun gildir ekki um samninga eða hönnunarsamkeppnir sem hafa hliðar er snúa að vörnum og öryggi og samningsstofnunin gerir í samræmi við reglur um innkaup sem alþjóðastofnun eða alþjóðleg fjármálastofnun kveður á um, þar sem viðkomandi samningar eða hönnunarsamkeppnir eru að öllu leyti fjármögnuð af þeirri stofnun. þegar um er að ræða samninga eða hönnunarsamkeppnir sem eru fjármagnaðar að mestu leyti af alþjóðastofnun eða alþjóðlegri fjármálastofnun skulu aðilar semja um gildandi innkaupaferli.

3. undirþáttur

Sérstök tengsl (samvinna, eignatengd fyrirtæki og fyrirtæki um sameiginlegt verkefni)

28. gr.

Samningar milli samningsyfirvalda

1. Samningur, sem samningsyfirvald gerir við lögaðila sem heyrir undir einkarétt eða opinberan rétt, skal vera utan gildissviðs þessarar tilskipunar, þegar öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a) samningsyfirvaldið fer með yfirráð yfir viðkomandi lögaðila sem eru svipuð þeim sem það hefur yfir eigin deildum,

b) yfir 80% af starfsemi lögaðilans sem er undir yfirráðunum er innt af hendi við framkvæmd verkefna sem honum eru falin af samningsyfirvaldinu sem hefur yfirráðin eða öðrum lögaðilum sem eru undir yfirráðum þess samningsyfirvalds,

c) ekki er um beina einkafjármagnshlutdeild að ræða í lögaðilanum sem er undir yfirráðum að undanskilinni einkafjármagnshlutdeild sem felur ekki í sér yfirráð og stöðvunarmöguleika sem krafist er í landslöggjöf, í samræmi við sáttmálana, og felur ekki í sér afgerandi áhrif á lögaðilann undir yfirráðum.

Samningsyfirvald skal teljast fara með yfirráð yfir lögaðila, sem svipar til þess sem það hefur yfir eigin deildum í skilningi a-liðar fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar, þegar það hefur afgerandi áhrif bæði á skipulagsmarkmið og mikilvægar ákvarðanir lögaðilans sem er undir yfirráðum.

Annar lögaðili, sem er sjálfur undir yfirráðum samningsyfirvaldsins með sama hætti, getur líka beitt þeim yfirráðum.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda einnig þegar lögaðili undir yfirráðum sem er samningsyfirvald gerir samning við samningsyfirvaldið sem hefur yfirráð yfir honum eða annan lögaðila undir yfirráðum sama samningsyfirvalds, að því tilskildu að ekki sé um beina einkafjármagnshlutdeild að ræða í lögaðilanum sem opinber samningur er gerður við að undanskilinni einkafjármagnshlutdeild sem felur ekki í sér yfirráð og stöðvunarmöguleika sem krafist er í landslöggjöf, í samræmi við sáttmálana, og felur ekki í sér afgerandi áhrif á lögaðilann undir yfirráðum.

3. Samningsyfirvald, sem fer ekki með yfirráð í skilningi 1. mgr. þessarar greinar yfir lögaðila sem heyrir undir einkarétt eða opinbera rétt, getur engu að síður gert samning við þann lögaðila án þess að beita þessari tilskipun þegar öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a) samningsyfirvaldið fer sameiginlega með öðrum samningsyfirvöldum með yfirráð yfir þeim lögaðila sem eru svipuð þeim sem þau hafa yfir eigin deildum,

b) yfir 80% af starfsemi lögaðilans er innt af hendi við framkvæmd verkefna sem honum eru falin af samningsyfirvöldunum sem hafa yfirráðin eða öðrum lögaðilum sem eru undir yfirráðum þeirra samningsyfirvalda og

c) ekki er um beina einkafjármagnshlutdeild að ræða í lögaðilanum sem er undir yfirráðum að undanskilinni einkafjármagnshlutdeild sem felur ekki í sér yfirráð og stöðvunarmöguleika sem krafist er í landslöggjöf, í samræmi við sáttmálana, og felur ekki í sér afgerandi áhrif á lögaðilann undir yfirráðum.

Að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar skulu samningsyfirvöld teljast fara sameiginlega með yfirráð yfir lögaðila þegar öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

i. aðilarnir sem fara með ákvarðanatöku lögaðilans sem er undir yfirráðum samanstanda af fulltrúum allra samningsyfirvalda sem eiga hlutdeild. Einstaka fulltrúar geta komið fram fyrir hönd nokkurra eða allra samningsyfirvalda sem eiga hlutdeild,

ii. þau samningsyfirvöld geta sameiginlega haft afgerandi áhrif á skipulagsmarkmið og mikilvægar ákvarðanir lögaðilans sem er undir yfirráðum og

iii. lögaðilinn undir yfirráðum hefur ekki hagsmuna að gæta sem eru á öndverðum meiði við hagsmuni samningsyfirvaldanna sem hafa yfirráðin.

4. Samningur sem gerður er eingöngu milli tveggja eða fleiri samningsyfirvalda fellur utan gildissviðs þessarar tilskipunar þegar öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a) samningurinn kemur á eða hrindir í framkvæmd samvinnu milli samningsyfirvaldanna sem eiga hlutdeild með það að markmiði að tryggja að opinbera þjónustan sem þau þurfa að sinna sé veitt með það í huga að ná sameiginlegum markmiðum,

b) að eingöngu sjónarmið sem varða almannahagsmuni eigi við um framkvæmd þeirrar samvinnu og

c) samningsyfirvöldin sem eiga hlutdeild inna af hendi innan við 20% af starfseminni, sem samvinnan varðar, á opnum markaði.

5. Við ákvörðun hlutfalls starfseminnar sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr., b-lið fyrstu undirgreinar 3. mgr. og c-lið 4. mgr., skal taka tillit til meðalheildarveltu eða annars viðeigandi verkgrundaðs mælikvarða, s.s. kostnaðar sem viðkomandi lögaðili hefur stofnað til að því er varðar þjónustu, vörur, eða verk undanfarin þrjú ár fyrir gerð samningsins.

Þegar veltan eða annarskonar viðeigandi verkgrundaður mælikvarði, s.s. kostnaður, liggur annað hvort ekki fyrir vegna undanfarinna þriggja ára eða á ekki lengur við vegna þess á hvaða tímapunkti viðkomandi lögaðili varð til eða hóf starfsemi eða vegna endurskipulagningar starfseminnar, skal nægja að sýna að mælikvarði fyrir starfsemina sé trúverðugur, einkum í ljósi viðskipaáætlana.

29. gr.

Samningar sem gerðir eru við eignatengt fyrirtæki

1. Að því er varðar þessa grein merkir „eignatengt fyrirtæki“ sérhvert fyrirtæki sem hefur ársreikninga sem hafa verið felldir inn í samstæðureikningsskil samningsstofnunar í samræmi við kröfur tilskipunar 2013/34/ESB.

2. Ef í hlut eiga aðilar, sem ekki falla undir tilskipun 2013/34/ESB merkir „eignatengt fyrirtæki“ sérhvert fyrirtæki sem:

a) getur verið, beint eða óbeint, undir ráðandi áhrifum samningsstofnunar,

b) getur beitt ráðandi áhrifum gagnvart samningsstofnuninni eða

c) er ásamt samningsstofnuninni undir ráðandi áhrifum annars fyrirtækis vegna eignarhalds, fjárhagslegrar þátttöku eða reglna sem gilda um það.

Að því er varðar þessa málsgrein skal „ráðandi áhrif“ hafa sömu merkingu og í annarri undirgrein 2. mgr. 4. gr.

3. Þrátt fyrir 28. gr. og að því tilskildu að skilyrðum 4. mgr. þessarar greinar sé fullnægt gildir þessi tilskipun ekki um samninga sem:

a) samningsstofnun gerir við eignartengt fyrirtæki eða

b) fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, sem nokkrar samningsstofnanir stofna eingöngu í því augnamiði að stunda starfsemi eins og lýst er í 8.–14. gr., gerir við fyrirtæki sem er í eignatengslum við eina af þessum samningsstofnunum.

4. Ákvæði 3. mgr. gilda um:

a) þjónustusamninga, að því tilskildu að a.m.k. 80% af meðalheildarveltu eignatengda fyrirtækisins á undangengnum þremur árum, að teknu tilliti til allrar þjónustu sem það fyrirtæki veitir, megi rekja til veitingar þjónustu til samningsstofnunarinnar eða annarra fyrirtækja sem eru í eignatengslum við það,

b) vörusamninga, að því tilskildu að a.m.k. 80% af meðalheildarveltu eignatengda fyrirtækisins, að teknu tilliti til allrar vara sem það fyrirtæki afhendir, á undangengnum þremur árum, megi rekja til afhendingar vara til samningsstofnunarinnar eða annarra fyrirtækja sem eru í eignatengslum við það,

c) verksamninga, að því tilskildu að a.m.k. 80% af meðalheildarveltu eignatengda fyrirtækisins, að teknu tilliti til allrar verka sem það fyrirtæki framkvæmir, á undangengnum þremur árum, megi rekja til verka sem framkvæmd eru fyrir samningsstofnunina eða önnur fyrirtæki sem eru í eignatengslum við það.

5. Þegar velta eignatengds fyrirtækis undanfarin þrjú ár liggur ekki fyrir vegna þess á hvaða tímapunkti það var stofnað eða hóf starfsemi skal nægja að það fyrirtæki geti sýnt fram á að tölur um veltu, sem um getur í a-, b- eða c-lið 4. mgr., séu trúverðugar, einkum í ljósi viðskiptaáætlana.

6. Ef tvö eða fleiri fyrirtæki, sem eru í eignartengslum við samningsstofnunina og mynda með henni samstæðu, láta í té sömu eða svipaða þjónustu, vörur eða verk, skal hlutfallið reiknað með tilliti til heildarveltunnar af þeirri þjónustu, vörum eða verkum sem þessi eignatengdu fyrirtæki láta í té.

30. gr.

Samningar sem gerðir eru við fyrirtæki um sameiginlegt verkefni eða samningsstofnun sem á hlut að fyrirtæki um sameiginlegt verkefni

Þrátt fyrir 28. gr. og að því tilskildu að fyrirtækið um sameiginlegt verkefni hafi verið stofnað með það fyrir augum að inna af hendi viðkomandi starfsemi á a.m.k. þriggja ára tímabili og að kveðið sé á um það í stofngerningi fyrirtækisins um sameiginlegt verkefni að samningsstofnanirnar, sem mynda það, verði aðilar að því í a.m.k. jafnlangan tíma, gildir þessi tilskipun ekki um samninga sem eftirfarandi aðilar gera:

a) fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, sem nokkrar samningsstofnanir stofna eingöngu í því augnamiði að stunda starfsemi í skilningi 8.–14. gr., við eina af þessum samningsstofnunum eða

b) samningsstofnun við slíkt fyrirtæki um sameiginlegt verkefni sem hún er hluti af.

31. gr.

Tilkynning upplýsinga

Samningsstofnanir skulu senda framkvæmdastjórninni eftirfarandi upplýsingar varðandi beitingu 2. og 3. mgr. 29. gr. og 30. gr. ef hún óskar eftir því:

a) nöfn viðkomandi fyrirtækja eða fyrirtækja um sameiginlegt verkefni,

b) hvers eðlis viðkomandi samningar eru og verðmæti þeirra,

c) þau sönnunargögn, sem framkvæmdastjórnin telur nauðsynleg, um að tengslin milli fyrirtækis eða fyrirtækis um sameiginlegt verkefni, sem samningur er gerður við, og samningsstofnunarinnar standist kröfur 29. gr. eða 30. gr.

4. undirþáttur

Sérstakar aðstæður

32. gr.

Þjónusta tengd rannsóknum og þróun

Þessi tilskipun skal eingöngu gilda um þjónustusamninga um þjónustu tengda rannsóknum og þróun sem fellur undir CPV-kóða 73000000-2 til 73120000-9, 73300000-5, 73420000-2 og 73430000-5, að því tilskildu að báðum eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

a) að ávinningurinn fari eingöngu til samningsstofnunarinnar til nota í eigin starfsemi og

b) að endurgjald fyrir þjónustuna, sem veitt er, komi alfarið frá samningsstofnuninni.

33. gr.

Samningar sem eru háðir sérstökum ráðstöfunum

1. Með fyrirvara um 34. gr. þessarar tilskipunar skulu Lýðveldið Austurríki og Sambandslýðveldið Þýskaland tryggja, með leyfisskilmálum eða öðrum viðeigandi ráðstöfunum, að allir aðilar sem starfa í þeim geirum sem nefndir eru í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/205/EB ([35]) og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/73/EB ([36]):

a) hlíti meginreglunum um bann við mismunun og um innkaup á samkeppnisgrundvelli þegar þeir gera vöru-, verk- og þjónustusamninga, einkum að því er varðar upplýsingar sem aðilinn veitir rekstraraðila aðgang að og varða áform hans um innkaupin,

b) veiti framkvæmdastjórninni, við skilgreindar aðstæður í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/327/EBE ([37]), upplýsingar um samninga sem þeir gera.

2. Með fyrirvara um 34. gr. skal Breska konungsríkið tryggja, með leyfisskilmálum eða öðrum viðeigandi ráðstöfunum, að allir aðilar sem starfa í þeim geirum sem nefndir eru í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/367/EBE beiti a- og b-lið 1. mgr. þessarar greinar að því er varðar samninga sem gerðir eru til að inna af hendi þá starfsemi í Norður-Írlandi.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um samninga sem gerðir eru í tengslum við olíu- og gasleit.

5. undirþáttur

Starfsemi í beinni samkeppni og málsmeðferðarákvæði sem henni tengjast

34. gr.

Starfsemi í beinni samkeppni

1. Samningar, sem gerðir eru með það fyrir augum að unnt sé að inna af hendi starfsemi, sem getið er um í 8.–14. gr., falla ekki undir þessa tilskipun ef aðildarríkið eða samningsstofnanir, sem hafa lagt fram beiðni samkvæmt 35. gr., geta sýnt fram á að hún fari fram í beinni samkeppni á mörkuðum þar sem aðgangur er ekki takmarkaður í aðildarríkinu þar sem hún er innt af hendi; hönnunarsamkeppnir, sem skipulagðar eru með það fyrir augum að inna af hendi slíka starfsemi á því landsvæði, skulu ekki heldur falla undir þessa tilskipun. Starfsemin sem í hlut á getur verið hluti af stærri geira eða getur verið einungis innt af hendi í tilteknum hlutum hlutaðeigandi aðildarríkis. Matið á samkeppni, sem um getur í fyrstu setningu þessarar málsgreinar, sem mun fara fram með hliðsjón af þeim upplýsingum sem eru tiltækar framkvæmdastjórninni og vegna þessarar tilskipunar, er með fyrirvara um beitingu samkeppnislaga. Slíkt mat skal framkvæmt með hliðsjón af markaðnum fyrir hlutaðeigandi starfsemi og landfræðilegum viðmiðunarmarkaði í skilningi 2. mgr.

([35]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/205/EB frá 4. mars 2002 að fenginni beiðni frá Austurríki um að beita þeim sérstöku reglum sem mælt er fyrir um í 3. gr. tilskipunar 93/38/EBE (Stjtíð. EB L 68, 12.3.2002, bls. 31).

([36]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/73/EB frá 15. janúar 2004 að fenginni beiðni frá Þýskalandi um að beita þeim sérstöku reglum sem mælt er fyrir um í 3. gr. tilskipunar 93/38/EBE (Stjtíð. ESB L 16, 23.1.2004, bls. 57).

([37]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/327/EBE frá 13. maí 1993 um skyldur samningsstofnana, er nýta tiltekin landsvæði til leitar eða vinnslu á jarðolíu, jarðgasi, kolum eða öðru eldsneyti í föstu formi, til að senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um gerða samninga (Stjtíð. EB L 129, 27.5.1993, bls. 25).

2. Að því er varðar 1. mgr. þessarar greinar skal skera úr um það hvort starfsemi er í beinni samkeppni á grundvelli viðmiðana sem eru í samræmi við ákvæðin um samkeppni í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins. Þær geta m.a. snúið að eiginleikum viðkomandi vöru eða þjónustu, því hvort sambærileg vara eða þjónusta er fyrir hendi sem telst geta komið í hennar stað á framboðs- eða eftirspurnarhliðinni, að verði og því hvort einn eða fleiri afhendingaraðilar vörunnar eða þjónustunnar, sem um er að ræða, eru í reynd eða hugsanlega á markaðnum.

Landfræðilegur viðmiðunarmarkaður til þess að meta hvort að um beina samkeppni sé að ræða er svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eiga hlut að framboði og eftirspurn á vöru eða þjónustu og samkeppnisskilyrði eru nægilega einsleit og unnt er að greina það frá nærliggjandi svæðum, ekki síst vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega ólík á þessum svæðum. Við mat á þessu skal einkum taka tillit til eðlis og einkenna viðkomandi vöru eða þjónustu, til hugsanlegra aðgangshindrana eða neytendavenja, greinilegs munar á markaðshlutdeild fyrirtækjanna á þessu svæði og nærliggjandi svæðum eða til verulegs verðmunar.

3. Varðandi 1. mgr. þessarar greinar skal aðgangur að markaði ekki teljast takmarkaður ef aðildarríkið hefur hrundið í framkvæmd og beitt þeim lögum Sambandsins sem getið er í III. viðauka.

Ef ekki er hægt að reikna með frjálsum aðgangi að tilteknum markaði samkvæmt fyrstu undirgrein þarf að sýna fram á að aðgangur að viðkomandi markaði sé frjáls, að lögum og í reynd.

35. gr.

Málsmeðferð til að slá því föstu hvort 34. gr. eigi við

1. Þar sem aðildarríki eða, þar sem kveðið er á um það í löggjöf hlutaðeigandi aðildarríkis, samningsstofnun, telur, á grundvelli viðmiðananna sem settar eru fram í 2. og 3. mgr. 34. gr., að tiltekin starfsemi eigi í beinni samkeppni á mörkuðum þar sem aðgangur er ekki takmarkaður, getur það eða hún lagt fram beiðni til framkvæmdastjórnarinnar um að slá því föstu að þessi tilskipun gildi ekki um gerð samninga eða skipulagningu hönnunarsamkeppna til að inna af hendi þá starfsemi, ásamt afstöðu óháðs landsyfirvalds sem er lögbært í tengslum við hlutaðeigandi starfsemi þar sem við á. Slíkar beiðnir geta varðað starfsemi sem er hluti af stærri geira eða sem er einungis innt af hendi í tilteknum hlutum hlutaðeigandi aðildarríkis.

Í beiðninni skal hlutaðeigandi aðildarríki eða samningsstofnun upplýsa framkvæmdastjórnina um alla viðeigandi málavöxtu og einkum um öll lög og stjórnsýslufyrirmæli eða samninga sem varða það að skilyrðin, sem sett eru fram í 1. mgr. 34. gr., séu uppfyllt.

2. Fylgi ekki beiðni, sem kemur frá samningsstofnun, rökstudd og skjalfest afstaða, samþykkt af óháðu landsyfirvaldi sem er lögbært í tengslum við viðkomandi starfsemi, þar sem gerð er ítarleg greining á skilyrðunum fyrir því að viðkomandi starfsemi falli hugsanlega undir gildissvið 1. mgr. 34. gr. í samræmi við 2. og 3. mgr. þessarar greinar, skal framkvæmdastjórnin tafarlaust upplýsa hlutaðeigandi aðildarríki. Hlutaðeigandi aðildarríki skal í slíkum tilvikum upplýsa framkvæmdastjórnina um alla viðeigandi málavöxtu og einkum um öll lög og stjórnsýslufyrirmæli eða samninga sem varða það að skilyrðin, sem sett eru fram í 1. mgr. 34. gr., séu uppfyllt.

3. Að fenginni beiðni, sem lögð er fram í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar, getur framkvæmdastjórnin, með framkvæmdargerðum sem samþykktar eru innan þeirra fresta sem settir eru í IV. viðauka, slegið því föstu hvort starfsemi sem um getur í 8.–14. gr. eigi í beinni samkeppni á grundvelli þeirra viðmiðana sem settar eru fram í 34. gr. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 105. gr.

Samningar, sem gerðir eru með það fyrir augum að unnt sé að inna af hendi viðkomandi starfsemi, og hönnunarsamkeppnir, sem eru skipulagðar með það fyrir augum að inna af hendi slíka starfsemi, skulu ekki lengur falla undir þessa tilskipun í eftirfarandi tilvikum:

a) framkvæmdastjórnin hefur samþykkt framkvæmdagerðina þar sem því er slegið föstu að 1. mgr. 34. gr. eigi við, innan frestsins sem kveðið er á um í IV. viðauka,

b) framkvæmdastjórnin hefur ekki samþykkt framkvæmdargerðina innan frestsins sem kveðið er á um í IV. viðauka.

4. Eftir að beiðni hefur verið lögð fram getur hlutaðeigandi aðildarríki eða samningsstofnun, með samþykki framkvæmdastjórnarinnar, breytt beiðni sinni að verulegu leyti, einkum að því er varðar hlutaðeigandi starfsemi eða landsvæði. Í slíkum tilvikum skal nýr frestur fyrir samþykkt framkvæmdargerðarinnar taka gildi, sem skal reiknaður í samræmi við 1. mgr. IV. viðauka, nema framkvæmdastjórnin og aðildarríkið eða samningsstofnunin, sem hefur lagt fram beiðnina, komist að samkomulagi um styttri frest.

5. Þar sem starfsemi í tilteknu aðildarríki er þegar til meðferðar samkvæmt 1., 2. og 4. mgr. skulu frekari beiðnir, er varða sömu starfsemi í sama aðildarríki, sem berast áður en fresturinn fyrir fyrstu beiðnina rennur út, ekki teljast ný málsmeðferð og skulu fá meðferð með tilliti til fyrstu beiðninnar.

6. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdagerð þar sem settar eru ítarlegar reglur um beitingu 1.–5. mgr. Sú framkvæmdargerð skal a.m.k. hafa að geyma reglur varðandi:

a) birtingu til upplýsingar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* á upphafs- og lokadagsetningu frestsins sem settur er í 1. mgr. IV. viðauka, þ.m.t. allar lengingar eða tímabundnar niðurfellingar slíkra fresta, eins og kveðið er á um í þeim viðauka,

b) auglýsingu um að 1. mgr. 34. gr. verði mögulega beitt í samræmi við b-lið annarrar undirgreinar 3. mgr. þessarar greinar,

c) framkvæmdarákvæði varðandi form, efni og önnur einstök atriði beiðna samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 105. gr.

IV. KAFLI

Almennar meginreglur

36. gr.

Meginreglur um innkaup

1. Samningsstofnanir skulu gæta að jafnri meðferð án mismununar, gagnsæi og meðalhófi í samskiptum við rekstaraðila.

Innkaupunum skal ekki hagað af ásetningi þannig að þau falli utan gildissviðs þessarar tilskipunar eða takmarki samkeppni óeðlilega. Litið skal svo á að samkeppni sé takmörkuð óeðlilega ef innkaupunum er hagað þannig að það sé í þágu eða beint gegn tilteknum rekstraraðilum.

2. Aðildarríki skulu grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að rekstraraðilar uppfylli gildandi skyldur á sviði umhverfis-, félagsmála- og vinnuréttar sem byggjast á lögum Sambandsins, landslögum, kjarasamningum eða ákvæðum alþjóðlegrar umhverfis-, félagsmála- eða vinnulöggjafar, sem talin eru upp í XIV. viðauka, við framkvæmd opinberra samninga.

37. gr.

Rekstraraðilar

1. Ekki skal hafna rekstraraðilum, sem eiga rétt á að veita viðeigandi þjónustu samkvæmt lögum aðildarríkisins þar sem þeir hafa staðfestu, af þeirri ástæðu einni að þess er krafist í lögum aðildarríkisins þar sem samningurinn er gerður að þeir einskorðist við annaðhvort einstaklinga eða lögaðila.

Þegar um er að ræða þjónustu- og verksamninga, svo og vörusamninga, sem taka að auki til þjónustu eða ísetningar- og uppsetningarstarfs, er þó hægt að krefjast þess að lögaðilar tilgreini, í tilboði eða þátttökutilkynningu, nöfn og viðeigandi faglega menntun og hæfi starfsmanna sem bera ábyrgð á framkvæmd viðkomandi samnings.

2. Hópar rekstraraðila, þ.m.t. tímabundin samtök, geta tekið þátt í innkaupaferli. Þeir skulu ekki krafðir um það af samningsstofnunum að hafa sérstakt rekstrarform að lögum til þess að leggja fram tilboð eða þátttökutilkynningu.

Ef nauðsyn krefur geta samningsstofnanir skýrt það í útboðsgögnum hvernig hópar rekstraraðila skulu uppfylla viðmiðanir og kröfur um hæfi og hæfismiðað val sem um getur í 77.–81. gr. að því tilskildu að það sé réttlætanlegt á grundvelli hlutlægra ástæðna og gætt sé meðalhófs. Aðildarríki geta sett staðlaða skilmála um það hvernig hópar rekstraraðila skulu uppfylla þessar kröfur.

Hvers konar skilyrði varðandi framkvæmd samnings af hálfu hópa slíkra rekstraraðila, sem eru ólík þeim sem gilda um einstaka þátttakendur, skulu vera réttlætanleg á grundvelli hlutlægra ástæðna og gæta skal meðalhófs.

3. Þrátt fyrir 2. mgr. geta samningsstofnanir krafist þess að hópur rekstraraðila taki á sig sérstakt rekstrarform að lögum þegar samningur hefur verið gerður við þá, að því marki sem slík breyting er nauðsynleg fyrir fullnægjandi framkvæmd samningsins.

38. gr.

Samningar bundnir við ákveðna hópa

1. Aðildarríki geta bundið réttinn til að taka þátt í innkaupaferli við verndaða vinnustaði og rekstraraðila, sem hafa félagslega og faglega aðlögun fatlaðra eða illa settra einstaklinga að helsta markmiði eða kveðið á um að slíkir samningar skuli framkvæmdir innan ramma áætlana um verndaða vinnu, að því tilskildu að a.m.k. 30% starfsmanna þeirra vinnustaða, rekstraraðila eða áætlana séu fatlaðir eða illa settir starfsmenn.

2. Í útboðinu skal vísað til þessarar greinar.

39. gr.

Trúnaðarkvaðir

1. Ef ekki er kveðið á um annað í þessari tilskipun eða í landslögum sem samningsstofnun fellur undir, einkum löggjöf um aðgang að upplýsingum, og með fyrirvara um skyldur er varða auglýsingu gerðra samninga og upplýsingar til umsækjenda eða bjóðenda eins og sett er fram í 70. og 75. gr. skal samningsstofnun ekki birta upplýsingar sem rekstraraðilar senda henni og hafa verið auðkenndar sem trúnaðarupplýsingar, þ.m.t. en ekki bundið við, tæknileg leyndarmál eða viðskiptaleyndarmál og þá þætti tilboða sem eru trúnaðarmál.

2. Samningsstofnanir geta lagt kröfur á rekstraraðila sem miða að því að varðveita leynd upplýsinga sem þær gera tiltækar meðan á innkaupaferlinu stendur, þ.m.t. upplýsingar sem látnar eru í té í tengslum við starfrækslu hæfismatskerfis, hvort sem það hefur komið fram í tilkynningu um að hæfismatskerfi sé fyrir hendi sem notað er til að kynna útboð eða ekki.

40. gr.

Reglur um samskipti

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að öll samskipti og upplýsingaskipti samkvæmt þessari tilskipun, einkum rafræn framlagning gagna, fari fram með rafrænum samskiptaaðferðum í samræmi við kröfur þessarar greinar. Tól og tæki, sem notuð eru í rafrænum samskiptum, svo og tæknilegir eiginleikar þeirra, skulu vera þannig að ekki leiði til mismununar, vera almennt aðgengileg og innbyrðis samhæfð þeirri upplýsinga- og fjarskiptatækni sem er almennt í notkun og skulu ekki takmarka aðgang rekstraraðila að innkaupaferlinu.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein skal samningsstofnunum ekki vera skylt að krefjast þess að notaðar séu rafrænar samskiptaaðferðir við framlagningu gagna við eftirfarandi aðstæður:

a) ef notkun rafrænna samskiptaaðferða myndi, sakir sérhæfðs eðlis innkaupanna, kalla á sérstök áhöld, tæki eða skráasnið sem ekki eru almennt aðgengileg eða sem þau forrit, sem almennt eru aðgengileg, styðja ekki,

b) ef forritin, sem styðja skráasnið sem henta fyrir lýsingu tilboða, nota skráasnið sem önnur opin eða almennt aðgengileg forrit ráða ekki við eða eru háð séreignarleyfi og sem ekki er hægt að gera aðgengileg til niðurhals eða fjarnotkunar af hálfu samningsstofnunar,

c) ef notkun rafrænna aðferða myndi krefjast sérhæfðs skrifstofubúnaðar sem samningsstofnanir hafa alla jafna ekki aðgang að,

d) ef þess er krafist í útboðsgögnum að lögð séu fram líkön eða smækkuð líkön (e. physical or scale models) sem ekki er unnt að senda með rafrænum aðferðum.

Ef rafrænar aðferðir eru ekki notaðar við samskipti í samræmi við aðra undirgrein skulu þau fara fram með pósti eða öðrum viðeigandi miðli eða með samsetningu pósts eða annars viðeigandi miðils og rafrænna samskipta.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skal samningsstofnunum ekki vera skylt að krefjast þess að notaðar séu rafrænar samskiptaaðferðir við framlagningu gagna ef notkun annarra samskiptaaðferða er nauðsynleg, annað hvort vegna öryggisrofs í rafrænum samskiptaaðferðum eða til verndar sérstaklega viðkvæmum upplýsingum sem krefjast varnar á svo háu stigi að ekki er hægt að tryggja það með viðunandi hætti með notkun rafrænna tóla og tækja sem annað hvort eru almennt aðgengileg rekstraraðilum eða sem hægt er að gera þeim aðgengileg með mismunandi aðgangsleiðum í skilningi 5. mgr.

Það skal vera á ábyrgð þeirra samningsstofnana, sem krefjast þess að notaðar séu aðrar samskiptaaðferðir en rafrænar við framlagningu gagna í samræmi við aðra undirgrein þessarar málsgreinar, að tilgreina ástæður þess í stöku skýrslunni sem um getur í 100. gr. Samningsstofnanir skulu, eftir atvikum, tilgreina í skýrslunni ástæður þess að talið var nauðsynlegt að nota aðrar samskiptaaðferðir en rafrænar við beitingu fjórðu undirgreinar þessarar málsgreinar.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. er heimilt að nota munnleg samskipti í öðrum samskiptum en þeim sem varða mikilvægustu þætti innkaupaferlisins, að því tilskildu að efni munnlegu samskiptanna sé skráð nægilega vel. Að því er þetta varðar taka mikilvægustu þættir innkaupaferlisins til útboðsgagna, þátttökutilkynninga og staðfestinga á áhuga og tilboða. Einkum skulu munnleg samskipti við bjóðendur, sem gætu haft veruleg áhrif á efni og mat tilboða, skrásett nægilega vel og með viðeigandi hætti, s.s. sem skriflegar skýrslur eða hljóðskýrslur eða útdrættir helstu þátta samskiptanna.

3. Í öllum samskiptum, miðlun og geymslu upplýsinga skulu samningsstofnanir tryggja að heilleiki gagna sé varðveittur og trúnaður, sem gildir um tilboð og þátttökutilkynningar, sé haldinn. Þau skulu ekki kanna efni tilboða og þátttökutilkynninga fyrr en fresturinn til að leggja þau fram er runninn út.

4. Þegar um er að ræða opinbera verksamninga og hönnunarsamkeppnir geta aðildarríkin krafist notkunar sérstakra rafrænna tóla, s.s. til gerðar upplýsingalíkana mannvirkja eða áþekkra tækja. Í slíkum tilvikum skulu samningsstofnanir bjóða annars konar aðgang, eins og kveðið er á um í 5. mgr., þangað til slík tæki verða almennt aðgengileg í skilningi annars málsliðar fyrstu undirgreinar 1. mgr.

5. Samningsstofnanir geta, ef nauðsyn krefur, krafist þess að notuð séu tól sem ekki eru almennt aðgengileg að því tilskildu að þau bjóði annars konar aðgang (e. alternative means of access).

Samningsstofnanir skulu teljast bjóða viðeigandi annars konar aðgang við eftirfarandi aðstæður, ef þær:

a) bjóða, án endurgjalds, ótakmarkaðan og fullan, beinan aðgang með rafrænum aðferðum að slíkum tólum og tækjum frá þeim degi þegar tilkynning er birt, í samræmi við IX. viðauka, eða frá þeim degi þegar boð um að staðfesta áhuga er sent. Í texta tilkynningarinnar eða boðsins um að staðfesta áhuga skal tilgreina veffangið þar sem hafa má aðgang að þessum tólum og tækjum,

b) tryggja að bjóðendur, sem ekki hafa aðgang að viðkomandi tólum og tækjum eða hafa engan möguleika á að nálgast þau innan þeirra tímamarka sem um er að ræða, geti haft aðgang að innkaupaferlinu með notkun bráðabirgðalykla er fáist án endurgjalds á Netinu, að því tilskildu að skort á aðgangi megi ekki rekja til viðkomandi bjóðanda, eða

c) sjá til þess að fyrir hendi sé annars konar leið til að leggja fram tilboð rafrænt.

6. Auk þeirra krafna sem settar eru fram í V. viðauka skulu eftirfarandi reglur gilda um tól og tæki sem notuð eru við rafræna sendingu og móttöku tilboða og rafræna móttöku þátttökutilkynninga:

a) upplýsingar um nákvæmar skilgreiningar varðandi rafræna framlagningu tilboða og þátttökutilkynninga, þar á meðal um dulkóðun og tímastimplun, skulu vera aðgengilegar öllum hlutaðeigandi aðilum,

b) aðildarríki, eða samningsstofnanir sem koma fram innan heildarramma sem viðkomandi aðildarríki setur, skulu tilgreina öryggisstig fyrir rafrænar samskiptaaðferðir sem nota skal á hinum ýmsu stigum tiltekins innkaupaferlis; það stig skal vera í réttu hlutfalli við áhætturnar sem því tengjast,

c) komist aðildarríki, eða samningsstofnanir sem koma fram innan heildarramma sem viðkomandi aðildarríki setur, að þeirri niðurstöðu að áhættustig, sem metið er skv. b-lið þessarar málsgreinar, sé svo hátt að krafist sé þróaðra rafrænna undirskrifta, eins og þær eru skilgreindar í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB ([38]), skulu samningsstofnanir viðurkenna þróaðar rafrænar undirskriftir studdar fullgiltu vottorði, með hliðsjón af því hvort þessi vottorð séu frá vottunaraðila sem er á áreiðanlegri skrá eins og kveðið er á um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/767/EB ([39]), sem gerðar eru með eða án öruggs undirskriftarbúnaðar, þó að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

([38]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB frá 13. desember 1999 um ramma Bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir (Stjtíð. EB L 13, 19.1.2000, bls. 12).

([39]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/767/EB frá 16. október 2009 um ráðstafanir sem greiða fyrir notkun rafrænnar málsmeðferðar með upplýsinga- og þjónustumiðstöðvum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB um þjónustu á innri markaðnum (Stjtíð. ESB L 274, 20.10.2009, bls. 36).

i. samningsstofnanirnar skulu ákveða hvaða sniðs þróaðrar undirskriftar skuli krafist, á grundvelli sniða sem skilgreind eru í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/130/ESB ([40]) og koma á nauðsynlegum ráðstöfunum til að geta, tæknilega, unnið með þessi snið; ef notað er annað snið fyrir rafrænar undirskriftir skal rafræna undirskriftin eða flutningsmiðill rafrænu skjalanna búa yfir upplýsingum um fullgildingarmöguleika sem fyrir hendi eru, sem skulu veraáábyrgðaðildarríkisins.Fullgildingarmöguleikarnir skulu gera samningsstofnuninni kleift að fullgilda móttekna rafræna undirskrift endurgjaldslaust, á Netinu, með hætti sem er skiljanlegur fyrir þá sem ekki hafa viðkomandi tungumál að móðurmáli, sem þróaða rafræna undirskrift sem studd er fullgiltu vottorði. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það hver veitir fullgildingarþjónustuna og skal hún birta upplýsingarnar frá aðildarríkjunum á Netinu,

ii. sé tilboð undirritað með stuðningi fullgilts vottorðs sem er á áreiðanlegri skrá skulu samningsstofnanir ekki setja frekari kröfur sem gætu hindrað notkun bjóðenda á slíkum undirskriftum.

Að því er varðar skjöl í tengslum við innkaupaferli sem lögbært yfirvald í aðildarríki eða annar útgáfuaðili undirritar, skal viðkomandi útgáfuyfirvald eða -aðili ákveða hvaða sniðs þróaðra undirskrifta skuli krafist, í samræmi við kröfur 2. mgr. 1. gr. ákvörðunar 2011/130/ESB. Þau skulu koma á nauðsynlegum ráðstöfunum til að geta, tæknilega, unnið með það snið með því að bæta við nauðsynlegum upplýsingum til að hægt sé að vinna undirskriftina í viðkomandi skjali. Slík skjöl skulu innihalda, í rafrænu undirskriftinni eða í flutningsmiðli rafrænna skjala, upplýsingar um fullgildingarmöguleika sem fyrir hendi eru, sem gera kleift að fullgilda móttekna rafræna undirskrift endurgjaldslaust, á Netinu, með hætti sem er skiljanlegur fyrir þá sem ekki hafa viðkomandi tungumál að móðurmáli.

7. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 103. gr., til að breyta tæknilegum atriðum og eiginleikum sem sett eru fram í V. viðauka með hliðsjón af tækniþróun.

Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 103. gr., til að breyta upptalningunni í a-til d-lið annarrar undirgreinar 1. mgr. þessarar greinar ef ekki er lengur við hæfi, sakir tækniþróunar, að víkja sífellt frá notkun rafrænna samskiptaaðferða eða, í undantekningartilvikum, ef kveða þarf á um nýjar undanþágur vegna tækniþróunar.

Til að tryggja að tæknileg snið séu innbyrðis samhæfð, sem og ferli og skeytastaðlar, einkum yfir landamæri, skal framkvæmdastjórnin hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 103. gr., til að koma á skyldubundinni notkun slíkra sérstakra tæknistaðla, einkum að því er varðar notkun rafrænna aðferða við framlagningu gagna, rafræna vörulista og leiðir til rafrænnar sannvottunar, þó aðeins þar sem ítarlegar prófanir hafa farið fram á tæknistöðlum og þeir hafa sannað gagnsemi sína í verki. Áður en notkun tæknistaðla er gerð skyldubundin skal framkvæmdastjórnin einnig íhuga vandlega hvaða kostnað slíkt hefur í för með sér, einkum að því er varðar aðlaganir að rafrænum innkaupalausnum (e. e-procurement solutions) sem þegar eru fyrir hendi, m.a. að því er varðar innviði, ferla eða hugbúnað.

41. gr.

Flokkunarkerfi

1. Allar tilvísanir til flokkunarkerfa í tengslum við opinber innkaup skulu notast við „sameiginlega innkaupaorðasafnið“ eins og það er samþykkt í reglugerð (EB) nr. 2195/2002.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 103. gr. til að aðlaga CPV-kóða sem um getur í þessari tilskipun, þar sem breytingar á flokkunarkerfi sameiginlega innkaupaorðasafnsins verða að endurspeglast í þessari tilskipun og þær fela ekki í sér breytingar á gildissviði þessarar tilskipunar.

42. gr.

Hagsmunaárekstrar

Aðildarríkin skulu sjá til þess að samningsyfirvöld geri viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir, greina og lagfæra hagsmunaárekstra sem rísa í innkaupaferlinu til þess að forðast röskun á samkeppni og til að tryggja jafna meðferð allra rekstraraðila.

Hugtakið hagsmunaárekstur skal a.m.k. taka til allra aðstæðna þar sem starfsfólk samningsyfirvalds eða veitanda innkaupaþjónustu sem kemur fram fyrir hönd samningsyfirvalds, sem tekur þátt í framkvæmd innkaupaferlis eða getur haft áhrif á útkomu þess, hefur beinna eða óbeinna fjárhagslegra, efnahagslegra eða annars konar persónulegra hagsmuna að gæta sem hægt væri að sjá fyrir sér að hefðu áhrif á hlutleysi þeirra og sjálfstæði í tengslum við innkaupaferli.

([40]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/130/ESB frá 25. febrúar 2011 um að setja lágmarkskröfur um vinnslu skjala yfir landamæri sem undirrituð eru rafrænt af lögbærum yfirvöldum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB um þjónustu á innri markaðnum (Stjtíð. ESB L 53, 26.2.2011, bls. 66).

II. BÁLKUR

REGLUR UM SAMNINGA

I. KAFLI

Útboðsaðferðir

43. gr.

Skilyrði í tengslum við samninginn um opinber innkaup og aðra alþjóðasamninga

Að því marki sem fjallað er um það í 3., 4. og 5. viðauka og almennum athugasemdum við I. viðbæti Evrópusambandsins við samninginn um opinber innkaup og í öðrum alþjóðasamningum sem Sambandið er bundið af, skal meðferð samningsstofnana í skilningi a-liðar 1. mgr. 4. gr. að því er varðar verk, vörur, þjónustu og rekstraraðila undirritunaraðila þessara samninga ekki vera lakari en sú sem veitt er að því er varðar verk, vörur, þjónustu og rekstraraðila Sambandsins.

44. gr.

Val á útboðsaðferðum

1. Við gerð vöru-, verk- eða þjónustusamninga skulu samningsstofnanir beita útboðsaðferðum sem eru lagaðar að efni þessarar tilskipunar að því tilskildu, með fyrirvara um 47. gr., að útboðsauglýsing hafi verið birt í samræmi við þessa tilskipun.

2. Aðildarríkin skulu kveða á um að samningsstofnanir geti beitt almennum eða lokuðum útboðum eða samningskaupum að undangenginni útboðsauglýsingu eins og mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

3. Aðildarríki skulu kveða á um að samningsstofnanir geti beitt samkeppnisviðræðum og nýsköpunarsamstarfi eins og mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

4. Hægt er að kynna útboð með einhverjum af eftirfarandi leiðum:

a) með reglubundinni kynningartilkynningu skv. 67. gr. þegar samningur er gerður með lokuðu útboði eða samningskaupum,

b) með tilkynningu um að hæfismatskerfi sé fyrir hendi skv. 68. gr. þegar samningur er gerður með lokuðu útboði eða samningskaupum eða með samkeppnisviðræðum eða nýsköpunarsamstarfi,

c) með útboðstilkynningu skv. 69. gr.

Í því tilviki sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar, skal rekstraraðilum, sem látið hafa í ljósi áhuga sinn í kjölfar birtingar reglubundinnar kynningartilkynningarinnar, í framhaldinu boðið að staðfesta áhuga sinn skriflega með boði um að staðfesta áhuga í samræmi við 74. gr.

5. Í þeim sérstöku tilvikum og við þær aðstæður sem sérstaklega er getið um í 50. gr. geta aðildarríkin kveðið á um að samningsstofnanirnar geti gengið til samningskaupa án undangenginnar útboðsauglýsingar. Aðildarríki skulu ekki heimila beitingu þessarar aðferðar í neinum öðrum tilvikum en þeim sem um getur í 50. gr.

45. gr.

Almennt útboð

1. Í almennum útboðum er öllum rekstraraðilum, sem hafa áhuga, heimilt að gera tilboð í kjölfar útboðsauglýsingar.

Frestur til að taka við tilboðum skal vera að lágmarki 35 dagar frá þeim degi þegar útboðstilkynningin var send.

Tilboði skulu fylgja þær upplýsingar vegna hæfismiðaðs vals sem samningsstofnun fer fram á.

2. Hafi samningsstofnanir birt reglubundna kynningartilkynningu, sem ekki var í sjálfu sér notuð til að kynna útboðið, er heimilt að stytta lágmarksfrest til að taka við tilboðum skv. annarri undirgrein 1. mgr. þessarar greinar í 15 daga, að því tilskildu að öllum eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

a) reglubundna kynningartilkynningin hafði að geyma, til viðbótar við þær upplýsingar sem krafist er í I. þætti A-hluta VI. viðauka, allar upplýsingar sem krafist er í II. þætti A-hluta VI. viðauka, svo fremi að síðarnefndu upplýsingarnar hafi verið tiltækar þegar reglubundna kynningartilkynningin var birt,

b) reglubundna kynningartilkynningin var send til birtingar minnst 35 dögum og mest 12 mánuðum fyrir sendingardag útboðstilkynningarinnar.

3. Ef brýn nauðsyn, sem rökstudd er af samningsstofnun, leiðir af sér að fresturinn sem mælt er fyrir um í annarri undirgrein 1. mgr., kemur ekki til greina, er því heimilt að ákveða frest sem skal ekki vera skemmri en 15 dagar frá sendingardegi útboðstilkynningarinnar.

4. Samningsstofnun er heimilt að stytta frestinn til að taka við tilboðum, sem mælt er fyrir um í annarri undirgrein 1. mgr. þessarar greinar, um fimm daga ef það samþykkir að leggja megi fram tilboð með rafrænum aðferðum í samræmi við fyrstu undirgrein 4. mgr. 40. gr. og 5. og 6. mgr. 40. gr.

46. gr.

Lokað útboð

1. Í lokuðum útboðum er sérhverjum rekstraraðila heimilt að leggja fram þátttökutilkynningu í kjölfar útboðsauglýsingar með því að senda inn þær upplýsingar vegna hæfismiðaðs vals sem samningsstofnun fer fram á.

Lágmarksfrestur til að taka við þátttökutilkynningum skal almennt ekki vera skemmri en 30 dagar frá þeim degi sem útboðstilkynning eða boð um að staðfesta áhuga var sent og aldrei vera skemmri en 15 dagar.

2. Aðeins þeir rekstraraðilar, sem samningsstofnun býður þátttöku eftir að hafa metið upplýsingarnar sem lagðar voru fram, geta lagt fram tilboð. Samningsstofnanir geta takmarkað fjölda hæfra umsækjenda, sem boðið er að taka þátt í ferlinu, í samræmi við 2. mgr. 78. gr.

Setja má frest til að taka við tilboðum með gagnkvæmu samkomulagi á milli samningsstofnunar og valinna umsækjenda, að því tilskildu að allir valdir umsækjendur hafi sama tíma til að semja og leggja fram tilboð sín.

Ef ekki næst samkomulag um frest til að taka við tilboðum, skal fresturinn vera að lágmarki 10 dagar frá deginum þegar boð um að leggja fram tilboð er sent.

47. gr.

Samningskaup að undangenginni útboðsauglýsingu

1. Í samningskaupum að undangenginni útboðsauglýsingu er sérhverjum rekstraraðila heimilt að leggja fram þátttökutilkynningu í kjölfar útboðs með því að senda inn þær upplýsingar vegna hæfismiðaðs vals sem samningsstofnun fer fram á.

Lágmarksfrestur til að taka við þátttökutilkynningum skal almennt ekki vera skemmri en 30 dagar frá þeim degi sem útboðstilkynning eða, ef reglubundin kynningartilkynning er notuð til að kynna útboð, boð um að staðfesta áhuga var sent og aldrei vera skemmri en 15 dagar.

2. Aðeins þeir rekstraraðilar, sem samningsstofnun býður þátttöku eftir að hafa metið upplýsingarnar sem lagðar voru fram, geta tekið þátt í samningsviðræðunum. Samningsstofnanir geta takmarkað fjölda hæfra umsækjenda, sem boðið er að taka þátt í ferlinu, í samræmi við 2. mgr. 78. gr.

Setja má frest til að taka við tilboðum með gagnkvæmu samkomulagi á milli samningsstofnunar og valinna umsækjenda, að því tilskildu að allir umsækjendur hafi sama tíma til að semja og leggja fram tilboð sín.

Ef ekki næst samkomulag um frest til að taka við tilboðum, skal fresturinn vera að lágmarki 10 dagar frá deginum þegar boð um að leggja fram tilboð er sent.

48. gr.

Samkeppnisviðræður

1. Í samkeppnisviðræðum er sérhverjum rekstraraðila heimilt að leggja fram þátttökutilkynningu í kjölfar útboðs í samræmi við b- og c-lið 4. mgr. 44. gr. með því að senda inn þær upplýsingar vegna hæfismiðaðs vals sem samningsstofnun fer fram á.

Lágmarksfrestur til að taka við þátttökutilkynningum skal almennt ekki vera skemmri en 30 dagar frá þeim degi sem útboðstilkynning eða, ef reglubundin kynningartilkynning er notuð til að kynna útboð, boð um að staðfesta áhuga var sent og skal aldrei vera skemmri en 15 dagar.

Aðeins þeir rekstraraðilar, sem samningsstofnun býður þátttöku eftir að hafa metið upplýsingarnar sem lagðar voru fram, geta tekið þátt í samkeppnisviðræðum. Samningsstofnanir geta takmarkað fjölda hæfra umsækjenda, sem boðið er að taka þátt í ferlinu, í samræmi við 2. mgr. 78. gr. Samningur skal gerður á grundvelli valforsendunnar um það tilboð sem býður besta hlutfall milli verðs og gæða eingöngu, í samræmi við 2. mgr. 82. gr.

2. Samningsstofnanir skulu setja fram og skilgreina þarfir sínar og kröfur í útboðstilkynningu og/eða í skýringargögnum. Í sömu skjölum skulu þau samhliða setja fram og skilgreina þær forsendur fyrir vali tilboðs sem ákveðnar hafa verið og setja leiðbeinandi tímaramma.

3. Samningsstofnanir skulu hefja viðræður við þátttakendur, sem valdir hafa verið í samræmi við viðeigandi ákvæði 76.–81. gr., með það að markmiði að finna og skilgreina heppilegustu aðferðirnar við að uppfylla þarfir sínar. Í þessum viðræðum geta þau rætt öll atriði innkaupanna við hina völdu þátttakendur.

Í viðræðunum skulu samningsstofnanir tryggja að allir bjóðendur fái jafna meðferð. Í því skyni skulu þau gæta þess að veita ekki upplýsingar á þann hátt að bjóðendum sé mismunað þannig að staða sumra þeirra verði betri en annarra.

Í samræmi við 39. gr. skulu samningsstofnanir ekki upplýsa aðra þátttakendur um fyrirhugaðar lausnir eða aðrar trúnaðarupplýsingar sem umsækjandi eða bjóðandi í samningsviðræðunum hefur veitt, án samþykkis hans. Slíkt samþykki skal ekki fela í sér almennt afsal réttinda heldur skal það gefið með tilvísun til hinnar fyrirhuguðu miðlunar tiltekinna upplýsinga.

4. Samkeppnisviðræður geta farið fram í nokkrum áföngum til að fækka þeim lausnum sem fjalla þarf um á meðan viðræður standa yfir; það má gera á grundvelli forsendna fyrir vali tilboðs sem settar eru fram í útboði eða skýringargögnum. Samningsstofnunin skal taka fram í útboði eða í skýringargögnum hvort það hyggst nýta sér þennan kost.

5. Samningsstofnunin skal halda viðræðunum áfram þar til fundist hefur lausn eða lausnir sem geta uppfyllt þarfir hennar.

6. Þegar samningsstofnanir hafa lýst því yfir að viðræðum sé lokið og tilkynnt þeim þátttakendum sem eftir eru um það skulu þau gefa þátttakendum kost á að leggja fram endanleg tilboð á grundvelli þeirrar lausnar eða lausna sem kynntar hafa verið og skýrðar meðan á viðræðum stóð. Þessi tilboð skulu hafa að geyma öll atriði sem krafist er og eru nauðsynleg fyrir framkvæmd verkefnisins.

Þessi tilboð má skýra, skilgreina og betrumbæta að beiðni samningsstofnunarinnar. Slíkar skýringar, skilgreiningar, betrumbætur eða viðbótarupplýsingar mega þó ekki fela í sér breytingar á grundvallarþáttum tilboðs eða innkaupanna, s.s. á þörfum og kröfum sem settar eru fram í útboðinu eða í skýringargögnunum, þar eð frávik á slíkum þáttum, þörfum og kröfum eru líkleg til að raska samkeppni eða ýta undir mismunun.

7. Samningsstofnanir skulu meta tilboð sem þeim berast á grundvelli þeirra forsendna fyrir vali tilboðs, sem mælt er fyrir um í útboði eða skýringargögnum.

Að beiðni samningsstofnunar er heimilt að halda áfram viðræðum við þann bjóðanda, sem hefur lagt fram það tilboð sem hefur best hlutfall milli verðs og gæða í samræmi við 2. mgr. 82. gr., til að staðfesta skuldbindingar sem felast í tilboðinu, að því tilskildu að slíkar viðræður hafi ekki í för með sér verulegar breytingar á veigamiklum atriðum í tilboðinu eða innkaupunum, s.s. á þörfum og kröfum sem settar eru fram í útboðinu eða í skýringargögnunum, og að ekki sé hætta á að það raski samkeppni eða ýti undir mismunun.

8. Samningsstofnunum er heimilt að ákveða verðlaun eða greiðslur til þátttakenda í viðræðunum.

49. gr.

Nýsköpunarsamstarf

1. Í nýsköpunarsamstarfi er sérhverjum rekstraraðila heimilt að leggja fram þátttökutilkynningu í kjölfar útboðstilkynningar í samræmi við b- og c-lið 4. mgr. 44. gr. með því að senda inn þær upplýsingar vegna hæfismiðaðs vals sem samningsstofnun fer fram á.

Í útboðsgögnum skal samningsstofnun tilgreina þörf á nýsköpunarvöru, -þjónustu eða -verki sem ekki er hægt að uppfylla með því að kaupa vörur, þjónustu eða verk sem til eru á markaði. Það skal einnig tilgreina í hvaða þáttum lýsingarinnar skilgreindar eru þær lágmarkskröfur sem öll tilboð þurfa að uppfylla. Upplýsingarnar, sem látnar eru í té, skulu vera nægilega nákvæmar til að gera rekstraraðilum kleift að átta sig á eðli og umfangi lausnarinnar, sem krafist er, og ákveða hvort þeir vilji taka þátt í útboðinu.

Samningsstofnunin getur ákveðið að stofna til nýsköpunarsamstarfs við einn eða fleiri aðila sem stunda aðskilda rannsóknar- og þróunarstarfsemi.

Lágmarksfrestur til að taka við þátttökutilkynningum skal almennt ekki vera skemmri en 30 dagar frá þeim degi sem útboðstilkynning var send og aldrei vera skemmri en 15 dagar. Aðeins þeir rekstraraðilar, sem samningsstofnun býður þátttöku eftir að hafa metið upplýsingarnar sem lagðar voru fram, geta tekið þátt í ferlinu. Samningsstofnanir geta takmarkað fjölda hæfra umsækjenda, sem boðið er að taka þátt í ferlinu, í samræmi við 2. mgr. 78. gr. Samningar skulu gerðir á grundvelli valforsendunnar um það tilboð sem býður besta hlutfall milli verðs og gæða eingöngu, í samræmi við 2. mgr. 82. gr.

2. Nýsköpunarsamstarfið skal miða að því að þróa nýsköpunarvöru, -þjónustu eða -verk og síðan kaupum á þeirri vöru, þjónustu eða verki sem af því leiðir, að því tilskildu að þau svari til þess nothæfisstigs og hámarkskostnaðar sem samningsstofnanir og þátttakendur komu sér saman um.

Nýsköpunarsamstarfið skal skipulagt í áföngum sem haldast í hendur við röð þrepa í rannsóknar- og nýsköpunarferlinu, sem geta tekið til framleiðslu á vörunum, veitingar þjónustunnar eða lokafrágangs verka. Í nýsköpunarsamstarfinu skal ákveða áfangamarkmið fyrir samstarfsaðilana og kveða á um greiðslu þóknunar í viðeigandi hlutagreiðslum.

Á grundvelli þessara markmiða getur samningsstofnunin, að hverjum áfanga loknum, ákveðið að binda enda á nýsköpunarsamstarfið eða, ef um er að ræða samstarf við fleiri en einn aðila, að fækka samstarfsaðilum með því að slíta einstökum samningum, að því tilskildu að hún hafi tilgreint slíka möguleika í útboðsgögnum ásamt skilmálum fyrir notkun þeirra.

3. Ef ekki er kveðið á um annað í þessari grein skulu samningsstofnanir ræða við bjóðendur um upphafleg tilboð þeirra og öll síðari tilboð sem þeir leggja fram, nema endanlegt tilboð, til að bæta innihald þeirra.

Ekki skal vera hægt að semja um lágmarkskröfur og forsendur fyrir vali tilboðs.

4. Meðan á viðræðum stendur skulu samningsstofnanir tryggja að jafnræðis sé gætt meðal allra bjóðenda. Í því skyni skulu þær gæta þess að veita ekki upplýsingar á þann hátt að bjóðendum sé mismunað þannig að staða sumra þeirra verði betri en annarra. Þær skulu upplýsa alla bjóðendur, hafi tilboð þeirra ekki verið útilokuð, í samræmi við 5. mgr., skriflega um hvers konar breytingar á tækniforskriftum eða öðrum útboðsgögnum, öðrum en þeim þar sem lágmarkskröfur eru settar. Eftir slíkar breytingar skulu samningsstofnanir veita bjóðendum nægilega langan frest til að breyta tilboðum sínum og leggja þau fram aftur, eins og við á.

Í samræmi við 39. gr. skulu samningsstofnanir ekki upplýsa aðra þátttakendur um trúnaðarupplýsingar sem umsækjandi eða bjóðandi í samningsviðræðunum hefur veitt, án samþykkis hans. Slíkt samþykki skal ekki fela í sér almennt afsal réttinda heldur skal það gefið með tilvísun til hinnar fyrirhuguðu miðlunar tiltekinna upplýsinga.

5. Samningsviðræður meðan á nýsköpunarsamstarfsferli stendur geta farið fram í nokkrum áföngum til að fækka þeim tilboðum, sem fjalla þarf um í samningsviðræðum, með því að beita forsendunum fyrir vali tilboðs sem tilgreindar eru í útboðstilkynningu, í boði um að staðfesta áhuga eða í útboðsgögnum. Samningsstofnunin skal taka fram í útboðstilkynningu, í boði um að staðfesta áhuga eða í útboðsgögnum hvort það hyggst nýta sér þennan kost.

6. Við val á umsækjendum skulu samningsstofnanir einkum beita viðmiðunum sem varða hæfni umsækjenda á sviði rannsókna og þróunar og við þróun og framkvæmd nýstárlegra lausna.

Aðeins þeir rekstraraðilar sem samningsstofnun býður þátttöku eftir að hafa metið upplýsingarnar sem lagðar voru fram, mega leggja fram rannsóknar- og nýsköpunarverkefni sem miða að því að uppfylla þær þarfir sem samningsstofnunin hefur tilgreint að ekki sé hægt að fullnægja með lausnum sem fyrir eru.

Í útboðsgögnunum skal samningsstofnunin skilgreina það fyrirkomulag sem gilda skal um hugverkarétt. Þegar um er að ræða nýsköpunarsamstarf með fleiri en einum þátttakanda skal samningsstofnunin ekki, í samræmi við 39. gr., upplýsa aðra þátttakendur um fyrirhugaðar lausnir eða aðrar trúnaðarupplýsingar sem þátttakandi hefur veitt innan ramma samstarfsins, án samþykkis þess þátttakanda. Slíkt samþykki skal ekki fela í sér almennt afsal réttinda heldur skal það gefið með tilvísun til hinnar fyrirhuguðu miðlunar tiltekinna upplýsinga.

7. Samningsstofnunin skal sjá til þess að uppbygging samstarfsins, og einkum lengd og virði hinna mismunandi áfanga, endurspegli nýsköpunarstig hinnar fyrirhuguðu lausnar og röð þess rannsóknar- og nýsköpunarstarfs sem þarf til að þróa nýstárlega lausn sem ekki er enn til á markaði. Áætlað verðmæti vara, þjónustu eða verka sem keypt eru skal ekki vera í óeðlilegu hlutfalli við fjárfestinguna til þróunar þeirra.

50. gr.

Notkun samningskaupa án undangenginnar útboðsauglýsingar

Samningsstofnanir geta notað samningskaup án undangenginnar útboðstilkynningar í eftirfarandi tilvikum:

a) ef engin tilboð, eða engin fullnægjandi tilboð, eða engar þátttökutilkynningar, eða engar fullnægjandi þátttökutilkynningar, hafa borist vegna ferlis að undangenginni útboðsauglýsingu, að því tilskildu að ekki sé vikið frá upphaflegum samningsskilmálum í veigamiklum atriðum.

Tilboð skal ekki talið fullnægjandi þegar það hefur ekki tengsl við samninginn og dugir bersýnilega ekki, án verulegra breytinga, til að mæta þörfum samningsstofnunarinnar eða kröfum eins og þær eru tilgreindar í útboðsgögnum. Þátttökutilkynning telst ekki fullnægjandi ef viðkomandi rekstraraðili er eða gæti verið útilokaður skv. 1. mgr. 78. gr. eða 1. mgr. 80. gr., eða ef hann uppfyllir ekki hæfiskröfur samningsstofnunarinnar skv. 78. gr. eða 80. gr.,

b) þegar samningur er eingöngu gerður vegna rannsókna, tilrauna, athugana eða þróunar en ekki til að hafa af honum hagnað eða til að endurheimta rannsóknar- og þróunarkostnað og að svo miklu leyti sem gerð slíks samnings hefur ekki áhrif á samninga sem gerðir eru síðar í samkeppnisumhverfi og sérstaklega í þessum tilgangi,

c) ef aðeins einn tiltekinn rekstraraðili getur látið í té verkið, vörurnar eða þjónustuna af einni af eftirfarandi ástæðum:

i. markmiðið með innkaupunum er gerð eða kaup á einstöku listaverki eða einstökum listflutningi,

ii. ekki er um samkeppni að ræða af tæknilegum ástæðum,

iii. vegna verndar einkaréttar, þ.m.t. hugverkaréttar.

Undantekningarnar sem settar eru fram í ii. og iii. lið gilda aðeins þegar enginn annar raunhæfur valkostur er fyrir hendi eða annað sem komið getur í staðinn og ástæðan fyrir því að ekki er til staðar samkeppni er ekki sú að þrengt hafi verið að breytum innkaupanna með óeðlilegum hætti,

d) þegar það er algerlega nauðsynlegt og ekki er hægt, af knýjandi ástæðum sem viðkomandi samningsstofnun gat ekki séð fyrir, að standa við fresti sem gilda við almenn útboð, lokuð útboð eða samningskaup að undangenginni útboðsauglýsingu. Aðstæðurnar, sem skírskotað er til sem knýjandi, skulu ekki undir neinum kringumstæðum skrifast á reikning samningsstofnunar,

e) þegar um er að ræða vörusamninga um viðbótarvörur frá upphaflegum birgi sem annaðhvort er ætlað að koma að hluta í stað birgða eða búnaðar eða eru viðbót við birgðir eða búnað og val á nýjum birgi myndi skuldbinda samningsstofnun til að kaupa vörur sem hefðu aðra tæknilega eiginleika og leiddu því til ósamhæfis eða óeðlilega mikilla tæknilegra erfiðleika við rekstur og viðhald,

f) þegar um er að ræða nýtt verk eða þjónustu sem felur í sér endurtekningu á svipuðu verki eða þjónustu og sama samningsstofnun samdi áður um við sama verktaka, að því tilskildu að slíkt verk eða þjónusta sé í samræmi við grunnverkefnið sem fyrsti samningurinn var gerður um á grundvelli útboðs í samræmi við 1. mgr. 44. gr.

Grunnverkefnið skal gefa til kynna umfang hugsanlegra frekari verka eða þjónustu og skilmála fyrir veitingu þeirra. Þegar fyrra verkefnið er boðið út skal taka fram að þessari aðferð kunni að verða beitt og samningsstofnanir skulu taka tillit til áætlaðs heildarkostnaðar síðari verka eða þjónustu þegar þau beita ákvæðum 15. og 16. gr.,

g) þegar um er að ræða vörur sem eru skráðar og keyptar á vörumarkaði,

h) við hagstæð vörukaup þar sem hægt er að kaupa vörur með því að nýta sérlega hagstæð tækifæri sem bjóðast í mjög stuttan tíma og þar sem verðið er langt undir venjulegu markaðsverði,

i) þegar um er að ræða kaup á vörum eða þjónustu á sérlega góðum kjörum, annaðhvort hjá birgi sem er að hætta starfsemi sinni eða skiptastjóra við gjaldþrotaskipti, nauðasamninga eða svipaða málsmeðferð samkvæmt innlendum lögum eða reglum,

j) þegar viðkomandi þjónustusamningur er gerður að lokinni hönnunarsamkeppni sem skipulögð er í samræmi við þessa tilskipun og hann á að gera, skv. reglum hönnunarsamkeppninnar, við sigurvegarann eða einn sigurvegaranna í keppninni; í síðarnefnda tilvikinu verður að bjóða öllum sigurvegurum að taka þátt í samningsviðræðum.

II. KAFLI

Tækni og aðferðir við rafræn innkaup og hópinnkaup

51. gr.

Rammasamningar

1. Samningsstofnunum er heimilt að gera rammasamninga að því tilskildu að þau beiti þeim aðferðum sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

Rammasamningur er samningur einnar eða fleiri samningsstofnana við einn eða fleiri rekstraraðila sem er gerður í þeim tilgangi að ákveða skilmála samninga sem gerðir verða á tilteknu tímabili, einkum að því er varðar verð og, ef við á, fyrirhugað magn.

Gildistími rammasamnings má ekki vera lengri en átta ár nema í undantekningartilvikum sem eiga sér m.a. gilda stoð í efni rammasamningsins.

2. Samningar sem byggjast á rammasamningum skulu gerðir á grundvelli hlutlægra reglna og viðmiðana, sem geta tekið til þess að efna á ný til samkeppni meðal þeirra rekstraraðila, sem eru aðilar að rammasamningnum eins og hann var gerður. Reglurnar og viðmiðanirnar skulu settar fram í útboðsgögnum fyrir rammasamninginn.

Hlutlægu reglurnar og viðmiðanirnar sem um getur í fyrstu undirgrein skulu tryggja jafna meðferð rekstraraðilanna sem eru aðilar að samningnum. Þegar efnt er á ný til samkeppni skulu samningsstofnanir setja frest sem er nægilega langur til að leggja megi fram tilboð vegna hvers einstaks samnings og samningsstofnanir skulu gera hvern samning fyrir sig við bjóðandann sem hefur lagt fram besta tilboðið á grundvelli þeirra valforsendna sem settar eru fram í útboðsskilmálum rammasamningsins.

Samningsstofnanir skulu ekki misnota rammasamninga eða nota þá á þann hátt að það komi í veg fyrir, takmarki eða raski samkeppni.

52. gr.

Gagnvirk innkaupakerfi

1. Samningsstofnunum er heimilt að nýta sér gagnvirk innkaupakerfi við algeng innkaup sem almennt er mögulegt að gera á almennum markaði þannig að kröfum þeirra sé fullnægt. Gagnvirkt innkaupakerfi skal vera fyllilega rafrænt ferli og skal allan gildistíma innkaupakerfisins vera opið hverjum þeim rekstraraðila sem uppfyllir hæfiskröfur. Því má skipta niður í flokka vara, verka og þjónustu sem eru hlutlægt skilgreind á grundvelli eiginleika þeirra innkaupa sem gera á innan viðkomandi flokks. Slíkir eiginleikar geta verið tilvísanir til mestu leyfilegu stærðar samninga sem af þessu leiðir eða til tiltekins landsvæðis þar sem tilteknir samningar, sem af þessu leiðir, verða framkvæmdir.

2. Til þess að framkvæma innkaup innan ramma gagnvirks innkaupakerfis skulu samningsstofnanir fylgja reglum lokaðs útboðs. Allir umsækjendur sem uppfylla hæfiskröfur skulu hafa aðgang að kerfinu og ekki skal takmarka fjölda umsækjenda sem veittur er aðgangur að kerfinu í samræmi við 2. mgr. 78. gr. Þegar samningsstofnanir hafa skipt kerfinu í flokka vara, verka eða þjónustu í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar skulu þau tilgreina gildandi hæfiskröfur fyrir hvern flokk.

Þrátt fyrir 46. gr. skulu eftirfarandi frestir gilda:

a) lágmarksfrestur til að taka við þátttökutilkynningum skal almennt ekki vera skemmri en 30 dagar frá sendingardegi útboðstilkynningar eða, ef reglubundin kynningartilkynning er notuð til að kynna útboð, þeim degi þegar boð um að staðfesta áhuga er sent og skal aldrei vera skemmri en 15 dagar. Engir frekari frestir til að taka við þátttökutilkynningum skulu gefnir eftir að boð um að leggja fram tilboð í fyrsta einstaka útboðinu innan gagnvirka innkaupakerfisins hefur verið sent.

b) Frestur til að taka við tilboðum skal vera að lágmarki 10 dagar frá sendingardegi boðs um að leggja fram tilboð. Önnur og þriðja undirgrein 2. mgr. 46. gr. skal gilda.

3. Öll samskipti innan ramma gagnvirks innkaupakerfis skulu einungis fara fram með rafrænum aðferðum í samræmi við 1., 3., 5. og 6. mgr. 40. gr.

4. Þegar gagnvirku innkaupakerfi er komið á fót skulu samningsstofnanir:

a) birta útboðsauglýsingu þar sem skýrt er tekið fram að um gagnvirkt innkaupakerfi sé að ræða,

b) tilgreina í útboðsgögnum a.m.k. hvers konar innkaup séu fyrirhuguð samkvæmt þessu innkaupakerfi og í hvaða magni og einnig allar nauðsynlegar upplýsingar um kerfið, m.a. hvernig það starfar, rafeindabúnaðinn sem er notaður og tæknilegt fyrirkomulag og forskriftir varðandi tengingar við kerfið,

c) tilgreina hvers konar skiptingu í flokka vara, verka eða þjónustu og þá eiginleika sem skilgreina þá,

d) bjóða ótakmarkaðan og fullan, beinan aðgang, svo lengi sem kerfið er í gildi, að útboðsgögnum í samræmi við 73. gr.

5. Samningsstofnanir skulu, á öllum gildistíma gagnvirka innkaupakerfisins, gefa sérhverjum rekstraraðila kost á því að leggja fram þátttökutilkynningu og fá aðgang að kerfinu með þeim skilyrðum sem um getur í 2. mgr. Samningsstofnanir skulu ljúka mati sínu á slíkum tilkynningum í samræmi við hæfiskröfur innan 10 virkra daga frá viðtöku þeirra. Í einstökum rökstuddum tilvikum má lengja frestinn í 15 virka daga, einkum ef þarf að kanna viðbótargögn eða sannreyna á annan hátt hvort hæfiskröfur séu uppfylltar.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein og svo lengi sem boð um að leggja fram tilboð vegna fyrstu einstöku innkaupanna innan gagnvirka innkaupakerfisins hefur ekki verið sent, er samningsstofnunum heimilt að framlengja matsfrestinn að því tilskildu að ekkert boð um að leggja fram tilboð sé sent út meðan á framlengda frestinum stendur. Samningsstofnanir skulu tilgreina í útboðsgögnum lengd framlengds frests sem þau hyggjast beita.

Samningsstofnanir skulu upplýsa viðkomandi rekstraraðila, eins fljótt og unnt er, um það hvort hann hafi fengið aðgang að gagnvirka innkaupakerfinu eða ekki.

6. Samningsstofnanir skulu bjóða öllum þátttakendum, sem hafa fengið aðgang að kerfinu, að leggja fram tilboð fyrir hver einstök innkaup sem gera á innan gagnvirka innkaupakerfisins, í samræmi við 74. gr. Hafi gagnvirka innkaupakerfinu verið skipt niður í flokka verka, vara eða þjónustu skulu samningsstofnanir bjóða öllum þátttakendum, sem fengið hafa aðgang að þeim flokki sem svarar til hinna tilteknu innkaupa, að leggja fram tilboð.

Þau skulu gera samning við þann bjóðanda sem lagði fram besta tilboðið á grundvelli valforsendna, sem koma fram í útboðstilkynningunni fyrir gagnvirka innkaupakerfið, í boðinu um að staðfesta áhuga, eða, þegar tilkynning um að hæfismatskerfi sé fyrir hendi er notuð til að kynna útboð, í boðinu um að leggja fram tilboð. Þessar forsendur má skilgreina nánar, eftir því sem við á, í boðinu um að leggja fram tilboð.

7. Samningsstofnunum, sem skv. 80. gr. beita útilokunarástæðum og hæfiskröfum sem kveðið er á um samkvæmt tilskipun 2014/24/ESB, er heimilt, hvenær sem er á gildistíma gagnvirka innkaupakerfisins, að krefjast þess að þátttakendur, sem fengið hafa aðgang að kerfinu, leggi fram endurnýjaða og uppfærða eigin yfirlýsingu, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 59. gr. þeirrar tilskipunar, innan fimm virkra daga frá þeim degi sem beiðni um það er lögð fram.

Ákvæði 2.–4. mgr. 59. gr. skulu gilda á öllum gildistíma gagnvirks innkaupakerfis.

8. Samningsstofnanir skulu tilgreina gildistíma gagnvirks innkaupakerfis í útboðsauglýsingu. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um hvers konar breytingu á gildistíma með eftirtöldum stöðluðum eyðublöðum:

a) ef gildistímanum er breytt án þess að bundinn sé endi á kerfið, með því eyðublaði sem upphaflega er notað fyrir útboðsauglýsingu fyrir gagnvirka innkaupakerfið,

b) ef bundinn er endi á kerfið, með tilkynningu um gerð samnings sem um getur í 70. gr.

9. Ekki má leggja nein gjöld á rekstraraðila sem eru áhugasamir um eða sem eiga aðild að gagnvirka innkaupakerfinu fyrir eða meðan á gildistíma kerfisins stendur.

53. gr.

Rafræn uppboð

1. Samningsstofnunum er heimilt að nota rafræn uppboð þar sem nýtt og lægra verð og/eða nýtt verðgildi tiltekinna þátta í tilboðum er sett fram með rafrænum hætti.

Í þessu skyni skulu samningsstofnanir skipuleggja rafræna uppboðið sem endurtekið rafrænt ferli sem hefst eftir að full afstaða hefur verið tekin til tilboðanna í upphafi og gerir mögulegt að flokka þau með sjálfvirkum matsaðferðum.

Ekki skal bjóða upp með rafrænum aðferðum tiltekna þjónustusamninga og verksamninga, sem fela í sér framkvæmd á sviði hugverka, s.s. hönnun verka, sem ekki er hægt að meta með sjálfvirkum matsaðferðum.

2. Þegar um er að ræða almenn eða lokuð útboð eða samningskaup að undangenginni útboðsauglýsingu geta samningsstofnanir ákveðið að samningur skuli gerður að undangengnu rafrænu uppboði þegar unnt er að ákvarða efni útboðsgagna, einkum tækniforskriftir, af nákvæmni.

Við sömu aðstæður er heimilt að halda rafrænt uppboð þegar efnt er á ný til samkeppni meðal aðila að rammasamningi, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 51. gr., og í útboðum þar sem gera á samning samkvæmt gagnvirka innkaupakerfinu sem um getur í 52. gr.

3. Rafrænt uppboð skal grundvallast á einum af eftirfarandi þáttum tilboða:

a) eingöngu á verði, ef samningur er gerður á grundvelli lægsta verðs,

b) á verði og/eða nýju verðgildi tilboðsþátta í útboðsgögnum, ef samningur er gerður á grundvelli besta hlutfalls milli verðs og gæða eða þess tilboðs sem hefur í för með sér minnstan kostnað á grundvelli nálgunar sem byggist á kostnaðarhagkvæmni.

4. Samningsstofnanir, sem ákveða að halda rafrænt uppboð, skulu geta þess í útboðstilkynningu, boði um að staðfesta áhuga eða, þegar tilkynning um að hæfismatskerfi sé fyrir hendi er notuð til að kynna útboð, í boði um að leggja fram tilboð. Í útboðsgögnum skulu koma fram a.m.k. þær upplýsingar sem settar eru fram í VII. viðauka.

5. Áður en rafræna uppboðið hefst skulu samningsstofnanir leggja fullt, fyrsta mat á tilboðin í samræmi við forsendu eða forsendur fyrir vali tilboðs og það vægi sem er ákveðið fyrir þær.

Tilboð skal teljast tækt ef það hefur verið lagt fram af bjóðanda sem ekki hefur verið útilokaður í samræmi við 1. mgr. 78. gr. eða 1. mgr. 80. gr. og sem uppfyllir hæfiskröfur sem mælt er fyrir um í 78. og 80. gr., ef tilboðið er í samræmi við tækniforskriftir án þess að vera ógilt, eða uppfylla ekki skilmála innkaupaferlis eða vera ófullnægjandi.

Tilboð skulu teljast ógild ef þau eru ekki í samræmi við útboðsgögn, berast of seint, ef sönnun er fyrir leynilegu samráði eða spillingu eða ef samningsyfirvöld telja að þau séu óeðlilega lág. Tilboð skulu ekki teljast uppfylla skilmála innkaupaferlis ef þau eru lögð fram af bjóðendum sem ekki hafa til að bera nauðsynlega menntun og hæfi og bjóðendum sem bjóða hærra verð en fjárheimildir samningsyfirvalds leyfa, eins og þær voru ákveðnar og skráðar áður en innkaupaferlið hófst.

Tilboð skal ekki talið fullnægjandi þegar það hefur ekki tengsl við samninginn og dugir bersýnilega ekki, án verulegra breytinga, til að mæta þörfum samningsstofnunarinnar og kröfum eins og þær eru tilgreindar í útboðsgögnum. Þátttökutilkynning telst ekki fullnægjandi ef viðkomandi rekstraraðili er eða gæti verið útilokaður skv. 1. mgr. 78. gr. eða 1. mgr. 80. gr., eða ef hann uppfyllir ekki hæfiskröfur samningsstofnunarinnar skv. 78. gr. eða 80. gr.

Öllum bjóðendum, sem hafa lagt fram tæk tilboð, skal samtímis boðið, með rafrænum hætti, að taka þátt í rafrænu uppboði og nota til þess, frá og með tilteknum degi og tíma, tengingar í samræmi við leiðbeiningar sem settar eru fram í boðinu. Rafræna uppboðinu má skipta í nokkra áfanga sem fara fram hver á fætur öðrum. Rafræna uppboðið skal ekki hefjast fyrr en tveimur virkum dögum eftir að boðin eru send út.

6. Boðinu skulu fylgja niðurstöður úr fullu mati á viðkomandi tilboði, sem fer fram í samræmi við það vægi sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein 5. mgr. 82. gr.

Í boðinu skal einnig koma fram hvaða reiknilíkan á að nota í rafræna uppboðinu til að ákvarða sjálfkrafa endurröðun tilboða á grundvelli nýs verðs og/eða verðgildis. Í öðrum tilvikum en þeim þar sem fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið er ákvarðað eingöngu á grundvelli verðs skal þetta líkan taka til vægis allra forsendna sem eru settar til að ákvarða fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið, eins og tilgreint er í útboðstilkynningunni eða í öðrum útboðsgögnum. Í því augnamiði skulu þó hugsanleg vikmörk skilgreind fyrir fram sem föst gildi.

Ef frávikstilboð eru heimil skal setja fram sérstakt reiknilíkan fyrir hvert frávik.

7. Í hverjum áfanga rafræns uppboðs skulu samningsstofnanir þegar í stað láta öllum bjóðendum í té nægilegar upplýsingar til að þeir hafi vitneskju um stöðu sína í röðinni hverju sinni. Þær geta einnig veitt aðrar upplýsingar um önnur atriði varðandi verð eða verðgildi, sem hafa verið sett fram, að því tilskildu að þær upplýsingar komi fram í útboðsskilmálum. Þau geta einnig, hvenær sem er, tilkynnt um fjölda bjóðenda í viðkomandi áfanga uppboðs. Þeim er þó aldrei heimilt að upplýsa um nafn bjóðenda á neinu stigi rafræns uppboðs.

8. Samningsstofnanir skulu loka rafrænu uppboði með einhverju af eftirfarandi:

a) á fyrirfram tilgreindum degi og tíma,

b) þegar ekki berst lengur nýtt verð eða verðgildi sem uppfyllir kröfur um lágmarksmun, að því tilskildu að þau hafi þegar tiltekið hversu langur tími verður látinn líða frá því að tekið er á móti síðasta tilboði og þar til rafræna uppboðinu er lokað, eða

c) þegar þeim fjölda áfanga uppboðs, sem áður hafa verið tilteknir, er lokið.

Þegar samningsstofnanir ætla að loka rafrænu uppboði í samræmi við c-lið fyrstu undirgreinar, og hugsanlega einnig samkvæmt þeirri aðferð sem mælt er fyrir um í b-lið, skal tímaáætlun fyrir hvern áfanga uppboðsins koma fram í boði um að taka þátt í uppboðinu.

9. Þegar rafrænu uppboði hefur verið lokað skulu samningsstofnanir gera samning í samræmi við 82. gr. á grundvelli niðurstaðna úr rafræna uppboðinu.

54. gr.

Rafrænir vörulistar

1. Þar sem rafrænna samskiptaaðferða er krafist geta samningsstofnanir farið fram á að tilboð séu lögð fram í formi rafræns vörulista eða að því fylgi rafrænn vörulisti.

Aðildarríkin geta gert notkun rafrænna vörulista skyldubundna í tengslum við tilteknar tegundir innkaupa.

Tilboðum, sem lögð eru fram í formi rafræns vörulista, mega fylgja önnur skjöl til að fullgera tilboðið.

2. Umsækjendur eða bjóðendur skulu útbúa rafræna vörulista til að taka þátt í tilteknu innkaupaferli í samræmi við þær tækniforskriftir og með því sniði sem samningsstofnunin ákveður.

Rafrænir vörulistar skulu enn fremur vera í samræmi við kröfur um rafræn samskiptatæki, sem og hverjar þær viðbótarkröfur aðrar sem samningsstofnun setur í samræmi við 40. gr.

3. Ef framlagning tilboða í formi rafrænna vörulista er viðurkennd eða hennar er krafist skulu samningsstofnanir:

a) tiltaka það í útboðstilkynningu, í boði um að staðfesta áhuga eða, þegar tilkynning um að hæfismatskerfi sé fyrir hendi er notuð til að kynna útboð, í boði um að leggja fram tilboð eða ganga til samninga.

b) tiltaka í útboðsgögnum allar nauðsynlegar upplýsingar skv. 6. mgr. 40. gr. varðandi snið, rafeindabúnaðinn sem er notaður og tæknilegt fyrirkomulag og forskriftir varðandi tengingar við vörulistann.

4. Þegar rammasamningur hefur verið gerður við fleiri en einn rekstraraðila eftir að lögð hafa verið fram tilboð í formi rafrænna vörulista, geta samningsstofnanir kveðið á um að efnt sé á ný til samkeppni vegna tiltekinna samninga á grundvelli uppfærðra vörulista. Í slíku tilviki skulu samningsstofnanir beita einni af eftirtöldum aðferðum:

a) bjóða bjóðendum að leggja fram rafræna vörulista sína að nýju eftir að hafa lagað þá að kröfum viðkomandi samnings eða

b) tilkynna bjóðendum að þær hafi í hyggju að safna, úr þeim rafrænu vörulistum sem þegar hafa verið lagðir fram, nauðsynlegum upplýsingum til að setja saman tilboð sem löguð eru að kröfum viðkomandi samnings, að því tilskildu að tilkynnt hafi verið um notkun þessarar aðferðar í útboðsgögnum fyrir rammasamninginn.

5. Þegar samningsstofnanir efna á ný til samkeppni vegna tiltekinna samninga í samræmi við b-lið 4. mgr. skulu þau láta bjóðendur vita hvaða dag og á hvaða tíma þau hyggjast safna saman nauðsynlegum upplýsingum til að setja saman tilboð sem löguð eruð að kröfum hins tiltekna samnings sem um ræðir og gefa bjóðendum möguleika á að hafna slíkri söfnun upplýsinga.

Samningsstofnanir skulu leyfa hæfilegum tíma að líða á milli tilkynningarinnar og upplýsingasöfnunarinnar.

Áður en samningur er gerður skulu samningsstofnanir kynna viðkomandi bjóðanda þær upplýsingar, sem safnað var, og gefa honum tækifæri til að andmæla eða staðfesta að tilboðið, sem þannig er saman sett, innihaldi engar efnislegar skekkjur.

6. Samningsstofnanir geta gert samninga á grundvelli gagnvirks innkaupakerfis þar sem þess er krafist að tilboð vegna tiltekins samnings séu lögð fram í formi rafræns vörulista.

Samningsstofnanir geta einnig gert samninga á grundvelli gagnvirks innkaupakerfis í samræmi við b-lið 4. mgr. og 5. mgr. að því tilskildu að tilkynningu um þátttöku í gagnvirka innkaupakerfinu fylgi rafrænn vörulisti í samræmi við þær tækniforskriftir og með því sniði sem samningsstofnunin ákveður. Umsækjendur fullgera þann vörulista í framhaldinu þegar þeim er tilkynnt um þá fyrirætlan samningsstofnunarinnar að setja saman tilboð með aðferðinni sem sett er fram í b-lið 4. mgr.

55. gr.

Miðstýrð innkaupastarfsemi og miðlægar innkaupastofnanir

1. Aðildarríkin geta kveðið á um að samningsstofnunum sé heimilt að kaupa verk, vörur og/eða þjónustu frá miðlægri innkaupastofnun sem býður miðstýrða innkaupastarfsemi eins og um getur í a-lið 10. liðar 2. gr.

Aðildarríkin geta einnig kveðið á um að samningsstofnunum sé heimilt að kaupa verk, vörur og þjónustu með samningum sem miðlæg innkaupastofnun gerir, með notkun gagnvirkra innkaupakerfa sem starfrækt eru af miðlægri innkaupastofnun eða með rammasamningi gerðum af miðlægri innkaupastofnun sem býður miðstýrða innkaupastarfsemi eins og um getur í b-lið 10. liðar 2. gr. Þegar aðrar samningsstofnanir mega nota gagnvirkt innkaupakerfi sem miðlæg innkaupastofnun starfrækir skal það tekið fram í útboðsauglýsingunni sem kemur gagnvirka innkaupakerfinu á fót.

Í tengslum við fyrstu og aðra undirgrein geta aðildarríkin kveðið á um að tiltekin innkaup skuli fara fram í gegnum miðlægar innkaupastofnanir eða eina eða fleiri tilteknar miðlægar innkaupastofnanir.

2. Samningsstofnun uppfyllir skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun ef hún kaupir vörur eða þjónustu frá miðlægri innkaupastofnun sem býður miðstýrða innkaupastarfsemi eins og um getur í a-lið 10. liðar 2. gr.

Ennfremur uppfyllir samningsstofnun skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun ef hún kaupir verk, vörur eða þjónustu með samningum sem miðlæg innkaupastofnun gerir, með notkun gagnvirkra innkaupakerfa sem starfrækt eru af miðlægri innkaupastofnun eða með rammasamningi gerðum af miðlægri innkaupastofnun sem býður miðstýrða innkaupastarfsemi sem um getur í b-lið 10. liðar 2. gr.

Hins vegar skal viðkomandi samningsstofnun bera sjálf ábyrgð á því að uppfylla skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun að því er varðar þá hluta sem hún framkvæmir sjálf, s.s.:

a) gerð samnings innan ramma gagnvirks innkaupakerfis sem starfrækt er af miðlægri innkaupastofnun,

b) nýja samkeppni innan rammasamnings sem miðlæg innkaupastofnun hefur gert,

3. Öll innkaupaferli, sem miðlæg innkaupastofnun stýrir, skulu fara fram með rafrænum samskiptaaðferðum í samræmi við kröfur 40. gr.

4. Samningsstofnunum er heimilt, án þess að beita aðferðum þessarar tilskipunar, að gera þjónustusamning við miðlæga innkaupastofnun um að inna af hendi miðstýrða innkaupastarfsemi.

Slíkir þjónustusamningar geta einnig tekið til stoðstarfsemi við innkaup.

56. gr.

Tilfallandi sameiginleg innkaup

1. Tvær eða fleiri samningsstofnanir geta ákveðið að gera tiltekin, sérstök innkaup sameiginlega.

2. Fari innkaupaferli í heild sinni fram sameiginlega í nafni og fyrir hönd allra samningsstofnana sem í hlut eiga, skulu þær vera sameiginlega ábyrgar fyrir því að uppfylla skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun. Þetta á einnig við í tilvikum þar sem ein samningsstofnun annast ferlið og kemur fram fyrir eigin hönd og annarra samningsstofnana sem hlut eiga að máli.

Ef innkaupaferli fer ekki í heild sinni fram í nafni og fyrir hönd samningsstofnananna sem í hlut eiga, skulu þær einungis vera sameiginlega ábyrgar fyrir þeim hlutum sem þær framkvæma sameiginlega. Sérhver samningsstofnun skal einungis bera ábyrgð á að uppfylla skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun að því er varðar þá hluta sem hún framkvæmir í eigin nafni og fyrir sína hönd.

57. gr.

Innkaup samningsstofnana frá mismunandi aðildarríkjum

1. Með fyrirvara um 28.–31. gr. geta samningsstofnanir frá mismunandi aðildarríkjum gert sameiginlega samninga með einhverri af þeim aðferðum sem kveðið er á um í þessari grein.

Samningsstofnanir skulu ekki nota þær aðferðir, sem kveðið er á um í þessari grein, til að komast hjá beitingu ófrávíkjanlegra ákvæða opinbers réttar, sem eru í samræmi við lög Sambandsins og sem þær heyra undir í aðildarríki sínu.

2. Aðildarríki skal ekki meina samningsstofnunum sínum að nota sér miðstýrða innkaupastarfsemi miðlægrar innkaupastofnunar sem staðsett er í öðru aðildarríki.

Að því er varðar miðstýrða innkaupastarfsemi miðlægrar innkaupastofnunar, sem staðsett er í öðru aðildarríki en samningsstofnunin, geta aðildarríkin þó kosið að kveða á um að samningsstofnanirnar þeirra megi einungis nota sér miðstýrða innkaupastarfsemi eins og hún er skilgreind annað hvort í a-lið eða b-lið 10. liðar 2. gr.

3. Miðstýrð innkaupastarfsemi miðlægrar innkaupastofnunar, sem er staðsett í öðru aðildarríki, skal fara fram í samræmi við landsákvæði aðildarríkisins þar sem miðlæga innkaupastofnunin er staðsett.

Landsákvæði aðildarríkisins, þar sem miðlæga innkaupastofnunin er staðsett, skulu einnig gilda um eftirfarandi:

a) gerð samnings innan ramma gagnvirks innkaupakerfis,

b) nýja samkeppni innan rammasamnings.

4. Fleiri en einni samningsstofnun frá mismunandi aðildarríkjum er heimilt að gera sameiginlega samning, rammasamning eða starfrækja sameiginlega gagnvirkt innkaupakerfi. Þær mega einnig gera samninga á grundvelli rammasamningsins eða gagnvirka innkaupakerfisins. Ef ekki er kveðið á um nauðsynleg atriði í alþjóðasamningi milli þeirra aðildarríkja sem í hlut eiga skulu samningsstofnanirnar, sem taka þátt, gera með sér samning þar sem eftirfarandi er ákvarðað:

a) ábyrgðarsvið aðilanna og viðeigandi gild landsákvæði,

b) innra skipulag innkaupaferlisins, þ.m.t. stjórnun ferlisins, skipting verka, vara eða þjónustu sem kaupa á og samningagerð.

Samningsstofnun, sem tekur þátt, uppfyllir skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun ef hún kaupir verk, vörur eða þjónustu af samningsstofnuninni sem ber ábyrgð á innkaupaferlinu. Þegar ákvörðuð eru ábyrgðarsvið og gildandi landsákvæði, eins og um getur í a-lið, geta samningsstofnanir, sem taka þátt, skipt með sér sérstökum ábyrgðarsviðum og ákvarðað hvaða landslög hvers aðildarríkis þeirra eigi við. Skipting ábyrgðarsviða og gildandi landslög skulu koma fram í útboðsgögnum fyrir samninga sem gerðir eru sameiginlega.

5. Þegar fleiri en ein samningsstofnun frá mismunandi aðildarríkjum hafa sett á fót sameiginlega einingu, þ.m.t. Evrópuhóp um svæðasamvinnu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1082/2006 ([41]) eða aðrar einingar sem stofnaðar eru að lögum Sambandsins, skulu samningsstofnanirnar sem taka þátt, með ákvörðun þar til bærs aðila hinnar sameiginlegu einingar, komast að samkomulagi um að landsreglur um innkaup í einu af eftirfarandi aðildarríkjum gildi:

a) landsákvæði þess aðildarríkis þar sem hin sameiginlega eining hefur skráða skrifstofu,

b) landsákvæði þess aðildarríkis þar sem hin sameiginlega eining stundar starfsemi sína.

Samkomulagið sem um getur í fyrstu undirgrein getur annað hvort gilt um óákveðinn tíma, ef það er ákveðið í stofnskrá sameiginlegu einingarinnar, eða takmarkast við tiltekið tímabil, tilteknar tegundir samninga eða gerð eins eða fleiri stakra samninga.

III. KAFLI

Framkvæmd útboðs

1. þáttur

Undirbúningur

58. gr.

Undanfarandi markaðskannanir

Áður en ráðist er í innkaupaferli er samningsstofnunum heimilt að gera markaðskannanir til að undirbúa innkaupin og upplýsa rekstraraðila um áform sín um innkaup og kröfur varðandi þau.

Í þessu skyni geta samningsstofnanir t.d. leitað ráða eða þegið ráð frá sjálfstæðum sérfræðingum eða yfirvöldum eða frá markaðsaðilum. Þá ráðgjöf má nota við skipulagningu og framkvæmd innkaupaferlisins, að því tilskildu að hún hafi ekki þau áhrif að raska samkeppni og leiði ekki til brota á meginreglunum um gagnsæi og bann við mismunun.

([41]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1082/2006 frá 5. júlí 2006 um Evrópuhóp um svæðasamvinnu (Stjtíð. ESB L 210, 31.7.2006, bls. 19).

59. gr.

Fyrri aðkoma umsækjenda eða bjóðenda

Þegar umsækjandi eða bjóðandi, eða fyrirtæki sem tengist umsækjanda eða bjóðanda, hefur veitt samningsstofnun ráðgjöf, hvort sem er í tengslum við 58. gr. eða ekki, eða hefur á annan hátt komið að undirbúningi innkaupaferlis, skal samningsstofnunin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þátttaka þess umsækjanda eða bjóðanda verði ekki til þess að samkeppni sé raskað.

Slíkar ráðstafanir skulu m.a. felast í því að láta öðrum umsækjendum og bjóðendum í té upplýsingar sem máli skipta og sem skipst var á í tengslum við eða sem leiddi af aðkomu umsækjandans eða bjóðandans í undirbúningi innkaupaferlisins og í setningu hæfilegs frests til að taka við tilboðum. Aðeins skal útiloka hlutaðeigandi umsækjanda eða bjóðanda frá ferlinu ef ekki er með neinu öðru móti hægt að tryggja að virt sé sú skylda að uppfylla meginregluna um jafna meðferð.

Áður en gripið er til slíkrar útilokunar skal umsækjendum eða bjóðendum gefið færi á að sýna fram á að aðkoma þeirra að undirbúningi innkaupaferlisins geti ekki raskað samkeppni. Ráðstafanirnar, sem gripið er til, skulu skráðar í stöku skýrsluna sem krafist er í 100. gr.

60. gr.

Tækniforskriftir

1. Tækniforskriftir, eins og þær eru skilgreindar í 1. lið VIII. viðauka, skulu koma fram í útboðsgögnum. Í tækniforskrift skal tilgreina þá eiginleika sem krafist er að verk, þjónusta eða vara hafi til að bera.

Þessir eiginleikar geta einnig vísað til sérstaks ferlis eða aðferðar við framleiðslu eða afhendingu viðkomandi verka, vara eða þjónustu eða til sérstaks ferlis á öðru stigi vistferils þeirra, jafnvel þótt slíkir þættir séu ekki hluti af þeim, að því tilskildu að þeir tengist efni samningsins og séu í réttu hlutfalli við verðgildi hans og markmið.

Í tækniforskriftum má einnig tilgreina hvort krafist verður yfirfærslu hugverkaréttinda.

Í öllum innkaupum sem ætluð eru til nota fyrir einstaklinga, hvort sem um er að ræða almenning eða starfsfólk samningsstofnunarinnar, skulu tækniforskriftir samdar þannig að tekið sé tillit til viðmiðana um aðgengi fyrir fatlaða eða hönnun fyrir alla notendur, nema í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum.

Hafi lögboðnar kröfur um aðgengi verið samþykktar með réttargerð Sambandsins skulu tækniforskriftir skilgreindar með tilvísun til þeirra að því er varðar viðmiðanir um aðgengi fyrir fatlaða eða hönnun fyrir alla notendur.

2. Tækniforskriftir skulu veita rekstraraðilum jafna aðgangsmöguleika að innkaupaferlinu og skulu ekki fela í sér tilefnislausar hindranir í vegi fyrir því að opinber innkaup séu opnuð fyrir samkeppni.

3. Með fyrirvara um lögboðnar, innlendar tæknireglur, svo fremi að þær samrýmist lögum Sambandsins, skulu tækniforskriftirnar settar fram með einhverjum þeim hætti sem hér segir:

a) með lýsingu á frammistöðu eða virknikröfum, þ.m.t. umhverfiseiginleikar, að því tilskildu að breyturnar séu nægilega nákvæmar til að bjóðendur geti gert sér grein fyrir efni samningsins og samningsstofnanir geti gert samning,

b) með tilvísun til tækniforskrifta og, í eftirfarandi forgangsröð, til landsstaðla sem hafa verið settir til lögleiðingar Evrópustöðlum, evrópsks tæknimats, sameiginlegra tækniforskrifta, alþjóðlegra staðla, annarra tæknilegra tilvísunarkerfa sem evrópskar staðlastofnanir hafa komið á fót, eða, þegar ekkert af þessu er fyrir hendi, til landsstaðla, innlends tæknisamþykkis eða innlendra tækniforskrifta um hönnun, útreikning og framkvæmd verks og notkun vöru; orðalagið „eða jafngilt“ skal fylgja hverri tilvísun,

c) með lýsingu á frammistöðu eða virknikröfum, eins og getið er um í a-lið, með tilvísun til tækniforskriftanna, sem getið er um í b-lið, til að sýna að reiknað sé með að slík frammistaða eða virknikröfur hafi verið uppfylltar,

d) með því að vísa til tækniforskriftanna, sem getið er um í b-lið, um tiltekna eiginleika og með því að vísa til frammistöðu eða virknikrafna, sem getið er um í a-lið, um aðra.

4. Tækniforskriftir skulu ekki vísa til sérstakrar tegundar eða uppruna eða tiltekins vinnsluferlis sem einkennir vörur eða þjónustu sem tiltekinn rekstraraðili veitir, né til vörumerkja, einkaleyfa, gerða eða sérstaks uppruna eða framleiðslu með þeim áhrifum að það styðji eða útiloki tiltekin fyrirtæki eða tilteknar vörur, sé það ekki réttlætanlegt af efni samningsins. Slík tilvísun skal leyfð í sérstökum undantekningartilvikum þegar nægileg nákvæm og skiljanleg lýsing á efni samningsins skv. 3. mgr. er ekki möguleg. Orðin „eða jafngilt“ skulu fylgja slíkri tilvísun.

5. Ef samningsstofnun nýtir þann kost að vísa til tækniforskriftanna, sem um getur í b-lið 3. mgr., skal hún ekki vísa frá tilboði af þeirri ástæðu að verkið, varan eða þjónustan, sem er boðin, sé í ósamræmi við tækniforskriftirnar, sem hún vísaði til, ef bjóðandinn færir sönnur á það í tilboði sínu, með einhverjum viðeigandi hætti, þ.m.t. með þeim sönnunargögnum sem um getur í 62. gr., að lausnir þær sem hann leggur til uppfylli kröfurnar sem eru ákvarðaðar í tækniforskriftunum með jafngildum hætti.

6. Ef samningsstofnun nýtir þann kost, sem kveðið er á um í a-lið 3. mgr., að setja fram tækniforskriftir með lýsingu á frammistöðu eða virknikröfum, skal það ekki vísa frá tilboði í vörur, þjónustu eða verk sem er í samræmi við landsstaðal til lögleiðingar Evrópustaðli, evrópskt tæknisamþykki, sameiginlega tækniforskrift, alþjóðlegan staðal eða tæknilegt tilvísunarkerfi sem evrópsk staðlastofnun hefur komið á fót ef þær forskriftir varða frammistöðuna eða virknikröfurnar sem stofnunin hefur mælt fyrir um.

Í tilboði sínu verður bjóðandi að sanna, með einhverjum viðeigandi hætti, þ.m.t. þeim sem um getur í 62. gr., að varan, þjónusta eða verkið, sem er í samræmi við staðalinn, uppfylli kröfur samningsstofnunarinnar um frammistöðu eða virkni.

61. gr.

Merki

1. Hafi samningsstofnanir í hyggju að kaupa verk, vörur eða þjónustu sem hafa til að bera sérstaka umhverfislega, félagslega eða aðra eiginleika er þeim heimilt, í tækniforskriftum, forsendum fyrir vali tilboðs eða skilyrðum varðandi framkvæmd samnings, að krefjast sérstaks merkis sem sönnunargagns um að verkið, varan eða þjónustan svari til tilskilinna eiginleika, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) að kröfur sem liggja að baki merkinu varði einungis viðmiðanir sem tengjast efni samningsins og séu til þess fallnar að skilgreina eiginleika verka, vöru eða þjónustu sem samningurinn fjallar um,

b) að kröfur sem liggja að baki merkinu byggi á hlutlægt sannprófanlegum viðmiðunum án mismununar,

c) að merkjunum sé komið á fót með opinni og gagnsærri málsmeðferð sem allir hlutaðeigandi hagsmunaaðilar, þ.m.t. ríkisstofnanir, neytendur, aðilar vinnumarkaðarins, framleiðendur, dreifingaraðilar og frjáls félagasamtök geta tekið þátt í,

d) að merkin séu aðgengileg öllum hlutaðeigandi aðilum,

e) að kröfurnar, sem liggja að baki merkinu, séu settar af þriðja aðila sem rekstraraðilinn, sem sækir um merkið, hefur ekki afgerandi áhrif á.

Ef samningsstofnanir krefjast þess ekki að verk, vara eða þjónusta uppfylli allar kröfur sem liggja að baki merkinu, skulu þau tiltaka til hvaða krafna þau vísa.

Samningsstofnunum, sem krefjast sérstaks merkis, ber að samþykkja öll merki sem staðfesta að verkið, varan eða þjónustan uppfylli jafngildar kröfur.

Hafi rekstraraðili bersýnilega ekki haft neinn möguleika á að afla sér þess tiltekna merkis, sem samningsstofnun tilgreinir, eða jafngilds merkis, innan þess frests sem gefinn var, af ástæðum sem ekki verða raktar til rekstraraðilans, skal samningsstofnun samþykkja önnur viðeigandi sönnunargögn, sem geta falist í tæknilegum málsskjölum frá framleiðanda, að því tilskildu að viðkomandi rekstraraðili sýni fram á að verkið, varan og þjónustan sem veita á, uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til hins tiltekna merkis eða hinar sérstöku kröfur sem samningsstofnunin tilgreinir.

2. Ef merki uppfyllir skilyrðin sem kveðið er á um í b-, c-, d- og e-lið 1. mgr., en tekur einnig til krafna sem tengjast ekki efni samningsins, skulu samningsstofnanir ekki krefjast merkisins sem slíks en mega skilgreina tækniforskrift með tilvísun til þeirra forskrifta merkisins eða, ef nauðsyn krefur, hluta þeirra, sem tengjast efni samningsins og eru til þess fallnar að skilgreina eiginleika þess.

62. gr.

Prófunarskýrslur, vottun og önnur sönnunargögn

1. Samningsstofnanir geta krafist þess að rekstraraðilar leggi fram prófunarskýrslu frá samræmismatsstofu eða vottorð, sem slíkur aðili gefur út, sem sönnunargagn fyrir því að kröfur eða viðmiðanir, sem settar eru fram í tækniforskriftum, forsendum fyrir vali tilboðs eða skilyrðum varðandi framkvæmd samnings, séu uppfylltar.

Ef samningsstofnanir krefjast þess að lögð séu fram vottorð, sem samin eru af sérstakri samræmismatsstofu, skulu þau einnig samþykkja vottorð frá öðrum jafngildum samræmismatsstofum.

Að því er varðar þessa málsgrein skal samræmismatsstofa vera stofnun sem annast samræmismat, þ.m.t. kvörðun, prófun, vottun og eftirlit, sem hlotið hefur faggildingu í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 ([42]).

2. Samningsstofnun skal samþykkja önnur viðeigandi sönnunargögn en þau sem um getur í 1. mgr., s.s. tæknileg málsskjöl frá framleiðanda ef viðkomandi rekstraraðili hafði ekki aðgang að þeim vottorðum eða prófunarskýrslum sem um getur í 1. mgr., eða engan möguleika á að afla þeirra innan þess frests sem gefinn var, að því tilskildu að ástæðu þess, að hann hafði ekki aðgang að þeim, megi ekki rekja til rekstraraðilans sjálfs og að því tilskildu að hann sýni með þeim fram á að verkið, varan eða þjónustan uppfylli þær kröfur eða viðmiðanir sem settar eru fram í tækniforskriftum, forsendum fyrir vali tilboðs eða skilyrðum varðandi framkvæmd samnings.

3. Aðildarríkin skulu láta öðrum aðildarríkjum í té, að fenginni beiðni, hvers konar upplýsingar í tengslum við sannanir og skjöl sem lögð eru fram í samræmi við 60. gr. (6. mgr.), 61. gr. og þessa grein (1. og 2. mgr.). Lögbær yfirvöld aðildarríkisins þar sem rekstraraðili hefur staðfestu skulu láta þessar upplýsingar í té í samræmi við 102. gr.

63. gr.

Afhending tækniforskrifta

1. Samningsstofnanir skulu, að fenginni beiðni frá rekstraraðilum sem hafa áhuga á samningi, gera aðgengilegar þær tækniforskriftir, sem reglulega er vísað til í vöru-, verk- eða þjónustusamningum, eða þær tækniforskriftir sem þær hafa í hyggju að nota fyrir samninga þar sem útboðsauglýsingin er reglubundin kynningartilkynning. Tækniforskriftirnar skulu gerðar aðgengilegar með rafrænum aðferðum með ótakmörkuðum og fullum, beinum aðgangi, án endurgjalds.

Hins vegar skulu tækniforskriftir sendar með öðrum hætti en rafrænum þar sem ekki er hægt að veita ótakmarkaðan og fullan, beinan aðgang með rafrænum aðferðum, án endurgjalds, að tilteknum útboðsgögnum af einhverjum þeim ástæðum sem settar eru fram í annarri undirgrein 1. mgr. 40. gr. eða þar sem ekki er hægt að bjóða ótakmarkaðan og fullan, beinan aðgang með rafrænum aðferðum, án endurgjalds, að tilteknum útboðsgögnum vegna þess að samningsstofnanir hyggjast beita 2. mgr. 39. gr.

2. Ef þessar tækniforskriftir byggjast á skjölum, sem áhugasamir rekstraraðilar hafa ótakmarkaðan og fullan, beinan aðgang að með rafrænum aðferðum, án endurgjalds, nægir að vísa til þessara skjala.

64. gr.

Frávikstilboð

1. Samningsstofnanir geta heimilað bjóðendum að leggja fram frávikstilboð, sem uppfylla lágmarkskröfur samningsstofnana, eða krafist þess af þeim.

Samningsstofnanir skulu geta þess í útboðsgögnum hvort þær heimila eða krefjast frávikstilboða eða ekki, og ef svo er gera grein fyrir þeim lágmarkskröfum sem frávikstilboð þarf að uppfylla og öllum sérkröfum varðandi framlagningu þeirra, einkum hvort einungis sé heimilt að leggja fram frávikstilboð ef þegar hefur verið lagt fram tilboð sem ekki er frávikstilboð. Þar sem frávikstilboð eru heimiluð eða þeirra er krafist skulu þær einnig tryggja að þær forsendur fyrir vali tilboðs, sem ákveðnar eru, geti jafnt átt við um frávikstilboð, sem uppfylla þessar lágmarkskröfur, sem og um tilboð sem uppfylla kröfur en eru ekki frávikstilboð.

2. Í útboðum vegna vöru- eða þjónustusamninga skulu samningsstofnanir, sem hafa heimilað eða krafist frávikstilboða, ekki vísa frávikstilboði frá af þeirri ástæðu einni að ef það tilboð yrði fyrir valinu yrði annaðhvort gerður þjónustusamningur í stað vörusamnings eða vörusamningur í stað þjónustusamnings.

([42]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og um niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 339/93 (Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30).

65. gr.

Skipting samninga í hluta

1. Samningsstofnanir geta ákveðið að gera samning í formi aðgreindra hluta og geta ákvarðað stærð og efni slíkra samningshluta.

Samningsstofnanir skulu taka fram í útboðstilkynningu, í boði um að staðfesta áhuga eða, þegar tilkynning um að hæfismatskerfi sé fyrir hendi er notuð til að kynna útboð, í boði um að leggja fram tilboð eða ganga til samninga hvort gera megi tilboð í aðeins einn, nokkra eða alla samningshlutana.

2. Jafnvel þegar heimilt er að bjóða í nokkra eða alla hlutana er samningsstofnunum heimilt að takmarka fjölda hluta sem gera má samninga um við einn bjóðanda, að því tilskildu að hámarksfjöldi hluta á bjóðanda sé tekinn fram í útboðstilkynningu eða í boði um að staðfesta áhuga, leggja fram tilboð eða ganga til samninga. Samningsstofnanir skulu tiltaka í útboðsgögnum hvaða hlutlægu forsendur eða reglur án mismununar þau munu nota til að ákveða um hvaða hluta gerðir verða samningar við viðkomandi ef beiting forsendna fyrir vali tilboðs myndi leiða til þess að einn bjóðandi fengi fleiri hluta en hámarkið leyfir.

3. Aðildarríkin geta kveðið á um að þegar heimilt er að gera samninga um fleiri en einn hluta við sama bjóðanda sé samningsstofnunum heimilt að gera samning sem sameinar nokkra eða alla hlutana, hafi þau tekið fram í útboðstilkynningu eða í boði um að staðfesta áhuga, leggja fram tilboð eða ganga til samninga að þau áskilji sér möguleika á því og tiltekið hvaða hluta eða hópa hluta heimilt er að sameina.

4. Aðildarríkjunum er heimilt að gera það skylt að gera samninga í formi aðskilinna hluta með skilyrðum sem tilgreind verða í samræmi við landslög þeirra og með hliðsjón af lögum Sambandsins. Önnur undirgrein 1. mgr. og, eftir því sem við á, 3. mgr. skulu gilda.

66. gr.

Frestir settir

1. Þegar samningsstofnanir ákveða fresti til að taka við þátttökutilkynningum og tilboðum skulu þær einkum taka tillit til þess hve flókið efni samningsins er og hve langan tíma þarf til að semja tilboð, sbr. þó lágmarksfrest sem kveðið er á um í 45.–49. gr.

2. Ef ekki er unnt að gera tilboð fyrr en að lokinni vettvangsskoðun eða athugun á fylgiskjölum útboðsgagna á vettvangi, skal ákveða fresti til að taka við tilboðum, sem skulu vera lengri en lágmarksfrestirnir sem mælt er fyrir um í 45.–49. gr., þannig að allir viðkomandi rekstraraðilar geti kynnt sér allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru við gerð tilboðs.

3. Samningsstofnanir skulu lengja fresti til að taka við tilboðum svo að allir viðkomandi rekstraraðilar geti kynnt sér allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar við gerð tilboðs í eftirfarandi tilvikum:

a) ef viðbótarupplýsingar hafa af einhverjum ástæðum ekki verið afhentar a.m.k. sex dögum áður en frestur til að taka við tilboðum rennur út, þótt rekstraraðili hafi beðið um þessi gögn með góðum fyrirvara. Sé um að ræða almennt hraðútboð, eins og um getur í 3. mgr. 45. gr., skal fresturinn vera fjórir dagar,

b) þegar umtalsverðar breytingar eru gerðar á útboðsgögnum.

Lengd framlengingarinnar skal vera í réttu hlutfalli við mikilvægi upplýsinganna eða breytingarinnar.

Hafi ekki verið beðið um viðbótarupplýsingarnar með góðum fyrirvara eða ef mikilvægi þeirra í sambandi við undirbúning svartilboða er óverulegt skal samningsstofnunum ekki vera skylt að lengja frestina.

2. þáttur

Birting og gagnsæi

67. gr.

Reglubundnar kynningartilkynningar

1. Samningsstofnunum er heimilt að láta vita um fyrirætluð innkaup sín með birtingu reglubundinnar kynningartilkynningar. Í þessum tilkynningum skulu koma fram þær upplýsingar sem settar eru fram í A-hluta I. þáttar VI. viðauka. Þær skulu annaðhvort birtar af útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins eða af samningsstofnunum sjálfum í þeirra eigin upplýsingaskrám kaupanda, í samræmi við b-lið 2. liðar IX. viðauka. Ef samningsstofnanirnar birta reglubundna kynningartilkynningu í sinni eigin upplýsingaskrá kaupanda skulu þær senda tilkynningu til útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins um slíka birtingu reglubundinnar kynningartilkynningar í upplýsingaskrá í samræmi við 3. lið IX. viðauka. Í þessum tilkynningum skulu koma fram þær upplýsingar sem settar eru fram í B-hluta VI. viðauka.

2. Þegar tilkynnt er um lokuð útboð og samningskaup að undangenginni útboðsauglýsingu með reglubundinni kynningartilkynningu skal tilkynningin uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

a) hún vísar sérstaklega til þeirrar vöru, verks eða þjónustu sem samningurinn nær til,

b) hún gefur til kynna að samningurinn verði gerður á grundvelli lokaðs útboðs eða samningskaupa án frekari birtingar útboðsauglýsingar og áhugasömum rekstraraðilum er boðið að láta áhuga sinn í ljós skriflega,

c) hún inniheldur, auk upplýsinganna sem settar eru fram í I. þætti A-hluta VI. viðauka, upplýsingarnar í II. þætti A-hluta VI. viðauka,

d) hún hefur verið send til birtingar minnst 35 dögum og mest 12 mánuðum fyrir þann dag sem boðið um að staðfesta áhuga er sent.

Slíkar tilkynningar skulu ekki birtar í upplýsingaskrá kaupanda. Hins vegar getur viðbótarbirting á landsvísu, skv. 72. gr., ef einhver er, farið fram í upplýsingaskrá kaupanda.

Tímabilið sem reglubundin kynningartilkynning tekur til skal vera mest 12 mánuðir frá þeim degi þegar tilkynningin er send til birtingar. Þegar um er að ræða þjónustusamninga um félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu getur reglubundna kynningartilkynningin, sem um getur í b-lið 1. mgr. 92. gr., þó tekið til lengra tímabils en 12 mánaða.

68. gr.

Tilkynningar um að hæfismatskerfi sé fyrir hendi

1. Ef samningsstofnanir hyggjast koma upp hæfismatskerfi í samræmi við 77. gr. skal tilkynna það eins og um getur í X. viðauka og taka fram hvaða tilgangi hæfismatskerfið eigi að þjóna og hvernig hægt sé að nálgast reglur um notkun þess.

2. Samningsstofnanir skulu tilgreina gildistíma hæfismatskerfisins í tilkynningunni um að kerfið sé fyrir hendi. Þau skulu tilkynna útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins um hvers konar breytingu á gildistíma með eftirtöldum stöðluðum eyðublöðum:

a) ef gildistímanum er breytt án þess að bundinn sé endi á kerfið, með eyðublaði fyrir tilkynningar um að hæfismatskerfi sé fyrir hendi,

b) ef bundinn er endi á kerfið, með tilkynningu um gerð samnings sem um getur í 70. gr.

69. gr.

Útboðstilkynningar

Útboðstilkynningar má nota til að auglýsa hvers konar útboð. Í þeim skulu koma fram upplýsingarnar sem settar eru fram í viðkomandi hluta XI. viðauka og skulu þær birtar í samræmi við 71. gr.

70. gr.

Tilkynningar um samningsgerð

1. Eigi síðar en 30 dögum eftir gerð samnings eða rammasamnings, í kjölfar ákvörðunar um gerð hans, skulu samningsstofnanir senda út tilkynningu um gerð samnings með niðurstöðum innkaupaferlisins.

Slíkar tilkynningar skulu hafa að geyma upplýsingarnar sem settar eru fram í XII. viðauka og skulu birtar í samræmi við 71. gr.

2. Hafi viðkomandi samningur verið boðinn út með reglubundinni kynningartilkynningu og samningsstofnunin ákveðið að gera ekki fleiri samninga á tímabilinu sem reglubundna kynningartilkynningin tekur til, skal það koma sérstaklega fram í tilkynningunni um samningsgerð.

Þegar um er að ræða rammasamning, sem er gerður í samræmi við 51. gr., ber samningsstofnunum ekki skylda til að senda tilkynningu um niðurstöður innkaupaferlisins fyrir hvern samning sem er grundvallaður á þeim rammasamningi. Aðildarríkin geta kveðið á um að samningsstofnanir skuli safna saman tilkynningum um niðurstöður innkaupaferlisins vegna samninga sem byggja á rammasamningnum og senda þær ársfjórðungslega, Í því tilviki skulu samningsstofnanir senda samsafnaðar tilkynningar innan 30 daga frá lokum hvers ársfjórðungs.

Samningsstofnanir skulu senda tilkynningu um samningsgerð innan 30 daga frá gerð sérhvers samning sem byggist á gagnvirku innkaupakerfi. Þau hafa þó heimild til að safna slíkum tilkynningum saman og senda þær ársfjórðungslega. Í því tilviki skulu þau senda samsafnaðar tilkynningar innan 30 daga frá lokum hvers ársfjórðungs.

3. Upplýsingarnar, sem kveðið er á um í XII. viðauka og ætlaðar eru til birtingar, skulu birtar í samræmi við IX. viðauka. Heimilt er að halda eftir tilteknum upplýsingum um gerð samnings eða rammasamnings ef birting slíkra upplýsinga kynni að hindra framkvæmd laga eða ganga á annan hátt gegn almannahagsmunum eða gæti skaðað lögmæta viðskiptahagsmuni tiltekins opinbers eða einkarekins rekstraraðila eða réttmæta samkeppni á milli rekstraraðila.

Þegar um er að ræða samninga um þjónustu tengda rannsóknum og þróun geta upplýsingarnar um eðli og umfang þjónustunnar verið takmarkaðar við:

a) tilgreininguna „þjónusta tengd rannsóknum og þróun“ þar sem samningar hafa verið gerðir með samningskaupum án útboðsauglýsingar í samræmi við b-lið 50. gr.,

b) upplýsingar sem eru a.m.k. jafn ítarlegar og þær sem eru tilgreindar í tilkynningunni sem var notuð til að auglýsa útboðið.

4. Upplýsingarnar, sem kveðið er á um í samræmi við XII. viðauka, og merktar þannig að þær séu ekki ætlaðar til birtingar, skulu einungis birtar í einfölduðu formi og í samræmi við IX. viðauka sem tölfræðiupplýsingar.

71. gr.

Form tilkynninga og aðferð við birtingu þeirra

1. Í tilkynningunum, sem um getur í 67.–70. gr., skulu koma fram upplýsingarnar sem settar eru fram í VI. viðauka (A-hluta og B-hluta), X., XI., og XII. viðauka og á stöðluðum eyðublöðum, þ.m.t. stöðluð eyðublöð fyrir leiðréttingar.

Framkvæmdastjórnin skal taka upp þessi stöðluðu eyðublöð með framkvæmdargerðum. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem um getur í 105. gr.

2. Tilkynningarnar, sem um getur í 67.–70. gr., skulu samdar, sendar með rafrænum aðferðum til útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins og birtar í samræmi við IX. viðauka. Tilkynningar skulu birtar eigi síðar en fimm dögum eftir að þær voru sendar. Sambandið ber kostnað af birtingu útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins á tilkynningunum.

3. Tilkynningarnar, sem um getur í 67.–70. gr., skulu birtar í fullri lengd á einu eða fleiri opinberum tungumálum stofnana Sambandsins sem samningsstofnun velur. Einungis sú eða þær tungumálaútgáfur teljast áreiðanlegar. Birta skal samantekt á mikilvægum þáttum hverrar tilkynningar á öðrum opinberum tungumálum stofnana Sambandsins.

4. Útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins skal tryggja að bæði texti í fullri lengd og samantekt reglubundinna kynningartilkynninga, sem um getur í 2. mgr. 67. gr., útboða til að koma á laggirnar gagnvirku innkaupakerfi, eins og um getur í a-lið 4. mgr. 52. gr., og tilkynninga um að hæfismatskerfi sé fyrir hendi, sem notaðar eru til að kynna útboð í samræmi við b-lið 4. mgr. 44. gr., séu birt áfram:

a) til 12 mánaða þegar um er að ræða reglubundnar kynningartilkynningar, eða uns veitt er viðtaka tilkynningu um samningsgerð, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 70. gr., þar sem fram kemur að ekki verði gerðir fleiri samningar á 12 mánaða tímabilinu sem útboðsauglýsingin tók til. Þegar um er að ræða þjónustusamninga um félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu skal þó áfram birta reglubundnu kynningartilkynninguna sem um getur í b-lið 1. mgr. 92. gr. til loka þess gildistíma sem upprunalega var gefinn upp eða uns veitt er viðtaka tilkynningu um samningsgerð eins og kveðið er á um í 70. gr. þar sem fram kemur að ekki verði gerðir fleiri samningar á tímabilinu sem útboðstilkynningin tók til,

b) meðan á gildistíma gagnvirks innkaupakerfis stendur, þegar um er að ræða útboð til að koma á laggirnar gagnvirku innkaupakerfi,

c) þegar um er að ræða tilkynningar um að fyrir hendi sé hæfismatskerfi, meðan á gildistíma þess stendur.

5. Samningsstofnanir skulu geta sannað hvaða dag tilkynningar eru sendar.

Útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins skal láta samningsstofnuninni í té staðfestingu á móttöku tilkynningarinnar og á birtingu upplýsinganna, sem sendar voru, þar sem birtingardagurinn kemur fram. Slík staðfesting skal teljast sönnun um birtingu.

6. Samningsstofnanir geta birt tilkynningar um vöru-, verk- eða þjónustusamninga sem falla ekki undir kröfur um birtingu sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, að því tilskildu að slíkar tilkynningar séu sendar útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins með rafrænum aðferðum í samræmi við snið og reglur um sendingu sem um getur í IX. viðauka.

72. gr.

Birting á landsvísu

1. Ekki skal birta tilkynningarnar, sem um getur í 67.–70. gr., og efni þeirra á innlendum vettvangi fyrir birtingu þeirra skv. 71. gr. Þó má birting fara fram á innlendum vettvangi hafi samningsstofnunum ekki verið tilkynnt um birtingu innan 48 stunda frá staðfestingu á móttöku tilkynningarinnar í samræmi við 71. gr.

2. Tilkynningar, sem eru birtar á innlendum vettvangi, skulu ekki innihalda aðrar upplýsingar en þær sem koma fram í tilkynningum, sem eru sendar til útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins, eða í upplýsingaskrá kaupanda en í þeim skal koma fram hvaða dag tilkynningin var send til útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins eða hvenær hún birtist í upplýsingaskrá kaupanda.

3. Ekki má birta reglubundnar kynningartilkynningar í upplýsingaskrá kaupanda fyrr en tilkynning hefur verið send til útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins um að birting verði í því formi; í þeim skal getið um sendingardag.

73. gr.

Rafrænt aðgengi að útboðsgögnum

1. Samningsstofnanir skulu bjóða, án endurgjalds, ótakmarkaðan og fullan, beinan aðgang að útboðsgögnum með rafrænum aðferðum frá og með birtingardegi tilkynningar, í samræmi við 71. gr., eða þeim degi þegar boð um að staðfesta áhuga var sent.

Þegar tilkynning um að hæfismatskerfi sé fyrir hendi er notuð til að kynna útboð skal bjóða aðgang eins fljótt og unnt er og eigi síðar en þegar boð um að leggja fram tilboð eða ganga til samninga er sent. Í texta tilkynningarinnar eða boðanna skal tilgreina veffangið þar sem hægt er að nálgast útboðsgögnin.

Ef ekki er hægt að bjóða ótakmarkaðan og fullan, beinan aðgang án endurgjalds að tilteknum útboðsgögnum af einhverjum þeim ástæðum sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 40. gr., geta samningsstofnanir tekið það fram í tilkynningunni eða í boði um að staðfesta áhuga að viðkomandi útboðsgögn verði send á annan hátt en með rafrænum aðferðum, í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar. Í því tilviki skal lengja frestinn til að leggja fram tilboð um fimm daga nema í brýnum og vel rökstuddum tilvikum sem um getur í 3. mgr. 45. gr. og þegar frestur er settur með gagnkvæmu samkomulagi samkvæmt annarri undirgrein 2. mgr. 46. gr. eða annarri undirgrein 2. mgr. 47. gr.

Ef ekki er hægt að bjóða ótakmarkaðan og fullan, beinan aðgang með rafrænum aðferðum, án endurgjalds að tilteknum útboðsgögnum vegna þess að samningsstofnanir hafa í hyggju að beita 2. mgr. 39. gr., skulu þær taka fram í tilkynningunni eða í boðinu um að staðfesta áhuga eða, þegar tilkynning um að hæfismatskerfi sé fyrir hendi er notuð til að kynna útboð, í útboðsgögnum hvaða ráðstafana þær krefjast til að vernda trúnaðarupplýsingar og hvernig hægt er að fá aðgang að viðkomandi gögnum. Í því tilviki skal lengja frestinn til að leggja fram tilboð um fimm daga nema í brýnum og vel rökstuddum tilvikum sem um getur í 3. mgr. 45. gr. og þegar frestur er settur með gagnkvæmu samkomulagi samkvæmt annarri undirgrein 2. mgr. 46. gr. eða annarri undirgrein 2. mgr. 47. gr.

2. Að því tilskildu að beðið hafi verið um það með góðum fyrirvara skulu samningsstofnanir láta öllum bjóðendum, sem taka þátt í innkaupaferlinu, í té viðbótarupplýsingar sem tengjast forskriftum og fylgiskjöl, ef einhver eru, eigi síðar en sex dögum áður en frestur til að taka við tilboðum rennur út. Sé um að ræða almennt hraðútboð, eins og um getur í 3. mgr. 45. gr., skal fresturinn vera fjórir dagar.

74. gr.

Boð til umsækjenda

1. Í lokuðum útboðum, samkeppnisviðræðum, nýsköpunarsamstarfi og samningskaupum að undangenginni útboðsauglýsingu skulu samningsstofnanir bjóða völdum umsækjendum, samtímis og skriflega, að leggja fram tilboð sín, taka þátt í viðræðunum eða ganga til samninga.

Ef reglubundin kynningartilkynning er notuð til að auglýsa útboð í samræmi við a-lið 4. mgr. 44. gr. skulu samningsstofnanir, samtímis og skriflega, bjóða þeim rekstraraðilum, sem lýst hafa yfir áhuga, að staðfesta að sá áhugi sé enn fyrir hendi.

2. Í boðunum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skal vera tilvísun til veffangsins þar sem útboðsgögn hafa verið gerð aðgengileg beint með rafrænum aðferðum. Útboðsgögn skulu fylgja boðunum ef ótakmarkaður og fullur, beinn aðgangur hefur ekki verið veittur að þeim án endurgjalds af þeim ástæðum sem settar eru fram í þriðju eða fjórðu undirgrein 1. mgr. 73. gr. og hafi ekki verið veittur aðgangur að þeim á annan hátt. Auk þess skulu boðin, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, hafa að geyma þær upplýsingar sem settar eru fram í XIII. viðauka.

75. gr.

Upplýsingar til umsækjenda um hæfismat, umsækjenda og bjóðenda

1. Samningsstofnanir skulu, eins fljótt og unnt er, upplýsa sérhvern umsækjanda og bjóðanda um ákvarðanir sem hafa verið teknar varðandi gerð rammasamnings, samningsgerð eða aðgang að gagnvirku innkaupakerfi, þ.m.t. ástæður fyrir ákvörðun um að gera ekki rammasamning eða samning þótt útboð hafi farið fram eða um að hefja útboðsferli á nýjan leik eða að koma ekki á fót gagnvirku innkaupakerfi.

2. Að fenginni beiðni viðkomandi umsækjanda eða bjóðanda skulu samningsstofnanir, eins fljótt og unnt er og eigi síðar en 15 dögum frá móttöku skriflegrar beiðni, upplýsa:

a) hvern og einn umsækjanda um ástæður fyrir því ef þátttökutilkynningu hans er hafnað,

b) hvern og einn bjóðanda um ástæður fyrir því ef tilboði hans er hafnað, þ.m.t., í tilvikum sem um getur í 5. og 6. mgr. 60. gr., ástæður fyrir því ef þær ákvarða að jafngildisákvæðið sé ekki uppfyllt eða að verk, vörur eða þjónusta uppfylli ekki kröfur um frammistöðu eða virkni,

c) hvern og einn bjóðanda sem hefur gert tækt tilboð, um eiginleika og kosti tilboðsins sem fyrir valinu varð í samanburði við önnur tilboð og einnig nafn þess bjóðanda sem varð fyrir valinu eða nöfn aðila að rammasamningnum,

d) hvern og einn bjóðanda sem hefur gert tækt tilboð, um framkvæmd og framvindu samningsviðræðna og viðræðna við bjóðendur.

3. Samningsstofnanir geta ákveðið að halda eftir tilteknum upplýsingum, sem um getur í 1. og 2. mgr., um gerð samnings eða rammasamnings eða aðgang að gagnvirku innkaupakerfi ef birting slíkra upplýsinga kynni að hindra framkvæmd laga eða ganga á annan hátt gegn almannahagsmunum eða gæti skaðað lögmæta viðskiptahagsmuni opinberra eða einkarekinna rekstraraðila eða réttmæta samkeppni á milli þeirra.

4. Samningsstofnanir, sem koma á fót og starfrækja hæfismatskerfi, skulu upplýsa umsækjendur um ákvörðun sína varðandi hæfismatið innan sex mánaða.

Ef ákvörðun tekur lengri tíma en fjóra mánuði frá framlagningu umsóknar skal samningsstofnunin greina umsækjanda, innan tveggja mánaða frá því að umsókn er lögð fram, frá ástæðunum fyrir því að fresturinn er framlengdur og fyrir hvaða dag umsókn hans verður samþykkt eða henni hafnað.

5. Umsækjendur, sem hafa fengið synjun á grundvelli hæfis, skulu upplýstir um þá ákvörðun og ástæður fyrir ákvörðuninni svo fljótt sem auðið er og undir engum kringumstæðum síðar en 15 dögum eftir að sú ákvörðun er tekin. Ástæðurnar skulu byggjast á hæfisviðmiðunum sem um getur í 2. mgr. 77. gr.

6. Samningsstofnanir, sem koma á fót og starfrækja hæfismatskerfi, geta einungis stöðvað hæfismat rekstraraðila á grundvelli viðmiðana um hæfismat sem um getur í 2. mgr. 77. gr. Tilkynna skal rekstraraðilanum skriflega um öll áform um að stöðva hæfismat a.m.k. 15 dögum fyrir þann dag sem hæfismatinu á að ljúka, ásamt ástæðunni eða ástæðunum fyrir þeirri aðgerð.

3. þáttur

Val á þátttakendum og samningsgerð

76. gr.

Almennar meginreglur

1. Eftirfarandi reglur skulu gilda um val á þátttakendum í innkaupaferli:

a) samningsstofnanir, sem hafa sett reglur og viðmiðanir til að útiloka bjóðendur eða umsækjendur í samræmi við 1. mgr. 78. gr. eða 1. mgr. 80. gr., skulu útiloka rekstraraðila sem slíkar reglur eiga við um og sem uppfylla slíkar forsendur,

b) samningsstofnanir skulu velja bjóðendur og umsækjendur í samræmi við hlutlægar reglur og forsendur sem mælt er fyrir um skv. 78. og 80. gr.,

c) í lokuðum útboðum, samningskaupum að undangenginni útboðstilkynningu, í samkeppnisviðræðum og í nýsköpunarsamstarfi skulu samningsstofnanir, í samræmi við 2. mgr. 78. gr., fækka umsækjendum sem eru valdir samkvæmt a- og b-lið þessarar málsgreinar, ef við á.

2. Ef tilkynnt er um útboð með tilkynningu um að hæfismatskerfi sé fyrir hendi og ef velja á úr þátttakendum í innkaupaferlum með það fyrir augum að gera sérstaka samninga, sem útboðstilkynningin á við um, skulu samningsstofnanir:

a) meta hæfi rekstraraðila í samræmi við 77. gr.,

b) beita þeim ákvæðum 1. mgr., sem varða lokuð útboð eða samningskaup, samkeppnisviðræður eða nýsköpunarsamstarf, gagnvart rekstraraðilum sem standast hæfismat.

3. Þegar samningsstofnanir ákvarða um hæfi við val á þátttakendum í lokuðu útboði eða samningskaupum, í samkeppnisviðræðum eða í nýsköpunarsamstarfi eða uppfæra forsendur og reglur skulu þær ekki:

a) setja tilteknum rekstraraðilum stjórnunarleg, tæknileg eða fjárhagsleg skilyrði sem gilda ekki fyrir aðra,

b) krefjast prófana eða sönnunargagna sem þegar eru til í formi hlutlægra gagna.

4. Þegar upplýsingar eða gögn, sem rekstraraðilar eiga að leggja fram, eru eða virðast vera ófullkomin eða innihalda villur eða ef tiltekin skjöl vantar, geta samningsstofnanir, nema kveðið sé á um annað í landslögum til framkvæmdar þessari tilskipun, farið fram á að hlutaðeigandi rekstraraðilar leggi fram, bæti við, skýri eða fullgeri viðkomandi upplýsingar eða gögn innan viðeigandi frests, að því tilskildu að slíkar beiðnir séu gerðar fyllilega í samræmi við meginreglurnar um jafna meðferð og gagnsæi.

5. Samningsstofnanir skulu fullvissa sig um að tilboð, sem valdir bjóðendur leggja fram, séu í samræmi við reglur og kröfur sem gilda um útboð og velja úr tilboðum á grundvelli þeirra forsendna sem mælt er fyrir um í 82. og 84. gr., að teknu tilliti til 64. gr.

6. Samningsstofnanir geta ákveðið að gera ekki samning við þann bjóðanda sem leggur fram besta tilboðið hafi þau komist að raun um að tilboðið uppfylli ekki þær gildandi skyldur sem um getur í 2. mgr. 36. gr.

7. Í almennu útboði geta samningsstofnanir ákveðið að kanna tilboð áður þau ganga úr skugga um hæfi bjóðenda enda sé viðeigandi ákvæðum 76.–84. gr. fylgt, þ.m.t. reglunni um að ekki skuli ganga til samninga við bjóðanda sem hefði átt að útiloka skv. 80. gr. eða sem uppfyllir ekki hæfiskröfur samningsstofnunar í samræmi við 1. mgr. 78. gr. og 80. gr.

Aðildarríki geta útilokað notkun aðferðarinnar í fyrstu undirgrein að því er varðar tilteknar tegundir innkaupa eða tilteknar aðstæður eða takmarkað hana við þær.

8. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 103. gr. til að breyta skránni í XIV. viðauka ef nauðsyn krefur til að bæta við nýjum alþjóðasamningum sem öll aðildarríkin hafa fullgilt eða þegar gildandi alþjóðasamningar sem vísað er til eru ekki lengur fullgiltir af öllum aðildarríkjum eða þeir hafa breyst með öðrum hætti, t.d. að því er varðar gildissvið þeirra, efni eða heiti.

1. undirþáttur

Hæfi og hæfismiðað val

77. gr.

Hæfismatskerfi

1. Samningsstofnanir, sem þess óska, geta komið á fót og starfrækt kerfi til að meta hæfi rekstraraðila.

Samningsstofnanir, sem koma á fót eða starfrækja hæfismatskerfi, skulu tryggja að rekstraraðilar geti ávallt óskað eftir hæfismati.

2. Kerfið skv. 1. mgr. getur falið í sér mismunandi stig hæfismats.

Samningsstofnanir skulu setja hlutlægar reglur og viðmiðanir hvað varðar útilokun og val á rekstraraðilum, sem óska eftir hæfismati, og hlutlægar reglur og viðmiðanir varðandi starfrækslu hæfismatskerfisins, sem taka á atriðum á borð við skráningu í kerfið, reglubundna uppfærslu upplýsinga um hæfi, ef þörf krefur, og gildistíma kerfisins.

Ef þessar viðmiðanir og reglur fela í sér tækniforskriftir gildir 60.–62. gr. Uppfæra má þessar viðmiðanir og reglur eftir þörfum.

3. Rekstraraðilar skulu fá aðgang að þeim viðmiðunum og reglum, sem um getur í 2. mgr., ef þeir óska eftir því. Tilkynna skal rekstraraðilum, sem málið varðar, um þessar uppfærðu viðmiðanir og reglur.

Ef samningsstofnun telur að hæfismatskerfi tiltekinna annarra aðila eða stofnana uppfylli kröfur hennar skal hún veita rekstraraðilum, sem málið varðar, upplýsingar um nöfn þeirra.

4. Halda skal skriflega skrá yfir hæfa rekstraraðila; henni má skipta í flokka eftir því hvers konar hæfi hver tegund samnings útheimtir.

5. Ef tilkynnt er um útboð með tilkynningu um að hæfismatskerfi sé fyrir hendi skulu sérstakir vöru-, verk- eða þjónustusamningar, sem falla undir þetta kerfi, gerðir í lokuðu útboði eða með samningskaupum þar sem allir bjóðendur og þátttakendur eru valdir úr hópi hæfra umsækjenda í samræmi við það kerfi.

6. Gjöld, sem eru innheimt í tengslum við beiðnir um hæfismat eða uppfærslu á eða viðhald upplýsinga um hæfi sem þegar eru fyrir hendi, samkvæmt kerfinu, skulu vera í réttu hlutfalli við þann kostnað sem stofnað er til.

78. gr.

Forsendur fyrir hæfismiðuðu vali

1. Samningsstofnanir geta sett hlutlægar reglur og viðmiðanir hvað varðar útilokun og val á bjóðendum eða umsækjendum; þessar reglur og viðmiðanir skulu vera aðgengilegar viðkomandi rekstraraðilum.

2. Þegar samningsstofnanir þurfa að tryggja viðeigandi jafnvægi milli tiltekinna eiginleika innkaupaferlisins og þeirra tilfanga sem þarf til að framkvæma það geta þær, í lokuðum útboðum eða samningskaupum, samkeppnisviðræðum eða nýsköpunarsamstarfi, sett hlutlægar reglur eða viðmiðanir sem endurspegla þessa þörf og gera samningsstofnuninni kleift að draga úr fjölda umsækjenda sem verður boðið að leggja fram tilboð eða ganga til samninga. Valdir umsækjendur skulu þó vera nógu margir til að tekið sé tillit til krafna um næga samkeppni.

79. gr.

Byggt á getu annarra aðila

1. Þegar hlutlægar reglur og viðmiðanir, er varða útilokun og val á rekstraraðilum sem óska eftir hæfismati innan hæfismatskerfis, fela í sér kröfur sem varða efnahagslega og fjárhagslega getu rekstraraðilans eða tæknilega og faglega getu hans, getur rekstraraðilinn, ef þörf krefur, byggt á getu annarra aðila, óháð lagalegu eðli tengsla hans við þá aðila. Að því er varðar viðmiðanir sem tengjast menntun og faglegu hæfi þjónustuveitanda eða verktaka eða stjórnunarliðs fyrirtækisins eða viðeigandi starfsreynslu, mega rekstraraðilar hins vegar aðeins reiða sig á getu annarra aðila ef hinir síðarnefndu sjá um að framkvæma verkið eða veita þjónustuna sem þessa getu þarf til. Þegar rekstraraðili vill reiða sig á getu annarra aðila, skal hann sanna fyrir samningsstofnuninni að hann hafi yfir viðkomandi föngum að ráða allan gildistíma hæfismatskerfisins, t.d. með því að leggja fram skuldbindingu þeirra aðila þess efnis.

Þegar samningsstofnanir hafa, skv. 80. gr. þessarar tilskipunar, vísað til útilokunarviðmiðana eða hæfiskrafna, sem kveðið er á um samkvæmt tilskipun 2014/24/ESB, skulu þær sannreyna, í samræmi við 3. mgr. 80. gr. þessarar tilskipunar, hvort aðrir aðilar, sem rekstraraðilinn hyggst reiða sig á varðandi getu, uppfylla viðeigandi hæfiskröfur eða fyrir liggi ástæður til útilokunar, sem samningsstofnanirnar hafa vísað til, skv. 57. gr. tilskipunar 2014/24/ESB. Samningsstofnunin skal krefjast þess að rekstraraðili skipti út aðila þegar til staðar eru bindandi útilokunarástæður sem samningsstofnunin hefur vísað til. Samningsstofnunin getur krafist þess af, eða aðildarríki gert þá kröfu að hún krefjist þess af rekstraraðila að hann skipti út aðila þegar til staðar eru útilokunarástæður sem eru ekki bindandi sem samningsstofnunin hefur vísað til.

Þegar rekstraraðili reiðir sig á getu annarra aðila að því er varðar viðmiðunina um efnahagslega og fjárhagslega stöðu getur samningsstofnunin krafist þess að rekstraraðilinn og þessir aðilar beri sameiginlega ábyrgð á efndum samningsins.

Með sömu skilyrðum getur hópur rekstraraðila, sem um getur í 2. mgr. 37. gr., byggt á getu þátttakenda í hópnum eða annarra aðila.

2. Þegar hlutlægar reglur og viðmiðanir, er varða útilokun og val á umsækjendum og bjóðendum í almennu útboði, lokuðu útboði eða við samningskaup, í samkeppnisviðræðum eða nýsköpunarsamstarfi, fela í sér kröfur sem varða efnahagslega og fjárhagslega getu rekstraraðilans eða tæknilega og faglega getu hans, getur rekstraraðilinn, ef þörf krefur og vegna tiltekins samnings, byggt á getu annarra aðila, óháð lagalegu eðli tengsla hans við þá. Að því er varðar viðmiðanir sem tengjast menntun og faglegu hæfi þjónustuveitanda eða verktaka eða stjórnunarliðs fyrirtækisins eða viðeigandi starfsreynslu, mega rekstraraðilar hins vegar aðeins reiða sig á getu annarra aðila ef hinir síðarnefndu sjá um að framkvæma verkið eða veita þjónustuna sem þessa getu þarf til. Þegar rekstraraðili vill reiða sig á getu annarra aðila, skal hann sanna fyrir samningsstofnuninni að hann hafi yfir nauðsynlegum tilföngum að ráða, t.d. með því að leggja fram skuldbindingu þeirra aðila þess efnis.

Þegar samningsstofnanir hafa, skv. 80. gr. þessarar tilskipunar, vísað til útilokunarviðmiðana eða hæfiskrafna, sem kveðið er á um samkvæmt tilskipun 2014/24/ESB, skulu þær sannreyna, í samræmi við 3. mgr. 80. gr. þessarar tilskipunar, hvort aðrir aðilar, sem rekstraraðilinn hyggst reiða sig á varðandi getu, uppfylla viðeigandi hæfiskröfur eða fyrir liggi ástæður til útilokunar, sem samningsstofnanirnar hafa vísað til, skv. 57. gr. tilskipunar 2014/24/ESB. Samningsstofnunin skal krefjast þess að rekstraraðilinn finni nýjan aðila í stað aðila sem ekki uppfyllir viðeigandi hæfiskröfu eða þegar til staðar eru bindandi útilokunarástæður sem samningsstofnunin hefur vísað til. Samningsstofnunin getur krafist þess af, eða aðildarríki gert þá kröfu að hún krefjist þess af rekstraraðila að hann skipti út aðila þegar til staðar eru útilokunarástæður sem eru ekki bindandi sem samningsstofnunin hefur vísað til.

Þegar rekstraraðili reiðir sig á getu annarra aðila að því er varðar viðmiðunina um efnahagslega og fjárhagslega stöðu getur samningsstofnunin krafist þess að rekstraraðilinn og þessir aðilar beri sameiginlega ábyrgð á efndum samningsins.

Með sömu skilyrðum getur hópur rekstraraðila, sem um getur í 37. gr., byggt á getu þátttakenda í hópnum eða annarra aðila.

3. Þegar um er að ræða verksamninga, þjónustusamninga og ísetningu og uppsetningu innan ramma vörusamnings, geta samningsstofnanir krafist þess að tiltekin afar mikilvæg verkefni séu framkvæmd beint af bjóðanda sjálfum eða, ef tilboðið er lagt fram af hópi rekstraraðila eins og um getur í 2. mgr. 37. gr., af þátttakanda í þeim hópi.

80. gr.

Notkun útilokunarástæðna og hæfiskrafna sem kveðið er á um samkvæmt tilskipun 2014/24/ESB

1. Hlutlægu reglurnar og viðmiðanirnar, er varða útilokun og val á rekstraraðilum sem óska eftir hæfismati innan hæfismatskerfis, og hlutlægu reglurnar og viðmiðanirnar, er varða útilokun og val á umsækjendum og bjóðendum í almennu útboði, lokuðu útboði eða samningskaupum, samkeppnisviðræðum eða nýsköpunarsamstarfi, kunna að fela í sér ástæður til útilokunar sem um getur í 57. gr. tilskipunar 2014/24/ESB samkvæmt skilmálum og skilyrðum sem eru sett þar.

Þegar samningsstofnun er samningsyfirvald skulu þessar viðmiðanir og reglur taka til þeirra útilokunarástæðna sem taldar eru upp 1. og 2. mgr. 57. gr. tilskipunar 2014/24/ESB samkvæmt skilmálum og skilyrðum sem eru sett í þeirri grein.

Fari aðildarríki fram á það skulu þessar viðmiðanir og reglur enn fremur taka til þeirra útilokunarástæðna sem taldar eru upp í 4. mgr. 57. gr. tilskipunar 2014/24/ESB samkvæmt skilmálum og skilyrðum sem eru sett í þeirri grein.

2. Viðmiðanirnar og reglurnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar geta tekið til hæfiskrafnanna sem settar eru fram í 58. gr. tilskipunar 2014/24/ESB, samkvæmt skilmálum og skilyrðum sem eru sett þar, einkum að því er varðar takmarkanir á kröfum um árlega veltu, eins og kveðið er á um samkvæmt annarri undirgrein 3. mgr. þeirrar greinar.

3. Ákvæði 59.–61. gr. tilskipunar 2014/24/ESB gilda að því er varðar beitingu 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

81. gr.

Gæðastaðlar og umhverfisstjórnunarstaðlar

1. Ef samningsstofnanir krefjast þess að lögð séu fram vottorð frá óháðum aðilum, sem staðfesta að rekstraraðilinn uppfylli tiltekna gæðastaðla, þ.m.t. varðandi aðgengi fyrir fatlaða, skulu þau vísa til gæðakerfa sem grundvallast á viðeigandi kerfi Evrópustaðla sem hefur fengið vottun faggiltra stofnana. Þau skulu viðurkenna jafngild vottorð frá stofnunum sem hafa staðfestu í öðrum aðildarríkjum. Þau skulu einnig samþykkja önnur sönnunargögn um sambærilegar ráðstafanir til að tryggja gæði ef viðkomandi rekstraraðili hafði engan möguleika á að afla sér slíkra vottorða innan þeirra tímamarka sem um er að ræða, af ástæðum sem ekki má rekja til rekstraraðilans sjálfs, og að því tilskildu að hann sýni fram á að þær ráðstafanir til að tryggja gæði, sem lagðar eru til, uppfylli tilskilda gæðastaðla.

2. Ef samningsstofnanir krefjast þess að lögð séu fram vottorð frá óháðum aðilum, sem staðfesta að rekstraraðilinn uppfylli kröfur tiltekinna umhverfisstjórnunarkerfa eða tiltekna umhverfisstjórnunarstaðla, skulu þau vísa til umhverfisstjórnunarkerfis Sambandsins (EMAS) eða til annarra umhverfisstjórnunarkerfa, sem viðurkennd eru í samræmi við 45. gr. reglugerðar (EB) nr. 1221/2009, eða annarra umhverfisstjórnunarstaðla sem grundvallast á viðeigandi evrópskum eða alþjóðlegum stöðlum faggiltra stofnana. Þau skulu viðurkenna jafngild vottorð frá stofnunum sem hafa staðfestu í öðrum aðildarríkjum.

Hafi rekstraraðili bersýnilega ekki haft aðgang að slíkum vottorðum eða neinn möguleika á að afla sér þeirra innan þess frests sem gefinn var, af ástæðum sem ekki verða raktar til rekstraraðilans, skal samningsstofnunin einnig samþykkja önnur sönnunargögn um umhverfisstjórnunarráðstafanir að því tilskildu að rekstraraðilinn sýni fram á að þær ráðstafanir séu jafngildar þeim sem krafist er samkvæmt gildandi umhverfisstjórnunarkerfi eða -staðli.

3. Að fenginni beiðni skulu aðildarríkin láta hinum aðildarríkjunum í té hvers konar upplýsingar í tengslum við skjöl sem lögð eru fram til sönnunar á samræmi við gæða- og umhverfisstaðlana sem um getur í 1. og 2. mgr.

2. undirþáttur

Gerð samnings

82. gr.

Forsendur fyrir vali tilboðs

1. Með fyrirvara um innlend lög og stjórnsýslufyrirmæli er varða verð fyrir tilteknar vörur eða þóknun fyrir tiltekna þjónustu skulu samningsstofnanir byggja val sitt á aðilum, sem samningar eru gerðir við, á fjárhagslega hagstæðasta tilboðinu.

2. Fjárhagslega hagstæðasta tilboðið að mati samningsstofnunarinnar skal fundið út frá verði eða kostnaði, á grundvelli nálgunar sem byggist á kostnaðarhagkvæmni, s.s. útreiknings á vistferilskostnaði í samræmi við 83. gr., og getur tekið til besta hlutfalls milli verðs og gæða sem metið skal á grundvelli forsendna sem tengjast efni viðkomandi samnings, þ.m.t. eigindlegra, umhverfislegra og/eða félagslegra þátta. Slíkar forsendur geta t.d. náð yfir:

a) gæði, tæknilega kosti, útlit og notagildi, aðgengi, hönnun fyrir alla notendur, félagslega, umhverfislega og nýjungakennda eiginleika og viðskipti og skilyrði þeirra,

b) skipulagningu, menntun, hæfi og reynslu starfsfólks sem framkvæma á samninginn, ef gæði starfsfólks sem framkvæma á samninginn geta haft veruleg áhrif á framkvæmd hans, eða

c) þjónustu eftir verklok og tæknilega aðstoð, afhendingarskilmála, s.s. afhendingardag, afhendingarferli og afhendingartíma eða frest til að ljúka verki, skuldbindingar varðandi varahluti og afhendingaröryggi.

Kostnaðarþátturinn getur einnig verið í formi fasts verðs eða kostnaðar þar sem rekstraraðilar keppa eingöngu á grundvelli gæðaforsendna.

Aðildarríkin geta kveðið á um að samningsstofnanir megi ekki nota verð eingöngu eða kostnað eingöngu sem einu valforsenduna eða takmarkað notkun þeirra við tiltekna flokka samningsstofnana eða tilteknar tegundir samninga.

3. Litið skal svo á að forsendur fyrir vali tilboðs tengist efni opinbers samnings ef þær varða verk, vöru eða þjónustu, sem láta á í té samkvæmt samningnum, að einhverju leyti eða á einhverju stigi vistferils þeirra, þ.m.t. þættir sem varða:

a) sérstakt ferli við framleiðslu, afhendingu eða viðskipti með slík verk, vöru eða þjónustu eða

b) sérstakt ferli á öðru stigi á vistferli þeirra,

jafnvel þótt slíkir þættir séu ekki hluti af þeim.

4. Forsendur fyrir vali tilboðs skulu ekki hafa þau áhrif að veita samningsstofnun ótakmarkað ákvörðunarvald. Þær skulu tryggja möguleikann á virkri samkeppni og þeim skulu fylgja forskriftir sem gera kleift að athuga upplýsingar frá bjóðendum á skilvirkan hátt til að meta hversu vel tilboðin uppfylla forsendur fyrir vali tilboðs. Í vafatilvikum skulu samningsstofnanir athuga á skilvirkan hátt áreiðanleika upplýsinga og sönnunargagna frá bjóðendum.

5. Samningsstofnun skal tilgreina í útboðsgögnum hvert mat hennar er á hlutfallslegu vægi hverrar forsendu sem valin er til að ákvarða fjárhagslega hagstæðasta tilboðið, nema það sé fundið á grundvelli verðs eingöngu.

Þetta vægi má setja fram sem ákveðið bil með hæfilegum hámarksvikmörkum.

Ef ekki er hægt að beita vægi vegna hlutlægra ástæðna skal samningsstofnunin tilgreina forsendurnar í forgangsröð eftir mikilvægi þeirra.

83. gr.

Útreikningur vistferilskostnaðar

1. Útreikningur vistferilskostnaðar skal, að því marki sem við á, taka til hluta eða alls eftirfarandi kostnaðar á vistferli vöru, þjónustu eða verks:

a) kostnaðar sem samningsstofnunin eða aðrir notendur bera, s.s.:

   i. kostnaðar í tengslum við öflun,

   ii. notkunarkostnaðar, s.s. við orkunotkun og notkun annarra auðlinda,

   iii. viðhaldskostnaðar,

   iv. úrvinnslukostnaðar, s.s. kostnaðar við söfnun og endurvinnslu,

b) kostnaðar sem skrifast á umhverfisleg úthrif í tengslum við vöru, þjónustu eða verk meðan á vistferli þeirra stendur, að því tilskildu að hægt sé að ákvarða og sannreyna verðgildi þeirra; slíkur kostnaður getur falið í sér kostnað við losun gróðurhúsalofttegunda og aðra losun mengandi efna og annan kostnað við það að draga úr loftslagsbreytingum.

2. Þegar samningsstofnanir meta kostnað með nálgun sem grundvallast á útreikningi á vistferilskostnaði skulu þau taka fram í útboðsgögnum hvaða gögn bjóðendur þurfa að leggja fram og hvaða aðferð samningsstofnunin mun nota til að ákvarða vistferilskostnað á grundvelli þessara gagna.

Aðferðin sem notuð er til að meta kostnað sem skrifast á umhverfisleg úthrif skal uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

a) byggja á hlutlægt sannprófanlegum viðmiðunum án mismununar. Sé hún ekki til endurtekinnar eða stöðugrar notkunar skal hún sérstaklega ekki vera hagstæðari eða óhagstæðari tilteknum rekstraraðilum þannig að óréttmætt sé,

b) vera aðgengileg öllum hlutaðeigandi aðilum,

c) rekstraraðilar, sem sýna eðlilega kostgæfni, þ.m.t. rekstraraðilar frá þriðju löndum sem eru aðilar að samningnum um opinber innkaup eða öðrum alþjóðasamningum sem Sambandið er bundið af, skulu geta lagt fram tilskilin gögn án þess að leggja meira á sig en eðlilegt getur talist.

3. Hafi sameiginleg aðferð við útreikning á vistferilskostnaði verið gerð skyldubundin með lagagerð Sambandsins, skal beita henni við mat á vistferilskostnaði.

Skrá yfir slíkar lagagerðir og, ef nauðsyn krefur, framseldar gerðir sem styðja þær, er að finna í XV. viðauka.

Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 103. gr. varðandi uppfærslu þessarar skrár þegar uppfærsla hennar er nauðsynleg vegna samþykktar nýrrar löggjafar, sem gerir sameiginlega aðferð skyldubundna, eða niðurfellingar eða breytingar á réttargerðum sem fyrir eru.

84. gr.

Óeðlilega lág tilboð

1. Ef tilboð virðast óeðlilega lág miðað við verk, vöru eða þjónustu skulu samningsstofnanir óska eftir því að rekstraraðilar skýri verð eða kostnað sem fram kemur í tilboði.

2. Skýringarnar, sem um getur í 1. mgr., geta einkum varðað:

a) hagkvæmni framleiðsluferlis, þjónustu eða byggingaraðferðar,

b) tæknilegar lausnir, sem hafa verið valdar, eða hvers konar óvenjulega hagstæðar aðstæður bjóðanda við framkvæmd verks, afhendingu vöru eða veitingu þjónustu,

c) frumleika í tillögum bjóðanda varðandi vöru, þjónustu eða verk,

d) samræmi við skyldurnar sem um getur í 2. mgr. 36. gr.,

e) samræmi við skyldurnar sem um getur í 88. gr.,

f) möguleika bjóðanda á því að fá ríkisstyrki.

3. Samningsstofnun skal meta upplýsingarnar sem lagðar eru fram með viðræðum við bjóðanda. Hún má aðeins vísa frá tilboði ef sönnunargögnin sem lögð eru fram skýra ekki með viðunandi hætti hið lága verð eða kostnað sem lagður er til, að teknu tilliti til þeirra atriða sem um getur í 2. mgr.

Samningsstofnanir skulu vísa frá tilboði komist þau að raun um að tilboðið sé óeðlilega lágt vegna þess að það er ekki í samræmi við gildandi skyldur sem um getur í 2. mgr. 36. gr.

4. Ef samningsstofnun kemst að raun um að tilboð sé óeðlilega lágt vegna þess að bjóðandi hafi fengið ríkisstyrk er ekki hægt að vísa tilboðinu frá af þeirri ástæðu einni fyrr en samningsstofnunin hefur átt viðræður við bjóðanda og hann reynist, að loknum hæfilegum fresti sem samningsstofnunin setur, ófær um að sanna að viðkomandi styrkur hafi verið samrýmanlegur innri markaðnum í skilningi 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Ef samningsstofnun vísar tilboði frá við þessar aðstæður skal hún tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

5. Að fenginni beiðni skulu aðildarríkin láta hinum aðildarríkjunum í té, með samvinnu á sviði stjórnsýslu, hvers konar upplýsingar sem þau búa yfir, s.s. lög, reglugerðir, almennt gildandi kjarasamninga eða innlenda tæknistaðla, sem tengjast sönnunargögnum og skjölum sem lögð eru fram í tengslum við atriðin sem talin eru upp í 2. mgr.

4. þáttur

Tilboð sem ná yfir vörur sem eru upprunnar í þriðju löndum og tengsl við þessi lönd

85. gr.

Tilboð sem ná yfir vörur sem eru upprunnar í þriðju löndum

1. Þessi grein gildir um tilboð sem ná yfir vörur sem eru upprunnar í þriðju löndum sem Sambandið hefur ekki gert samninga við, hvorki marghliða né tvíhliða, sem tryggja fyrirtækjum í Sambandinu sambærilegan og virkan aðgang að mörkuðum í þessum þriðju löndum. Hún hefur ekki áhrif á skuldbindingar Sambandsins eða aðildarríkja þess gagnvart þriðju löndum.

2. Hafna má tilboði sem er lagt fram vegna vörusamnings ef hlutfall þeirra vara sem eru upprunnar í þriðju löndum, eins og ákvarðað er í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 ([43]), fer yfir 50% af heildarverðmæti þeirra vara sem liggja að baki tilboðinu.

Í þessari grein telst hugbúnaður, sem notaður er í búnað fjarskiptakerfa, vera vara.

3. Ef tvö eða fleiri tilboð eru jafngild miðað við forsendur fyrir vali, sem eru skilgreindar í 82. gr., skulu þau tilboð hafa forgang sem ekki er heimilt að hafna samkvæmt annarri málsgrein þessarar greinar, sbr. þó aðra undirgrein þessarar málsgreinar. Að því er þessa grein varðar skulu tilboð teljast jafngild ef verðmunur fer ekki yfir 3%.

Ekki skal þó taka eitt tilboð fram yfir annað samkvæmt fyrstu undirgrein ef það hefði í för með sér að samningsstofnunin yrði tilneydd að kaupa búnað sem er búinn annars konar tæknilegum eiginleikum en fyrirliggjandi búnaður og það leiddi til ósamhæfis, tæknilegra erfiðleika í rekstri og viðhaldi eða óeðlilegs kostnaðar.

4. Að því er varðar þessa grein skal, þegar ákvarðað er hlutfall þeirra vara, sem eru upprunnar í þriðju löndum, sem um getur í 2. mgr., ekki taka tillit til þeirra þriðju landa, sem falla undir þessa tilskipun samkvæmt ákvörðum ráðsins í samræmi við 1. mgr.

5. Framkvæmdastjórnin skal árlega leggja skýrslu fyrir ráðið, eigi síðar en 31. desember 2015 og framvegis árlega eftir það, um framvindu marghliða eða tvíhliða samningsviðræðna um aðgang fyrirtækja innan Sambandsins að mörkuðum þriðju landa á þeim sviðum sem falla undir þessa tilskipun, um árangur af slíkum samningsviðræðum og um reynslu af framkvæmd allra samninga sem hafa verið gerðir.

86. gr.

Tengsl við þriðju lönd að því er varðar verk-, vöru- og þjónustusamninga

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um alla erfiðleika almenns eðlis, að lögum eða í reynd, sem fyrirtæki þeirra verða fyrir og gefa skýrslu um í tengslum við að ná þjónustusamningum í þriðju löndum.

2. Framkvæmdastjórnin skal gefa ráðinu skýrslu, fyrir 18. apríl 2019 og reglulega eftir það, um opnun markaða fyrir þjónustusamninga í þriðju löndum og um framvindu samningaviðræðna þar að lútandi við þau lönd, einkum innan ramma Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO).

3. Framkvæmdastjórnin skal leitast við að bæta þá stöðu sem upp er komin með því að hafa samband við viðkomandi þriðja land ef hún kemst að þeirri niðurstöðu, annaðhvort á grundvelli skýrslnanna sem um getur í 2. mgr. eða annarra upplýsinga, að við val þjónustutilboða hafi þriðja land:

a) ekki veitt fyrirtækjum Sambandsins virkan aðgang, sambærilegan við þann sem fyrirtæki frá því ríki fá í Sambandinu,

([43]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 frá 9. október 2013 um tollalög Sambandsins (Stjtíð. ESB L 269, 10.10.2013, bls. 1).

b) ekki veitt fyrirtækjum Sambandsins innlenda meðferð eða sömu samkeppnistækifæri og innlend fyrirtæki fá eða

c) veitt fyrirtækjum frá öðrum þriðju löndum hagstæðari meðferð en fyrirtækjum Sambandsins.

4. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um alla erfiðleika, að lögum eða í reynd, sem fyrirtæki þeirra verða fyrir og gefa skýrslu um vegna þess að ákvæðum alþjóðlegrar vinnulöggjafar, sem eru tilgreind í XIV. viðauka, hefur ekki verið fylgt þegar þessi fyrirtæki hafa reynt að ná samningum í þriðju löndum.

5. Við aðstæður sem um getur í 3. og 4. mgr. getur framkvæmdastjórnin, hvenær sem er, lagt til að ráðið samþykki framkvæmdargerð til að fresta gerð þjónustusamninga, í tiltekinn tíma sem mælt er fyrir um þeirri framkvæmdargerð, eða takmarka þá við:

a) fyrirtæki sem heyra undir lög viðkomandi þriðja lands,

b) fyrirtæki sem eru í eignartengslum við fyrirtækin sem um getur í a-lið og hafa skráða skrifstofu í Sambandinu en tengjast ekki efnahag aðildarríkisins með beinum eða afgerandi hætti,

c) fyrirtæki sem leggja fram þjónustutilboð þar sem ætlunin er að veita þjónustu sem er upprunnin í viðkomandi þriðja landi.

Ráðið skal taka ákvörðun með auknum meirihluta eins fljótt og unnt er.

Framkvæmdastjórnin getur sett fram tillögu um þessar ráðstafanir að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis.

6. Þessi grein er með fyrirvara um skyldur Sambandsins gagnvart þriðju löndum í kjölfar alþjóðasamninga um opinber innkaup, einkum innan ramma Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

IV. KAFLI

Framkvæmd samnings

87. gr.

Skilyrði sem tengjast framkvæmd samnings

Samningsstofnanir geta mælt fyrir um sérstök skilyrði varðandi framkvæmd samnings, að því tilskildu að þau tengist efni samningsins, í skilningi 3. mgr. 82. gr., og séu tilgreind í útboðsauglýsingu eða í útboðsgögnum. Á meðal þessara skilyrða geta verið efnahagsleg, nýsköpunartengd, umhverfisleg, félagsleg eða atvinnutengd sjónarmið.

88. gr.

Undirverktakastarfsemi

1. Uppfylling undirverktaka á skyldunum sem um getur í 2. mgr. 36. gr. er tryggð með viðeigandi aðgerðum lögbærra landsyfirvalda innan marka ábyrgða þeirra og valdsviða.

2. Í útboðsgögnum getur samningsstofnun óskað eftir því, eða óskað eftir því að kröfu aðildarríkis, að bjóðandi tilgreini í tilboði sínu hvaða hluta samningsins hann hyggst láta þriðju aðila framkvæma sem undirverktaki og hverjir það eru.

3. Aðildarríki geta kveðið á um að samningsstofnun skuli millifæra greiðslur, sem inna ber af hendi, beint til undirverktaka fyrir þjónustu, vöru eða verk sem hann lætur rekstraraðila, sem samningur hefur verið gerður við (aðalverktaka), í té, fari undirverktaki fram á það og heimili eðli samningsins það. Slíkar ráðstafanir geta tekið til viðeigandi aðferða til að gera aðalverktaka kleift að andmæla óréttmætum greiðslum. Tilhögun slíks greiðslumáta skal útlistuð í útboðsgögnum.

4. Ákvæði 1.–3. mgr. skulu ekki hafa áhrif á ábyrgð aðalverktakans.

5. Að því er varðar verksamninga og þjónustu sem veita á í aðstöðu sem samningsstofnunin hefur beina umsjón með, skal samningsstofnunin krefjast þess að aðalverktakinn láti henni í té, eftir gerð samningsins og í síðasta lagi þegar framkvæmd hans hefst, nafn, samskiptaupplýsingar og upplýsingar um lagalega fyrirsvarsmenn undirverktaka hans sem taka þátt í slíkum verkum eða þjónustu, að svo miklu leyti sem það er vitað á þeim tímapunkti. Samningsstofnunin skal krefjast þess að aðalverktakinn tilkynni henni um allar breytingar á þeim upplýsingum á meðan samningurinn er í gildi auk þess að veita tilskildar upplýsingar um alla nýja undirverktaka sem hann fær síðar til starfa við slík verk eða þjónustu.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein mega aðildarríkin leggja aðalverktakanum beint þá skyldu á herðar að veita tilskildar upplýsingar.

Ef nauðsyn krefur, vegna b-liðar 6. mgr. þessarar greinar, skulu eigin yfirlýsingar undirverktaka fylgja tilskildum upplýsingum eins og um getur í 3. mgr. 80. gr. Í framkvæmdarráðstöfunum skv. 8. mgr. þessarar greinar má kveða á um að undirverktakar, sem kynntir eru til sögunnar eftir gerð samnings, skuli leggja fram vottorð og önnur fylgiskjöl í stað eigin yfirlýsingar.

Fyrsta undirgreinin gildir ekki um birgja.

Samningsstofnanir geta víkkað út eða aðildarríki gert þá kröfu að þær víkki út skyldurnar sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein, þannig að þær taki t.d. til:

a) vörusamninga, þjónustusamninga annarra en þeirra sem varða þjónustu sem veitt er í aðstöðu sem samningsstofnunin hefur beina umsjón með eða birgja sem taka þátt í framkvæmd verk- eða þjónustusamninga,

b) undirverktaka hjá undirverktökum aðalverktakans eða neðar í undirverktakakeðjunni.

6. Með það að markmiði að forðast brot á þeim skyldum sem um getur í 2. mgr. 36. gr., má grípa til viðeigandi ráðstafana svo sem:

a) Þegar landslög aðildarríkis kveða á um kerfi sameiginlegrar ábyrgðar undirverktaka og aðalverktaka skal aðildarríkið tryggja að viðkomandi reglum sé beitt í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í 2. mgr. 36. gr.

b) Samningsyfirvöldin geta, í samræmi við 3. mgr. 80. gr. þessarar tilskipunar, sannreynt eða geta verið krafin af aðildarríkjum um að sannreyna hvort fyrir hendi séu ástæður til að útiloka undirverktaka skv. 57. gr. tilskipunar 2014/24/ESB. Samningsyfirvöldin skulu, í slíkum tilvikum, krefjast þess af rekstraraðilanum að hann skipti út undirverktaka þegar athugun á honum hefur leitt í ljós að til staðar séu bindandi útilokunarástæður. Samningsyfirvaldið getur krafist þess af, eða aðildarríki gert þá kröfu að það krefjist þess af rekstraraðila að hann skipti út undirverktaka þegar athugun á honum hefur leitt í ljós að til staðar séu útilokunarástæður sem ekki eru bindandi.

7. Aðildarríkin geta kveðið á um strangari reglur um ábyrgð í landslögum eða gengið lengra í landslögum varðandi beinar greiðslur til undirverktaka, t.d. með því að kveða á um beinar greiðslur til undirverktaka án þess að þeir þurfi að fara fram á það.

8. Aðildarríki sem hafa kosið að kveða á um ráðstafanir samkvæmt 3., 5. eða 6. mgr. skulu tilgreina skilyrði fyrir framkvæmd þessara ráðstafana í lögum eða stjórnsýslu-fyrirmælum, með hliðsjón af lögum Sambandsins. Aðildarríki geta takmarkað gildissvið þeirra, t.d. við tilteknar tegundir samninga, tiltekna flokka samningsstofnana eða rekstraraðila eða við tilteknar fjárhæðir.

89. gr.

Breyting samninga á gildistíma þeirra

1. Samningum og rammasamningum getur verið breytt án þess að nýtt innkaupaferli fari fram í samræmi við þessa tilskipun í sérhverju eftirfarandi tilvika:

a) án tillits til verðgildis þeirra þegar kveðið hefur verið á um breytingarnar í upphaflegu útboðsgögnunum í skýrum, nákvæmum og ótvíræðum endurskoðunarákvæðum sem geta haft að geyma ákvæði um endurskoðun verðs eða valmöguleika. Í slíkum ákvæðum skal tilgreina umfang og eðli mögulegra breytinga eða valmöguleika auk skilyrðanna fyrir notkun þeirra. Þau skulu ekki kveða á um breytingar eða valmöguleika sem myndu breyta eðli samningsins eða rammasamningsins í heild,

b) þegar um er að ræða viðbótarverk, -þjónustu eða -vörur af hálfu upprunalega verktakans, óháð verðmæti þeirra, sem hafa orðið nauðsynleg og voru ekki hluti af upphaflegu innkaupunum, þegar breyting á verktaka:

   i. getur ekki átt sér stað af efnahagslegum eða tæknilegum ástæðum, svo sem kröfum um skiptihæfi eða rekstrarsamhæfi við tækjabúnað, hugbúnaðar, þjónustu eða uppsetningar sem keyptar voru á grundvelli upphaflegu innkaupanna og

   ii. myndi valda verulegu óhagræði eða talsverðri tvítekningu kostnaðar samningsstofnunarinnar,

c) þegar öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

   i. þörfin til breytinga kom til vegna aðstæðna sem samningsstofnun sem sýnir kostgæfni gat ekki séð fyrir,

   ii. breytingarnar hafa ekki áhrif á eðli samningsins í heild,

d) þegar nýr verktaki kemur í stað þess sem samningsstofnunin hafði upphaflega gert samning við vegna:

   i. beitingar ótvíræðs ákvæðis um endurskoðun eða valmöguleika í samræmi við a-lið,

ii. þess að annar rekstraraðili, sem uppfyllir forsendur hæfismiðaðs vals sem upphaflega var komið á, gengur inn í stöðu upphaflegs verktaka í heild eða að hluta í kjölfar endurskipulagningar fyrirtækis, þ.m.t. yfirtöku, samruna, kaupa eða ógjaldfærni, að því tilskildu að þetta hafi ekki í för með sér aðrar verulegar breytingar á samningnum og sé ekki gert í þeim tilgangi að sniðganga beitingu þessarar tilskipunar eða

iii. þess að samningsstofnunin sjálf tekur við skyldum aðalverktakans gagnvart undirverktökum hans þar sem kveðið er á um þann möguleika í landslögum í samræmi við 88. gr.,

e) þegar breytingarnar, óháð verðmæti þeirra, eru ekki verulegar í skilningi 4. mgr.

Samningsstofnanir sem hafa breytt samningi í þeim tilvikum sem sett eru fram í b- og c-lið þessarar málsgreinar skulu birta tilkynningu þess efnis í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Slíkar tilkynningar skulu hafa að geyma upplýsingarnar sem settar eru fram í XVI. viðauka og skulu birtar í samræmi við 71. gr.

2. Enn fremur, og án þess að þörf sé á að skýra hvort skilyrðin sem sett eru fram í a- til d-lið 4. mgr. séu uppfyllt, er einnig heimilt að breyta samningum án þess að nýtt innkaupaferli fari fram í samræmi við þessa tilskipun þegar verðgildi breytinganna er lægra en sem nemur eftirfarandi verðgildum:

i. viðmiðunarfjárhæðunum sem settar eru fram í 15. gr. og

ii. 10% af upphaflegu verðmæti þjónustu- og vörusamninga og lægra en 15% af upphaflegu verðmæti verksamninga.

Hins vegar mega breytingarnar ekki hafa áhrif á eðli samningsins eða rammasamningsins í heild. Þegar nokkrar breytingar eru gerðar í röð, hver á eftir annarri, skal meta verðmæti þeirra á grundvelli hreins uppsafnaðs verðmætis breytinganna.

3. Að því er varðar útreikning verðsins sem um getur í 2. mgr. skal uppfært verð vera viðmiðunargildi þegar samningurinn hefur að geyma verðbótaákvæði.

4. Breyting á samningi eða rammasamningi á gildistíma þeirra skal talin veruleg í skilningi e-liðar 1. mgr. þegar hún gerir samninginn eða rammasamninginn annars efnis en þann sem upphaflega var gerður. Breyting skal ávallt, með fyrirvara um 1. og 2. mgr., teljast veruleg þegar eitt eða fleiri eftirfarandi skilyrða eru uppfyllt:

a) breytingin hefur í för með sér skilyrði sem, hefðu þau verið hluti af upphaflega innkaupaferlinu, hefðu gert öðrum umsækjendum kleift að vera með í því en þeim sem upphaflega voru valdir eða gert samþykkt annars tilboðs en þess, sem var upphaflega samþykkt, mögulegt eða dregið viðbótarþátttakendur að innkaupaferlinu,

b) breytingin breytir efnahagslegu jafnvægi samningsins eða rammasamningsins í þágu verktakans með hætti sem ekki var gert ráð fyrir í upphaflega samningnum eða rammasamningnum,

c) breytingin víkkar verulega út gildissvið samningsins eða rammasamningsins,

d) nýr verktaki kemur í stað þess sem samningsstofnunin hafði upphaflega gert samning við, í öðrum tilvikum en þeim sem kveðið er á um í d-lið 1. mgr.

5. Krafist skal nýs innkaupaferlis í samræmi við þessa tilskipun fyrir aðrar breytingar á ákvæðum samnings um verk, vöru eða þjónustu eða rammasamnings á meðan gildistíma hans stendur en þær sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr.

90. gr.

Slit samninga

Aðildarríkin skulu tryggja að samningsstofnanir hafi möguleika á að slíta samningi um verk, vöru eða þjónustu meðan á gildistíma hans stendur, a.m.k. við eftirfarandi aðstæður og samkvæmt þeim skilyrðum sem kveðið er á um í gildandi landslögum:

a) ef gerð hefur verið veruleg breyting á samningnum sem hefði átt að leiða til nýs innkaupaferlis í samræmi við 89. gr.,

b) ef verktakinn var, á þeim tíma þegar samningurinn var gerður, í einhverri þeirri stöðu sem um getur í 1. mgr. 57. gr. tilskipunar 2014/24/ESB og hefði því átt að vera útilokaður frá innkaupaferlinu samkvæmt annarri undirgrein 1. mgr. 80. gr. þessarar tilskipunar,

c) ef ekki hefði átt að gera samninginn við verktakann í ljósi alvarlegs brots á skyldum samkvæmt sáttmálunum og þessari tilskipun sem lýst hefur verið yfir af Evrópudómstólnum með málsmeðferð skv. 258. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

III. BÁLKUR

SÉRSTAKT INNKAUPAFYRIRKOMULAG

I. KAFLI

Félagsþjónusta og önnur sértæk þjónusta

91. gr.

Gerð samninga um félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu

Samningar um félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu, sem talin er upp í XVII. viðauka, skulu gerðir í samræmi við þennan kafla ef verðmæti samninganna er jafnhátt eða hærra en viðmiðunarfjárhæðin í c-lið 15. gr.

92. gr.

Birting tilkynninga

1. Samningsstofnanir, sem hafa í hyggju að gera samning um þá þjónustu sem um getur í 91. gr., skulu láta vita um fyrirætlan sína með einhverjum þeim hætti sem hér segir:

a) með útboðstilkynningu, eða

b) með reglubundinni kynningartilkynningu sem skal birt endurtekið. Í reglubundnu kynningartilkynningunni skal vísað sérstaklega til þeirrar tegundar þjónustu sem gera á samninga um. Þar skal koma fram að samningarnir verði gerðir án frekari birtingar og áhugasömum rekstraraðilum boðið að láta áhuga sinn í ljós skriflega, eða

c) með tilkynningu um að hæfismatskerfi sé fyrir hendi sem skal birt endurtekið.

Fyrsta undirgrein skal þó ekki gilda þar sem hefði verið hægt að nota samningskaup án undangengins útboðs, í samræmi við 50. gr., við gerð opinbers þjónustusamnings.

2. Samningsstofnanir, sem hafa gert samning um þá þjónustu sem um getur í 91. gr., skulu láta vita um niðurstöðuna með tilkynningu um samningsgerð. Þau hafa þó heimild til að safna slíkum tilkynningum saman og senda þær ársfjórðungslega. Í því tilviki skulu þau senda samsafnaðar tilkynningar innan 30 daga frá lokum hvers ársfjórðungs.

3. Tilkynningarnar, sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, skulu innihalda upplýsingarnar sem um getur í XVIII. viðauka, í A-, B-, C- eða D-hluta, eftir því sem við á, í samræmi við stöðluð eyðublöð tilkynninga. Framkvæmdastjórnin skal taka upp þessi stöðluðu eyðublöð með framkvæmdargerðum. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem um getur í 105. gr.

4. Tilkynningarnar, sem um getur í þessari grein, skulu birtar í samræmi við 71. gr.

93. gr.

Meginreglur um val tilboða

1. Aðildarríkin skulu setja landsreglur um gerð samninga sem heyra undir þennan kafla til að tryggja að samningsstofnanir uppfylli meginreglur um gagnsæi og jafna meðferð rekstraraðila. Aðildarríkjunum er frjálst að ákveða hvaða málsmeðferðarreglur gilda svo lengi sem slíkar reglur gera samningsstofnunum kleift að taka tillit til sérstakra eiginleika þjónustunnar sem um er að ræða.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að samningsstofnanir geti tekið tillit til þarfarinnar á að tryggja gæði, samfellu, aðgengi að, viðráðanlegt verð á, framboð á og heildstæði þjónustunnar, sérþarfa mismunandi flokka notenda, þ.m.t. illra settra og berskjaldaðra hópa, aðkomu og valdeflingar notenda og nýsköpunar. Aðildarríkin geta einnig kveðið á um að val á þjónustuveitanda fari fram á grundvelli þess tilboðs sem býður besta hlutfall milli verðs og gæða að teknu tilliti til gæða- og sjálfbærniviðmiðana fyrir félagsþjónustu.

94. gr.

Samningar bundnir við ákveðna hópa um tiltekna þjónustu

1. Aðildarríkin geta kveðið á um að samningsstofnunum sem eru samningsyfirvöld sé heimilt að binda við stofnanir réttinn til þátttöku í útboðum vegna opinberra samninga eingöngu á sviði þeirrar heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu og þjónustu á sviði menningarmála sem um getur í 91. gr. og heyrir undir CPV-kóðana 75121000-0, 75122000-7, 75123000-4, 79622000-0, 79624000-4, 79625000-1, 80110000-8, 80300000-7, 80420000-4, 80430000-7, 80511000-9, 80520000-5, 80590000-6, frá 85000000-9 til 85323000-9, 92500000-6, 92600000-7, 98133000-4, 98133110-8.

2. Stofnun, sem um getur í 1. mgr., skal uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

a) hafa það að markmiði að veita opinbera þjónustu sem tengist veitingu þeirrar þjónustu sem um getur í 1. mgr.,

b) hagnaður er endurfjárfestur í þágu markmiða stofnunarinnar. Ef hagnaði er úthlutað eða endurúthlutað ætti það að byggjast á þátttökusjónarmiðum,

c) stjórnskipulag eða eignarhaldsfyrirkomulag stofnunarinnar sem framkvæmir samninginn byggist á meginreglunum um eignarhald starfsmanna eða þátttöku, eða krefst virkrar þátttöku starfsmanna, notenda eða hagsmunaaðila, og

d) hlutaðeigandi samningsyfirvald hefur ekki gert samning við stofnunina um viðkomandi þjónustu samkvæmt þessari grein á síðustu þremur árum.

3. Hámarksgildistími samningsins skal ekki vera lengri en þrjú ár.

4. Í útboðsauglýsingu skal vísað til þessarar greinar.

5. Þrátt fyrir 108. gr. skal framkvæmdastjórnin meta áhrif þessarar greinar og leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 18. apríl 2019.

II. KAFLI

Reglur um hönnunarsamkeppnir

95. gr.

Gildissvið

1. Þessi kafli gildir um hönnunarsamkeppni, sem efnt er til sem hluta af innkaupaferli fyrir þjónustusamninga, að því tilskildu að áætlað verðmæti samningsins án virðisaukaskatts, að meðtöldum hvers konar verðlaunum eða greiðslum til þátttakenda, sé jafnt og eða meira en sú fjárhæð sem er sett fram í a-lið 15. gr.

2. Þessi kafli gildir um allar hönnunarsamkeppnir þar sem heildarfjárhæð keppnisverðlauna og greiðslna til þátttakenda, þ.m.t. áætlað verðmæti þjónustusamnings, sem kann að verða gerður síðar skv. j-lið 50. gr., án virðisaukaskatts ef samningsstofnunin útilokar ekki slíka samningsgerð í samkeppnistilkynningunni, er jöfn eða hærri en sú fjárhæð sem er sett fram í a-lið 15. gr.

96. gr.

Tilkynningar

1. Samningsstofnanir, sem hyggjast halda hönnunarsamkeppni, skulu bjóða hana út með tilkynningu um samkeppni.

Hafi þær í hyggju að gera þjónustusamning síðar, í samræmi við j-lið 50. gr., skal það koma fram í tilkynningunni um hönnunarsamkeppnina.

Samningsstofnanir, sem hafa haldið hönnunarsamkeppni, skulu láta vita um úrslitin með tilkynningu.

2. Í samkeppnistilkynningu skulu koma fram þær upplýsingar sem um getur í XIX. viðauka og í tilkynningu um úrslit hönnunarsamkeppni skulu koma fram upplýsingarnar sem um getur í XX. viðauka á stöðluðum eyðublöðum. Framkvæmdastjórnin skal taka upp þessi stöðluðu eyðublöð með framkvæmdargerðum. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem um getur í 105. gr.

Senda skal tilkynningu um úrslit hönnunarsamkeppni til útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins innan 30 daga frá því að hönnunarsamkeppni lýkur.

Ef afhending upplýsinga um niðurstöður hönnunarsamkeppni kynni að hindra framkvæmd laga, ganga gegn almannahagsmunum eða gæti skaðað lögmæta viðskiptahagsmuni tiltekinna, opinberra eða einkarekinna rekstraraðila eða réttmæta samkeppni milli rekstraraðila er heimilt að birta ekki slíkar upplýsingar.

3. Ákvæði 2.–6. mgr. 71. gr. gilda einnig um tilkynningar sem tengjast hönnunarsamkeppni.

97. gr.

Reglur um tilhögun hönnunarsamkeppni, val þátttakenda og dómnefnd

1. Þegar hönnunarsamkeppnir eru haldnar skulu samningsstofnanir nota aðferðir sem eru lagaðar að I. bálki og þessum kafla.

2. Aðgangur að hönnunarsamkeppnum má ekki takmarkast við:

a) yfirráðasvæði eða hluta af yfirráðasvæði aðildarríkis,

b) það að þátttakendur séu annaðhvort einstaklingar eða lögaðilar þótt þess kunni að vera krafist í lögum aðildarríkisins þar sem samkeppnin er haldin.

3. Ef hönnunarsamkeppni er bundin við takmarkaðan fjölda þátttakenda skulu samningsstofnanir setja skýrar hæfiskröfur án mismununar. Umsækjendur, sem boðin er þátttaka, skulu ætíð vera nægilega margir til að tryggja raunverulega samkeppni.

4. Dómnefnd skal aðeins skipuð einstaklingum sem eru óháðir þátttakendum í samkeppninni. Ef tiltekinnar, faglegrar menntunar og hæfis er krafist af þátttakendum í samkeppni skal a.m.k. einn þriðji hluti dómnefndarmanna hafa sömu eða sambærilega menntun og hæfi.

98. gr.

Ákvarðanir dómnefndar

1. Dómnefndin skal vera sjálfstæð í ákvörðunum og áliti sínu.

2. Hún skal rannsaka áætlanir og verkefni, sem umsækjendur leggja fram, undir nafnleynd og eingöngu á grundvelli forsendna sem eru tilgreindar í tilkynningu um samkeppni.

3. Dómnefndin skal skrá flokkun sína á tillögum, eftir kostum þeirra, í skýrslu sem nefndarmenn undirrita ásamt athugasemdum nefndarinnar og þeim atriðum sem kunna að þarfnast skýringar.

4. Halda skal nafnleynd þar til álit eða ákvörðun dómnefndar liggur fyrir.

5. Umsækjendum kann að vera boðið, ef þörf krefur, að svara spurningum sem dómnefndin hefur skráð í fundargerð til að skýra einhverja þætti tillagnanna.

6. Rita skal ítarlega fundargerð af viðræðum dómnefndarmanna og umsækjenda.

IV. BÁLKUR

STJÓRNUNARHÆTTIR

99. gr.

Framfylgd

1. Til þess að tryggja rétta og skilvirka framkvæmd með skilvirkum hætti skulu aðildarríkin tryggja að eitt eða fleiri yfirvöld, aðilar eða stofnanir framkvæmi a.m.k. þau verkefni sem sett eru fram í þessari grein. Þau skulu skýra framkvæmdastjórninni frá öllum yfirvöldum eða stofnunum sem eru bærar til að sinna þessum verkefnum.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að eftirlit sé haft með beitingu reglna um opinber innkaup.

Þegar eftirlitsyfirvöld eða stofnanir uppgötva, að eigin frumkvæði eða að fengnum upplýsingum þar um, tiltekin brot eða kerfislæg vandamál, skulu þau hafa vald til að upplýsa landsbundin endurskoðunaryfirvöld, dómstóla eða önnur viðeigandi yfirvöld eða stofnanir, svo sem umboðsmann, þjóðþing eða nefndir, um þau.

3. Niðurstöður eftirlitsaðgerða samkvæmt 2. mgr. skulu gerðar aðgengilegar almenningi með viðeigandi upplýsingaleiðum. Niðurstöðurnar skulu enn fremur látnar framkvæmdastjórninni í té. Til dæmis má fella þær inn í eftirlitsskýrslurnar sem um getur í annarri undirgrein þessarar málsgreinar.

Eigi síðar en 18. apríl 2017 og á þriggja ára fresti eftir það skulu aðildarríkin leggja eftirlitsskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina með upplýsingum, ef við á, um algengustu ástæður rangrar beitingar eða réttaróvissu, þ.m.t. hugsanleg kerfislæg eða viðvarandi vandamál við beitingu reglnanna, um þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja í opinberum innkaupum og um að koma í veg fyrir, greina og tilkynna á viðeigandi hátt um tilvik um svik, spillingu, hagsmunaárekstra og alvarlegar misfellur í tengslum við útboð.

Framkvæmdastjórnin getur, þó ekki oftar en á þriggja ára fresti, óskað eftir því að aðildarríkin leggi fram upplýsingar um framkvæmd landsbundinna áætlana um opinberar innkaupastefnur í reynd.

Að því er varðar þessa málsgrein skulu „lítil og meðalstór fyrirtæki“ teljast skilgreind á sama hátt og í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB ([44]).

Á grundvelli gagna sem berast samkvæmt þessari málsgrein skal framkvæmdastjórnin reglulega gefa út skýrslu um framkvæmd landsbundinna stefna á sviði opinberra innkaupa og bestu starfsvenjur varðandi þær á innri markaðnum.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að:

a) upplýsingar og leiðbeiningar um túlkun og beitingu laga Sambandsins um opinber innkaup séu tiltækar án endurgjalds til að aðstoða samningsyfirvöld og rekstraraðila, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki, við rétta beitingu á reglum Sambandsins um opinber innkaup, og

b) stuðningur sé fyrir hendi fyrir samningsyfirvöld að því er varðar skipulagningu og framkvæmd innkaupaferla.

5. Aðildarríkin skulu, án þess að það hafi áhrif á almennar málsmeðferðarreglur og vinnuaðferðir sem framkvæmdastjórnin hefur komið á fyrir samskipti sín og tengsl við aðildarríkin, tilnefna tengilið fyrir samstarf við framkvæmdastjórnina að því er varðar beitingu löggjafar um opinber innkaup.

([44]) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 6. maí 2003 um skilgreininguna á örfyrirtækjum, litlum fyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum (Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36).

6. Samningsyfirvöld skulu, a.m.k. á gildistíma samnings, geyma afrit af öllum gerðum samningum að verðmæti sem nemur eftirfarandi fjárhæðum eða hærra:

a) 1 000 000 evrur, þegar um er að ræða vöru- eða þjónustusamninga,

b) 10 000 000 evrur þegar um er að ræða verksamninga.

Samningsyfirvöld skulu veita aðgang að þessum samningum; þó er heimilt að synja um aðgang að tilteknum skjölum eða upplýsingaatriðum að því marki og með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í gildandi reglum Sambandsins eða reglum í hverju aðildarríki fyrir sig um aðgang að skjölum og gagnavernd.

100. gr.

Stakar skýrslur um innkaupaferli vegna samninga

1. Samningsstofnanir skulu geyma viðeigandi upplýsingar um hvern samning eða rammasamning sem fellur undir þessa tilskipun og hvert skipti sem gagnvirku innkaupakerfi er komið á laggirnar. Þessar upplýsingar skulu nægja til að þær geti síðar fært rök fyrir ákvörðunum sem eru teknar í tengslum við:

a) hæfismatið og val rekstraraðila og gerð samninga,

b) notkun samningskaupa án undangenginnar útboðsauglýsingar í skilningi 50. gr.,

c) að beita ekki II.–IV. kafla II. bálks með skírskotun í undanþágur sem kveðið er á um í II. og III. kafla I. bálks,

d) ef nauðsyn krefur, ástæður fyrir því að notaðar hafa verið aðrar samskiptaaðferðir en rafrænar við framlagningu rafrænna tilboða.

Að svo miklu leyti sem tilkynningin um samningsgerð, sem gerð er skv. 70. gr. eða 2. mgr. 92. gr., inniheldur upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt þessari málsgrein, er samningsstofnunum heimilt að vísa til þeirrar tilkynningar.

2. Samningsstofnanir skulu skrá framvindu allra innkaupaferla, hvort sem þau eru rafræn eða ekki. Í því skyni skulu þau sjá til þess að geymd séu fullnægjandi gögn til að rökstyðja ákvarðanir sem teknar eru á öllum stigum innkaupaferlisins, s.s. gögn um samskipti við rekstraraðila og innri umfjöllun, samningu útboðsgagna, viðræður eða samningsviðræður, ef einhverjar eru, val og gerð samnings. Gögnin skulu geymd í a.m.k. þrjú ár frá dagsetningu ákvörðunar um samningsgerð.

3. Upplýsingarnar eða gögnin, eða helstu þættir þeirra, skulu send framkvæmdastjórninni eða landsyfirvöldum, aðilum eða stofnunum sem um getur í 99. gr., fari þau fram á það.

101. gr.

Skýrslugjöf innanlands og tölfræðilegar upplýsingar

1. Framkvæmdastjórnin skal fara yfir gæði og heilleika þeirra upplýsinga sem lesa má út úr tilkynningunum sem um getur í 67.–71. gr., 92. og 96. gr. og sem birtar eru í samræmi við IX. viðauka.

Ef gæði og heilleiki gagnanna sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar er ekki í samræmi við þær skyldur, sem mælt er fyrir um í 67. gr. (1. mgr.), 68. gr. (1. mgr.), 69. gr., 70. gr. (1. mgr.), 92. gr. (3. mgr.) og 96. gr. (2. mgr.), skal framkvæmdastjórnin óska eftir frekari upplýsingum frá hlutaðeigandi aðildarríki. Hlutaðeigandi aðildarríki skal láta í té þær tölfræðilegu upplýsingar sem upp á vantar og framkvæmdastjórnin óskaði eftir innan hæfilegs tíma.

2. Eigi síðar en 18. apríl 2017 og á þriggja ára fresti eftir það skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni skýrslu með tölfræðilegum upplýsingum um innkaup, sem hefðu heyrt undir þessa tilskipun hefði verðmæti þeirra farið yfir viðeigandi viðmiðunarfjárhæð sem mælt er fyrir um í 15. gr., og skal koma fram í henni mat á samanlögðu heildarverðmæti slíkra innkaupa á tímabilinu sem um er að ræða. Matið getur einkum verið byggt á gögnum sem tiltæk eru vegna landsbundinna krafna um birtingu eða á mati byggðu á úrtaki.

Skýrslan má vera hluti af skýrslunni sem um getur í 3. mgr. 99. gr.

102. gr.

Samvinna á sviði stjórnsýslu

1. Aðildarríkin skulu veita hvert öðru gagnkvæma aðstoð og gera ráðstafanir um skilvirka samvinnu sín á milli í því skyni að skiptast á upplýsingum um þau málefni sem um getur í 62., 81. og 84. gr. Þau skulu tryggja að farið verði með upplýsingarnar sem þau skiptast á sem trúnaðarmál.

2. Lögbær yfirvöld allra hlutaðeigandi aðildarríkja skulu skiptast á upplýsingum í samræmi við þær reglur um vernd persónuupplýsinga sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ([45]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB ([46]).

3. Til að prófa hentugleika upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn (IM-upplýsingakerfisins), sem komið var á fót með reglugerð (ESB) nr. 1024/2012, til að skiptast á upplýsingum sem heyra undir þessa tilskipun, skal hleypa af stokkunum tilraunaverkefni eigi síðar en 18. apríl 2015.

V. BÁLKUR

FRAMSELT VALD, FRAMKVÆMDARVALD OG LOKAÁKVÆÐI

103. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sbr. þó skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til óákveðins tíma til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 4., 17., 40., 41., 76. og 83. gr., frá 17. apríl 2014.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 4., 17., 40., 41., 76. og 83. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 4., 17., 40., 41., 76. og 83. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

104. gr.

Flýtimeðferð

1. Framseldar gerðir, sem samþykktar eru samkvæmt þessari grein, skulu öðlast gildi án tafar og gilda svo lengi sem engin andmæli eru lögð fram í samræmi við 2. mgr. Í tilkynningu til Evrópuþingsins og ráðsins um framselda gerð skal taka fram ástæður þess að flýtimeðferðinni er beitt.

2. Evrópuþingið eða ráðið getur andmælt framseldri gerð í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 5. mgr. 103. gr. Í slíku tilviki skal framkvæmdastjórnin fella gerðina tafarlaust úr gildi í kjölfar tilkynningar um ákvörðun Evrópuþingsins eða ráðsins um andmæli.

105. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar ráðgjafanefndar um opinber innkaup sem komið var á fót með 1. gr. ákvörðunar 71/306/EBE ([47]). Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

106. gr.

Lögleiðing og umbreytingarákvæði

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 18. apríl 2016. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ráðstafana.

([45]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

([46]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti) (Stjtíð. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37).

([47]) Ákvörðun ráðsins 71/306/EBE frá 26. júlí 1971 um stofnun ráðgjafarnefndar um opinbera verksamninga (Stjtíð. EB L 185, 16.8.1971, bls. 15).

2. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar er aðildarríkjunum heimilt að fresta beitingu 1. mgr. 40. gr. til 18. október 2018, nema skylt sé að nota rafrænar aðferðir skv. 52., 53. eða 54. gr., 55. gr. (3. mgr.), 71. gr. (2. mgr.) eða 73. gr.

Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar mega aðildarríkin fresta beitingu 1. mgr. 40. gr. að því er varðar miðlægar innkaupastofnanir skv. 3. mgr. 55. gr. til 18. apríl 2017.

Kjósi aðildarríki að fresta beitingu 1. mgr. 40. gr. skal það aðildarríki kveða á um að samningsstofnanir geti valið á milli þess að nota eftirfarandi samskiptaaðferðir við öll samskipti og upplýsingaskipti:

a) rafrænar aðferðir í samræmi við 40. gr.,

b) póst eða annan viðeigandi miðil,

c) bréfasíma,

d) sambland af þessum aðferðum.

3. Þegar aðildarríkin samþykkja ráðstafanirnar sem um getur í 1. og 2. mgr. skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

107. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 2004/17/EB er felld úr gildi frá og með 18. apríl 2016.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í XXI. viðauka.

108. gr.

Athugun

Framkvæmdastjórnin skal athuga efnahagsleg áhrif notkunar þeirra viðmiðunarfjárhæða sem settar eru fram í 15. gr. á innri markaðinn, einkum að því er varðar þætti svo sem gerð samninga yfir landamæri og viðskiptakostnað og gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um málið fyrir 18. apríl 2019.

Framkvæmdastjórnin skal, þegar það er hægt og við hæfi, taka til skoðunar að leggja til að viðmiðunarfjárhæðir sem eiga við samkvæmt samningnum um opinber innkaup verði hækkaðar í næstu viðræðum. Verði einhver breyting á þeim viðmiðunarfjárhæðum sem eiga við samkvæmt samningnum um opinber innkaup, skal tillaga að nýrri löggjöf um breytingar á viðmiðunarfjárhæðunum, sem settar eru fram í þessari tilskipun, fylgja skýrslunni, þar sem við á.

109. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

110. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 26. febrúar 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
M. SCHULZ	D. KOURKOULAS
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR STARFSEMI SEM UM GETUR Í A-LIÐ 2. LIÐAR 2. GR.

Ef mismunandi túlkun er á CPV og NACE gildir CPV-flokkunarkerfið.

Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE) ([1])					CPV-kóði
BÁLKUR F			BYGGINGARSTARFSEMI		
Deild	Flokkur	Grein	Viðfangsefni	Athugasemdir	
45			Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	Til þessarar deildar telst: smíði nýrra húsa og annarra bygginga, endurbyggingar og almennar viðgerðir.	45000000
	45.1		Undirbúningsvinna á byggingarsvæði		45100000
		45.11	Niðurrif bygginga; jarðvegsvinna	Til þessarar greinar telst: — niðurrif bygginga og annarra mannvirkja, — hreinsun byggingarsvæða, — jarðvegsvinna: uppgröftur, uppfylling, jöfnun lands og sléttun byggingarsvæða, skurðgröftur, grjóthreinsun, sprengingar o.s.frv., — undirbúningur námusvæðis: — fjarlæging yfirborðsjarðvegs og önnur vinna og undirbúningur námusvæðis. Til þessarar greinar telst einnig: — framræsla byggingarsvæða, — framræsla lands til ræktunar- eða skógarnytja.	45110000
		45.12	Tilraunaboranir og borvinna	Til þessarar greinar telst: — boranir og taka borkjarna í tilraunaskyni í tengslum við byggingar, jarðeðlisfræðilegar og jarðfræðilegar athuganir eða í öðrum svipuðum tilgangi. Til þessarar greinar telst ekki: — boranir brunna vegna olíu- eða jarðgasvinnslu, sjá 11.20, — boranir fyrir vatnsbrunnum, sjá 45.25, — boranir námustokka, sjá 45.25, — olíu- og jarðgasleit, rannsóknir á sviði jarðeðlisfræði og jarðfræði- og jarðskjálftarannsóknir, sjá 74.20.	45120000

Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE) [1]					CPV-kóði
BÁLKUR F			BYGGINGARSTARFSEMI		
Deild	Flokkur	Grein	Viðfangsefni	Athugasemdir	
	45.2		Smíði bygginga eða hluta þeirra; mannvirkjagerð		45200000
		45.21	Bygging húsnæðis og önnur mannvirkjagerð	Til þessarar greinar telst: — smíði hvers konar húsnæðis og mannvirkjagerð, — brúarsmíði, þ.m.t. vegna uppbyggðra þjóðvega, brúarvega, ganga og undirganga, — lagning leiðslu- og veitukerfa, fjarskiptaleiðslna og raflína um langan veg, — lagning leiðslna, fjarskiptaleiðslna og raflína í þéttbýli, — tengd starfsemi í þéttbýli, — samsetning og uppsetning forsmíðaðra bygginga á byggingarlóð. Til þessarar greinar telst ekki: — þjónustustarfsemi sem tengist olíu- og jarðgasvinnslu, sjá 11.20, — uppsetning fullbúinna, forsmíðaðra bygginga, sem eru smíðaðar úr hlutum, ekki úr steinsteypu, sem eru eigin framleiðsla, sjá 20., 26. og 28. deild, — byggingarframkvæmdir, aðrar en bygging húsnæðis, í tengslum við leikvanga, sundlaugar, íþróttahús, tennisvelli, golfvelli og önnur íþróttamannvirki, sjá 45.23, — lagnavinna, sjá 45.3, — frágangur bygginga, sjá 45.4, — starfsemi arkitekta og verkfræðinga, sjá 74.20, — verkefnastjórnun við byggingarframkvæmdir, sjá 74.20.	45210000 undanskilið: – 45213316 45220000 45231000 45232000
		45.22	Uppsetning þakklæðninga og þakburðarvirkja	Til þessarar greinar telst: — uppsetning þaks, — þakklæðning, — vatnsþétting.	45261000

Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE) [1]					CPV-kóði
BÁLKUR F			BYGGINGARSTARFSEMI		
Deild	Flokkur	Grein	Viðfangsefni	Athugasemdir	
		45.23	Gerð þjóðvega, vega, flugvalla og íþróttamannvirkja	Til þessarar greinar telst: — gerð þjóðvega, gatna, vega og annarra aksturs- og gangbrauta, — lagning járnbrauta, — lagning flugbrauta, — byggingarframkvæmdir, aðrar en bygging húsnæðis, í tengslum við leikvanga, sundlaugar, íþróttahús, tennisvelli, golfvelli og önnur íþróttamannvirki, — merkingar á vegum og bifreiðastæðum. Til þessarar greinar telst ekki: — undirbúningsjarðvegsvinna, sjá 45.11.	45212212 og DA03 45230000 undanskilið: – 45231000 – 45232000 – 45234115
		45.24	Gerð vatnsmannvirkja	Til þessarar greinar telst: — gerð: — vatnaleiða, hafna og flóðgarða, smábátahafna, skipastiga o.s.frv., — stíflna og ræsa, — uppmokstur, — vinna undir vatnsyfirborði.	45240000
		45.25	Önnur sérhæfð byggingarstarfsemi	Til þessarar greinar telst: — byggingarstarfsemi sem er sérhæfð á einu sviði sem er sameiginlegt með ólíkum tegundum mannvirkja og krefst sérstakrar hæfni eða sérstaks búnaðar, — vinna við grunna, þ.m.t. að reka niður burðarstólpa, — borun og bygging vatnsbrunna, borun námustokka, — uppsetning stáleininga sem eru ekki eigin framleiðsla, — járnabindingar, — múrhleðsla og steinlögn,	45250000 45262000

Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE) [1]					CPV-kóði
BÁLKUR F			BYGGINGARSTARFSEMI		
Deild	Flokkur	Grein	Viðfangsefni	Athugasemdir	
				— að setja upp og taka sundur verk- og vinnupalla, þ.m.t. leiga á slíkum pöllum, — uppsetning reykháfa og iðnaðarofna. Til þessarar greinar telst ekki: — leiga á verkpöllum án þess að setja þá upp og taka í sundur, sjá 71.32.	
	45.3		Lagnavinna		45300000
		45.31	Uppsetning raflagna og raftengja	Til þessarar greinar telst: — uppsetning í byggingar eða önnur mannvirki: — raflagnir og raftengi, — fjarskiptakerfi, — rafhitunarkerfi, — loftnet fyrir íbúðarhús, — brunaboðar, — þjófavarnarkerfi, — lyftur og rúllustigar, — eldingavarar o.s.frv.	45213316 45310000 undanskilið: – 45316000
		45.32	Vinna við einangrun	Til þessarar greinar telst: — uppsetning hita-, hljóð- og titringseinangrunar í byggingar og önnur mannvirki. Til þessarar greinar telst ekki: — vatnsþétting, sjá 45.22.	45320000
		45.33	Pípulagnir	Til þessarar greinar telst: — uppsetning í byggingar eða önnur mannvirki: — pípulagnir og hreinlætistæki, — gasbúnaður, — búnaður og rásir fyrir upphitun, loftræstingu, kælingu eða hitajöfnun, — úðakerfi.	45330000

Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE) [1]					CPV-kóði
BÁLKUR F			BYGGINGARSTARFSEMI		
Deild	Flokkur	Grein	Viðfangsefni	Athugasemdir	
				Til þessarar greinar telst ekki: — uppsetning rafhitunarkerfa, sjá 45.31.	
		45.34	Önnur lagnavinna	Til þessarar greinar telst: — uppsetning lýsingar- og merkjakerfa fyrir vegi, járnbrautir, flugvelli og hafnir, — uppsetning festinga og fylgihluta í byggingum og öðrum mannvirkjum, ót.a.	45234115 45316000 45340000
	45.4		Frágangur bygginga		45400000
		45.41	Múrhúðun	Til þessarar greinar telst: — múrhúðun eða pússning bygginga eða annarra mannvirkja innan- og utanhúss, þ.m.t. múrhúðunarnet eða -grindur.	45410000
		45.42	Uppsetning innréttinga	Til þessarar greinar telst: — ísetning hurða, glugga, dyra- og gluggakarma, uppsetning eldhúsinnréttinga, stiga, verslunarinnréttinga o.þ.h., úr viði eða öðrum efnum, sem ekki eru eigin framleiðsla, — frágangur innanhúss, t.d. vinna við loft, veggklæðningar úr viði, færanlega skilveggi o.s.frv. Til þessarar greinar telst ekki: — lagning parketgólfa og annarra viðargólfa, sjá 45.43.	45420000
		45.43	Lagning gólf- og veggefna	Til þessarar greinar telst: — lagning gólf- og veggefna í hús og önnur mannvirki: — keramikflísar, steyptar flísar eða skornar steinflísar fyrir veggi eða gólf, — parket og annað gólfefni úr viði, teppi og línóleumgólfdúkar, — einnig úr gúmmíi eða plasti, — terrassó, marmari, granít eða steinflögur á gólf eða veggi, — veggfóður.	45430000

Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE) [1]					CPV-kóði
BÁLKUR F			BYGGINGARSTARFSEMI		
Deild	Flokkur	Grein	Viðfangsefni	Athugasemdir	
		45.44	Málningarvinna og glerjun	Til þessarar greinar telst: — málun bygginga innanhúss og utan, — málun mannvirkja, — ísetning glers, spegla o.þ.h. Til þessarar greinar telst ekki: — ísetning glugga, sjá 45.42.	45440000
		45.45	Annar frágangur bygginga	Til þessarar greinar telst: — uppsetning einkasundlauga, — háþrýstiþvottur, sandblástur og áþekk vinna við byggingar utanhúss, — annar frágangur bygginga, ót.a. Til þessarar greinar telst ekki: — hreinsun á byggingum og öðrum mannvirkjum að innanverðu, sjá 74.70.	45212212 og DA04 45450000
	45.5		Leiga á vinnuvélum til mannvirkjagerðar eða niðurrifs með stjórnanda		45500000
		45.50	Leiga á vinnuvélum til mannvirkjagerðar eða niðurrifs með stjórnanda	Til þessarar greinar telst ekki: — leiga á vinnuvélum og búnaði til mannvirkjagerðar eða niðurrifs án stjórnanda, sjá 71.32.	45500000

([1]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 frá 9. október 1990 (Stjtíð. EB 24.10.1990, bls. 1).

II. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR RÉTTARGERÐIR SAMBANDSINS SEM UM GETUR Í 3. MGR. 4. GR.

Réttindi, sem hafa verið veitt með málsmeðferð sem tryggt hefur verið að fái nægilega kynningu og þar sem veiting réttindanna byggðist á hlutlægum viðmiðunum, teljast ekki vera „sérstök réttindi eða einkaréttur“ í skilningi 4. gr. þessarar tilskipunar. Hér á eftir eru tilgreindar málsmeðferðarreglur, sem tryggja nægilegt gagnsæi fyrir fram, um veitingu starfsleyfa á grundvelli annarra réttargerða Sambandsins, sem teljast ekki vera „sérstök réttindi eða einkaréttur“ í skilningi 4. gr. þessarar tilskipunar:

a) Veiting leyfis til að starfrækja gaslagnir í samræmi við málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 4. gr. tilskipunar 2009/73/EB.

b) Leyfi eða útboð á smíði nýs búnaðar til raforkuframleiðslu í samræmi við tilskipun 2009/72/EB.

c) Veiting leyfa, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 9. gr. tilskipunar 97/67/EB, í tengslum við póstþjónustu sem er ekki, eða verður ekki, einkaréttarbundin.

d) Málsmeðferð við veitingu leyfis til að stunda starfsemi á sviði nýtingar vetniskolefnis í samræmi við tilskipun 94/22/EB.

e) Opinberir þjónustusamningar í skilningi reglugerðar (EB) nr. 1370/2007 um framboð á þjónustu á sviði almennra farþegaflutninga með strætisvögnum, sporvögnum, lestum eða jarðlestum, sem hafa verið gerðir á grundvelli samkeppnisútboðs í samræmi við 3. mgr. 5. gr. hennar, að því tilskildu að tímalengdin sé í samræmi við 3. eða 4. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar.

III. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR RÉTTARGERÐIR SAMBANDSINS SEM UM GETUR Í 3. MGR. 34. GR.

A. **Flutningur eða dreifing á gasi eða hita**

Tilskipun 2009/73/EB

B. **Framleiðsla, flutningur eða dreifing rafmagns**

Tilskipun 2009/72/EB

C. **Framleiðsla, flutningur eða dreifing drykkjarvatns**

[Engin færsla]

D. **Samningsstofnanir á sviði járnbrautaflutninga**

Vöruflutningar með járnbrautum

Tilskipun ráðsins 2012/34/ESB

Farþegaflutningar milli landa með járnbrautum

Tilskipun ráðsins 2012/34/ESB

Farþegaflutningar innanlands með járnbrautum

[Engin færsla]

E. **Samningsstofnanir á sviði flutninga í þéttbýli með járnbrautarlestum, sporvögnum, rafknúnum strætisvögnum eða hópbifreiðum**

[Engin færsla]

F. **Samningsstofnanir á sviði póstþjónustu**

Tilskipun 97/67/EB

G. **Vinnsla olíu eða gass**

Tilskipun 94/22/EB

H. **Leit og vinnsla á kolum eða öðru eldsneyti í föstu formi**

[Engin færsla]

I. **Samningsstofnanir sem starfa á sviði hafna við sjó eða vatnaleiða eða annarrar stöðvaraðstöðu**

[Engin færsla]

J. **Samningsstofnanir sem starfa á sviði flugvallaraðstöðu**

[Engin færsla]

IV. VIÐAUKI

FRESTIR TIL AÐ SAMÞYKKJA FRAMKVÆMDARGERÐIR SEM UM GETUR Í 35. GR.

1. Framkvæmdargerðirnar, sem um getur í 35. gr., skulu samþykktar innan eftirfarandi tímabila:

   a) 90 virkra daga ef gera má ráð fyrir frjálsum aðgangi að tilteknum markaði á grundvelli fyrstu undirgreinar 3. mgr. 34. gr.,

   b) 130 virkra daga í öðrum tilvikum en þeim sem um getur í a-lið.

   Framlengja skal tímabilin, sem sett eru fram í a- og b-lið þessarar málsgreinar, um 15 daga ef beiðninni fylgir ekki rökstudd og skjalfest afstaða, samþykkt af óháðu landsyfirvaldi sem er lögbært í tengslum við viðkomandi starfsemi, þar sem gerð er ítarleg greining á skilyrðunum fyrir því að viðkomandi starfsemi falli hugsanlega undir gildissvið 1. mgr. 34. gr. í samræmi við 2. og 3. mgr. 34. gr.

   Þessir frestir skulu hefjast fyrsta virka dag eftir þann dag þegar framkvæmdastjórnin tekur á móti beiðninni, sem um getur í 1. mgr. 35. gr., eða, ef upplýsingarnar sem eiga að fylgja beiðninni eru ófullnægjandi, næsta vinnudag eftir þann dag þegar hún tekur á móti fullnægjandi upplýsingum.

   Framkvæmdastjórnin getur framlengt tímabilin, sem sett eru fram í fyrstu undirgrein, með samþykki aðildarríkisins eða samningsstofnunarinnar sem lagði fram beiðnina.

2. Framkvæmdastjórnin getur farið fram á að aðildarríki eða hlutaðeigandi samningsstofnun eða óháð landsyfirvald, sem um getur í 1. mgr., eða önnur lögbær landsyfirvöld láti í té allar nauðsynlegar upplýsingar eða bæti við eða skýri gefnar upplýsingar innan viðeigandi frests. Ef svör berast seint eða eru ófullnægjandi skulu tímabilin, sem sett eru fram í fyrstu undirgrein 1. mgr., rofin frá því að fresturinn sem tilgreindur er í beiðni um upplýsingar rennur út þar til tæmandi og réttar upplýsingar hafa borist.

V. VIÐAUKI

KRÖFUR VARÐANDI TÆKI OG BÚNAÐ FYRIR RAFRÆNA MÓTTÖKU TILBOÐA, ÞÁTTTÖKUTILKYNNINGA, UMSÓKNA UM HÆFISMAT SVO OG ÁÆTLANA OG VERKEFNA Í SAMKEPPNUM

Tæki og búnaður fyrir rafræna móttöku tilboða, þátttökutilkynninga, umsókna um hæfismat og áætlana og verkefna í samkeppnum, verða a.m.k. tryggja, að því er varðar tækni og viðeigandi aðferðir, að:

a) unnt sé að ákvarða nákvæmlega tímasetningu og dagsetningu móttöku tilboða, þátttökutilkynninga, umsókna um hæfismat svo og afhendingar áætlana og verkefna,

b) unnt sé að tryggja, með nokkurri vissu, að enginn geti fengið aðgang að gögnum, sem eru send samkvæmt þessum kröfum, áður en tilgreindur frestur rennur út,

c) aðeins aðilar, sem hafa til þess heimild, geti sett eða breytt dagsetningum fyrir opnun gagna sem berast,

d) á hinum ýmsu stigum hæfismats, innkaupaferlis eða samkeppni hafi einungis þeir aðilar, sem hafa til þess heimild, aðgang að öllum gögnum sem eru afhend, eða hluta þeirra,

e) aðeins aðilar, sem hafa til þess heimild, veiti aðgang að gögnum sem eru send og einungis eftir tilgreinda dagsetningu,

f) gögn, sem eru móttekin og opnuð í samræmi við þessar kröfur, verði ekki aðgengileg öðrum aðilum en þeim sem hafa heimild til að kynna sér þau,

g) ef aðgangsbann eða skilyrði, sem um getur í b- til f-lið, er brotið eða gerð tilraun til þess, unnt sé að tryggja með nokkurri vissu að auðvelt sé að sjá það.

VI. VIÐAUKI

A-HLUTI

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í REGLUBUNDINNI KYNNINGARTILKYNNINGU

(eins og um getur í 67. gr.)

I. **Upplýsingar sem alltaf þurfa að koma fram**

1. Nafn, auðkennisnúmer (ef kveðið er á um það í landslöggjöf), heimilisfang, þ.m.t. NUTS-kóði, símanúmer, bréfasímanúmer, tölvupóstfang og veffang samningsstofnunar, sem og samsvarandi upplýsingar um þjónustu þar sem hægt er að fá viðbótarupplýsingar.

2. Aðalstarfsemi.

3. a) Ef um er að ræða vörusamninga: eðli og umfang eða verðgildi þjónustunnar sem á að veita eða vörunnar sem á að afhenda (CPV-kóðar).

   b) Ef um er að ræða verksamninga: eðli og umfang þjónustunnar sem á að veita, almennir eiginleikar verksins eða verkhlutans (CPV-kóðar).

   c) Ef um er að ræða þjónustusamninga: fyrirhuguð heildarinnkaup í hverjum þjónustuflokki sem fyrirhugaður er (CPV-kóðar).

4. Sendingardagur tilkynningarinnar eða sendingardagur auglýsingar um birtingu þessarar tilkynningar í upplýsingaskrá kaupanda.

5. Hvers konar aðrar viðeigandi upplýsingar.

II. **Viðbótarupplýsingar sem eiga að koma fram þegar tilkynning er notuð til að kynna útboð eða gefur möguleika á að stytta frest til að taka við tilboðum (2. mgr. 67. gr.)**

6. Upplýsingar um að áhugasamir rekstraraðilar skuli greina samningsstofnun frá því ef þeir hafa áhuga á samningi eða samningum.

7. Tölvupóstfang eða veffang þar sem hægt er að fá beinan, ótakmarkaðan og fullan aðgang að skjölum varðandi útboðsskilmála án endurgjalds.

   Þegar ekki er hægt er að fá beinan, ótakmarkaðan og fullan aðgang að skjölum af ástæðum sem um getur í þriðju og fjórðu undirgrein 1. mgr. 73. gr., upplýsingar um það með hvaða hætti er hægt að nálgast útboðsgögn.

8. Tilgreina skal, eftir því sem við á, hvort samningurinn er bundinn við verndaða vinnustaði eða hvort framkvæmd hans takmarkast við áætlanir um vernduð störf.

9. Frestur til að taka á móti umsóknum um boð um að leggja fram tilboð eða ganga til samninga.

10. Hvers konar vöru á að afhenda og í hvaða magni eða almenn lýsing á verkinu eða þjónustuflokknum og lýsing þar sem tekið er fram hvort rammasamningur eða rammasamningar eru fyrirhugaðir, þ.m.t. hvers konar valmöguleikar um viðbótarkaup og áætlaður tími til að nýta þessa valmöguleika og einnig hve oft má endurnýja samninginn ef um það er að ræða. Sé um að ræða endurnýjaða samninga skal einnig tilgreina áætlaðan tíma fyrir síðari útboð. Tilgreina skal hvort leitað er eftir tilboðum um kaup, langtímaleigu, skammtímaleigu eða kaupleigu eða sambland af þessu.

11. NUTS-kóði fyrir aðalverkstað að því er varðar verk eða NUTS-kóði fyrir aðalstað þar sem afhending fer fram eða þjónusta er innt af hendi að því er varðar vöru og þjónustu; ef samningnum er skipt í hluta skal veita þessar upplýsingar fyrir hvern hluta.

12. Tilgreina skal frest til að afhenda eða ljúka við þjónustusamning eða gildistíma hans og, ef unnt er, upphafsdag.

13. Heimilisfang þangað sem fyrirtæki, sem hafa áhuga, eiga að senda skriflegar upplýsingar um áhuga sinn.

14. Frestur til að láta vita af áhuga sínum.

15. Tungumál, eitt eða fleiri, sem leyft er að nota í tilkynningum um umsækjendur eða tilboðum.

16. Fjárhagsleg og tæknileg skilyrði og fjárhagslegar og tæknilegar ábyrgðir sem krafist er af afhendingaraðilum.

17. a) Hvaða dag fyrirhugað er að hefja innkaupaferli vegna samnings eða samninga (ef það er vitað).

    b) Hvers konar innkaupaferli er valið (lokað útboð, hvort um er að ræða gagnvirkt innkaupakerfi eða ekki, eða samningskaup).

18. Sé framkvæmd samningsins sérstökum skilyrðum háð skal tilgreina það, eftir því sem við á.

19. Eftir því sem við á, upplýsingar um:

    a) hvort krafist verði rafrænnar framlagningar tilboða eða þátttökutilkynninga eða hún heimiluð,

    b) hvort rafrænar pantanir verði notaðar,

    c) hvort rafræn reikningagerð verði notuð,

    d) hvort rafræn greiðsla verði samþykkt.

20. Nafn og heimilisfang aðilans sem sér um meðferð kærumála og, ef við á, sáttameðferð. Nákvæmar upplýsingar um frest til að leggja fram kæru eða, ef þörf krefur, nafn, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang aðilans sem veitir þessar upplýsingar.

21. Viðmiðanir, sem um getur í 82. gr., sem skal beita við gerð samningsins, ef þær eru þekktar. Í öðrum tilvikum en þeim þar sem fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið er ákvarðað eingöngu á grundvelli verðs skal tilgreina forsendur fyrir fjárhagslega hagkvæmasta tilboði ásamt vægi þeirra eða, ef við á, forgangsröð eftir mikilvægi þessara forsendna, ef þær koma ekki fram í útboðsskilmálum eða boði um að staðfesta áhuga sinn, eins og um getur í b-lið 2. mgr. 67. gr., eða í boði um að leggja fram tilboð eða að ganga til samninga.

B-HLUTI

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í TILKYNNINGUM UM BIRTINGU REGLUBUNDINNAR KYNNINGARTILKYNNINGAR Í UPPLÝSINGASKRÁ KAUPANDA SEM ER EKKI NOTUÐ TIL AÐ KYNNA ÚTBOÐ

(eins og um getur í 1. mgr. 67. gr.)

1. Nafn, auðkennisnúmer (ef kveðið er á um það í landslöggjöf), heimilisfang, þ.m.t. NUTS-kóði, símanúmer, bréfasímanúmer, tölvupóstfang og veffang samningsstofnunar, sem og samsvarandi upplýsingar um þjónustu þar sem hægt er að fá viðbótarupplýsingar.

2. Aðalstarfsemi.

3. CPV-kóðar.

4. Veffang „upplýsingaskrár kaupanda“ (URL).

5. Sendingardagur auglýsingar um birtingu kynningartilkynningar í upplýsingaskrá kaupanda.

VII. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í ÚTBOÐSGÖGNUM Í TENGSLUM VIÐ RAFRÆN UPPBOÐ (4. MGR. 53. GR.)

Þegar samningsstofnanir hafa ákveðið að halda rafrænt uppboð skulu útboðsgögn a.m.k. innihalda upplýsingar um eftirfarandi:

a) þá þætti þar sem verðmætið liggur til grundvallar í rafrænu uppboði, að því tilskildu að slíkir þættir séu mælanlegir og hægt sé að setja þá fram í tölum eða hundraðshlutum,

b) hvers konar takmarkanir sem hægt er að setja á verðmæti á grundvelli mats á skilmálum er varða efni samningsins,

c) upplýsingarnar, sem bjóðendur eiga að hafa aðgang að á meðan rafræna uppboðið stendur yfir, og, eftir því sem við á, hvenær þeir fá aðgang að þeim,

d) viðeigandi upplýsingar um rafræna uppboðsferlið,

e) skilyrði sem bjóðendur verða að uppfylla til að geta lagt fram tilboð og einkum hvaða lágmarksmunar sé krafist á milli tilboða, eftir því sem við á,

f) viðeigandi upplýsingar um rafræna búnaðinn, sem notaður er, og um fyrirkomulag og tækniforskriftir fyrir tengingu við hann.

VIII. VIÐAUKI

SKILGREINING TILTEKINNA TÆKNIFORSKRIFTA

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „tækniforskrift“ merkir eitt af eftirtöldu:

a) þegar um er að ræða vöru- eða þjónustusamninga, forskrift í skjali þar sem skilgreindir eru tilskildir eiginleikar vöru eða þjónustu, s.s. tiltekin gæði, vistvænleiki og loftslagsgæði, kröfur um hönnun fyrir alla (þ.m.t. aðgengi fyrir fatlaða) og samræmismat, nothæfi, notkun vörunnar, öryggi eða umfang, þ.m.t. kröfur varðandi viðskiptaheiti, hugtök, tákn, prófanir og prófunaraðferðir, pökkun, merkingu og áletranir, notendaleiðbeiningar, framleiðsluferli og -aðferðir á öllum stigum vistferils vörunnar eða þjónustunnar og aðferðir við samræmismat,

b) þegar um er að ræða verksamninga, öll tæknileg fyrirmæli sem einkum skulu tekin fram í útboðsgögnum þar sem skilgreindir eru tilskildir eiginleikar efnis, vöru eða aðfanga, sem gera það kleift að lýsa efninu, vörunni eða aðföngunum á þann hátt að svari til þeirrar notkunar sem samningsstofnunin hefur fyrirhugað. Þessir eiginleikar taka til tiltekins vistvænleika og loftslagsgæða, krafna um hönnun fyrir alla (þ.m.t. aðgengi fyrir fatlaða) og samræmismats, nothæfis, öryggis eða umfangs, þ.m.t. aðferðir við gæðatryggingu, hugtök, tákn, prófanir og prófunaraðferðir, pökkun, merking og áletranir, leiðbeiningar um meðferð og framleiðsluferli og -aðferðir á öllum stigum vistferils verksins. Þessir eiginleikar skulu einnig taka til reglna um hönnun og kostnaðaráætlanir, skilyrða varðandi prófun, eftirlit og samþykki verka og aðferða eða byggingartækni ásamt öllum öðrum tæknilegum skilyrðum sem samningsstofnunin getur sett samkvæmt almennum eða sérstökum reglum um verk sem er að fullu lokið og efni og hluta sem til þess teljast,

2) „staðall“: tækniforskrift, sem er samþykkt af viðurkenndri staðlastofnun til endurtekinnar eða stöðugrar beitingar, án þess að skylt sé að fylgja henni, og sem er einn eftirfarandi staðla:

a) „alþjóðlegur staðall“: staðall sem er samþykktur af alþjóðlegri staðlastofnun og gerður aðgengilegur almenningi,

b) „Evrópustaðall“: staðall sem er samþykktur af evrópskri staðlastofnun og gerður aðgengilegur almenningi,

c) „landsstaðall“: staðall sem er samþykktur af landsbundinni staðlastofnun og gerður aðgengilegur almenningi,

3) „evrópskt tæknimat“: skjalfest mat á nothæfi byggingarvöru með tilliti til mikilvægra eiginleika hennar í samræmi við viðkomandi evrópskt matsskjal, eins og skilgreint er í 12. lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 ([48]),

4) „sameiginleg tækniforskrift“: tækniforskrift á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni sem mælt er fyrir um í samræmi við 13. og 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012,

5) „tækniviðmiðun“: hvers konar framleiðsla evrópskra staðlastofnana, annað en Evrópustaðlar, í samræmi við reglur sem settar eru vegna þróunar á markaðsþörfum.

([48]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 frá 9. mars 2011 um samræmd skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvara og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/106/EBE (Stjtíð. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 5).

IX. VIÐAUKI

BIRTING

1. **Birting tilkynninga**

Samningsstofnanir skulu senda þær tilkynningar, sem um getur í 67., 68., 69., 70., 92 og 96. gr., til útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins til birtingar í samræmi við eftirfarandi reglur:

a) Útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins skal birta tilkynningar, sem um getur í 67., 68., 69., 70., 92. og 96. gr., en ef um er að ræða reglubundna kynningartilkynningu, sem birtist í upplýsingaskrá kaupanda í samræmi við 1. mgr. 67. gr., skulu samningsstofnanir birta hana.

Auk þess geta samningsstofnanir birt þessar upplýsingar á Netinu í „upplýsingaskrá kaupanda“ eins og um getur í b-lið 2. liðar hér á eftir.

b) Útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins sendir samningsstofnun staðfestinguna sem um getur í annarri undirgrein 5. mgr. 71. gr.

2. **Birting viðbótarupplýsinga**

a) Þegar ekki er kveðið á um annað í þriðju og fjórðu undirgrein 1. mgr. 73. gr. skulu samningsstofnanir birta útboðsgögn í heild sinni á Netinu.

b) Upplýsingaskrá kaupanda getur innihaldið reglubundnar kynningartilkynningar, eins og um getur í 1. mgr. 67. gr., upplýsingar um yfirstandandi útboð, áformuð innkaup, gerða samninga, útboð sem er aflýst og allar gagnlegar, almennar upplýsingar, s.s. um tengilið, síma- og bréfasímanúmer, póstfang og tölvupóstfang. Upplýsingaskrá kaupanda getur einnig innihaldið reglubundnar kynningartilkynningar, til að kynna útboð, sem eru birtar á landsvísu skv. 72. gr.

3. **Snið tilkynninga og reglur um rafræna sendingu þeirra**

Upplýsingar um snið tilkynninga og reglur um rafræna sendingu þeirra samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar fást á veffanginu „http://simap.eu.int“.

X. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í TILKYNNINGU UM AÐ HÆFISMATSKERFI SÉ FYRIR HENDI

(eins og um getur í b-lið 4. mgr. 44. gr. og í 68. gr.)

1. Nafn, auðkennisnúmer (ef kveðið er á um það í landslöggjöf), heimilisfang, þ.m.t. NUTS-kóði, símanúmer, bréfasímanúmer, tölvupóstfang og veffang samningsstofnunar, sem og samsvarandi upplýsingar um þjónustu þar sem hægt er að fá viðbótarupplýsingar.

2. Aðalstarfsemi.

3. Tilgreina skal, eftir því sem við á, hvort samningurinn er bundinn við verndaða vinnustaði eða hvort framkvæmd hans takmarkast við áætlanir um vernduð störf.

4. Tilgangurinn með hæfismatskerfinu (lýsing á vörum, þjónustu eða verkum eða flokkum þeirra, sem kaupa á með hjálp kerfisins – CPV-kóðar). NUTS-kóði fyrir aðalverkstað að því er varðar verk eða NUTS-kóði fyrir aðalstað þar sem afhending fer fram eða þjónusta er innt af hendi að því er varðar vöru og þjónustu.

5. Skilyrði sem rekstraraðilar skulu uppfylla, með hliðsjón af hæfi þeirra, samkvæmt því kerfi og þeim aðferðum sem notaðar verða til að sannprófa hvort þessi skilyrði hafa verið uppfyllt. Ef lýsing á slíkum skilyrðum og sannprófunaraðferðum er mjög umfangsmikil, og byggist á skjölum sem áhugasamir rekstraraðilar hafa aðgang að, nægir samantekt á helstu skilyrðum og aðferðum og tilvísun til þessara skjala.

6. Gildistími hæfismatskerfisins og formsatriði vegna endurnýjunar þess.

7. Upplýsingar um að tilkynningin gildi sem útboðsauglýsing.

8. Heimilisfang þar sem hægt er að fá frekari upplýsingar og skjöl varðandi hæfismatskerfið (ef það er annað en heimilisfangið sem getið er í 1. lið).

9. Nafn og heimilisfang aðilans sem sér um meðferð kærumála og, ef við á, sáttameðferð. Nákvæmar upplýsingar um frest til að leggja fram kæru eða, ef þörf krefur, nafn, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang aðilans sem veitir þessar upplýsingar.

10. Viðmiðanir, sem um getur í 82. gr., sem skal beita við gerð samningsins, ef þær eru þekktar. Í öðrum tilvikum en þeim þar sem fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið er ákvarðað eingöngu á grundvelli verðs skal tilgreina forsendur fyrir fjárhagslega hagkvæmasta tilboði ásamt vægi þeirra eða, ef við á, forgangsröð eftir mikilvægi þessara forsendna, ef þær koma ekki fram í útboðsskilmálum eða í boði um að leggja fram tilboð eða að ganga til samninga.

11. Eftir því sem við á, upplýsingar um:

    a) hvort krafist verði rafrænnar framlagningar tilboða eða þátttökutilkynninga eða hún heimiluð,

    b) hvort rafrænar pantanir verði notaðar,

    c) hvort rafræn reikningagerð verði notuð,

    d) hvort rafræn greiðsla verði samþykkt.

12. Hvers konar aðrar viðeigandi upplýsingar.

XI. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í ÚTBOÐSTILKYNNINGUM

(eins og um getur í 69. gr.)

A. ALMENN ÚTBOÐ

1. Nafn, auðkennisnúmer (ef kveðið er á um það í landslöggjöf), heimilisfang, þ.m.t. NUTS-kóði, símanúmer, bréfasímanúmer, tölvupóstfang og veffang samningsstofnunar, sem og samsvarandi upplýsingar um þjónustu þar sem hægt er að fá viðbótarupplýsingar.

2. Aðalstarfsemi.

3. Tilgreina skal, eftir því sem við á, hvort samningurinn er bundinn við verndaða vinnustaði eða hvort framkvæmd hans takmarkast við áætlanir um vernduð störf.

4. Hvers eðlis samningurinn er (vörusamningur, verksamningur eða þjónustusamningur; ef við á skal tilgreina hvort um rammasamning eða gagnvirkt innkaupakerfi er að ræða), lýsing (CPV-kóðar). Ef við á, skal tilgreina hvort leitað er eftir tilboðum um kaup, langtímaleigu, skammtímaleigu eða kaupleigu eða sambland af þessu.

5. NUTS-kóði fyrir aðalverkstað að því er varðar verk eða NUTS-kóði fyrir aðalstað þar sem afhending fer fram eða þjónusta er innt af hendi að því er varðar vöru og þjónustu.

6. Vörur og verk:

   a) eðli og magn vörunnar sem á að afhenda (CPV-kóðar), þ.m.t. hvers konar valmöguleikar um viðbótarkaup og, ef unnt er, áætlaður tími til að nýta þessa valmöguleika og einnig hve oft má endurnýja samninginn ef um það er að ræða. Þegar um er að ræða endurnýjaða samninga skal einnig, ef unnt er, tilgreina áætlaða tímasetningu síðari útboða vegna vörukaupa eða hvert er eðli og umfang þjónustunnar sem á að veita og í meginatriðum hvers eðlis verkið er (CPV-kóðar),

   b) tilgreina skal hvort birgjar mega leggja fram tilboð varðandi hluta vörunnar eða alla vöruna sem ætlunin er að kaupa.

      Þegar um er að ræða verksamninga og skipta á verkinu eða samningnum í nokkra hluta skal tilgreina röð hinna ýmsu hluta eftir stærð og hvort kostur er gefinn á því að bjóða í einn hlutann, nokkra hluta eða alla hlutana,

   c) þegar um er að ræða verksamninga: upplýsingar um tilganginn með verkinu eða samningnum þegar áætlanagerð er innifalin í samningnum.

7. Þjónusta:

   a) eðli og magn vörunnar sem á að afhenda, þ.m.t. hvers konar valmöguleikar um viðbótarkaup og, ef unnt er, áætlaður tími til að nýta þessa valmöguleika og einnig hve oft má endurnýja samninginn ef um það er að ræða. Sé um að ræða endurnýjaða samninga skal tilgreina áætlaðan tíma, ef unnt er, fyrir síðari útboð vegna kaupa á viðkomandi þjónustu,

   b) tilgreina skal hvort framkvæmd þjónustunnar er bundin við sérstaka starfsgrein í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum,

   c) tilvísun í lög og stjórnsýslufyrirmæli,

   d) tilgreina skal hvort lögaðilar skuli gefa upp nöfn og starfsmenntun og hæfi þeirra starfsmanna sem annast framkvæmd þjónustunnar,

   e) tilgreina skal hvort þjónustuveitendur skuli geta boðið í hluta af viðkomandi þjónustu.

8. Tilgreina skal hvort leyfilegt er að leggja fram frávikstilboð eða ekki, ef það er vitað.

9. Tilgreina skal frest til að afhenda eða ljúka við þjónustusamning eða gildistíma hans og, ef unnt er, upphafsdag.

10. Tölvupóstfang eða veffang þar sem hægt er að fá beinan, ótakmarkaðan og fullan aðgang að útboðsgögnum án endurgjalds.

    Þegar ekki er hægt er að fá beinan, ótakmarkaðan og fullan aðgang að skjölum af ástæðum sem um getur í þriðju og fjórðu undirgrein 1. mgr. 73. gr., upplýsingar um það með hvaða hætti er hægt að nálgast útboðsgögn.

11. a) Síðasti móttökudagur tilboða eða kynningarboða þar sem gagnvirkt innkaupakerfi er tekið upp.

    b) Heimilisfang sem þau skulu send til.

    c) Tungumál, eitt eða fleiri, sem þau skulu rituð á.

12. a) Eftir atvikum, aðilar sem hafa heimild til að vera viðstaddir opnun útboðs.

    b) Dagsetning, staður og stund fyrir slíka opnun.

13. Ef við á, tryggingarfé og aðrar ábyrgðir sem krafist er.

14. Helstu skilmálar varðandi fjármögnun og greiðslur og/eða tilvísanir í ákvæði þar sem þá er að finna.

15. Eftir því sem við á, hvaða rekstrarform að lögum sá hópur rekstraraðila, sem gera á samning við, skal hafa.

16. Fjárhagsleg og tæknileg skilyrði sem krafist er að rekstraraðilinn, sem samningur er gerður við, uppfylli.

17. Tímabil sem bjóðanda ber að hafa tilboð sitt opið.

18. Sé framkvæmd samningsins sérstökum skilyrðum háð skal tilgreina það, eftir því sem við á.

19. Viðmiðanir, sem um getur í 82. gr., sem skal beita við gerð samningsins: Í öðrum tilvikum en þeim þar sem fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið er ákvarðað eingöngu á grundvelli verðs skal tilgreina forsendur fyrir fjárhagslega hagkvæmasta tilboði ásamt vægi þeirra eða, ef við á, forgangsröð eftir mikilvægi þessara forsendna, ef þær koma ekki fram í útboðsskilmálum.

20. Dagsetning(ar) og tilvísun(-anir) til birtingar á reglubundinni kynningartilkynningu í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins eða á tilkynningu um birtingu slíkrar tilkynningar í upplýsingaskrá kaupanda varðandi samninginn, eftir því sem við á.

21. Nafn og heimilisfang aðilans sem sér um meðferð kærumála og, ef við á, sáttameðferð. Nákvæmar upplýsingar um frest til að leggja fram kæru eða, ef þörf krefur, nafn, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang aðilans sem veitir þessar upplýsingar.

22. Hvaða dag samningsstofnunin sendir tilkynninguna.

23. Hvers konar aðrar viðeigandi upplýsingar.

B. LOKUÐ ÚTBOÐ

1. Nafn, auðkennisnúmer (ef kveðið er á um það í landslöggjöf), heimilisfang, þ.m.t. NUTS-kóði, símanúmer, bréfasímanúmer, tölvupóstfang og veffang samningsstofnunar, sem og samsvarandi upplýsingar um þjónustu þar sem hægt er að fá viðbótarupplýsingar.

2. Aðalstarfsemi.

3. Tilgreina skal, eftir því sem við á, hvort samningurinn er bundinn við verndaða vinnustaði eða hvort framkvæmd hans takmarkast við áætlanir um vernduð störf.

4. Hvers eðlis samningurinn er (vörusamningur, verksamningur eða þjónustusamningur; ef við á skal tilgreina hvort um rammasamning er að ræða), lýsing (CPV-kóðar). Ef við á, skal tilgreina hvort leitað er eftir tilboðum um kaup, langtímaleigu, skammtímaleigu eða kaupleigu eða sambland af þessu.

5. NUTS-kóði fyrir aðalverkstað að því er varðar verk eða NUTS-kóði fyrir aðalstað þar sem afhending fer fram eða þjónusta er innt af hendi að því er varðar vöru og þjónustu.

6. Vörur og verk:

    a) eðli og magn vörunnar sem á að afhenda (CPV-kóðar), þ.m.t. hvers konar valmöguleikar um viðbótarkaup og, ef unnt er, áætlaður tími til að nýta þessa valmöguleika og einnig hve oft má endurnýja samninginn ef um það er að ræða. Þegar um er að ræða endurnýjaða samninga skal einnig, ef unnt er, tilgreina áætlaða tímasetningu síðari útboða vegna vörukaupa eða hvert er eðli og umfang þjónustunnar sem á að veita og í meginatriðum hvers eðlis verkið er (CPV-kóðar),

    b) tilgreina skal hvort birgjar mega leggja fram tilboð varðandi hluta vörunnar eða alla vöruna sem ætlunin er að kaupa.

       Þegar um er að ræða verksamninga og skipta á verkinu eða samningnum í nokkra hluta skal tilgreina röð hinna ýmsu hluta eftir stærð og hvort kostur er gefinn á því að bjóða í einn hlutann, nokkra hluta eða alla hlutana,

    c) upplýsingar um tilganginn með verkinu eða samningnum þegar áætlanagerð er innifalin í samningnum.

7. Þjónusta:

   a) eðli og magn vörunnar sem á að afhenda, þ.m.t. hvers konar valmöguleikar um viðbótarkaup og, ef unnt er, áætlaður tími til að nýta þessa valmöguleika og einnig hve oft má endurnýja samninginn ef um það er að ræða. Sé um að ræða endurnýjaða samninga skal tilgreina áætlaðan tíma, ef unnt er, fyrir síðari útboð vegna kaupa á viðkomandi þjónustu,

   b) tilgreina skal hvort framkvæmd þjónustunnar er bundin við sérstaka starfsgrein í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum,

   c) tilvísun í lög og stjórnsýslufyrirmæli,

   d) tilgreina skal hvort lögaðilar skuli gefa upp nöfn og starfsmenntun og hæfi þeirra starfsmanna sem annast framkvæmd þjónustunnar,

   e) tilgreina skal hvort þjónustuveitendur skuli geta boðið í hluta af viðkomandi þjónustu.

8. Tilgreina skal hvort leyfilegt er að leggja fram frávikstilboð eða ekki, ef það er vitað.

9. Tilgreina skal frest til að afhenda eða ljúka við þjónustusamning eða gildistíma hans og, ef unnt er, upphafsdag.

10. Eftir því sem við á, hvaða rekstrarform að lögum sá hópur rekstraraðila, sem gera á samning við, skal hafa.

11. a) Síðasti móttökudagur þátttökutilkynninga.

    b) Heimilisfang sem þau skulu send til.

    c) Tungumál, eitt eða fleiri, sem þau skulu rituð á.

12. Síðasti sendingardagur boðs um að leggja fram tilboð.

13. Ef við á, tryggingarfé og aðrar ábyrgðir sem krafist er.

14. Helstu skilmálar varðandi fjármögnun og greiðslur og/eða tilvísanir í ákvæði þar sem þá er að finna.

15. Upplýsingar um stöðu rekstraraðila og efnahagsleg og tæknileg skilyrði sem hann skal uppfylla að lágmarki.

16. Viðmiðanir, sem um getur í 82. gr., sem skal beita við gerð samningsins: Í öðrum tilvikum en þeim þar sem fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið er ákvarðað eingöngu á grundvelli verðs skal tilgreina forsendur fyrir fjárhagslega hagkvæmasta tilboði ásamt vægi þeirra eða, ef við á, forgangsröð eftir mikilvægi þessara forsendna, ef þær koma ekki fram í útboðsskilmálum eða í útboði.

17. Sé framkvæmd samningsins sérstökum skilyrðum háð skal tilgreina það, eftir því sem við á.

18. Dagsetning(ar) og tilvísun(-anir) til birtingar á reglubundinni kynningartilkynningu í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins eða á tilkynningu um birtingu slíkrar tilkynningar í upplýsingaskrá kaupanda varðandi samninginn, eftir því sem við á.

19. Nafn og heimilisfang aðilans sem sér um meðferð kærumála og, ef við á, sáttameðferð. Nákvæmar upplýsingar um frest til að leggja fram kæru eða, ef þörf krefur, nafn, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang aðilans sem veitir þessar upplýsingar.

20. Hvaða dag samningsstofnanirnar senda tilkynninguna.

21. Hvers konar aðrar viðeigandi upplýsingar.

C. SAMNINGSKAUP

1. Nafn, auðkennisnúmer (ef kveðið er á um það í landslöggjöf), heimilisfang, þ.m.t. NUTS-kóði, símanúmer, bréfasímanúmer, tölvupóstfang og veffang samningsstofnunar, sem og samsvarandi upplýsingar um þjónustu þar sem hægt er að fá viðbótarupplýsingar.

2. Aðalstarfsemi.

3. Tilgreina skal, eftir því sem við á, hvort samningurinn er bundinn við verndaða vinnustaði eða hvort framkvæmd hans takmarkast við áætlanir um vernduð störf.

4. Hvers eðlis samningurinn er (vörusamningur, verksamningur eða þjónustusamningur; ef við á skal tilgreina hvort um rammasamning er að ræða), lýsing (CPV-kóðar). Ef við á, skal tilgreina hvort leitað er eftir tilboðum um kaup, langtímaleigu, skammtímaleigu eða kaupleigu eða sambland af þessu.

5. NUTS-kóði fyrir aðalverkstað að því er varðar verk eða NUTS-kóði fyrir aðalstað þar sem afhending fer fram eða þjónusta er innt af hendi að því er varðar vöru og þjónustu.

6. Vörur og verk:

   a) eðli og magn vörunnar sem á að afhenda (CPV-kóðar), þ.m.t. hvers konar valmöguleikar um viðbótarkaup og, ef unnt er, áætlaður tími til að nýta þessa valmöguleika og einnig hve oft má endurnýja samninginn ef um það er að ræða. Þegar um er að ræða endurnýjaða samninga skal einnig, ef unnt er, tilgreina áætlaða tímasetningu síðari útboða vegna vörukaupa eða hvert er eðli og umfang þjónustunnar sem á að veita og í meginatriðum hvers eðlis verkið er (CPV-kóðar),

   b) tilgreina skal hvort birgjar mega leggja fram tilboð varðandi hluta vörunnar eða alla vöruna sem ætlunin er að kaupa.

      Þegar um er að ræða verksamninga og skipta á verkinu eða samningnum í nokkra hluta skal tilgreina röð hinna ýmsu hluta eftir stærð og hvort kostur er gefinn á því að bjóða í einn hlutann, nokkra hluta eða alla hlutana,

   c) þegar um er að ræða verksamninga; upplýsingar um tilganginn með verkinu eða samningnum þegar áætlanagerð er innifalin í samningnum.

7. Þjónusta:

   a) eðli og magn þjónustunnar sem á að veita, þ.m.t. hvers konar valmöguleikar um viðbótarkaup og, ef unnt er, áætlaður tími til að nýta þessa valmöguleika og einnig hve oft má endurnýja samninginn ef um það er að ræða. Sé um að ræða endurnýjaða samninga skal tilgreina áætlaðan tíma, ef unnt er, fyrir síðari útboð vegna kaupa á viðkomandi þjónustu,

   b) tilgreina skal hvort framkvæmd þjónustunnar er bundin við sérstaka starfsgrein í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum,

   c) tilvísun í lög og stjórnsýslufyrirmæli,

   d) tilgreina skal hvort lögaðilar skuli gefa upp nöfn og starfsmenntun og hæfi þeirra starfsmanna sem annast framkvæmd þjónustunnar,

   e) tilgreina skal hvort þjónustuveitendur skuli geta boðið í hluta af viðkomandi þjónustu.

8. Tilgreina skal hvort leyfilegt er að leggja fram frávikstilboð eða ekki, ef það er vitað.

9. Tilgreina skal frest til að afhenda eða ljúka við þjónustusamning eða gildistíma hans og, ef unnt er, upphafsdag.

10. Eftir því sem við á, hvaða rekstrarform að lögum sá hópur rekstraraðila, sem gera á samning við, skal hafa.

11. a) Síðasti móttökudagur þátttökutilkynninga.

    b) Heimilisfang sem þau skulu send til.

    c) Tungumál, eitt eða fleiri, sem þau skulu rituð á.

12. Ef við á, tryggingarfé og aðrar ábyrgðir sem krafist er.

13. Helstu skilmálar varðandi fjármögnun og greiðslur og/eða tilvísanir í ákvæði þar sem þá er að finna.

14. Upplýsingar um stöðu rekstraraðila og efnahagsleg og tæknileg skilyrði sem hann skal uppfylla að lágmarki.

15. Viðmiðanir, sem um getur í 82. gr., sem skal beita við gerð samningsins: Í tilvikum öðrum en þeim þegar fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið er ákvarðað eingöngu á grundvelli verðs skal tilgreina forsendur fyrir fjárhagslega hagkvæmasta tilboði ásamt vægi þeirra eða, ef við á, forgangsröð eftir mikilvægi þessara viðmiðana, ef þær koma ekki fram í útboðsskilmálum eða í boði um að ganga til samninga.

16. Eftir því sem við á, nöfn og heimilisföng rekstraraðila sem samningsstofnun hefur þegar valið.

17. Sé framkvæmd samningsins sérstökum skilyrðum háð skal tilgreina það, eftir því sem við á.

18. Dagsetningar og tilvísun(-anir) til birtingar á reglubundinni kynningartilkynningu í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins eða á tilkynningu um birtingu slíkrar tilkynningar í upplýsingaskrá kaupanda varðandi samninginn, eftir því sem við á.

19. Nafn og heimilisfang aðilans sem sér um meðferð kærumála og, ef við á, sáttameðferð. Nákvæmar upplýsingar um frest til að leggja fram kæru eða, ef þörf krefur, nafn, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang aðilans sem veitir þessar upplýsingar.

20. Hvaða dag samningsstofnunin sendir tilkynninguna.

21. Hvers konar aðrar viðeigandi upplýsingar.

XII. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í TILKYNNINGU UM GERÐ SAMNINGS

(eins og um getur í 70. gr.)

I. **Upplýsingar sem birta á í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins** ([49])

1. Nafn, auðkennisnúmer (ef kveðið er á um það í landslöggjöf), heimilisfang, þ.m.t. NUTS-kóði, símanúmer, bréfasímanúmer, tölvupóstfang og veffang samningsstofnunar, sem og samsvarandi upplýsingar um þjónustu þar sem hægt er að fá viðbótarupplýsingar.

2. Aðalstarfsemi.

3. Hvers eðlis samningurinn er (vörusamningur, verksamningur eða þjónustusamningur og CPV-kóðar; ef við á skal tilgreina hvort um rammasamning er að ræða).

4. Að minnsta kosti stutt samantekt á því hvert er eðli vörunnar, verksins eða þjónustunnar, sem á að láta í té, og í hvaða magni.

5. a) Hvernig tilkynnt er um útboð (tilkynning um að hæfismatskerfi sé fyrir hendi, reglubundnar tilkynningar, boð um að leggja fram tilboð).

   b) Dagsetning(ar) og tilvísun(-anir) til birtingar tilkynningarinnar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

   c) Ef um er að ræða samninga, sem eru gerðir án undangenginnar útboðsauglýsingar, skal tilgreina viðeigandi ákvæði 50. gr.

6. Innkaupaferli (almennt útboð, lokað útboð eða samningskaup).

7. Fjöldi tilboða sem barst, þar sem tilgreint er:

   a) fjöldi tilboða sem barst frá rekstraraðilum sem eru lítil og meðalstór fyrirtæki,

   b) fjöldi tilboða sem barst frá öðrum löndum,

   c) fjöldi tilboða sem barst með rafrænum hætti.

   Ef um marga samninga er að ræða (samningshluta, marga rammasamninga) skal veita þessar upplýsingar fyrir hvern samning.

8. Dagsetning þegar samningurinn/samningarnir eða rammasamningurinn/-samningarnir voru gerðir í kjölfar ákvörðunarinnar um gerð hans/þeirra.

9. Verð í hagstæðum innkaupum skv. h-lið 50. gr.

10. Fyrir hvern samning sem gerður er, nafn, heimilisfang, þ.m.t. NUTS-kóði, símanúmer, bréfasímanúmer, tölvupóstfang og veffang hlutskarpasta bjóðandans eða bjóðandanna, þ.m.t.:

    a) upplýsingar um hvort hlutskarpasti bjóðandinn er lítið eða meðalstórt fyrirtæki,

    b) upplýsingar um hvort samningurinn hafi verið gerður við fyrirtækjasamtök.

11. Tilgreinið, ef við á, hvort samningnum hafi verið eða kunni að verða skipt á undirverktaka.

12. Verð, sem er greitt, eða fjárhæðir hæsta og lægsta tilboðs sem komu til greina við val tilboða.

13. Nafn og heimilisfang aðilans sem sér um meðferð kærumála og, ef við á, sáttameðferð. Nákvæmar upplýsingar um frest til að leggja fram kæru eða, ef þörf krefur, nafn heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang aðilans sem veitir þessar upplýsingar.

14. Valfrjálsar upplýsingar:

    — það verðmæti og sá hluti samningsins sem hefur verið eða kann að verða skipt á þriðju aðila sem undirverktaka,

    — valforsendur.

([49]) Upplýsingar í 6., 9. og 11. lið teljast vera upplýsingar sem ekki skal birta ef samningsstofnun telur að birting þeirra gæti skaðað viðkvæma viðskiptahagsmuni.

II. **Upplýsingar sem ekki á að birta**

15. Fjöldi samninga sem eru gerðir (þegar þeim hefur verið skipt á milli nokkurra aðila).

16. Verðmæti hvers samnings sem er gerður.

17. Upprunaland vörunnar eða þjónustunnar (uppruni innan Bandalagsins eða utan þess; skipt eftir þriðju löndum í síðarnefnda tilvikinu).

18. Hvaða valforsendur voru notaðar?

19. Var tilboði þess bjóðanda tekið sem lagði fram frávikstilboð í samræmi við 1. mgr. 64. gr.?

20. Var einhverjum tilboðum hafnað á þeim forsendum að þau væru óeðlilega lág, í samræmi við 84. gr.?

21. Hvaða dag samningsstofnunin sendir tilkynninguna.

XIII. VIÐAUKI

INNIHALD BOÐS UM AÐ LEGGJA FRAM TILBOÐ, TAKA ÞÁTT Í VIÐRÆÐUM, GANGA TIL SAMNINGA EÐA STAÐFESTA ÁHUGA SINN EINS OG KVEÐIÐ ER Á UM Í 74. GR.

1. Í boði um að leggja fram tilboð, taka þátt í viðræðum eða ganga til samninga eins og kveðið er á um í 74. gr. skal a.m.k. eftirfarandi koma fram:

   a) síðasti móttökudagur tilboða, heimilisfangið sem senda á tilboðin til og upplýsingar um á hvaða tungumáli eða tungumálum þau skuli vera.

      Þegar um er að ræða samninga sem gerðir eru með samkeppnisviðræðum eða í nýsköpunarsamstarfi skulu þessar upplýsingar ekki koma fram í boði um að ganga til samninga heldur skulu þær vera í boði um að leggja fram tilboð,

   b) sé um að ræða samkeppnisviðræður, dagsetning og heimilisfangið þar sem viðræður hefjast og tungumálið eða tungumálin sem eru notuð,

   c) tilvísun til útboðsauglýsingar sem hefur verið birt,

   d) upplýsingar um þau skjöl sem eiga að fylgja með,

   e) forsendur fyrir vali tilboðs ef þær eru ekki tilteknar í tilkynningu um hæfismatskerfi sem er notuð til að kynna útboð,

   f) hlutfallslegt vægi forsendna fyrir vali tilboðs eða, ef við á, forgangsröð slíkra forsendna ef þessar upplýsingar eru ekki gefnar í útboðstilkynningu, tilkynningu um hæfismatskerfi eða útboðsskilmálum.

2. Ef tilkynnt er um útboð með reglubundinni kynningartilkynningu skulu samningsstofnanir, í framhaldi af því, og áður en val á bjóðendum eða þátttakendum í samningaviðræðum hefst, bjóða öllum umsækjendum að staðfesta áhuga sinn á grundvelli ítarlegra upplýsinga um viðkomandi samning.

   Í boðinu skulu koma fram a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

   a) hvers eðlis samningurinn er og í hvaða magni, þ.m.t. allir möguleikar á viðbótarsamningum og, ef unnt er, áætlaður tími til að nýta þessa möguleika fyrir endurnýjanlega samninga en þá skal tilgreina eðli og magn og, ef unnt er, áætlaðar dagsetningar fyrir birtingu seinni tilkynninga um útboð verka, vöru eða þjónustu,

   b) tegund útboðs: lokað útboð eða samningskaup,

   c) ef við á, hvaða dag afhending vöru eða framkvæmd verks eða veiting þjónustu skal hefjast eða ljúka,

   d) ef rafrænn aðgangur er ekki í boði, heimilisfang og síðasti dagur til að leggja fram beiðni um útboðsgögn og upplýsingar um á hvaða tungumáli eða tungumálum þau skuli vera,

   e) heimilisfang samningsstofnunar,

   f) fjárhagsleg og tæknileg skilyrði, fjárhagslegar ábyrgðir og upplýsingar sem krafist er af rekstraraðilum,

   g) tegund samnings sem útboðið miðast við: samningur um kaup, langtíma- eða skammtímaleigu eða kaupleigu eða sambland af þessu og

   h) forsendur fyrir vali tilboðs og vægi þeirra eða, eftir því sem við á, forgangsröð slíkra forsendna eftir mikilvægi ef þessar upplýsingar eru ekki gefnar í kynningartilkynningu eða útboðsskilmálum eða í boði um að leggja fram tilboð eða ganga til samninga.

XIV. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR ALÞJÓÐLEGAR SAMÞYKKTIR OG SAMNINGA Á SVIÐI FÉLAGSMÁLA OG UMHVERFISMÁLA SEM UM GETUR Í 2. MGR. 36. GR.

— Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 87 um félagafrelsi og verndun þess

— Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 98 um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega

— Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 29 um nauðungarvinnu eða skylduvinnu

— Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 105 um afnám nauðungarvinnu

— Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 138 um lágmarksaldur við vinnu

— Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 111 um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs

— Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 100 um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf

— Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 182 um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og tafarlausar aðgerðir til að afnema hana

— Vínarsamningur um vernd ósónlagsins og Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins

— Alþjóðasamningur um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra (Basel-samningurinn)

— Samningur um þrávirk lífræn efni (Stokkhólmssamningurinn)

— Samningur um fyrirfram upplýst samþykki fyrir tilteknum hættulegum efnum og varnarefnum í alþjóðaviðskiptum (Umhverfisstofnun SÞ/Matvæla- og landbúnaðarstofnun SÞ) (PIC-samningurinn) Rotterdam, 10.9.1998 og þrjár svæðisbundnar bókanir við hann.

XV. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR RÉTTARGERÐIR SAMBANDSINS SEM UM GETUR Í 3. MGR. 83. GR.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/33/EB.

XVI. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í TILKYNNINGUM UM BREYTINGAR Á SAMNINGI Á GILDISTÍMA HANS

(eins og um getur í 1. mgr. 89. gr.)

1. Nafn, auðkennisnúmer (ef kveðið er á um það í landslöggjöf), heimilisfang, þ.m.t. NUTS-kóði, símanúmer, bréfasímanúmer, tölvupóstfang og veffang samningsstofnunar, sem og samsvarandi upplýsingar um þjónustu þar sem hægt er að fá viðbótarupplýsingar.

2. Aðalstarfsemi.

3. CPV-kóðar.

4. NUTS-kóði fyrir aðalverkstað að því er varðar verk eða NUTS-kóði fyrir aðalstað þar sem afhending fer fram eða þjónusta er innt af hendi að því er varðar vöru og þjónustu.

5. Lýsing á kaupunum fyrir og eftir breytinguna: eðli og umfang verks, eðli og magn eða verðgildi vöru, eðli og umfang þjónustu.

6. Eftir atvikum, hækkun á verði af völdum breytinganna.

7. Lýsing á aðstæðunum sem ollu því að breytingarnar voru nauðsynlegar.

8. Dagsetning ákvörðunar um samningsgerð:

9. Eftir atvikum, nafn, heimilisfang, þ.m.t. NUTS-kóði, símanúmer, bréfasímanúmer, tölvupóstfang og veffang nýja rekstraraðilans eða -aðilanna.

10. Upplýsingar um hvort samningurinn tengist verkefni og/eða áætlun sem fjármögnuð er úr sjóðum Sambandsins.

11. Nafn og heimilisfang aðilans sem sér um meðferð kærumála og, ef við á, sáttameðferð. Nákvæmar upplýsingar um það hvenær leggja má fram kæru í síðasta lagi eða, ef þörf krefur, nafn,, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang aðilans sem veitir þessar upplýsingar.

XVII. VIÐAUKI

ÞJÓNUSTA SEM UM GETUR Í 91. GR.

CPV-kóði	Lýsing
75200000-8; 75231200-6; 75231240-8; 79611000-0; 79622000-0 [Útvegun starfsfólks við húshjálp]; 79624000-4 [Útvegun hjúkrunarfólks] og 79625000-1 [Útvegun heilbrigðisstarfsfólks] frá 85000000-9 til 85323000-9; 98133100-5, 98133000-4; 98200000-5 og 98500000-8 [Einkaheimili með launuðu starfsfólki]] og 98513000-2 til 98514000-9 [Starfsmannamiðlun fyrir einkaheimili, þjónusta afleysingafólks fyrir einkaheimili, þjónusta skrifstofufólks fyrir einkaheimili, fólk í tímabundnu starfi fyrir einkaheimili, heimahlynning og heimilishjálp]	Heilbrigðisþjónusta, félagsþjónusta og þjónusta tengd henni
85321000-5 og 85322000-2, 75000000-6 [Opinber stjórnsýsluþjónusta, varnarmál og almannatryggingar], 75121000-0, 75122000-7, 75124000-1; frá 79995000-5 til 79995200-7; frá 80000000-4 Menntunar- og þjálfunarþjónusta til 80660000-8; frá 92000000-1 til 92700000-8 79950000-8 [Þjónusta vegna skipulagningar á sýningum, kaupstefnum, mörkuðum og ráðstefnum], 79951000-5 [Skipulagning á málstofum], 79952000-2 [Viðburðaþjónusta], 79952100-3 [Skipulagning menningarviðburða], 79953000-9 [Skipulagning hátíða], 79954000-6 [Skipulagning samkvæma], 79955000-3 [Skipulagning tískusýninga], 79956000-0 [Þjónusta vegna skipulagningar á sýningum og kaupstefnum]	Stjórnsýsluþjónusta, félagsþjónusta, þjónusta á sviði menntunar, heilsugæslu og menningarstarfsemi
75300000-9	Lögboðnar almannatryggingar ([1])
75310000-2, 75311000-9, 75312000-6, 75313000-3, 75313100-4, 75314000-0, 75320000-5, 75330000-8, 75340000-1	Bætur
98000000-3; 98120000-0; 98132000-7; 98133110-8 og 98130000-3	Önnur samfélagsþjónusta, félagsleg og persónuleg þjónusta, þ.m.t. þjónusta stéttarfélaga, stjórnmálasamtaka, æskulýðssamtaka og annarra félagasamtaka
98131000-0	Þjónusta trúfélaga
55100000-1 til 55410000-7; 55521000-8 til 55521200-0 [55521000-8 Sala á tilbúnum mat til heimila, 55521100-9 Þjónusta, tengd heimakstri máltíða, 55521200-0 Þjónusta tengd afhendingu málsverða] 55510000-8 [Mötuneytisþjónusta], 55511000-5 [Þjónusta mötuneyta og kaffitería sem sinna tilteknum hópi viðskiptavina], 55512000-2 [Rekstur mötuneyta], 55523100-3 [Þjónusta tengd skólamáltíðum], 55520000-1[Sala á tilbúnum mat], 55522000-5 [Sala á tilbúnum mat til flutningafyrirtækja], 55523000-2 [Sala á tilbúnum mat til annarra fyrirtækja eða stofnana], 55524000-9 [Sala á tilbúnum mat til skóla]	Hótel- og veitingaþjónusta
79100000-5 til 79140000-7; 75231100-5,	Lögfræðiþjónusta, að því marki sem hún er ekki undanskilin skv. c-lið 21. gr.
75100000-7 til 75120000-3; 75123000-4; 75125000-8 til 75131000-3	Önnur stjórnsýsluþjónusta og opinber þjónusta
75200000-8 til 75231000-4	Þjónusta við samfélagið

75231210-9 til 75231230-5; 75240000-0 til 75252000-7; 794300000-7; 98113100-9	Þjónusta tengd fangelsum, þjónusta við almannaöryggi og björgunarþjónusta, að því marki sem hún er ekki undanskilin skv. h-lið 21. gr.
79700000-1 til 79721000-4 [Eftirgrennslan og öryggisþjónusta, öryggisþjónusta, vöktun viðvörunarbúnaðar, öryggisvarðaþjónusta, eftirlit með fólki, þjónusta við að rekja spor, leit að sakborningum á flótta, eftirlitsferðir, útgáfuþjónusta auðkennismerkja, rannsóknir og þjónusta umboðsskrifstofu leynilögreglu] 79722000-1 [Rithandarfræðiþjónusta], 79723000-8 [Greiningarþjónusta vegna úrgangs]	Eftirgrennslan og öryggisþjónusta
98900000-2 [Starfsemi alþjóðlegra stofnana og samtaka með úrlendisrétt] og 98910000-5 [Þjónusta sem alþjóðastofnanir og samtök sinna sérstaklega]	Alþjóðleg þjónusta
64000000-6 [Póst- og fjarskiptaþjónusta], 64100000-7 [Póst- og boðberaþjónusta], 64110000-0 [Póstþjónusta], 64111000-7 [Póstþjónusta í tengslum við dagblöð og tímarit], 64112000-4 [Bréfapóstsþjónusta], 64113000-1 [Bögglapóstsþjónusta], 64114000-8 [Póstafgreiðsluþjónusta], 64115000-5 [Leiga pósthólfa], 64116000-2 [Biðpóstsþjónusta], 64122000-7 [Innanhússpóstþjónusta]	Póstþjónusta
50116510-9 [Hjólbarðasólningarþjónusta], 71550000-8 [Járnsmíðaþjónusta]	Ýmiss konar þjónusta

([1]) Þessi þjónusta fellur ekki undir þessa tilskipun ef hún er skipulögð sem þjónusta í almannaþágu sem er ekki af efnahagslegum toga. Aðildarríkjum er frjálst að skipuleggja lögboðna félagsþjónustu eða annars konar þjónustu annaðhvort sem þjónustu í almannaþágu eða sem þjónustu í almannaþágu sem er ekki af efnahagslegum toga.

XVIII. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í TILKYNNINGUM VARÐANDI SAMNINGA UM FÉLAGSÞJÓNUSTU OG AÐRA SÉRTÆKA ÞJÓNUSTU

(eins og um getur í 92. gr.)

A-hluti Útboðstilkynning

1. Nafn, auðkennisnúmer (ef kveðið er á um það í landslöggjöf), heimilisfang, þ.m.t. NUTS-kóði, símanúmer, bréfasímanúmer, tölvupóstfang og veffang samningsstofnunar, sem og samsvarandi upplýsingar um þjónustu þar sem hægt er að fá viðbótarupplýsingar.

2. Aðalstarfsemi.

3. Lýsing á þjónustu og flokkum hennar og, eftir atvikum, tengdum verkum eða vörum sem kaupa á, þ.m.t. upplýsingar um magn eða verðgildi sem um er að ræða, CPV-kóðar.

4. NUTS-kóði fyrir aðalstað þar sem þjónustan er innt af hendi.

5. Tilgreina skal, eftir því sem við á, hvort samningurinn er bundinn við verndaða vinnustaði eða hvort framkvæmd hans takmarkast við áætlanir um vernduð störf.

6. Helstu skilyrði sem rekstraraðilar skulu uppfylla með hliðsjón af þátttöku þeirra eða, eftir því sem við á, tölvupóstfang þar sem fá má ítarlegar upplýsingar.

7. Frestur til að hafa samband við samningsstofnun með tilliti til þátttöku.

8. Hvers konar aðrar viðeigandi upplýsingar.

B-hluti Reglubundin kynningartilkynning

1. Nafn, auðkennisnúmer (ef kveðið er á um það í landslöggjöf), heimilisfang, þ.m.t. NUTS-kóði, tölvupóstfang og veffang samningsstofnunar.

2. Stutt lýsing á samningi sem um ræðir, þ.m.t. CPV-kóðar.

3. Eftir því sem vitneskja er fyrir hendi:

   a) NUTS-kóði fyrir aðalverkstað að því er varðar verk eða NUTS-kóði fyrir aðalstað þar sem afhending fer fram eða þjónusta er innt af hendi að því er varðar vöru og þjónustu,

   b) tímamörk fyrir afhendingu eða útvegun vöru, verks eða þjónustu og gildistími samningsins,

   c) skilyrði fyrir þátttöku, þ.m.t.:

      ef við á, skal tilgreina hvort samningurinn sé bundinn við verndaða vinnustaði eða hvort framkvæmd hans takmarkist við áætlanir um verndaða vinnu,

      tilgreina skal, eftir því sem við á, hvort framkvæmd þjónustunnar er bundin við sérstaka starfsgrein í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum,

   d) stutt lýsing á helstu þáttum útboðsferlisins sem nota skal.

4. Upplýsingar um að áhugasamir rekstraraðilar skuli greina samningsstofnun frá því ef þeir hafa áhuga á samningi eða samningum og frestur fyrir móttöku þátttökubeiðna og heimilisfang þangað sem þeir eiga að senda upplýsingar um áhuga sinn.

C-hluti Tilkynning um að hæfismatskerfi sé fyrir hendi

1. Nafn, auðkennisnúmer (ef kveðið er á um það í landslöggjöf), heimilisfang, þ.m.t. NUTS-kóði, tölvupóstfang og veffang samningsstofnunar.

2. Stutt lýsing á samningi sem um ræðir, þ.m.t. CPV-kóðar.

3. Eftir því sem vitneskja er fyrir hendi:

   a) NUTS-kóði fyrir aðalverkstað að því er varðar verk eða NUTS-kóði fyrir aðalstað þar sem afhending fer fram eða þjónusta er innt af hendi að því er varðar vöru og þjónustu,

   b) tímamörk fyrir afhendingu eða útvegun vöru, verks eða þjónustu og gildistími samningsins,

   c) skilyrði fyrir þátttöku, þ.m.t.:

      ef við á, skal tilgreina hvort samningurinn sé bundinn við verndaða vinnustaði eða hvort framkvæmd hans takmarkist við áætlanir um verndaða vinnu,

      tilgreina skal, eftir því sem við á, hvort framkvæmd þjónustunnar er bundin við sérstaka starfsgrein í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum,

   d) stutt lýsing á helstu þáttum útboðsferlisins sem nota skal.

4. Upplýsingar um að áhugasamir rekstraraðilar skuli greina samningsstofnun frá því ef þeir hafa áhuga á samningi eða samningum og frestur fyrir móttöku þátttökubeiðna og heimilisfang þangað sem þeir eiga að senda upplýsingar um áhuga sinn.

5. Gildistími hæfismatskerfisins og formsatriði vegna endurnýjunar þess.

D-hluti Tilkynning um samningsgerð

1. Nafn, auðkennisnúmer (ef kveðið er á um það í landslöggjöf), heimilisfang, þ.m.t. NUTS-kóði, símanúmer, bréfasímanúmer, tölvupóstfang og veffang samningsstofnunar, sem og samsvarandi upplýsingar um þjónustu þar sem hægt er að fá viðbótarupplýsingar.

2. Aðalstarfsemi.

3. Að minnsta kosti stutt samantekt á því hvert er eðli og umfang þjónustunnar og, eftir atvikum, tengdum verkum og vörum sem eru afhentar.

4. Tilvísun í birtingu tilkynningarinnar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

5. Fjöldi tilboða sem barst.

6. Nafn og heimilisfang rekstraraðilans eða rekstraraðilanna sem voru valdir.

7. Hvers konar aðrar viðeigandi upplýsingar.

XIX. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í TILKYNNINGU UM HÖNNUNARSAMKEPPNI

(eins og um getur í 1. mgr. 96. gr.)

1. Nafn, auðkennisnúmer (ef kveðið er á um það í landslöggjöf), heimilisfang, þ.m.t. NUTS-kóði, símanúmer, bréfasímanúmer, tölvupóstfang og veffang samningsstofnunar, sem og samsvarandi upplýsingar um þjónustu þar sem hægt er að fá viðbótarupplýsingar.
2. Aðalstarfsemi.
3. Verkefnislýsing (CPV-kóðar).
4. Tegund samkeppni: almenn eða lokuð.
5. Þegar um er að ræða almenna samkeppni: síðasti móttökudagur verkefna.
6. Þegar um er að ræða lokaða samkeppni:
   a) áætlaður fjöldi þátttakenda eða hámarks- og lágmarksfjöldi,
   b) ef við á, nöfn þátttakenda sem hafa þegar verið valdir,
   c) forsendur fyrir vali þátttakenda,
   d) síðasti móttökudagur þátttökutilkynninga.
7. Ef við á, skal tilgreina hvort þátttaka takmarkist við tiltekna starfsgrein
8. Forsendur sem nota á við mat á verkefnunum.
9. Eftir því sem við á, nöfn dómnefndarmanna.
10. Tilgreina skal hvort ákvörðun dómnefndar er bindandi fyrir samningsyfirvaldið.
11. Eftir því sem við á, fjöldi og verðmæti verðlauna.
12. Eftir atvikum, upplýsingar um greiðslur til allra þátttakenda.
13. Upplýsingar um hvort vinningshafar hafa loforð fyrir samningum að lokinni keppni.
14. Nafn og heimilisfang aðilans sem sér um meðferð kærumála og, ef við á, sáttameðferð. Nákvæmar upplýsingar um frest til að leggja fram kæru eða, ef þörf krefur, nafn heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang aðilans sem veitir þessar upplýsingar.
15. Sendingardagur tilkynningarinnar.
16. Hvers konar aðrar viðeigandi upplýsingar.

XX. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í TILKYNNINGUM UM ÚRSLIT HÖNNUNARSAMKEPPNI

(eins og um getur í 1. mgr. 96. gr.)

1. Nafn, auðkennisnúmer (ef kveðið er á um það í landslöggjöf), heimilisfang, þ.m.t. NUTS-kóði, símanúmer, bréfasímanúmer, tölvupóstfang og veffang samningsstofnunar, sem og samsvarandi upplýsingar um þjónustu þar sem hægt er að fá viðbótarupplýsingar.
2. Aðalstarfsemi.
3. Verkefnislýsing (CPV-kóðar).
4. Heildarfjöldi þátttakenda.
5. Fjöldi útlendra þátttakenda.
6. Sigurvegari eða sigurvegarar í samkeppninni.
7. Verðlaun ef einhver eru.
8. Aðrar upplýsingar.
9. Tilvísun í tilkynningu um hönnunarsamkeppni.
10. Nafn og heimilisfang aðilans sem sér um meðferð kærumála og, ef við á, sáttameðferð. Nákvæmar upplýsingar um frest til að leggja fram kæru eða, ef þörf krefur, nafn heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang aðilans sem veitir þessar upplýsingar.
11. Sendingardagur tilkynningarinnar.

XXI. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Þessi tilskipun	Tilskipun 2004/17/EB
1. gr.	—
Fyrsti málsliður 2. gr.	1. mgr. 1. gr.
1. liður 2. gr.	a-liður 2. mgr. 1. gr.
2. liður 2. gr.	fyrsti málsliður b-liðar 2. mgr. 1. gr.
3. liður 2. gr.	annar málsliður b-liðar 2. mgr. 1. gr.
4. liður 2. gr.	c-liður 2. mgr. 1. gr.
5. liður 2. gr.	fyrsta undirgrein d-liðar 2. mgr. 1. gr.
6. liður 2. gr.	Fyrsta og önnur undirgrein 7. mgr. 1. gr.
7. liður 2. gr.	Þriðja undirgrein 7. mgr. 1. gr.
8. liður 2. gr.	Þriðja undirgrein 7. mgr. 1. gr.
9. liður 2. gr.	1. mgr. 34. gr.
10. liður 2. gr.	8. mgr. 1. gr.
11. liður 2. gr.	—
12. liður 2. gr.	8. mgr. 1. gr.
13. liður 2. gr.	—
14. liður 2. gr.	11. mgr. 1. gr.
15. liður 2. gr.	12. mgr. 1. gr.
16. liður 2. gr.	—
17. liður 2. gr.	10. mgr. 1. gr.
18. liður 2. gr.	—
19. liður 2. gr.	—
20. liður 2. gr.	—
1. mgr. 3. gr.	Fyrsta undirgrein a-liðar 1. mgr. 2. gr.
2. mgr. 3. gr.	—
3. mgr. 3. gr.	—
4. mgr. 3. gr.	Önnur undirgrein a-liðar 1. mgr. 2. gr.
1. mgr. 4. gr.	2. mgr. 2. gr.
2. mgr. 4. gr.	b-liður 1. mgr. 2. gr.
Fyrsta undirgrein 3. mgr. 4. gr.	3. mgr. 2. gr.
Önnur og þriðja undirgrein 3. mgr. 4. gr.	—
4. mgr. 4. gr.	—
1. mgr. 5. gr.	—
Fyrsta undirgrein 2. mgr. 5. gr.	—

Þessi tilskipun	Tilskipun 2004/17/EB
Önnur undirgrein 2. mgr. 5. gr.	Önnur og þriðja undirgrein d-liðar 2. mgr. 1. gr.
3. mgr. 5. gr.	—
Fyrsta og önnur undirgrein 4. mgr. 5. gr.	—
Þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr.	—
5. mgr. 5. gr.	—
Fyrsta og önnur undirgrein 1. mgr. 6. gr.	—
Þriðja undirgrein 1. mgr. 6. gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. 9. gr.
2. mgr. 6. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 9. gr.
a-liður 3. mgr. 6. gr.	2. mgr. 9. gr.
b-liður 3. mgr. 6. gr.	—
c-liður 3. mgr. 6. gr.	3. mgr. 9. gr.
7. gr.	3. gr. (1. og 3. mgr.), 4. gr. (1. mgr.), 7. gr. (a-liður)
8. gr.	1. og 2. mgr. 3. gr.
1. mgr. 9. gr.	3. mgr. 3. gr.
2. mgr. 9. gr.	4. mgr. 3. gr.
10. gr.	4. gr.
11. gr.	1. mgr. 5. gr.
—	2. mgr. 5. gr.
12. gr.	b-liður 7. gr.
1. mgr. 13. gr.	1. mgr. 6. gr. og lok c-liðar 2. mgr. 6. gr.
a-liður 2. mgr. 13. gr.	a-liður 2. mgr. 6. gr.
b-liður 2. mgr. 13. gr.	b-liður 2. mgr. 6. gr.
i. og ii. liður c-liðar 2. mgr. 13. gr.	Fyrsti og annar undirliður c-liðar 2. mgr. 6. gr.
—	Annar, fjórði, fimmti og sjötti undirliður c-liðar 2. mgr. 6. gr.
a-liður 14. gr.	a-liður 7. gr.
b-liður 14. gr.	a-liður 7. gr.
—	8. gr.
—	I. — X. viðauki
15. gr.	16. og 61. gr.
1. mgr. 16. gr.	1. mgr. 17. gr.; 8. mgr. 17. gr.
2. mgr. 16. gr.	—
3. mgr. 16. gr.	2. mgr. 17. gr.; 8. mgr. 17. gr.
4. mgr. 16. gr.	—
5. mgr. 16. gr.	3. mgr. 17. gr.
6. mgr. 16. gr.	—

Þessi tilskipun	Tilskipun 2004/17/EB
7. mgr. 16. gr.	4. og 5. mgr. 17. gr.
8. mgr. 16. gr.	Fyrsta og önnur undirgrein a-liðar 6. mgr. 17. gr.
9. mgr. 16. gr.	Fyrsta og önnur undirgrein b-liðar 6. mgr. 17. gr.
10. mgr. 16. gr.	Þriðja undirgrein a-liðar 6. mgr. og þriðja undirgrein b-liðar 6. mgr. 17. gr.
11. mgr. 16. gr.	7. mgr. 17. gr.
12. mgr. 16. gr.	9. mgr. 17. gr.
13. mgr. 16. gr.	10. mgr. 17. gr.
14. mgr. 16. gr.	11. mgr. 17. gr.
17. gr.	69. gr.
1. mgr. 18. gr.	1. mgr. 19. gr.
2. mgr. 18. gr.	2. mgr. 19. gr.
1. mgr. 19. gr.	1. mgrl. 20. gr.; 1. liður 62. gr.
2. mgr. 19. gr.	2. mgr. 20. gr.
20. gr.	22. gr.; 1. liður 62. gr.
a-liður 21. gr.	a-liður 24. gr.
b-liður 21. gr.	b-liður 24. gr.
c-liður 21. gr.	—
d-liður 21. gr.	c-liður 24. gr.
e-liður 21. gr.	—
f-liður 21. gr.	d-liður 24. gr.
g-liður 21. gr.	—
h-liður 21. gr.	—
i-liður 21. gr.	—
22. gr.	25. gr.
23. gr.	26. gr.
1. mgr. 24. gr.	22. gr. a
2. mgr. 24. gr.	21. gr.; 1. liður 62. gr.
3. mgr. 24. gr.	21. gr.; 1. liður 62. gr.
25. gr.	—
26. gr.	—
1. mgr. 27. gr.	Lok a-liðar 22. gr. a, 12. gr. tilskipunar 2009/81/EB
2. mgr. 27. gr.	—
28. gr.	—
1. mgr. 29. gr.	1. mgr. 23. gr.
2. mgr. 29. gr.	1. mgr. 23. gr.
3. mgr. 29. gr.	2. mgr. 23. gr.

Þessi tilskipun	Tilskipun 2004/17/EB
4. mgr. 29. gr.	a- til c-liður 3. mgr. 23. gr.
5. mgr. 29. gr.	Önnur undirgrein 3. mgr. 23. gr.
6. mgr. 29. gr.	Þriðja undirgrein 3. mgr. 23. gr.
30. gr.	4. mgr. 23. gr.
31. gr.	5. mgr. 23. gr.
32. gr.	e-liður 24. gr.
1. og 2. mgr. 33. gr.	27. gr.
3. mgr. 33. gr.	—
Fyrsti og annar málsliður 1. mgr. 34. gr.	1. mgr. 30. gr.; 2. liður 62. gr.
Þriðji málsliður 1. mgr. 34. gr.	—
Fjórði málsliður 1. mgr. 34. gr.	2. mgr. 30. gr., 41. forsenda
Fyrsta undirgrein 2. mgr. 34. gr.	2. mgr. 30. gr.
Önnur undirgrein 2. mgr. 34. gr.	—
3. mgr. 34. gr.	3. mgr. 30. gr.
1. mgr. 35. gr.	Fyrsta undirgrein 4. mgr. 30. gr.; fyrsta og önnur undirgrein 5. mgr. 30. gr.
2. mgr. 35. gr.	Fyrsta og önnur undirgrein 5. mgr. 30. gr.
3. mgr. 35. gr.	Önnur undirgrein 4. gr. 30. gr.; fjórða undirgrein 5. gr. 30. gr.; 2. liður 62. gr.
—	Þriðja undirgrein 4. mgr. 30. gr.
4. mgr. 35. gr.	—
5. mgr. 35. gr.	Önnur undirgrein 6. mgr. 30. gr.
6. mgr. 35. gr.	Þriðja og fjórða undirgrein 6. mgr. 30. gr.
1. mgr. 36. gr.	10. gr.
2. mgr. 36. gr.	—
37. gr.	11. gr.
1. mgr. 38. gr.	Fyrsta undirgrein 28. gr.
2. mgr. 38. gr.	Önnur undirgrein 28. gr.
39. gr.	13. gr.
1. mgr. 40. gr.	1., 2. og 4. mgr. 48. gr.; 1. mgr. 64. gr.
2. mgr. 40. gr.	—
3. mgr. 40. gr.	3. mgr. 48. gr.; 2. mgr. 64. gr.
4. mgr. 40. gr.	—
5. mgr. 40. gr.	—
6. mgr. 40. gr.	5. og 6. mgr. 48. gr.; 3. mgr. 64. gr.
Fyrsta undirgrein 7. mgr. 40. gr.	f-liður og önnur undirgrein 2. mgr. 70. gr.

Þessi tilskipun	Tilskipun 2004/17/EB
Önnur og þriðja undirgrein 7. mgr. 40. gr.	
1. mgr. 41. gr.	13. mgr. 1. gr.
2. mgr. 41. gr.	c- og d-liður 2. mgr. 70. gr.; önnur undirgrein 2. mgr. 70. gr.
42. gr.	—
43. gr.	12. gr.
1. mgr. 44. gr.	1. og 2. mgr. 40. gr.
2. mgr. 44. gr.	2. mgr. 40. gr.
3. mgr. 44. gr.	—
4. mgr. 44. gr.	1. mgr. og b-liður 3. mgr. 42. gr.
5. mgr. 44. gr.	Upphaf 3. mgr. 40. gr.
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 45. gr.	a-liður 9. mgr. 1. gr.
Önnur og þriðja undirgrein 1. mgr. 45. gr.	2. mgr. 45. gr.
2. mgr. 45. gr.	4. mgr. 45. gr.
3. mgr. 45. gr.	—
4. mgr. 45. gr.	—
46. gr.	b-liður 9. mgr. 1. gr.; 3. mgr. 45. gr.
47. gr.	c-liður 9. mgr. 1. gr.; 3. mgr. 45. gr.
48. gr.	—
49. gr.	—
a-liður 50. gr.	a-liður 3. mgr. 40. gr.
b-liður 50. gr.	b-liður 3. mgr. 40. gr.
c-liður 50. gr.	c-liður 3. mgr. 40. gr.
d-liður 50. gr.	d-liður 3. mgr. 40. gr.
e-liður 50. gr.	e-liður 3. mgr. 40. gr.
f-liður 50. gr.	g-liður 3. mgr. 40. gr.
g-liður 50. gr.	h-liður 3. mgr. 40. gr.
h-liður 50. gr.	j-liður 3. mgr. 40. gr.
i-liður 50. gr.	k-liður 3. mgr. 40. gr.
j-liður 50. gr.	l-liður 3. mgr. 40. gr.
Fyrsta og önnur undirgrein 1. mgr. 51. gr.	1. mgr. 14. gr.; 4. mgr. 1. gr.
Þriðja undirgrein 1. mgr. 51. gr.	—
Fyrsta og önnur undirgrein 2. mgr. 51. gr.	—
Þriðja undirgrein 2. mgr. 51. gr.	4. mgr. 14. gr.
1. mgr. 52. gr.	5. mgr. 1. gr.; 1. mgr. 15. gr.

Þessi tilskipun	Tilskipun 2004/17/EB
2. mgr. 52. gr.	2. mgr. 15. gr.
3. mgr. 52. gr.	Síðasti málsl. 2. mgr. 15. gr.
4. mgr. 52. gr.	3. mgr. 15. gr.
5. mgr. 52. gr.	4. mgr. 15. gr.
6. mgr. 52. gr.	6. mgr. 15. gr.
7. mgr. 52. gr.	—
8. mgr. 52. gr.	—
9. mgr. 52. gr.	Þriðja undirgrein 7. mgr. 15. gr.
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 53. gr.	6. mgr. 1. gr.; 1. mgr. 56. gr.
Önnur og þriðja undirgrein 1. mgr. 53. gr.	6. mgr. 1. gr.
2. mgr. 53. gr.	2. mgr. 56. gr.
3. mgr. 53. gr.	Þriðja undirgrein 2. mgr. 56. gr.
4. mgr. 53. gr.	3. mgr. 56. gr.
5. mgr. 53. gr.	4. mgr. 56. gr.
6. mgr. 53. gr.	5. mgr. 56. gr.
7. mgr. 53. gr.	6. mgr. 56. gr.
8. mgr. 53. gr.	7. mgr. 56. gr.
9. mgr. 53. gr.	8. mgr. 56. gr.
54. gr.	—
1. mgr. 55. gr.	1. mgr. 29. gr.
2. mgr. 55. gr.	2. mgr. 29. gr.
3. mgr. 55. gr.	—
4. mgr. 55. gr.	2. mgr. 29. gr.
56. gr.	—
57. gr.	—
58. gr.	15. forsenda
59. gr.	—
1. mgr. 60. gr.	1. mgr. 34. gr.
2. mgr. 60. gr.	2. mgr. 34. gr.
3. mgr. 60. gr.	3. mgr. 34. gr.
4. mgr. 60. gr.	8. mgr. 34. gr.
5. mgr. 60. gr.	4. mgr. 34. gr.
6. mgr. 60. gr.	5. mgr. 34. gr.
1. mgr. 61. gr.	6. mgr. 34. gr.

Þessi tilskipun	Tilskipun 2004/17/EB
2. mgr. 61. gr.	6. mgr. 34. gr.
1. mgr. 62. gr.	Önnur undirgrein 4. mgr. 34. gr.; önnur og þriðja undirgrein 5. mgr. 34. gr.; önnur undirgrein 6. mgr. 34. gr.; 7. mgr. 34. gr.
2. mgr. 62. gr.	Fyrsta undirgrein 4. mgr. 34. gr.; fyrsta undirgrein 5. mgr. 34. gr.; fyrsta undirgrein 6. mgr. 34. gr.
3. mgr. 62. gr.	—
63. gr.	35. gr.
1. mgr. 64. gr.	1. mgr. 36. gr.
2. mgr. 64. gr.	2. mgr. 36. gr.
65. gr.	—
1. mgr. 66. gr.	1. mgr. 45. gr.
2. mgr. 66. gr.	9. mgr. 45. gr.
—	10. mgr. 45. gr.
3. mgr. 66. gr.	9. mgr. 45. gr.
1. mgr. 67. gr.	1. og 2. mgr. 41. gr.
2. mgr. 67. gr.	3. mgr. 42. gr.; 1. mgr. 44. gr.
68. gr.	3. mgr. 41. gr.
69. gr.	c-liður 1. mgr. 42. gr.; 1. mgr. 44. gr.
1. mgr. 70. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 43. gr.; 1. mgr. 44. gr.
2. mgr. 70. gr.	Önnur og þriðja undirgrein 1. mgr. 43. gr.
3. mgr. 70. gr.	2. og 3. mgr. 43. gr.
4. mgr. 70. gr.	5. mgr. 43. gr.
1. mgr. 71. gr.	1. mgr. 44. gr. b-liður 1. mgr. 70. gr.
Fyrsti málsliður 2. mgr. 71. gr.	2. og 3. mgr. 44. gr.
Annar og þriðji málsliður 2. mgr. 71. gr.	Önnur undirgrein 4. mgr. 44. gr.
3. mgr. 71. gr.	Fyrsta undirgrein 4. mgr. 44. gr.
4. mgr. 71. gr.	—
Fyrsta undirgrein 5. mgr. 71. gr.	6. mgr. 44. gr.
Önnur undirgrein 5. mgr. 71. gr.	7. mgr. 44. gr.
6. mgr. 71. gr.	8. mgr. 44. gr.
1. mgr. 72. gr.	Fyrsta undirgrein 5. mgr. 44. gr.
2. og 3. mgr. 72. gr.	Önnur og þriðja undirgrein 5. mgr. 44. gr.
1. mgr. 73. gr.	6. mgr. 45. gr.
2. mgr. 73. gr.	2. mgr. 46. gr.

Þessi tilskipun	Tilskipun 2004/17/EB
1. mgr. 74. gr.	Fyrsti málsliður 1. mgr. 47. gr. og fyrstu málsliður 5. mgr. 47. gr.
2. mgr. 74. gr.	Annar málsliður 1. mgr. 47. gr. og önnur undirgrein 5. mgr. 47. gr.
1. mgr. 75. gr.	1. mgr. 49. gr.
2. mgr. 75. gr.	Fyrsta og önnur undirgrein 2. mgr. 49. gr.
3. mgr. 75. gr.	Þriðja undirgrein 2. mgr. 49. gr.
4., 5. og 6. mgr. 75. gr.	3., 4. og 5. mgr. 49. gr.
1. mgr. 76. gr.	1. mgr. 51. gr.
2. mgr. 76. gr.	2. mgr. 51. gr.
3. mgr. 76. gr.	1. mgr. 52. gr.
4. mgr. 76. gr.	—
5. mgr. 76. gr.	3. mgr. 51. gr.
6. mgr. 76. gr.	—
7. mgr. 76. gr.	—
8. mgr. 76. gr.	—
1. mgr. 77. gr.	1. mgr. 53. gr.
2. mgr. 77. gr.	2. mgr. 53. gr.
3. mgr. 77. gr.	6. mgr. 53. gr.
4. mgr. 77. gr.	7. mgr. 53. gr.
5. mgr. 77. gr.	9. mgr. 53. gr.
6. mgr. 77. gr.	—
1. mgr. 78. gr.	1. og 2. mgr. 54. gr.
2. mgr. 78. gr.	3. mgr. 54. gr.
1. mgr. 79. gr.	4. og 5. mgr. 53. gr.
2. mgr. 79. gr.	5. og 6. mgr. 54. gr.
3. mgr. 79. gr.	—
1. mgr. 80. gr.	3. mgr. 53. gr.; 4. mgr. 54. gr.
2. mgr. 80. gr.	—
3. mgr. 80. gr.	3. mgr. 53. gr.; 4. mgr. 54. gr.
1. mgr. 81. gr.	2. mgr. 52. gr.
2. mgr. 81. gr.	3. mgr. 52. gr.
3. mgr. 81. gr.	—
1. mgr. 82. gr.	1. mgr. 55. gr.
2. mgr. 82. gr.	1. mgr. 55. gr.
3. mgr. 82. gr.	—
4. mgr. 82. gr.	1. forsenda; 3. mgr. 55. forsendu

Þessi tilskipun	Tilskipun 2004/17/EB
5. mgr. 82. gr.	2. mgr. 55. gr.
83. gr.	—
1. mgr. 84. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 57. gr.
a-liður 2. mgr. 84. gr.	a-liður annarrar undirgreinar 1. mgr. 57. gr.
b-liður 2. mgr. 84. gr.	b-liður annarrar undirgreinar 1. mgr. 57. gr.
c-liður 2. mgr. 84. gr.	c-liður annarrar undirgreinar 1. mgr. 57. gr.
d-liður 2. mgr. 84. gr.	d-liður annarrar undirgreinar 1. mgr. 57. gr.
e-liður 2. mgr. 84. gr.	—
f-liður 2. mgr. 84. gr.	e-liður annarrar undirgreinar 1. mgr. 57. gr.
Fyrsta undirgrein 3. mgr. 84. gr.	2. mgr. 57. gr.
Önnur undirgrein 3. mgr. 84. gr.	—
4. mgr. 84. gr.	3. mgr. 57. gr.
5. mgr. 84. gr.	—
1., 2., 3. og 4. mgr. 85. gr. og 86. gr.	1.-4. mgr. 58. gr. og 59. gr.
5. mgr. 85. gr.	5. mgr. 58. gr.
87. gr.	38. gr.
1. mgr. 88. gr.	—
2. mgr. 88. gr.	Fyrsti málsliður 37. gr.
3. mgr. 88. gr.	—
4. mgr. 88. gr.	Annar málsliður 37. gr.
5.-8. mgr. 88. gr.	—
89. gr.	—
90. gr.	—
91. gr.	—
92. gr.	—
93. gr.	—
94. gr.	—
95. gr.	61. gr.
1. mgr. 96. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 63. gr.
Fyrsta undirgrein 2. mgr. 96. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 63. gr.
Önnur og þriðja undirgrein 2. mgr. 96. gr.	Fyrsti og annar málsliður annarrar undirgreinar 1. mgr. 63. gr.
3. mgr. 96. gr.	2. mgr. 63. gr.
1. mgr. 97. gr.	1. mgr. 65. gr.
2. mgr. 97. gr.	2. mgr. 60. gr.
3. og 4. mgr. 97. gr.	2. og 3. mgr. 65. gr.
98. gr.	66. gr.

Þessi tilskipun	Tilskipun 2004/17/EB
1. mgr. 99. gr.	Fyrsta undirgrein 72. gr.
2. - 6. mgr. 99. gr.	—
100. gr.	50. gr.
101. gr.	—
102. gr.	—
103. gr.	3. og 4. mgr. 68. gr.
104. gr.	5. mgr. 68. gr.
1. og 2. mgr. 105. gr.	1. og 2. mgr. 68. gr.
3. mgr. 105. gr.	—
1. mgr. 106. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 71. gr.
2. mgr. 106. gr.	—
3. mgr. 106. gr.	Þriðja undirgrein 1. mgr. 71. gr.
107. gr.	73. gr.
108. gr.	—
109. gr.	74. gr.
110. gr.	75. gr.
—	I.-X. viðauki
I. viðauki (að undanskildum fyrsta málslið)	XII. viðauki (að undanskilinni 1. nmgr.)
Fyrsti málsliður I. viðauka	1. nmgr. XII. viðauka
II. viðauki	—
A-, B-, C-, E-, F-, G-, H-, I- og J-liður III. viðauka	XI. viðauki
D-liður III. viðauka	—
Fyrsta-þriðja undirgrein 1. liðar IV. viðauka	Fyrsta undirgrein 6. mgr. 30. gr.
Fjórða undirgrein 1. liðar IV. viðauka	—
2. liður IV. viðauka	Annar málliður fyrstu undirgreinar 6. mgr. 30. gr.
a- til f-liður V. viðauka	b- til h-liður XXIV. viðauka
g-liður V. viðauka	—
VI. viðauki	XV. viðauki
VII. viðauki	a- til f-liður annarrar undirgreinar 3. mgr. 56. gr.
VIII. viðauki, að undanskildum 4. lið	XXI. viðauki, að undanskildum 4. lið
4. liður VIII. viðauka	4. liður XXI. viðauka
IX. viðauki	XX. viðauki
X. viðauki	XIV. viðauki
XI. viðauki	XIII. viðauki
XII. viðauki	XVI. viðauki
1. liður XIII. viðauka	4. mgr. 47. gr.

Þessi tilskipun	Tilskipun 2004/17/EB
2. liður XIII. viðauka	5. mgr. 47. gr.
XIV. viðauki	XXIII. viðauki
XV. viðauki	—
XVI. viðauki	XVI. viðauki
XVII. viðauki	XVII. viðauki
XVIII. viðauki	—
XIX. viðauki	XVIII. viðauki
XX. viðauki	XIX. viðauki
XXI. viðauki	XXVI. viðauki
—	XXII. viðauki
—	XXV. viðauki

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2002 **2016/EES/27/62**

frá 10. nóvember 2015

um breytingu á I. viðauka C og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 um tilflutning úrgangs (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 frá 14. júní 2006 um tilflutning úrgangs ([1]), einkum 1. mgr. 58. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1357/2014 ([2]), þar sem III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB ([3]) er skipt út, er hættulegum eiginleikum úrgangs breytt til að laga hann að breytingum sem voru innleiddar með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([4]). Með þessari breytingu fá hættulegu eiginleikarnir H1 til H15 nýju heitin HP1 til HP15 til að koma í veg fyrir hugsanlegan rugling við kóða fyrir hættusetningar sem eru skilgreindir í reglugerð (EB) nr. 1272/2008. Sú reglugerð gildir frá 1. júní 2015.

2) Í I. viðauka C við reglugerð (EB) nr. 1013/2006 þar sem veittar eru sértækar leiðbeiningar um útfyllingu tilkynningar- og flutningsskjala er vísað til eldri heita hættulegu eiginleikanna og því ætti að uppfæra viðaukann til samræmis við það

3) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/955/ESB ([5]) er úrganginum, sem er tilgreindur í viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB ([6]), skipt út til að endurspegla framfarir í tækni og vísindum. Ákvörðun 2014/955/ESB gildir frá og með 1. júní 2015.

4) Í 2. hluta V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1013/2006 er tilgreindur sá úrgangur sem er tilgreindur í viðaukanum við ákvörðun 2000/532/EB. Í kjölfar breytinga á ákvörðun 2000/532/EB ætti að laga V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1013/2006 að þessum breytingum. Af þeim sökum ætti þessi reglugerð að gilda frá sama degi og reglugerð (ESB) nr. 1357/2014 og ákvörðun 2014/955/ESB.

5) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1013/2006 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 294, 11.11.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 190, 12.7.2006, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1357/2014 frá 18. desember 2014 um að skipta út III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtíð ESB L 365, 19.12.2014, bls. 89).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtíð ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls 1).

([5]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/955/ESB frá 18. desember 2014 um breytingu á ákvörðun 2000/532/EB um skrána yfir úrgang samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB (Stjtíð. ESB L 370, 30.12.2014, bls. 44).

([6]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB frá 3. maí 2000 sem kemur í stað ákvörðunar 94/3/EB um skrá yfir úrgang samkvæmt a-lið 1. gr. tilskipunar ráðsins 75/442/EBE um úrgang og ákvörðunar ráðsins 94/904/EB um skrá yfir hættulegan úrgang samkvæmt 4. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang (Stjtíð EB L 226, 6.9.2000, bls. 3).

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 39. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka C og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1013/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júní 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka C og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1013/2006 er breytt sem hér segir:

1) Í stað g-liðar í lið IV.25 í I. viðauka C komi eftirfarandi:

„g) *Undirfyrirsögn viii:* Ef við á skal tilgreina hér viðeigandi H-kóða, þ.e. kóða sem tilgreina hættulega eiginleika sem úrgangurinn býr yfir (sjá skrá yfir skammstafanir og kóða sem fylgir tilkynningarskjalinu). Ef ekki er um að ræða hættulega eiginleika, sem falla undir Basel-samninginn en úrgangurinn er hættulegur samkvæmt III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB, skal tilgreina HP-kóða í samræmi við þennan III. viðauka og setja inn „ESB“ á eftir HP-kóðanum (t.d. HP14 ESB).“

2) Í stað 2. hluta í V. viðauka komi eftirfarandi:

„2. hluti

Úrgangur sem tilgreindur er í viðaukanum við ákvörðun 2000/532/EB ([1])

01	ÚRGANGUR FRÁ JARÐEFNALEIT, NÁMUVINNSLU, GRJÓTNÁMI OG EÐLISFRÆÐILEGRI OG EFNAFRÆÐILEGRI VINNSLU MÁLMA
01 01	Úrgangur frá námugreftri
01 01 01	Úrgangur frá námugreftri jarðefna sem innihalda málma
01 01 02	Úrgangur frá námugreftri jarðefna sem innihalda ekki málma
01 03	Úrgangur frá eðlisfræðilegri og efnafræðilegri vinnslu jarðefna sem innihalda málma
01 03 04*	Sýrumyndandi úrkast frá vinnslu brennisteinsgrýtis
01 03 05*	Annað úrkast sem inniheldur hættuleg efni
01 03 06	Úrkast, annað en tilgreint er í 01 03 04 og 01 03 05
01 03 07*	Annar úrgangur sem inniheldur hættuleg efni frá eðlisfræðilegri og efnafræðilegri vinnslu jarðefna sem innihalda málma
01 03 08	Ryk og salli, annað en tilgreint er í 01 03 07
01 03 09	Rauð eðja frá súrálsframleiðslu, önnur en úrgangur sem er tilgreindur í 01 03 10
01 03 10*	Rauð eðja frá súrálsframleiðslu sem inniheldur hættuleg efni, önnur en úrgangur sem er tilgreindur í 01 03 07
01 03 99	Úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
01 04	Úrgangur frá eðlisfræðilegri og efnafræðilegri vinnslu jarðefna sem innihalda ekki málma
01 04 07*	Úrgangur sem inniheldur hættuleg efni frá eðlisfræðilegri og efnafræðilegri vinnslu jarðefna sem innihalda ekki málma
01 04 08	Úrgangsmöl og grjótmulningur, annað en tilgreint er í 01 04 07
01 04 09	Úrgangssandur og leir
01 04 10	Ryk og salli, annað en tilgreint er í 01 04 07
01 04 11	Úrgangur frá vinnslu pottösku og steinsalts, annar en tilgreindur er í 01 04 07
01 04 12	Úrkast og annar úrgangur frá þvotti og hreinsun jarðefna, annað en tilgreint er í 01 04 07 og 01 04 11

([1]) Úrgangur, sem er auðkenndur með stjörnu, telst hættulegur samkvæmt tilskipun 2008/98/EB. Liðir undir skilgreiningum, mati og flokkun og skrá yfir úrgang í viðaukanum við ákvörðun 2000/532/EB skipta máli við greiningu úrgangs í skránni hér fyrir aftan.

01 04 13	Úrgangur frá steinhöggi og -sögun, annar en tilgreindur er í 01 04 07
01 04 99	Úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
01 05	Borleðja og annar úrgangur frá borunum
01 05 04	Leðja og úrgangur frá borunum eftir fersku vatni
01 05 05*	Borleðja og úrgangur sem inniheldur olíu
01 05 06*	Borleðja og annar úrgangur frá borunum sem inniheldur hættuleg efni
01 05 07	Borleðja og úrgangur sem inniheldur barít, annað en tilgreint er í 01 05 05 og 01 05 06
01 05 08	Borleðja og úrgangur sem inniheldur klóríð, annað en tilgreint er í 01 05 05 og 01 05 06
01 05 99	Úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
02	ÚRGANGUR FRÁ LANDBÚNAÐI, GARÐYRKJU, LAGARELDI, SKÓGRÆKT, VEIÐUM, FISKVEIÐUM, MATVÆLAIÐNAÐI OG MATVÆLAVINNSLU
02 01	Úrgangur frá landbúnaði, garðyrkju, lagareldi, skógrækt, veiðum og fiskveiðum
02 01 01	Eðja frá þvotti og hreinsun
02 01 02	Úrgangur úr dýravefjum
02 01 03	Úrgangur úr plöntuvefjum
02 01 04	Plastúrgangur (nema umbúðir)
02 01 06	Dýrasaur, hland og mykja (einnig hálmur notaður sem undirburður), frárennslisvatn, safnað og meðhöndlað annars staðar
02 01 07	Úrgangur frá skógrækt
02 01 08*	Úrgangur af íðefnum úr landbúnaði sem inniheldur hættuleg efni
02 01 09	Úrgangur af íðefnum úr landbúnaði, annar en tilgreindur er í 02 01 08
02 01 10	Úrgangsmálmur
02 01 99	Úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
02 02	Úrgangur frá meðferð og vinnslu kjöts, fisks og annarra matvæla úr dýraríkinu
02 02 01	Eðja frá þvotti og hreinsun
02 02 02	Úrgangur úr dýravefjum
02 02 03	Efni sem eru óhæf til neyslu eða vinnslu
02 02 04	Eðja sem verður til við skólphreinsun á staðnum
02 02 99	Úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
02 03	Úrgangur frá meðferð og vinnslu ávaxta, grænmetis, korns, matarolíu, kakós, kaffis, tes og frá tóbaksvinnslu, niðursuðu, ger- og gerkjarnaframleiðslu, vinnslu og gerjun melassa
02 03 01	Eðja frá þvotti, hreinsun, afhýðingu, skiljun í skilvindu og aðskilnaði
02 03 02	Úrgangur frá rotvarnarefnum
02 03 03	Úrgangur frá leysisútdrætti
02 03 04	Efni sem eru óhæf til neyslu eða vinnslu
02 03 05	Eðja sem verður til við skólphreinsun á staðnum
02 03 99	Úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti

02 04	Úrgangur frá sykurvinnslu
02 04 01	Jarðvegur frá hreinsun og þvotti á rófum
02 04 02	Kalsíumkarbónöt sem ekki standast forskriftir
02 04 03	Eðja sem verður til við skólphreinsun á staðnum
02 04 99	Úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
02 05	Úrgangur úr mjólkuriðnaði
02 05 01	Efni sem eru óhæf til neyslu eða vinnslu
02 05 02	Eðja sem verður til við skólphreinsun á staðnum
02 05 99	Úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
02 06	Úrgangur frá bökunar- og sælgætisiðnaði
02 06 01	Efni sem eru óhæf til neyslu eða vinnslu
02 06 02	Úrgangur frá rotvarnarefnum
02 06 03	Eðja sem verður til við skólphreinsun á staðnum
02 06 99	Úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
02 07	Úrgangur frá framleiðslu áfengra og óáfengra drykkja (nema frá framleiðslu kaffis, tes og kakós)
02 07 01	Úrgangur frá þvotti, hreinsun og vélrænni sundurhlutun hráefna
02 07 02	Úrgangur frá eimingu vínanda
02 07 03	Úrgangur frá efnafræðilegri meðhöndlun
02 07 04	Efni sem eru óhæf til neyslu eða vinnslu
02 07 05	Eðja sem verður til við skólphreinsun á staðnum
02 07 99	Úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
03	ÚRGANGUR FRÁ TIMBURVINNSLU OG FRAMLEIÐSLU Á VIÐARÞILJUM OG HÚSGÖGNUM, PAPPÍRSDEIGI, PAPPÍR OG PAPPA
03 01	Úrgangur frá timburvinnslu og framleiðslu á viðarþiljum og húsgögnum
03 01 01	Úrgangsbörkur og -korkur
03 01 04*	Sag, spænir, bútar, viður, borð og spónn sem inniheldur hættuleg efni
03 01 05	Sag, spænir, bútar, viður, borð og spónn, annað en tilgreint er í 03 01 04
03 01 99	Úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
03 02	Úrgangur sem fellur til við viðarvörn
03 02 01*	Lífræn viðarvarnarefni sem eru ekki halógenuð
03 02 02*	Klórlífræn viðarvarnarefni
03 02 03*	Málmlífræn viðarvarnarefni
03 02 04*	Ólífræn viðarvarnarefni
03 02 05*	Önnur viðarvarnarefni sem innihalda hættuleg efni
03 02 99	Viðarvarnarefni sem eru ekki tilgreind með öðrum hætti

03 03	Úrgangur frá framleiðslu og vinnslu pappírsdeigs, pappírs og pappa
03 03 01	Úrgangsbörkur og -korkur
03 03 02	Græn eðja (frá endurheimt suðuvökva)
03 03 05	Eðja frá hreinsun prentsvertu úr endurvinnslupappír
03 03 07	Vélrænt aðskilið úrkast frá pappírsmauksvinnslu úr úrgangspappír og -pappa
03 03 08	Úrgangur frá flokkun pappírs og pappa til endurvinnslu
03 03 09	Kalkeðjuúrgangur
03 03 10	Trefjaúrkast, trefja-, fylliefna- og húðunareðja frá vélrænum aðskilnaði
03 03 11	Eðja sem verður til við skólphreinsun á staðnum, önnur en tilgreind er í 03 03 10
03 03 99	Úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
04	ÚRGANGUR FRÁ LEÐUR-, SKINNA- OG TEXTÍLIÐNAÐI
04 01	Úrgangur frá leður- og skinnaiðnaði
04 01 01	Úrgangur frá sköfun og meðhöndlun með kalki þegar húðir eru klofnar
04 01 02	Úrgangur frá kalkmeðhöndlun
04 01 03*	Úrgangur frá fituhreinsun sem inniheldur leysa, án vökvafasa
04 01 04	Sútunarvökvi sem inniheldur króm
04 01 05	Sútunarvökvi án króms
04 01 06	Eðja, einkum frá skólphreinsun á staðnum, sem inniheldur króm
04 01 07	Eðja, einkum frá skólphreinsun á staðnum, án króms
04 01 08	Úrgangur úr sútuðu leðri (þynnur, afrakstur, afskurðir, fægiduft) sem inniheldur króm
04 01 09	Úrgangur frá frágangi og lokameðhöndlun
04 01 99	Úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
04 02	Úrgangur frá textíliðnaði
04 02 09	Úrgangur frá samsettum efnum (gegndreyptum textílefnum, teygjuefnum, plastefnum)
04 02 10	Lífræn efni úr náttúruefnum (t.d. fita, vax)
04 02 14*	Úrgangur frá lokameðhöndlun sem inniheldur lífræna leysa
04 02 15	Úrgangur frá lokameðhöndlun, annar en tilgreindur er í 04 02 14
04 02 16*	Leysilitarefni og fastlitir sem innihalda hættuleg efni
04 02 17	Leysilitir og fastlitir, aðrir en tilgreindir eru í 04 02 16
04 02 19*	Eðja sem verður til við skólphreinsun á staðnum og inniheldur hættuleg efni
04 02 20	Eðja sem verður til við skólphreinsun á staðnum, önnur en tilgreind er í 04 02 19
04 02 21	Úrgangur frá óunnum textíltrefjum
04 02 22	Úrgangur frá unnum textíltrefjum
04 02 99	Úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
05	ÚRGANGUR FRÁ JARÐOLÍUHREINSUN, HREINSUN Á JARÐGASI OG HITASUNDRUN KOLA
05 01	Úrgangur frá jarðolíuhreinsun
05 01 02*	Eðja frá afseltumeðferð

05 01 03*	Eðja úr botni tanka
05 01 04*	Súr alkýleðja
05 01 05*	Olía sem lekið hefur út
05 01 06*	Eðja, sem inniheldur olíu, frá viðhaldi í iðjuveri eða á búnaði
05 01 07*	Súr tjara
05 01 08*	Önnur tjara
05 01 09*	Eðja sem verður til við skólphreinsun á staðnum og inniheldur hættuleg efni
05 01 10	Eðja sem verður til við skólphreinsun á staðnum, önnur en tilgreind er í 05 01 09
05 01 11*	Úrgangur frá eldsneytishreinsun með bösum
05 01 12*	Olía sem inniheldur sýrur
05 01 13	Eðja frá vatni til hitaketils
05 01 14	Úrgangur frá kælisúlum
05 01 15*	Notaður síunarleir
05 01 16	Úrgangur sem inniheldur brennistein og fellur til við hreinsun brennisteins úr jarðolíu
05 01 17	Jarðbik
05 01 99	Úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
05 06	Úrgangur frá hitasundrun kola
05 06 01*	Súr tjara
05 06 03*	Önnur tjara
05 06 04	Úrgangur frá kælisúlum
05 06 99	Úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
05 07	Úrgangur frá hreinsun og flutningi á jarðgasi
05 07 01*	Úrgangur sem inniheldur kvikasilfur
05 07 02	Úrgangur sem inniheldur brennistein
05 07 99	Úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
06	ÚRGANGUR FRÁ ÓLÍFRÆNUM EFNAFERLUM
06 01	Úrgangur frá framleiðslu, lögun, dreifingu og notkun á sýrum
06 01 01*	Brennisteinssýra og brennisteinstvísýrlingur
06 01 02*	Saltsýra
06 01 03*	Flússýra
06 01 04*	Fosfórsýra og fosfórsýrlingur
06 01 05*	Saltpéturssýra og saltpéturssýrlingur
06 01 06*	Aðrar sýrur
06 01 99	Úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
06 02	Úrgangur frá framleiðslu, lögun, dreifingu og notkun á bösum
06 02 01*	Kalsíumhýdroxíð
06 02 03*	Ammóníumhýdroxíð

06 02 04*	Natríum- og kalíumhýdroxíð
06 02 05*	Aðrir basar
06 02 99	Úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
06 03	Úrgangur frá framleiðslu, lögun, dreifingu og notkun salta og lausna þeirra og málmoxíða
06 03 11*	Föst sölt og saltlausnir sem innihalda sýaníð
06 03 13*	Föst sölt og saltlausnir sem innihalda þungmálma
06 03 14	Föst sölt og saltlausnir, annað en tilgreint er í 06 03 11 og 06 03 13
06 03 15*	Málmoxíð sem innihalda þungmálma
06 03 16	Málmoxíð, önnur en tilgreind eru í 06 03 15
06 03 99	Úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
06 04	Úrgangur sem inniheldur málma, annar en tilgreindur er í 06 03
06 04 03*	Úrgangur sem inniheldur arsen
06 04 04*	Úrgangur sem inniheldur kvikasilfur
06 04 05*	Úrgangur sem inniheldur aðra þungmálma
06 04 99	Úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
06 05	Eðja sem verður til við skólphreinsun á staðnum
06 05 02*	Eðja sem verður til við skólphreinsun á staðnum og inniheldur hættuleg efni
06 05 03	Eðja sem verður til við skólphreinsun á staðnum, önnur en tilgreind er í 06 05 02
06 06	Úrgangur frá framleiðslu, lögun, dreifingu og notkun brennisteinssambanda, efnafræðilegum ferlum með brennisteini og ferlum til að hreinsa brennistein úr efnum
06 06 02*	Úrgangur sem inniheldur hættuleg súlfíð
06 06 03	Úrgangur sem inniheldur súlfíð, annar en tilgreindur er í 06 06 02
06 06 99	Úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
06 07	Úrgangur frá framleiðslu, lögun, dreifingu og notkun halógena og efnaferla með halógensamböndum
06 07 01*	Úrgangur sem inniheldur asbest frá rafgreiningu
06 07 02*	Virkt kolefni úr klórframleiðslu
06 07 03*	Baríumsúlfateðja sem inniheldur kvikasilfur
3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skráin um aukamarkbreyturnar og kennimerkin fyrir viðhengið 2017 varðandi heilbrigði og heilbrigði barna, sem eru hluti af þversniðsþætti hagtalna ESB um tekjur og lífskjör, skal vera eins og mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. janúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 23, 29.1.2016, bls. 40. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtíð. ESB L 165, 3.7.2003, bls. 1.

VIÐAUKI

Í þessari reglugerð gilda eftirfarandi einingar, gagnasöfnunaraðferðir, viðmiðunartímabil og gagnasendingar:

1. **Einingar**

Markbreyturnar tengjast mismunandi einingum:

upplýsingar um fjárhagslega byrði eiga við heimili og vísa til heimila í heild,

veita skal upplýsingar um heilsu fyrir sérhvern núverandi heimilismann eða, ef við á, um alla valda svarendur sem eru 16 ára og eldri,

veita skal upplýsingar um almennt heilbrigði og takmarkaða virkni vegna heilbrigðisvandamála fyrir hvert barn á aldrinum 0–15 ára,

upplýsingar um að barn hafi þurft að fá tannlæknisskoðun eða læknisskoðun eða -meðferð en ekki fengið eiga við heimili og vísa til allra barna á aldrinum 0–15 ára sem búa á heimilinu sem heild,

aldur vísar til þess aldurs þegar viðtalið var tekið.

2. **Gagnasöfnunaraðferðir**

Einstaklingsviðtal við þann sem svarar fyrir heimilið er gagnasöfnunaraðferðin sem notuð er fyrir breytur sem gilda um heimili.

Einstaklingsviðtal við alla núverandi heimilismenn 16 ára eða eldri eða, eftir atvikum, við hvern valinn svaranda, er gagnasöfnunaraðferðin fyrir breytur sem gilda um einstaklinga.

Að því er varðar breytur þar sem spurningar varða börn er gögnum safnað á grundvelli einstaklingsviðtals við þann sem svarar fyrir heimilið.

Einungis er viðunandi að taka einstaklingsviðtöl (í undantekningatilvikum má tala við þann sem fer með umboð fyrir þá sem eru fjarverandi tímabundið eða vanhæfir) í ljósi eðlis upplýsinganna sem safna skal.

Hægt er að reikna breytur um líkamsþyngdarstuðul (BMI) út frá upplýsingum sem safnað er í viðtalinu um hæð og þyngd eða beint frá spyrjanda með því að nota sýnispjald. Einungis þarf að senda gildið fyrir líkamsþyngdarstuðul til Hagstofu Evrópusambandsins.

3. **Viðmiðunartímabil**

Markbreyturnar tengjast mismunandi viðmiðunartímabilum:

núgildandi viðmiðunartímabili fyrir breytu líkamsþyngdarstuðuls, almennt heilbrigði barna og takmarkaða virkni vegna heilbrigðisvandamála barna,

hefðbundinni viku, fyrir breyturnar sem eru tengdar hreyfingu,

hefðbundinni viku, á árstíð þegar oftar eru borðaðir ávextir og grænmeti,

síðustu 12 mánuðir fyrir allar aðrar breytur.

4. **Gagnasending**

Senda ætti aukamarkbreyturnar til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins) í gagnaskránni um heimili (H-skránni), skráningarskránni um einstaklinga (R-skránni) og gagnaskránni um einstaklinga (P-skránni) á eftir aðalmarkbreytunum.

Kennimerki breytu	Markbreyta
	Heilbrigði
HS200	*Fjárhagsleg byrði læknishjálpar* Þung byrði Nokkur byrði Engin byrði
HS200_F	Fyllt út Vantar Á ekki við (enginn á heimilinu þarfnaðist læknishjálpar) Á ekki við (RB010 ≠ 2017)
HS210	*Fjárhagsleg byrði tannhirðu* Þung byrði Nokkur byrði Engin byrði
HS210_F	Fyllt út Vantar Á ekki við (enginn á heimilinu þarfnaðist tannhirðu) Á ekki við (RB010 ≠ 2017)
HS220	*Fjárhagsleg byrði lyfja* Þung byrði Nokkur byrði Engin byrði
HS220_F	Fyllt út Vantar Á ekki við (enginn á heimilinu þarfnaðist lyfja) Á ekki við (RB010 ≠ 2017)
PH080	*Fjöldi heimsókna til tannlæknis eða tannréttingarsérfræðings* Engin 1–2 sinnum 3–5 sinnum 6–9 sinnum 10 sinnum eða oftar
PH080_F	Fyllt út Vantar Svarandi var ekki valinn Á ekki við (RB010 ≠ 2017)

Kennimerki breytu	Markbreyta
PH090	*Fjöldi skoðana hjá heimilislækni eða fjölskyldulækni*
	Engin
	1–2 sinnum
	3–5 sinnum
	6–9 sinnum
	10 sinnum eða oftar
PH090_F	Fyllt út
	Vantar
	Svarandi var ekki valinn
	Á ekki við (RB010 ≠ 2017)
PH100	*Fjöldi skoðana hjá sérfræðingi í heimilis- eða skurðlækningum*
	Engin
	1–2 sinnum
	3–5 sinnum
	6–9 sinnum
	10 sinnum eða oftar
PH100_F	Fyllt út
	Vantar
	Svarandi var ekki valinn
	Á ekki við (RB010 ≠ 2017)
PH110	*Líkamsþyngdarstuðull (BMI)*
	BMI-númer
PH110_F	Fyllt út
	Vantar
	Svarandi var ekki valinn
	Á ekki við (RB010 ≠ 2017)
PH120	*Tegund hreyfingar við störf*
	Sit að mestu leyti
	Stend að mestu leyti
	Einkum gangandi eða verkefni sem krefjast hæfilegrar líkamlegrar áreynslu
	Einkum erfiðisvinna eða líkamlega krefjandi vinna
PH120_F	Fyllt út
	Vantar
	Á ekki við (engum vinnutengdum verkefnum er sinnt)
	Svarandi var ekki valinn
	Á ekki við (RB010 ≠ 2017)

Kennimerki breytu	Markbreyta
PH130	*Tíma sem er eytt í hreyfingu (að vinnu undanskilinni) í hefðbundinni viku*
	KK/MM (klukkustundir/mínútur) á viku
PH130_F	Fyllt út
	Vantar
	Svarandi var ekki valinn
	Á ekki við (RB010 ≠ 2017)
PH140	*Tíðni neyslu ávaxta*
	Tvisvar sinnum eða oftar á dag
	Einu sinni á dag
	4–6 sinnum í viku
	1–3 sinnum í viku
	Sjaldnar en einu sinni í viku
	Aldrei
PH140_F	Fyllt út
	Vantar
	Svarandi var ekki valinn
	Á ekki við (RB010 ≠ 2017)
PH150	*Tíðni neyslu grænmetis eða salats*
	Tvisvar sinnum eða oftar á dag
	Einu sinni á dag
	4–6 sinnum í viku
	1–3 sinnum í viku
	Sjaldnar en einu sinni í viku
	Aldrei
PH150_F	Fyllt út
	Vantar
	Svarandi var ekki valinn
	Á ekki við (RB010 ≠ 2017)
	Heilbrigði barna
RC010	*Almennt heilbrigðisástand (barns)*
	Mjög gott
	Gott
	Sæmilegt
	Slæmt
	Mjög slæmt
RC010_F	Fyllt út
	Vantar
	Á ekki við (barn er eldra en 15 ára)
	Á ekki við (RB010 ≠ 2017)

Kennimerki breytu	Markbreyta
RC020	*Takmörkuð virkni vegna heilbrigðisvandamála (barn)* Verulega takmörkuð Takmörkuð en ekki verulega Ótakmörkuð
RC020_F	Fyllt út Vantar Á ekki við (barn er eldra en 15 ára) Á ekki við (RB010 ≠ 2017)
HC010	*Þörf fyrir læknisskoðun eða meðferð (barna) ekki sinnt* Já (það var að minnsta kosti eitt tilvik þegar að minnsta kosti eitt barn fór ekki í læknisskoðun eða meðferð) Nei (barnið/börnin fengu læknisskoðun eða meðferð í hvert skipti þegar þau þörfnuðust þess)
HC010_F	Fyllt út Vantar Á ekki við (ekkert barnanna þurfti í raun á læknisskoðun eða meðferð að halda) Á ekki við (engin börn á aldrinum 0–15 ára á heimilinu) Á ekki við (RB010 ≠ 2017)
HC020	*Meginástæða þess að þörf fyrir læknisskoðun eða meðferð var ekki sinnt (börn)* Sjúklingur hafði ekki efni á því (of dýrt) Biðlisti Hafði ekki tíma vegna vinnu, umönnunar barna eða annarra einstaklinga Of langt að fara eða farartæki vantaði Aðrar ástæður
HC020_F	Fyllt út Vantar Á ekki við (HC010 ekki jafnt og já) Á ekki við (engin börn á aldrinum 0–15 ára á heimilinu) Á ekki við (RB010 ≠ 2017)
HC030	*Þörf fyrir tannlæknaskoðun eða meðferð (barna) ekki sinnt* Já (það var að minnsta kosti eitt tilvik þegar að minnsta kosti eitt barn fór ekki í tannlæknaskoðun eða meðferð) Nei (barnið/börnin fengu tannlæknaskoðun eða -meðferð í hvert skipti þegar þau þörfnuðust þess)
HC030_F	Fyllt út Vantar Á ekki við (ekkert barnanna þurfti á tannlæknaskoðun eða meðferð að halda) Á ekki við (engin börn á aldrinum 0–15 ára á heimilinu) Á ekki við (RB010 ≠ 2017)

Kennimerki breytu	Markbreyta
HC040	*Meginástæða þess að þörf fyrir tannlæknaskoðun eða meðferð var ekki sinnt*
	Sjúklingur hafði ekki efni á því (of dýrt)
	Biðlisti
	Hafði ekki tíma vegna vinnu, umönnunar barna eða annarra einstaklinga
	Of langt að fara eða farartæki vantaði
	Aðrar ástæður
HC040_F	Fyllt út
	Vantar
	Á ekki við (HC030 ekki jafnt og já)
	Á ekki við (engin börn á aldrinum 0–15 ára á heimilinu)
	Á ekki við (RB010 ≠ 2017)

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2113 2016/EES/27/64

frá 23. nóvember 2015

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlega reikningsskilastaðla, IAS-staðla 16 og 41 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ([1]), einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 ([2]) voru innleiddir tilteknir alþjóðlegir staðlar og túlkanir sem voru fyrir hendi 15. október 2008.

2) Hinn 30. júní 2014 gaf Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) út breytingar á IAS-staðli 16, *varanlegir rekstrarfjármunir,* og IAS-staðli 41, *landbúnaður*, með heitinu *Landbúnaður: plöntur til framleiðslu.* Alþjóðareikningsskilaráðið ákvað að gera skuli grein fyrir plöntum, sem eru eingöngu notaðar til að gefa af sér afurðir á nokkrum tímabilum, þekktar sem plöntur til framleiðslu, á sama hátt og varanlegum rekstrarfjármunum í IAS-staðli 16, *varanlegir rekstrarfjármunir*, vegna þess að starfræksla þeirra er svipuð iðnaðarframleiðslu.

3) Breytingar á IAS-stöðlum 16 og 41 fela þess vegna í sér breytingar á IAS-staðli 1, 17, 23, 36 og 40 til að tryggja að samræmi sé á milli alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

4) Með samráði við Evrópsku ráðgjafarnefndina um reikningsskil er staðfest að breytingar á IAS-staðli 16 og IAS-staðli 41 uppfylla skilyrðin fyrir innleiðingu sem eru sett fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

5) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1126/2008 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrinefndarinnar um reikningsskil.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er breytt sem hér segir:

a) Alþjóðlega reikningsskilastaðlinum IAS-staðall 16, *varanlegir rekstrarfjármunir*, er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

b) IAS-staðli 41, *landbúnaður*, er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

c) IAS-staðli 1, *framsetning reikningsskila*, IAS-staðli 17, *leigusamningar*, IAS-staðli 23, *fjármagnskostnaður*, IAS-staðli 36, *virðisrýrnun eigna* og IAS-staðli 40, *fjárfestingareignir,* er breytt til samræmis við breytingar á IAS-staðli 16 og IAS-staðli 41, eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 306, 24.11.2015, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 frá 3. nóvember 2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 (Stjtíð. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1).

2. gr.

Félög skulu beita breytingunum, sem vísað er til í 1. gr., eigi síðar en frá og með upphafsdagsetningu fyrsta fjárhagsárs þeirra sem hefst 1. janúar 2016 eða síðar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Landbúnaður: Plöntur til framleiðslu

(Breytingar á IAS-staðli 16 og IAS-staðli 41)

Breyting á IAS-staðli 16, *varanlegir rekstrarfjármunir*

Liðum 3, 6 og 37 er breytt og liðum 22A og 81K–81M er bætt við.

GILDISSVIÐ

…

3. Þessi staðall gildir ekki um:

a) varanlega rekstrarfjármuni sem eru skilgreindir sem haldið til sölu í samræmi við IFRS-staðal 5, *fastafjármunir sem haldið er til sölu og aflögð starfsemi,*

b) lífrænar eignir sem tengjast landbúnaðarstarfsemi, aðrar en plöntur til framleiðslu (sjá IAS-staðal 41, *landbúnaður*). Þessi staðall gildir um plöntur til framleiðslu en hann gildir ekki um afurðir þeirra,

c) færslu og mat á eignum vegna jarðefnaleitar og mats (sjá IFRS-staðal 6, *leit að jarðefnaauðlindum og mat á þeim*),

d) ....

SKILGREININGAR

6. Í þessum staðli er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

***Planta til framleiðslu* er lifandi planta sem:**

a) er notuð til að framleiða eða láta í té landbúnaðarafurð,

b) er ætlað að gefa af sér afurð í meira en eitt tímabil og

c) ólíklegt er að verði seld sem landbúnaðarafurð nema við sölu á tilfallandi úrgangi.

(Í liðum 5A–5B í IAS-staðli 41 er nánar fjallað um þessa skilgreiningu á plöntu til framleiðslu.)

***Bókfært verð* er sú fjárhæð sem færð er til eignar eftir frádrátt á öllum uppsöfnuðum afskriftum og uppsöfnuðum virðisrýrnunartöpum.**

…

Kostnaðarverðsþættir

…

22A Gerð er grein fyrir plöntum til framleiðslu á sama hátt og eigin framleiðslu á varanlegum rekstrarfjármunalið áður en þær eru komnar á þann stað og í það ástand sem nauðsynlegt er til að þær séu starfhæfar með þeim hætti sem stjórnendur ætlast til. Af þessum sökum ætti að leggja þann skilning í tilvísanir í „byggingu“ í þessum staðli að þær eigi við um starfsemi sem er nauðsynleg til ræktunar á plöntum til framleiðslu áður en þær eru komnar á þann stað og í það ástand sem nauðsynlegt er til að þær séu starfhæfar með þeim hætti sem stjórnendur ætlast til.

…

Endurmatslíkan

…

37. Flokkur varanlegra rekstrarfjármuna eru eignir sem eru flokkaðar saman vegna þess að gerð þeirra og notkun í rekstri einingar er sambærileg. Eftirfarandi eru dæmi um sérstaka flokka:

a) …

g) húsgögn og innréttingar,

h) skrifstofubúnaður og

i) plöntur til framleiðslu.

…

GILDISTÖKUDAGUR OG UMBREYTINGARÁKVÆÐI

…

81K *Landbúnaður: plöntur til framleiðslu* (breytingar á IAS-staðli 16 og IAS-staðli 41), útgefnar í júní 2014, breyttu liðum 3, 6 og 37 og bættu við liðum 22A og 81L–81M. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2016 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Eining skal greina frá því ef hún beitir þessum breytingum fyrir fyrra tímabil. Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt í samræmi við IAS-staðal 8 nema að því leyti sem tilgreint er í lið 81M.

81L Á reikningsskilatímabilinu þegar *Landbúnaður: plöntur til framleiðslu* (breytingar á IAS-staðli 16 og IAS-staðli 41) kemur til beitingar í fyrsta sinn þarf eining ekki að leggja fram tölulegu upplýsingarnar sem krafist er í f-lið 28. liðar IAS-staðals 8 fyrir yfirstandandi tímabil. Þó skal eining leggja fram tölulegu upplýsingarnar sem krafist er í f-lið 28. liðar IAS-staðals 8 fyrir hvert undanfarandi tímabil sem sett er fram.

81M Eining getur kosið að meta eintak plöntu til framleiðslu á gangvirði í upphafi fyrsta tímabilsins sem sett er fram í reikningsskilum fyrir reikningsskilatímabilið þegar einingin beitir í fyrsta sinn breytingunum *Landbúnaður: plöntur til framleiðslu* (breytingar á IAS-staðli 16 og IAS-staðli 41) og nota það gangvirði sem áætlað kostnaðarverð á þeim degi. Allan mismun á fyrra bókfærðu verði og gangvirði skal færa sem óráðstafað, eigið fé í upphafi fyrsta tímabilsins sem sett er fram.

Breytingar á IAS-staðli 41, landbúnaður

Liðum 1–5, 8, 24 og 44 er breytt og liðum 5A–5C og 62–63 er bætt við.

GILDISSVIÐ

1. Þessum staðli skal beitt til að gera grein fyrir eftirfarandi atriðum þegar þau tengjast landbúnaðarstarfsemi:

a) lífrænum eignum, þó ekki plöntum til framleiðslu,

b) landbúnaðarafurðum við uppskeru og

c) opinberum styrkjum sem fjallað er um í 34. og 35. lið.

2. Þessi staðall gildir ekki um:

a) land sem tengist landbúnaðarstarfsemi (sjá IAS-staðal 16, *varanlegir rekstrarfjármunir*, og IAS-staðal 40, *fjárfestingareignir*),

b) plöntur til framleiðslu sem tengjast landbúnaðarstarfsemi (sjá IAS-staðal 16). Þessi staðall gildir þó um afurðir þessara plantna til framleiðslu,

c) opinbera styrki sem tengjast plöntum til framleiðslu (sjá IAS-staðal 20, *færsla opinberra styrkja og upplýsingar um opinbera aðstoð*),

d) óefnislegar eignir sem tengjast landbúnaðarstarfsemi (sjá IAS-staðal 38, óefnislegar eignir).

3. Þessum staðli er beitt á landbúnaðarafurðir sem eru afurðir byggðar á uppskeru lifrænna eigna einingarinnar á uppskerutíma þeirra. Eftir það skal beita IAS-staðli 2, *birgðir*, eða öðrum viðeigandi staðli. Samkvæmt því fjallar þessi staðall ekki um vinnslu landbúnaðarafurða að uppskeru lokinni, t.d. framleiðslu vínbónda á víni úr þrúgum sem hann hefur ræktað sjálfur. Þó að slík vinnsla geti verið rökrænt og eðlilegt framhald landbúnaðarstarfsemi og atburðirnir, sem eiga sér stað, geti verið að nokkru leyti sambærilegir við líffræðilegar breytingar er slík framleiðsla ekki hluti af skilgreiningu á landbúnaðarstarfsemi í þessum staðli.

4. Í töflunni hér á eftir eru gefin dæmi um lifrænar eignir, landbúnaðarafurðir og vörur sem eru afrakstur framleiðslu að lokinni uppskeru:

Lifrænar eignir	Landbúnaðarafurðir	Afurðir sem eru afrakstur framleiðslu að lokinni uppskeru
Sauðfé	Ull	Garn, teppi
Tré í ræktuðum skógi	Felld tré	Trjábolir, timbur
Mjólkurkýr	Mjólk	Ostur
Svín	Skrokkur	Pylsur, verkuð skinka
Baðmullarplöntur	Uppskorin baðmull	Þráður, fatnaður
Sykurreyr	Uppskorinn sykurreyr	Sykur
Tóbaksplöntur	Tínd lauf	Verkað tóbak
Terunnar	Tínd lauf	Te
Vínviður	Tíndar þrúgur	Vín
Aldintré	Tínd aldin	Unnir ávextir
Olíupálmar	Tínd aldin	Pálmaolía
Gúmmítré	Uppskorið latex	Gúmmíafurðir

Sumar plöntur, t.d. terunnar, vínviður, olíupálmar og gúmmítré samrýmast venjulega skilgreiningu á plöntu til framleiðslu og falla undir gildissvið IAS-staðals 16. Þær afurðir sem plöntur til framleiðslu gefa af sér, t.d. telauf, þrúgur, aldin olíupálma og latex, falla undir gildissvið IAS-staðals 41.

SKILGREININGAR

Skilgreiningar tengdar landbúnaði

5. Í þessum staðli er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

...

***Landbúnaðarafurð* er afurð sem einingin uppsker af lifrænum eignum sínum.**

Planta til framleiðslu **er lifandi planta sem:**

a) er notuð til að framleiða eða láta í té landbúnaðarafurð,

b) er ætlað að gefa af sér afurð í meira en eitt tímabil og

c) ólíklegt er að verði seld sem landbúnaðarafurð nema við sölu á tilfallandi úrgangi.

Lífræn eign **er lifandi dýr eða planta.**

…

5A Eftirfarandi er ekki talið til plantna til framleiðslu:

a) plöntur sem eru ræktaðar til uppskeru sem landbúnaðarafurðir (t.d. tré sem eru ræktuð til notkunar sem timbur),

b) plöntur sem eru ræktaðar til að gefa af sér landbúnaðarafurðir þegar það er alls ekki ólíklegt að einingin muni einnig uppskera og selja plöntuna sem landbúnaðarafurð, ekki aðeins sem sölu á tilfallandi úrgangi (t.d. tré sem eru ræktuð bæði vegna aldina sinna og eru ætluð í timbur) og

c) einærar nytjaplöntur (t.d. maís og hveiti).

5B Þegar plöntur til framleiðslu eru ekki lengur notaðar til að gefa af sér afurðir væri hægt að skera þær og selja sem úrgang, t.d. sem eldivið. Slík sala á tilfallandi úrgangi kemur ekki í veg fyrir að plantan fullnægi skilyrðunum til að teljast vera planta til framleiðslu.

5C Afurð sem vex á plöntum til framleiðslu er lífræn eign.

…

Almennar skilgreiningar

8. Í þessum staðli er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

…

Opinberir styrkir, eins og þeir eru skilgreindir í IAS-staðli 20.

FÆRSLA OG MAT

…

24. Kostnaðarverð getur stundum nálgast gangvirði einkum ef:

a) fáar líffræðilegar breytingar hafa orðið frá því að fyrst var stofnað til kostnaðarins (t.d. þegar ungplöntur eru gróðursettar stuttu fyrir lok reikningsskilatímabils eða þegar um er að ræða nýlega keypt búfé) eða

b) þess er ekki vænst að áhrif líffræðilegu breytingarinnar á verð séu veruleg (t.d. byrjunarvöxturinn á þrjátíu ára framleiðsluskeiði í ræktuðum barrskógi).

…

Almennt

…

44. Lífrænar eignir til neyslu eru eignir sem eru uppskornar sem landbúnaðarafurðir eða seldar sem lífrænar eignir. Dæmi um lífrænar eignir til neyslu er búfé sem ætlað er til kjötframleiðslu, búfé sem ætlað er til sölu, fiskur í eldi, maís- og hveituppskera, afurðir plöntu til framleiðslu og tré sem eru ræktuð og ætluð í timbur. Lífrænar eignir til framleiðslu eru aðrar eignir en lífrænar eignir til neyslu, t.d. búfé sem gefur mjólk og aldintré og tré sem aldinin eru nýtt af. Lífrænar eignir til framleiðslu eru ekki landbúnaðarafurðir heldur eru frekar notaðar til að gefa af sér afurðir.

…

GILDISTÖKUDAGUR OG UMBREYTINGARÁKVÆÐI

…

62. *Landbúnaður: plöntur til framleiðslu* (breytingar á IAS-staðli 16 og IAS-staðli 41), útgefnar í júní 2014, breyttu liðum 1–5, 8, 24 og 44 og bættu við liðum 5A–5C og 63. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2016 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Eining skal greina frá því ef hún beitir þessum breytingum fyrir fyrra tímabil. Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt í samræmi við IAS-staðal 8.

63. Á reikningsskilatímabilinu þegar *Landbúnaður: plöntur til framleiðslu* (breytingar á IAS-staðli 16 og IAS-staðli 41) kemur til beitingar í fyrsta sinn þarf eining ekki að leggja fram tölulegu upplýsingarnar sem krafist er í f-lið 28. liðar IAS-staðals 8 fyrir yfirstandandi tímabil. Þó skal eining leggja fram tölulegu upplýsingarnar sem krafist er í f-lið 28. liðar IAS-staðals 8 fyrir hvert undanfarandi tímabil sem sett er fram.

AFLEIDDAR BREYTINGAR Á ÖÐRUM STÖÐLUM

IAS-staðall 1, *framsetning reikningsskila*

Ákvæðum 54. liðar er breytt.

Upplýsingar sem skulu settar fram í efnahagsreikningi

54. Efnahagsreikningur skal að lágmarki innihalda sérlínur þar sem eftirfarandi fjárhæðir eru tilgreindar:

a) …

f) lífrænar eignir sem falla innan gildissviðs IAS-staðals 41, *landbúnaður*,

g) …

IAS-staðall 17, leigusamningar

Ákvæðum 2. liðar er breytt.

GILDISSVIÐ

2. ...

Þennan staðal skal þó ekki nota sem grundvöll fyrir mati á:

a) …

c) lífrænum eignum sem falla innan gildissviðs IAS-staðals 41, *landbúnaður*, sem eru í vörslu leigutaka samkvæmt fjármögnunarleigusamningi eða

d) lífrænum eignum sem falla innan gildissviðs IAS-staðals 41 sem leigusalar leigja út samkvæmt rekstrarleigusamningi.

IAS-staðall 23, *fjármagnskostnaður*

Ákvæðum 4. og 7. liðar er breytt.

GILDISSVIÐ

…

4. Ekki er gerð krafa um að eining beiti staðlinum á fjármagnskostnað sem tengja má beint kaupum, byggingu eða framleiðslu á:

a) hæfri eign sem er metin á gangvirði, t.d. lífrænni eign sem fellur undir gildissvið IAS-staðals 41, *landbúnaður*, eða

b) …

SKILGREININGAR

…

7. Hvert eftirfarandi getur verið hæf eign, allt eftir aðstæðum:

   a) …

   e) fjárfestingareignir

   f) plöntur til framleiðslu.

IAS-staðall 36, virðisrýrnun eigna

Ákvæðum 2. liðar er breytt.

GILDISSVIÐ

2. Þessum staðli skal beita við færslu virðisrýrnunar allra eigna annarra en:

   a) …

   g) lífrænna eigna sem tengjast landbúnaðarstarfsemi sem falla innan gildissviðs IAS-staðals 41, *landbúnaður*, og metnar eru á gangvirði að frádregnum ráðstöfunarkostnaði,

   h)…

IAS-staðall 40, *fjárfestingareignir*

Ákvæðum 4. og 7. liðar er breytt.

GILDISSVIÐ

…

4. Þessi staðall gildir ekki um:

   a) lífrænar eignir sem tengjast landbúnaðarstarfsemi (sjá IAS-staðal 41, *landbúnaður*, og IAS-staðli 16, *varanlegir rekstrarfjármunir*) og

   b) …

FLOKKUN EIGNAR SEM FJÁRFESTINGAREIGNAR EÐA FASTEIGNAR SEM EIGANDI NÝTIR

…

7. Fjárfestingareign er eign til öflunar leigutekna eða til verðmætisaukningar eða hvors tveggja. Þess vegna myndar fjárfestingareign sjóðstreymi sem er að mestu óháð öðrum eignum einingarinnar. Þetta greinir fjárfestingareign frá fasteign sem eigandinn nýtir. Framleiðsla vara eða afhending á vörum eða þjónustu (eða notkun fasteignar í stjórnunarlegum tilgangi) myndar sjóðstreymi sem er ekki unnt að rekja einvörðungu til fasteignar heldur einnig til annarra eigna sem eru notaðar í framleiðslunni eða afhendingarferlinu. IAS-staðall 16 gildir um fasteign sem eigandi nýtir.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2015/758 **2016/EES/27/65**

frá 29. apríl 2015

um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar innleiðingu neyðarsímkerfis í ökutæki, sem byggist á 112-neyðarnúmeraþjónustunni, og um breytingu á tilskipun 2007/46/EB (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Komið hefur verið á heildargerðarviðurkenningarkerfi Sambandsins fyrir vélknúin ökutæki með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB ([3]).

2) Tæknilegar kröfur um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja, að því er varðar ýmsa öryggis- og umhverfisþætti, hafa verið samræmdar á vettvangi Sambandsins til að tryggja öflugt umferðaröryggi í gervöllu Sambandinu.

3) Innleiðing neyðarnúmeraþjónustu (e. *eCall service*) í öll ökutæki og í öllum aðildarríkjum hefur verið eitt af meginmarkmiðum Sambandsins á sviði umferðaröryggis síðan 2003. Til að ná þessu markmiði hefur verið ráðist í röð framtaksverkefna, sem hluti af aðgerð til að innleiða valfrjálsa notkun, en þau hafa enn sem komið er ekki skilað nægilegum árangri.

4) Til að auka umferðaröryggi enn frekar voru í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar, frá 21. ágúst 2009, sem ber yfirskriftina „Neyðarsímtal úr ökutæki: tími til innleiðingar“ lagðar til nýjar ráðstafanir til að innleiða neyðarsímtalsþjónustu í ökutæki í Sambandinu. Ein af þeim ráðstöfunum sem lagðar voru til var að lögbjóða uppsetningu neyðarsímkerfa í allar nýjar gerðir ökutækja, sem byggjast á neyðarnúmerinu 112 (e. *112-based eCall in-vehicle systems*), þar sem hafist verður handa við ökutæki í flokkum M_1 og N_1, eins og skilgreint er í II. viðauka við tilskipun 2007/46/EB.

5) Evrópuþingið samþykkti, 3. júlí 2012, ályktun um neyðarsímtal úr ökutæki (e. *eCall*): ný þjónusta fyrir borgara sem byggist á 112-neyðarnúmeraþjónustunni, þar sem framkvæmdastjórnin var hvött til að leggja fram tillögu innan ramma tilskipunar 2007/46/EB til að tryggja, eigi síðar en 2015, lögboðna innleiðingu opinbers neyðarsímkerfis sem byggist á neyðarnúmerinu 112.

6) Samt sem áður er nauðsynlegt að bæta rekstur 112-neyðarnúmeraþjónustunnar í gervöllu Sambandinu þannig að hún veiti skjóta og skilvirka aðstoð í neyðartilvikum.

7) Búist er við að neyðarsímkerfi Sambandsins fækki dauðsföllum í Sambandinu og dragi úr alvarleika áverka af völdum umferðarslysa vegna þess hve skjótt neyðarþjónustu verður gert viðvart. Lögboðin innleiðing neyðarsímkerfis í ökutæki, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, ásamt nauðsynlegri og samræmdri uppfærslu grunnvirkja almennra farsímafjarskiptaneta, þar sem neyðarsímtöl eru flutt úr ökutæki og opinberar neyðarsímsvörunarstöðvar (e. *Public Safety Answering Points* (PSAP)) taka við neyðarsímtölum úr ökutækjum og afgreiða þau, myndi gera þjónustuna aðgengilega öllum borgurum og stuðla þar með að fækkun dauðsfalla og alvarlegra áverka, minnkun kostnaðar í tengslum við heilbrigðisþjónustu, fækkun umferðarteppa af völdum slysa og minnkun annars kostnaðar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 123, 19.5.2015, bls. 77. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2016 frá 5. febrúar 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 341, 21.11.2013, bls. 47.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 26. febrúar 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og afstaða ráðsins eftir fyrstu umræðu frá 2. mars 2015 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum). Afstaða Evrópuþingsins frá 28. apríl 2015 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) (Stjtíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1).

8) Í samræmi við 1. mgr. 1. gr. ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 585/2014/ESB ([4]), eiga aðildarríkin, a.m.k. sex mánuðum áður en þessi reglugerð kemur til framkvæmda og eigi síðar en 1. október 2017, að koma upp á yfirráðasvæði sínu grunnvirkjum fyrir opinberar neyðarsímsvörunarstöðvar, sem taka við neyðarsímtölum úr ökutækjum, sem nauðsynleg eru til að taka á móti og afgreiða með tilhlýðilegum hætti öll neyðarsímtöl úr ökutækjum. Í samræmi við 3. gr. ákvörðunar nr. 585/2014/ESB eiga aðildarríkin að gefa framkvæmdastjórninni skýrslu, eigi síðar en 24. desember 2015, um stöðuna á framkvæmd þeirrar ákvörðunar. Ef komist er að þeirri niðurstöðu í skýrslunni að grunnvirki opinberrar neyðarsímsvörunarstöðvar, sem tekur á móti neyðarsímtölum úr ökutækjum, verði ekki tilbúið til starfrækslu í síðasta lagi 1. október 2017 ætti framkvæmdastjórnin að grípa til viðeigandi aðgerða til að tryggja að grunnvirki fyrir neyðarsímsvörunarstöðvar, sem taka við neyðarsímtölum úr ökutækjum, verði innleitt.

9) Í samræmi við 4. mgr. tilmæla framkvæmdastjórnarinnar 2011/750/ESB ([5]) ættu aðildarríkin að tryggja, eigi síðar en 31. desember 2014, að rekstraraðilar farsímaneta taki í notkun tækni til að meðhöndla „aðgreininn fyrir neyðarsímtöl úr ökutækjum“ í kerfum sínum. Ef komist er að þeirri niðurstöðu í endurskoðuninni, sem um getur í 6. mgr. tilmælanna, að „aðgreinirinn fyrir neyðarsímtöl úr ökutækjum“ verði ekki settur upp í síðasta lagi 31. mars 2016, ætti framkvæmdastjórnin að grípa til viðeigandi aðgerða til að tryggja að rekstraraðilar farsímaneta taki í notkun tækni til að nota „aðgreininn fyrir neyðarsímtöl úr ökutækjum“.

10) Veiting nákvæmra og áreiðanlegra upplýsinga um staðsetningu er nauðsynlegur þáttur í skilvirkri starfrækslu neyðarsímkerfis í ökutæki sem byggist á neyðarnúmerinu 112. Því er rétt að krefjast samhæfis þess við þá þjónustu sem Galíleóáætlunin og evrópska, víðfeðma leiðréttingakerfið (EGNOS-kerfið) veita, eins og fram kemur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1285/2013 ([6]). Kerfið, sem komið er á fót á grundvelli Galíleóáætlunarinnar, er sjálfstætt leiðsögukerfi um gervihnött og kerfið, sem komið er á fót á grundvelli EGNOS-áætlunarinnar, er svæðisbundið leiðsögukerfi um gervihnött sem eykur gæði merkisins frá GPS-staðsetningarkerfinu.

11) Lögboðin uppsetning í ökutækjum á neyðarsímkerfi í ökutæki, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, ætti í fyrstu aðeins að gilda um nýjar gerðir fólksbifreiða og létt atvinnuökutæki (flokkar M_1 og N_1) þar sem viðeigandi búnaður til að hefja neyðarsímtal er þegar fyrir hendi. Framkvæmdastjórnin skal enn fremur meta möguleikann á því að víkka út beitingu kröfunnar um neyðarsímkerfi í ökutæki, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, í náinni framtíð þannig að hún taki til annarra flokka ökutækja, eins og þungaflutningabifreiða, hópbifreiða, vélknúinna ökutækja á tveimur hjólum og landbúnaðardráttarvéla, með það fyrir augum að leggja fram, ef við á, tillögu að nýrri löggjöf þess efnis.

12) Hvetja ætti til uppsetningar neyðarsímkerfis í ökutæki, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, í fyrirliggjandi gerðir ökutækja, sem framleiða á eftir 31. mars 2018, til að auka útbreiðslu kerfisins. Að því er varðar gerðir ökutækja, sem eru gerðarviðurkenndar fyrir 31. mars 2018, er valfrjálst að gera endurbætur á kerfi fyrir neyðarsímtöl úr ökutækjum eftir á.

13) Opinbera, rekstrarsamhæfða neyðarnúmeraþjónustan í Sambandinu, sem byggist á samevrópska neyðarnúmerinu 112, og neyðarsímkerfi, sem eru studd þjónustu þriðja aðila, geta starfað samhliða, að því tilskildu að nauðsynlegar ráðstafanir til tryggja samfelldni í veitingu þjónustunnar til neytandans hafi verið samþykktar. Til að tryggja samfelldni opinberu neyðarnúmeraþjónustunnar, sem byggist á neyðarnúmerinu 112 (e. *112-based eCall service*), í öllum aðildarríkjunum á endingartíma ökutækisins og til að ábyrgjast að opinbera neyðarnúmeraþjónustan, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, sé ávallt sjálfkrafa tiltæk, ættu öll ökutæki að vera útbúin opinberu neyðarnúmeraþjónustunni, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, óháð því hvort eigandi ökutækisins kjósi neyðarnúmeraþjónustu sem er studd þjónustu þriðja aðila, eða ekki.

14) Neytendur ættu að fá raunsætt yfirlit yfir neyðarsímkerfi í ökutæki, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, og neyðarsímkerfi í ökutæki, sem er stutt þjónustu þriðja aðila, ef ökutækið er búið slíku kerfi, auk ítarlegra og áreiðanlegra upplýsinga varðandi hvers konar viðbótarvirkni eða -þjónustu, sem tengist einkarekinni neyðarþjónustu, hugbúnað fyrir neyðarþjónustu eða símaaðstoð, sem er í boði fyrir ökutæki, og varðandi það þjónustustig sem gera má ráð fyrir með kaupum á þjónustu þriðja aðila og tengdan kostnað. Neyðarnúmeraþjónustan, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, er opinber þjónusta í almannaþágu og ætti því að vera aðgengileg öllum neytendum án endurgjalds.

15) Lögboðin uppsetning neyðarsímkerfis í ökutæki, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, ætti ekki að hafa áhrif á rétt allra hagsmunaaðila, s.s. bifreiðaframleiðenda og sjálfstæðra rekstraraðila, til að bjóða frekari neyðarþjónustu og/

([4]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 585/2014/ESB frá 15. maí 2014 um innleiðingu rekstrarsamhæfðrar neyðarnúmeraþjónustu innan alls Evrópusambandsins (Stjtíð. ESB L 164, 3.6.2014, bls. 6).

([5]) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2011/750/ESB frá 8. september 2011 um stuðning við neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum (e. eCall) innan alls Evrópusambandsins á rafrænum fjarskiptanetum fyrir flutning á neyðarsímtölum úr ökutækjum á grundvelli 112 (eCalls) (Stjtíð. ESB L 303, 22.11.2011, bls. 46).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1285/2013 frá 11. desember 2013 um framkvæmd og nýtingu evrópskra leiðsögukerfa um gervihnött og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 876/2002 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 683/2008 (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 1).

eða virðisaukandi þjónustu samhliða eða byggða á neyðarsímkerfi í ökutæki sem byggist á neyðarnúmerinu 112. Öll viðbótarþjónusta ætti þó að vera þannig úr garði gerð að hún valdi ekki aukaónæði fyrir ökumanninn eða hafi áhrif á virkni neyðarsímkerfis í ökutæki, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, og skilvirkt starf neyðarsímsvörunarstöðva. Neyðarsímkerfi í ökutæki, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, og kerfi sem veitir einkaþjónustu eða virðisaukandi þjónustu ættu að vera þannig úr garði gerð að engin skipti á persónuupplýsingum á milli þeirra sé möguleg. Ef slík þjónusta er veitt ætti hún að samrýmast gildandi löggjöf um öryggi, vernd og gagnavernd og ætti ávallt að vera valfrjáls fyrir neytendur.

16) Til að tryggja frjálst val neytenda og sanngjarna samkeppni auk þess að hvetja til nýsköpunar og auka samkeppnishæfni upplýsingatækniiðnaðarins í Sambandinu á heimsmarkaði, ættu neyðarsímkerfi í ökutækjum að byggjast á rekstrarsamhæfðum, stöðluðum, öruggum og opnum verkvangi sem gefur möguleika á uppsetningu hugbúnaðar eða þjónustu í ökutæki í framtíðinni. Þar sem þetta kallar á tæknilega og lagalega aðstoð, ætti framkvæmdastjórnin að kanna, án tafar, á grundvelli samráðs við alla hlutaðeigandi hagsmunaaðila, þ.m.t. ökutækjaframleiðendur og sjálfstæða rekstraraðila, alla möguleika til að stuðla að og tryggja slíkan opinn verkvang og, ef við á, hafa frumkvæði að lagasetningu þess efnis. Enn fremur ætti neyðarsímkerfi í ökutæki, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, að vera aðgengilegt öllum sjálfstæðum atvinnurekendum gegn sanngjörnu gjaldi, sem fer ekki yfir nafnverð, og án mismununar vegna viðgerðar og viðhalds í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 ([7]).

17) Til að viðhalda heildstæði gerðarviðurkenningarkerfisins ætti, að því er þessa reglugerð varðar, aðeins að samþykkja þau neyðarsímkerfi í ökutæki, sem byggjast á neyðarnúmerinu 112, og sem hægt er að prófa að fullu.

18) Þess er krafist að þegar neyðarsímkerfi í ökutæki gegnir hlutverki neyðarkerfis, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, sé það eins áreiðanlegt og kostur er. Tryggja ætti áreiðanleika og gæði lágmarksgagnamengisins og raddsendingar og þróa samræmt prófunarfyrirkomulag til að tryggja endingu neyðarsímkerfisins í ökutæki sem byggist á neyðarnúmerinu 112. Því ætti að gera reglubundnar prófanir á akstursháefni í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/45/ESB ([8]).

19) Ökutæki, sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum, og ökutæki, sem eru samþykkt skv. 24. gr. tilskipunar 2007/46/EB, eru samkvæmt þeirri tilskipun undanþegin kröfum um vernd ökumanns og farþega við árekstur að framan og frá hlið. Því ætti að undanskilja þau ökutæki frá þeirri skyldu að uppfylla kröfurnar um neyðarsímtal úr ökutæki sem settar eru fram í þessari reglugerð. Þar að auki er, af tæknilegum ástæðum, ekki hægt að koma fyrir í sumum ökutækjum í flokkum M_1 og N_1 viðeigandi búnaði til að hefja neyðarsímtal úr ökutæki.

20) Ökutæki til sérstakra nota ættu að uppfylla kröfurnar um neyðarsímtal úr ökutæki, sem settar eru fram í þessari reglugerð, þar sem í grunnökutækið/ófullbúna ökutækið hefur verið komið fyrir nauðsynlegum búnaði til að hefja neyðarsímtal.

21) Öll vinnsla persónuupplýsinga fyrir tilstuðlan neyðarsímkerfis í ökutæki, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, ætti að samrýmast reglum um vernd persónuupplýsinga, sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ([9]) og í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB ([10]), einkum til að tryggja að ekki sé hægt að rekja eða hafa stöðugt eftirlit með ökutækjum sem eru búin neyðarsímkerfum, sem byggjast á neyðarnúmerinu 112, í eðlilegu starfræksluástandi þeirra, að því er varðar neyðarsímkerfi í ökutæki, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, og að lágmarksgagnamengið, sem neyðarsímkerfi í ökutæki, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, sendir, innihaldi lágmarksupplýsingar, sem krafist er, til að neyðarsímtöl séu afgreidd með viðeigandi hætti. Þetta ætti að taka tillit til tilmæla frá starfshópnum um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnaður var skv. 29. gr. tilskipunar 95/46/EB („starfshópur skv. 29. gr. um gangavernd“), sem er að finna í „vinnuskjali um gagnavernd og afleiðingar af völdum framtaksverkefnisins um neyðarsímtal úr ökutæki fyrir friðhelgi einkalífsins“ sem samþykkt var 26. september 2006.

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 frá 20. júní 2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja (Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 1).

([8]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/45/ESB frá 3. apríl 2014 um reglubundnar prófanir á akstursháefni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra og um niðurfellingu á tilskipun 2009/40/EB (Stjtíð. ESB L 127, 29.4.2014, bls. 51).

([9]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

([10]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti) (Stjtíð. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37).

22) Framleiðendur ættu að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að fylgja reglum um friðhelgi einkalífs og gagnavernd sem settar eru fram í þessari reglugerð í samræmi við 7. og 8. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi ([11]).

23) Þegar framleiðendur ökutækja uppfylla tæknilegar kröfur ættu þeir að samþætta tæknilegar gangaverndarleiðir við kerfi í ökutæki og fylgja meginreglunni um „innbyggt kerfi til verndar einkalífi“.

24) Framleiðendur ættu að veita upplýsingar um að fyrir hendi sé gjaldfrjálst, opinbert neyðarsímkerfi í ökutæki, sem byggist á samevrópska neyðarnúmerinu 112, um rétt eiganda ökutækisins til að kjósa að nota það kerfi frekar en neyðarsímkerfi í ökutæki, sem er stutt þjónustu þriðja aðila, og um þá gangavinnslu sem fer fram fyrir tilstuðlan neyðarsímkerfis í ökutæki, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, sem hluta af þeim tæknigögnum sem afhent eru með ökutækinu. Einnig ætti að vera mögulegt að hala þessum upplýsingum niður af Netinu.

25) Gögn sem send eru fyrir tilstuðlan neyðarsímkerfis í ökutæki, sem byggist á neyðarnúmerinu 112 og fara í vinnslu hjá opinberum neyðarsímsvörunarstöðvum, er aðeins unnt að flytja til neyðarþjónustunnar og þjónustuaðilanna, sem um getur í ákvörðun nr. 585/2014/ESB, í tilvikum sem tengjast neyðarsímtölum úr ökutækjum, við þau skilyrði sem sett eru fram í þeirri ákvörðun og einungis til að ná markmiðum þeirrar ákvörðunar. Gögn sem fara í vinnslu hjá opinberum neyðarsímsvörunarstöðvunum, fyrir tilstuðlan neyðarsímkerfis í ökutæki, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, á ekki að flytja til einhverra annarra þriðju aðila án sérstaks fyrirframsamþykkis þess sem gögnin varða.

26) Evrópsku staðlastofnanirnar, Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (ETSI) og Staðlasamtök Evrópu (CEN) hafa þróað sameiginlega staðla um innleiðingu samevrópskrar neyðarnúmeraþjónustu í ökutæki sem ættu að gilda að því er varðar þessa reglugerð þar sem það mun auðvelda tækniþróun á neyðarnúmeraþjónustu í ökutæki, tryggja rekstrarsamhæfi og samfelldni þjónustunni í gervöllu Sambandinu og draga úr kostnaði við framkvæmdina fyrir Sambandið í heild sinni.

27) Til að tryggja beitingu sameiginlegra tæknilegra krafna varðandi neyðarsímkerfi í ökutæki, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að því er varðar undanþágu fyrir tiltekna undirflokka ökutækja í flokkum M_1 og N_1 frá þeirri skyldu að koma neyðarsímkerfum fyrir í ökutækjum, að setja ítarlegar tæknilegar kröfur og gera prófanir fyrir EB-gerðarviðurkenningu ökutækja, með tilliti til neyðarsímkerfa þeirra, og EB-gerðarviðurkenningu kerfa, íhluta og aðskilinna tæknieininga, sem eru hönnuð og smíðuð í slík ökutæki, og setja ítarlegar tæknireglur og útbúa prófunaraðferðir um beitingu tiltekinna reglna um vinnslu persónuupplýsinga og til að tryggja að ekki verði skipst á persónuupplýsingum milli neyðarsímkerfis í ökutæki, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, og kerfa þriðju aðila. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga og hlutaðeigandi hagsmunaaðila, einkum við neytendaverndarsamtök og Evrópsku persónuverndarstofnunina auk starfshóps, skv. 29. gr., um gagnavernd í samræmi við gildandi löggjöf. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

28) Til að tryggja samræmd skilyrði við framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald að því er varðar hagnýtt fyrirkomulag um mat á því að ekki sé hægt að rekja eða hafa eftirlit með ökutækjum, sniðmátið fyrir upplýsingar, sem eru ætlaðar notendum, og stjórnsýslufyrirmæli um EB-gerðarviðurkenningu varðandi sniðmátið fyrir upplýsingaskjölin, sem framleiðendur eiga að láta í té að því er varðar gerðarviðurkenninguna, sniðmátið fyrir EB-gerðarviðurkenningarvottorðin og fyrirmyndina að EB-gerðarviðurkenningarmerkinu. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([12]).

29) Ökutækjaframleiðendur ættu að fá nægilegan tíma til að aðlagast tæknilegum kröfum þessarar reglugerðar.

30) Þessi reglugerð er ný sérreglugerð, með tilliti til EB-gerðarviðurkenningaraðferðarinnar sem kveðið er á um í tilskipun 2007/46/EB, og því ætti að breyta I., III., IV. og XI. viðauka við þá tilskipun til samræmis við það.

([11]) Stjtíð. ESB C 326, 26.10.2012, bls. 391.

([12]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

31) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að koma á innri markaði með því að innleiða sameiginlegar tæknilegar kröfur varðandi ný gerðarviðurkennd ökutæki, sem eru búin neyðarsímkerfi, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, og því markmiði verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs þess, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná því markmiði.

32) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 2. mgr. 28. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins ([13]) (EB) nr. 45/2001 og skilaði hún áliti 29. október 2013 ([14]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Með þessari reglugerð eru settar almennar kröfur um EB-gerðarviðurkenningu ökutækja að því er varðar neyðarsímkerfi í ökutæki, sem byggjast á neyðarnúmerinu 112, og neyðarsímkerfa í ökutækjum, sem byggjast á neyðarnúmerinu 112, íhluta og aðskilinna tæknieininga.

2. gr.

Gildissvið

1. Reglugerð þessi gildir um ökutæki í flokkum M_1 og N_1, eins og þau eru skilgreind í liðum 1.1.1 og 1.2.1 í A-hluta II. viðauka við tilskipun 2007/46/EB, og um neyðarsímkerfi í ökutæki, sem byggjast á neyðarnúmerinu 112, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem eru hönnuð og smíðuð fyrir slík ökutæki.

Hún gildir ekki um eftirtalin ökutæki:

a) ökutæki sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum og viðurkennd skv. 22. og 23. gr. tilskipunar 2007/46/EB,

b) ökutæki sem viðurkennd eru skv. 24. gr. tilskipunar 2007/46/EB,

c) ökutæki þar sem ekki er hægt, af tæknilegum ástæðum, að koma fyrir viðeigandi búnaði til að hefja neyðarsímtal úr ökutæki eins og ákvarðað er í samræmi við 2. mgr.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 8. gr., til auðkenna undirflokka ökutækja í flokkum M_1 og N_1 þar sem ekki er hægt, af tæknilegum ástæðum, að koma fyrir búnaði til að hefja neyðarsímtal úr ökutæki, á grundvelli rannsóknar, þar sem metinn er kostnaður og ávinningur, sem er framkvæmd af eða í umboði framkvæmdastjórnarinnar og að teknu tilliti til allra viðkomandi öryggis- og tækniþátta.

Samþykkja skal fyrstu framseldu gerðirnar eigi síðar en 9. júní 2016.

3. gr.

Skilgreiningar

Auk skilgreininganna, sem mælt er fyrir um í 3. gr. tilskipunar 2007/46/EB, er merking eftirfarandi hugtaka í þessari reglugerð sem hér segir:

1) „neyðarsímkerfi í ökutæki sem byggist á neyðarnúmerinu 112“ (e. *112-based eCall in-vehicle system*): neyðarkerfi sem samanstendur af búnaði í ökutæki og aðferðum til að hefja, stýra og samþykkja sendingu neyðarsímtals úr ökutæki sem er annaðhvort virkjað sjálfvirkt, með innbyggðum nemum í ökutækinu, eða handvirkt og flytur staðlað lágmarksgagnamengi um almenn farsímafjarskiptanet og kemur á hljóðrás í 112-neyðarsímkerfinu milli þeirra sem eru í ökutækinu og opinberrar neyðarsímsvörunarstöðvar fyrir neyðarsímtal úr ökutæki,

([13]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).
([14]) Stjtíð. ESB C 38, 8.2.2014, bls. 8.

2) „neyðarsímtal úr ökutæki“ (e. *eCall*): neyðarsímtal úr ökutæki í neyðarnúmerið 112, sem annaðhvort fer fram sjálfvirkt, með því að virkja innbyggða nema í ökutækinu, eða handvirkt, og flytur staðlað lágmarksgagnamengi um almenn farsímafjarskiptanet og kemur á hljóðrás milli ökutækisins og opinberrar neyðarsímsvörunarstöðvar fyrir neyðarsímtal úr ökutæki,

3) „opinber neyðarsímsvörunarstöð“ (e. *public safety answering point* (PSAP)): staðurinn þar sem fyrst er tekið á móti neyðarsímtölum sem er á ábyrgð opinbers yfirvalds eða einkarekinnar stofnunar sem hlotið hefur viðurkenningu aðildarríkis,

4) „hentugasta neyðarsímsvörunarstöðin“: neyðarsímsvörunarstöð sem ábyrg yfirvöld hafa ákveðið fyrir fram að taki á móti neyðarsímtölum frá tilteknu svæði eða af tiltekinni gerð,

5) „neyðarsímsvörunarstöð sem tekur á móti neyðarsímtali úr ökutæki“ (e. *eCall PSAP*): hentugasta neyðarsímsvörunarstöðin og sem yfirvöld hafa ákveðið fyrir fram að taki fyrst á móti og afgreiði neyðarsímtöl úr ökutækjum,

6) „lágmarksgagnamengi“: upplýsingar sem skilgreindar eru í staðlinum *Intelligent transport systems — eSafety — eCall minimum set of data* (*MSD*) (EN 15722:2011) og sendar neyðarsímsvörunarstöðinni sem tekur á móti neyðarsímtali úr ökutæki,

7) „búnaður í ökutæki“: varanlega uppsettur búnaður í ökutæki sem lætur í té gögn eða hefur aðgang að gögnum í ökutækinu sem eru nauðsynleg til að flytja neyðarsímtal úr ökutæki fyrir tilstuðlan almenna farsímafjarskiptanetsins,

8) „flutningur neyðarsímtals úr ökutæki“: að koma á þráðlausum samskiptum um almenna farsímafjarskiptanetið og flytja lágmarksgagnamengi frá ökutækinu til neyðarsímsvörunarstöðvar sem tekur á móti neyðarsímtali úr ökutæki og að koma á hljóðrás á milli ökutækisins og áðurnefndrar neyðarsímsvörunarstöðvar sem tekur á móti neyðarsímtali úr ökutæki,

9) „almennt farsímafjarskiptanet“: farsímafjarskiptanet sem er aðgengilegt almenningi í samræmi við tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB ([15]) og 2002/22/EB ([16]),

10) „neyðarsímtal úr ökutæki sem er stutt þjónustu þriðja aðila“ (e. *TPS eCall*): neyðarsímtal úr ökutæki til þjónustuveitanda sem er þriðji aðili, annaðhvort sjálfvirkt, með því að virkja innbyggðra nema í ökutækinu, eða handvirkt sem flytur lágmarksgagnamengi um almenn farsímafjarskiptanet og kemur á hljóðrás milli ökutækisins og þjónustuveitandans sem er þriðji aðili,

11) „þjónustuveitandi sem er þriðji aðili“: stofnun sem hlotið hefur viðurkenningu landsyfirvalda að henni sé heimilt að taka á móti neyðarsímtali úr ökutæki, sem er stutt þjónustu þriðja aðila, og áframsenda lágmarksgagnamengið til neyðarsímsvörunarstöðvarinnar sem tekur á móti neyðarsímtali úr ökutæki,

12) „neyðarsímkerfi í ökutæki sem er stutt þjónustu þriðja aðila“ (e. *TPS eCall in-vehicle system*): kerfi sem er virkjað annaðhvort sjálfvirkt, fyrir tilstuðlan innbyggðra nema í ökutækinu, eða handvirkt og flytur lágmarksgagnamengi um almenn farsímafjarskiptanet og kemur á hljóðrás milli ökutækisins og þjónustuveitandans sem er þriðji aðili.

4. gr.

Almennar skyldur framleiðenda

Framleiðendur skulu sýna fram á að allar nýju gerðir ökutækjanna, sem um getur í 2. gr., séu búnar varanlega uppsettu neyðarsímkerfi í ökutæki, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, í samræmi við þessa reglugerð og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð.

5. gr.

Sérstakar skyldur framleiðenda

1. Framleiðendur skulu tryggja að allar nýjar gerðir ökutækja þeirra og neyðarsímkerfi í ökutæki, sem byggjast á neyðarnúmerinu 112, íhlutir og aðskildar tæknieiningar, sem eru hönnuð og smíðuð fyrir slík ökutæki, séu framleidd og samþykkt í samræmi við þessa reglugerð og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð.

([15]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun) (Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33).

([16]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (tilskipun um alþjónustu) (Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 51).

2. Framleiðendur skulu sýna fram á að allar nýjar gerðir ökutækja séu smíðaðar þannig að tryggt sé að ef alvarlegt slys verður, sem greinist með virkjun eins eða fleiri nema eða örgjörva í ökutækinu, á yfirráðasvæði Sambandsins, sé neyðarsímtal úr ökutæki í samevrópska neyðarnúmerið 112 virkjað sjálfkrafa.

Framleiðendur skulu sýna fram á að nýjar gerðir ökutækja séu smíðaðar þannig að tryggt sé að einnig sé hægt að virkja neyðarsímtal úr ökutæki í samevrópska neyðarnúmerið 112 handvirkt.

Framleiðendur skulu tryggja að handvirki stjórnbúnaðurinn fyrir neyðarsímkerfi í ökutæki, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, sé hannaður þannig að komist sé hjá misnotkun hans.

3. Ákvæði 2. mgr. hafa ekki áhrif á rétt eiganda ökutækis til að nota neyðarsímkerfi í ökutækis, sem er stutt þjónustu þriðja aðila, sem veitir svipaða þjónustu, til viðbótar við neyðarsímkerfi í ökutæki, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) neyðarsímkerfi í ökutæki, sem er stutt þjónustu þriðja aðila, skal uppfylla staðalinn EN 16102:2011 *Intelligent transport systems — eCall — Operating requirements for third party support*,

b) framleiðendur skulu tryggja að aðeins eitt kerfi sé virkt á hverjum tíma og að neyðarsímkerfi í ökutæki, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, sé virkjað sjálfkrafa ef neyðarsímkerfi í ökutæki, sem er stutt þjónustu þriðja aðila, virkar ekki,

c) eigandi ökutækisins skal hafa rétt á að kjósa að nota neyðarsímkerfi í ökutæki, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, frekar en neyðarsímkerfi í ökutæki, sem er stutt þjónustu þriðja aðila, hvenær sem er,

d) framleiðendur skulu láta upplýsingar um réttinn, sem um getur í c-lið, fylgja með í notendahandbókinni.

4. Framleiðendur skulu tryggja að móttökubúnaður í neyðarsímkerfum í ökutækjum, sem byggjast á neyðarnúmerinu 112, sé samrýmanlegur þeirri staðsetningarþjónustu sem Galíleó- og EGNOS-kerfin veita. Framleiðendur geta þar að auki einnig kosið samrýmanleika við önnur leiðsögukerfi um gervihnött.

5. Aðeins þau neyðarsímkerfi í ökutækjum, sem byggjast á neyðarnúmerinu 112, sem eru varanlega uppsett í ökutækinu eða gerðarviðurkennd sérstaklega og sem hægt er að prófa, skulu samþykkt að því er varðar EB-gerðarviðurkenningu.

6. Framleiðendur skulu sýna fram á að komi til alvarlegrar kerfisbilunar, sem myndi leiða til þess að ekki væri hægt að hringja neyðarsímtal úr ökutæki, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, muni þeim sem eru í ökutækin gert viðvart.

7. Neyðarsímkerfi í ökutæki, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, skal vera aðgengilegt öllum sjálfstæðum rekstraraðilum gegn sanngjörnu gjaldi, sem fer ekki yfir nafnverð, og án mismununar vegna viðgerða og viðhalds í samræmi við reglugerð (EB) nr. 715/2007.

8. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 8. gr., þar sem settar eru ítarlegar tæknilegar kröfur og gerðar prófanir fyrir EB-gerðarviðurkenningu ökutækja að því er varðar neyðarsímkerfi í ökutækjum, sem byggjast á neyðarnúmerinu 112, og EB-gerðarviðurkenningu neyðarsímkerfa í ökutækjum, sem byggjast á neyðarnúmerinu 112, íhluta og aðskilinna tæknieininga.

Tæknilegu kröfurnar og prófanirnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu byggðar á kröfunum, sem settar eru fram í 2.–7. mgr., og á fyrirliggjandi stöðlum, sem varða neyðarsímtal úr ökutæki, þ.m.t. eftir því sem við á:

a) EN 16072:2011 *Intelligent transport system — eSafety — Pan-European eCall operating requirements*,

b) EN 16062:2011 *Intelligent transport systems — eSafety — eCall high level application requirements* (*HLAP*),

c) CEN/TS 16454:2013 *Intelligent transport systems — ESafety — ECall end to end conformance testing*, að því er varðar samkvæmni neyðarsímkerfis í ökutæki, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, við samevrópsku neyðarnúmeraþjónustuna,

d) EN 15722:2011 *Intelligent transport systems — eSafety — eCall minimum set of data* (*MSD*),

e) EN 16102:2011 *Intelligent transport systems — eCall — Operating requirements for third party support*,

f) öðrum Evrópustöðlum, sem tengjast neyðarsímkerfi í ökutæki, sem samþykktir eru í samræmi við málsmeðferðarreglurnar, sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 ([17]), eða reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu, sem tengjast neyðarsímkerfum í ökutækjum, og Sambandið hefur gerst aðili að.

([17]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun og breytingu á tilskipunum ráðsins 89/686/EBE og 93/15/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB, 94/25/EB, 95/16/EB, 97/23/EB, 98/34/EB, 2004/22/EB, 2007/23/EB, 2009/23/EB og 2009/105/EB og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 87/95/EBE og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1673/2006/EB (Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).

Samþykkja skal fyrstu framseldu gerðirnar eigi síðar en 9. júní 2016.

9. Framkvæmdastjórnin skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 8. gr., til að uppfæra útgáfur staðlanna, sem um getur í 8. mgr. þessarar greinar, þegar ný útgáfa er samþykkt.

6. gr.

Reglur um friðhelgi einkalífs og gagnavernd

1. Þessi reglugerð gildir með fyrirvara um tilskipanir 95/46/EB og 2002/58/EB. Öll vinnsla persónuupplýsinga, fyrir tilstuðlan neyðarsímkerfis í ökutæki, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, skal samrýmast reglunum um vernd persónuupplýsinganna sem kveðið er á um í þessum tilskipunum.

2. Persónuupplýsingarnar, sem settar eru í vinnslu samkvæmt þessari reglugerð, skulu aðeins notaðar í þeim tilgangi að bregðast við neyðartilvikunum sem um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr. 5. gr.

3. Persónuupplýsingar, sem settar eru í vinnslu samkvæmt þessari reglugerð, skulu ekki geymdar lengur en nauðsynlegt reynist til að bregðast við neyðartilvikunum sem um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr. 5. gr. Þessum gögnum skal eytt að fullu um leið og þeirra er ekki lengur þörf í þeim tilgangi.

4. Framleiðendur skulu tryggja að neyðarsímkerfi í ökutæki, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, sé ekki rekjanlegt og að það sé ekki háð stöðugu eftirliti.

5. Framleiðendur skulu tryggja að gögnum sé sjálfkrafa og samfellt eytt úr innra minna neyðarsímkerfis í ökutæki sem byggist á neyðarnúmerinu 112. Aðeins skal heimilt að geyma þrjár síðustu staðsetningar ökutækisins svo fremi að það sé algjörlega nauðsynlegt til að tilgreina núverandi staðsetningu og aksturssstefnu þegar atburðurinn átti sér stað.

6. Þessi gögn skulu ekki vera aðgengileg neinum aðila utan neyðarsímkerfis í ökutæki, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, áður en neyðarsímtal úr ökutæki er virkjað.

7. Tækni sem stuðlar að öruggari verndun friðhelgi einkalífsins skal felld inn í neyðarsímkerfi í ökutæki, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, til að veita notendum neyðarsímtals úr ökutæki viðeigandi vernd einkalífs, auk nauðsynlegra verndarráðstafana til að koma í veg fyrir eftirlit og misnotkun.

8. Lágmarksgagnamengið sem sent er úr neyðarsímkerfi í ökutæki, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, skal aðeins innihalda lágmarksupplýsingarnar sem um getur í staðlinum EN 15722:2011 *Intelligent transport systems — eSafety — eCall minimum set of data* (*MSD*). Ekki skulu send nein önnur gögn úr neyðarsímkerfi í ökutæki sem byggist á neyðarnúmerinu 112. Þetta lágmarksgagnamengi skal geymt þannig að mögulegt sé að eyða því varanlega og að fullu.

9. Framleiðendur skulu veita skýrar og ítarlegar upplýsingar í notendahandbók um þá gagnavinnslu sem fer fram fyrir tilstuðlan neyðarsímkerfis í ökutæki sem byggist á neyðarnúmerinu 112. Þær upplýsingar skulu fela í sér:

a) tilvísun í lagagrundvöll vinnslunnar,

b) þá staðreynd að neyðarsímkerfi í ökutæki, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, sé virkjað sjálfkrafa,

c) fyrirkomulag gagnavinnslunnar sem neyðarsímkerfi í ökutæki, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, framkvæmir,

d) þann sérstaka tilgang sem vinnsla neyðarsímtals úr ökutæki hefur, sem skal takmarkast við neyðartilvikin sem um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr. 5. gr.,

e) þær tegundir gagna sem safnað er og settar eru í vinnslu og hverjir viðtakendur ganganna eru,

f) tímamörkin fyrir geymslu gagna í neyðarsímkerfi í ökutæki sem byggist á neyðarnúmerinu 112,

g) þá staðreynd að ökutækið sé ekki háð stöðugu eftirliti,

h) fyrirkomulag fyrir skráða aðila til að neyta réttar síns auk tengiliðar sem ber ábyrgð á meðhöndlun aðgangsbeiðna,

i) allar nauðsynlegar viðbótarupplýsingar um rekjanleika, eftirlit með og vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við veitingu neyðarnúmeraþjónustu, sem er studd þjónustu þriðja aðila, og/eða annarrar virðisaukandi þjónustu sem skal háð ótvíræðu samþykki eigandans og samrýmast tilskipun 95/46/EB. Sérstakt tillit skal tekið til þess að munur getur verið á gagnavinnslu, sem framkvæmd er fyrir tilstuðlan neyðarsímkerfis í ökutæki, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, og neyðarsímkerfis í ökutæki, sem er stutt þjónustu þriðja aðila, eða annarri virðisaukandi þjónustu.

10. Til að koma í veg fyrir rugling, að því er varðar tilgang og virðisauka vinnslunnar, skulu upplýsingarnar, sem um getur í 9. mgr., um neyðarsímkerfi í ökutæki, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, og neyðarsímkerfis í ökutæki, sem er stutt þjónustu þriðja aðila, aðskildar í notendahandbókinni áður en kerfið er notað.

11. Framleiðendur skulu tryggja að neyðarsímkerfi í ökutæki, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, og hvers konar viðbótarkerfi sem veita neyðarnúmeraþjónustu, sem er studd þjónustu þriðja aðila, eða virðisaukandi þjónustu skuli hönnuð þannig að ekki sé mögulegt að skipast á persónuupplýsingum milli þeirra. Ef kerfi sem veitir neyðarnúmeraþjónustu, sem er studd þjónustu þriðja aðila, eða virðisaukandi þjónusta er ekki notuð, eða neiti skráður aðili að veita samþykki fyrir vinnslu persónuupplýsinga sinna vegna neyðarnúmeraþjónusta, sem er studd þjónustu þriðja aðila, eða virðisaukandi þjónustu, skal það ekki hafa skaðleg áhrif á notkun neyðarsímkerfis í ökutæki sem byggist á neyðarnúmerinu 112.

12. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til þess að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 8. gr., til að ákvarða:

a) ítarlegar tæknilegar kröfur og prófunaraðferðir um beitingu reglnanna um vinnslu persónuupplýsinga sem um getur í 2. og 3. mgr.,

b) ítarlegar tæknilegar kröfur og prófunaraðferðir til að tryggja að ekki verði skipst á persónuupplýsingum milli neyðarsímkerfis í ökutæki, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, og kerfa þriðju aðila eins og um getur í 11. mgr.

Samþykkja skal fyrstu framseldu gerðirnar eigi síðar en 9. júní 2016.

13. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, mæla fyrir um:

a) hagnýtt fyrirkomulag til að leggja mat á að ekki sé hægt að rekja eða hafa eftirlit með kerfinu sem um getur í 4., 5. og 6. mgr.,

b) sniðmát fyrir upplýsingarnar fyrir notendur sem um getur í 9. mgr.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 10. gr.

Samþykkja skal fyrstu framkvæmdargerðirnar eigi síðar en 9. júní 2016.

7. gr.

Skyldur aðildarríkjanna

Frá og með 31. mars 2018 skulu landsyfirvöld aðeins veita EB-gerðarviðurkenningu, að því er varðar neyðarsímkerfi í ökutæki, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, fyrir nýjar tegundir ökutækja, og nýjar tegundir neyðarsímkerfa í ökutæki, sem byggjast á neyðarnúmerinu 112, íhluta og aðskilinna tæknieininga sem hönnuð eru og smíðuð fyrir slík ökutæki, sem uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar og framseldra gerða og framkvæmdargerða sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð.

8. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sbr. þó skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 2. gr. (2. mgr.), 5. gr. (8. og 9. mgr.) og 6. gr. (12. mgr.), í fimm ár frá og með 8. júní 2015. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um framsal valds eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er, hvenær sem er, heimilt að afturkalla framsal þess valds sem um getur í 2. gr. (2. mgr.), 5. gr. (8. og 9. mgr.), og 6. gr. (12. mgr.). Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal þess valds sem tilgreint er í ákvörðuninni. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 2. gr. (2. mgr.), 5. gr. (8. og 9. mgr.) og 6. gr. (12. mgr.) , skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

9. gr.

Framkvæmdargerðir

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem sett eru fram stjórnsýslufyrirmæli um EB-gerðarviðurkenningu ökutækja að því er varðar neyðarsímkerfi í ökutæki, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, og neyðarsímkerfa í ökutæki, sem byggjast á neyðarnúmerinu 112, íhluta og aðskilinna tæknieininga, sem eru hönnuð og smíðuð fyrir slík ökutæki, eins og krafist er í 1. mgr. 5. gr. varðandi:

a) sniðmát fyrir upplýsingaskjölin sem framleiðendur eiga að láta í té að því er varðar gerðarviðurkenninguna,

b) sniðmát fyrir EB-gerðarviðurkenningarvottorðin,

c) fyrirmynd eða fyrirmyndir að EB-gerðarviðurkenningarmerkinu.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 10. gr.

Samþykkja skal fyrstu framseldu gerðirnar eigi síðar en 9. júní 2016.

10. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar tækninefndar um vélknúin ökutæki sem komið var á fót skv. 1. mgr. 40. gr. tilskipunar 2007/46/EB. Nefnd þessi er nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

Skili nefndin ekki áliti skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og ákvæði þriðju undirgreinar 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 gilda.

11. gr.

Viðurlög

1. Aðildarríki skulu setja reglur um viðurlög sem gilda um framleiðendur ef þeir fara ekki að ákvæðum þessarar reglugerðar og framseldra gerða og framkvæmdargerða sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð. Þau skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að viðurlögum sé beitt. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði og skulu tilkynna henni, án tafar, um síðari breytingar sem hafa áhrif á þau.

2. Þær gerðir tilvika þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum, og viðurlög eiga að gilda um, skulu a.m.k. taka til eftirfarandi:

a) að leggja fram ranga yfirlýsingu meðan á viðurkenningarferli eða ferli sem leiðir til innköllunar stendur,

b) að falsa niðurstöður úr prófun vegna gerðarviðurkenningar,

c) að láta ekki af hendi gögn eða tækniforskriftir, sem gætu valdið innköllun, synjun eða afturköllun gerðarviðurkenningar,

d) að brjóta í bága við ákvæðin sem mælt er fyrir um í 6. gr.,

e) að brjóta í bága við ákvæði 7. mgr. 5. gr.

12. gr.

Skýrslugjöf og endurskoðun

1. Eigi síðar en 31. mars 2021 skal framkvæmdastjórnin taka saman matsskýrslu og leggja hana fyrir Evrópuþingið og ráðið um þann árangur sem náðst hefur varðandi neyðarsímkerfi í ökutæki, sem byggist á neyðarnúmerinu 112, þ.m.t. útbreiðsluhlutfall þess. Framkvæmdastjórnin skal kanna hvort víkka ætti gildissvið þessarar reglugerðar til annarra flokka ökutækja, eins og þungaflutningabifreiða, hópbifreiða, vélknúinna ökutækja á tveimur hjólum og landbúnaðardráttarvéla. Framkvæmdastjórnin skal, ef við á, leggja fram tillögu að nýrri löggjöf þess efnis.

2. Framkvæmdastjórnin skal, í kjölfar víðtæks samráðs við alla hlutaðeigandi hagsmunaaðila og rannsóknar um mat á kostnaði og ábata, meta hvort nauðsynlegt sé að gera kröfu um rekstrarsamhæfðan, staðlaðan, öruggan og opinn verkvang. Ef við á, og eigi síðar en 9. júní 2017, skal framkvæmdastjórnin samþykkja frumkvæði að lagasetningu sem byggist á þessum kröfum.

13. gr.

Breytingar á tilskipun 2007/46/EB

Ákvæðum I., III., IV. og XI. viðauka við tilskipun 2007/46/EB er hér með breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

14. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 2. gr. (2. mgr.), 5. gr. (8. og 9. mgr.), 6. gr. (12. og 13. mgr.) og 8., 9., 10. og 12. gr. koma til framkvæmda frá og með 8. júní 2015.

Aðrar greinar en þær sem um getur í annarri málsgrein þessarar greinar skulu koma til framkvæmda frá og með 31. mars 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 29. apríl 2015.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
M. SCHULZ	Z. KALNIŅA-LUKAŠEVICA
forseti.	*forseti.*

VIÐAUKI

Breytingar á tilskipun 2007/46/EB

Tilskipun 2007/46/EB er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi liðir bætist við í I. viðauka:

„12.8. Neyðarsímkerfi í ökutæki

12.8.1. Til staðar: já/nei ([1])

12.8.2. tæknilýsing eða teikningar af búnaðinum: …“.

2) Eftirfarandi liðir bætist við í A-þátt I. hluta III. viðauka:

„12.8. Neyðarsímkerfi í ökutæki

12.8.1. Til staðar: já/nei ([1])“.

3) Ákvæðum I. hluta IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi liður bætist við töfluna:

Liður	Viðfangsefni	Stjórnvaldsfyrirmæli	Gildissvið									
			M_1	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4
„72	Neyðarsímkerfi í ökutæki	Reglugerð (ESB) 2015/758	X			X“						

b) Ákvæðum 1. viðbætis er breytt sem hér segir:

i. eftirfarandi liður bætist við töflu 1:

Liður	Viðfangsefni	Stjórnvaldsfyrirmæli	Sértæk atriði	Gildissvið og sértækar kröfur
„72	Neyðarsímkerfi í ökutæki	Reglugerð (ESB) 2015/758		á ekki við“.

ii. Eftirfarandi liður bætist við töflu 2:

Liður	Viðfangsefni	Stjórnvaldsfyrirmæli	Sértæk atriði	Gildissvið og sértækar kröfur
„72	Neyðarsímkerfi í ökutæki	Reglugerð (ESB) 2015/758		á ekki við“

c) Í 2. viðbæti er liðnum „4. Tæknilegar kröfur“ breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi liður bætist við í I. hluta: Ökutæki sem tilheyra flokki M_1:

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
„72	Reglugerð (ESB) nr. 2015/758 (neyðarsímkerfi í ökutæki)	Kröfur þeirrar reglugerðar gilda ekki.“

ii. Eftirfarandi liður bætist við í II. hluta: Ökutæki sem tilheyra flokki N_1:

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
„72	Reglugerð (ESB) nr. 2015/758 (neyðarsímkerfi í ökutæki)	Kröfur þeirrar reglugerðar gilda ekki.“

4) Ákvæðum IX. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi liður bætist við töfluna í 1. viðbæti:

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	$M_1 \leq 2\,500$ (*) kg	$M_1 > 2\,500$ (*) kg	M_2	M_3
„72	Neyðarsímkerfi í ökutæki	Reglugerð (ESB) 2015/758	G	G	á ekki við	á ekki við“.

b) Eftirfarandi liður bætist við töfluna í 2. viðbæti:

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	M_1	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4
„72	Neyðarsímkerfi í ökutæki	Reglugerð (ESB) 2015/758	G	á ekki við	á ekki við	G	á ekki við	á ekki við	á ekki við	á ekki við	á ekki við	á ekki við“.

c) Eftirfarandi liður bætist við töfluna í 3. viðbæti:

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	M_1
„72	Neyðarsímkerfi í ökutæki	Reglugerð (ESB) 2015/758	G“.

d) Eftirfarandi liður bætist við töfluna í 4. viðbæti:

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4
„72	Neyðarsímkerfi í ökutæki	Reglugerð (ESB) 2015/758	á ekki við	á ekki við	G	á ekki við	á ekki við	á ekki við	á ekki við	á ekki við	á ekki við“.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1095 2016/EES/27/66

frá 5. maí 2015

um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun kæli- eða frystiskápa, sem notaðir eru í atvinnuskyni, blásturskæliskápa og blástursfrystiskápa, þjöppusamstæðna með eimsvala og vökvakæla fyrir vinnslukerfi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur ([1]), einkum 1. mgr. 15. gr.,

að höfðu samráði á samráðsvettvanginum, sem um getur í 18. gr. tilskipunar 2009/125/EB,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt tilskipun 2009/125/EB ætti framkvæmdastjórnin að setja fram kröfur varðandi visthönnun, að því er varðar orkutengdar vörur sem eru umtalsverður hluti sölu og viðskipta, hafa veruleg umhverfisáhrif og búa yfir miklum möguleikum til úrbóta fyrir tilstuðlan hönnunar að því er varðar umhverfisáhrif þeirra, án þess að það hafi í för með sér óhóflegan kostnað.

2) Hinn 21. október 2008 ákvarðaði framkvæmdastjórnin fyrstu vinnuáætlunina í samræmi við tilskipun 2009/125/EB ([2]), fyrir tímabilið 2009-2011, þar sem kæli- og frystibúnaður, þ.m.t. kæli- eða frystiskápar, sem notaðir eru í atvinnuskyni, blásturskæliskápar og blástursfrystiskápar, þjöppusamstæður með eimsvala og vökvakælar fyrir vinnslukerfi skulu hafa forgang við samþykkt framkvæmdarráðstafana.

3) Framkvæmdastjórnin hefur látið fara fram undirbúningsrannsókn á tækni-, umhverfis- og efnahagslegum þáttum kæli- og frystibúnaðar, sem er venjulega notaður í Sambandinu, þ.m.t. kæli- eða frystiskápa, sem notaðir eru í atvinnuskyni, blásturskæliskápa og blástursfrystiskápa, þjöppusamstæðna með eimsvala og vökvakæla fyrir vinnslukerfi. Rannsóknin var þróuð með hagsmunaaðilum og hlutaðeigandi aðilum frá Sambandinu og þriðju löndum og hafa niðurstöðurnar verið gerðar aðgengilegar öllum.

4) Fimmtu vörunni í flokki kæli- og frystibúnaðar — kæliklefum — hefur verið haldið aðskilinni vegna sérstakra eiginleika hennar innan þessa flokks og ekki ætti að fjalla um kæliklefa í þessari reglugerð á þessari stundu.

5) Að því er varðar kæli- eða frystiskápa, sem notaðir eru í atvinnuskyni, er ekki nauðsynlegt að setja kröfur varðandi visthönnun að því er varðar beina losun gróðurhúsalofttegunda sem tengist notkun kælimiðla, þar eð aukin notkun kælimiðla með lítinn hnatthlýnunarmátt (GWP) á markaði fyrir kæliskápa til heimilisnota og í atvinnuskyni skapar fordæmi, sem aðilar innan geirans fyrir kæli- eða frystiskápa, sem notaðir eru í atvinnuskyni, gætu fylgt.

6) Að því er varðar vökvakæla fyrir vinnslukerfi er við hæfi að setja kröfur varðandi visthönnun að því er varðar beina losun gróðurhúsalofttegunda, sem tengist notkun kælimiðla, þar eð það mun beina markaðnum enn frekar í átt að kælimiðlum með lítinn hnatthlýnunarmátt sem eru auk þess oft orkunýtnari.

7) Að því er varðar þjöppusamstæður með eimsvala er til tækni, sem er ekki háð einkaleyfi, sem dregur úr beinni losun gróðurhúsalofttegunda við notkun kælimiðla og felur hún í sér að nota kælimiðla sem hafa minni skaðleg áhrif á umhverfið. Enn hefur þó ekki verið sýnt fram á kostnaðarhagkvæmni þessarar tækni og áhrif hennar á orkunýtni, að því er varðar þjöppusamstæður með eimsvala, þar eð þær hafa á þessari stundu ekki náð mikilli útbreiðslu eða hafa litla hlutdeild á markaði fyrir þjöppusamstæður með eimsvala.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 177, 8.7.2015, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/2016 frá 18. mars 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10.

([2]) COM(2008) 660 lokagerð.

8) Þar eð fjallað er um kælimiðla í reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 842/2006 ([3]) og þar eð framkvæmdastjórnin mælti með endurskoðun þessarar reglugerðar, 7. nóvember 2012, ætti ekki að setja neinar sérstakar takmarkanir á notkun kælimiðla í þessari reglugerð. Þó ætti að leggja til að veitt verði ívilnun samkvæmt kröfum um visthönnun að því er varðar þjöppusamstæður með eimsvala og vökvakæla fyrir vinnslukerfi til að stýra markaðnum í átt að þróun tækni sem byggist á notkun kælimiðla, sem hafa minni skaðleg áhrif á umhverfið, þar sem ívilnun myndi hafa í för með sér minni lágmarkskröfur um orkunýtni að því er varðar þjöppusamstæður með eimsvala og vökvakæla fyrir vinnslukerfi sem eru ætluð til notkunar með kælimiðlum með lítinn hnatthlýnunarmátt. Við síðari endurskoðun verður litið svo á að meðferð vara, sem nota kælimiðla með mikinn hnatthlýnunarmátt, samrýmist núgildandi, viðeigandi löggjöf.

9) Þeir umhverfisþættir fyrir kæli- eða frystiskápa, sem notaðir eru í atvinnuskyni, blásturskæliskápa og blástursfrystiskápa, þjöppusamstæður með eimsvala og vökvakæla fyrir vinnslukerfi, sem eru taldir mikilvægir að því er þessa reglugerð varðar, eru orkunotkun á notkunartímanum.

10) Undirbúningsrannsóknin hefur sýnt að kröfur varðandi aðra mæliþætti visthönnunar, sem um getur í 1. hluta I. viðauka við tilskipun 2009/125/EB, eru ekki nauðsynlegar fyrir kæli- eða frystiskápa, sem notaðir eru í atvinnuskyni, blásturskæliskápa og blástursfrystiskápa, þjöppusamstæður með eimsvala og vökvakæla fyrir vinnslukerfi.

11) Árleg raforkunotkun í Sambandinu, sem tengist þjöppusamstæðum með eimsvala, vökvakælum fyrir vinnslukerfi og kæli- eða frystiskápum sem notaðir eru í atvinnuskyni, var áætluð 116,5 TWh (teravött/klst.) árið 2012 sem jafngildir losun 47 milljón tonna af koltvísýringi. Nema gripið verði til sértækra ráðstafana er búist við að árleg orkunotkun verði 134,5 TWh árið 2020 og 154,5 TWh árið 2030, sem jafngildir annars vegar losun 54,5 milljón tonna af koltvísýringi og hins vegar losun 62,5 milljón tonna af koltvísýringi. Gert er ráð fyrir að samanlögð áhrif þessarar reglugerðar og framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1094 ([4]) leiði til þess að árið 2020 verði árlegur orkusparnaður 6,3 TWh og 15,6 TWh árið 2030, samanborið við það sem myndi gerast ef ekki væri gripið til neinna ráðstafana.

12) Undirbúningsrannsóknin sýnir að hægt er að draga verulega úr orkunotkun á notkunartímanum með því að beita kostnaðarhagkvæmri tækni, sem er ekki háð einkaleyfi, sem lækkar samanlagðan kostnað við að kaupa og nota þessar vörur.

13) Kröfur varðandi visthönnun ættu að samræma kröfur um orkunotkun kæli- eða frystiskápa sem notaðir eru í atvinnuskyni, blásturskæliskápa og blástursfrystiskápa, þjöppusamstæðna með eimsvala og vökvakæla fyrir vinnslukerfi í öllu Sambandinu og bæta þannig skilvirkni innri markaðarins og vistvænleika þessara vara.

14) Kröfur varðandi visthönnun ættu ekki að hafa áhrif á virkni eða að verð kæli- eða frystiskápa, sem notaðir eru í atvinnuskyni, blásturskæliskápa og blástursfrystiskápa, þjöppusamstæðna með eimsvala og vökvakæla, sé viðráðanlegt frá sjónarhóli endanlegs notanda og ættu ekki að hafa neikvæð áhrif á heilbrigði, öryggi eða umhverfið.

15) Innleiða ætti kröfur varðandi visthönnun í áföngum til að gefa framleiðendum nægan tíma til að endurhanna vörur sínar sem falla undir þessa reglugerð. Tímasetningin ætti að miðast við að tekið sé tillit til kostnaðaráhrifa á framleiðendur en jafnframt tryggja að markmið þessarar reglugerðar náist tímanlega.

16) Mæliþætti vöru ætti að mæla og reikna út með því að nota áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir sem taka mið af viðurkenndum mæli- og reikningsaðferðum sem byggjast á nýjustu og fullkomnustu tækni. Meðal þessara eru samhæfðir staðlar, þar sem þeir eru fyrir hendi, sem evrópskar staðlastofnanir hafa samþykkt, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, í samræmi við verklagsreglurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB ([5]).

17) Skilgreiningin á ganghitastigi frystingar skal notuð til að ákvarða gildin fyrir árlega orkunotkun kæli- eða frystiskápa, sem notaðir eru í atvinnuskyni en jafnvel þótt tillit sé tekið til matvælaöryggis í skilgreiningunni hefur hún enga tengingu við löggjöf um matvælaöryggi.

18) Í þessari reglugerð eru tilgreindar hvaða aðferðir gilda við samræmismat í samræmi við 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 frá 17. maí 2006 um tilteknar, flúraðar gróðurhúsalofttegundir (Stjtíð. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 1).

([4]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1094 frá 5. maí 2015 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar kæli- eða frystiskápa sem notaðir eru í atvinnuskyni (Stjtíð. ESB L 177, 8.7.2015, bls. 2).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu (Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37).

19) Til að auðvelda eftirlit með að farið sé að kröfum ættu framleiðendur að veita upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í tækniskjölunum, sem um getur í IV. og V. viðauka við tilskipun 2009/125/EB, að því marki að þær tengist kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

20) Til að takmarka enn frekar umhverfisáhrif kæli- eða frystiskápa sem notaðir eru í atvinnuskyni, blásturskæliskápa og blástursfrystiskápa, þjöppusamstæðna með eimsvala og vökvakæla fyrir vinnslukerfi ættu framleiðendur að veita upplýsingar um sundurhlutun, endurvinnslu eða förgun.

21) Til viðbótar við þær lagalega bindandi kröfur, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, ætti að tilgreina viðmiðanir fyrir bestu, fáanlegu tækni til að tryggja mikið framboð og greiðan aðgang að upplýsingum um vistvænleika kæli- eða frystiskápa, sem notaðir eru í atvinnuskyni, þjöppusamstæðna með eimsvala og vökvakæla fyrir vinnslukerfi á vistferlinum.

22) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Með þessari reglugerð eru settar fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar að setja kæli- eða frystiskápa, sem notaðir eru í atvinnuskyni, og blásturskæliskápa og blástursfrystiskápa á markað.

Þessi reglugerð gildir um blásturskæliskápa og blástursfrystiskápa, sem nota rafmagn, og kæli- eða frystiskápa, sem notaðir eru í atvinnuskyni og nota rafmagn, þ.m.t. tæki sem seld eru til kælingar eða frystingar á matvælum og fóðri.

Reglugerð þessi gildir þó ekki um eftirfarandi vörur:

a) kæli- eða frystiskápa, sem notaðir eru í atvinnuskyni, sem aðallega eru knúnir með öðrum orkugjöfum en rafmagni,

b) kæli- eða frystiskápa, sem notaðir eru í atvinnuskyni, með þjöppusamstæðu með eimsvala sem ekki er staðsett á sama stað,

c) opna kæli- eða frystiskápa, þar sem meginhlutverk þeirra útheimtir að þeir séu opnir,

d) kæli- eða frystiskápa, sem eru sérstaklega hannaðir til matvælavinnslu, þar sem ekki er talið nægilegt að eitt hólf með nettórúmmál, sem er minna en 20% af samanlögðu nettórúmmáli kæli- eða frystiskápsins og sérstaklega hannað til matvælavinnslu, leiði til undanþágu,

e) kæliskápa, sem einungis eru hannaðir til þess að þíða frosin matvæli undir eftirliti, þar sem ekki er talið nægilegt að eitt hólf, sem sérstaklega er hannað til þess að þíða frosin matvæli undir eftirliti, leiði til undanþágu,

f) salatkæliborð,

g) þjónustuborðkæla og aðrar svipaðar gerðir kæliskápa sem einkum eru ætlaðir til að sýna og selja matvæli, auk kælingar og geymslu,

h) kæli- eða frystiskápa sem nota ekki gufuþjöppunarhringrás til kælingar,

i) blásturskæliskápa og blástursfrystiskápa og blásturskælirými og blástursfrystirými með rýmisgetu fyrir meira en 300 kg af matvælum,

j) bandkælir/-frystir, þ.e. búnaður til að snöggkæla eða snöggfrysta í einu samfelldu ferli,

k) sérsmíðaða kæli- eða frystiskápa, sem notaðir eru í atvinnuskyni, og blásturskæliskápa og blástursfrystiskápa, sem eru framleiddir í einu eintaki í samræmi við sérstaka forskrift viðskiptamanns og sem eru ekki sambærilegir öðrum tegundum kæli- eða frystiskápa, sem notaðir eru í atvinnuskyni, eins og lýst er í 10. skilgreiningu í I. viðauka, eða öðrum tegundum blásturskæliskápa og blástursfrystiskápa, eins og lýst er í 11. skilgreiningu í I. viðauka,

l) innbyggða kæli- eða frystiskápa,

m) kæli- eða frystiskápa fyrir hilluvagna og kæli- eða frystiskápa sem hægt er að komast inn í beggja vegna,

n) kæli- eða frystiskápa sem kæla eða frysta með kyrrstöðulofti,

o) frystikistur.

2. Í þessari reglugerð eru einnig settar kröfur varðandi visthönnun að því er varðar að setja á markað þjöppusamstæður með eimsvala sem eru hugsaðar til notkunar við lágt hitastig eða miðlungshitastig, eða hvoru tveggja.

Reglugerð þessi gildir þó ekki um eftirfarandi vörur:

a) þjöppusamstæður með eimsvala með eimi, sem getur verið innbyggður eimir, t.d. í stökum einingum, eða með aðskildum eimi, t.d. í skiptum einingum,

b) þjöppusamstæður sem eru ekki með eimsvala,

c) þjöppusamstæður með eimsvala sem notast ekki við loft sem varmabera.

3. Í þessari reglugerð eru einnig settar kröfur varðandi visthönnun að því er varðar að setja á markað vökvakæla fyrir vinnslukerfi sem eru hugsaðir til notkunar við lágt hitastig eða miðlungshitastig.

Reglugerð þessi gildir þó ekki um eftirfarandi vörur:

a) vökvakæla fyrir vinnslukerfi sem eru hugsaðir til notkunar við hátt hitastig,

b) vökvakæla fyrir vinnslukerfi sem nota eingöngu uppgufunareimsvala,

c) sérsmíðaða vökvakæla fyrir vinnslukerfi, sem eru settir saman á staðnum og framleiddir í einu eintaki,

d) ísogsvökvakæla.

2. gr.

Skilgreiningar

1. Eftirfarandi skilgreiningar skulu gilda:

a) „kæli- eða frystiskápur sem notaður er í atvinnuskyni“: einangrað tæki til kælingar með einu eða fleiri hólfum, sem eru aðgengileg í gegnum einar eða fleiri dyr eða skúffur, sem getur viðhaldið stöðugu hitastigi matvæla, innan þeirra marka sem tiltekin eru fyrir ganghita kælingar eða frystingar, með því að nota gufuþjöppunarhringrás, og er ætlað til geymslu matvæla í umhverfi þar sem ekki fer fram heimilishald en ekki í umhverfi þar sem matvælin eru gerð sýnileg eða aðgengileg viðskiptavinum,

b) „blásturskæliskápur og blástursfrystiskápur“ (e. *blast cabinet*): einangrað kæli- eða frystitæki sem er aðallega ætlað að snöggkæla heit matvæli niður fyrir 10 °C að því er varðar kælingu og niður fyrir –18 °C að því er varðar frystingu,

c) „blásturskælirými og blástursfrystirými“ (e. *blast room*): rými þar sem dyragáttin og innra rýmið eru það stór að manneskja getur farið þar inn og er aðallega ætlað til að snöggkæla heit matvæli niður fyrir 10 °C að því er varðar kælingu og niður fyrir –18 °C að því er varðar frystingu,

d) „rýmisgeta“: að því er varðar blásturskæliskápa og blástursfrystiskápa, sú þyngd matvæla sem hægt er að kæla í skápnum í einu vetfangi niður fyrir 10 °C að því er varðar kælingu og niður fyrir –18 °C að því er varðar frystingu,

e) „bandfrystir/-kælir, þ.e. búnaður til að snöggkæla- eða frysta í einu samfelldu ferli“ (e. *continuous process blast equipment*): blásturskæliskápur og blástursfrystiskápur sem er útbúinn færibandi fyrir matvæli, sem gerir kleift að snöggkæla eða -frysta matvælin í einu samfelldu ferli,

f) „matvæli“: matur, innihaldsefni, drykkjarvörur, þ.m.t. vín, og aðrir hlutir sem einkum eru ætlaðir til neyslu og þarfnast kælingar við tiltekið hitastig,

g) „innbyggður kæli- eða frystiskápur“: fast, einangrað kæli- eða frystitæki, sem er ætlað til uppsetningar í kæli- eða frystiskáp, í tilbúnu skoti í vegg eða á svipuðum stað og þar sem ganga þarf frá innréttingunni,

h) „kæli- eða frystiskápur fyrir hilluvagna“: kæli- eða frystiskápur, sem notaður er í atvinnuskyni, sem hægt er að renna hilluvögnum með vörum inn í,

i) „kæli- eða frystiskápur sem hægt er að komast inn í beggja vegna“: kæli- eða frystiskápur, sem notaður er í atvinnuskyni, og unnt er að opna á báðum hliðum,

j) „kæli- eða frystiskápur sem kælir eða frystir með kyrrstöðulofti“: kæli- eða frystiskápur, sem notaður er í atvinnuskyni og er án innri vélrænnar hringrásar lofts, sem er sérstaklega hannaður til geymslu á matvælum sem eru næm fyrir hitabreytingum eða til þess að forðast að matvæli, sem ekki eru geymd í innsigluðum umbúðum, þorni upp, en eitt hólf með kyrrstöðulofti í skápnum er ekki fullnægjandi til þess að skápurinn teljist kæli- eða frystiskápur sem kælir eða frystir með kyrrstöðulofti,

k) „kæli- eða frystiskápur fyrir mikið álag“ (e. *heavy-duty cabinet*): kæli- eða frystiskápur, sem notaður er í atvinnuskyni, sem getur viðhaldið stöðugu ganghitastigi kælingar eða frystingar í öllum hólfum sínum við umhverfisaðstæður, sem samsvara loftslagsflokki 5, eins og tilgreint er í töflu 3 í IV. viðauka,

l) „opinn kæli- eða frystiskápur“: kæli- eða frystiskápur, sem notaður er í atvinnuskyni, þar sem hið kælda rými er aðgengilegt utan frá, án þess að opna þurfi dyr eða skúffu, þar sem ekki er nægilegt að eitt hólf, sem er aðgengilegt utan frá, án þess að opna þurfi dyr eða skúffu, og nettórúmmál er minna en 20% af samanlögðu nettórúmmáli kæli- eða frystiskáps, sem notaður er í atvinnuskyni, til þess að kæli- eða frystiskápurinn teljist opinn kæli- eða frystiskápur,

m) „salatkæliborð“: kæliborð, sem notað er í atvinnuskyni, með einni eða fleiri hurðum eða skúffuframhliðum á lóðrétta hluta kæliborðsins og opum að ofan þar sem hægt er að koma fyrir geymsluílátum til skamms tíma til að auðvelda aðgengi að matvælum, t.d., en þó ekki eingöngu, flatbökuáleggi eða hráefni í salat,

n) „frystikista“: matvælafrystir þar sem hólfið eða hólfin eru aðgengileg ofan á tækinu eða sem er bæði með hólf sem opnast að ofan og að framan en þar sem brúttórúmmál hólfanna, sem opnast að ofan, er meira en 75% af heildarbrúttórúmmáli tækisins,

o) „þjöppusamstæða með eimsvala“: vara, sem hefur a.m.k. eina rafknúna þjöppu og einn eimsvala og getur kælt og viðhaldið lágu hitastigi eða miðlungshitastigi í kæliskáp eða frysti eða kælikerfi með því að nota gufuþjöppunarhringrás þegar hún hefur verið tengd við eimi og þenslubúnað,

p) „lágt hitastig“: þjöppusamstæða með eimsvala er fær um að skila málkæliafköstum sínum við mettaðan uppgufunarhita sem er –35 °C,

q) „miðlungshitastig“: þjöppusamstæða með eimsvala er fær um að skila málkæliafköstum sínum við mettaðan uppgufunarhita sem er –10 °C,

r) „málkæliafköst“: kæliafköst, gefin upp í kW, sem gufuþjöppunarhringrásin getur náð með hjálp þjöppusamstæðu með eimsvala þegar hún er tengd við eimi og þenslubúnað, starfrækt við fullt álag og mæld við stöðluð málgildisskilyrði þar sem viðmiðunarumhverfishiti er 32 °C,

s) „vökvakælir fyrir vinnslukerfi“: vara, sem hefur a.m.k. eina þjöppu og einn eimi, getur kælt og haldið hitastigi vökva stöðugu til kælingar fyrir kæliskáp eða frysti eða kælikerfi; þetta getur tekið til, en þó ekki endilega, eimsvalans, vélbúnaðarins fyrir kælirásina og annars aukabúnaðar,

t) „lágt hitastig“: vökvakælir fyrir vinnslukerfi getur skilað málkæliafköstum sínum þegar úttakshiti vökvans við varmaskiptinn innandyra er –25 °C við stöðluð málgildisskilyrði,

u) „miðlungshitastig“: vökvakælir fyrir vinnslukerfi getur skilað málkæliafköstum sínum þegar úttakshiti vökvans við varmaskiptinn innandyra er –8 °C við stöðluð málgildisskilyrði,

v) „hátt hitastig“: vökvakælir fyrir vinnslukerfi getur skilað málkæliafköstum sínum þegar úttakshiti vökvans við varmaskiptinn innandyra er 7 °C við stöðluð málgildisskilyrði,

w) „málkæliafköst“: þau kæliafköst sem vökvakælir fyrir vinnslukerfi getur náð við fullt álag og sem mælast við stöðluð málgildisskilyrði þar sem viðmiðunarumhverfishiti er 35 °C fyrir loftkælda vökvakæla og inntakshiti vatns í eimsvala fyrir vatnskælda vökvakæla er 30 °C, gefin upp í kW,

x) „þjöppusamstæða“: vara sem er með a.m.k. eina eða fleiri rafknúnar kæliþjöppur og stýrikerfi,

y) „ísogsvökvakælir“: vökvakælir fyrir vinnslukerfi þar sem kælingin er framkölluð með ísogsferli með því að nota varma sem orkugjafa,

z) „vökvakælir með uppgufunareimsvala“: vökvakælir fyrir vinnslukerfi sem er búinn uppgufunareimsvala þar sem kælimiðillinn er kældur með hreyfingu á lofti og vatnsúða.

3. gr.

Kröfur varðandi visthönnun og tímaáætlun

1. Kröfur varðandi visthönnun kæli- eða frystiskápa, sem notaðir eru í atvinnuskyni, og blásturskæliskápa og blástursfrystiskápa eru settar fram í II. viðauka.

2. Kröfurnar varðandi visthönnun þjöppusamstæðna með eimsvala eru settar fram í V. viðauka.

3. Kröfurnar varðandi visthönnun vökvakæla fyrir vinnslukerfi eru settar fram í VII. viðauka.

4. Kröfur varðandi visthönnun gilda í samræmi við eftirfarandi tímaáætlun:

a) Frá 1. júlí 2016:

1) þjöppusamstæður með eimsvala skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í a-lið 1. liðar og 2. lið V. viðauka,

2) vökvakælar fyrir vinnslukerfi skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í a-lið 1. liðar og 2. lið VII. viðauka,

3) kæli- eða frystiskápar, sem notaðir eru í atvinnuskyni, skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í i. lið a-liðar í 1. lið og a-lið 2. liðar II. viðauka,

4) kæli- eða frystiskápar fyrir mikið álag skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í b-lið 1. liðar og a-lið 2. liðar II. viðauka,

5) blásturskæliskápar og blástursfrystiskápar skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í b-lið 2. liðar II. viðauka.

b) Frá 1. janúar 2018:

1) kæli- eða frystiskápar, sem notaðir eru í atvinnuskyni, skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í ii. lið a-liðar í 1. lið II. viðauka.

c) Frá 1. júlí 2018:

1) þjöppusamstæður með eimsvala skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í b-lið 1. liðar V. viðauka,

2) vökvakælar fyrir vinnslukerfi skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í b-lið 1. liðar VII. viðauka,

d) Frá 1. júlí 2019:

1) kæli- eða frystiskápar, sem notaðir eru í atvinnuskyni, skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í iii. lið a-liðar í 1. lið II. viðauka.

5. Samræmi við kröfur varðandi visthönnun kæli- eða frystiskápa, sem notaðir eru í atvinnuskyni, skal mælt og reiknað í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í III. og IV. viðauka.

6. Samræmi við kröfur varðandi visthönnun þjöppusamstæðna með eimsvala skal mælt og reiknað í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í VI. viðauka.

7. Samræmi við kröfur varðandi visthönnun vökvakæla fyrir vinnslukerfi skal mælt og reiknað í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í VIII. viðauka.

4. gr.

Samræmismat

1. Aðferðin við samræmismat, sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB, skal vera innra hönnunareftirlitskerfið, sem sett er fram í IV. viðauka við þá tilskipun, eða stjórnunarkerfið sem sett er fram í V. viðauka við þá tilskipun.

2. Að því er varðar samræmismat, skv. 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB, skulu tæknigögnin innihalda upplýsingarnar sem settar eru fram í II. viðauka (2. lið), V. viðauka (b-lið 2. liðar) og VII. viðauka (b-lið 2. liðar) við þessa reglugerð.

5. gr.

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Yfirvöld aðildarríkjanna skulu beita sannprófunaraðferðinni, sem sett er fram í IX., X. og XI. viðauka, við framkvæmd markaðseftirlitsins, sem um getur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB, til að tryggja að kröfurnar, sem settar eru fram í II., V. og VII. viðauka við þessa reglugerð, séu uppfylltar.

6. gr.

Leiðbeinandi viðmiðanir

Leiðbeinandi viðmiðanir fyrir vistvænustu kæli- eða frystiskápana, sem notaðir eru í atvinnuskyni, þjöppusamstæðurnar með eimsvala og vökvakælana fyrir vinnslukerfi, sem eru á markaði við gildistöku þessarar reglugerðar, eru settar fram í XII. viðauka.

7. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð í ljósi tækniframfara og kynna niðurstöður endurskoðunarinnar á samráðsvettvanginum um visthönnun eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku þessarar reglugerðar. Í endurskoðuninni skal eftirfarandi koma fram:

1. Að því er varðar kæli- eða frystiskápa, sem notaðir eru í atvinnuskyni, mat á því hvort viðeigandi sé að innleiða eftirfarandi, einkum:

   a) kröfur varðandi visthönnun þess kæli-/frystibúnaðar sem talinn er upp í 1. mgr. 1. gr.,

   b) strangari kröfur að því er varðar kæli- eða frystiskápa fyrir mikið álag,

   c) kröfur um upplýsingar um getu kæli- eða frystiskáps, sem notaður er í atvinnuskyni, til að kæla niður matvæli,

   d) aðferð til þess að ákvarða staðlaða, árlega orkunotkun kæli- og frystiskápa,

   e) endurskoðaða aðferð til þess að ákvarða staðlaða, árlega orkunotkun borðkæla.

2. Að því er varðar blásturskæliskápa og blástursfrystiskápa, mat á því hvort viðeigandi sé að innleiða kröfur varðandi visthönnun þessara vara.

3. Að því er varðar kæliklefa, mat á því hvort viðeigandi sé að innleiða kröfur varðandi visthönnun þessara vara.

4. Að því er varðar þjöppusamstæður með eimsvala og vökvakæla fyrir vinnslukerfi:

   a) mat á því hvort viðeigandi sé að setja kröfur varðandi visthönnun sem taka til beinnar losunar gróðurhúsalofttegunda í tengslum við kælimiðla,

   b) mat á því hvort viðeigandi sé að setja kröfur varðandi visthönnun þjöppusamstæðna með eimsvala með málkæliafköst sem eru minni en 0,1 kW við lágt hitastig og 0,2 kW við miðlungshitastig og þjöppusamstæðna með eimsvala með málkæliafköst sem eru meiri en 20 kW við lágt hitastig og 50 kW við miðlungshitastig,

c) mat á því hvort viðeigandi sé að setja kröfur varðandi visthönnun þjöppusamstæðna með eimsvala sem eru seldar með eimi, þjöppusamstæðna, sem eru ekki með eimsvala, og þjöppusamstæðna með eimsvala sem notast ekki við loft sem varmabera fyrir eimsvalann,

d) mat á því hvort viðeigandi sé að setja kröfur varðandi visthönnun vökvakæla fyrir vinnslukerfi með uppgufunareimsvala og vökvakæla fyrir vinnslukerfi sem notast við ísogstækni.

5. Að því er varðar allar vörur, athugun á því hvort til sé nýrri útgáfa af heimildunum, sem vísað er til, varðandi gildi hnatthlýnunarmáttar (GWP).

6. Að því er varðar allar vörur, gildið fyrir leyfileg vikmörk við sannprófunaðferðina í tengslum við mæligildi orkunotkunar.

8. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. maí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Skilgreiningar sem gilda fyrir II.–XII. viðauka

Í II.–XII. viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Skilgreiningar sem tengjast kæli- eða frystiskápum, sem notaðir eru í atvinnuskyni, og blásturskæliskápum og blásturs-frystiskápum

1) „nettórúmmál“: rými, sem hefur að geyma matvæli, allt að leyfilegum mörkum geymslurýmis,

2) „ganghitastig kælingar“: hitastig fyrir matvæli, sem eru geymd í kæli- eða frystiskápnum, sem er stöðugt viðhaldið við hitastig á bilinu –1 °C til 5 °C,

3) „ganghitastig frystingar“: hitastig fyrir matvæli, sem eru geymd í kæli- eða frystiskápnum, sem er stöðugt viðhaldið við lægra hitastig en –15 °C, sem ber að skilja sem hæsta hitastig heitustu einingarinnar sem notuð var til prófunar,

4) „fjölnota kæli- eða frystiskápur“: kæli- eða frystiskápur, sem notaður er í atvinnuskyni, eða aðskilið hólf í sama kæli- eða frystiskáp sem unnt er að stilla á mismunandi hitastig fyrir kælda eða frysta matvöru,

5) „sambyggður kæli- og frystiskápur“: kæli- og frystiskápur, sem notaður er í atvinnuskyni, með tveimur eða fleiri hólfum með mismunandi hitastigi til kælingar og geymslu á matvælum,

6) „kæli- og frystiskápur“: gerð sambyggðs kæli- og frystiskáps með a.m.k. einu hólfi, sem eingöngu er ætlað fyrir ganghitastig kælingar, og öðru hólfi sem eingöngu er ætlað fyrir ganghitastig frystingar,

7) „uppréttur kæli- eða frystiskápur“: kæli- eða frystiskápur, sem notaður er í atvinnuskyni, þar sem mesta hæð jafngildir eða er meiri en 1 050 mm og sem er með einni eða fleiri hurðum að framanverðu eða skúffum sem veita aðgang að sama hólfi,

8) „borðkælir“: kæli- eða frystiskápur, sem notaður er í atvinnuskyni, þar sem mesta hæð er undir 1050 mm og sem er með einni eða fleiri hurðum að framanverðu eða skúffum sem veita aðgang að sama hólfi,

9) „kæli- eða frystiskápur fyrir lítið álag“ eða „kæli- eða frystiskápur sem er að einhverju leyti til atvinnunota“: kæli- eða frystiskápur, sem notaður er í atvinnuskyni, sem einungis getur viðhaldið stöðugu ganghitastigi kælingar eða frystingar í öllum hólfum sínum við umhverfisaðstæður, sem samsvara loftslagsflokki 3, eins og tilgreint er í töflu 3 í IV. viðauka; ef kæli- eða frystiskápurinn getur viðhaldið hitastigi við umhverfisaðstæður, sem samsvara loftslagsflokki 4, telst hann ekki kæli- eða frystiskápur fyrir lítið álag,

10) „sambærilegur kæli- eða frystiskápur sem notaður er í atvinnuskyni“: tegund kæli- eða frystiskáps, sem notaður er í atvinnuskyni, sem settur er á markað með sama nettórúmmál, sömu tækni-, orkunýtni- og nothæfiseiginleika og sömu gerðum af hólfum og rúmmáli og önnur tegund kæli- eða frystiskáps, sem notaður er í atvinnuskyni, sem sami framleiðandi setur á markað undir öðru viðskiptakenninúmeri,

11) „sambærilegur blásturskæliskápur og blástursfrystiskápur“: tegund blásturskæliskáps og blástursfrystiskáps sem settur er á markað með sömu tækni-, orkunýtni- og nothæfiseiginleika og önnur tegund blásturskæliskáps og blástursfrystiskáps, sem sami framleiðandi setur á markað undir öðru viðskiptakenninúmeri.

Skilgreiningar sem tengjast þjöppusamstæðum með eimsvala

12) „málkæliafköst“ (P_A): þau kæliafköst, gefin upp í kW með tveimur aukastöfum, sem gufuþjöppunarhringrásin getur náð með hjálp þjöppusamstæðu með eimsvala þegar hún er tengd við eimi og þenslubúnað, starfrækt við fullt álag og mæld við stöðluð málgildisskilyrði þar sem viðmiðunarumhverfishiti er 32 °C,

13) „málinngangsafl“ (D_A): rafinnafl, gefið upp í kW með tveimur aukastöfum, sem þjöppusamstæða með eimsvala þarf (þ.m.t. þjappan, eimsvalaviftan/-vifturnar og hugsanlegur aukabúnaður) til að ná málkæliafköstum,

14) „málnýtnistuðull“ (COP_A): málkæliafköst, gefin upp í kW, deilt með málinngangsafli, gefið upp í kW, sett fram með tveimur aukastöfum,

15) „nýtnistuðlarnir COP_B, COP_C og COP_D“: kæliafköst, gefin upp í kW, deilt með inngangsafli, gefið upp í kW og sett fram með tveimur aukastöfum við matsliði B, C og D,

16) „árstíðabundið orkunýtingarhlutfall“ (e. *seasonal energy performance ratio, SEPR*): orkunýtingarhlutfall þjöppusamstæðu með eimsvala, sem kælir við stöðluð málgildisskilyrði, sem er dæmigert fyrir breytileikann í álagi og umhverfishita árið um kring og er reiknað sem hlutfall milli árlegrar kæliþarfar og árlegrar raforkunotkunar, sett fram með tveimur aukastöfum,

17) „árleg kæliþörf“: summa kæliþarfar, sem á sérstaklega við um tiltekið bil, margfölduð með samsvarandi fjölda bilstunda,

18) „kæliþörf, sem á sérstaklega við um tiltekið bil“: kæliþörf fyrir hvert bil á árinu, reiknuð út sem málkæliafköst margfölduð með hlutfalli hlutaálags, gefin upp í kW með tveimur aukastöfum,

19) „hlutaálag“ ($Pc(T_j)$): kæliálag við tiltekinn umhverfishita T_j, reiknað út sem fullt álag margfaldað með hlutfalli hlutaálags, sem samsvarar sama umhverfishita T_j og gefið upp í kW með tveimur aukastöfum,

20) „hlutfall hlutaálags“ ($PR(T_j)$): við tiltekinn umhverfishita T_j er þetta umhverfishitinn T_j að frádregnum 5 °C, deilt með viðmiðunarumhverfishita að frádregnum 5 °C, og við miðlungshitastig er hlutatalan margfölduð með 0,4 og henni bætt við 0,6 og við lágan hita er hlutatalan margfölduð með 0,2 og henni bætt við 0,8. Að því er varðar umhverfishita, sem er hærri en viðmiðunarumhverfishitinn, skal hlutfall hlutaálags vera 1. Að því er varðar umhverfishita, sem er lægri en 5 °C, skal hlutfall hlutaálags vera 0,6 fyrir miðlungshitastig og 0,8 fyrir lágt hitastig; hlutfall hlutaálags má gefa upp með þremur aukastöfum eða margfalda það með 100 og gefa það upp í prósentum með einum aukastaf,

21) „árleg raforkunotkun“: reiknast sem summan af hlutföllum milli kæliþarfar, sem á sérstaklega við um tiltekið bil, og samsvarandi nýtnistuðuls, sem á sérstaklega við um tiltekið bil, margfaldað með samsvarandi fjölda bilstunda,

22) „umhverfishiti“: þurr lofthiti sem er gefinn upp í gráðum á selsíus,

23) „bil“ (bin_j): samsetning umhverfishita T_j og bilstunda h_j, eins og segir í töflu 6 í VI. viðauka,

24) „bilstundir“ (h_j): fjöldi klukkustunda á ári með umhverfishita fyrir hvert bil, eins og segir í töflu 6 í VI. viðauka,

25) „viðmiðunarumhverfishiti“: umhverfishiti, gefinn upp í gráðum á selsíus, þegar hlutfall hlutaálags er 1; hiti er fastsettur við 32 °C,

26) „nýtnistuðull, sem á sérstaklega við um tiltekið bil“ (COP_j): nýtnistuðull sem á við um hvert bil á ári, sem ákvarðast af hlutaálagi, tilgreindri kæliþörf og tilgreindum nýtnistuðli fyrir sérstök bil og reiknast fyrir önnur bil með línulegum innreikningi og leiðréttist, þegar þörf er á, með lækkunarstuðlinum,

27) „tilgreind kæliþörf“: kæliþörf við takmarkaðan fjölda tilgreindra bila, reiknuð út sem málkæliafköst margfölduð með samsvarandi hlutfalli hlutaálags,

28) „tilgreindur nýtnistuðull“: nýtnistuðull við takmarkaðan fjölda tilgreindra bila, reiknaður út sem tilgreind kæliafköst, deilt með tilgreindu inngangsafli,

29) „tilgreind kæliafköst“: kæliafköst, gefin upp í kW með tveimur aukastöfum, sem einingin skilar frá sér til að ná fram tiltekinni kæliþörf við takmarkaðan fjölda tilgreindra bila,

30) „tilgreint inngangsafl“: rafinnafl, gefið upp í kW með tveimur aukastöfum, sem þjöppusamstæða með eimsvala þarf til að ná fram tilgreindum kæliafköstum,

31) „lækkunarstuðull“ (*Cdc*): mælikvarði, settur við 0,25, á tap á orkunýtni vegna þess að hugsanlega er kveikt/slökkt á hringrás þjöppusamstæðna með eimsvala, sem nauðsynlegar eru til að ná því hlutaálagi sem krafist er, ef því verður ekki náð beint fyrir tilstuðlan afkastastýringar einingarinnar,

32) „afkastastýring“: geta þjöppusamstæðu með eimsvala til að breyta afköstum sínum með því að breyta rúmmálsstreymi kælimiðilsins, tilgreina skal hana sem „fasta“ ef einingin getur ekki breytt rúmmálsstreymi sínu, „þrepaskipta“ ef rúmmálsstreymi er breytt eða breytt í röðum sem hafa ekki fleiri en tvö þrep, eða „breytilega“ ef rúmmálsstreyminu er breytt eða breytt í röðum sem hafa þrjú þrep eða fleiri.

Skilgreiningar sem eiga við um vökvakæla fyrir vinnslukerfi

33) „málkæliafköst“ (P_A): þau kæliafköst sem vökvakælir fyrir vinnslukerfi getur náð við fullt álag og sem mælast við stöðluð málgildisskilyrði þar sem viðmiðunarumhverfishiti er 35 °C fyrir loftkælda vökvakæla og inntakshiti vatns í eimsvala fyrir vatnskælda vökvakæla er 30 °C, gefin upp í kW með tveimur aukastöfum,

34) „málinngangsafl“ (D_A): rafinnafl sem vökvakælir fyrir vinnslukerfi þarf (þ.m.t. þjappan, eimsvalaviftan/-vifturnar eða dæla/-dælur, eimisdæla/-dælur og hugsanlegur aukabúnaður) til að ná málkæliafköstum, gefið upp í kW með tveimur aukastöfum,

35) „málorkunýtnihlutfall“ (EER_A): málkæliafköst, gefin upp í kW, deilt með málinngangsafli, gefið upp í kW, sett fram með tveimur aukastöfum,

36) „árstíðabundið orkunýtingarhlutfall“ (*SEPR*): orkunýtingarhlutfall vökvakælis fyrir vinnslukerfi, sem kælir við stöðluð málgildisskilyrði, sem er dæmigert fyrir breytileikann í álagi og umhverfishita árið um kring og er reiknað sem hlutfall milli árlegrar kæliþarfar og árlegrar raforkunotkunar, sett fram með tveimur aukasætum,

37) „árleg kæliþörf“: summa kæliþarfar, sem á sérstaklega við um tiltekið bil, margfölduð með samsvarandi fjölda bilstunda,

38) „kæliþörf, sem á sérstaklega við um tiltekið bil“: málkæliafköst, margfölduð með hlutfalli hlutaálags, gefin upp í kW með tveimur aukastöfum,

39) „hlutaálag“ ($Pc(T_j)$): kæliálag við tiltekinn umhverfishita T_j, reiknað út sem fullt álag, margfaldað með hlutfalli hlutaálags sem samsvarar sama umhverfishita T_j og gefið upp í kW með tveimur aukastöfum,

40) „hlutfall hlutaálags“ ($PR(T_j)$): við tiltekinn umhverfishita T_j:

a) að því er varðar vökvakæla fyrir vinnslukerfi með loftkældan eimsvala: umhverfishitinn *Tj* að frádregnum 5 °C, deilt með viðmiðunarumhverfishitanum að frádregnum 5 °C og margfaldaður með 0,2 og bætt við 0,8. Að því er varðar umhverfishita, sem er hærri en viðmiðunarumhverfishitinn, skal hlutfall hlutaálags vera 1; að því er varðar umhverfishita, sem er lægri en 5 °C, skal hlutfall hlutaálags vera 0,8,

b) að því er varðar vökvakæla fyrir vinnslukerfi með vatnskældan eimsvala: hitastig vatns við inntak T_j að frádregnum 9 °C, deilt með viðmiðunarhitastigi vatns við inntak (30 °C) að frádregnum 9 °C og margfaldað með 0,2 og bætt við 0,8. Að því er varðar umhverfishita, sem er hærri en viðmiðunarumhverfishitinn, skal hlutfall hlutaálags vera 1; að því er varðar umhverfishita, sem er lægri en 5 °C (9 °C við vatnsinntak eimsvalans) skal hlutfall hlutaálags vera 0,8;

hlutfall hlutaálags má gefa upp með þremur aukastöfum eða margfalda það með 100 og gefa það upp í prósentum með einum aukastaf,

41) „árleg raforkunotkun“: reiknast sem summan af hlutföllunum milli kæliþarfar, sem á sérstaklega við um tiltekið bil, og samsvarandi orkunýtnihlutfalls, sem á sérstaklega við um tiltekið bil, margfaldað með samsvarandi fjölda bilstunda,

42) „umhverfishiti“:

a) að því er varðar vökvakæla fyrir vinnslukerfi með loftkældan eimsvala: þurr lofthiti, gefinn upp í gráðum á selsíus,

b) að því er varðar vökvakæla fyrir vinnslukerfi með vatnskældan eimsvala: hitastig vatns við inntak eimsvala, gefið upp í gráðum á selsíus,

43) „bil“ (bin_j): samsetning umhverfishita T_j og bilstunda h_j, eins og segir í VIII. viðauka,

44) „bilstundir“ (h_j): fjöldi klukkustunda á ári með umhverfishita fyrir hvert bil, eins og segir í VIII. viðauka,

45) „viðmiðunarumhverfishiti“: umhverfishiti, gefinn upp sem gráður á selsíus, þegar hlutfall hlutaálags er 1; hiti er fastsettur við 35 °C; að því er varðar vökvakæla fyrir vinnslukerfi með loftkælingu er inntakshiti lofts í eimsvala fastsett við 35 °C en hjá vatnskældum vökvakælum fyrir vinnslukerfi er inntakshiti vatns í eimsvala fastsett við 30 °C,

46) „orkunýtnihlutfall sem á sérstaklega við um tiltekið bil“ (EER_j): orkunýtnihlutfall sem á við um hvert bil á ári, sem ákvarðast af hlutaálagi, tilgreindri kæliþörf og tilgreindu orkunýtnihlutfalli fyrir tilgreind bil og reiknast fyrir önnur bil með línulegum innreikningi og leiðréttist, þegar þörf er á, með lækkunarstuðlinum,

47) „tilgreind kæliþörf“: kæliþörf við takmarkaðan fjölda tilgreindra bila, reiknuð út sem málkæliafköst, margfölduð með samsvarandi hlutfalli hlutaálags,

48) „tilgreint orkunýtnihlutfall“: orkunýtnihlutfall við takmarkaðan fjölda tilgreindra bila,

49) „tilgreint inngangsafl“: rafinnafl sem vökvakælir fyrir vinnslukerfi þarf til að ná fram tilgreindum kæliafköstum,

50) „tilgreind kæliafköst“: kæliafköst sem vökvakælirinn skilar af sér til að ná fram tilgreindri kæliþörf,

51) „lækkunarstuðull“ (*Cc*): mælikvarði á tap á orkunýtni vegna hringrásar vökvakæla fyrir vinnslukerfi við hlutaálag en ef *Cc* er ekki ákvarðaður með mælingu er sjálfgefinn lækkunarstuðull *Cc* = 0,9,

52) „afkastastýring“: geta vökvakælis fyrir vinnslukerfi til að breyta afköstum sínum með því að breyta rúmmálsstreymi kælimiðilsins, tilgreina skal hana sem „fasta“ ef vökvakælirinn fyrir vinnslukerfi getur ekki breytt rúmmálsstreymi sínu, „þrepaskipta“ ef rúmmálsstreymi er breytt eða breytt í röðum sem hafa ekki fleiri en tvö þrep, eða „breytilega“ ef rúmmálsstreyminu er breytt eða breytt í röðum sem hafa þrjú þrep eða fleiri.

Almennar skilgreiningar:

53) „hnatthlýnunarmáttur“ (GWP): áætluð áhrif af 1 kg af kælimiðli í gufuþjöppunarhringrás á hnattræna hlýnun, gefið upp sem kíló jafngildiseininga koltvísýrings á 100 ára tímabili,

54) gildi hnatthlýnunarmáttar fyrir flúoraða kælimiðla eru birt í fjórðu matsskýrslunni, sem samþykkt var af milliríkjanefnd um loftslagsbreytingar ([6]) (2007, milliríkjanefnd um loftlagsbreytingar, gildi hnatthlýnunarmáttar fyrir 100 ára tímabil),

55) gildi hnatthlýnunarmáttar fyrir lofttegundir, sem ekki eru flúoraðar, eru birt í fyrstu matsskýrslu milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar yfir 100 ára tímabil,

56) gildi hnatthlýnunarmáttar fyrir blöndur kælimiðla skulu byggjast á formúlu, sem sett er fram í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 842/2006, með gildunum, sem fram koma í fjórðu matsskýrslu milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar (2007, milliríkjanefnd um loftslagsbreytingar, gildi hnatthlýnunarmáttar fyrir 100 ára tímabil),

57) að því er varðar kælimiðla, sem tilvísanirnar að framan ná ekki yfir, skal vísa í skýrsluna frá 2010 um mat sérfræðinganefndar Montreal-bókunarinnar um vísindalegt mat ([7]) (SAP) og í skýrslu Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna frá 2010 um kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað ([8]), eða nýrri skýrslur ef þær eru fyrir hendi fyrir gildistökudag.

———

([6]) Fjórða matsskýrsla milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar (IPCC) frá 2007, skýrsla milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar: http://www.ipcc.ch/publications_and_data/publications_and_data_reports.shtml

([7]) http://ozone.unep.org/Assessment_Panels/SAP/Scientific_Assessment_2010/index.shtml

([8]) http://ozone.unep.org/teap/Reports/RTOC/

II. VIÐAUKI

Kröfur varðandi visthönnun kæli- eða frystiskápa, sem notaðir eru í atvinnuskyni, og blásturskæliskápa og blástursfrystiskápa

1. KRÖFUR UM ORKUNÝTNI

a) Kæli- eða frystiskápar, sem notaðir eru í atvinnuskyni, sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar, að undanskildum kæli- eða frystiskápum fyrir mikið álag og kæli- og frystiskápum, skulu uppfylla eftirfarandi viðmiðunarmörk orkunýtnistuðuls:

i. Frá 1. júlí 2016: EEI < 115

ii. Frá 1. janúar 2018: EEI < 95

iii. Frá 1. júlí 2019: EEI < 85

Orkunýtnistuðull kæli- eða frystiskáps, sem notaður er í atvinnuskyni, er reiknaður í samræmi við aðferðina sem lýst er í III. viðauka.

b) Frá 1. júlí 2016 skal orkunýtnistuðull kæli- eða frystiskápa fyrir mikið álag vera lægri en 115.

2. KRÖFUR UM VÖRUUPPLÝSINGAR

a) Frá 1. júlí 2016 skal veita eftirfarandi vöruupplýsingar um kæli- eða frystiskápa, sem notaðir eru í atvinnuskyni, í leiðbeiningabæklingi fyrir aðila sem annast uppsetningu og endanlega notendur og á opnum vefsetrum framleiðenda, viðurkenndra fulltrúa þeirra og innflytjenda:

i. hvaða flokk tækið fellur undir, þ.e. hvort þetta er uppréttur kæli- eða frystiskápur eða borðkælir,

ii. ef við á, hvort skápurinn er fyrir mikið álag, fyrir lítið álag eða hvort hann sé kæli- og frystiskápur,

iii. fyrirhugaðan ganghita skápsins — við kælingu, frystingu eða fjölnota,

iv. nettórúmmál hvers hólfs, gefið upp í lítrum og námundað með einum aukastaf,

v. árlega orkunotkun kæli- eða frystiskápsins í kWh/ári.

vi. orkunýtnistuðul skápsins, þó ekki kæli- og frystiskápa, þar sem gefa skal upp leiðbeinandi daglega orkunotkun með því að prófa þau hólf sem eingöngu eru ætluð fyrir ganghitastig kælingar við ganghitastig kælingar og þau sem einungis eru ætluð fyrir ganghitastig frystingar við ganghitastig frystingar,

vii. hvað varðar kæli- eða frystiskápa fyrir lítið álag skal eftirfarandi koma fram: „Þetta tæki er ætlað til notkunar við umhverfishita að hámarki 25 °C og því ekki hentugt til notkunar í atvinnueldhúsum þar sem heitt er.“,

viii. hvað varðar kæli- eða frystiskápa fyrir mikið álag skal eftirfarandi koma fram: „Þetta tæki er ætlað til notkunar við umhverfishita að hámarki 40 °C.“,

ix. til hvaða sértækra varúðarráðstafana verði gripið við notkun og viðhald kæli- eða frystiskáps til að orkunýtni hans verði sem mest,

x. tegund, nafn og hnatthlýnunarmátt kælivökvans sem kæli- eða frystiskápurinn inniheldur,

xi. kælimiðilsfyllingu, gefin upp í kg og námundað með tveimur aukastöfum,

xii. upplýsingar varðandi endurnýtingu eða förgun þegar varan er úr sér gengin.

Í töflu 1 hér á eftir er sett fram leiðbeinandi uppsetning á umbeðnum upplýsingum.

Tafla 1

Upplýsingakröfur fyrir kæli- eða frystiskápa sem notaðir eru í atvinnuskyni

Tegund eða tegundir: [Upplýsingar til að auðkenna tegund eða tegundir sem upplýsingarnar eiga við]	
Fyrirhuguð notkun	**geymsla**
Ganghiti	kæling/frysting/fjölnota
Flokkur	Uppréttur kæli- eða frystiskápur/borðkælir
(þar sem við á) Fyrir mikið álag/lítið álag	
Kælivökvi/-vökvar: [upplýsingar til að auðkenna kælivökvann/-vökvana, þ.m.t. hnatthlýnunarmátt kælivökvans]	

Liður	Tákn	Gildi	Eining
Árleg orkunotkun	*AEC*	x,xx	kWh
Orkunýtnistuðull	*EEI*	x,xx	
Nettórúmmál	$\mathbf{V_N}$	**x,x**	**lítrar**
(þar sem við á)			
Rúmmál kælirýmis	$\mathbf{V_{NRef}}$	x,x	lítrar
Rúmmál frystirýmis	$\mathbf{V_{NFrz}}$	x,x	lítrar
Kælimiðilsfylling		x,xx	kg

Samskiptaupplýsingar	Nafn og heimilisfang framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans.

b) Frá 1. júlí 2016 skal hluti af vefsetri framleiðenda, að því er varðar kæli- eða frystiskápa, sem notaðir eru í atvinnuskyni, vera opinn fyrir aðila sem annast uppsetningu og aðra fagaðila, viðurkennda fulltrúa þeirra eða innflytjendur þar sem fram koma upplýsingar um eftirfarandi:

i. uppsetning tækjanna til að orkunýtni þeirra verði sem mest,

ii. sundurhlutun án eyðileggingar vegna viðhalds,

iii. sundurhlutun og niðurrif til förgunar þegar varan er úr sér gengin.

c) Frá 1. júlí 2016 skal veita eftirfarandi leiðbeinandi vöruupplýsingar um blásturskæliskápa og blástursfrystiskápa í leiðbeiningabæklingi fyrir aðila sem annast uppsetningu og endanlega notendur og á opnum vefsetrum framleiðenda, viðurkenndra fulltrúa þeirra og innflytjenda:

i. full afkastageta kæli- eða frystiskápsins, gefið upp í kg af matvælum og námundað með tveimur aukastöfum,

ii. venjulegar hitasveiflur, þ.e. frá hvaða hitastigi í °C og niður í hvaða hitastig í °C á að kæla matvælin, og hve margar mínútur það tekur,

iii. orkunotkun, gefin upp í kWh/kg af matvælum miðað við venjulega hitasveiflu, námunduð með tveimur aukastöfum,

iv. ef um er að ræða innbyggðan búnað skal gefa upp tegund, heiti og hnatthlýnunarmátt kælivökvans, sem er í kæli- eða frystiskápnum, og kælimiðilsfyllingu (kg), námundað með tveimur aukastöfum; þegar um er að ræða búnað, sem nota á með þjöppusamstæðu með eimsvala sem ekki er staðsett á sama stað (kemur ekki með sjálfum blásturskæliskápnum og blástursfrystiskápnum), skal gefa upp áætlaða kælimiðilsfyllingu þegar hún er notuð með þjöppusamstæðu með eimsvala, sem mælt er með, og tegund, heiti og hnatthlýnunarmátt kælivökvans sem fyrirhugað er að nota.

d) Að því er varðar samræmismat, skv. 4. gr., skulu tæknigögnin innihalda eftirfarandi þætti:

i. þættina, sem tilgreindir eru í a- og c-lið fyrir kæli- eða frystiskápa, sem notaðir eru í atvinnuskyni, og fyrir blásturskæliskápa og blástursfrystiskápa,

ii. þegar upplýsinganna í tæknigögnum tiltekinnar tegundar hefur verið aflað með útreikningi á grundvelli hönnunar eða framreikningi á öðrum sambærilegum kælitækjum, eða hvort tveggja, skulu gögnin innihalda upplýsingar um slíka útreikninga eða framreikninga, eða hvort tveggja, og prófanir sem birgjar hafa gert til að staðfesta nákvæmni útreikninganna sem gerðir hafa verið; upplýsingarnar skulu einnig innihalda skrá yfir allar aðrar sambærilegar tegundir þar sem upplýsinganna hefur verið aflað á sama grunni,

iii. upplýsingarnar í þessum tæknigögnum má sameina tæknigögnum sem veitt eru í samræmi við ráðstafanir samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB ([9]).

———

([9]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB frá 19. maí 2010 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á orkutengdum vörum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum auðföngum (Stjtíð ESB L 153, 18.6.2010, bls. 1).

III. VIÐAUKI

Aðferð til að reikna út orkunýtnistuðul kæli- eða frystiskápa sem notaðir eru í atvinnuskyni

Við útreikning á orkunýtnistuðli (EEI) tegundar kæli- eða frystiskáps, sem notaður er í atvinnuskyni, er árleg orkunotkun kæli- eða frystiskáps borin saman við staðlaða, árlega orkunotkun hans.

Orkunýtnistuðullinn reiknast sem hér segir:

$$EEI = (AEC/SAEC) \times 100$$

þar sem:

$$AEC = E24h \times af \times 365$$

AEC = árleg orkunotkun kæli- eða frystiskápsins í kWh/ári

E24h = orkunotkun kæli- eða frystiskápsins á 24 tímum

af = *leiðréttingarstuðull,* sem einungis gildir um kæli- eða frystiskápa fyrir lítið álag, samkvæmt b-lið 2. liðar í IV. viðauka

$$SAEC = M \times Vn + N$$

SAEC = stöðluð árleg orkunotkun kæli- eða frystiskápsins í kWh/ári

Vn = nettórúmmál tækisins, sem er samanlagt nettórúmmál allra hólfa kæli- eða frystiskápsins, gefið upp í lítrum.

M og N eru gefin upp í töflu 2.

Tafla 2

Gildi reiknistuðla M og N

Flokkur	Gildi fyrir M	Gildi fyrir N
Uppréttur kæliskápur	1,643	609
Uppréttur frystiskápur	4,928	1 472
Borðkælir (til kælingar)	2,555	1 790
Borðkælir (til frystingar)	5,840	2 380

IV. VIÐAUKI

Mælingar og útreikningar fyrir kæli- eða frystiskápa sem notaðir eru í atvinnuskyni

1. Í þeim tilgangi að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar og til sannprófunar á því að kröfur þessarar reglugerðar séu uppfylltar skal, við mælingar og útreikninga, nota samhæfða staðla, sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, eða aðrar áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir sem taka tillit til almennt viðurkenndra aðferða sem byggjast á nýjustu og fullkomnustu tækni. Kæli- eða frystiskápar, sem notaðir eru í atvinnuskyni, skulu uppfylla öll skilyrði og tæknilega mæliþætti sem settir eru fram í 2. og 3. lið.

2. Til þess að ákvarða gildi árlegrar orkunotkunar og orkunýtnistuðul kæli- eða frystiskápa, sem notaðir eru í atvinnuskyni, skal framkvæma mælingar við eftirfarandi skilyrði:

   a) hitastig eininga, sem notaðar eru til prófunar, skal vera á bilinu –1 °C til 5 °C fyrir kæliskápa og lægra en –15 °C fyrir frystiskápa,

   b) umhverfisskilyrðin skulu samsvara loftslagsflokki 4, eins og tilgreint er í töflu 3, nema hvað varðar kæli- eða frystiskápa fyrir lítið álag, sem prófa skal við umhverfisskilyrði sem samsvara loftslagsflokki 3; leiðréttingarstuðlum fyrir kæli- eða frystiskápa fyrir lítið álag, 1,2 fyrir ganghitastig kælingar og 1,1 fyrir ganghitastig frystingar, skal síðan beitt á prófunarniðurstöður fyrir kæli- eða frystiskápa fyrir lítið álag, í þeim tilgangi að gefa upp upplýsingarnar samkvæmt a-lið 2. liðar II. viðauka,

   c) prófa skal kæli- eða frystiskápa sem notaðir eru í atvinnuskyni:

      – við ganghitastig kælingar ef um er að ræða sambyggðan kæli- og frystiskáp með a.m.k. einu hólfi sem eingöngu er ætlað fyrir ganghitastig kælingar,

      – við ganghitastig kælingar ef um er að ræða kæli- eða frystiskáp, sem notaður er í atvinnuskyni, sem einungis er með einu hólfi sem eingöngu er ætlað fyrir ganghitastig kælingar,

      – við ganghitastig frystingar í öllum öðrum tilvikum.

3. Umhverfisaðstæður fyrir loftslagsflokka 3, 4 og 5 eru sýndar í töflu 3.

Tafla 3

Umhverfisaðstæður loftslagsflokka 3, 4 og 5

Loftslagsflokkur prófunarrýmis	Þurrhiti, °C	Rakastig, %	Daggarmark, °C	Massi vatnsgufu í þurru lofti, g/kg
3	25	60	16,7	12,0
4	30	55	20,0	14,8
5	40	40	23,9	18,8

V. VIÐAUKI

Kröfur varðandi visthönnun fyrir þjöppusamstæður með eimsvala

1. KRÖFUR UM ORKUNÝTNI

a) Frá 1. júlí 2016 skal nýtnistuðull (*COP*) og árstíðabundið orkunýtingarhlutfall (*SEPR*) þjöppusamstæðna með eimsvala ekki fara undir eftirfarandi gildi:

Ganghitastig	Málafköst P_A	Viðeigandi hlutfall	Gildi
Miðlungs	0,2 kW ≤ P_A ≤ 1 kW	COP	1,20
	1 kW ≤P_A ≤ 5 kW	COP	1,40
	5 kW ≤P_A ≤ 20 kW	SEPR	2,25
	20 kW ≤ P_A ≤ 50 kW	SEPR	2,35
Lágt	0,1 kW ≤ P_A ≤ 0,4 kW	COP	0,75
	0,4 kW ≤ P_A ≤ 2 kW	COP	0,85
	2 kW ≤ P_A ≤ 8kW	SEPR	1,50
	8 kW ≤ P_A ≤ 20 kW	SEPR	1,60

b) Frá 1. júlí 2018 skal nýtnistuðull (*COP*) og árstíðabundið orkunýtingarhlutfall (*SEPR*) þjöppusamstæðna með eimsvala ekki fara undir eftirfarandi gildi:

Ganghitastig	Málafköst P_A:	Viðeigandi hlutfall	Gildi
Miðlungs	0,2 kW ≤ P_A ≤ 1kW	COP	1,40
	1 kW ≤ P_A ≤ 5 kW	COP	1,60
	5 kW ≤ P_A ≤ 20 kW	SEPR	2,55
	20 kW ≤ P_A ≤ 50 kW	SEPR	2,65
Lágt	0,1 kW ≤ P_A ≤ 0,4 kW	COP	0,80
	0,4 kW ≤ P_A ≤ 2 kW	COP	0,95
	2 kW ≤ P_A ≤ 8 kW	SEPR	1,60
	8 kW ≤ P_A ≤ 20 kW	SEPR	1,70

c) Hvað varðar þjöppusamstæður með eimsvala, sem fylla á með kælivökva, sem er með hnatthlýnunarmátt sem er minni en 150, getur gildi nýtnistuðuls og árstíðabundins orkunýtingarhlutfalls verið að hámarki 15% lægra en gildin, sem tilgreind eru í a-lið 1. liðar, og að hámarki 10% lægra en gildin í b-lið 1. liðar.

d) Þjöppusamstæður með eimsvala, sem hægt er að starfrækja bæði við miðlungshitastig og lágt hitastig, skulu uppfylla kröfurnar í hverjum þeim flokki sem gefið er upp að þær henti fyrir.

2. KRÖFUR UM VÖRUUPPLÝSINGAR

Frá 1. júlí 2016 skal gefa upp eftirfarandi vöruupplýsingar varðandi þjöppusamstæður með eimsvala:

a) Í notendahandbókum fyrir þá sem sjá um uppsetningu og fyrir endanlega notendur og á vefsetrum með opnum aðgangi, sem framleiðendur, viðurkenndir fulltrúar þeirra og innflytjendur halda úti, skulu eftirfarandi atriði koma fram:

i. áformaður uppgufunarhiti, gefinn upp í gráðum á selsíus (miðlungshitastig: –10 °C, lágt hitastig: –35 °C),

ii. að því er varðar þjöppusamstæður með eimsvala með málkæliafköst sem eru minni en 5 kW við miðlungshita og 2 kW við lágan hita:

– málnýtnistuðull við fullt álag og 32 °C umhverfishita, námundaður með tveimur aukastöfum, og málkæliafköst og inngangsafl, gefið upp í kW og námundað með tveimur aukastöfum,

– gildi nýtnistuðuls við fullt álag og 25 °C umhverfishita, námundaður með tveimur aukastöfum, og samsvarandi kæliafköst og inngangsafl, gefið upp í kW og námundað með tveimur aukastöfum,

iii. að því er varðar þjöppusamstæður með eimsvala með málkæliafköst sem eru meiri en 5 kW við miðlungsganghita og 2 kW við lágan ganghita:

– gildi árstíðabundins orkunýtingarhlutfalls, námundað með tveimur aukastöfum,

– árleg raforkunotkun, gefin upp í kWh á ári,

– málkæliafköst, málinngangsafl og málnýtnistuðull,

– tilgreind kæliafköst og tilgreint inngangsafl skulu gefin upp sem kW og námunduð með þremur aukastöfum, og gildi nýtnistuðuls skal námundað með tveimur aukastöfum, í matsatriðum B, C og D,

iv. að því er varðar þjöppusamstæður með eimsvala, sem nota á við umhverfishita yfir 35 °C, skal gildi nýtnistuðuls við fullt álag og 43 °C umhverfishita, námundaður með tveimur aukastöfum og samsvarandi kæliafköst og inngangsafl gefið upp í kW og námundað með tveimur aukastöfum,

v. tegund eða tegundir kælivökva og eitt eða fleiri heiti þeirra sem ætlað er að nota með þjöppusamstæðu með eimsvala,

vi. hvers konar sérstakar varúðarráðstafanir sem gera á í tengslum við viðhald á þjöppusamstæðu með eimsvala,

vii. hvers konar sérstakar varúðarráðstafanir sem gera á til að tryggja sem mesta skilvirkni þjöppusamstæðu með eimsvala þegar samstæðan er innbyggð í kælitæki,

viii. upplýsingar varðandi endurnýtingu eða förgun þegar varan er úr sér gengin.

b) Hluti af vefsetri framleiðenda skal vera opinn fyrir aðila sem annast uppsetningu og aðra fagaðila, viðurkennda fulltrúa þeirra eða innflytjendur þar sem fram koma upplýsingar um eftirfarandi:

i. uppsetning tækjanna til að orkunýtni þeirra verði sem mest,

ii. sundurhlutun án eyðileggingar vegna viðhalds,

iii. sundurhlutun og niðurrif til förgunar þegar varan er úr sér gengin.

c) Að því er varðar samræmismat, skv. 4. gr., skulu tæknigögnin innihalda eftirfarandi þætti:

i. atriðin sem tilgreind eru í a-lið,

ii. ef upplýsinga um tiltekna tegund hefur verið aflað með útreikningi á grundvelli hönnunar eða framreikningi á öðrum samstæðum skulu gögnin fela í sér upplýsingar um slíka útreikninga eða framreikninga og um prófanir, sem hafa verið gerðar til að staðfesta nákvæmni útreikninganna, sem gerðir hafa verið, þ.m.t. upplýsingar um reiknilíkanið fyrir útreikning á afköstum slíkra kerfa og um mælingar sem eru gerðar til að sannprófa þessa tegund.

Í töflu 4 og 5 hér á eftir er sett fram leiðbeinandi uppsetning á umbeðnum upplýsingum.

Tafla 4

Kröfur um upplýsingar fyrir þjöppusamstæður með eimsvala með málkæliafköst sem eru minni en 5 kW við miðlungsganghita og 2 kW við lágan ganghita

Tegund eða tegundir: [Upplýsingar til að auðkenna tegund eða tegundir sem upplýsingarnar eiga við]

Kælivökvi/-vökvar: [Upplýsingar til að auðkenna kælivökvann/-vökvana sem ætlað er að nota með þjöppusamstæðunni með eimsvala]

Liður	Tákn	Gildi		Eining
Uppgufunarhiti (*)	t	–10 °C	–35 °C	°C
Mæliþættir við fullt álag og umhverfishita sem er 32 °C				
Málkæliafköst	P_A	x,xxx	x,xxx	kW
Málinngangsafl	D_A	x,xxx	x,xxx	kW
Málnýtnistuðull	COP_A	x,xx	x,xx	
Mæliþættir við fullt álag og umhverfishita sem er 25 °C				
Kæliafköst	P_2	x,xxx	x,xxx	kW
Inngangsafl	D_2	x,xxx	x,xxx	kW
COP	COP_2	x,xx	x,xx	
Mæliþættir við fullt álag og umhverfishita sem er 43 °C				
(þar sem við á)				
Kæliafköst	P_3	x,xxx	x,xxx	kW
Inngangsafl	D_3	x,xxx	x,xxx	kW
COP	COP_3	x,xx	x,xx	

Aðrir liðir

Afkastastýring	föst/þrepaskipt/breytileg
Samskiptaupplýsingar	Nafn og heimilisfang framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans.

(*) Þegar um er að ræða þjöppusamstæður með eimsvala, sem eru hugsaðar til notkunar við aðeins einn uppgufunarhita, má eyða út öðrum af tveimur dálkunum fyrir „Gildi“.

Tafla 5

Kröfur um upplýsingar fyrir þjöppusamstæður með eimsvala með málkæliafköst sem eru meiri en 5 kW við miðlungsganghita og 2 kW við lágan ganghita

Tegund eða tegundir: [Upplýsingar til að auðkenna tegund eða tegundir sem upplýsingarnar eiga við]

Kælivökvi/-vökvar: [Upplýsingar til að auðkenna kælivökvann/-vökvana sem ætlað er að nota með þjöppusamstæðunni með eimsvala]

Liður	Tákn	Gildi		Eining
Uppgufunarhiti (*)	t	–10 °C	–35 °C	°C
Árleg raforkunotkun	Q	x	x	kWh/á ári
Árstíðabundið orkunýtingarhlutfall	*SEPR*	x,xx	x,xx	
Mæliþættir við fullt álag og umhverfishita sem er 32 °C (A-liður)				
Málkæliafköst	P_A	x,xx	x,xx	kW
Málinngangsafl	D_A	x,xx	x,xx	kW
Málnýtnistuðull	**COP_A**	**x,xx**	**x,xx**	
Mæliþættir við fullt álag og umhverfishita sem er 25 °C (B-liður)				
Tilgreind kæliafköst	P_B	x,xx	x,xx	kW
Tilgreint inngangsafl	D_B	x,xx	x,xx	kW
Tilgreindur nýtnistuðull	**COP_B**	**x,xx**	**x,xx**	
Mæliþættir við fulla álag og umhverfishita sem er 15 °C (C-liður)				
Tilgreind kæliafköst	P_c	x,xx	x,xx	kW
Tilgreint inngangsafl	D_c	x,xx	x,xx	kW
Tilgreindur nýtnistuðull	**COP_C**	**x,xx**	**x,xx**	
Mæliþættir við fullt álag og umhverfishita sem er 5 °C (D-liður)				
Tilgreind kæliafköst	P_D	x,xx	x,xx	kW
Tilgreint inngangsafl	D_D	x,xx	x,xx	kW
Tilgreindur nýtnistuðull	**COP_D**	**x,xx**	**x,xx**	
Mæliþættir við fullt álag og umhverfishita sem er 43 °C (þar sem við á)				
Kæliafköst	P_3	x,xx	x,xx	kW

Inngangsafl	D_3	x,xx	x,xx	kW
Tilgreindur nýtnistuðull	**COP_3**	**x,xx**	**x,xx**	

Aðrir liðir

Afkastastýring	föst/þrepaskipt/breytileg		
Lækkunarstuðull fyrir einingar með fastri og þrepaskiptri afkastastýringu	*Cdc*	0,25	
Samskiptaupplýsingar	Nafn og heimilisfang framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans.		

(*) Þegar um er að ræða þjöppusamstæður með eimsvala, sem eru hugsaðar til notkunar við aðeins einn uppgufunarhita, má eyða út öðrum af tveimur dálkunum fyrir „Gildi“.

VI. VIÐAUKI

Mælingar og útreikningar fyrir þjöppusamstæður með eimsvala

1. Í þeim tilgangi að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar og til sannprófunar á því að kröfur þessarar reglugerðar séu uppfylltar skal, við mælingar og útreikninga, nota samhæfða staðla, sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, eða aðrar áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir sem taka tillit til almennt viðurkenndra aðferða sem byggjast á nýjustu og fullkomnustu tækni. Þær skulu uppfylla öll skilyrðin og tæknilegu mæliþættina sem settir eru fram í 2. lið.

2. Til að hægt sé að ákvarða gildin fyrir kæliafköst, inngangsafl, nýtnistuðul og árstíðabundið orkunýtingarhlutfall skulu mælingar fara fram við eftirfarandi skilyrði:

   a) viðmiðunarumhverfishiti varmaskiptis utandyra (eimsvalans) skal vera 32 °C,

   b) mettaður uppgufunarhiti varmaskiptis innandyra (eimis) skal vera –35 °C fyrir lágt hitastig og –10 °C fyrir miðlungshitastig,

   c) ef við á skulu breytingar á umhverfishita á árinu, sem eru dæmigerðar fyrir miðlungsloftslagsskilyrði í Sambandinu, og samsvarandi fjöldi klukkustunda sem þetta hitastig varir, tilgreindar á því formi sem sett er fram í töflu 6,

   d) ef við á, skal tekið tillit til áhrifa lækkunar orkunýtni vegna hringrásar, eftir því með hvaða hætti afköstum þjöppusamstæðunnar með eimsvala er stjórnað.

Tafla 6

Breytingar á hitastigi utandyra á árinu miðað við miðlungsloftslagsskilyrði í Evrópu fyrir þjöppusamstæður með eimsvala

j	T_j	h_j	j	T_j	h_j	j	T_j	h_j
1	–19	0,08	15	–5	56,61	29	9	371,63
2	–18	0,41	16	–4	76,36	30	10	377,32
3	–17	0,65	17	–3	106,07	31	11	376,53
4	–16	1,05	18	–2	153,22	32	12	386,42
5	–15	1,74	19	–1	203,41	33	13	389,84
6	–14	2,98	20	0	247,98	34	14	384,45
7	–13	3,79	21	1	282,01	35	15	370,45
8	–12	5,69	22	2	275,91	36	16	344,96
9	–11	8,94	23	3	300,61	37	17	328,02
10	–10	11,81	24	4	310,77	38	18	305,36
11	–9	17,29	25	5	336,48	39	19	261,87
12	–8	20,02	26	6	350,48	40	20	223,90
13	–7	28,73	27	7	363,49	41	21	196,31
14	–6	39,71	28	8	368,91	42	22	163,04

j	T_j	h_j
43	23	141,78
44	24	121,93
45	25	104,46
46	26	85,77
47	27	71,54
48	28	56,57

j	T_j	h_j
49	29	43,35
50	30	31,02
51	31	20,21
52	32	11,85
53	33	8,17
54	34	3,83

j	T_j	h_j
55	35	2,09
56	36	1,21
57	37	0,52
58	38	0,40

VII. VIÐAUKI

Kröfur varðandi visthönnun vökvakæla fyrir vinnslukerfi

1. KRÖFUR UM ORKUNÝTNI

a) Frá 1. júlí 2016 skal árstíðabundið orkunýtingarhlutfall (*SEPR*) vökvakæla fyrir vinnslukerfi ekki fara undir eftirfarandi gildi:

Varmaberi eimsvalamegin	Ganghitastig	Málkæliafköst P_A	Lægsta gildi árstíðabundins orkunýtingarhlutfalls
Loft	Miðlungs	$P_A \leq 300$ kW	2,24
		$P_A > 300$ kW	2,80
	Lágt	$P_A \leq 200$ kW	1,48
		$P_A > 200$ kW	1,60
Vatn	Miðlungs	$P_A \leq 300$ kW	2,86
		$P_A > 300$ kW	3,80
	Lágt	$P_A \leq 200$ kW	1,82
		$P_A > 200$ kW	2,10

b) Frá 1. júlí 2018 skal árstíðabundið orkunýtingarhlutfall (*SEPR*) vökvakæla fyrir vinnslukerfi ekki fara undir eftirfarandi gildi:

Varmaberi eimsvalamegin	Ganghitastig	Málkæliafköst P_A	Lægsta gildi árstíðabundins orkunýtingarhlutfalls
Loft	Miðlungs	$P_A \leq 300$ kW	2,58
		$P_A > 300$ kW	3,22
	Lágt	$P_A \leq 200$ kW	1,70
		$P_A > 200$ kW	1,84
Vatn	Miðlungs	$P_A \leq 300$ kW	3,29
		$P_A > 300$ kW	4,37
	Lágt	$P_A \leq 200$ kW	2,09
		$P_A > 200$ kW	2,42

c) Hvað varðar vökvakæla fyrir vinnslukerfi sem fylla á með kælivökva, sem er með hnatthlýnunarmátt sem er minni en 150, getur gildi árstíðabundins orkunýtingarhlutfalls verið að hámarki 10% lægra en gildin sem tilgreind eru í a- og b-lið 1. liðar.

2. KRÖFUR UM VÖRUUPPLÝSINGAR

Frá 1. júlí 2016 skal gefa upp eftirfarandi vöruupplýsingar varðandi vökvakæla fyrir vinnslukerfi:

a) Í notendahandbókum fyrir þá sem sjá um uppsetningu og endanlega notendur og á opnum vefsetrum framleiðenda, viðurkenndra fulltrúa þeirra og innflytjenda skulu eftirfarandi atriði koma fram:

i. áformaður ganghiti, gefinn upp í gráðum á selsíus (miðlungshitastig: –8 °C, lágt hitastig: –25 °C),

ii. tegund vökvakælis fyrir vinnslukerfi, annaðhvort loftkældur eða vatnskældur,

iii. málkæliafköst, málinngangsafl, gefið upp í kW og námundað með tveimur aukastöfum,

iv. málorkunýtnihlutfall (EER_A), námundað með tveimur aukastöfum,

v. tilgreind kæliafköst og tilgreint inngangsafl, gefin upp í kW og námunduð með tveimur aukastöfum, í matsatriðum B, C og D,

vi. tilgreint orkunýtnihlutfall við matsatriði B, C og D, námundað með tveimur aukastöfum,

vii. gildi árstíðabundins orkunýtingarhlutfalls, námundað með tveimur aukastöfum,

viii. árleg raforkunotkun, gefin upp í kWh á ári,

ix. tegund eða tegundir kælivökva og eitt eða fleiri heiti þeirra sem ætlað er að nota með vökvakæli fyrir vinnslukerfi,

x. hvers konar sérstakar varúðarráðstafanir sem gera skal í tengslum við viðhald á vökvakæli fyrir vinnslukerfi,

xi. upplýsingar varðandi endurnýtingu eða förgun þegar varan er úr sér gengin.

b) Hluti af vefsetri framleiðenda skal vera opinn fyrir aðila sem annast uppsetningu og aðra fagaðila, viðurkennda fulltrúa þeirra eða innflytjendur þar sem fram koma upplýsingar um eftirfarandi:

i. uppsetning tækjanna til að orkunýtni þeirra verði sem mest,

ii. sundurhlutun án eyðileggingar vegna viðhalds,

iii. sundurhlutun og niðurrif til förgunar þegar varan er úr sér gengin.

c) Að því er varðar samræmismat, skv. 4. gr., skulu tæknigögnin innihalda eftirfarandi þætti:

i. atriðin sem tilgreind eru í a-lið,

ii. ef upplýsinga um tiltekna tegund hefur verið aflað með útreikningi á grundvelli hönnunar eða framreikningi á öðrum samstæðum skulu gögnin fela í sér upplýsingar um slíka útreikninga eða framreikninga og um prófanir, sem hafa verið gerðar til að staðfesta nákvæmni útreikninganna, sem gerðir hafa verið, þ.m.t. upplýsingar um reiknilíkanið fyrir útreikning á afköstum slíkra kerfa og um mælingar sem eru gerðar til að sannprófa þessa tegund.

Tafla 7

Kröfur um upplýsingar fyrir vökvakæla fyrir vinnslukerfi

Tegund eða tegundir: [Upplýsingar til að auðkenna tegund eða tegundir sem upplýsingarnar eiga við]				
Tegund eimsvala: [loftkældur, vatnskældur]				
Kælivökvi/-vökvar: [Upplýsingar til að auðkenna kælivökva sem ætlað er að nota með vökvakæli fyrir vinnslukerfi]				
Liður	Tákn	Gildi		Eining
Ganghitastig	*t*	–8 °C	–25 °C	°C
Árstíðabundið orkunýtingarhlutfall	*SEPR*	x,xx	x,xx	

Árleg raforkunotkun	Q	x	x	kWh/á ári
Mæliþættir við fullt álag og viðmiðunarumhverfishita (A-liður)				
Málkæliafköst	P_A	x,xx	x,xx	kW
Málinngangsafl	D_A	x,xx	x,xx	kW
Málorkunýtnihlutfall	**EER_A**	**x,xx**	**x,xx**	
Mæliþættir við matsatriði B				
Tilgreind kæliafköst	P_B	x,xx	x,xx	kW
Tilgreint inngangsafl	D_B	x,xx	x,xx	kW
Tilgreint orkunýtnihlutfall	**EER_B**	**x,xx**	**x,xx**	
Mæliþættir við matsatriði C				
Tilgreind kæliafköst	P_c	x,xx	x,xx	kW
Tilgreint inngangsafl	D_c	x,xx	x,xx	kW
Tilgreint orkunýtnihlutfall	**EER_C**	**x,xx**	**x,xx**	
Mæliþættir við matsatriði D				
Tilgreind kæliafköst	P_D	x,xx	x,xx	kW
Tilgreint inngangsafl	D_D	x,xx	x,xx	kW
Tilgreint orkunýtnihlutfall	**EER_D**	**x,xx**	**x,xx**	
Aðrir liðir				
Afkastastýring		föst/þrepaskipt (**)/breytileg		
Lækkunarstuðull fyrir einingar með fastri og þrepaskiptri afkastastýringu (*)	Cc	x,xx	x,xx	
Samskiptaupplýsingar	Nafn og heimilisfang framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans.			

(*) Þegar um er að ræða einingar með þrepaskipt afköst skal gefa upp tvö gildi, sem aðskilin eru með skástriki („/“), í hvern reit undir liðnum „kæliafköst“ og „orkunýtnihlutfall“.Þegar um er að ræða vökvakæla fyrir vinnslukerfi, sem eru hugsaðar til notkunar við aðeins einn ganghita, má eyða út öðrum af tveimur dálkunum fyrir „Gildi“.

(**) Ef Cc er ekki ákvarðaður með mælingum þá er sjálfgefinn lækkunarstuðull Cc = 0,9. Ef Cc er valið sem staðalgildi er ekki krafist niðurstaðna hringrásarprófana. Að öðrum kosti er krafist gildis úr hringrásarprófun kælingar.

VIII. VIÐAUKI

Mælingar og útreikningar fyrir vökvakæla fyrir vinnslukerfi

1. Í þeim tilgangi að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar og til sannprófunar á því að kröfur þessarar reglugerðar séu uppfylltar skal, við mælingar og útreikninga, nota samhæfða staðla, sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, eða aðrar áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir sem taka tillit til almennt viðurkenndra aðferða sem byggjast á nýjustu og fullkomnustu tækni. Þær skulu uppfylla öll skilyrði og tæknilega mæliþætti sem settir eru fram í 2. og 3. lið.

2. Til að hægt sé að ákvarða gildin fyrir kæliafköst, inngangsafl, orkunýtnihlutfall og árstíðabundið orkunýtingarhlutfall skulu mælingar fara fram við eftirfarandi skilyrði:

   a) viðmiðunarumhverfishiti við varmaskipti utandyra skal vera 35 °C fyrir loftkælda vökvakæla og inntakshiti vatns skal vera 30 °C í eimsvala vatnskældra vökvakæla,

   b) úttakshiti vökvans í varmaskipti innandyra skal vera –25 °C fyrir lágt hitastig og –8 °C fyrir miðlungshitastig,

   c) breytingar á umhverfishita á árinu, sem eru dæmigerðar fyrir miðlungsloftslagsskilyrði í Sambandinu, og samsvarandi fjöldi klukkustunda sem þetta hitastig varir, skulu tilgreindar á því formi sem sett er fram í töflu 6 í VI. viðauka,

   d) taka skal tillit til áhrifa lækkunar orkunýtni vegna hringrásar, eftir því með hvaða hætti afköstum vökvakælis fyrir vinnslukerfi er stjórnað.

———

IX. VIÐAUKI

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits fyrir kæli- eða frystiskápa sem notaðir eru í atvinnuskyni

Við markaðseftirlit það sem um getur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB skulu yfirvöld í aðildarríkjunum beita eftirfarandi sannprófunaraðferð að því er varðar kröfurnar í II. viðauka:

1. Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu prófa staka einingu af hverri tegund.

2. Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur, sem settar eru fram í II. viðauka, ef:

   a) tilgreind gildi eru í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í II. viðauka,

   b) mælt rúmmál er ekki meira en 3% lægra en málgildið,

   c) mæligildi orkunotkunar er ekki meira en 10% hærra en málgildið (E24h).

3. Ef niðurstöðurnar, sem um getur í 2. lið, fást ekki skulu yfirvöld aðildarríkis velja, af handahófi, þrjár viðbótareiningar af sömu tegund til prófunar. Að öðrum kosti mega þessar þrjár viðbótareiningar, sem eru valdar, vera af einni eða fleiri mismunandi tegundum sem hafa verið skráðar sem sambærileg vara í tæknigögnum.

4. Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur, sem settar eru fram í II. viðauka, ef:

   a) meðaltal fyrir einingarnar þrjár af mældu rúmmáli er ekki meira en 3% lægra en málgildið,

   b) meðaltal fyrir einingarnar þrjár af mældu gildi orkunotkunar er ekki meira en 10% hærra en málgildið (E24h).

5. Ef niðurstöðurnar, sem um getur í 4. lið, fást ekki telst tegundin og allar aðrar sambærilegar tegundir kæli- eða frystiskápa, sem notaðir eru í atvinnuskyni, ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar. Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu gefa yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni upp niðurstöður úr prófunum og aðrar viðeigandi upplýsingar innan eins mánaðar frá því að ákvörðun um að tegundin uppfylli ekki ákvæðin liggur fyrir.

Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu nota mæli- og reikningsaðferðirnar sem settar eru fram í III. og IV. viðauka.

Vikmörk sannprófana, sem sett eru fram í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á mældum mæliþáttum og skal birgirinn ekki nota þá sem leyfileg vikmörk til að ákvarða gildin sem gefin eru upp í tæknigögnunum. Gildin og flokkarnir á merkimiðanum eða vöruupplýsingablaðinu skulu ekki vera hagstæðari fyrir birginn en tilkynnt gildi í tæknigögnunum.

———

X. VIÐAUKI

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits fyrir þjöppusamstæður með eimsvala

Við markaðseftirlit það sem um getur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB skulu yfirvöld í aðildarríkjunum beita eftirfarandi sannprófunaraðferð að því er varðar kröfurnar í V. viðauka:

1. Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu prófa staka einingu af hverri tegund.

2. Tegund þjöppusamstæðu með eimsvala skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur, sem settar eru fram í V. viðauka, ef:

   a) tilgreind gildi eru í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í V. viðauka,

   b) árstíðabundið orkunýtingarhlutfall (*SEPR*) þjöppusamstæðna með eimsvala, sem eru með málkæliafköst yfir 2 kW við lágt hitastig og 5 kW við miðlungshitastig, er að hámarki 10% lægra en tilgreint gildi, þegar A-liður mælist við tiltekin málkæliafköst,

   c) málnýtnistuðull (COP_A) þjöppusamstæðna með eimsvala, sem eru með málkæliafköst undir 2 kW við lágt hitastig og 5 kW við miðlungshitastig, er að hámarki 10% lægri en tilgreint gildi sem mælt er við málkæliafköst,

   d) nýtnistuðlarnir COP_B, COP_C og COP_D fyrir þjöppusamstæður með eimsvala, sem eru með málkæliafköst undir 2 kW við lágt hitastig og 5 kW við miðlungshitastig, eru að hámarki 10% lægri en tilgreint gildi sem mælt er við kæliafköst.

3. Ef niðurstöðurnar, sem um getur í 2. lið, fást ekki skulu yfirvöld aðildarríkis velja, af handahófi, þrjár viðbótareiningar af sömu tegund til prófunar.

4. Tegund þjöppusamstæðu með eimsvala skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur, sem settar eru fram í V. viðauka, ef:

   a) meðaltal árstíðabundins orkunýtingarhlutfalls (*SEPR*) eininganna þriggja að því er varðar þjöppusamstæður með eimsvala, sem eru með málkæliafköst yfir 2 kW við lágt hitastig og 5 kW við miðlungshitastig, er að hámarki 10% lægra en tilgreint gildi, þegar A-liður mælist við málkæliafköst,

   b) meðaltal fyrir málnýtnistuðul (COP_A) viðbótareininganna þriggja að því er varðar þjöppusamstæður með eimsvala, sem eru með málkæliafköst undir 2 kW við lágt hitastig og 5 kW við miðlungshitastig, er að hámarki 10% lægra en tilgreint gildi sem mælt er við málkæliafköst,

   c) meðaltal fyrir viðbótareiningarnar þrjár að því er varðar nýtnistuðlana COP_B, COP_C og COP_D fyrir þjöppusamstæður með eimsvala, sem eru með málkæliafköst undir 2 kW við lágt hitastig og 5 kW við miðlungshitastig, er að hámarki 10% lægri en tilgreint gildi sem mælt er við tilgreind kæliafköst.

5. Ef niðurstöðurnar, sem um getur í 4. lið, fást ekki telst tegundin ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar.

Yfirvöld aðildarríkis skulu nota mæli- og reikningsaðferðirnar sem settar eru fram í VI. viðauka.

Vikmörk sannprófana, sem sett eru fram í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á mældum mæliþáttum og skal birgirinn ekki nota þá sem leyfileg vikmörk til að ákvarða gildin sem gefin eru upp í tæknigögnunum.

XI. VIÐAUKI

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits fyrir vökvakæla fyrir vinnslukerfi

Við markaðseftirlit það sem um getur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB skulu yfirvöld í aðildarríkjunum beita eftirfarandi sannprófunaraðferð að því er varðar kröfurnar í VII. viðauka:

1. Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu prófa staka einingu af hverri tegund.

2. Tegund vökvakælis fyrir vinnslukerfi skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur, sem settar eru fram í VII. viðauka við þessa reglugerð, ef:

   a) tilgreind gildi eru í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í VII. viðauka,

   b) árstíðabundið orkunýtingarhlutfall (*SEPR*) er að hámarki 10% lægra en tilgreint gildi, þegar A-liður mælist við málkæliafköst,

   c) málorkunýtnihlutfall (EER_A) er að hámarki 10% lægra en tilgreint gildi sem mælist við málkæliafköst.

3. Ef niðurstöðurnar, sem um getur í 2. lið, fást ekki skulu yfirvöld aðildarríkis velja, af handahófi, þrjár viðbótareiningar af sömu tegund til prófunar.

4. Tegund vökvakælis fyrir vinnslukerfi skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur, sem settar eru fram í VII. viðauka við þessa reglugerð, ef:

   a) meðaltal fyrir árstíðarbundið orkunýtingarhlutfall (*SEPR*) viðbótareininganna þriggja er að hámarki 10% lægra en tilgreint gildi, þegar A-liður mælist við málkæliafköst,

   b) meðaltal fyrir málorkunýtnihlutfall (EER_A) viðbótareininganna þriggja er að hámarki 10% lægra en tilgreint gildi sem mælist við málkæliafköst.

5. Ef niðurstöðurnar, sem um getur í 4. lið, fást ekki telst tegundin ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar.

Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu nota mæli- og reikningsaðferðirnar sem settar eru fram í VIII. viðauka.

Vikmörk sannprófana, sem sett eru fram í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á mældum mæliþáttum og skal birgirinn ekki nota þá sem leyfileg vikmörk til að ákvarða gildin sem gefin eru upp í tæknigögnunum.

XII. VIÐAUKI

Leiðbeinandi viðmiðanir sem um getur í 6. gr.

1. Við gildistöku þessarar reglugerðar var neðangreint tilgreint sem besta, fáanlega tæknin á markaðinum fyrir kæli- eða frystiskápa, sem notaðir eru í atvinnuskyni, í tengslum við orkunýtnistuðul (EEI) þeirra:

	Nettórúmmál (lítrar)	Árleg orkunotkun	EEI
Uppréttur kæliskápur	600	474,5	29,7
Borðkælir (til kælingar)	300	547,5	21,4
Uppréttur frystiskápur	600	1 825	41,2
Borðkælir (til frystingar)	200	1 460	41,0

2. Við gildistöku þessarar reglugerðar var neðangreint tilgreint sem besta, fáanlega tæknin á markaðinum fyrir þjöppusamstæður með eimsvala í tengslum við málnýtnistuðul þeirra og árstíðabundið orkunýtingarhlutfall:

Ganghitastig	Málafköst P_A	Viðeigandi hlutfall	Viðmiðunargildi
Miðlungs	0,2 kW ≤ P_A ≤ 1 kW	COP	1,9
	1 kW ≤ P_A ≤ 5 kW	COP	2,3
	5 kW ≤ P_A ≤ 20 kW	SEPR	3,6
	20 kW ≤ P_A ≤ 50 kW	SEPR	3,5
Lágt	0,1 kW ≤ P_A ≤ 0,4 kW	COP	1,0
	0,4 kW ≤ P_A ≤ 2 kW	COP	1,3
	2 kW ≤ P_A ≤ 8 kW	SEPR	2,0
	8 kW ≤ P_A ≤ 20 kW	SEPR	2,0

3. Við gildistöku þessarar reglugerðar var neðangreint tilgreint sem besta, fáanlega tæknin á markaðinum fyrir vökvakæla fyrir vinnslukerfi í tengslum við árstíðabundið orkunýtingarhlutfall:

Varmaberi eimsvalamegin	Ganghitastig	Málkæliafköst P_A	Lægsta gildi árstíðabundins orkunýtingarhlutfalls
Loft	Miðlungs	P_A ≤ 300 kW	3,4
		P_A > 300 kW	3,7
	Lágt	P_A ≤ 200 kW	1,9
		P_A > 200 kW	1,95
Vatn	Miðlungs	P_A ≤ 300 kW	4,3
		P_A > 300 kW	4,5
	Lágt	P_A ≤ 200 kW	2,3
		P_A > 200 kW	2,7

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2015/2120 **2016/EES/27/67**

frá 25. nóvember 2015

um ráðstafanir varðandi opinn Netaðgang og um breytingu á tilskipun 2002/22/EB um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu og reglugerð (ESB) nr. 531/2012 um reiki á almennum farsímanetum innan Sambandsins (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Markmið þessarar reglugerðar er að koma á sameiginlegum reglum til að vernda jafna meðferð án mismununar á umferð við veitingu Netaðgangsþjónustu og tengd réttindi endanlegra notenda. Hún hefur að markmiði að vernda endanlega notendur og tryggja jafnframt að vistkerfi Netsins sé áfram drifkraftur nýsköpunar. Umbætur á sviði reikis ættu að veita endanlegum notendum tiltrú á því að vera tengdir á meðan þeir ferðast innan Sambandsins og ættu með tímanum að leiða fram samleitni í verðlagningu og öðrum skilyrðum í Sambandinu.

2) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð virða meginregluna um tæknilegt hlutleysi, þ.e.a.s. þær kveða hvorki á um né mismuna í þágu notkunar tiltekinnar tegundar tækni.

3) Netið hefur þróast á undanförnum áratugum sem opinn vettvangur fyrir nýsköpun með litlum aðgangshindrunum fyrir endanlega notendur, efnisveitur, hugbúnað, þjónustu og veitendur Netaðgangsþjónustu. Markmið gildandi regluramma er að stuðla að því að endanlegur notandi geti fengið aðgang að og dreift upplýsingum eða keyrt hugbúnað og þjónustu að eigin vali. Verulegur fjöldi endanlegra notenda verður þó fyrir áhrifum af umferðarstýringarvenjum sem loka fyrir eða hægja á tilteknum hugbúnaði eða þjónustu. Þessi tilhneiging kallar á sameiginlegar reglur á vettvangi Sambandsins til að tryggja að Netið sé opið og til að komast hjá uppskiptingu innri markaðarins vegna ráðstafana sem einstök aðildarríki samþykkja.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 310, 26.11.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 177, 11.6.2014, bls. 64.

([2]) Stjtíð. ESB C 126, 26.4.2014, bls. 53.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 3. apríl 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og afstaða ráðsins eftir fyrstu umræðu frá 1. október 2015 (Stjtíð. ESB C 365, 4.11.2015, bls. 1). Afstaða Evrópuþingsins frá 27. október 2015 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

4) Netaðgangsþjónusta veitir aðgang að Netinu, og að meginreglu til að öllum endapunktum þess, án tillits til þeirrar nettækni og endabúnaðar sem endanlegir notendur nota. Þó kunna tilteknir endapunktar Netsins ekki alltaf að vera aðgengilegir af ástæðum sem veitendur Netaðgangsþjónustu geta ekki stjórnað. Því skulu slíkir veitendur teljast hafa uppfyllt skyldur sínar tengdar veitingu Netaðgangsþjónustu í skilningi þessarar reglugerðar þegar sú þjónusta veitir tengingu við því sem næst alla endapunkta Netsins. Veitendur Netaðgangsþjónustu ættu því ekki að takmarka tengingu við neinn aðgengilegan endapunkt Netsins.

5) Endanlegum notendum ætti að vera frjálst þegar þeir nýta sér aðgang að Netinu að velja á milli ýmissa gerða endabúnaðar eins og hann er skilgreindur í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/63/EB ([4]). Veitendur Netaðgangsþjónustu ættu ekki setja takmarkanir á notkun endabúnaðar sem tengist netinu umfram þær sem settar eru af framleiðendum eða dreifingaraðilum endabúnaðar í samræmi við lög Sambandsins.

6) Endanlegir notendur ættu að hafa rétt á aðgangi að og til að dreifa upplýsingum og efni og til að nota og bjóða hugbúnað og þjónustu án mismununar í gegnum Netaðgangsþjónustu sína. Að neyta þessa réttar ætti ekki að hafa áhrif á lög Sambandsins, eða landslög sem samrýmast lögum Sambandsins, varðandi lögmæti efnis, hugbúnaðar eða þjónustu. Þessi reglugerð leitast ekki eftir því að setja reglur um lögmæti efnis, hugbúnaðar eða þjónustu, né að setja reglur um málsmeðferðarreglur, kröfur eða verndarráðstafanir þar að lútandi. Þau mál falla því áfram undir lög Sambandsins eða landslög sem samrýmast lögum Sambandsins.

7) Til að neyta réttar síns til að hafa aðgang að og til að dreifa upplýsingum og efni og til að nota og bjóða hugbúnað og þjónustu að eigin vali, ætti endanlegum notendum að vera frjálst að semja við veitendur Netaðgangsþjónustu um gjaldskrá fyrir tilgreint gagnamagn og hraða Netaðgangsþjónustunnar. Slíkir samningar sem og viðskiptahættir veitenda Netaðgangsþjónustu ættu ekki að takmarka nýtingu þessa réttar og sniðganga þannig ákvæði þessarar reglugerðar um verndun opins Netaðgangs. Landsbundin stjórnvöld og önnur lögbær yfirvöld ættu að hafa vald til að hlutast til um samninga eða viðskiptahætti sem vegna umfangs leiða til aðstæðna þar sem val endanlegra notenda er verulega takmarkað í raun. Í þessu skyni ætti mat á samningum og viðskiptaháttum m.a. að taka tillit til markaðsstöðu þeirra veitenda Netaðgangsþjónustu og efnisveita, hugbúnaðar og þjónustu sem eiga hlut að máli. Gera ætti þá kröfu að landsbundin stjórnvöld og önnur lögbær yfirvöld, sem hluta af starfi þeirra við eftirlit og framfylgd, hlutist til um samninga eða viðskiptahætti þegar þeir myndu leiða til þess að grafið væri undan grundvallaratriðum er varða réttindi endanlegra notenda.

8) Þegar Netaðgangsþjónusta er veitt ættu veitendur slíkrar þjónustu að meðhöndla alla umferð eins, án mismununar, takmarkana eða truflunar, óháð sendanda eða móttakanda, efni, hugbúnaði eða þjónustu eða endabúnaði. Samkvæmt meginreglum laga Sambandsins og viðurkenndri dómaframkvæmd ætti ekki að fara með sambærilegar aðstæður á mismunandi hátt og ekki fara með ólíkar aðstæður á sama hátt nema slík meðferð sé rökstudd á hlutlægan hátt.

9) Markmið sanngjarnrar umferðarstýringar er að stuðla að skilvirkri notkun nettilfanga og bestun heildarsendingargæða og uppfylla þannig raunverulega ólíkar kröfur til tæknilegra þjónustugæða fyrir tiltekna flokka umferðar og í framhaldi af því þess efnis, hugbúnaðar og þjónustu sem verið er að senda. Ráðstafanir varðandi sanngjarna umferðarstýringu sem veitendur Netaðgangsþjónustu beita ættu að vera gagnsæjar, án mismununar og hóflegar og ættu ekki að vera gerðar í viðskiptalegum tilgangi. Krafan um að ráðstafanir varðandi umferðarstýringu séu án mismununar kemur ekki í veg fyrir að veitendur Netaðgangsþjónustu innleiði, til að besta heildarsendingargæði, ráðstafanir varðandi umferðarstýringu sem greina á milli raunverulega ólíkra flokka umferðar. Slíka aðgreiningu, til að besta heildargæði og upplifun notenda, ætti aðeins að leyfa á grundvelli raunverulega ólíkra krafna til tæknilegra þjónustugæða (t.d. með tilliti til biðtíma, flökts, pakkataps og bandbreiddar) fyrir tiltekna flokka umferðar og ekki í viðskiptalegum tilgangi. Slíkar ráðstafanir til aðgreiningar ættu að vera hóflegar með tilliti til bestunar heildargæða og ættu að meðhöndla sambærilega umferð á sama hátt. Slíkum ráðstöfunum ætti ekki að viðhalda lengur en nauðsynlegt er.

10) Sanngjörn umferðarstýring kallar ekki á notkun aðferða sem vakta tiltekið efni gagnaumferðar sem send er í gegnum Netaðgangsþjónustu.

([4]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/63/EB frá 20. júní 2008 um samkeppni á mörkuðum fyrir endabúnað til fjarskipta (Stjtíð. ESB L 162, 21.6.2008, bls. 20).

11) Umferðarstýringarvenjur sem ganga lengra en slíkar sanngjarnar ráðstafanir varðandi umferðarstýringu með því að loka fyrir, hægja á, breyta, takmarka, trufla, spilla eða mismuna tilteknu efni, hugbúnaði eða þjónustu, eða tilteknum flokkum efnis, hugbúnaðar eða þjónustu, ættu að vera bannaðar, með fyrirvara um rökstuddar og skilgreindar undantekningar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Þessar undantekningar ættu að vera með fyrirvara um stranga túlkun og kröfur um meðalhóf. Tiltekið efni, hugbúnaður og þjónusta, auk tiltekinna flokka þeirra, ættu að njóta verndar vegna þeirra neikvæðu áhrifa sem lokun eða aðrar takmarkandi ráðstafanir, sem ekki falla undir rökstuddar undantekningar, hafa á val endanlegra notenda og nýsköpun. Reglur gegn því að breyta efni, hugbúnaði eða þjónustu eiga við breytingu á efni samskiptanna en banna ekki gagnaþjöppunaraðferðir án mismununar sem draga úr stærð gagnaskráa án þess að breyta efni þeirra. Slík þjöppun gerir skilvirkari notkun takmarkaðra tilfanga mögulega og þjónar hagsmunum endanlegra notenda með því að draga úr gagnamagni, auka hraða og bæta upplifunina við að nota efnið, hugbúnaðinn eða þjónustuna sem um er að ræða.

12) Ráðstöfunum varðandi umferðarstýringu sem ganga lengra en slíkar sanngjarnar ráðstafanir varðandi umferðarstýringu má aðeins beita eftir því sem nauðsyn krefur og svo lengi sem þörf er á til að fylgja þeim þremur rökstuddu undantekningum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

13) Í fyrsta lagi geta komið upp aðstæður þar sem veitendur Netaðgangsþjónustu falla undir lagagerðir Sambandsins, eða landslöggjöf sem samrýmist lögum Sambandsins (t.d. í tengslum við lögmæti efnis, hugbúnaðar eða þjónustu, eða almannaöryggi), þ.m.t. refsirétt, sem gerir t.d. kröfu um að loka fyrir tiltekið efni, hugbúnað eða þjónustu. Að auki geta komið upp aðstæður þar sem þessir veitendur falla undir ráðstafanir sem samrýmast lögum Sambandsins, framkvæma eða beita löggjöf Sambandsins eða landslöggjöf, s.s. ráðstafanir sem hafa almennt gildi, dómsúrskurði, ákvarðanir þar til bærra opinberra yfirvalda, eða aðrar ráðstafanir sem tryggja að farið sé að ákvæðum slíkra lagagerða Sambandsins eða landslöggjafar (t.d. skylduna að hlíta dómsúrskurðum eða úrskurðum opinberra yfirvalda sem krefjast þess að lokað sé á ólögmætt efni). Krafan um að fara að lögum Sambandsins tengist m.a. því að fara að kröfum sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi („sáttmálans“) að því er varðar takmarkanir á nýtingu grundvallarréttinda og mannfrelsis. Eins og kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB ([5]), má aðeins gera ráðstafanir sem eru líklegar til að þrengja að þessum grundvallarréttindum eða mannfrelsi ef þær eru viðeigandi, hlutfallsbundnar og nauðsynlegar í lýðræðisþjóðfélagi og ef framkvæmd þeirra er með fyrirvara um viðeigandi réttarfarsreglur í samræmi við Evrópusáttmálann um verndun mannréttinda og mannfrelsis, þ.m.t. skilvirka réttarvernd og sanngjarna málsmeðferð.

14) Í öðru lagi kunna ráðstafanir varðandi umferðarstýringu sem ganga lengra en slíkar sanngjarnar ráðstafanir varðandi umferðarstýringu að vera nauðsynlegar til að vernda heildstæði og öryggi netsins, t.d. með því að koma í veg fyrir netárásir sem gerðar eru með dreifingu spillihugbúnaðar eða þjófnað auðkenna af endanlegum notendum með njósnaforritum.

15) Í þriðja lagi kunna ráðstafanir sem ganga lengra en slíkar sanngjarnar ráðstafanir varðandi umferðarstýringu einnig að vera nauðsynlegar til að koma í veg fyrir yfirvofandi umferðarteppu á netum, þ.e.a.s. aðstæður þar sem umferðarteppa er við það að myndast og til að draga úr áhrifum af umferðarteppu, ef hún á sér einungis stað tímabundið eða við sérstakar aðstæður. Samkvæmt meginreglunni um meðalhóf ættu ráðstafanir varðandi umferðarstýringu sem byggja á þeirri undantekningu að meðhöndla sambærilega flokka umferðar eins. Tímabundna umferðarteppu ber að skilja sem tilteknar aðstæður sem vara stutt þar sem skyndileg aukning í fjölda notenda til viðbótar við reglulega notendur, eða skyndileg aukning í eftirspurn eftir tilteknu efni, hugbúnaði eða þjónustu kann að sprengja utan af sér flutningsgetu einhverra þátta netsins og draga úr gagnvirkni annarra hluta netsins. Tímabundin umferðarteppa getur einkum átt sér stað í farsímanetum, sem eru háð breytilegri aðstæðum, s.s. efnislegum hindrunum, minni drægni innandyra, eða breytilegum fjölda virkra notenda með breytilega staðsetningu. Þótt gera megi ráð fyrir að slík tímabundin umferðarteppa kunni að eiga sér stað öðru hverju á tilteknum stöðum á netinu – þannig að ekki sé hægt að líta á hana sem undantekningartilvik – er ekki víst að hún eigi sér stað svo oft eða í svo langan tíma að aukning flutningsgetu sé réttlætanleg efnahagslega. Líta ætti á umferðarteppu sem heyrir til undantekninga sem ófyrirsjáanlegar og óumflýjanlegar aðstæður sem umferðarteppa myndast við, bæði í farsímanetum og fastanetum.

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun) (Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33).

Hugsanlegar ástæður fyrir slíkum aðstæðum eru t.d. tæknileg bilun eins og þjónusturof vegna rofinna kapla eða annarra grunnvirkisþátta, óvæntar breytingar á beiningu umferðar eða mikil aukning í netumferð vegna neyðarástands eða annarra aðstæðna sem veitendur Netaðgangsþjónustu hafa ekki stjórn á. Vandamál tengd slíkri umferðarteppu eru að öllum líkindum sjaldgæf en kunna að vera alvarleg og vara ekki endilega stutt. Þörfin á að beita ráðstöfunum varðandi umferðarstýringu sem ganga lengra en sanngjarnar ráðstafanir varðandi umferðarstýringu til að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum tímabundinnar umferðarteppu eða umferðarteppu sem heyrir til undantekninga ætti ekki að gefa veitendum Netaðgangsþjónustu færi á því að sniðganga almennt bann við að loka fyrir, hægja á, breyta, takmarka, trufla, spilla eða mismuna tilteknu efni, hugbúnaði eða þjónustu, eða tilteknum flokkum þeirra. Endurtekin teppa á netumferð sem varir lengi og er hvorki undantekning né tímabundin ætti ekki að njóta góðs af þeirri undantekningu heldur ætti að bregðast við henni með aukningu á flutningsgetu netsins.

16) Eftirspurn er af hálfu veitenda efnis, hugbúnaðar og þjónustu að geta veitt rafræna fjarskiptaþjónustu aðra en Netaðgangsþjónustu sem krefst tiltekins gæðastigs sem ekki er tryggt af Netaðgangsþjónustum. Gerð er krafa um þess konar tiltekið gæðastig af sumum þjónustum sem bregðast við almannahagsmunum eða af ákveðnum nýjum þjónustum sem annast samskipti milli véla. Veitendum rafrænna fjarskipta til almennings, þ.m.t. veitendum Netaðgangsþjónustu, og veitendum efnis, hugbúnaðar og þjónustu ætti því að vera frjálst að bjóða þjónustu sem er ekki Netaðgangsþjónusta og sem er bestuð fyrir tiltekið efni, hugbúnað eða þjónustu, eða samsetningu þeirra, þar sem bestunin er nauðsynleg til að uppfylla kröfur efnisins, hugbúnaðarins eða þjónustunnar um tiltekið gæðastig. Landsbundin stjórnvöld ættu að sannreyna hvort og að hvaða leyti slík bestun sé nauðsynleg í raun til að tryggja einn eða fleiri tiltekna lykilþætti efnisins, hugbúnaðarins eða þjónustunnar og að gera kleift að veita samsvarandi gæðatryggingu til endanlegra notenda, frekar en að veita einfaldlega almennan forgang yfir sambærilegt efni, hugbúnað eða þjónustu sem fáanleg er í gegnum Netaðgangsþjónustuna og sniðganga þannig ákvæðin um ráðstafanir varðandi umferðarstýringu sem gilda um Netaðgangsþjónustur.

17) Til að koma í veg fyrir að veiting slíkrar annarrar þjónustu hafi neikvæð áhrif á aðgengileika eða almenn gæði Netaðgangsþjónustu fyrir endanlega notendur þarf nægileg flutningsgeta að vera tryggð. Veitendur rafrænna fjarskipta til almennings, þ.m.t. veitendur Netaðgangsþjónustu, ættu því aðeins að bjóða slíka aðra þjónustu, eða gera samsvarandi samninga við veitendur efnis, hugbúnaðar eða þjónustu sem auðveldar slíka aðra þjónustu, ef flutningsgeta netsins er nægileg til að veita þjónustuna til viðbótar við þá Netaðgangsþjónustu sem veitt er. Ekki ætti að sniðganga ákvæði þessarar reglugerðar um verndun opins Netaðgangs með annarri þjónustu sem hægt er að nota eða boðin er í staðinn fyrir Netaðgangsþjónustu. Samt sem áður ætti það eitt að þjónusta innan fyrirtækja eins og sýndareinkanet getur einnig veitt aðgang að Netinu ekki leiða til þess að hún teljist koma í staðinn fyrir Netaðgangsþjónustu, að því tilskildu að veiting slíks aðgangs að Netinu af hálfu veitanda rafrænna fjarskipta til almennings uppfylli ákvæði 1. til 4. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar og geti því ekki talist vera sniðganga þessara ákvæða. Veiting slíkrar þjónustu annarrar en Netaðgangsþjónustu ætti ekki að skaða aðgengileika og almenn gæði Netaðgangsþjónustu fyrir endanlega notendur. Í farsímanetum er erfiðara að sjá fyrir magn umferðar í tilteknu hólfi fyrir þráðlaus fjarskipti vegna hins breytilega fjölda virkra endanlegra notenda og af þessum sökum kunna gæði Netaðgangsþjónustu fyrir endanlega notendur að verða fyrir áhrifum við ófyrirsjáanlegar aðstæður. Í farsímanetum ættu almenn gæði Netaðgangsþjónustu fyrir endanlega notendur ekki að teljast verða fyrir skaða ef samsöfnuð neikvæð áhrif af þjónustu annarri en Netaðgangsþjónustu eru óumflýjanleg, hverfandi lítil og vara í stuttan tíma. Landsbundin stjórnvöld ættu að tryggja að veitendur rafrænna fjarskipta til almennings uppfylli þessa kröfu. Í þessu sambandi ættu landsbundin stjórnvöld að meta áhrif á aðgengileika og almenn gæði Netaðgangsþjónustu með því að greina m.a. gæði þjónustuþátta (s.s. biðtíma, flökt, pakkatap), umfang og áhrif umferðarteppu á netinu, raunverulegan hraða samanborið við auglýstan hraða, frammistöðu Netaðgangsþjónustu samanborið við þjónustu aðra en Netaðgangsþjónustu, og gæði að mati endanlegra notenda.

18) Ákvæðin um verndun opins Netaðgangs ættu að vera studd með skilvirkum ákvæðum sem snúa að endanlegum notendum og fjalla sérstaklega um Netaðgangsþjónustu og gera endanlegum notendum kleift að taka upplýstar ákvarðanir. Þau ákvæði ættu að gilda til viðbótar við viðeigandi ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/22/EB ([6]) og ættu aðildarríki að hafa þann möguleika að viðhalda þeim eða samþykkja víðtækari ráðstafanir. Veitendur Netaðgangsþjónustu ættu að upplýsa endanlega notendur með skýrum hætti um það hvernig umferðarstýringarvenjur gætu haft áhrif á gæði Netaðgangsþjónustu, einkalíf og vernd persónuupplýsinga endanlegra

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (tilskipun um alþjónustu) (Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 51).

notenda og um möguleg áhrif annarrar þjónustu en Netaðgangsþjónustunnar sem þeir eru áskrifendur að á gæði og aðgengileika Netaðgangsþjónustu þeirra. Til að efla vald endanlegra notenda við slíkar aðstæður ættu veitendur Netaðgangsþjónustu því að upplýsa endanlega notendur í samningi um þann hraða sem þeir geta með raunhæfum hætti staðið við. Hraðann sem venjulega er tiltækur ber að skilja sem hraðann sem endanlegur notandi getur oftast nær búist við að fá þegar hann notar þjónustuna. Veitendur Netaðgangsþjónustu ættu einnig upplýsa neytendur um þau úrræði sem standa til boða í samræmi við landslög ef ekki er farið að kröfum um frammistöðu. Allur verulegur og samfelldur eða reglulegur munur á milli raunframmistöðu þjónustunnar og frammistöðunnar sem tilgreind er í samningnum, og sýnt er fram á með eftirlitskerfi sem vottað er af landsbundnum stjórnvöldum, ætti að teljast ósamræmi við kröfur um frammistöðu að því er varðar þau úrræði sem standa neytandanum til boða í samræmi við landslög. Aðferðafræðin ætti að vera ákvörðuð í viðmiðunarreglum evrópsks hóps eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta (BEREC) og endurskoðuð og uppfærð eftir því sem nauðsyn krefur til að endurspegla þróun í tækni og grunnvirkjum. Landsbundin stjórnvöld ættu að framfylgja reglum þessarar reglugerðar um ráðstafanir til gagnsæis til að tryggja opinn Netaðgang.

19) Landsbundin stjórnvöld leika lykilhlutverk í því að tryggja að endanlegir notendur geti með markvissum hætti neytt réttar síns samkvæmt þessari reglugerð og að farið sé að reglum um verndun opins Netaðgangs. Í því skyni ætti landsbundnum stjórnvöldum að bera skylda til eftirlits og skýrslugjafar og þau ættu að tryggja að veitendur rafrænna fjarskipta til almennings, þ.m.t. veitendur Netaðgangsþjónustu, uppfylli skuldbindingar sínar varðandi verndun opins Netaðgangs. Meðal þeirra er skuldbindingin að tryggja nægilega flutningsgetu netsins til að veita hágæða Netaðgangsþjónustu án mismununar með tilgreindu gæðastigi og skulu almenn gæði hennar ekki verða fyrir skaða vegna veitingar þjónustu annarrar en Netaðgangsþjónustu. Landsbundin stjórnvöld ættu einnig að hafa heimild til að setja kröfur varðandi tæknilega eiginleika, lágmarksþjónustugæði og aðrar viðeigandi ráðstafanir fyrir alla eða einstaka veitendur rafrænna fjarskipta til almennings ef nauðsyn krefur til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar um verndun opins Netaðgangs eða til að koma í veg fyrir hnignun almennra þjónustugæða Netaðgangsþjónusta fyrir endanlega notendur. Við þetta ættu landsbundin stjórnvöld að taka ítrasta tillit til viðeigandi viðmiðunarreglna evrópsks hóps eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta.

20) Markaðurinn fyrir farsímafjarskipti í Sambandinu er enn sundurleitur og ekkert farsímanet nær til allra aðildarríkja. Af því leiðir að veitendur reikiþjónustu þurfa að kaupa reikiþjónustu í heildsölu af, eða skiptast á heildsölureikiþjónustu við, rekstraraðila í heimsóttu aðildarríki til að veita landsbundnum viðskiptavinum sínum farsímafjarskiptaþjónustu þegar þeir ferðast innan Sambandsins.

21) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 531/2012 ([7]) kemur á því stefnumarkmiði að munurinn á reikigjaldi og landsbundnu gjaldi skuli nálgast núll. Þó er ekki hægt að ná hinu endanlega markmiði að eyða mismuninum á landsbundnum gjöldum og reikigjöldum á sjálfbæran hátt með þeim heildsölugjöldum sem skráð hafa verið. Því er í þessari reglugerð mælt fyrir um að afnema ætti aukagjöld á reiki í smásölu frá 15. júní 2017 að því tilskildu að ráðin hafi verið bót á þeim viðfangsefnum sem greind hafa verið á heildsölumörkuðum. Í þessu sambandi ætti framkvæmdastjórnin að láta fara fram úttekt á heildsölumarkaðinum með reiki og leggja fram tillögu að nýrri löggjöf byggða á niðurstöðu þeirrar úttektar.

22) Á sama tíma ættu veitendur reikiþjónustu að geta beitt „viðmiðunarreglum um eðlilega notkun“ á notkun smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um og veitt er á viðeigandi landsbundnu smásöluverði. „Viðmiðunarreglum um eðlilega notkun“ er ætlað að koma í veg fyrir óvanalega notkun eða misnotkun af hálfu viðskiptavina reikiþjónustu á smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um, eins og notkun slíkrar þjónustu af viðskiptavinum reikiþjónustu í aðildarríki öðru en ríki landsbundna þjónustuveitandans í öðrum tilgangi en vegna reglulegra ferðalaga. Allar viðmiðunarreglur um eðlilega notkun ættu að gera viðskiptavinum veitanda reikiþjónustunnar kleift að nota tiltekið magn af smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um á viðeigandi landsbundnu smásöluverði sem samræmist gjaldskrá þeirra.

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 531/2012 frá 13. júní 2012 um reiki á almennum farsímanetum innan Sambandsins (Stjtíð ESB L 172, 30.6.2012, bls. 10)

23) Í sérstökum undantekningartilvikum þar sem veitandi reikiþjónustu getur ekki endurheimt raunverulegan og áætlaðan heildarkostnað sinn við að veita smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um með raunverulegum og áætluðum heildartekjum af veitingu slíkrar þjónustu, ætti sá veitandi reikiþjónustu að geta sótt um heimild til að leggja á aukagjald með það fyrir augum að tryggja að landsbundið verðlíkan sitt sé sjálfbært. Matið á sjálfbærni landsbundna verðlíkansins ætti að vera byggt á viðeigandi hlutlægum þáttum sem eiga við veitanda reikiþjónustunnar, þ.m.t. hlutlægum mismun á milli veitenda reikiþjónustu í hlutaðeigandi aðildarríki og landsbundnu verðlagi og tekjum. Þetta kann t.d. að eiga við um landsbundin smásölulíkön rekstraraðila fyrir fastagjald með verulegt neikvætt ójafnvægi í umferð þar sem óbeint landsbundið einingarverð er lágt og heildartekjur rekstraraðilans eru einnig lágar miðað við kostnaðarbyrði við reiki eða þar sem óbeint einingarverð er lágt og raunveruleg eða áætluð notkun reikiþjónustu er mikil. Þegar bæði heildsölu- og smásölureikimarkaðir hafa aðlagað sig að fullu að almennu reiki á landsbundnu verðlagi og upptöku þess sem eðlilegs þáttar í smásölugjaldskrám, er ekki búist við að slík undantekningartilvik haldi áfram að koma upp. Til að forðast að slík vandamál við að endurheimta kostnað geri landsbundið verðlíkan veitenda reikiþjónustu ósjálfbært og skapi þannig hættu á merkjanlegum áhrifum á þróun landsbundins verðs eða svokölluðum „vatnsrúmsáhrifum“ ættu veitendur reikiþjónustu, þegar þeir hafa fengið heimild frá landsbundnum stjórnvöldum, að geta við slíkar aðstæður lagt aukagjald á smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um en þó aðeins eftir því sem nauðsynlegt er til að endurheimta allan viðkomandi kostnað við að veita slíka þjónustu.

24) Í því skyni ætti sá kostnaður sem stofnað er til til að veita smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um að vera ákvarðaður með vísan til raunverulegra heildsölureikigjalda sem lögð eru á reikiumferð á útleið frá hlutaðeigandi veitanda reikiþjónustu umfram reikiumferð á innleið og með vísan til sanngjarnar ráðstöfunar varðandi sameiginlegan kostnað. Tekjur af smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um ættu að vera ákvarðaðar með vísan til tekna á landsbundnu verði sem rekja má til notkunar á smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um, hvort sem er á grundvelli einingarverðs eða sem hlutfall af flötu gjaldi, og endurspegla hvort fyrir sig raunverulegt og áætlað hlutfall notkunar á smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um af viðskiptavinum í Sambandinu og landsbundna notkun. Einnig skal taka tillit til notkunar á smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um og landsbundinnar notkunar viðskiptavina veitenda reikiþjónustunnar og til samkeppnisstigs, verðs og tekna á innanlandsmarkaði og merkjanlegrar hættu á því að reiki á landsbundnu smásöluverði myndi hafa sýnileg áhrif á þróun slíks verðs.

25) Til að tryggja snurðulausa umbreytingu frá reglugerð (ESB) nr. 531/2012 til afnáms aukagjalds á reiki í smásölu ætti með þessari reglugerð að innleiða umbreytingartímabil þar sem veitendur reikiþjónustu ættu að geta lagt aukagjald á landsbundið verð fyrir veitta smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um. Umbreytingarfyrirkomulagið ætti þegar að undirbúa grundvallarbreytinguna á nálgun með því að taka upp reiki í öllu Sambandinu sem óaðskiljanlegan hluta af landsbundnum gjaldskrám sem boðnar eru á hinum ýmsu innanlandsmörkuðum. Því ætti upphafspunktur umbreytingarfyrirkomulagsins að vera landsbundið smásöluverð, eftir því sem við á, sem á kann að leggjast aukagjald sem ekki er hærra en hámarksheildsölugjaldið fyrir reiki sem var í gildi á tímabilinu næst á undan umbreytingartímabilinu. Slíkt umbreytingarfyrirkomulag ætti einnig að tryggja verulega verðlækkun fyrir viðskiptavini frá þeim degi þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda og ætti ekki, þegar aukagjaldið bætist við landsbundna smásöluverðið, undir neinum kringumstæðum að leiða til hærra smásöluverðs á reiki en sem nemur hámarksgjaldinu fyrir smásölureiki sem reglur eru settar um og var í gildi á tímabilinu næst á undan umbreytingartímabilinu.

26) Viðeigandi landsbundið smásöluverð ætti að vera jafnt landsbundnu smásölugjaldi á einingu. Þó ætti við aðstæður þar sem ekki er til staðar neitt sértækt landsbundið smásöluverð sem hægt væri að nota sem grunn að smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um (t.d. þegar um er að ræða landsbundnar ótakmarkaðar gjaldskrár, pakka eða landsbundnar gjaldskrár sem taka ekki til gagna) að líta svo á að landsbundna smásöluverðið miðist við sama gjaldtökukerfi og ef viðskiptavinur væri að nota landsbundna gjaldskrá í aðildarríki sínu.

27) Með það fyrir augum að bæta samkeppni á markaðinum fyrir reiki í smásölu, er þess krafist í reglugerð (EB) nr. 531/2012 að landsbundnir söluaðilar geri viðskiptavinum sínum kleift að fá aðgang að reikitalsímaþjónustu, reikismáskilaboðaþjónustu og reikigagnaþjónustu sem reglur eru settar um, í pakka frá öðrum veitanda reikiþjónustu. Í ljósi þess að því smásölureikifyrirkomulagi sem sett er fram í þessari reglugerð er ætlað að afnema í náinni framtíð þau smásölureikigjöld sem sett eru fram í 8., 10. og 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 531/2012 er ekki lengur hóflegt að krefjast þess að landsbundnir veitendur innleiði þess konar aðskilda sölu reikiþjónustu í smásölu sem reglur eru settar um. Veitendur sem hafa þegar gert viðskiptavinum sínum kleift að fá aðgang að reikitalsímaþjónustu, reikismáskilaboðaþjónustu og reikigagnaþjónustu sem reglur eru settar um, og veitt er í pakka af öðrum veitanda reikiþjónustu, mega gera það áfram. Hins vegar er ekki hægt að útiloka að viðskiptavinir reikiþjónustu gætu notið

ávinnings af meiri samkeppni í smásöluverðlagningu, einkum hvað varðar reikiþjónustu, á heimsóttum mörkuðum. Í ljósi vaxandi eftirspurnar og mikilvægis reikigagnaþjónustu, ættu viðskiptavinum reikiþjónustu að standa til boða aðrar leiðir til að fá aðgang að reikigagnaþjónustu þegar þeir ferðast innan Sambandsins. Því ætti að viðhalda skyldu veitenda landsbundinnar þjónustu og veitenda reikiþjónustu að hindra ekki viðskiptavini í því að fá aðgang að reikigagnaþjónustu sem reglur eru settar um og veitt er beint á heimsóttu neti af öðrum veitanda reikiþjónustu eins og kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 531/2012.

28) Í samræmi við meginregluna um að sá sem hringir borgar, borga viðskiptavinir farsímaþjónustu ekki fyrir að taka á móti landsbundnum símtölum í farsíma og gjaldið fyrir lúkningu símtals í kerfi aðilans sem hringt er í fellur undir smásölugjald aðilans sem hringir. Samleitni í verði fyrir lúkningu símtala í farsíma í aðildarríkjunum ætti að gera kleift að beita sömu meginreglu á reikisímtöl í smásölu sem reglur eru settar um. Þar sem þetta er þó enn ekki raunin, ætti aukagjaldið sem lagt er á fyrir að taka á móti reikisímtölum sem reglur eru settar um ekki að fara yfir vegið meðaltal hæsta heildsöluverðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu við þær aðstæður sem settar eru fram í þessari reglugerð þar sem veitendur reikiþjónustu mega leggja á aukagjald fyrir smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um. Þetta telst vera umbreytingarfyrirkomulag þar til framkvæmdastjórnin hefur ráðið bót á þessu útistandandi viðfangsefni.

29) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 531/2012 til samræmis við það.

30) Þessi reglugerð ætti að teljast sértæk ráðstöfun í skilningi 5. mgr. 1. gr. tilskipunar 2002/21/EB. Því ættu breytingar, sem veitendur reikiþjónustu sem reglur eru settar um í Sambandinu gera á smásölureikigjaldskrám sínum og á meðfylgjandi notkunarskilmálum fyrir reiki í því skyni að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar, ekki veita viðskiptavinum farsímaþjónustu neinn rétt, samkvæmt landslögum sem lögleiða núverandi regluramma um rafræn fjarskiptanet, til að segja upp samningum sínum.

31) Til að styrkja þau réttindi viðskiptavina reikiþjónustu sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 531/2012 ætti í þessari reglugerð, í tengslum við smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um, að mæla fyrir um sértækar kröfur um gagnsæi sem samræmast gjaldskrár- og magnskilyrðunum sem beita á þegar aukagjald á reiki í smásölu hefur verið afnumið. Einkum skal kveða á um að viðskiptavinum reikiþjónustu sé send tímanleg tilkynning, án endurgjalds, um viðeigandi viðmiðunarreglur um eðlilega notkun, þegar viðeigandi magn fyrir eðlilega notkun reikitalsíma-, reikismáskilaboða- eða reikigagnaþjónustu hefur verið notað að fullu, um allt aukagjald, og um heildarnotkun reikigagnaþjónustu sem reglur eru settar um.

32) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd ákvæðanna í þessari reglugerð, ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald að því er varðar að setja fram vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma og ítarlegar reglur um beitingu viðmiðunarreglna um eðlilega notkun og um aðferðafræði til að meta sjálfbærni afnáms aukagjalds á reiki í smásölu og um umsóknina sem veitandi reikiþjónustu þarf að leggja fram vegna þess mats. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([8]).

33) Með reglugerð þessari eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkenndar í sáttmálanum, nánar tiltekið um vernd persónuupplýsinga, tjáningarfrelsi og upplýsingafrelsi, frelsi til atvinnurekstrar, bann við mismunun og neytendavernd.

34) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að koma á sameiginlegum reglum sem nauðsynlegar eru til að tryggja opinn Netaðgang og afnema aukagjald fyrir reiki í smásölu, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs og áhrifa aðgerðarinnar, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná því markmiði.

35) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 2. mgr. 28. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 ([9]) og skilaði hún áliti 24. nóvember 2013.

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Með þessari reglugerð er komið á sameiginlegum reglum til að vernda jafna meðferð á umferð án mismununar þegar Netaðgangsþjónusta er veitt og tengd réttindum endanlegra notenda.

2. Með þessari reglugerð er komið á nýju smásöluverðkerfi fyrir reikiþjónustu sem reglur eru settar um í öllu Sambandinu til að afnema aukagjald á smásölureikiþjónustu án þess að raska landsbundnum og heimsóttum mörkuðum.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar sem settar eru fram í 2. gr. tilskipunar 2002/21/EB.

Jafnframt gilda eftirfarandi skilgreiningar:

1) „veitandi rafrænna fjarskipta til almennings“: fyrirtæki sem býður fram almenn fjarskiptanet eða rafræna fjarskiptaþjónustu sem er aðgengileg öllum,

2) „Netaðgangsþjónusta“: rafræn fjarskiptaþjónusta sem er aðgengileg öllum og veitir aðgang að Netinu og þar með tengingu við því sem næst alla endapunkta Netsins, án tillits til þeirrar nettækni og endabúnaðar sem notaður er.

3. gr.

Verndun opins Netaðgangs

1. Endanlegir notendur skulu hafa rétt á aðgangi að og til að dreifa upplýsingum og efni, til að nota og bjóða hugbúnað og þjónustu, og til að nota endabúnað að eigin vali, án tillits til staðsetningar endanlega notandans eða þjónustuveitandans eða staðsetningar, uppruna eða ákvörðunarstaðar upplýsinganna, efnisins, hugbúnaðarins eða þjónustunnar, í gegnum Netaðgangsþjónustu sína.

Þessi málsgrein hefur ekki áhrif á lög Sambandsins, eða landslög sem samrýmast lögum Sambandsins, varðandi lögmæti efnis, hugbúnaðar eða þjónustu.

2. Samningar á milli veitenda Netaðgangsþjónustu og endanlegra notenda um viðskiptaleg og tæknileg skilyrði og eiginleika Netaðgangsþjónustu, s.s. verð, gagnamagn eða hraða, sem og viðskiptahættir veitenda Netaðgangsþjónustu skulu ekki takmarka nýtingu réttinda endanlegra notenda sem mælt er fyrir um í 1. mgr.

3. Þegar Netaðgangsþjónusta er veitt skulu veitendur Netaðgangsþjónustu meðhöndla alla umferð eins, án mismununar, takmarkana eða truflunar og óháð sendanda eða móttakanda, því efni sem nálgast er eða dreift, þeim hugbúnaði eða þjónustu sem notuð er eða þeim endabúnaði sem notaður er.

Ákvæði fyrstu undirgreinar skulu ekki koma í veg fyrir að veitendur Netaðgangsþjónustu innleiði sanngjarnar ráðstafanir varðandi umferðarstýringu. Til að teljast sanngjarnar skulu slíkar ráðstafanir vera gagnsæjar, án mismununar og hóflegar og ættu ekki að vera í viðskiptalegum tilgangi heldur byggja á grundvelli raunverulega ólíkra krafna til tæknilegra þjónustugæða fyrir tiltekna flokka umferðar. Slíkar ráðstafanir skulu ekki vakta tiltekið efni og skal ekki viðhaldið lengur en nauðsynlegt er.

Veitendur Netaðgangsþjónustu skulu ekki beita ráðstöfunum varðandi umferðarstýringu sem ganga lengra en þær sem settar eru fram í annarri undirgrein og skulu einkum ekki loka fyrir, hægja á, breyta, takmarka, trufla, spilla eða mismuna tilteknu efni, hugbúnaði eða þjónustu, eða tilteknum flokkum þeirra, nema að því marki sem nauðsynlegt er, og aðeins eins lengi og nauðsynlegt er, til þess að:

a) fara að lagagerðum Sambandsins eða landslöggjöf sem samrýmist lögum Sambandsins og veitandi Netaðgangsþjónustunnar fellur undir eða að ráðstöfunum sem samrýmast lögum Sambandsins sem hrinda slíkum lagagerðum Sambandsins eða landslöggjöf í framkvæmd, þ.m.t. dómsúrskurðum eða ákvörðunum þar til bærra opinberra yfirvalda,

b) varðveita heildstæði og öryggi netsins, þeirrar þjónustu sem veitt er í gegnum netið og endabúnaðar endanlegra notenda,

c) koma í veg fyrir yfirvofandi umferðarteppu á netum og draga úr áhrifum umferðarteppu sem á sér stað í undantekningartilvikum eða er tímabundin að því tilskildu að sambærilegir flokkar umferðar séu meðhöndlaðir eins.

4. Ráðstöfun varðandi umferðarstýringu má aðeins fela í sér vinnslu persónuupplýsinga ef slíkt vinnsla er hófleg og nauðsynleg til að ná markmiðunum sem sett eru fram í 3. mgr. Slík vinnsla skal framkvæmd í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/ESB ([10]). Ráðstafanir varðandi umferðarstýringu skulu einnig uppfylla ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB ([11]),

5. Veitendum rafrænna fjarskipta til almennings, þ.m.t. veitendum Netaðgangsþjónustu, og veitendum efnis, hugbúnaðar og þjónustu skal því vera frjálst að bjóða þjónustu aðra en Netaðgangsþjónustu sem er bestuð fyrir tiltekið efni, hugbúnað eða þjónustu, eða samsetningu þeirra, þar sem bestunin er nauðsynleg til að uppfylla kröfur efnisins, hugbúnaðarins eða þjónustunnar um tiltekið gæðastig.

Veitendur rafrænna fjarskipta til almennings, þ.m.t. veitendur Netaðgangsþjónustu mega aðeins bjóða eða greiða fyrir slíkri þjónustu ef flutningsgeta netsins er nægileg til að veita þjónustuna til viðbótar við þá Netaðgangsþjónustu sem veitt er. Slíka þjónustu skal ekki hægt að nota, eða hún boðin, í staðinn fyrir Netaðgangsþjónustu og hún skal ekki skaða aðgengileika og almenn gæði Netaðgangsþjónustu fyrir endanlega notendur.

4. gr.

Ráðstafanir til gagnsæis til að tryggja opinn Netaðgang

1. Veitendur Netaðgangsþjónustu skulu tryggja að allir samningar sem taka til Netaðgangþjónustu tilgreini a.m.k. eftirfarandi:

a) upplýsingar um hvernig ráðstafanir varðandi umferðarstýringu sem sá veitandi beitir gætu haft áhrif á gæði Netaðgangsþjónustunnar, einkalíf endanlegra notenda og vernd persónuupplýsinga þeirra,

b) skýra og auðskiljanlega útskýringu á því hvernig magntakmarkanir, hraði og gæði þjónustuþátta kunni í raun að hafa áhrif á Netaðgangsþjónustuna, einkum notkun efnis, hugbúnaðar og þjónustu,

c) skýra og auðskiljanlega útskýringu á því hvernig sú þjónusta sem um getur í 5. mgr. 3. gr. og endanlegur notandi er áskrifandi að, gæti í raun haft áhrif á Netaðgangþjónustu þessa endanlega notanda,

d) skýra og auðskiljanlega útskýringu á þeim lágmarkshraða, hraða sem venjulega er tiltækur, hámarkshraða og auglýstum niðurhals- og upphalshraða Netaðgangsþjónustunnar ef um er að ræða fastanet, eða á áætluðum hámarkshraða og auglýstum niðurhals- og upphalshraða Netaðgangsþjónustunnar ef um er ræða farsímanet, og hvernig veruleg frávik frá auglýstum niðurhals- og upphalshraða, eftir því sem við á, gætu haft áhrif á nýtingu réttinda endanlegra notenda sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 3. gr.,

e) skýra og auðskiljanlega útskýringu á þeim úrræðum sem standa neytandanum til boða í samræmi við landslög ef samfellt eða reglulegt misræmi er á milli raunafkasta Netaðgangsþjónustunnar hvað viðkemur hraða eða gæðum þjónustuþátta og þeirra afkasta sem gefin eru upp í samræmi við a- til d-lið.

Veitendur Netaðgangsþjónustu skulu birta upplýsingarnar sem um getur í fyrstu undirgrein.

2. Veitendur Netaðgangsþjónustu skulu koma upp gagnsæjum, einföldum og skilvirkum málsmeðferðarreglum til að fást við kvartanir endanlegra notenda sem varða þau réttindi og skyldur sem mælt er fyrir um í 3. gr. og 1. mgr. þessarar greinar.

([10]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

([11]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti) (Stjtíð. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37).

3. Kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. koma til viðbótar við þær sem kveðið er á um í tilskipun 2002/22/EB og skulu ekki koma í veg fyrir að aðildarríki viðhaldi eða innleiði frekari kröfur um eftirlit, upplýsingar og gagnsæi, þ.m.t. þær sem varða efni, framsetningu og birtingarmáta upplýsinganna sem birta skal. Þær kröfur skulu vera í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar og viðeigandi ákvæði tilskipana 2002/21/EB og 2002/22/EB.

4. Allt verulegt, samfellt eða reglulegt misræmi á milli raunframmistöðu Netaðgangsþjónustunnar hvað viðkemur hraða eða gæðum þjónustuþátta og þeirrar frammistöðu sem gefin er upp af veitanda Netaðgangsþjónustunnar í samræmi við a- til d-lið 1. mgr. skal, þar sem sýnt hefur verið fram á viðeigandi staðreyndir með eftirlitskerfi sem vottað er af landsbundnum stjórnvöldum, teljast ósamræmi við kröfur um frammistöðu að því er varðar virkjun þeirra úrræða sem standa neytandanum til boða í samræmi við landslög.

Þessi málsgrein skal aðeins gilda um samninga sem eru gerðir eða endurnýjaðir frá og með 29. nóvember 2015.

5. gr.

Eftirlit og framkvæmd

1. Landsbundin stjórnvöld skulu fylgjast náið með og tryggja að farið sé að ákvæðum 3. og 4. gr. og skulu stuðla að áframhaldandi aðgengi að Netaðgangsþjónustu án mismununar á gæðastigi sem endurspeglar framfarir í tækni. Í þeim tilgangi geta landsbundin stjórnvöld sett kröfur varðandi tæknilega eiginleika, lágmarksþjónustugæði og aðrar viðeigandi og nauðsynlegar ráðstafanir á einn eða fleiri veitendur rafrænna fjarskipta til almennings, þ.m.t. veitendur Netaðgangsþjónustu.

Landsbundin stjórnvöld skulu árlega birta skýrslur varðandi eftirlit sitt og niðurstöður og leggja þær skýrslur fyrir framkvæmdastjórnina og evrópskan hóp eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta.

2. Veitendur rafrænna fjarskipta til almennings, þ.m.t. veitendur Netaðgangsþjónustu, skulu að beiðni landsbundinna stjórnvalda gera upplýsingar varðandi þær skyldur sem settar eru fram í 3. og 4. gr. aðgengilegar þeim landsbundnu stjórnvöldum, einkum upplýsingar varðandi stýringu flutningsgetu nets þeirra og umferðar um það, auk rökstuðnings fyrir hverjum þeim ráðstöfunum varðandi umferðarstýringu sem beitt er. Þeir veitendur skulu veita umbeðnar upplýsingar í samræmi við þau tímamörk og með þeirri nákvæmni sem landsbundna stjórnvaldið krefst.

3. Eigi síðar en 30. ágúst 2016, til að stuðla að samræmdri beitingu þessarar reglugerðar, skal evrópskur hópur eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta, að höfðu samráði við hagsmunaaðila og í náinni samvinnu við framkvæmdastjórnina, mæla fyrir um viðmiðunarreglur fyrir framkvæmd skuldbindinga landsbundinna stjórnvalda samkvæmt þessari grein.

4. Þessi grein hefur ekki áhrif á þau verkefni sem aðildarríki fela landsbundnum stjórnvöldum eða öðrum lögbærum yfirvöldum í samræmi við lög Sambandsins.

6. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn 3., 4. og 5. gr. og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um umræddar reglur og ráðstafanir eigi síðar en 30. apríl 2016 og skulu tilkynna henni án tafar um síðari breytingar sem hafa áhrif á þær.

7. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 531/2012

Reglugerð (ESB) nr. 531/2012 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 2. mgr. 2. gr. er breytt sem hér segir:

   a) i-, l- og n-liður falli brott,

   b) eftirfarandi liðir bætist við:

      „r) „landsbundið smásöluverð“: landsbundið smásölugjald á einingu sem veitandi reikiþjónustu leggur á símtöl sem hringd eru og smáskilaboð sem send eru (bæði með upphaf og lúkningu á mismunandi almennum fjarskiptanetum í sama aðildarríki) og gögn sem notuð er af viðskiptavini. Ef ekki liggur fyrir sérstakt landsbundið smásölugjald á einingu, skal landsbundið smásöluverð teljast ákvarðað eftir sama gjaldtökukerfi og notað er fyrir símtöl sem viðskiptavinur hringir og smáskilaboð sem viðskiptavinur sendir (bæði með upphaf og lúkningu á mismunandi almennum fjarskiptanetum í sama aðildarríki) og gögn sem notuð eru í aðildarríki viðskiptavinarins,

s) „aðskilin sala á reikigagnaþjónustu í smásölu sem reglur eru settar um“: veiting reikigagnaþjónustu sem reglur eru settar um beint til viðskiptavina reikiþjónustu á heimsóttu neti af öðrum veitanda reikiþjónustu.“

2) Í stað ákvæða 6. mgr. 3. gr. komi eftirfarandi:

„6. Viðmiðunartilboðið sem um getur í 5. mgr. skal vera nægilega ítarlegt og innihalda alla þætti sem nauðsynlegir eru fyrir heildsöluaðgang að reiki sem um getur 3. mgr., með lýsingu á tilboðum sem eiga við um beinan heildsöluaðgang að reiki og heildsöluaðgang að reiki til endursölu og tengdum skilmálum og skilyrðum. Þetta viðmiðunartilboð getur innihaldið skilyrði til að koma í veg fyrir varanlegt reiki eða óvanalega notkun eða misnotkun á heildsöluaðgangi að reiki í öðrum tilgangi en að veita reikiþjónustu sem reglur eru settar um til viðskiptavina veitenda reikiþjónustu á meðan hinir fyrrnefndu ferðast öðru hverju innan Sambandsins. Ef nauðsyn krefur skulu landsbundin stjórnvöld gera breytingar á viðmiðunartilboðum til að framfylgja skyldum sem mælt er fyrir um í þessari grein.“

3) Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„Aðskilin sala á smásölureikigagnaþjónustu sem reglurnar eru settar um“,

b) fyrsta undirgrein 1. mgr. falli brott,

c) ákvæði 4. og 5. mgr. falli brott.

4) Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„Framkvæmd aðskilinnar sölu á smásölureikigagnaþjónustu sem reglurnar eru settar um“,

b) í stað ákvæða 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Veitendur landsbundinnar þjónustu skulu efna þá skuldbindingu sem tengist aðskilinni sölu smásölureikigagnaþjónustu sem reglur eru settar um og kveðið er á um í 4. gr. svo að viðskiptavinir reikiþjónustu geti notað aðskilda reikigagnaþjónustu sem reglur eru settar um. Veitendur landsbundinnar þjónustu skulu verða við öllum réttmætum beiðnum um aðgang að aðstöðu og tengdri stuðningsþjónustu sem á við um aðskilda sölu á smásölureikigagnaþjónustu sem reglurnar eru settar um. Aðgangur að þeirri aðstöðu og stuðningsþjónustu sem er nauðsynleg fyrir aðskilda sölu á smásölureikigagnaþjónustu sem reglurnar eru settar um, þ.m.t. sannvottun notenda, skal vera án endurgjalds og skal ekki fela í sér nein bein gjöld til viðskiptavina reikiþjónustu.“,

c) í stað ákvæða 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Til að tryggja samræmda og samtíma framkvæmd um allt Sambandið á aðskilinni sölu á smásölureikigagnaþjónustu sem reglurnar eru settar um skal framkvæmdastjórnin, með framkvæmdargerðum og að höfðu samráði við evrópskan hóp eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta, samþykkja ítarlegar reglur um tæknilega lausn fyrir innleiðingu á aðskilinni sölu smásölugagnareikiþjónustu sem reglurnar eru settar um. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 6. gr.“,

d) í stað inngangsorða í 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Tæknilegu lausnirnar fyrir innleiðingu á aðskilinni sölu smásölureikigagnaþjónustu sem reglurnar eru settar um skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði um:“

5) Eftirfarandi greinar bætist við:

„6. gr. a

Afnám aukagjalds á reiki í smásölu

Frá og með 15. júní 2017, hafi lagagerðin sem samþykkja á í kjölfar tillögunnar sem um getur í 2. mgr. 19. gr. komið til framkvæmda, skulu veitendur reikiþjónustu ekki leggja aukagjald, til viðbótar við landsbundna smásöluverðið á viðskiptavini reikiþjónustu í aðildarríki, á reikisímtöl sem reglurnar eru settar um og hringd eru eða tekið er á móti, á reikismáskilaboð sem reglurnar eru settar um og send eru, og á reikigagnaþjónustu sem reglurnar eru settar um og notuð er, þ.m.t. myndskilaboð, né almennt gjald til að gera kleift að nota endabúnaðinn eða þjónustuna erlendis, með fyrirvara um ákvæði 6. gr. b og 6. gr. c.

6. gr. b

Eðlileg notkun

1. Veitendur reikiþjónustu geta í samræmi við þessa grein og framkvæmdargerðirnar sem um getur í 6. gr. d sett „viðmiðunarreglur um eðlilega notkun“ fyrir notkun smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um og veitt er á viðeigandi landsbundnu smásöluverði til að koma í veg fyrir óvanalega notkun eða misnotkun af hálfu viðskiptavina reikiþjónustu á smásölureikiþjónustu sem reglurnar eru settar um, eins og notkun slíkrar þjónustu af viðskiptavinum reikiþjónustu í aðildarríki öðru en ríki landsbundna þjónustuveitandans í öðrum tilgangi en vegna reglulegra ferðalaga.

Allar viðmiðunarreglur um eðlilega notkun skulu gera viðskiptavinum veitanda reikiþjónustunnar kleift að nota tiltekið magn af smásölureikiþjónustu sem reglurnar eru settar um á viðeigandi landsbundnu smásöluverði sem samræmist gjaldskrá þeirra.

2. Ákvæði 6. gr. e skulu gilda um smásölureikiþjónustu sem reglurnar eru settar um umfram þau mörk sem sett eru samkvæmt viðmiðunarreglum um eðlilega notkun.

6. gr. c

Sjálfbærni afnáms aukagjalds á reiki í smásölu

1. Í sérstökum undantekningartilvikum, með það fyrir augum að tryggja að landsbundið verðlíkan sitt sé sjálfbært, þar sem veitandi reikiþjónustu getur ekki endurheimt raunverulegan og áætlaðan heildarkostnað sinn við að veita reikiþjónustu sem reglur eru settar um í samræmi við 6. gr. a og 6. gr. b með raunverulegum og áætluðum heildartekjum af veitingu slíkrar þjónustu, getur sá veitandi reikiþjónustu sótt um heimild til að leggja á aukagjald. Það aukagjald skal aðeins lagt á eftir því sem nauðsynlegt er til að endurheimta kostnað við að veita smásölureikiþjónustu sem reglur eru setta um með hliðsjón af viðeigandi hámarksheildsölugjaldi.

2. Ákveði veitandi reikiþjónustu að nýta sér 1. mgr. þessarar greinar skal hann án tafar leggja fram umsókn til landsbundna stjórnvaldsins og veita því allar nauðsynlegar upplýsingar í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í 6. gr. d. Á 12 mánaða fresti þaðan í frá skal veitandi reikiþjónustunnar uppfæra þær upplýsingar og leggja þær fyrir landsbundna stjórnvaldið.

3. Við móttöku umsóknar í samræmi við 2. mgr. skal landsbundna stjórnvaldið meta hvort veitandi reikiþjónustunnar hafi sýnt fram á að hann geti ekki endurheimt kostnað sinn í samræmi við 1. mgr. með þeim afleiðingum að grafið sé undan sjálfbærni landsbundna verðlíkansins. Matið á sjálfbærni landsbundna verðlíkansins skal vera byggt á viðeigandi hlutlægum þáttum sem eiga við veitanda reikiþjónustunnar, þ.m.t. hlutlægum mismun á milli veitenda reikiþjónustu í hlutaðeigandi aðildarríki og landsbundnu verðlagi og tekjum. Landsbundna stjórnvaldið skal heimila aukagjaldið þegar skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. og þessari málsgrein hafa verið uppfyllt.

4. Innan mánaðar frá móttöku umsóknarinnar skv. 2. mgr. skal landsbundna stjórnvaldið heimila aukagjaldið nema umsóknin sé augljóslega tilefnislaus eða veiti ófullnægjandi upplýsingar. Telji landsbundna stjórnvaldið að umsóknin sé augljóslega tilefnislaus, eða telji það að ófullnægjandi upplýsingar hafi verið veittar, skal það taka endanlega ákvörðun innan næstu tveggja mánaða um að heimila, breyta eða synja aukagjaldinu eftir að hafa gefið veitanda reikiþjónustunnar tækifæri til að andmæla.

6. gr. d

Framkvæmd viðmiðunarreglna um eðlilega notkun og sjálfbærni afnáms aukagjalds á reiki í smásölu

1. Eigi síðar en 15. desember 2016 skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við evrópskan hóp eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta, til að tryggja samræmda beitingu 6. gr. b og 6. gr. c, samþykkja framkvæmdargerðir um ítarlegar reglur um beitingu viðmiðunarreglna um eðlilega notkun og um aðferðafræði til að meta sjálfbærni afnáms aukagjalds á reiki í smásölu og um umsóknina sem veitandi reikiþjónustu þarf að leggja fram vegna þess mats. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 6. gr.

2. Að því er varðar 6. gr. b skal framkvæmdastjórnin, þegar hún samþykkir framkvæmdargerðir um ítarlegar reglur um beitingu viðmiðunarreglna um eðlilega notkun, taka tillit til eftirfarandi:

a) þróunar verðlagningar og neyslumynsturs í aðildarríkjunum,

b) hversu mikil samleitni er í landsbundnu verðlagi í Sambandinu,

c) ferðamynstra í Sambandinu,

d) merkjanlegrar hættu á röskun á samkeppni og hvötum til fjárfestinga á landsbundnum og heimsóttum mörkuðum.

3. Að því er varðar 6. gr. c skal framkvæmdastjórnin þegar hún samþykkir framkvæmdargerðir um ítarlegar reglur um aðferðafræði til að meta sjálfbærni afnáms aukagjalds á reiki í smásölu fyrir veitanda reikiþjónustu, byggja þær á eftirfarandi:

a) ákvörðun raunverulegs og áætlaðs heildarkostnaðar við að veita smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um með vísan til raunverulegra reikigjalda í heildsölu fyrir ójafna umferð og hæfilegs hluta í nauðsynlegum sameiginlegum kostnaði við að veita smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um,

b) ákvörðun raunverulegra og áætlaðra heildartekna af veitingu smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um,

c) notkun smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um og landsbundinni notkun viðskiptavina veitanda reikiþjónustunnar,

d) samkeppnisstigi, verði og tekjum á innanlandsmarkaði og merkjanlegri hættu á því að reiki á landsbundnu smásöluverði myndi hafa sýnileg áhrif á þróun slíks verðs.

4. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða með reglulegu millibili framkvæmdargerðirnar sem samþykktar eru skv. 1. mgr. í ljósi markaðsþróunar.

5. Landsbundið stjórnvald skal hafa strangt eftirlit og umsjón með beitingu viðmiðunarreglna um eðlilega notkun og ráðstöfunum um sjálfbærni afnáms aukagjalds á reiki í smásölu, og taka fullt tillit til viðeigandi hlutlægra þátta sem eiga við um hlutaðeigandi aðildarríki og viðeigandi hlutlægs mismunar á milli veitenda reikiþjónustu. Með fyrirvara um verklagsregluna sem sett er fram í 3. mgr. 6. gr. c, skal landsbundna stjórnvaldið framfylgja tímanlega kröfunum í 6. gr. b og 6. gr. c og framkvæmdargerðunum sem samþykktar eru skv. 1. mgr. þessarar greinar. Landsbundna stjórnvaldið getur hvenær sem er krafist þess að veitandi reikiþjónustu breyti eða leggi af aukagjaldið ef það samræmist ekki 6. gr. b eða 6. gr. c. Landsbundna stjórnvaldið skal upplýsa framkvæmdastjórnina árlega um beitingu 6. gr. b og 6. gr. c sem og þessarar greinar.

6. gr. e

Veiting á smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um

1. Veitandi reikiþjónustu skal, með fyrirvara um aðra undirgrein, þegar hann leggur á aukagjald fyrir notkun smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um umfram þau mörk sem sett eru samkvæmt viðmiðunarreglum um eðlilega notkun, uppfylla eftirfarandi kröfur (að undanskildum virðisaukaskatti):

a) aukagjald sem lagt er á reikisímtöl sem reglur eru settar um og hringd eru, reikismáskilaboð sem reglur eru settar um og send eru, og reikigagnaþjónustu sem reglur eru settar um skal ekki vera hærra en hámarksheildsölugjaldið sem kveðið er á um í 2. mgr. 7. gr., 1. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 12. gr. eftir því sem við á,

b) summa landsbundins smásöluverðs og aukagjalds sem lagt er á reikisímtöl sem reglur eru settar um og hringd eru, reikismáskilaboð sem reglur eru settar um og send eru, og reikigagnaþjónustu sem reglur eru settar um skal ekki vera hærri en 0,19 evrur á mínútu, 0,06 evrur á hver smáskilaboð og 0,20 evrur á hvert notað megabæti, eftir því sem við á,

c) aukagjald sem lagt er á reikisímtöl sem reglur eru settar um og tekið er á móti skal ekki vera hærra en vegið meðtal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu sem sett er fram í samræmi við 2. mgr.

Veitendur reikiþjónustu skulu ekki leggja aukagjald á reikismáskilaboð sem reglur eru settar um og tekið er á móti eða á reikitalhólfsskilaboð sem tekið er á móti. Þetta skal vera með fyrirvara um önnur gjöld sem kunna að eiga við, t.d. gjöld fyrir að hlusta á slík skilaboð.

Veitendur reikiþjónustu skulu innheimta gjöld fyrir reikisímtöl sem hringd eru og tekið er á móti á sekúndugrundvelli. Veitendur reikiþjónustu geta lagt á lágmarksupphafsgjald fyrir tímabil sem ekki er lengra en 30 sekúndur fyrir símtöl sem hringd eru. Veitendur reikiþjónustu skulu taka gjald af viðskiptavinum sínum fyrir veitta reikigagnaþjónustu sem reglur eru settar um fyrir hvert kílóbæti, að frátöldum myndskilaboðum sem má gjaldfæra fyrir hverja einingu. Í því tilviki skal smásölugjaldið sem veitandi reikiþjónustu leggur á viðskiptavin reikiþjónustu fyrir að senda eða taka á móti reikimyndskilaboðum ekki vera hærra en hámarkssmásölugjaldið fyrir reikigagnaþjónustu sem reglur eru settar um og sett er fram í fyrsta undirlið.

Á meðan á tímabilinu sem um getur í f-lið 1. mgr. 6. gr. stendur skal þessi málsgrein ekki útiloka tilboð sem bjóða viðskiptavinum reikiþjónustu, gegn daglegu gjaldi eða öðru föstu reglubundnu gjaldi, tiltekið magn til að nota af reikiþjónustu sem reglur eru settar um með því skilyrði að notkun alls magnsins leiði til einingarverðs fyrir að hringja reikisímtöl sem reglur eru settar um, taka við símtölum, senda smáskilaboð og reikigagnaþjónustu sem fer ekki yfir viðkomandi landsbundið smásöluverð og hæsta aukagjald sem sett er fram í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar.

2. Eigi síðar en 31. desember 2015 skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við evrópskan hóp eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta og með fyrirvara um aðra undirgrein þessarar málsgreinar, samþykkja framkvæmdargerðir þar sem sett er fram vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma sem um getur í c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessar framkvæmdargerðir árlega. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 6. gr.

Vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma skal byggt á eftirfarandi viðmiðunum:

a) hámarksverði fyrir lúkningu símtala í farsíma sem landsbundin stjórnvöld leggja á á markaði fyrir heildsölu á lúkningu símtala í talsímaþjónustu í einstökum farsímanetum í samræmi við 7. og 16. gr. rammatilskipunarinnar og 13. gr. tilskipunarinnar um aðgang og

b) heildarfjölda áskrifenda í aðildarríkjum.

3. Veitendur reikiþjónustu geta boðið, og viðskiptavinir reikiþjónustu geta valið, reikigjaldskrá aðra en þá sem sett hefur verið í samræmi við 6. gr. a, 6. gr. b, 6. gr. c og 1. mgr. þessarar greinar, sem gerir viðskiptavinum reikiþjónustu kleift að njóta góðs af annarri gjaldskrá fyrir reikigagnaþjónustu, sem reglur eru settar um, en þeim hefði verið úthlutað hefðu þeir ekki mátt velja. Veitandi reikiþjónustu skal minna þessa viðskiptavini reikiþjónustu á eðli þeirra kosta við reiki sem þá myndu tapast.

Með fyrirvara um fyrstu undirgrein skulu veitendur reikiþjónustu láta gjaldskrá sem sett er í samræmi við 6. gr. a, 6. gr. b og 1. mgr. þessarar greinar gilda sjálfkrafa fyrir alla reikiviðskiptavini sem fyrir eru og nýja reikiviðskiptavini.

Allir reikiviðskiptavinir geta, hvenær sem er, óskað eftir að skipta yfir í eða úr gjaldskrá í samræmi við 6. gr. a, 6. gr. b, 6. gr. c og 1. mgr. þessarar greinar. Þegar viðskiptavinir reikiþjónustu kjósa að skipta úr eða aftur yfir í gjaldskrá í samræmi við 6. gr. a, 6. gr. b, 6. gr. c og 1. mgr. þessarar greinar, skulu öll skipti framkvæmd innan eins virks dags frá því að beiðnin er móttekin, án endurgjalds og skulu ekki hafa í för með sér skilyrði eða takmarkanir sem lúta að öðrum þáttum áskriftarinnar en reiki. Veitendur reikiþjónustu geta frestað slíkum skiptum þar til fyrri reikigjaldskráin hefur verið í gildi í ákveðinn lágmarkstíma sem skal ekki vera lengri en tveir mánuðir.

4. Veitendur reikiþjónustu skulu tryggja að samningur sem tekur til hvers konar smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um tilgreini helstu eiginleika þeirrar smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um og veitt er, einkum og sér í lagi:

a) sértæka gjaldskrá eða gjaldskrár, og fyrir hverja gjaldskrá, þær tegundir þjónustu sem boðnar eru, þ.m.t. fjarskiptamagn,

b) takmarkanir sem settar eru á notkun smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um og veitt er á gildandi landsbundnu smásöluverði, einkum tölulegar upplýsingar um hvernig viðmiðunarreglum um eðlilega notkun er beitt með vísan til helstu verðlagningarþátta, magnþátta eða annarra þátta viðkomandi smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um og veitt er.

Veitendur reikiþjónustu skulu birta upplýsingarnar sem um getur í fyrstu undirgrein.

6. gr. f

Aukagjald á smásölureikiþjónustu á umbreytingartímabili

1. Frá 30. apríl 2016 til 14. júní 2017 mega veitendur reikiþjónustu leggja á aukagjald til viðbótar við landsbundið smásöluverð fyrir að veita smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um.

2. Á meðan á tímabilinu sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar stendur skal 6. gr. e gilda *að breyttu breytanda*.“

6) Ákvæði 8., 10. og 13. gr. falli brott.

7) Ákvæðum 14. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað annarrar undirgreinar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„Þessar persónubundnu grunnupplýsingar skulu gefnar upp í gjaldmiðli reikningsins sem viðskiptavinurinn fær frá þeim sem veitir honum landsbundna þjónustu og innihalda upplýsingar um:

a) þær viðmiðunarreglur um eðlilega notkun sem gilda um viðskiptavin í reikiþjónustu í Sambandinu og um aukagjöld sem leggjast á umfram þau mörk sem sett eru samkvæmt viðmiðunarreglunum um eðlilega notkun og

b) öll aukagjöld sem lögð eru á í samræmi við 6. gr. c.“,

b) í stað sjöttu undirgreinar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„Fyrsti, annar, fjórði og fimmti undirliður, að undanskilinni tilvísuninni í viðmiðunarreglur um eðlilega notkun og aukagjald sem lagt er á í samræmi við 6. gr. c, skulu einnig gilda um reikiþjónustu fyrir talsíma og smáskilaboð sem notuð er af viðskiptavinum reikiþjónustu á ferðalögum utan Sambandsins og sem veitt er af veitanda reikiþjónustu.“,

c) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„2a. Veitandi reikiþjónustu skal senda tilkynningu til viðskiptavinar í reikiþjónustu þegar viðeigandi magn fyrir eðlilega notkun talsíma- eða smáskilaboðareikiþjónustu sem reglur eru settar um hefur verið notað að fullu eða þegar notkunarmörkum sem beitt er í samræmi við 6. gr. c hefur verið náð. Sú tilkynning skal tilgreina aukagjaldið sem verður lagt á frekari notkun viðskiptavinar reikiþjónustu á talsíma- eða smáskilaboðareikiþjónustu sem reglur eru settar um. Allir viðskiptavinir skulu eiga rétt á að fara fram á að veitandi reikiþjónustu hætti að senda slíkar tilkynningar og skulu eiga rétt á að fara fram á, hvenær sem er og endurgjaldslaust, að reikiþjónustuveitandinn hefji að veita þjónustuna á nýjan leik.“

d) í stað ákvæða 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Veitendur reikiþjónustu skulu veita öllum viðskiptavinum allar upplýsingar um viðeigandi reikigjöld þegar skrifað er undir áskrift. Þeir skulu einnig veita reikiviðskiptavinum sínum upplýsingar um breytingar á viðeigandi reikigjöldum án óþarfa tafa í hvert sinn sem breytingar verða á þessum gjöldum.

Reikiþjónustuveitendur skulu senda áminningar með eðlilegu millibili þaðan í frá til allra viðskiptavina sem hafa kosið aðra gjaldskrá.“

8) Ákvæðum 15. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað ákvæða 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Veitendur reikiþjónustu skulu senda reikiviðskiptavinum sjálfvirk skilaboð þess efnis að hinir síðarnefndu séu að nota reikigagnaþjónustu sem reglur eru settar um og veita þeim um leið persónubundnar grunnupplýsingar um gjöld fyrir veitingu reikigagnaþjónustu (í gjaldmiðli reikningsins sem viðskiptavinurinn fær frá þeim sem veitir honum landsbundna þjónustu), sem reglurnar eru settar um, fyrir viðkomandi reikiviðskiptavin í viðkomandi aðildarríki, nema viðskiptavinurinn hafi tilkynnt veitanda reikiþjónustu að hann þarfnist ekki þessara upplýsinga.

Persónubundnu grunnupplýsingarnar um gjöld skulu innihalda upplýsingar um:

a) þær viðmiðunarreglur um eðlilega notkun sem gilda um viðskiptavin í reikiþjónustu í Sambandinu og um aukagjöld sem leggjast á umfram þau mörk sem sett eru samkvæmt viðmiðunarreglunum um eðlilega notkun og

b) öll aukagjöld sem lögð eru á í samræmi við 6. gr. c.,

Reikiviðskiptavinurinn skal fá upplýsingarnar sendar í farsamskiptatæki sitt, t.d. með smáskilaboðum, tölvupósti eða sprettigluggum í farsamskiptatækinu, í hvert sinn sem reikiviðskiptavinur fer inn í annað aðildarríki en það þar sem sá sem veitir honum landsbundna þjónustu er og setur af stað reikigagnaþjónustu í fyrsta sinn í því aðildarríki. Þær skulu veittar endurgjaldslaust á því augnabliki þegar reikiviðskiptavinurinn setur af stað reikigagnaþjónustu, sem reglurnar eru settar um, með þeim hætti að auðvelt sé að veita þeim viðtöku og skilja þær.

Viðskiptavinur, sem hefur tilkynnt veitanda reikiþjónustu að hann þarfnist ekki sjálfvirku gjaldskráruppplýsinganna, skal eiga rétt á því, hvenær sem er og endurgjaldslaust, að óska eftir því að veitandi reikiþjónustu veiti þjónustuna á ný.“,

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„2a. Veitandi reikiþjónustu skal senda tilkynningu þegar viðeigandi magn fyrir eðlilega notkun reikigagnaþjónustu sem reglur eru settar um hefur verið notað að fullu eða þegar notkunarmörkum sem beitt er í samræmi við 6. gr. c hefur verið náð. Sú tilkynning skal tilgreina aukagjaldið sem verður lagt á frekari notkun viðskiptavinar reikiþjónustu á reikigagnaþjónustu sem reglur eru settar um. Allir viðskiptavinir skulu eiga rétt á að fara fram á að veitandi reikiþjónustu hætti að senda slíkar tilkynningar og skulu eiga rétt á að fara fram á, hvenær sem er og endurgjaldslaust, að reikiþjónustuveitandinn hefji að veita þjónustuna á nýjan leik.“

c) í stað fyrstu undirgreinar 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Sérhver veitandi reikiþjónustu skal gefa öllum reikiviðskiptavinum sínum tækifæri á því að velja sérstaklega og endurgjaldslaust þjónustu sem veitir upplýsingar tímanlega um heildarnotkun reikigagnaþjónustu sem reglurnar eru settar um, gefna upp í magni eða í þeim gjaldmiðli sem reikningar viðkomandi reikiviðskiptavinar eru gerðir í, og sem tryggir að heildarútgjöld viðskiptavinarins vegna reikigagnaþjónustu sem reglurnar eru settar um á tilteknu tímabili, að frátöldum myndskilaboðum sem gjaldfærð eru eftir einingum, fari ekki yfir tiltekin fjárhæðarmörk ef afdráttarlaust samþykki hans liggur ekki fyrir.“,

d) í stað fyrstu undirgreinar 6. mgr. komi eftirfarandi:

„6. Ákvæði þessarar greinar, að 5. mgr., öðrum undirlið 2. mgr. og 2. mgr. a undanskilinni, og með fyrirvara um annan og þriðja undirlið þessarar málsgreinar, skulu einnig gilda um reikigagnaþjónustu sem viðskiptavinir reikiþjónustu nota á ferðalögum utan Sambandsins og sem veitt er af veitanda reikiþjónustu.“

9) Ákvæðum 16. gr. er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi undirgrein bætist við í 1. mgr.:

„Landsbundin stjórnvöld skulu hafa strangt eftirlit og umsjón með veitendum reikiþjónustu sem nýta sér 6. gr. b, 6. gr. c og 3. mgr. 6. gr. e.“,

b) í stað ákvæða 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Landsbundin stjórnvöld skulu sjá til þess að uppfærðar upplýsingar um beitingu þessarar reglugerðar, einkum 6. gr. a, 6. gr. b, 6. gr. c, 6. gr. e, 7., 9. og 12. gr., séu fáanlegar opinberlega með þeim hætti sem gerir hagsmunaaðilum kleift að hafa greiðan aðgang að þeim.“

10) Í stað ákvæða 19. gr. komi eftirfarandi:

„19. gr.

Endurskoðun

1. Eigi síðar en 29. nóvember 2015 skal framkvæmdastjórnin hefja endurskoðun á heildsölumarkaðinum með reiki með það fyrir augum að meta ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að gera kleift að afnema aukagjald á reiki í smásölu fyrir 15. júní 2017. Framkvæmdastjórnin skal m.a. taka til skoðunar samkeppnisstig á landsbundnum heildsölumörkuðum, og einkum meta heildsölukostnað sem stofnað er til og heildsölugjöld sem lögð eru á, og samkeppnisaðstæður rekstraraðila sem starfa á landfræðilega takmörkuðum svæðum, þ.m.t. áhrif viðskiptasamninga á samkeppni auk getu rekstraraðila til að nýta sér stærðarhagkvæmni. Framkvæmdastjórnin skal einnig meta samkeppnisþróun á mörkuðum fyrir reiki í smásölu og merkjanlega hættu á röskun á samkeppni og hvötum til fjárfestinga á landsbundnum og heimsóttum mörkuðum. Við mat á nauðsynlegum ráðstöfunum til að gera kleift að afnema aukagjöld á reiki í smásölu, skal framkvæmdastjórnin taka tillit til þarfarinnar á því að tryggja að rekstraraðilar heimsótta netsins geti endurheimt allan kostnað við að veita heildsölureikiþjónustu sem reglur eru settar um, þ.m.t. sameiginlegan kostnað. Framkvæmdastjórnin skal einnig taka tillit til þarfarinnar á því að koma í veg fyrir varanlegt reiki eða óvanalega notkun eða misnotkun á heildsöluaðgangi að reiki í öðrum tilgangi en að veita reikiþjónustu sem reglur eru settar um til viðskiptavina veitenda reikiþjónustu á meðan hinir fyrrnefndu ferðast öðru hverju innan Sambandsins.

2. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um niðurstöður endurskoðunarinnar sem um getur í 1. mgr. fyrir 15. júní 2016.

Skýrslunni skal fylgja viðeigandi tillaga að nýrri löggjöf að undangengnu samráði við almenning um að breyta heildsölugjaldi fyrir reikiþjónustu sem reglur eru settar um og sett er fram í þessari reglugerð eða skal hún kveða á um aðra lausn til að takast á við viðfangsefnin sem greind hafa verið á heildsölustiginu með það fyrir augum að afnema aukagjöld á reiki í smásölu fyrir 15. júní 2017.

3. Að auki skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið á tveggja ára fresti eftir að skýrslan sem um getur í 2. mgr. hefur verið lögð fram. Hver skýrsla skal m.a. innihalda mat á:

a) framboði og gæðum þjónustunnar, þ.m.t. þeirri sem gæti komið í stað reikiþjónustu fyrir talsíma, smáskilaboð og gagnaflutninga sem reglur eru settar um, einkum í ljósi tæknilegra framfara,

b) samkeppnisstigi á bæði smásölu- og heildsölureikimörkuðum, einkum samkeppnisstöðu lítilla, óháðra eða nýrra rekstraraðila, þ.m.t. samkeppnisáhrif viðskiptasamninga og samtengingarstigið milli rekstraraðila,

c) að hvaða marki árangur hefur náðst af framkvæmd skipulagsráðstafananna sem kveðið er á um í 3. og 4. gr. við þróun samkeppni á innri markaðinum fyrir reikiþjónustu sem reglur eru settar um.

4. Til að meta þróun samkeppni á reikimörkuðum í Sambandinu, skal evrópskur hópur eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta reglulega safna gögnum frá landsbundnum stjórnvöldum um þróun á smásölu- og heildsölugjöldum fyrir reikiþjónustu fyrir talsíma, smáskilaboð og gagnaflutninga sem reglur eru settar um. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni um þessi gögn minnst tvisvar á ári. Framkvæmdastjórnin skal birta þau opinberlega.

Evrópskur hópur eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta skal, á grundvelli gagna sem safnað er, gefa skýrslu reglulega um þróun verðs og neyslumynsturs í aðildarríkjunum fyrir bæði landsbundna þjónustu og reikiþjónustu og um þróun eiginlegra reikigjalda í heildsölu fyrir ójafna umferð milli veitenda reikiþjónustu.

Evrópskur hópur eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta skal einnig árlega safna upplýsingum frá landsbundnum stjórnvöldum um gagnsæi og samanburðarhæfi mismunandi gjaldskráa sem rekstraraðilar bjóða viðskiptavinum sínum. Framkvæmdastjórnin skal birta þessi gögn og niðurstöður opinberlega.“

8. gr.

Breyting á tilskipun 2002/22/EB

Í stað 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 2002/22/EB komi eftirfarandi:

„3. Landsbundnar ráðstafanir varðandi aðgang eða notkun endanlegra notenda á þjónustu og hugbúnaði með rafrænum fjarskiptanetum skulu virða grundvallarréttindi og mannfrelsi einstaklinga, þ.m.t. í tengslum við einkalíf og sanngjarna málsmeðferð eins og þau eru skilgreind í 6. gr. Evrópusáttmálans um verndun mannréttinda og mannfrelsis.“

9. gr.

Endurskoðunarákvæði

Eigi síðar en 30. apríl 2019 og á fjögurra ára fresti þaðan í frá skal framkvæmdastjórnin endurskoða 3., 4., 5. og 6. gr. og leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið þar að lútandi, og skulu fylgja skýrslunni viðeigandi tillögur með það fyrir augum að breyta þessari reglugerð ef nauðsyn krefur.

10. gr.

Gildistaka og bráðabirgðaákvæði

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Hún kemur til framkvæmda frá og með 30. apríl 2016, að undanskildum eftirfarandi ákvæðum:

a) hafi lagagerðin sem samþykkja á í kjölfar tillögunnar sem um getur í 2. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 531/2012 komið til framkvæmda 15. júní 2017, skal 7. gr. (5. liður) þessarar reglugerðar, að því er varðar 6. gr. a til 6. gr. d í reglugerð (ESB) nr. 531/2012, 7. gr. (a- til c-liður 7. liðar) þessarar reglugerðar og 7. gr. (a-, b- og d-liður 8. liðar) þessarar reglugerðar koma til framkvæmda frá og með þeim degi.

Hafi sú lagagerð ekki komið til framkvæmda 15. júní 2017, skal 7. gr. (5. liður) þessarar reglugerðar, að því er varðar 6. gr. f í reglugerð (ESB) nr. 531/2012, gilda áfram þar til sú lagagerð kemur til framkvæmda.

Ef lagagerðin sem samþykkja á í kjölfar tillögunnar sem um getur í 2. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 531/2012 kemur til framkvæmda eftir 15. júní 2017, skal 7. gr. (5. liður) þessarar reglugerðar, að því er varðar 6. gr. a til 6. gr. d í reglugerð (ESB) nr. 531/2012, 7. gr. (a- til c-liður 7. liðar) þessarar reglugerðar og 7. gr. (a-, b- og d-liður 8. liðar) þessarar reglugerðar koma til framkvæmda frá og með þeim degi þegar sú lagagerð kemur til framkvæmda,

b) framsal framkvæmdarvalds til framkvæmdastjórnarinnar í 7. gr. (c-liður 4. liðar) þessarar reglugerðar og í 7. gr. (5. liður) þessarar reglugerðar að því er varðar 6. gr. d og 6. gr. e (2. liður) í reglugerð (ESB) nr. 531/2012, skal koma til framkvæmda frá og með 29. nóvember 2015,

c) Ákvæði 3. mgr. 5. gr. koma til framkvæmda frá og með 29. nóvember 2015,

d) Ákvæði 10. liðar 7. gr. í þessari reglugerð koma til framkvæmda frá og með 29. nóvember 2015.

3. Aðildarríki mega viðhalda landsráðstöfunum, þ.m.t. kerfum til sjálfseftirlits, sem voru í gildi fyrir 29. nóvember 2015 og fara ekki að 2. eða 3. mgr. 3. gr. fram til 31. desember 2016. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar ráðstafanir fyrir 30. apríl 2016.

4. Ákvæði framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1203/2012 ([12]) um tæknilega skipan við framkvæmd á aðgangi að staðbundinni reikigagnaþjónustu á heimsóttu neti skulu gilda áfram að því er varðar aðskilda sölu á reikiþjónustu í smásölu sem reglur eru settar um þar til framkvæmdargerðin sem um getur í c-lið 4. liðar 7. gr. í þessari reglugerð er samþykkt.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 25. nóvember 2015.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
M. SCHULZ	N. SCHMIT
forseti.	*forseti.*

([12]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1203/2012 frá 14. desember 2012 um aðskilda sölu á reikiþjónustu í smásölu sem reglur eru settar um innan Sambandsins (Stjtíð. ESB L 347, 15.12.2012, bls. 1)

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2170 **2016/EES/27/68**

frá 24. nóvember 2015

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB að því er varðar beitingu viðmiðunarfjárhæða við útboð og gerð samninga (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB frá 26. febrúar 2014 um opinber innkaup og niðurfellingu tilskipunar 2004/18/EB ([1]), einkum 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með ákvörðun 94/800/EB ([2]) samþykkti ráðið samning um opinber innkaup („samninginn“) ([3]). Samningnum ætti að beita gagnvart öllum innkaupasamningum, sem ná þeim fjárhæðum eða fara yfir fjárhæðirnar („viðmiðunarfjárhæðir“) sem settar eru fram í samningnum og tilgreindar sem sérstök dráttarréttindi.

2) Eitt af markmiðum tilskipunar 2014/24/ESB er að gera samningsyfirvöldum, sem beita henni, kleift að uppfylla um leið þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í samningnum. Til að ná þessu markmiði ætti að aðlaga viðmiðunarfjárhæðirnar, sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun að því er varðar opinbera samninga sem samningurinn nær einnig yfir, til að tryggja að þær samsvari þeim fjárhæðum í evrum sem, námundaðar að næsta þúsundi, jafngilda þeim viðmiðunarfjárhæðum sem settar eru fram í samningnum.

3) Samræmisins vegna er rétt að aðlaga einnig þær viðmiðunarfjárhæðir í tilskipun 2014/24/ESB sem ekki falla undir samninginn. Því ætti að breyta tilskipun 2014/24/ESB til samræmis við það.

4) Þar eð útreikningur endurskoðuðu viðmiðunarfjárhæðanna þarf að fara fram á grundvelli meðaltals verðgildis evrunnar fyrir tiltekið tímabil, sem lýkur 31. ágúst, og birta á endurskoðuðu viðmiðunarfjárhæðirnar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* í byrjun nóvember, ætti að beita flýtimeðferðinni við samþykkt þessarar reglugerðar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 2014/24/ESB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

   a) í a-lið komi fjárhæðin „5 225 000 evrur“ í stað „5 186 000 evrur“,

   b) í b-lið komi fjárhæðin „135 000 evrur“ í stað „134 000 evrur“,

   c) í c-lið komi fjárhæðin „209 000 evrur“ í stað „207 000 evrur“.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 307, 25.11.2015, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 94, 29.4.2014, bls. 65.

([2]) Ákvörðun ráðsins 94/800/EB frá 22. desember 1994 um samþykki af hálfu Evrópubandalagsins, að því er varðar málefni sem falla undir valdsvið þess, á samningunum sem náðust í Úrúgvælotu marghliða samningaviðræðnanna (1986 til 1994) (Stjtíð. EB L 336, 23.12.1994, bls. 1).

([3]) Samningurinn er fjölhliða samningur innan ramma Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Markmiðið með samningnum er að samningsaðilar opni markaði sína er varða opinber innkaup hver fyrir öðrum.

2) Eftirfarandi breyting er gerð á fyrstu málsgrein 13. gr.:

a) í a-lið komi fjárhæðin „5 225 000 evrur“ í stað „5 186 000 evrur“,

b) í b-lið komi fjárhæðin „209 000 evrur“ í stað „207 000 evrur“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2171 **2016/EES/27/69**

frá 24. nóvember 2015

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB að því er varðar beitingu viðmiðunarfjárhæða við útboð og gerð samninga (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB frá 26. febrúar 2014 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu og um niðurfellingu tilskipunar 2004/17/EB ([1]), einkum 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með ákvörðun 94/800/EB ([2]) samþykkti ráðið samning um opinber innkaup („samninginn“) ([3]). Samningnum ætti að beita gagnvart öllum innkaupasamningum, sem ná þeim fjárhæðum eða fara yfir fjárhæðirnar („viðmiðunarfjárhæðir“) sem settar eru fram í samningnum og tilgreindar sem sérstök dráttarréttindi.

2) Eitt af markmiðum tilskipunar 2014/25/ESB er að gera samningsstofnunum, sem beita henni, kleift að uppfylla um leið þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í samningnum. Til að ná þessu markmiði ætti að aðlaga viðmiðunarfjárhæðirnar, sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun að því er varðar opinbera samninga sem samningurinn nær einnig yfir, til að tryggja að þær samsvari þeim fjárhæðum í evrum sem, námundaðar að næsta þúsundi, jafngilda þeim viðmiðunarfjárhæðum sem settar eru fram í samningnum.

3) Samræmisins vegna er rétt að aðlaga einnig þær viðmiðunarfjárhæðir í tilskipun 2014/25/ESB sem ekki falla undir samninginn. Því ætti að breyta tilskipun 2014/25/ESB til samræmis við það.

4) Þar eð útreikningur endurskoðuðu viðmiðunarfjárhæðanna þarf að fara fram á grundvelli meðaltals verðgildis evrunnar fyrir tiltekið tímabil, sem lýkur 31. ágúst, og birta á endurskoðuðu viðmiðunarfjárhæðirnar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins í byrjun nóvember, ætti að beita flýtimeðferðinni við samþykkt þessarar reglugerðar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum 15. gr. tilskipunar 2014/25/ESB er breytt sem hér segir:

a) í a-lið komi fjárhæðin „418 000 evrur“ í stað „414 000 evrur“,

b) í b-lið komi fjárhæðin „5 225 000 evrur“ í stað „5 186 000 evrur“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2016.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 307, 25.11.2015, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 94, 29.4.2014, bls. 243.

([2]) Ákvörðun ráðsins 94/800/EB frá 22. desember 1994 um samþykki af hálfu Evrópubandalagsins, að því er varðar málefni sem falla undir valdsvið þess, á samningunum sem náðust í Úrúgvælotu marghliða samningaviðræðnanna (1986 til 1994) (Stjtíð. EB L 336, 23.12.1994, bls. 1).

([3]) Samningurinn er fjölhliða samningur innan ramma Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Markmiðið með samningnum er að samningsaðilar opni markaði sína er varða opinber innkaup hver fyrir öðrum.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2172 **2016/EES/27/70**

frá 24. nóvember 2015

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB að því er varðar beitingu viðmiðunarfjárhæða við útboð og gerð samninga (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB frá 26. febrúar 2014 um gerð sérleyfissamninga ([1]), einkum 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með ákvörðun 94/800/EB ([2]) samþykkti ráðið samning um opinber innkaup („samninginn“) ([3]). Samningnum ætti að beita gagnvart öllum innkaupasamningum, sem ná þeim fjárhæðum eða fara yfir fjárhæðirnar („viðmiðunarfjárhæðir“) sem settar eru fram í samningnum og tilgreindar sem sérstök dráttarréttindi.

2) Eitt af markmiðum tilskipunar 2014/23/ESB er að gera samningsstofnunum og samningsyfirvöldum, sem beita henni, kleift að uppfylla um leið þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í samningnum. Til að ná þessu markmiði ætti að aðlaga viðmiðunarfjárhæðirnar, sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun að því er varðar opinbera samninga sem samningurinn nær einnig yfir, til að tryggja að þær samsvari þeim fjárhæðum í evrum sem, námundaðar að næsta þúsundi, jafngilda þeim viðmiðunarfjárhæðum sem settar eru fram í samningnum.

3) Samræmisins vegna er rétt að aðlaga einnig þær viðmiðunarfjárhæðir í tilskipun 2014/23/ESB sem ekki falla undir samninginn. Því ætti að breyta tilskipun 2014/23/ESB til samræmis við það.

4) Þar eð útreikningur endurskoðuðu viðmiðunarfjárhæðanna þarf að fara fram á grundvelli meðaltals verðgildis evrunnar fyrir tiltekið tímabil, sem lýkur 31. ágúst, og birta á endurskoðuðu viðmiðunarfjárhæðirnar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins í byrjun nóvember, ætti að beita flýtimeðferðinni við samþykkt þessarar reglugerðar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 2014/23/ESB komi fjárhæðin „5 225 000 evrur“ í stað „5 186 000 evrur“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2016.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 307, 25.11.2015, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 94, 29.4.2014, bls. 1.

([2]) Ákvörðun ráðsins 94/800/EB frá 22. desember 1994 um samþykki af hálfu Evrópubandalagsins, að því er varðar málefni sem falla undir valdsvið þess, á samningunum sem náðust í Úrúgvælotu marghliða samningaviðræðnanna (1986 til 1994) (Stjtíð. EB L 336, 23.12.1994, bls. 1).

([3]) Samningurinn er fjölhliða samningur innan ramma Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Markmiðið með samningnum er að samningsaðilar opni markaði sína er varða opinber innkaup hver fyrir öðrum.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 1090/2010 **2016/EES/27/71**

frá 24. nóvember 2010

um breytingu á tilskipun ráðsins 2009/42/EB um gerð hagskýrslna í tengslum við vöru- og farþegaflutninga á sjó (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 338. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([1]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Önnur málsgrein VIII. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/42/EB ([2]) kveður á um að skilyrðin sem gilda um söfnun gagna að því er varðar gagnasafn B1 (gögn er varða „Sjóflutninga til og frá helstu höfnum í Evrópu, eftir höfn, tegund farms, vörum og venslum“) séu ákveðin af ráðinu, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, að teknu tilliti til niðurstaðna forkönnunar sem skal gerð á þriggja ára aðlögunartímabili eins og skilgreint er í 10. gr. tilskipunar 95/64/EB frá 8. desember 1995 um gerð hagskýrslna í tengslum við vöru- og farþegaflutninga á sjó ([3]).

2) Samkvæmt skýrslunni frá framkvæmdastjórninni til Evrópuþingsins og ráðsins um reynsluna sem hefur verið aflað í því starfi sem unnið hefur verið samkvæmt ákvæðum tilskipunar 95/64/EB („skýrsla framkvæmdastjórnarinnar“), virðist söfnun ítarlegra upplýsinga framkvæmanleg og felur ekki í sér óréttmætan kostnað að því er varðar búlkafarm og smábúlkafarm. Helstu vandkvæðin voru þó við söfnun gagna vegna gáma og ekjuumferðar. Einungis þótti hagkvæmt að kanna möguleikann á að rýmka gildissvið tilskipunar 95/64/EB vegna upplýsinganna, sem taldar eru upp í a-lið 2. mgr. 10. gr. þeirrar tilskipunar, þegar meiri reynsla hafði fengist með því að safna núverandi breytum og þegar núverandi kerfi var orðið áreiðanlegt. Að því er söfnun upplýsinga um verslunarvörur varðar ætti að taka tillit til hugsanlegrar endurskoðunar samkvæmt NST/R-flokkun (staðlað vöruflokkunarkerfi Evrópusambandsins fyrir hagskýrslur um flutninga, endursk. útg., 1967).

3) Starfsemi núverandi söfnunarkerfis er mjög skilvirk og á það einnig við um framkvæmd á breytingum sem innleiddar voru með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/366/EB frá 4. mars 2005 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 95/64/EB um gerð hagskýrslna í tengslum við vöru- og farþegaflutninga á sjó og breytingu á viðaukum við hana ([4]) og landfræðilega útvíkkun kerfisins vegna stækkunar Evrópusambandsins árin 2004 og 2007.

4) Stór hluti aðildarríkja sem senda gögn til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofa Evrópusambandsins) innan gildissviðs tilskipunar 95/64/EB hefur sent framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) gagnasafn B1 að eigin vali, í samræmi við flokkun hins staðlaða vöruflokkunarkerfis Evrópusambandsins fyrir hagskýrslur um flutninga, endursk. útg.

5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1304/2007 frá 7. nóvember 2007 að því er það varðar að koma á fót vöruflokkunarkerfi Evrópusambandsins fyrir hagskýrslur um flutninga (NST 2007), sem einu flokkuninni á vörum fluttum með tilteknum flutningsmátum ([5]), innleiddi vöruflokkunarkerfi Evrópusambandsins fyrir flutningahagskýrslur (hið staðlaða vöruflokkunarkerfi Evrópusambandsins fyrir hagskýrslur um flutninga 2007) sem einu flokkunina á vörum sem fluttar eru á sjó, vegum, með járnbrautum og eftir skipgengum vatnaleiðum. Flokkunin gildir frá viðmiðunarárinu 2008 og nær yfir gögn frá 2008. Helstu vandkvæði við söfnun gagna eftir tegund vara í samræmi við staðlað vöruflokkunarkerfi Evrópusambandsins fyrir hagskýrslur um flutninga, endursk. útg., eins og um getur í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar, hafa verið leyst með tilkomu hins staðlaða vöruflokkunarkerfis Evrópusambandsins fyrir hagskýrslur um flutninga, 2007. Í flestum tilvikum mun söfnun gagna, að því er varðar gagnasafn B1, því ekki auka stjórnsýsluálag á svarendur.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 325, 9.12.2010, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/2011 frá 1. apríl 2011 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 37, 30.6.2011, bls. 56.

([1]) Afstaða Evrópuþingsins frá 19. október 2010 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 17. nóvember 2010.

([2]) Stjtíð. ESB L 141, 6.6.2009, bls. 29.

([3]) Stjtíð. EB L 320, 30.12.1995, bls. 25. Tilskipun 95/64/EB hefur verið felld úr gildi og í stað hennar kom tilskipun 2009/42/EB.

([4]) Stjtíð. ESB L 123, 17.5.2005, bls. 1.

([5]) Stjtíð. ESB L 290, 8.11.2007, bls. 14.

6) Í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 1172/98 frá 25. maí 1998 um hagskýrslur um vöruflutninga á vegum ([6]), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 91/2003 frá 16. desember 2002 um hagskýrslur um járnbrautarflutninga ([7]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1365/2006 um hagskýrslur um vöruflutninga á skipgengum vatnaleiðum ([8]), er söfnun gagna eftir tegund vara skyldubundin fyrir evrópskrar hagskýrslur um flutninga á vegum, með járnbrautum og eftir skipgengum vatnaleiðum, en valkvæð vegna flutninga á sjó. Safna ætti evrópskum hagskýrslum um allar gerðir flutninga í samræmi við almennar hugmyndir og staðla, í því skyni að ná fram sem mestum mögulegum sambærileika milli flutningsmáta.

7) Innleiðingin árið 2011 á skyldunni á að láta framkvæmdastjórninni (Hagstofa Evrópusambandsins) í té gagnasafn B1 veitir aðildarríkjum hæfilegan frest, þar sem hægt er að nota valkvæða samantekt fyrir nauðsynlegar prófanir og aðlaganir.

8) Framkvæmdastjórnin ætti að hafa umboð til þess að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar tilteknar ítarlegar reglur til framkvæmdar tilskipunar 2009/42/EB. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga.

9) Því ber að breyta tilskipun 2009/42/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 2009/42/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað annarrar málsgreinar 4. mgr. 3. gr. komi eftirfarandi:

„Framkvæmdastjórnin getur samþykkt þessar ráðstafanir með framseldum gerðum í samræmi við 10. gr. a og með fyrirvara um skilyrði 10. gr. b og 10. gr. c.“

2) Í stað annarrar málsgreinar 1. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„Framkvæmdastjórnin getur samþykkt þessar ráðstafanir með framseldum gerðum í samræmi við 10. gr. a og með fyrirvara um skilyrði 10. gr. b og 10. gr. c.“

3) Í 5. gr. komi eftirfarandi í stað þriðju málsgreinar:

„Framkvæmdastjórnin getur samþykkt þessar ráðstafanir með framseldum gerðum í samræmi við 10. gr. a og með fyrirvara um skilyrði 10. gr. b og 10. gr. c.“

4) Í 10. gr. falli 3. mgr. brott.

5) Eftirfarandi greinar bætist við:

„10. gr. a

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 3. gr. (4. mgr.), 4. gr. (1. mgr.) og þriðju málsgrein 5. gr., í fimm ár á tímabili sem hefst 29. desember 2010. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu að því er varðar framsal valds eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal sjálfkrafa framlengt um jafn langan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið afturkalli það í samræmi við 10. gr. b.

2. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún jafnframt tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

3. Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í 10. gr. b og 10. gr. c.

10. gr. b

Afturköllun framsals

1. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal þess valds sem um getur í 3. gr. (4. mgr.), 4. gr. (1. mgr.) og þriðju málsgrein 5. gr.

2. Sú stofnun sem hafið hefur innri málsmeðferð til að skera úr um hvort afturkalla eigi framsal valds skal leitast við að upplýsa hina stofnunina og framkvæmdastjórnina með hæfilegum fyrirvara áður en endanleg ákvörðun er tekin og tilgreina hvaða valdheimildir, sem hafa verið framseldar, gætu verið afturkallaðar og mögulegar ástæður fyrir því.

3. Með ákvörðun um afturköllun er framsal þess valds sem tilgreint er í þeirri ákvörðun stöðvað. Ákvörðunin öðlast gildi tafarlaust eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á lögmæti framseldra gerða sem þegar eru í gildi. Hún skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

10. gr. c

Andmæli við framseldar gerðir

1. Evrópuþingið eða ráðið getur andmælt framseldri gerð innan tveggja mánaða frá tilkynningardegi.

Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

2. Hafi hvorki Evrópuþingið né ráðið andmælt framseldri gerð þegar tímabilið, sem um getur í 1. mgr., rennur út skal hún birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og öðlast gildi á þeim degi sem þar er tilgreindur.

([6]) Stjtíð. ESB L 163, 6.6.1998, bls. 1.
([7]) Stjtíð. ESB L 14, 21.1.2003, bls. 1.
([8]) Stjtíð. ESB L 264, 25.9.2006, bls. 1.

Áður en þetta tímabil rennur út má birta framseldu gerðina í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og öðlast hún gildi ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina um þá fyrirætlun sína að hreyfa ekki andmælum.

3. Andmæli annaðhvort Evrópuþingið eða ráðið framseldri gerð innan þess tímabils sem um getur í 1. mgr. öðlast hún ekki gildi. Sú stofnun, sem andmælir framseldu gerðinni, skal tilgreina ástæðurnar fyrir því.“

6) Önnur málsgrein VIII. viðauka fellur brott.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Fyrsta viðmiðunarárið fyrir beitingu þessarar reglugerðar skal vera 2011 og ná yfir gögn frá 2011.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 24. nóvember 2010.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
forseti.	*forseti.*
J. BUZEK	O. CHASTEL

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/208 **2016/EES/27/72**

frá 8. desember 2014

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 að því er varðar notkunaröryggi fyrir ökutæki vegna viðurkenningar á ökutækjum fyrir landbúnað og skógrækt (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

Með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 frá 5. febrúar 2013 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með ökutækjum fyrir landbúnað eða skógrækt ([1]), einkum 5. mgr. 17. gr. og 3. mgr. 49. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Innri markaðurinn myndar svæði án innri landamæra þar sem frjálsir vöruflutningar, frjáls för fólks, frjáls þjónustustarfsemi og fjármagnsflutningar eru tryggðir. Í þeim tilgangi gilda alhliða gerðarviðurkenningarkerfi ESB og styrkt markaðseftirlitskerfi fyrir ökutæki fyrir landbúnað og skógrækt sem og kerfi þeirra, íhluti og aðskildar tæknieiningar, eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 167/2013.

2) Ökutæki fyrir landbúnað og skógrækt sem falla undir skilgreininguna á „dráttarvél“ sem sett er fram í 8. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 og vélbúnaður er festur á, skulu gerðarviðurkennd í samræmi við 77. gr. þeirrar reglugerðar.

3) Þessi áfesti vélbúnaður gerir kleift að nota dráttarvélar í margvíslegum tilgangi í landbúnaði og skógrækt, þ.m.t. í sérhæfð verkefni. Því ætti þessi áfesti vélbúnaður að falla undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/42/EB ([2]), eins og sett er fram í 77. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013.

4) Með ákvörðun ráðsins 97/836/EB ([3]) gerðist Sambandið aðili að samningi efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um samþykkt samræmdra tækniforskrifta fyrir ökutæki á hjólum, búnað og hluti sem heimilt er að festa og/eða nota í ökutæki á hjólum og gekk að skilyrðunum fyrir gagnkvæmri viðurkenningu viðurkenninga sem eru veittar á grundvelli þessara forskrifta („endurskoðaður samningur frá 1958“). Í orðsendingu sinni „CARS 2020: Aðgerðaáætlun um samkeppnishæfan og sjálfbæran bílaiðnað í Evrópu“ lagði framkvæmdastjórnin áherslu á að samþykkt alþjóðareglna samkvæmt samningi efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu frá 1958 sé besta leiðin til að fjarlægja viðskiptahindranir aðrar en tolla.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 42, 17.2.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 245/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 60, 2.3.2013, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/42/EB frá 17. maí 2006 um vélarbúnað og um breytingu á tilskipun 95/16/EB (Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 24).

([3]) Ákvörðun ráðsins 97/836/EB frá 27. nóvember 1997 með hliðsjón af aðild Evrópubandalagsins að samningi efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um samþykkt samræmdra tækniforskrifta fyrir ökutæki á hjólum, búnað og hluta sem heimilt er að festa og/eða nota í ökutæki á hjólum og með hliðsjón af aðild að samningnum og skilyrðunum um gagnkvæma viðurkenningu á viðurkenningum sem eru veittar á grundvelli þessara forskrifta („endurskoðaður samningur frá 1958“) (Stjtíð. EB L 346, 17.12.1997, bls. 78).

5) Með ákvörðun 97/836/EB gerðist Sambandið einnig aðili að reglugerðum efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 3, 4, 5, 6, 7, 19, 23, 31, 37, 38, 43, 71, 79, 98 og 99.

6) Í Sambandinu eru sumar kröfurnar í reglugerðum um hluta ökutækja teknar upp úr samsvarandi reglugerðum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu. Sökum framþróunar í tækni er stöðugt verið að breyta reglugerðum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu og þarf að uppfæra viðeigandi reglugerðir Sambandsins reglulega til að þær séu í samræmi við viðkomandi reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu.

7) Í reglugerð (ESB) nr. 167/2013 er kveðið á um þann möguleika að beita reglugerðum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu við ESB-gerðarviðurkenningu ökutækja sem grundvelli að löggjöf Sambandsins. Samkvæmt þeirri reglugerð telst gerðarviðurkenning í samræmi við reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu, sem gilda á jöfnum grundvelli við löggjöf Sambandsins, vera ESB-gerðarviðurkenning í samræmi við þá reglugerð og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar.

8) Með notkun reglugerða efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu á jöfnum grundvelli við löggjöf Sambandsins er stuðlað að því að draga úr tvíverknaði, ekki aðeins hvað varðar tæknilegar kröfur heldur einnig vottun og stjórnsýslumeðferð. Að auki ætti gerðarviðurkenning, sem með beinum hætti byggist á stöðlum sem hafa verið samþykktir á alþjóðavettvangi, að bæta markaðsaðgang í þriðju löndum, einkum þeim sem eru aðilar að endurskoðaða samningnum frá 1958, og auka þannig samkeppnishæfni iðnaðar í Sambandinu.

9) Rétt þykir að fella reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 3, 4, 5, 6, 7, 19, 23, 31, 37, 38, 43, 71, 79, 98, 99, 106, 112 og 113 inn í I. viðauka við þessa reglugerð, en þar eru skráðar þær reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu sem gilda til jafns við löggjöf Sambandsins.

10) Í 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 og I. viðauka við þá reglugerð er mælt fyrir um kröfur um notkunaröryggi sem áður féllu undir tilskipanir sem felldar eru niður með þeirri reglugerð. Þó að kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð hafi að miklu leyti verið færðar yfir úr þessum niðurfelldu tilskipunnum, ætti að taka upp mikilvægar breytingar ef nauðsyn krefur til að uppfæra í takt við tækniframfarir, rýmka gildissviðið til fleiri ökutækjaflokka eða auka öryggisstig að því er varðar t.d.: stýringu, rúður, mál og massa, hjólbarða og véltengi sem öll teljast þýðingarmikil fyrir notkunaröryggi ökutækja fyrir landbúnað og skógrækt. Innleiða ætti kröfur varðandi hámarkshönnunarhraða, hraðatakmarkara og hraðatakmörkunarbúnað til að ná yfir tiltekna eiginleika dráttarvéla fyrir landbúnað eða skógrækt sem hannaðar eru til notkunar utan vega en eru einnig á ferð á opinberum vegum með hörðu, bundnu slitlagi.

11) Þegar framleiðendur geta kosið að sækja um landsbundna gerðarviðurkenningu í samræmi við 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 ætti aðildarríkjum að vera frjálst að setja kröfur að því er varðar landsbundna gerðarviðurkenningu fyrir öll viðfangsefni sem fjallað er um í þessari reglugerð, sem eru ólíkar kröfum þessarar reglugerðar.

Að því er varðar landsbundna gerðarviðurkenningu geta landsyfirvöld ekki, á grundvelli notkunaröryggis, synjað um viðurkenningu á gerðum ökutækja, kerfa, íhluta og aðskilinna tæknieininga sem uppfylla þær kröfur sem kveðið er á um í þessari reglugerð, að undanskildum kröfum um tiltekin viðfangsefni þar sem sum aðildarríki gera strangari kröfur á landsvísu.

12) Aðildarríki ættu að banna að bjóða fram á markaði, skrá eða taka í notkun ný ökutæki sem uppfylla ekki kröfur þessarar reglugerðar frá og með sama degi og kveðið er á um í reglugerð 167/2013 og öðrum framseldum gerðum sem samþykktar eru samkvæmt henni.

13) Til þess að allar nýjar reglur um gerðarviðurkenningu geti haft samræmdan gildistökudag ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2016, sem er dagurinn þegar reglugerð (ESB) nr. 167/2013 kemur til framkvæmda.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

VIÐFANGSEFNI OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni

Í reglugerð þessari er komið á ítarlegum tæknilegum kröfum og prófunaraðferðum að því er varðar notkunaröryggi, nema að því er varðar hemlaafköst, um viðurkenningu og markaðseftirlit með ökutækjum fyrir landbúnað og skógrækt sem og kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætluð eru fyrir slík ökutæki í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 167/2013.

2. gr.

Skilgreiningar

Skilgreiningarnar í reglugerð (ESB) nr. 167/2013 gilda. Að auki gilda eftirfarandi skilgreiningar:

1) „dráttarbúnaður“: íhlutur dráttarvélarinnar sem er hannaður sem véltengi milli dráttarvélarinnar og dráttarbifreiðar til að draga dráttarvélina á brott ef hún getur ekki knúið sig sjálf,

2) „massi ökutækis, án hleðslu, sem er tilbúið til aksturs“: massi óhlaðins ökutækis sem er tilbúið til eðlilegrar notkunar og búið staðalbúnaði í samræmi við forskriftir framleiðanda, þ.m.t. kælivökva, smurefnum, eldsneyti og verkfærum, auk ökumanns (sem telst vera 75 kg) og að undanskildum valfrjálsum aukabúnaði,

3) „stýrisbúnaður“: sá hluti sem ökumaður stjórnar beint til að stýra dráttarvélinni,

4) „stýriskraftur“: það afl sem ökumaður beitir á stýrisbúnaðinn til að stýra dráttarvélinni,

5) „hjólbarðar til almennrar notkunar“: sú gerð eða þær gerðir hjólbarða sem framleiðandi setur á þá gerð ökutækis sem um er að ræða og tilgreindar eru í upplýsingaskjalinu sem samræmist sniðmátinu sem sett er fram í a-lið 68. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013,

6) „skriðbelti til almennrar notkunar“: sú gerð eða þær gerðir skriðbelta sem framleiðandi setur á þá gerð ökutækis sem um er að ræða og tilgreindar eru í upplýsingaskjalinu sem samræmist sniðmátinu sem sett er fram í a-lið 68. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013,

7) „baksýnisspegill“: búnaður sem veitir góða útsýn aftur fyrir, innan sjónsviðs sem er rúmfræðilega skilgreint í 5. lið IX. viðauka, og sem hlutar íhluta dráttarvélarinnar eða ökumaður eða farþegar skyggja ekki á, innan eðlilegra marka,

8) „innri baksýnisspegill“: baksýnisspegill sem er komið fyrir inni í stýrishúsi eða grind dráttarvélar,

9) „flokkur baksýnisspegla“: allir baksýnisspeglar sem hafa einn eða fleiri sameiginlega eiginleika eða hlutverk,

10) „ljósker“: búnaður sem er hannaður til að lýsa upp veg (aðalljósker) eða gefa ljósmerki,

11) „hjólhaf dráttarvélar“ eða „hjólhaf ökutækis“: fjarlægðin milli lóðréttu plananna sem liggja hornrétt á lengdarmiðjuplan dráttarvélarinnar eða ökutækisins í gegnum ása þeirra,

12) „ökutæki með hleðslu“: ökutæki sem er hlaðið upp að tæknilega leyfilegum hámarksmassa.

II. KAFLI

KRÖFUR UM NOTKUNARÖRYGGI FYRIR ÖKUTÆKI

3. gr.

Uppsetningar og sýnikröfur varðandi notkunaröryggi

1. Framleiðendur skulu búa ökutæki fyrir landbúnað og skógrækt með kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem hafa áhrif á notkunaröryggi, sem eru hönnuð, smíðuð og sett saman þannig að ökutæki við eðlilega notkun sem viðhaldið er í samræmi við forskriftir framleiðanda uppfylli ítarlegar tæknilegar kröfur og prófunaraðferðir sem settar eru fram í 5. til 38. gr.

2. Framleiðendur skulu með raunverulegri sýniprófun sýna viðurkenningaryfirvaldi fram á að ökutæki fyrir landbúnað og skógrækt sem sett eru á markað, skráð eða tekin í notkun í Sambandinu uppfylli kröfur um notkunaröryggi sem mælt er fyrir um í 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 og I. viðauka þeirrar reglugerðar og uppfylli ítarlegar tæknilegar kröfur og prófunaraðferðir sem mælt er fyrir um í 5. til 38. gr. þessarar reglugerðar.

3. Framleiðendur skulu tryggja að varahlutir sem boðnir eru fram á markaði eða teknir í notkun í Sambandinu uppfylli ítarlegar tæknilegar kröfur og prófunaraðferðir sem um getur í þessari reglugerð.

4. Framleiðendur skulu leggja fyrir viðurkenningaryfirvaldið lýsingu á þeim ráðstöfunum sem gripið er til, til að koma í veg fyrir að átt sé við stjórnunarkerfi aflrásar eða því breytt, þ.m.t. rafrænt tölvueftirlitskerfi með notkunaröryggi ef það er til staðar.

4. gr.

Beiting reglugerða efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu

Reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu og breytingar á þeim sem settar eru fram í I. viðauka við þessa reglugerð gilda um gerðarviðurkenningu ökutækja fyrir landbúnað og skógrækt.

5. gr.

Tækniforskriftir um kröfur um notkunaröryggi og prófunaraðferðir

1. Aðferð við prófun á notkunaröryggi skal framkvæmd í samræmi við prófunarkröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

2. Prófanirnar skulu framkvæmdar af eða í viðurvist viðurkenningaryfirvalds eða, ef viðurkenningaryfirvald heimilar það, af tækniþjónustu.

3. Mæliaðferðir og niðurstöður úr prófun skal tilkynna viðurkenningaryfirvaldi í prófunarskýrslu á því formi sem sett er fram í f-lið 68. gr. í reglugerð (ESB) nr. 167/2013.

6. gr.

Kröfur um heilleika burðarvirkis ökutækis

Nothæfiskröfur sem gilda um heilleika burðarvirkis ökutækis sem um getur í a-lið 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal staðfesta í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

7. gr.

Kröfur um hámarkshönnunarhraða, hraðatakmarkara og hraðatakmörkunarbúnað

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um hraða, hraðatakmarkara og hraðatakmörkunarbúnað sem um getur í b-lið 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

8. gr.

Kröfur um stýrisbúnað fyrir hraðskreiðar dráttarvélar

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um stýrisbúnað fyrir hraðskreiðar dráttarvélar sem um getur í b-lið 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við IV. viðauka við þessa reglugerð.

9. gr.

Kröfur um stýrisbúnað

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um stýrisbúnað sem um getur í b-lið 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við V. viðauka við þessa reglugerð.

10. gr.

Kröfur um hraðamæla

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um hraðamæla sem um getur í b-lið 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við VI. viðauka við þessa reglugerð.

11. gr.

Kröfur um sjónsvið og framrúðuþurrkur

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um sjónsvið og framrúðuþurrkur sem um getur í c-lið 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við VII. viðauka við þessa reglugerð.

12. gr.

Kröfur um rúður

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um rúður sem um getur í c-lið 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við VIII. viðauka við þessa reglugerð.

13. gr.

Kröfur um baksýnisspegla

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um baksýnisspegla sem um getur í c-lið 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við IX. viðauka við þessa reglugerð.

14. gr.

Kröfur um upplýsingakerfi fyrir ökumenn

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um upplýsingakerfi fyrir ökumenn sem um getur í c-lið 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við X. viðauka við þessa reglugerð.

15. gr.

Kröfur um lýsingu, ljósmerkjabúnað og ljósgjafa

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um lýsingu, ljósmerkjabúnað og ljósgjafa sem um getur í d-lið 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XI. viðauka við þessa reglugerð.

16. gr.

Kröfur um ljósabúnað

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um ljósabúnað sem um getur í d-lið 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XII. viðauka við þessa reglugerð.

17. gr.

Kröfur um vernd ökumanns og farþega í ökutækjum, þ.m.t. innréttingar, höfuðpúða, sætisbelti og dyr á ökutækjum

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um vernd ökumanns og farþega, þ.m.t. innréttingar, höfuðpúðar, sætisbelti og dyr á ökutækjum sem um getur í e-lið 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XIII. viðauka við þessa reglugerð.

18. gr.

Kröfur um ytra borð ökutækis og fylgihluti

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um ytra borð ökutækis og fylgihluti sem um getur í f-lið 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XIV. viðauka við þessa reglugerð.

19. gr.

Kröfur um rafsegulsviðssamhæfi

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um rafsegulsviðssamhæfi sem um getur í g-lið 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XV. viðauka við þessa reglugerð.

20. gr.

Kröfur um hljóðmerkjabúnað

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um hljóðmerkjabúnað sem um getur í h-lið 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XVI. viðauka við þessa reglugerð.

21. gr.

Kröfur um hitakerfi

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um hitakerfi sem um getur í i-lið 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XVII. viðauka við þessa reglugerð.

22. gr.

Kröfur um búnað til að koma í veg fyrir notkun án leyfis

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um búnað til að koma í veg fyrir notkun án leyfis sem um getur í j-lið 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XVIII. viðauka við þessa reglugerð.

23. gr.

Kröfur um skráningarmerki

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um skráningarmerki sem um getur í k-lið 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XIX. viðauka við þessa reglugerð.

24. gr.

Kröfur um lögboðnar merkiplötur og merkingar

Nothæfiskröfur sem gilda um lögboðnar merkiplötur og merkingar sem um getur í k-lið 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal staðfesta í samræmi við XX. viðauka við þessa reglugerð.

25. gr.

Kröfur um mál og massa eftirvagna

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um mál og massa eftirvagna sem um getur í l-lið 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XXI. viðauka við þessa reglugerð.

26. gr.

Kröfur um hámarksmassa með hleðslu

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um hámarksmassa með hleðslu sem um getur í l-lið 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XXII. viðauka við þessa reglugerð.

27. gr.

Kröfur um þyngdarklossa

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um þyngdarklossa sem um getur í l-lið 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XXIII. viðauka við þessa reglugerð.

28. gr.

Kröfur um öryggi rafkerfa

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um rafkerfi sem um getur í m-lið 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal staðfesta í samræmi við XXIV. viðauka við þessa reglugerð.

29. gr.

Kröfur um eldsneytisgeyma

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um eldsneytisgeyma sem um getur í a- og m-lið 2. mgr. 17. gr. og l-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XXV. viðauka við þessa reglugerð.

30. gr.

Kröfur um veltigrindur að aftan

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um veltigrindur að aftan sem um getur í n-lið 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XXVI. viðauka við þessa reglugerð.

31. gr.

Kröfur um hliðarvörn

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um hliðarvörn sem um getur í o-lið 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XXVII. viðauka við þessa reglugerð.

32. gr.

Kröfur um hleðslupalla

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um hleðslupalla sem um getur í p-lið 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XXVIII. viðauka við þessa reglugerð.

33. gr.

Kröfur um dráttarbúnað

Nothæfiskröfurnar sem gilda um dráttarbúnað sem um getur í q-lið 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal staðfesta í samræmi við XXIX. viðauka við þessa reglugerð.

34. gr.

Kröfur um hjólbarða

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um hjólbarða sem um getur í r-lið 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XXX. viðauka við þessa reglugerð.

35. gr.

Kröfur um hjól- og aurhlífabúnað

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um hjól- og aurhlífabúnað sem um getur í s-lið 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XXXI. viðauka við þessa reglugerð.

36. gr.

Kröfur um bakkgír

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um bakkgír sem um getur í t-lið 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal staðfesta í samræmi við XXXII. viðauka við þessa reglugerð.

37. gr.

Kröfur um skriðbelti

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um skriðbelti sem um getur í u-lið 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XXXIII. viðauka við þessa reglugerð.

38. gr.

Kröfur um véltengi

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um véltengi sem um getur í v-lið 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XXXIV. viðauka við þessa reglugerð.

III. KAFLI

SKYLDUR AÐILDARRÍKJANNA

39. gr.

Gerðarviðurkenning ökutækja, kerfa, íhluta og aðskilinna tæknieininga

Frá og með 1. janúar 2018 skulu landsyfirvöld, þegar um er að ræða ný ökutæki sem uppfylla ekki ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 og þessarar reglugerðar um notkunaröryggi, banna að slík ökutæki verði boðin fram á markaði, skráð eða tekin í notkun.

40. gr.

Landsbundin gerðarviðurkenning ökutækja, kerfa, íhluta og aðskilinna tæknieininga

Landsyfirvöld skulu ekki synja um veitingu landsbundinnar gerðarviðurkenningar fyrir ökutæki, kerfi, íhlut eða aðskilda tæknieiningu á grundvelli notkunaröryggis ef ökutækið, kerfið, íhluturinn eða aðskilda tæknieiningin uppfyllir þær kröfur sem settar eru fram í þessari reglugerð, að undanskildum kröfum um eftirfarandi:

a) mál ökutækis og massa eftirvagns, eins og sett er fram í 25. gr.,

b) hámarksmassa með hleðslu eins og sett er fram í 26. gr.,

c) meðalþrýsting í snertingu við jörð og hámarkshleðslu á hvern beltavals fyrir dráttarvélar í flokki C eins og sett er fram í 37. gr.,

d) merkjaplötur og -þynnur eins og sett er fram í 16. gr. fyrir ökutæki í flokki S sem eru breiðari en 2,55 m.

IV. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

41. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún skal koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. desember 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

Jean-Claude JUNCKER

_____

SKRÁ YFIR VIÐAUKA

Númer viðauka	Heiti viðauka	Blaðsíðunúmer
I	Skrá yfir gildandi reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu	12
II	Kröfur um heilleika burðarvirkis ökutækis	16
III	Kröfur um hámarkshönnunarhraða, hraðatakmarkara og hraðatakmörkunarbúnað	17
IV	Kröfur um stýrisbúnað fyrir hraðskreiðar dráttarvélar	19
V	Kröfur um stýrisbúnað	20
VI	Kröfur um hraðamæla	23
VII	Kröfur um sjónsvið og framrúðuþurrkur	25
VIII	Kröfur um rúður	26
IX	Kröfur um baksýnisspegla	28
X	Kröfur um upplýsingakerfi fyrir ökumenn	30
XI	Kröfur um lýsingu, ljósmerkjabúnað og ljósgjafa	31
XII	Kröfur um ljósabúnað	32
XIII	Kröfur um vernd ökumanns og farþega í ökutækjum, þ.m.t. innréttingar, höfuðpúða, sætisbelti og dyr á ökutækjum	70
XIV	Kröfur um ytra borð ökutækis og fylgihluti	76
XV	Kröfur um rafsegulsviðssamhæfi	78
XVI	Kröfur um hljóðmerkjabúnað	123
XVII	Kröfur um hitakerfi	124
XVIII	Kröfur um búnað til að koma í veg fyrir notkun án leyfis	125
XIX	Kröfur um skráningarmerki	126
XX	Kröfur um lögboðnar merkiplötur og merkingar	128
XXI	Kröfur um mál og massa eftirvagna	130
XXII	Kröfur um hámarksmassa með hleðslu	132
XXIII	Kröfur um þyngdarklossa	134
XXIV	Kröfur um öryggi rafkerfa	135
XXV	Kröfur um eldsneytisgeyma	136
XXVI	Kröfur um veltigrindur að aftan	137

Númer viðauka	Heiti viðauka	Blaðsíðunúmer
XXVII	Kröfur um hliðarvörn	140
XXVIII	Kröfur um hleðslupalla	145
XXIX	Kröfur um dráttarbúnað	146
XXX	Kröfur um hjólbarða	147
XXXI	Kröfur um hjól- og aurhlífabúnað	154
XXXII	Kröfur um bakkgír	155
XXXIII	Kröfur um skriðbelti	156
XXXIV	Kröfur um véltengi	159

I. VIÐAUKI

Skrá yfir gildandi reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu

Númer reglu-gerðar	Viðfangsefni	Röð breytinga	Tilvísun í Stjtíð.	Gildissvið
3	Lýsing, ljósmerkjabúnaður og ljósgjafar	12. viðbót við röð breytinga nr. 02	Stjtíð. ESB L 323, 6.12.2011, bls. 1	T, C, R og S
4	Lýsing, ljósmerkjabúnaður og ljósgjafar	14. viðbót við upprunalega útgáfu reglugerðarinnar 15. viðbót við upprunalega útgáfu reglugerðarinnar	Stjtíð. ESB L 31, 31.1.2009, bls. 35 Stjtíð. ESB L 4, 7.1.2012, bls. 17	T, C, R og S
5	Lýsing, ljósmerkjabúnaður og ljósgjafar	Tekur til alls gildandi texta upp að röð breytinga nr. 03	Stjtíð. ESB L 162, 29.5.2014, bls. 1	T og C
6	Lýsing, ljósmerkjabúnaður og ljósgjafar	19. viðbót við röð breytinga nr. 01 1. leiðrétting á 18. viðbót 19. viðbót við röð breytinga nr. 01	Stjtíð. ESB L 177, 10.7.2010, bls. 40	T, C, R og S
7	Lýsing, ljósmerkjabúnaður og ljósgjafar Ljósabúnaður	16. viðbót við röð breytinga nr. 02	Stjtíð. ESB L 148, 12.6.2010, bls. 1	T, C, R og S
10	Rafsegulsviðssamhæfi	Röð breytinga nr. 04 1. leiðrétting á 4. endurskoðun 1. viðbót við röð breytinga nr. 04	Stjtíð. ESB L 254, 20.9.2012, bls. 1	T og C
18	Búnaður til að koma í veg fyrir notkun án leyfis	2. viðbót við röð breytinga nr. 03	Stjtíð. ESB L 120, 13.5.2010, bls. 29	T og C
19	Lýsing, ljósmerkjabúnaður og ljósgjafar	2. viðbót við röð breytinga nr. 03	Stjtíð. ESB L 177, 10.7.2010, bls. 113	T og C
21	Innréttingar – dyr	3. viðbót við röð breytinga nr. 01	Stjtíð. ESB L 188, 16.7.2008, bls. 32	T og C

Númer reglu-gerðar	Viðfangsefni	Röð breytinga	Tilvísun í Stjtíð.	Gildissvið
23	Lýsing, ljósmerkjabúnaður og ljósgjafar	17. viðbót við upprunalega útgáfu reglugerðarinnar	Stjtíð. ESB L 4, 17.1.2012, bls. 18	T, C, R og S
25	Höfuðpúðar	Röð breytinga nr. 04 2. leiðrétting á 1. endurskoðun reglugerðarinnar	Stjtíð. ESB L 215, 14.8.2010, bls. 1	T og C
28	Hljóðmerkjabúnaður	3. viðbót við upprunalega útgáfu reglugerðarinnar	Stjtíð. ESB L 323, 6.12.2011, bls. 33	T og C
30	Hjólbarðar	15. viðbót við röð breytinga nr. 02 16. viðbót við röð breytinga nr. 02	Stjtíð. ESB L 201, 30.7.2008, bls. 70 Stjtíð. ESB L 307, 23.11.2011, bls. 1	T, R og S
31	Lýsing, ljósmerkjabúnaður og ljósgjafar	7. viðbót við röð breytinga nr. 02	Stjtíð. ESB L 185, 17.7.2010, bls. 15	T og C
37	Lýsing, ljósmerkjabúnaður og ljósgjafar	34. viðbót við röð breytinga nr. 03	Stjtíð. ESB L 297, 13.11.2010, bls. 1	T, C og R
38	Lýsing, ljósmerkjabúnaður og ljósgjafar	15. viðbót við upprunalega útgáfu reglugerðarinnar 1. leiðrétting á 12. viðbót Breytingar á reglugerð 38 með 15. viðbót við upprunalega útgáfu reglugerðarinnar	Stjtíð. ESB L 148, 12.6.2010, bls. 55 Stjtíð. ESB L 4, 7.1.2012, bls. 20	T og C
43	Rúður	2. viðbót við röð breytinga nr. 01	Stjtíð. ESB L 42, 12.2.2014, bls. 1	T og C
46	Baksýnisspeglar	4. viðbót við röð breytinga nr. 02 1. leiðrétting á 4. viðbót	Stjtíð. ESB L 177, 10.7.2010, bls. 211	T og C
48	Ljósabúnaður	6. viðbót við röð breytinga nr. 04 Röð breytinga nr. 05	Stjtíð. ESB L 323, 6.12.2011, bls. 46	T, C, R og S
54	Hjólbarðar	16. viðbót við upprunalega útgáfu reglugerðarinnar 17. viðbót við upprunalega útgáfu reglugerðarinnar	Stjtíð. ESB L 183, 11.7.2008, bls. 41 Stjtíð. ESB L 307, 23.11.2011, bls. 2	T, R og S

Númer reglu-gerðar	Viðfangsefni	Röð breytinga	Tilvísun í Stjtíð.	Gildissvið
55	Véltengi	1. viðbót við röð breytinga nr. 01	Stjtíð. ESB L 227, 28.8.2010, bls. 1	T, C, R og S
62	Búnaður til að koma í veg fyrir notkun án leyfis	2. viðbót við upprunalega útgáfu reglugerðarinnar	Stjtíð. ESB L 89, 27.3.2013, bls. 37	T og C
69	Lýsing, ljósmerkjabúnaður og ljósgjafar Ljósabúnaður	5. viðbót við röð breytinga nr. 01	Stjtíð. ESB L 200, 31.7.2010, bls. 1	T og C T, C, R og S
73	Hliðarvörn	Röð breytinga nr. 01	Stjtíð. ESB L 122, 8.5.2012, bls. 1	R3b og R4B
75	Hjólbarðar	13. viðbót við upprunalega útgáfu reglugerðarinnar	Stjtíð. ESB L 84, 30.3.2011, bls. 46	T, R og S
77	Ljósabúnaður	14. viðbót við upprunalega útgáfu reglugerðarinnar	Stjtíð. ESB L 4, 7.1.2012, bls. 4	T, C, R og S
79	Stýrisbúnaður fyrir hraðskreiðar dráttarvélar	3. viðbót við röð breytinga nr. 01	Stjtíð. ESB L 137, 27.5.2008, bls. 25	Tb og Cb
81	Baksýnisspeglar	2. viðbót við upprunalega útgáfu reglugerðarinnar	Stjtíð. ESB L 185, 13.7.2012, bls. 1	T og C með sæti, sem setið er klofvega á, og stýrishandfangi
87	Lýsing, ljósmerkjabúnaður og ljósgjafar	14. viðbót við upprunalega útgáfu reglugerðarinnar 1. leiðrétting á 2. endurskoðun 15. viðbót við upprunalega útgáfu reglugerðarinnar	Stjtíð. ESB L 164, 30.6.2010, bls. 46 Stjtíð. ESB L 4, 7.1.2012, bls. 24	T og C
89	Hámarkshönnunarhraði, hraðatakmarkarar og hraðatakmörkunarbúnaður	1. viðbót við upprunalega útgáfu reglugerðarinnar	Stjtíð. EB L 158, 19.6.2007, bls. 1	T og C
91	Lýsing, ljósmerkjabúnaður og ljósgjafar	11. viðbót við upprunalega útgáfu reglugerðarinnar 12. viðbót við upprunalega útgáfu reglugerðarinnar 13. viðbót við upprunalega útgáfu reglugerðarinnar	Stjtíð. ESB L 164, 30.6.2010, bls. 69 Stjtíð. ESB L 4, 7.1.2012, bls. 27	R og S
98	Lýsing, ljósmerkjabúnaður og ljósgjafar	4. viðbót við röð breytinga nr. 01	Stjtíð. ESB L 176, 14.6.2014, bls. 64	T og C

Númer reglu-gerðar	Viðfangsefni	Röð breytinga	Tilvísun í Stjtíð.	Gildissvið
99	Lýsing, ljósmerkjabúnaður og ljósgjafar	5. viðbót við upprunalega útgáfu reglugerðarinnar	Stjtíð. ESB L 164, 30.6.2010, bls. 151	T og C
104	Ljósabúnaður	Breytingar með öllum gildandi texta upp að: 7. viðbót við upprunalega útgáfu reglugerðarinnar	Stjtíð. ESB L 75, 14.3.2014, bls. 29	T, C, R og S
106	Hjólbarðar	8. viðbót við upprunalega útgáfu reglugerðarinnar	Stjtíð. ESB L 257, 30.9.2010, bls. 231	T, R og S
112	Lýsing, ljósmerkjabúnaður og ljósgjafar	12. viðbót við upprunalega útgáfu reglugerðarinnar	Stjtíð. ESB L 230, 31.8.2010, bls. 264	T og C
113	Lýsing, ljósmerkjabúnaður og ljósgjafar	Breytingar með öllum gildandi texta upp að 3. viðbót við röð breytinga nr. 01 á reglugerðinni	Stjtíð. ESB L 176, 14.6.2014, bls. 128	T og C
117	Hjólbarðar	Röð breytinga nr. 02 1. leiðrétting á röð breytinga nr. 02 2. leiðrétting á röð breytinga nr. 02 3. leiðrétting á röð breytinga nr. 02	Stjtíð. ESB L 307, 23.11.2011, bls. 3	T, R og S
119	Lýsing, ljósmerkjabúnaður og ljósgjafar	Breytingar með öllum gildandi texta upp að 3. viðbót við röð breytinga nr. 01 á reglugerðinni	Stjtíð. ESB L 89, 25.3.2014, bls. 101	T og C
122	Hitakerfi	2. viðbót við upprunalega útgáfu reglugerðarinnar 1. viðbót við upprunalega útgáfu reglugerðarinnar	Stjtíð. ESB L 164, 30.6.2010, bls. 231	T og C
123	Aðlögunarhæf framljósakerfi	Breytingar með öllum gildandi texta upp að 4. viðbót við upprunalega útgáfu reglugerðarinnar	Stjtíð. ESB L 222, 24.8.2010, bls. 1	T og C
128	Ljósgjafar með ljósdíóðum (LED)	Breytingar með öllum gildandi texta upp að 2. viðbót við upprunalega útgáfu reglugerðarinnar	Stjtíð. ESB L 162, 29.5.2014, bls. 43	T, C og R

II. VIÐAUKI

Kröfur um heilleika burðarvirkis ökutækis

1. Ökutæki skulu hönnuð og smíðuð þannig að þau séu nægilega traust til að þola fyrirhugaða notkun á hefðbundnum endingartíma, með tilliti til reglulegs og áætlaðs viðhalds og stillingar sérstaks búnaðar sem sett er skýrt og afdráttarlaust fram í notendahandbók sem fylgir með ökutækinu. Framleiðandi ökutækis skal leggja fram undirritaða yfirlýsingu þess efnis.

2. Samsetning og smíði ökutækis í samsetningarverksmiðjum, einkum ferli er varða ramma, grind og yfirbyggingu og drifrás, skulu falla undir gæðatryggingarkerfi til að tryggja að eftir því sem við á séu mikilvægar vélrænar tengingar, svo sem málmsuða og snittaðar tengingar sem og önnur viðeigandi efniseinkenni, undir eftirliti og sannprófuð.

3. Viðurkenningaryfirvald skal sannreyna gæðatryggingarkerfið sem hluta af fyrirkomulaginu vegna framleiðslusamræmis sem um getur í 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013.

4. Gerðarviðurkenningaryfirvald skal staðfesta að ef til innköllunar kemur vegna alvarlegrar öryggisáhættu, verði sértæk greining á burðarvirki ökutækis, íhlutum og/eða hlutum með verkfræðilegum útreikningum, sýndarprófunaraðferðum og/eða burðarvirkisprófunum án tafar gerð tiltæk viðurkenningaryfirvaldinu og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins óski þau eftir því.

5. Gerðarviðurkenning ökutækis skal ekki veitt ef það er ástæða til að efast um að framleiðandi ökutækisins geti gert greininguna sem um getur í 4. lið aðgengilega. Þessi efi getur annað hvort stafað af aðgengileika eða tilvist slíkrar greiningar (t.d. umsókn um gerðarviðurkenningu fyrir takmarkaða framleiðslulotu ökutækja frá framleiðanda sem ekki hefur staðfestu og sem hefur aðila í fyrirsvari sem ekki er líklegur til að hafa marktækan aðgang að slíkri greiningu).

_____

III. VIÐAUKI

Kröfur um hámarkshönnunarhraða, hraðatakmarkara og hraðatakmörkunarbúnað

1. **Skilgreiningar**

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1.1. „hraðatakmarkari“: búnaður sem er notaður til að mæla og stjórna hraða hreyfilsins og/eða ökutækisins.

1.2. „aflrás“: flokkur íhluta sem framleiða afl og skila því á yfirborð vegar, þ.m.t. hreyfill, gírskipting, drifsköft, mismunadrif og drifhjól eða skriðbelti.

1.3. „óheimilar breytingar“: óheimilar breytingar sem gætu dregið úr notkunaröryggi, einkum með því að auka afköst ökutækisins og valda umhverfinu skaða.

1.4. „hraðatakmörkunarbúnaður“: búnaður sem hefur það meginhlutverk að stjórna eldsneytisgjöf til hreyfilsins til að takmarka hraða ökutækisins við tilgreint gildi.

KRÖFUR

2. **Hámarkshönnunarhraði**

2.1. Við gerðarviðurkenningarprófun skal meðalhraði mældur á beinni braut sem dráttarvélinni er ekið eftir í báðar áttir þegar ræst er á ferð. Brautin skal vera á bundnum jarðvegi, hún skal vera flöt og a.m.k. 100 metrar á lengd og halli má vera á brautinni, þó ekki meiri en 1,5%.

2.2. Við prófunina skal dráttarvélin vera óhlaðin og tilbúin til aksturs, án þyngdarklossa eða sérstaks búnaðar, og þrýstingur í hjólbörðum skal vera eins og hann er tilgreindur fyrir akstur á vegum.

2.3. Við prófunina skal dráttarvélin vera með nýja loftfyllta hjólbarða sem hafa mesta snúningsradíusinn sem framleiðandinn áætlaði fyrir dráttarvélina, og er hann settur fram með snúningsradíusstuðlinum.

2.4. Í prófuninni skal nota það gírhlutfall sem gerir kleift að ná hámarkshraða ökutækisins við fulla eldsneytisgjöf.

2.5. Með tilliti til þess að ýmsar óhjákvæmilegar skekkjur geta orðið, einkum vegna mæliaðferða og aukningar á snúningshraða hreyfils vegna hlutaálags, skal mældur hraði sem fer 3 km/klst. yfir hámarkshönnunarhraða vera leyfður við gerðarviðurkenningarprófunina. Leyfa skal 5% vikmörk til viðbótar til að taka tillit til breytileika vegna stærðar hjólbarða.

2.6. Til þess að viðurkenningaryfirvöld geti reiknað út fræðilegan hámarkshraða þeirra skal framleiðandi tilgreina til viðmiðunar gírhlutfall, raunverulega hreyfingu drifhjóla fram á við er samsvarar einum heilum snúningi, og snúningshraða hreyfils við mesta snúningsvægi miðað við hámarksafköst við fulla eldsneytisgjöf og með hraðatakmarkara, ef hann er til staðar, stilltan samkvæmt fyrirmælum framleiðanda. Fræðilegur hámarkshraði skal reiknaður án þeirra vikmarka sem um getur í lið 2.5.

3. **Hraðatakmarkari**

3.1. Ef hraðatakmarkari er staðalbúnaður frá framleiðanda skal hann settur í og hannaður á þann hátt að dráttarvélin uppfylli ákvæði 2. liðar hér að framan um hámarkshönnunarhraða.

4. **Kröfur um hraðatakmörkunarbúnað og ráðstafanir til að koma í veg fyrir að óheimilar breytingar séu gerðar á aflrás og hraðatakmörkunarbúnaði (varnir gegn óheimilum breytingum)**

4.1. Kröfur um hraðatakmörkunarbúnað

Ökutæki í flokkum T og C með hámarkshönnunarhraða yfir 60 km/klst. skulu búin stillanlegum hraðatakmörkunarbúnaði sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í þessum viðauka.

4.1.1. Stillanlegur hraðatakmörkunarbúnaður skal uppfylla kröfurnar fyrir ökutæki í flokkum N2 og N3 sem settar eru fram í liðum 1 og 2, II. hluta (lið 13.2), III. hluta (liðum 21.2 og 21.3), 5. viðauka (1. lið) og 6. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 89 eins og um getur í I. viðauka.

4.2. Varnir gegn óheimilum breytingum á aflrás og hraðatakmörkunarbúnaði

4.2.1. Tilgangur og gildissvið

Ráðstöfunum gegn óheimilum breytingum á aflrás er ætlað að tryggja að ökutæki sem uppfyllir kröfur um vistvænleika og knúningsafl, kröfur um smíði ökutækis auk krafna um notkunaröryggi þegar gerðarviðurkenning fer fram geri það allan nýtingartímann og að koma í veg fyrir neikvæðar breytingar á aflrás ökutækisins sem hafa neikvæð áhrif á notkunaröryggi og/eða umhverfið.

4.3. Almennar kröfur

4.3.1. Framleiðandi skal tryggja að viðurkenningaryfirvaldi og tækniþjónustu séu veittar nauðsynlegar upplýsingar og, eftir því sem við á, ökutæki, knúningskerfi, íhlutir og aðskildar tæknieiningar sem nauðsynleg eru fyrir yfirvaldið til að sannprófa hvort þær kröfur sem settar eru fram í þessum viðauka séu uppfylltar.

4.3.2. Framleiðandi skal lýsa því yfir í umsókn um gerðarviðurkenningu að hann skuldbindi sig til að setja ekki á markað útskiptanlega íhluti sem geta gert það að verkum að afköst knúningseininga verði meiri en viðeigandi er fyrir viðkomandi afbrigði.

4.4. Framleiðandi skal tryggja að viðurkennt ökutæki uppfylli ákvæði eftirfarandi liða um öryggi rafeindakerfis sem takmarkar afköst ökutækis.

4.4.1. Fyrir ökutæki sem búin eru rafmagns- eða raftæknilegum búnaði sem takmarkar afköst knúningseiningar þess skal framleiðandi ökutækis veita tækniþjónustu gögn og sannanir til að sýna fram á að breyting eða aftenging búnaðar eða leiðslukerfis auki ekki afköst knúningseiningarinnar.

4.4.2. Í sérhverju ökutæki með rafeindastýringu skulu vera stillingar sem koma í veg fyrir breytingar, aðrar en þær sem heimilaðar eru af framleiðandanum. Framleiðandinn skal heimila breytingar, ef þær eru nauðsynlegar vegna greiningar, þjónustu, skoðunar, ísetningar endurbótarhlutar eða viðgerðar ökutækis.

4.4.3. Allir endurforritanlegir tölvukóðar eða rekstrarmæliþættir skulu varðir gegn því að átt sé við þá.

4.4.4. Eigi skal unnt að breyta tölvuforrituðum rekstrarmæliþáttum knúningsafls, t.d. lóðuðum eða huldum tölvuíhlutum eða innsigluðum eða lóðuðum tölvuumlykjum, nema með sérhæfðum verkfærum og aðferðum.

4.4.5. Allir kvörðunarminniskubbar, sem unnt er að fjarlægja, skulu huldir, þeir inniluktir í innsigluðum ílátum eða þeir varðir með rafrænum reikniritum og skulu óbreytanlegir nema með sérhæfðum verkfærum og aðferðum.

4.4.6. Framleiðendur sem nota forritanleg tölvukóðunarkerfi (t.d. rafrænt, endurnýtanlegt lesminni, (EEPROM)) skulu fyrirbyggja óleyfilega endurforritun. Framleiðendur skulu notast við aðferðir sem auka vörn gegn óheimilum breytingum og ritvörn sem krefst þess að notuð sé tölva sem ekki er í ökutækinu og framleiðandinn rekur og sem sjálfstæðir rekstraraðilar skulu hafa nægilega verndaðan aðgang að.

4.4.7. Bilanakóðar innbyggða greiningarkerfisins frá aflrás eða stýrieiningu hreyfils, sem eru tölustafa- eða alstafakennimerki sem auðkenna eða merkja bilanir í þeim, skulu ekki þurrkast út við aftengingu innri tölvu frá aflgjafa ökutækis, þeir skulu heldur ekki þurrkast út ef rafgeymir ökutækisins eða jarðtenging þess bilar eða aftengist.

———

IV. VIÐAUKI

Kröfur um stýrisbúnað fyrir hraðskreiðar dráttarvélar

1. Kröfurnar sem settar eru fram í liðum 2., 5. og 6 og 4. og 6. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 79, eins og um getur í I. viðauka, um stýrisbúnað vélknúinna ökutækja gilda um ökutæki í flokkum Tb og Cb með hámarkshönnunarhraða yfir 60 km/klst.

1.1. Kröfurnar í ISO-staðli 10998:2008, 1. breytingu frá 2014, gilda um stýrisbúnað ökutækja í flokkum Tb og Cb með hámarkshönnunarhraða yfir 40 km/klst. og 60 km/klst. eða undir.

1.2. Stýrisbúnaður dráttarvéla í flokki Cb er í samræmi við lið 3.9 í XXXIII. viðauka.

2. Kröfurnar um stýriskraft fyrir ökutækin sem um getur í 1. lið skulu vera þær sömu og kröfurnar fyrir ökutæki í flokki N2 sem settar eru fram í 6. þætti reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 79 eins og um getur í I. viðauka.

Fyrir ökutæki sem búið er sæti, sem setið er klofvega á, og stýrishandfangi skal gerð sama krafa um stýriskraft á miðju gripinu.

V. VIÐAUKI

Kröfur um stýrisbúnað

1. **Skilgreiningar**

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1.1. „Stýrisbúnaður“: allur sá búnaður sem gerir kleift að breyta akstursstefnu dráttarvélarinnar.

Til stýrisbúnaðar getur talist stýrishjól, stýrisvél, stýrð hjól og, eftir atvikum, sérstakur búnaður til að framleiða viðbótarafl eða sjálfstætt afl.

1.2. „Stýrisvél“: allir íhlutir á milli stýrisbúnaðar og stýrðra hjóla, að undanskildum þeim sérstaka búnaði sem skilgreindur er í lið 1.3. Stýrisvélin getur verið aflvél, vökvaknúin, loftknúin eða rafknúin, eða sambland af þessu.

1.3. „Sérstakur búnaður“: sá hluti stýrisbúnaðar sem framleiðir viðbótarafl eða sjálfstætt afl. Viðbótarafl eða sjálfstætt afl má framleiða með hvaða aflrænu kerfi, vökvakerfi, loftkerfi eða rafkerfi sem er, eða samblandi af þessu (t.d. með olíudælu, loftdælu eða rafgeymi, o.s.frv.).

1.4. „Stýrisbúnaður með hjálparafli“: búnaður þar sem aflið sem nauðsynlegt er fyrir stefnubreytingu stýrðra hjóla fæst bæði með vöðvaafli ökumanns og sérstaka búnaðinum; þar með telst stýrisbúnaður þar sem stýrisafl fæst venjulega eingöngu með sérstaka búnaðinum en hægt er að nota vöðvaafl ökumanns til þess að stýra ef sérstaki búnaðurinn bilar.

1.5. „Sjálfstýribúnaður“: búnaður þar sem aflið sem nauðsynlegt er fyrir stefnubreytingu stýrðra hjóla fæst eingöngu með sérstaka búnaðinum.

1.6. „Mismunastýring“: aðferð við stýringu á hjólum eða skriðbeltum þar sem dráttarvélinni er snúið með því að framkalla mismunandi snúningshraða á milli hjóla eða beltasamstæðna vinstra og hægra megin.

1.7. „Stýrð hjól“ merkir eitt af eftirtöldu:

a) hjól sem breyta má stefnu á, beint eða óbeint, miðað við stefnu dráttarvélarinnar til þess að breyta akstursstefnu hennar,

b) öll hjól dráttarvélar með eftirvagn (-vagna),

c) hjól á sama ási sem breyta má hraða á til þess að breyta akstursstefnu dráttarvélarinnar.

KRÖFUR UM SMÍÐI, UPPSETNINGU OG EFTIRLIT

2. **Almennar kröfur**

2.1. Stýrisbúnaður skal tryggja auðvelda og örugga stýringu dráttarvélar og skal standast ítarlegu kröfurnar sem settar eru fram í 3. lið.

2.2. Stýring dráttarvéla í flokki C er í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í lið 3.9 í XXXIII. viðauka.

2.3. Kröfurnar sem settar eru fram í lið 2.2 gilda ekki um dráttarvélar i flokki C með stálbeltum sem útbúnar eru mismunastýringu. Munurinn á snúningshraða sem um getur í lið 1.6 er annað hvort framkallaður með samblandi af vélaríhlutum, s.s. hemlum og mismunadrifi, eða með aðskilinni gírskiptingu fyrir vinstri og hægri hlið, s.s. aðskildum vökvaaflsflutningskerfum. Ef stýrisbúnaðurinn er samþættur hemlakerfinu skulu kröfurnar sem mælt er fyrir um á grundvelli b-liðar 2. mgr. og 5. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 gilda.

3. **Ítarlegar kröfur**

3.1. Stýrisbúnaður

3.1.1. Stýrisbúnaðurinn skal vera auðveldur í notkun og verður að veita gott grip fyrir fyrirsjáanlega fullorðna notendur með tilliti til mismunar á stærð þeirra og styrk. Hann skal vera hannaður þannig að stefnubreyting verði jöfn. Stefna stýrisbúnaðar skal svara til þeirrar breytingar á stefnu dráttarvélarinnar sem ætlunin er að framkvæma.

3.1.2. Stýriskraftur, sem nauðsynlegur er til að breyta stefnu dráttarvélar úr beinum akstri yfir í beygjuhring með 12 m radíus, má hvergi á beygjuferlinum fara yfir 25 daN. Ef um er að ræða stýrisbúnað með hjálparafli sem er ekki tengdur við annan búnað má nauðsynlegur stýriskraftur ekki fara yfir 60 daN ef hjálparaflgjafinn bilar.

3.1.3. Til að kanna samræmi við lið 3.1.2 er dráttarvélin látin keyra í spíral á 10 km hraða á klst. úr beinum akstri, á þurrum, sléttum vegi þar sem hjólbarðar ná góðu veggripi. Stýriskraftur á stýrisbúnaðinn er skráður þar til hann nær þeirri stöðu sem svarar til þess að dráttarvélin aki í beygjuhring með 12 m radíus. Tímalengd stefnubreytingarinnar (tíminn sem líður frá því að fyrst er lagt á stýrisbúnaðinn og þar til hann nær þeirri stöðu þar sem mælingin er gerð) má ekki fara yfir fimm sekúndur í venjulegum tilvikum og átta sekúndur ef sérstaki búnaðurinn bregst. Ein stefnubreyting skal gerð til vinstri og ein til hægri.

Í prófuninni skal dráttarvélin vera hlaðin með tæknilega leyfilegum hámarksmassa og þrýstingur í hjólbörðum og þyngdarskipting milli ása skulu samrýmast fyrirmælum framleiðandans. Einkum skal þrýstingur belta ekki fara yfir gildið sem kveðið er á um í lið 3.3 í XXXIII. viðauka.

3.2. Stýrisvél

3.2.1. Stýrisbúnaðurinn má hvorki hafa rafknúna né einungis loftknúna stýrisvél.

3.2.2. Stýrisvélin skal vera hönnuð þannig að hún standist allar vinnslukröfur. Það verður að vera auðvelt að komast að henni til viðhalds og eftirlits.

3.2.3. Þegar um er að ræða stýrisvél sem er ekki algerlega vökvaknúin verður að vera hægt að aka dráttarvélinni þótt íhlutir vökva- eða loftkerfis stýrisvélarinnar bili.

3.2.4. Stýrisvél, sem einungis er vökvaknúin, og sérstaki búnaðurinn skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

3.2.4.1. Ein eða fleiri gerðir af búnaði til að takmarka þrýsting skulu vernda alla straumrásina eða hluta hennar fyrir umframþrýstingi.

3.2.4.2. Þrýstingstakmörkunarbúnaðurinn skal þannig stilltur að hann fari ekki yfir þrýstinginn T sem er jafn hámarksvinnsluþrýstingi sem framleiðandinn gefur upp,

3.2.4.3. Eiginleikar og stærð leiðslukerfisins skulu vera þannig að leiðslurnar þoli fjórfaldan T þrýsting (sem þrýstingstakmörkunarbúnaður leyfir) og séu varðar á stöðum og komið fyrir á þann hátt að hætta á skemmdum vegna höggs eða árekstrar sé í lágmarki, og hættan á skemmdum vegna núnings sé óveruleg.

3.3. Stýrð hjól

3.3.1. Öll hjól geta verið stýrð hjól.

3.4. Sérstakur búnaður

3.4.1. Sérstaki búnaðurinn sem notaður er í viðkomandi gerðum stýrisbúnaðar skal leyfður við eftirfarandi aðstæður:

3.4.1.1. Ef dráttarvélin er útbúin stýrisbúnaði með hjálparafli verður að vera hægt að aka henni þrátt fyrir bilun í sérstaka búnaðinum. Ef stýrisbúnaður með hjálparafli hefur ekki sinn eigin aflgjafa verður hann að vera með varaaflgeymi. Í stað varaaflgeymis getur komið sjálfhleðslubúnaður sem sér stýrisbúnaðinum fyrir afli og hefur forgang á önnur kerfi sem eru tengd við sameiginlega orkugjafann. Með fyrirvara um kröfurnar sem mælt er fyrir um á grundvelli b-liðar 2. mgr. og 5. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 og 3. liðar I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 167/2013, skal, ef um er að ræða vökvatengi milli vökvastýrisbúnaðar og vökvahemlabúnaðar, og ef þeir hafa sameiginlegan orkugjafa, aflið sem nota þarf vegna stýrisbúnaðar ekki vera meira en 40 daN ef annað kerfið bilar. Ef aflgjafinn er þrýstiloft verður að vernda þrýstiloftsgeyminn með einstefnuloka.

Ef stýrisaflið kemur eingöngu frá sérstaka búnaðinum verður stýrisbúnaður með hjálparafli að vera búinn tæki sem, ef til bilunar sérstaka búnaðarins kemur og stýriskrafturinn fer yfir 25 daN, gefur ljós- eða hljóðmerki um slíka bilun.

3.4.1.2. Ef dráttarvélin er með sjálfstýrisbúnaði og hann er búinn hreinni vökvastýrisvél, skal vera hægt að framkvæma stefnubreytingarnar tvær sem tilgreindar eru í lið 3.1.3 með sérstökum viðbótarbúnaði bili sérstaki búnaðurinn eða hreyfillinn. Þessi sérstaki viðbótarbúnaður getur verið þrýstilofts- eða gasgeymir. Nota má olíudælu eða þjöppu sem sérstakan viðbótarbúnað ef sá búnaður er knúinn af snúningi hjóla dráttarvélarinnar og ekki er hægt að taka hann úr sambandi við þau. Ef til bilunar sérstaka búnaðarins kemur skal ljós- eða hljóðmerki gefa viðvörun um slíka bilun.

3.4.1.2.1. Ef sérstaki búnaðurinn er loftknúinn verður hann að vera búinn þrýstiloftsgeymi sem er varinn með einstefnuloka. Rúmmál þrýstiloftsgeymis skal reikna þannig út að í það minnsta sé hægt að snúa sjö heila snúninga (á milli lása) áður en þrýstingur geymisins fellur niður í helming vinnsluþrýstings og prófunina skal framkvæma þegar stýrð hjól eru laus frá jörðu.

4. Framleiðendur mega velja hvort þeir beita kröfunum sem settar eru fram í þessum viðauka eða kröfunum sem settar eru fram í IV. viðauka.

_____

VI. VIÐAUKI

Kröfur um hraðamæla

1. **Skilgreiningar**

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1.1. „Eðlilegur gangþrýstingur“: loftþrýstingur í köldum hjólbörðum sem framleiðandi gefur upp, aukinn um 0,2 bör.

1.2. „Hraðamælir“: sá hluti hraðamælibúnaðarins sem gefur ökumanni til kynna hraða ökutækisins á tilteknu augnabliki.

2. **Kröfur**

2.1. Allar dráttarvélar með hámarkshönnunarhraða yfir 30 km/klst. skulu vera búnar hraðamæli samkvæmt kröfunum sem settar eru fram í þessum viðauka.

2.1.1. Dráttarvélar í flokkum T4.1 og C4.1 með hámarkshönnunarhraða sem er ekki meiri en 30 km/klst. skulu vera búnar hraðamæli samkvæmt kröfunum sem settar eru fram í þessum viðauka.

2.1.2. Hraðamælisskjárinn skal staðsettur í beinu sjónsviði ökumanns og auðlesið skal á hann jafnt á degi sem nóttu. Það hraðasvið sem sýnt er skal rúma þann hámarkshraða sem framleiðandi gefur upp fyrir viðkomandi gerð ökutækis.

2.2. Sé kvarði en ekki stafræn framsetning á hraðamælinum skal auðlesið á hann.

2.2.1. Kvarðanum skal skipt upp í 1, 2, 5 eða 10 km/klst. Hraðagildin skulu tilgreind á skífunni sem hér segir:

2.2.1.1. sé hæsta gildið á skífunni ekki hærra en 40 km/klst. skulu hraðagildin gefin til kynna með millibili sem er mest 10 km/klst. og kvarðinn ekki skiptast í meira en 5 km/klst,

2.2.1.2. sé hæsta gildið á skífunni hærra en 40 km/klst. skulu hraðagildin gefin til kynna með millibili sem er mest 20 km/klst. og kvarðinn ekki skiptast í meira en 5 km/klst,

2.2.2. Aðildarríkjum þar sem hraði ökutækja er, á gildistökudegi þessarar reglugerðar, mældur í mílum á klukkustund, skal heimilt að krefjast þess að hraðamælibúnaður sem settur er upp í ökutækjum sem seld eru í þeim löndum sé merktur bæði með kílómetrum á klukkustund og mílum á klukkustund í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/3/EB ([4]).

Ef um er að ræða hraðamæli sem framleiddur er til sölu í aðildarríki þar sem breskar mælieiningar eru notaðar skal hraðamælirinn einnig merktur með m/klst. (mílur á klukkustund), þar sem kvarðinn skiptist í 1, 2, 5 eða 10 m/klst. Hraðagildin skulu tilgreind á skífunni með millibili sem er mest 20 m/klst.

2.2.3. Ekki þarf að vera sama bil á milli allra tilgreindra hraðagilda.

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/3/EB frá 11. mars 2009 um breytingu á tilskipun ráðsins 80/181/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi mælieiningar (Stjtíð. EB L 114, 7.5.2009, bls. 10).

2.3. Prófa skal nákvæmni hraðamælibúnaðarins í samræmi við eftirfarandi aðferð:

2.3.1. ökutækið skal búið einni af þeim gerðum hjólbarða eða belta sem eru höfð til almennrar notkunar og framkvæma skal prófunina fyrir hverja þá gerð af hraðamæli sem framleiðandi tilgreinir,

2.3.2. álagið á ásinn sem knýr hraðamælibúnaðinn skal samsvara þeim hluta af massa ökutækisins, tilbúins til aksturs, sem hvílir á þeim ás,

2.3.3. viðmiðunarhitastigið við hraðamælinn skal vera 23 ± 5 °C,

2.3.4. við hverja prófun skal þrýstingur í hjólbörðum vera eðlilegur gangþrýstingur,

2.3.5. ökutækið er prófað á eftirfarandi þremur hraðagildum: 20, 30 og 40 km/klst., eða 80% af þeim hámarkshraða sem framleiðandi tilgreinir, fyrir hraðskreiðar dráttarvélar,

2.3.6. prófunartækjabúnaðurinn sem notaður er til að mæla raunverulegan hraða ökutækisins skal sýna nákvæmni upp á ± 1,0%,

2.3.6.1. yfirborð prófunarbrautar, sé hún notuð, skal vera flatt og þurrt og hafa nægilega viðloðun.

2.4. Hraðinn sem gefinn er til kynna skal aldrei vera minni en raunverulegur hraði. Á þeim hraða sem tilgreindur er fyrir prófunina í lið 2.3.5 hér að framan, og milli þessara hraðagilda, skal eftirfarandi samband vera á milli þess hraða sem tilgreindur er á skífu hraðamælisins (V_1) og raunverulegs hraða (V_2): $0 \leq V_1 - V_{2 \leq} (V_2 / 10) + 4$ km/klst.

———

VII. VIÐAUKI

Kröfur um sjónsvið og framrúðuþurrkur

Ökutæki í flokkum T og C skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

1. ISO-staðal 57721-1:2013 um sjónsvið fram á við og framrúðuþurrkur,

2. hlutann varðandi sýn til hliðar við dráttarvél, í ISO-staðli 5721-2:2014 um sjónsvið til hliðar og aftur fyrir landbúnaðardráttarvélar.

_____

VIII. VIÐAUKI

Kröfur um rúður

1. **Skilgreiningar**

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1.1 „Viðmiðunarpunktur fyrir augu ökumanns“: vanabundin staða augna ökumanns dráttarvélarinnar sem sameinast í einum punkti. Punkturinn er í plani samsíða lengdarmiðjuplani dráttarvélarinnar sem liggur í gegnum miðju sætisins, 700 mm lóðrétt yfir skurðlínu þess plans og yfirborðs sætisins og í 270 mm fjarlægð, í stefnu mjaðmarstuðnings, frá lóðréttu plani sem liggur í gegnum frambrún yfirborðs sætisins og í lóðlínu á lengdarmiðjuplan dráttarvélarinnar (mynd 1). Viðmiðunarpunkturinn þannig ákvarðaður á við sætið þegar það er autt og í miðstillingu eins og hún er gefin upp af framleiðanda dráttarvélarinnar.

1.2 „Öryggisrúðuefni sem nauðsynlegt er fyrir útsýn ökumanns aftur fyrir“: allar rúður sem staðsettar eru fyrir aftan plan sem fer í gegnum viðmiðunarpunktinn fyrir augu ökumannsins í lóðlínu á lengdarmiðjuplan ökutækisins og ökumaðurinn sér veginn í gegnum þegar hann ekur eða stýrir ökutækinu.

2. **Kröfur**

2.1. Rúður ökutækja í flokki T skulu uppfylla kröfur reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 43, eins og um getur í I. viðauka við þessa reglugerð, að undanskildum 21. viðauka við þá reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu.

2.2. Rúður ökutækja í flokki C skulu uppfylla sömu kröfur og settar eru fram fyrir samsvarandi ökutæki í flokki T.

2.3. Uppsetning rúða úr öryggisgleri í ökutækjum í flokki T og C með hámarkshönnunarhraða yfir 60 km/klst. skal samræmast ákvæðum fyrir ökutæki í flokki N í 21. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 43 eins og um getur í I. viðauka.

2.4. Uppsetning rúða úr öryggisgleri í ökutækjum í flokki T og C með hámarkshönnunarhraða sem er ekki meiri en 60 km/klst.

2.4.1. Rúður úr öryggisgleri skulu settar í þannig að hátt öryggisstig sé tryggt fyrir þá sem eru í ökutækinu og einkum þannig að ökumaður hafi mjög góða útsýn við öll notkunarskilyrði, ekki aðeins fram á við heldur einnig aftur fyrir og til hliðar.

2.4.2. Rúður úr öryggisgleri skulu settar í með þeim hætti að þær haldist á sínum stað og veiti þeim sem í ökutækinu eru áfram útsýni og öryggi, þrátt fyrir það álag sem ökutækið verður fyrir við venjulegar notkunaraðstæður.

2.4.3. Rúður úr öryggisgleri skulu bera viðeigandi gerðarviðurkenningarmerki íhlutar sem tilgreint er í lið 5.4 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 43, eins og um getur í I. viðauka, og þar á eftir, sé þess krafist, eitt af viðbótartáknunum sem kveðið er á um í lið 5.5 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 43 eins og um getur í I. viðauka.

2.4.4. Öryggisgler fyrir framrúður

2.4.4.1. Reglulegur ljósflæðistuðull skal ekki vera innan við 70%.

2.4.4.2. Framrúðan skal rétt uppsett miðað við viðmiðunarpunkt fyrir augu ökumanns.

2.4.4.3. Ökutæki í flokkum T og C með hámarkshönnunarhraða sem er ekki meiri en 40 km/klst. skulu búin einni þeirra gerða öryggisrúðuefnis sem tilgreindar eru í 4. viðauka, 5. viðauka, 6. viðauka, 8. viðauka eða 10. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 43 eins og um getur í I. viðauka.

2.4.4.4. Ökutæki í flokkum T og C með hámarkshönnunarhraða yfir 40 km/klst. skulu búin einni þeirra gerða öryggisrúðuefnis sem um getur í lið 2.4.4.3 að undanskildum 5. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 43 eins og um getur í I. viðauka.

2.4.5. Öryggisgler annað en framrúður

2.4.5.1. Reglulegur ljósflæðistuðull rúða úr öryggisgleri skal vera a.m.k. 70%.

2.4.5.2. Öryggisrúðuefni úr plasti sem nauðsynlegt er fyrir útsýn ökumanns aftur fyrir skal bera táknið A/L eða B/L, eins og tilgreint er í liðum 5.5.5 og 5.5.7 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 43 eins og um getur í I. viðauka, til viðbótar við gerðarviðurkenningarmerki íhlutar sem tilgreint er í lið 2.4.3.


2.4.5.3. Öryggisrúðuefni sem ekki er nauðsynlegt fyrir útsýn ökumanns aftur fyrir eða útsýn ökumanns til hliðar skal bera táknið V sem tilgreint er í lið 5.5.2 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 43 eins og um getur í I. viðauka, til viðbótar við gerðarviðurkenningarmerki íhlutar sem tilgreint er í lið 2.4.3, ef ljósflæðistuðull er undir 70%.

2.4.5.4. Öryggisrúðuefni úr plasti sem ekki er nauðsynlegt fyrir útsýn ökumanns fram eða aftur fyrir skal bera eitt þeirra tákna sem tilgreind eru í liðum 5.5.5, 5.5.6 og 5.5.7 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 43 eins og um getur í I. viðauka, til viðbótar við gerðarviðurkenningarmerki íhlutar sem tilgreint er í lið 2.4.3.

2.4.5.5. Ef um er að ræða öryggisrúður úr plasti gilda ákvæðin sem tengjast slitstyrk sem um getur í lið 2.4.5.2 ekki um sóllúgur og rúður sem staðsettar eru á þaki ökutækis. Ekki er krafist slitprófunar/tákns.

Mynd 1

Viðmiðunarpunktur fyrir augu ökumanns



IX. VIÐAUKI

Kröfur um baksýnisspegla

1. **Kröfur sem eru gerðar til búnaðar**

Allar dráttarvélar skulu búnar með tveimur ytri baksýnisspeglum og mega vera búnar innri baksýnisspegli.

2. **Almenn atriði**

2.1. Innri baksýnisspeglar eru flokkaðir í I. flokk. Ytri baksýnisspeglar eru flokkaðir í II. flokk. Dráttarvélar skulu vera búnar tveimur baksýnisspeglum í II. flokki, og mega vera búnar baksýnisspegli í I. flokki, með gerðarviðurkenningarmerki reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 46 eins og um getur í I. viðauka, í samræmi við 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 og XX. viðauka við þessa reglugerð.

2.2. Baksýnisspeglar skulu festir þannig að þeir haldist stöðugir við venjuleg akstursskilyrði.

2.3. Ökutæki sem búin eru sæti, sem setið er klofvega á, og stýrishandfangi skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 81, eins og um getur í I. viðauka, í stað krafnanna sem settar eru fram í liðum 2.1 og 2.2 og 3. til 6. lið.

2.4. Viðbótar- og baksýnisspeglar, sem eru hannaðir til þess að fylgjast með tækjum þegar unnið er á landi utan vega, þurfa ekki nauðsynlega að hafa gerðarviðurkenningu íhlutar en skulu vera staðsettir í samræmi við kröfur um staðsetningu sem um getur í liðum 3.1 til 3.5.

3. **Staðsetning**

3.1. Ytri baksýnisspegilinn í II. flokki skal staðsetja þannig að ökumaður sjái vel yfir þann hluta vegarins sem tilgreindur er í 5. lið þegar hann situr í ökumannssætinu í eðlilegri akstursstöðu.

3.2. Ytri baksýnisspegillinn skal sjást í gegnum þann hluta framrúðunnar sem rúðuþurrkan hreinsar, eða í gegnum hliðarrúður ef þær eru í dráttarvélinni.

3.3. Baksýnisspegillinn skal ekki standa út fyrir utanverða yfirbyggingu dráttarvélarinnar eða dráttarvélina ásamt eftirvagni meira en svo að það sjónsvið sem tilgreint er í 5. lið haldist.

3.4. Þegar neðri brún ytri baksýnisspegils er innan við 2 metra frá jörðu þegar dráttarvélin er hlaðin, skal þessi ytri baksýnisspegill ekki standa meira en 0,20 metra út fyrir heildarbreidd dráttarvélarinnar eða dráttarvélarinnar ásamt eftirvagni sem mæld er án baksýnisspegla.

3.5. Með fyrirvara um kröfurnar sem settar eru fram í liðum 3.3 og 3.4 mega baksýnisspeglar standa út fyrir leyfilega hámarksbreidd dráttarvélarinnar.

4. **Stilling**

4.1. Ökumaður skal geta stillt innri baksýnisspegla úr akstursstöðu.

4.2. Ökumaður skal geta stillt ytri baksýnisspegil án þess að fara úr ökumannssætinu. Þó má festa speglana í rétta stöðu utan frá.

4.3. Þær kröfur sem settar eru fram í lið 4.2 gilda ekki um ytri baksýnisspegla sem fara sjálfkrafa í upphafsstillingu eftir að hafa færst úr stað eða hægt er að setja aftur í upphafsstillingu án verkfæra.

5. **Sjónsvið baksýnisspegils í II. flokki**

5.1. Sjónsvið ytri baksýnisspegils á vinstri eða hægri hönd skal vera þannig að ökumaður geti séð aftur fyrir sig, í það minnsta sléttan vegarhluta út að sjóndeildarhring vinstra eða hægra megin, eftir því sem við á, við plan sem liggur samsíða lóðréttu lengdarmiðjuplani í gegnum ysta punkt vinstra eða hægra megin, eftir því sem við á, á dráttarvélinni eða dráttarvél ásamt eftirvagni.

5.2. Framleiðendur mega velja hvort þeir beita kröfunum sem settar eru fram í lið 5.1 eða kröfunum sem settar eru fram í ISO-staðli 5721-2:2014.

X. VIÐAUKI

Kröfur um upplýsingakerfi fyrir ökumenn

1. **Kröfur**

1.1. „Sýndarútstöðvar“: rafræn innbyggð upplýsingakerfi með skjám til að veita ökumanni sjónrænar upplýsingar um frammistöðu ökutækisins og kerfa þess og sem gera ökumanni kleift að hafa eftirlit með og stjórna ýmiss konar virkni í gegnum snertiskjá eða lyklaborð.

1.2. Stjórntæki ökumanns sem tengjast sýndarútstöðvum skulu vera í samræmi við ISO-staðal 15077:2008 (viðauki B).

1.3. Upplýsingakerfi fyrir ökumann skulu hönnuð þannig að ökumaður verði fyrir sem minnstri truflun á meðan þau veita nauðsynlegar upplýsingar.

XI. VIÐAUKI

Kröfur um lýsingu, ljósmerkjabúnað og ljósgjafa

1. Ef ljós og ljósmerkjabúnaður eru sett upp í ökutækjum í flokkum T og C skulu þau uppfylla allar viðeigandi kröfur sem settar eru fram í reglugerðum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu fyrir þessi ökutæki, eins og um getur í I. viðauka.

2. Glóþráðarperur, gasúrhleðslulampar og ljósdíóður fyrir ljós og ljósmerkjabúnað sem sett eru upp í ökutækjum í flokki R skulu uppfylla allar viðeigandi kröfur sem settar eru fram í reglugerðum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 37, 99 og 128, eftir því sem við á, eins og um getur í I. viðauka.

3. Ef ljós og ljósmerkjabúnaður eru sett upp í ökutækjum í flokkum R og S, skulu þau uppfylla allar viðeigandi kröfur fyrir ökutæki í flokki O í reglugerðum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu, eins og um getur í I. viðauka.

XII. VIÐAUKI

Kröfur um ljósabúnað

1. **Skilgreiningar**

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1.1. „Þverplan“: lóðrétt plan sem liggur í lóðlínu á lengdarmiðjuplan ökutækisins,

1.2. „ósamtengd ljósker“: ljósker með aðgreind gler, aðgreinda ljósgjafa og aðgreind ljósastæði,

1.3. „sambyggð ljósker“: ljósker með aðgreind gler og aðgreinda ljósgjafa en sameiginlegt ljósastæði,

1.4. „samtengd ljósker“: ljósker með aðgreind gler en sameiginlegan ljósgjafa og sameiginlegt ljósastæði,

1.5. „sameinuð ljósker“: ljósker sem hafa aðgreinda ljósgjafa (eða einn ljósgjafa sem vinnur með mismunandi hætti), sameiginleg gler að öllu leyti eða að hluta til og sameiginlegt ljósastæði,

1.6. „stillanleg ljósker“: ljósker sett upp á ökutækinu sem geta hreyfst miðað við ökutækið án þess að vera losuð af,

1.7. „háljósker“: ljósker sem lýsa langt fram á veginn framan við ökutækið,

1.8. „lágljósker“: ljósker sem lýsa upp veginn framan við ökutækið án þess að valda ökumönnum eða öðrum vegfarendum sem koma á móti óþarfa glýju eða óþægindum,

1.9. „felliljósker“: aðalljósker sem hægt er að hylja að öllu leyti eða að hluta til þegar það er ekki í notkun. Þetta er unnt að gera með færanlegri hlíf, með því að færa aðalljóskerið eða með öðrum viðeigandi aðferðum. Hugtakið „inndregin ljósker“ er einkum notað til að lýsa felliljóskerum sem hægt er að hylja með því að draga þau inn í yfirbygginguna,

1.10. „þokuljósker að framan“: ljósker sem er notað til að bæta lýsingu vegarins í þoku, snjókomu, slagviðri eða rykskýi,

1.11. „bakkljósker“: ljósker sem lýsir upp veginn fyrir aftan ökutækið og varar aðra vegfarendur við að verið sé að bakka ökutækinu eða að ætlunin sé að bakka því,

1.12. „stefnuljósker“: ljósker sem gefur öðrum vegfarendum merki um að ökumaður hyggist breyta um stefnu til hægri eða vinstri,

1.13. „hættuljósker“: búnaður sem veldur því að öll stefnuljósker ökutækisins blikka samtímis til þess að vekja athygli á því að öðrum vegfarendum stafi hætta af ökutækinu um stundarsakir,

1.14. „hemlaljósker“: ljósker sem gefur öðrum vegfarendum fyrir aftan ökutækið merki um að verið sé að hægja á lengdarhreyfingu ökutækisins af ásetningi,

1.15. „ljósker við skráningarmerki að aftan“: búnaður til að lýsa upp flötinn sem ætlaður er fyrir skráningarmerkið að aftan; hann má vera samsettur úr nokkrum ljósfræðilegum íhlutum,

1.16. „fremri breiddarljós“ (e. *front position lamp*) ljósker sem gefur til kynna nærveru og breidd ökutækisins þegar horft er á það framan frá,

1.17. „aftari breiddarljós“ (e. *rear position lamp*): ljósker sem gefur til kynna nærveru og breidd ökutækisins þegar horft er á það aftan frá,

1.18. „þokuljósker að aftan“: ljósker sem er notað til að auðveldara sé að greina ökutækið aftan frá í dimmri þoku,

1.19. „stöðuljósker“: ljósker sem er notað til að vekja athygli á staðsetningu ökutækis sem hefur verið lagt í þéttbýli. Við slíkar aðstæður getur það komið í stað fremri og aftari breiddarljóskera,

1.20. „yfirstærðarljósker“ (e. *end-outline marker lamp*): ljósker sem er fest á ystu brún eins nálægt efri brún ökutækisins og mögulegt er til þess að heildarbreidd ökutækisins sjáist greinilega. Þessu ljósmerki er, á sumum ökutækjum, einkum ætlað að vera viðbót við fremri og aftari breiddarljós ökutækisins og draga athygli að umfangi þess,

1.21. „vinnuljósker“: búnaður til að lýsa upp vinnusvæði eða starfsemi á vinnustað,

1.22. „glitauga“: búnaður sem gefur til kynna nærveru ökutækis með endurskini ljóss frá ljósgjafa sem er ekki tengdur ökutækinu þegar sá sem á horfir er staðsettur nálægt ljósgjafanum. Í þessum viðauka skulu eftirfarandi ekki teljast glitaugu:

— skráningarmerki með endurskinsfleti,

— önnur merki og endurskinsmerki sem skylt er að nota til að fara að forskriftum samningsaðila um notkun að því er varðar tiltekna flokka ökutækja eða tilteknar aðferðir notkunar.

1.23. „hliðarljósker“: ljósker sem gefur til kynna nærveru ökutækisins þegar horft er á það frá hlið,

1.24. „ljósker fyrir dagljósabúnað“: ljósker sem snýr fram á við og er notað til að gera ökutækið sýnilegra við akstur að degi til,

1.25. „beygjuljós“: ljósker sem notað er til að beina viðbótarlýsingu á þann hluta vegarins sem er nær því fremra horni ökutækisins sem vísar í þá átt sem ökutækinu verður snúið í,

1.26. „ytra dyraljós“: ljósker sem er notað til að gefa viðbótarlýsingu til að aðstoða bílstjóra og farþega ökutækisins við að fara inn og út úr ökutækinu, eða við hleðslu.

1.27. „hjálparljósker“: ljósker sem er notað til að veita viðbótarlýsingu til hliðar við ökutækið til að aðstoða við breytingar á stefnu á litum hraða.

1.28. „aðlögunarhæf framljósakerfi“: ljósabúnaður sem er gerðarviðurkenndur í samræmi við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 123, eins og um getur í I. viðauka, sem gefur frá sér ljósgeisla með mismunandi einkennum til sjálfvirkrar aðlögunar að mismunandi notkunarskilyrðum á lágljósunum (framúrakstursljósunum) og, ef við á, aðalljósunum (háljósunum).

1.29. „ljósflötur“: hornrétt varp frá fullopnum endurkastara, ef um er að ræða háljósker með endurkastara, lágljósker með endurkastara, þokuljósker að framan með endurkastara eða á þverplan ef um er að ræða aðalljósker þar sem glerið er með sporbaugslaga endurkastara. Ef ljósvarpsflötur (e. *light emitting surface*) ljóskersins nær einungis yfir hluta af heildarendurskinsfletinum telst einungis varp þess hluta vera ljósflötur.

Ef um er að ræða lágljósker takmarkast ljósflöturinn við rammann utan um glerið. Ef hægt er að stilla endurskinsflötinn og glerið miðað við hvort annað skal nota miðjustillingu.

1.30. „ljósflötur“ (e. *illuminating surface*): hornrétt varp lampans á plan sem liggur í lóðlínu á viðmiðunarás hans og er í snertingu við ytri ljósvarpsflöt ljóskersins og afmarkast þetta varp af brúnum hlífa sem liggja í þessu plani þar sem hver brún veldur því að einungis 98% af heildarstyrk ljóssins kemst í gegn í stefnu á viðmiðunarásinn ef um er að ræða aftari breiddarljósker, stöðuljósker og háljósker, lágljósker, þokuljósker að framan, sem eru án endurkastara.

Ef um er að ræða ljósmerkjabúnað með ljósflöt sem umlykur, annað hvort að öllu leyti eða að hluta til, ljósflöt sem gegnir öðru hlutverki, eða umlykur flöt sem ekki er upplýstur telst ljósvarpsflöturinn sjálfur vera ljósflöturinn.

1.31. „ljósflötur“ glitauga eða merkjaplötu eða merkjaþynnu: hornrétt varp glitauga á plani sem liggur í lóðlínu á viðmiðunarás þess og afmarkast af plönum sem liggja að yfirlýstum ystu hlutum ljóskerfis glitaugans og samhliða þeim ás, eins og umsækjandinn lýsir yfir á meðan á viðurkenningaraðferð íhlutar fyrir glitaugun stendur. Einungis skal taka til athugunar lárétt og lóðrétt plön þegar neðri og efri jaðrar og hliðarjaðrar búnaðarins eru ákvarðaðir.

1.32. „ytri ljósvarpsflötur“: sá hluti ytra borðs gegnsæja glersins sem umlykur ljósa- eða ljósmerkjabúnaðinn og hleypir ljósi frá honum.

1.33. „sýnilegt yfirborð“: fyrir skilgreinda skoðunarstefnu er það hornrétt varp annað hvort ytri marka ljósflatarins sem er varpað á ytri flöt glersins eða á ljósvarpsflötinn á plani sem liggur í lóðlínu á skoðunarstefnuna og í snertilstefnu við ysta punkt glersins.

1.34. „viðmiðunarás“: sérstakur ás ljósgeislans sem framleiðandi ljóskersins ákveður að nota skuli sem viðmiðunarstefnu (H = 0°, V = 0°) við ljósmælingar og þegar ljóskerið er sett á ökutækið.

1.35. „viðmiðunarmiðja“: skurðpunktur viðmiðunarássins og ytri ljósvarpsflatarins, tilgreindur af framleiðanda ljóskersins,

1.36. „dreifing ljóss innan rúmfræðilegra horna“: hornin sem ákvarða lágmarksstærð rúmhorns þar sem sýnilegt yfirborð ljóskersins skal vera sýnilegt. Þetta svið rúmhornsins afmarkast af geirum kúlu með miðju sem fellur saman við viðmiðunarmiðju ljóskersins og miðbaugurinn er samsíða jörðinni. Þessir geirar ákvarðast með hliðsjón af viðmiðunarásnum. Lárétt horn β samsvara lengd og lóðrétt horn α breidd.

1.37. „ysta brún“: á hvorri hlið ökutækisins er plan samsíða lengdarmiðjuplani ökutækisins sem fellur saman við ytri breiddarbrúnir án tillits til eftirfarandi útstæðra hluta:

1) hjólbarða nálægt snertipunkti þeirra við jörðu og tenginga fyrir þrýstimæla hjólbarða og búnaðar/ventla til að blása upp/tæma hjólbarðana,

2) hvers kyns skriðvarnarbúnaðar sem er hugsanlega settur á hjólbarðana,

3) baksýnisspegla,

4) stefnuljóskera á hliðum, yfirstærðarljóskera, breiddarljóskera að framan og aftan og glitaugna á hliðum,

5) tollinnsigla á ökutækinu og búnaðar til að festa og vernda slík innsigli.

1.38. „heildarbreidd“: fjarlægðin milli þeirra tveggja lóðréttu plana sem eru skilgreind í skilgreiningunni á ystu brún hér að framan.

1.39. „eitt ljósker“:

1.39.1. ljósabúnaður eða hluti búnaðar sem hefur eitt lýsingar- eða ljósmerkjahlutverk, einn eða fleiri ljósgjafa og eitt sýnilegt yfirborð í stefnu viðmiðunarássins, sem getur verið samfelldur flötur eða samsett úr tveimur eða fleiri sérstökum hlutum eða

1.39.2. samsetning tveggja ósamtengdra ljóskera, hvort sem er eins eða ólíkra, er hafa sama hlutverk og eru viðurkennd sem ljósker af gerð D og þannig sett upp að:

1.39.2.1. varp sýnilegra flata þeirra í stefnu viðmiðunarássins fylli ekki minna en 60% af minnsta rétthyrningi sem umlykur vörp viðkomandi sýnilegra flata í stefnu viðmiðunarássins eða

1.39.2.2. fjarlægðin milli hinna tveggja aðliggjandi/snertiliggjandi hluta sé ekki meiri en 15 mm þegar mælt er í lóðlínu á viðmiðunarásinn eða

1.39.3. samsetning tveggja ósamtengdra glitaugna, hvort sem er eins eða ólíkra, sem hafa verið samþykkt sitt í hvoru lagi og eru þannig sett upp að:

1.39.3.1. varp sýnilegra flata þeirra í stefnu viðmiðunarássins fylli ekki minna en 60% af minnsta rétthyrningi sem umlykur vörp viðkomandi sýnilegra flata í stefnu viðmiðunarássins eða

1.39.3.2. fjarlægðin milli hinna tveggja aðliggjandi/snertiliggjandi hluta sé ekki meiri en 15 mm þegar mælt er í lóðlínu á viðmiðunarásinn.

1.40. „tvö ljósker“: einn borðalaga eða aflangur ljósvarpsflötur ef hann er staðsettur samhverft miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins, endar a.m.k. 0,4 m frá ystu brúnum ökutækisins beggja vegna og er ekki styttri en 0,8 m; lýsing slíks flatar skal koma frá minnst tveimur ljósgjöfum sem eru staðsettir eins nærri endum hans og mögulegt er; ljósvarpsflöturinn má samanstanda af hliðstæðum einingum með því skilyrði að varp þessara aðskildu ljósvarpsflata á þverplan fylli ekki minna en 60% af minnsta rétthyrningi sem umlykur varp fyrrnefndra aðskilinna ljósvarpsflata.

1.41. „fjarlægð milli tveggja ljóskera“ sem vísa í sömu átt: fjarlægð milli hornréttra varpa á plan sem liggur í lóðlínu á viðkomandi stefnu útlína hinna tveggja ljósflata.

1.42. „valkvætt“: uppsetning ljósmerkjabúnaðar er háð ákvörðun framleiðandans.

1.43. „virknibundið gaummerki“: ljós- eða hljóðmerki eða annað sambærilegt merki sem gefur til kynna að búið sé að kveikja á ljósabúnaði og að hann starfi rétt.

1.44. „litur ljóss frá búnaði“: litur ljóssins sem búnaðurinn gefur frá sér eins og tilgreint er í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 48, eins og um getur í I. viðauka.

1.45. „viðvörunarglitmerking“: búnaður sem er ætlað að gera ökutæki meira áberandi þegar það er séð frá hlið eða aftan frá eða, ef um er að ræða eftirvagna, einnig framan frá, með endurskini ljóss frá ljósgjafa sem ekki er tengdur við ökutækið þegar sá sem á horfir er nærri ljósgjafanum.

1.46. „tengingarbundið gaummerki“: gaummerki sem gefur til kynna að kveikt hafi verið á búnaði en ekki hvort hann starfar rétt.

1.47. „merkiplata að aftan fyrir hægfara ökutæki“: þríhyrnd plata með rúnnuð horn með dæmigerðu mynstri og þakin efni eða búnaði sem endurkastar ljósi og er sjálflýsandi (flokkur 1) eða einungis efni eða búnaði sem endurkastar ljósi (flokkur 2) (sjá t.d. reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 69, eins og um getur í I. viðauka.).

1.48. „par“: samstæða ljóskerja sem hafa sama hlutverk hægra og vinstra megin á ökutækinu.

1.49. „H-flötur“: lárétti flöturinn sem inniheldur viðmiðunarmiðju ljóskersins.

1.50. „lýsing“: ljósið sem búnaður gefur frá sér til að lýsa upp veginn og hluti í akstursstefnu ökutækisins.

1.51. „ljósmerkjagjöf“: ljósið sem búnaður gefur frá sér eða endurkastar til að gefa öðrum vegfarendum sýnilegar upplýsingar um að ökutækið sé til staðar, hvers konar ökutæki er um að ræða og/eða um breytingar á stefnu þess.

1.52. „ljósgjafi“: einn eða fleiri þáttur sem gefa frá sér sýnilega geislun, sem kunna að vera samsettir með einum eða fleiri gegnsæjum hjúpum og með undirstöðu fyrir vélræna eða rafræna tengingu.

Ljósgjafi getur einnig verið ysta úttak ljósbeinis, sem hluta af dreifðri lýsingu eða ljósmerkjakerfi sem ekki hefur innbyggt ytra gler.

1.53. „ljósvarpsflötur“ ljósabúnaðar, ljósmerkjabúnaðar eða glitauga: flöturinn sem framleiðandi búnaðarins tilgreinir á teikningunni í beiðninni um viðurkenningu.

2. **Prófunaraðferð fyrir ESB-gerðarviðurkenningu**

Umsókninni um ESB-gerðarviðurkenningu skulu fylgja þau skjöl sem um getur í liðum 2.1–2.4, í þríriti og með eftirfarandi upplýsingum:

2.1. Lýsingu á gerð ökutækis með tilliti til mála og ytri lögunar ökutækisins og fjölda og staðsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar og skal tilgreina tilhlýðilega auðkennda gerð ökutækisins.

2.2. Skrá yfir búnaðinn sem framleiðandinn ætlar að láta mynda ljósa- og merkjabúnaðinn og getur sú skrá innihaldið nokkrar gerðir af búnaði fyrir hvert hlutverk og þar að auki getur skráin innihaldið, að því er varðar hvert hlutverk, viðbótarskýringuna „eða sambærilegur búnaður“.

2.3. Skýringarmynd af ljósa- og merkjabúnaðinum í heild, þar sem sýnd er staðsetning hins ýmsa búnaðar á ökutækinu.

2.4. Teikning eða teikningar af hverju ljóskeri sem sýna ljósflöt ljóskers eða ljósabúnaðar eða merkjaljóskers, þó ekki glitauga.

Tilgreina skal ljósvarpsflöt ljósabúnaðar, ljósmerkjabúnaðar eða glitauga samkvæmt einu af eftirfarandi skilyrðum:

2.4.1 Ef um er að ræða hrýft ytra gler skal tilgreindur ljósvarpsflötur vera allt yfirborð ytra byrðis glersins eða hluti þess.

2.4.2 Ef um er að ræða ytra gler sem ekki er hrýft má sleppa því að minnast á ytra glerið og tilgreina skal ljósvarpsflötinn eins og hann kemur fyrir á teikningunni.

2.5. Óhlaðið ökutæki sem er fullbúið ljósa- og merkjabúnaði og er dæmigert fyrir þá gerð ökutækis sem á að viðurkenna skal lagt fyrir tækniþjónustuna sem framkvæmir viðurkenningarprófanir.

3. **Viðurkenning**

Sniðmátin fyrir skjölin sem um getur í liðum 2.1–2.4, sem leggja skal fyrir í ESB-gerðarviðurkenningarferlinu, skulu vera þau sem um getur í a-lið 68. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013.

4. **Viðurkenningarnúmer og -merki**

Öll ökutæki sem eru viðurkennd í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í þessum viðauka skulu fá viðurkenningarnúmer og -merki í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í h-lið 68. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013.

5. **Almennar forskriftir**

5.1. Ljósa- og ljósmerkjabúnaðurinn skal þannig uppsettur að við venjuleg notkunarskilyrði, og þrátt fyrir titring sem hann kann að verða fyrir, haldi hann þeim einkennum sem mælt er fyrir um í liðum 5.2–5.21, 6. lið og 1., 2. og 3. viðbæti og geri ökutækinu kleift að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í liðum 5.2, 5.4, 5.5, 5.7, 5.9, 5.10.1, 5.11.1, 5.11.2, 5.11.3.2, 5.17.1.1, 5.18.3 og 6. Einkum skal þess gætt að ekki sé unnt að breyta stillingu ljóskerjanna fyrir slysni.

5.2. Þegar þau eru búin tengingu fyrir eftirvagna eða uppsettar vélar skulu ökutæki búin fasttengda tenglinum sem tilgreindur er í ISO-staðli 1724:2003 (e. *Electrical connections for vehicles with 6 or 12 volt electrical systems applying more specifically to private motor cars and lightweight trailers or caravans*) eða í ISO-staðli 1185:2003 (e. *Electrical connections between tractors and towed vehicles having 24 volt electrical systems used for international commercial transport purposes*) eða báðum. Að auki má setja upp í ökutækjum 7-pinna viðbótartengil í samræmi við ISO-staðal 3732:2003 (e. *Connectors for the electrical connection of towing and towed vehicles — 7-pole connector type 12 S (supplementary) for vehicles with 12 V nominal supply voltage*).

5.3. Lýsandi háljósker, lágljósker og þokuljósker að framan skulu þannig upp sett að auðvelt sé að framkvæma rétta stillingu á stefnu þeirra.

5.4. Fyrir allan ljósmerkjabúnað skal viðmiðunarás ljóskersins, þegar það er fest á ökutæki, vera samsíða stefnuplani ökutækisins á veginum og að auki skal hann vera í lóðlínu miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins þegar um er að ræða glitaugu á hliðum og hliðarljósker og samsíða því plani hvað snertir allan annan merkjabúnað. Leyfa skal ± 3° vikmörk í hverja átt. Að auki skal fara eftir sérstökum leiðbeiningum framleiðanda varðandi áfestingu, ef einhverjar eru.

5.5. Ef sérstakar leiðbeiningar vantar skal sannprófa hæð og stefnu ljóskerjanna með ökutækið óhlaðið og standandi á sléttum, láréttum fleti.

5.6. Ef sérstakar leiðbeiningar vantar skulu ljósker sem mynda ljósapar:

5.6.1. fest þannig að þau séu samhverf miðað við lengdarmiðjuplanið,

5.6.2. vera samhverf hvert öðru miðað við lengdarmiðjuplan,

5.6.3. uppfylla sömu kröfur um litmælingu og

5.6.4. hafa svo til sömu ljósmælieiginleika.

5.7. Á ökutækjum með ósamhverfa ytri lögun skal uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í liðum 5.6.1 og 5.6.2 eftir því sem unnt er. Líta skal svo á að umræddar kröfur séu uppfylltar ef fjarlægðin að ljóskerjunum tveimur frá lengdarmiðjuplaninu og frá stefnuplaninu á jörðu niðri er sú sama.

5.8. Sambyggð, samtengd eða sameinuð ljósker

5.8.1 Ljósker má hafa sambyggð, samtengd eða sameinuð að því tilskildu að allar kröfur um lit, staðsetningu, stefnu, dreifingu ljóss, raftengi og aðrar kröfur, ef einhverjar eru, séu uppfylltar.

5.8.1.1. Kröfur um ljósmælingu og litmælingu ljóskers skulu uppfylltar þegar slökkt er á allri annarri virkni sem ljóskerið er sambyggt, samtengt eða sameinað.

Ef hins vegar er um að ræða breiddarljósker að framan eða aftan sem eru sameinuð annarri virkni, einni eða fleiri, sem hægt er að kveikja á með þeim skulu kröfur um lit allrar annarrar virkni teljast uppfylltar þegar kveikt er á sameinuðu virkninni og breiddarljóskerjunum.

5.8.1.2. Ekki er leyfilegt að sameina hemlaljósker og stefnuljósker.

5.8.1.3. Þegar hemlaljósker og stefnuljósker eru sambyggð skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

5.8.1.3.1. Allar beinar láréttar eða lóðréttar línur sem ganga í gegnum vörp sýnilegs yfirborðs þessara ljóskerja á plani sem liggur í lóðlínu á viðmiðunarásinn skulu ekki skera fleiri en tvö mót á milli tveggja svæða með mismunandi lit,

5.8.1.3.2. Sýnileg yfirborð þeirra í stefnu viðmiðunarássins, á grunni þeirra svæða sem eru afmörkuð af útlínum ljósvarpsflata þeirra, skarast ekki.

5.8.2. Þegar sýnilegt yfirborð eins ljóskers er samsett úr tveimur eða fleiri afmörkuðum hlutum skal það uppfylla eftirfarandi kröfur:

5.8.2.1. Annað hvort skal heildarflötur varps hinna afmörkuðu hluta á plani sem liggur í snertilínu við ytra yfirborð ytra glersins og í lóðlínu á viðmiðunarásinn ekki fylla minna en 60% af minnsta rétthyrningi sem umlykur áðurnefnt varp, eða fjarlægðin milli hinna tveggja aðliggjandi/snertiliggjandi hluta ekki vera meiri en 15 mm þegar mælt er í lóðlínu á viðmiðunarásinn. Þessi krafa gildir ekki um glitauga.

5.8.2.2. Ef um er að ræða tvö ljósker sem eru háð hvort öðru skal fjarlægðin milli aðliggjandi sýnilegra yfirborða í stefnu viðmiðunarássins ekki vera meiri en 75 mm þegar mælt er í lóðlínu á viðmiðunarásinn.

5.9. Mesta hæð frá jörðu skal mæld frá efsta punkti og minnsta hæð frá lægsta punkti sýnilega yfirborðsins í stefnu viðmiðunarássins.

Þegar hámarks- og lágmarkshæð frá jörð uppfylla greinilega kröfurnar í reglugerðinni þarf ekki að ákvarða nákvæmar brúnir neins yfirborðs.

Ljós skulu þannig uppsett að ökutækið uppfylli gildandi löggjöf um hámarkshæð þess.

5.9.1. Til að minnka horn dreifingar ljóss skal mæla stöðu ljóskers með tilliti til hæðar frá jörð frá H-fletinum.

5.9.2. Ef um er að ræða lágljósker skal lágmarkshæð miðað við jörð mæld frá lægsta punkti eiginlegs úttaks ljóskerfisins (t.d. glitauga, gleri, endurkastara) sama hvernig það er notað.

5.9.3. Staðan að því er varðar breidd er ákvörðuð frá þeirri brún sýnilega yfirborðsins sem er í stefnu viðmiðunarássins sem er lengst frá lengdarmiðjuplani ökutækisins þegar miðað er við heildarbreiddina, og frá innri brúnum sýnilega yfirborðsins í stefnu viðmiðunarássins þegar miðað er við fjarlægð milli ljóskerja.

Þegar staðan að því er varðar breidd uppfyllir greinilega kröfurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð þarf ekki að ákvarða nákvæmar brúnir neins yfirborðs.

5.10. Ef sérstakar leiðbeiningar vantar skal ekki breyta ljósmælieiginleikum ljóskersins (t.d. styrk, lit, sýnilegu yfirborði, o.s.frv.) af ásetningi á meðan kveikt er á ljóskerinu.

5.10.1. Stefnuljósker og hættuljósker ökutækis skulu vera blikkandi ljósker.

5.10.2. Ljósmælieiginleikar allra ljóskerja mega vera breytilegir miðað við birtu í umhverfinu, vegna þess að kveikt er á öðrum ljóskerjum eða þegar ljóskerið er notað til að gegna öðru lýsingarhlutverki, að því tilskildu að allar breytingar á ljósmælieiginleikum uppfylli tæknileg ákvæði um viðkomandi ljósker.

5.11. Ekkert ljósker sem vísar fram skal gefa frá sér rautt ljós sem getur valdið ruglingi og ekkert ljósker sem vísar aftur skal gefa frá sér hvítt ljós sem getur valdið ruglingi. Ekki skal taka með í reikninginn ljósabúnað sem er uppsettur til að lýsa ökutækið upp að innan. Ef um einhvern vafa er að ræða skal sannprófa þessa kröfu á eftirfarandi hátt:

5.11.1. Að því er varðar sýnileika rauðs ljóss að ökutæki framanverðu, að undanskildu aftasta rauða hliðarljóskerinu, skal áhorfandi sem er inni á svæði 1, eins og tilgreint er í 1. viðbæti, ekki sjá með beinum hætti í sýnilegt yfirborð rauðs ljóskers,

5.11.2. Að því er varðar sýnileika hvíts ljóss að ökutæki aftanverðu, að undanskildum bakkljóskerjum og hvítum viðvörunar-glitmerkingum á hliðunum, skal áhorfandi sem er inni á svæði 2 á þverplani sem er 25 metrum aftan við ökutækið ekki sjá með beinum hætti í sýnilegt yfirborð hvíts ljóskers (sjá 1. viðbæti),

5.11.3. Svæði 1 og 2 takmarkast af eftirtöldum plönum, eins og þau sjást með augum áhorfanda:

5.11.3.1. Hæðin miðast við tvö lárétt plön sem eru annars vegar 1 m og hins vegar 2,2 m frá jörðu,

5.11.3.2. Breiddin miðast við tvö lóðrétt plön sem mynda 15° horn út frá lengdarmiðjuplani ökutækisins að framan og aftan, eftir því sem við á, í gegnum snertipunkt eða -punkta lóðréttra plana sem liggja samhliða lengdarmiðjuplani ökutækisins og afmarka heildarbreidd ökutækisins og ef um nokkra snertipunkta er að ræða skal sá fremsti samsvara planinu að framan og sá aftasti planinu að aftan.

5.12. Raftengin skulu vera þannig að einungis sé hægt að kveikja og slökkva samtímis á breiddarljóskerjunum að framan og aftan, yfirstærðarljóskerjunum, ef þau eru til staðar, hliðarljóskerjunum, ef þau eru til staðar, og ljóskerinu við skráningarmerkið að aftan.

Þetta skilyrði gildir ekki:

5.12.1. þegar kveikt er á breiddarljóskerjunum að framan og aftan ásamt hliðarljóskerjunum þegar þau eru samtengd eða sameinuð umræddum ljóskerjum, til að nota þau sem stöðuljósker,

5.12.2. um breiddarljóskerin að framan þegar þau skipta um hlutverk samkvæmt lið 5.13.1.

5.13. Raftengingar fyrir háljósker, lágljósker og þokuljósker að framan skulu þannig gerðar að einungis sé hægt að kveikja á þessum ljóskerjum ef einnig kveikt er á ljóskerjunum sem um getur í lið 5.12. Þessi krafa á þó ekki við um háljóskerin eða lágljóskerin þegar þau eru notuð sem viðvörunarljós með þeim hætti að lágljóskerin eða háljóskerin blikka með jöfnu millibili eða lágljóskerin og háljóskerin blikka til skiptis með jöfnu millibili.

5.13.1. Lágljósker og/eða háljósker og/eða þokuljósker að framan geta sinnt hlutverki breiddarljósanna að framan að því tilskildu að:

5.13.1.1. raftengi þeirra séu þannig úr garði gerð að ef eitthvað af þessum ljósabúnaði bregst kvikni sjálfkrafa aftur á breiddarljósunum að framan og

5.13.1.2. staðgönguljóskerið eða -virknin uppfylli, að því er varðar viðkomandi breiddarljós, þær kröfur sem eru settar fram í liðum 6.8.1 til 6.8.6 og

5.13.1.3. viðeigandi sannanir fyrir því að kröfurnar í lið 5.13.1.2 séu uppfylltar séu veittar í prófunarskýrslum staðgönguljóskersins.

5.14. Virknibundin gaummerki mega sinna hlutverki tengingarbundinna gaummerkja.

5.15. Litir ljóssins sem ljóskerin ([5]) gefa frá sér eru eftirfarandi:

5.15.1. háljósker: hvítur,

5.15.2. lágljósker: hvítur,

5.15.3. þokuljósker að framan: hvítur eða valvís gulur,

5.15.4. bakkljósker: hvítur,

5.15.5. stefnuljósker: rauðgulur,

5.15.6. hættuljósker: rauðgulur,

5.15.7. hemlaljósker: rauður,

5.15.8. ljósker við skráningarmerki að aftan: hvítur,

5.15.9. breiddarljósker að framan: hvítur,

([5]) Mæling liskuhnita ljóssins sem ljóskerin gefa frá sér er ekki hluti af þessum viðauka.

5.15.10. breiddarljósker að aftan: rauður,

5.15.11. þokuljósker að aftan: rauður,

5.15.12. stöðuljósker: hvítur að framan, rauður að aftan, rauðgul ef þau eru sameinuð stefnuljóskerjum á hliðum eða hliðarljóskerjum,

5.15.13. hliðarljósker: rauðgulur, en hinsvegar getur aftasta hliðarljóskerið verið rautt ef það er sambyggt eða sameinað breiddarljóskerinu að aftan, yfirbreiddarljóskerinu að aftan, þokuljóskerinu að aftan, hemlaljóskerinu eða ef það er sambyggt eða hluti af ljósvarpsfleti þess er sameiginlegur með glitauganu að aftan,

5.15.14. yfirstærðarljósker: hvítt að framan, rautt að aftan,

5.15.15. ljósker fyrir dagljósabúnað: hvítur,

5.15.16. glitauga að aftan, ekki þríhyrnt: rauður,

5.15.17. glitauga að aftan, þríhyrnt: rauður,

5.15.18. glitauga að framan, ekki þríhyrnt: hvítur eða litlaus,

5.15.19. glitauga á hlið, ekki þríhyrnt: gulbrúnn, en hinsvegar getur aftasta glitaugað á hliðinni verið rautt ef það er sambyggt eða hluti af ljósvarpsfleti þess er sameiginlegur með breiddarljóskerinu að aftan, yfirstærðarljóskerinu að aftan, þokuljóskerinu að aftan, hemlaljóskerinu, rauða aftasta hliðarljóskerinu eða glitauganu að aftan sem ekki er þríhyrnt,

5.15.20. beygjuljósker: hvítur,

5.15.21. viðvörunarglitmerking: hvítur eða gulur á hliðum, rauður eða gulur að aftan,

5.15.22. ytra dyraljós: hvítur,

5.15.23. hjálparljósker: hvítur,

5.16. Felliljósker

5.16.1. Bannað skal að fela ljósker, að undanskildum háljóskerjum, lágljóskerjum og þokuljóskerjum að framan.

5.16.2. Lýsingarbúnaður sem er í notkunarstillingu skal haldast í þeirri stöðu ef bilunin sem um getur í lið 5.16.2.1 á sér stað ein og sér eða ásamt einni af bilununum sem er lýst í lið 5.16.2.2.

5.16.2.1. afl er ekki fyrir hendi til að hreyfa ljóskerið,

5.16.2.2. rof, samviðnám eða skammhlaup í jörð í rafrásinni, gallar í vökva- eða loftleiðslunum, slíðurköplunum (Bowden-köplunum), straumspólunum eða öðrum íhlutum sem stýra eða miðla þeirri orku sem ætlað er að kveikja á fellibúnaðnum.

5.16.3. Ef bilun verður sem hefur áhrif á notkun felliljósabúnaðar skulu ljóskerin haldast í notkunarstillingu ef þau eru þegar í notkun eða það skal vera hægt að færa þau í notkunarstillingu án þess að nota verkfæri.

5.16.4. Lýsingarbúnaður sem er hreyfður til með afli skal færður í notkunarstillingu og kveikt á honum með einu stjórntæki, án þess að útiloka þann möguleika að færa hann í notkunarstillingu án þess að kveikja á honum. Ef hinsvegar er um að ræða sambyggt háljósker og lágljósker ef þess einungis krafist að ofangreint stjórntæki virki á lágljóskerin.

5.16.5. Ekki skal vera mögulegt að stöðva vísvitandi, úr ökumannssætinu, hreyfingu aðalljóskerja sem kveikt er á, áður en þau ná notkunarstillingu sinni. Ef hætta er á að hreyfing aðalljóskerja valdi glýju hjá öðrum vegfarendum má einungis kvikna á þeim þegar þau hafa náð endanlegri stillingu.

5.16.6. Við hitastig á bilinu -30°C til 50°C skal ljósabúnaður sem er stýrt með afli geta náð notkunarstillingu innan þriggja sekúndna frá því að fyrst er kveikt á stjórntækinu.

5.17. Stillanleg ljósker

5.17.1. Staða allra ljóskerja getur verið stillanleg að undanskildum háljóskerjum, lágljóskerjum og minnst einu pari af glitaugum að aftan, að því tilskildu að:

5.17.1.1. umrædd ljósker haldist tengd við ökutækið þegar stöðu þeirra er breytt,

5.17.1.2. læsa megi umræddum ljóskerjum í þeirri stöðu sem umferðarskilyrði krefjast. Læsing skal vera sjálfvirk.

5.18. Almenn ákvæði varðandi dreifingu ljóss

5.18.1. Innan horns rúmfræðilegrar ljósdreifingar skal ekki vera neitt sem hindrar ljósvarp frá neinum hluta hins sýnilega yfirborðs, séð úr fjarska. Ekki skal þó tekið neitt tillit til hindrana ef þær voru þar þegar ljóskerið hlaut gerðarviðurkenningu.

5.18.2. Séu mælingar gerðar nær ljóskerinu skal hliðra skoðunarstefnunni svo að sama nákvæmni náist í mælingunni.

5.18.3. Ef einhver hluti hins sýnilega yfirborðs ljóskersins er falinn bak við einhvern hluta ökutækisins við uppsetningu skal leggja fram sönnun þess að sá hluti ljóskersins sem ekki er falinn bak við hindranir uppfylli ennþá þær ljósfræðilegu kröfur sem gerðar eru vegna viðurkenningar á búnaðinum.

5.19. Fjöldi ljóskera

5.19.1. Fjöldi uppsettra ljóskerja á ökutæki skal vera sá sami og er tilgreindur er í einstökum forskriftum í þessari reglugerð.

5.20. Almenn ákvæði um ljósflöt bakkljóskerja, hættuljóskerja, breiddarljóskerja að aftan, þokuljóskerja að aftan, stöðuljóskerja, ljóskerja fyrir dagljósabúnað og háljóskerja, lágljóskerja, þokuljóskerja að framan bakkljóskerja og beygjuljóskerja, en þau fimm síðastnefndu eru án endurvarpsflatar:

Þegar neðri mörk, efri mörk og hliðarmörk ljósflatar eru ákvörðuð skal einungis nota hlífar með láréttar eða lóðréttar brúnir til að sannprófa fjarlægðina að ystu brúnum ökutækisins og hæð yfir jörð.

Nota skal útlínulögun þessa ljósflatar við mælingar á öðrum þáttum hans, t.d. fjarlægðina milli tveggja ljóskerja eða ljóskerja með mismunandi hlutverk. Hlífarnar skulu haldast samhliða en leyfilegt er að nota aðrar uppstillingar.

5.21. Eins skal líta á glitaugu sem ljósker og því skulu þau uppfylla ákvæði þessa viðauka.

6. **Einstakar forskriftir**

6.1. Háljósker (reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 98, 112 og 113, eins og um getur í I. viðauka.)

6.1.1. Uppsetning: Dráttarvélar mega vera búnar háljóskerjum. Bönnuð á ökutækjum í flokkum R og S.

6.1.2. Fjöldi: Tvö eða fjögur.

6.1.3. Fyrirkomulag: Engar sérstakar forskriftir.

6.1.4 Staðsetning:

6.1.4.1. Breidd: Ytri brúnir ljósflatarins skulu aldrei vera nær ystu brún ökutækisins en ytri brúnir ljósflata lágljósanna.

6.1.4.2. Hæð: Engar sérstakar forskriftir.

6.1.4.3. Lengd: Framan á ökutækinu. Þessi krafa telst uppfyllt ef ljósið veldur ökumanni ekki óþægindum, hvorki beint né óbeint, vegna baksýnisspegla og/eða annarra endurvarpsflata á ökutækinu.

6.1.5. Dreifing ljóss: Sýnileiki ljósflatarins, þ.m.t. sýnileiki hans á svæðum sem ekki virðast upplýst í skoðunarstefnu sem við á, skal tryggður innan keilulaga svæðis sem skilgreint er með því að mynda línur sem byggja á jaðri ljósflatarins og mynda minnst 5° horn á viðmiðunarás aðalháljóskersins.

6.1.6. Stefna: Fram á við.

Fyrir utan þann búnað sem er nauðsynlegur til að viðhalda réttri stillingu og þegar til staðar eru tvö pör háljóskerja, má annað parið, sem er eingöngu notað sem háljósker, snúast með snúningsstefnu stýrisins um ás sem er nokkurn veginn lóðréttur.

6.1.7. Raftengingar: Kveikja má á háljóskerjunum annað hvort samtímis eða í pörum. Kveikt þarf að vera á minnst einu háljóskeri þegar skipt er á milli lágljósa og háljósa. Þegar skipt er frá háljósunum yfir í lágljósin skal slokkna á öllum háljóskerjunum samtímis.

Lágljósin mega loga á sama tíma og háljósin.

6.1.8. Tengingarbundið gaummerki: Lögboðið.

6.1.9. Aðrar kröfur:

6.1.9.1. Samanlagt gildi hámarksljósstyrks þeirra háljóskerja sem hægt er að kveikja á á sama tíma skal ekki vera meira en 430 000 kandela (cd), sem samsvarar viðmiðunargildi sem nemur 100.

6.1.9.2. Þessi hámarksljósstyrkur skal nást með því að leggja saman þau einstöku hámarksviðmiðunarmerki sem eru tilgreind á hverju aðalljóskeri. Viðmiðunarmerkið „10“ skal sett á hvert aðalljósker sem er merkt með „R“ eða „CR“.

6.2. Lágljósker (reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 98, 112 og 113, eins og um getur í I. viðauka.)

6.2.1. Uppsetning: Dráttarvélar skulu búnar lágljóskerjum. Lágljósker eru bönnuð á ökutækjum í flokkum R og S.

6.2.2. Fjöldi: Tvö (eða fjögur, sjá lið 6.2.4.2.4).

6.2.3. Fyrirkomulag: Engar sérstakar forskriftir.

6.2.4. Staðsetning:

6.2.4.1. Breidd: Engar sérstakar forskriftir.

6.2.4.2. Hæð:

6.2.4.2.1. Minnst 500 mm en minnka má þetta gildi niður í 350 mm fyrir ökutæki með hámarksbreidd sem er ekki meiri en 1300 mm.

6.2.4.2.2. Hámark 1500 mm

6.2.4.2.3. Stækka má ofangreint gildi í 2500 mm þegar lögun, bygging, hönnun eða notkunarskilyrði ökutækisins koma í veg fyrir að hægt sé að uppfylla 1500 mm gildið.

6.2.4.2.4. Ef um er að ræða ökutæki sem hægt er að búa færanlegum búnaði að framan skal heimila að auk ljóskerjanna sem staðsett eru samkvæmt kröfunum í liðum 6.2.4.2.1–6.2.4.2.3 séu tvö lágljósker staðsett í allt að 4000 mm hæð ef raftengingarnar eru þannig gerðar að ekki sé hægt að kveikja á báðum pörum lágljósanna samtímis.

6.2.4.3. Lengd: Eins nærri framenda ökutækisins og mögulegt er, en hins vegar skal ljósið ekki við nokkrar kringumstæður valda ökumanni óþægindum, annað hvort beint eða óbeint, vegna baksýnisspegla og/eða annarra endurvarpsflata á ökutækinu.

6.2.5. Dreifing ljóss: Markast af dreifingu ljóss innan rúmfræðilegra horna α og β.

$\alpha =$ 15° upp á við og 10° niður á við,

$\beta =$ 45° út á við og 5° inn á við.

Innan þessa sviðs skal vera hægt að sjá svo til allt sýnilegt yfirborð ljóskersins.

Skilrúm eða annar búnaður nálægt ljósinu má ekki verða til að endurkast myndist sem veldur öðrum vegfarendum óþægindum.

6.2.6. Stefna: Fram á við.

6.2.6.1. Lóðrétt stefna:

6.2.6.1.1. Ef hæð lágljóskerjanna er jöfn eða meiri en 500 mm og jöfn eða minni en 1500 mm skal vera hægt að lækka lágljósið um sem nemur 0,5% til 6%,

6.2.6.1.2. Lágljóskerin skulu samstillt þannig að ef mælt er í 15 m fjarlægð frá ljóskerinu er lárétta línan sem aðskilur upplýsta svæðið frá óupplýsta svæðinu í hæð sem samsvarar einungis helmingi fjarlægðarinnar milli jarðar og miðju ljóskersins.

6.2.6.2. Hallastillibúnaður fyrir lágljósker (valkvætt)

6.2.6.2.1. Hallastillibúnaður fyrir aðalljósker getur verið sjálfvirkur eða stillanlegur með handafli.

6.2.6.2.2. Búnaður sem er stillanlegur með handafli, annað hvort samfellt eða ekki samfellt, skal hafa stöðvunarstillingu til að setja ljóskerin aftur í upphafshalla með venjubundnum stilliskrúfum eða svipaðri aðferð.

Hægt skal vera að nota þennan handstillanlega búnað frá ökumannssætinu.

Samfellt stillanlegur búnaður skal hafa viðmiðunarmerki sem gefa til kynna þá hleðslu sem kallar á leiðréttingu á lágljósunum.

6.2.6.2.3. Lágljósin skulu ekki ná stillingu þar sem hallinn er minni en í upphafstillingu.

6.2.7. Raftengingar: Stjórnbúnaðurinn til að skipta yfir í lágljósin skal slökkva á öllum háljóskerjunum samtímis.

Kveikt má vera á lágljóskerjunum og háljóskerjunum samtímis.

Ef viðbótarpar af lágljóskerjum er uppsett (sbr. lið 6.2.2) skal haga raftengjunum þannig að aldrei sé kveikt á tveimur pörum af lágljóskerjum samtímis.

6.2.8. Tengingarbundið gaummerki: Valkvætt.

6.2.9. Aðrar kröfur: Notkun lágljóskerja með ljósgjöfum sem gefa aðallágljósin (eins og er skilgreint í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 48, eins og um getur í I. viðauka) og hafa hlutlægt heildarljósstreymi yfir 2000 lúmen er bönnuð

6.3. *Þokuljósker að framan (reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 19, eins og um getur í I. viðauka)*

6.3.1. Uppsetning: Valkvæð á dráttarvélum. Bönnuð á ökutækjum í flokkum R og S.

6.3.2. Fjöldi: Tvö.

6.3.3. Fyrirkomulag: Engar sérstakar forskriftir.

6.3.4. Staðsetning:

6.3.4.1. Breidd: Engar sérstakar forskriftir.

6.3.4.2. Hæð: Ekki minni en 250 mm yfir jörðu. Enginn punktur ljósflatar má vera hærri en hæsti punktur ljósflatar lágljóskerjanna.

6.3.4.3. Lengd: Eins nærri framenda ökutækisins og mögulegt er, en hins vegar skal ljósið ekki við nokkrar kringumstæður valda ökumanni óþægindum, annað hvort beint eða óbeint, vegna baksýnisspegla og/eða annarra endurvarpsflata á ökutækinu.

6.3.5. Dreifing ljóss: Markast af dreifingu ljóss innan rúmfræðilegra horna α og β.

$\alpha =$ 5° upp á við og niður á við,

$\beta =$ 45° út á við og 5° inn á við.

6.3.6. Stefna: Fram á við.

Þeim skal beint fram á við án þess að valda óþarfa glýju eða óþægindum fyrir ökumenn sem koma á móti og aðra vegfarendur.

6.3.7. Raftengingar: Það skal vera mögulegt að kveikja og slökkva á þokuljóskerjunum óháð háljóskerjunum og lágljóskerjunum og öfugt.

6.3.8. Tengingarbundið gaummerki: Valkvætt.

6.4. Bakkljósker (reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 23, eins og um getur í I. viðauka)

6.4.1. Uppsetning: Valkvæð.

6.4.2. Fjöldi: Eitt eða tvö.

6.4.3. Fyrirkomulag: Engar sérstakar forskriftir.

6.4.4. Staðsetning:

6.4.4.1. Breidd: Engar sérstakar forskriftir.

6.4.4.2. Hæð: Ekki minni en 250 mm og ekki meiri en 1200 mm yfir jörð.

Ef lögun, bygging, hönnun eða notkunarskilyrði ökutækisins gera það að verkum að ómögulegt er að halda ljóskerinu innan við 1200 mm er hins vegar leyfilegt að auka hæðina í allt að 4000 mm.

Í seinna tilvikinu skal ljóskerið vera uppsett með minnst 3° halla niður á við ef það er fest ofar en í 2000 mm hæð en ekki ofar en 3000 mm og minnst 6° ef það er fest ofar en í 3000 mm hæð en ekki ofar en 4000 mm.

Engan halla þarf ef festingarhæð er undir 2000 mm

6.4.4.3. Lengd: Aftan á ökutækinu.

6.4.5. Dreifing ljóss: Markast af dreifingu ljóss innan rúmfræðilegra horna α og β.

α = 15° upp á við og 5° niður á við,

β = 45° til hægri og til vinstri ef um er að ræða eitt ljósker,

β = 45° út á við og 30° inn á við ef um er að ræða tvö ljósker.

6.4.6. Stefna: Afturvísandi.

6.4.7. Raftengingar: Það getur einungis kviknað á því eða það lýst áfram ef ökutækið er í bakkgír og ef:

— annað hvort hreyfillinn er í gangi

— eða eitthvað að stýribúnaðinum fyrir ræsingu og stöðvun hreyfilsins er í þannig stöðu að hægt sé að nota hreyfilinn.

6.4.8. Gaummerki : Valkvætt.

6.5. Stefnuljósker (reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 6, eins og um getur í I. viðauka)

6.5.1. Uppsetning: Dráttarvélar og ökutæki í flokkum R og S skulu búin stefnuljóskerjum. Gerðum stefnuljóskerja er raðað í flokka (1, 1a, 1b, 2a, 2b og 5) þar sem samstæða þeirra á einni dráttarvél telst vera fyrirkomulag (A til D).

Fyrirkomulag A skal einungis heimilað á dráttarvélum með heildarlengd sem er ekki meiri en 4,60 m og ef fjarlægðin milli ytri brúna ljósflatanna er ekki meiri en 1,60 m.

Fyrirkomulag B, C og D eiga við um allar dráttarvélar.

Nota skal ljósker í flokki 2 á eftirvagna og dregin tæki.

Ökutæki mega vera búin viðbótarstefnuljóskerjum.

6.5.2. Fjöldi: Fjöldi tækja skal vera þannig að þau geti gefið frá sér merki sem samsvara einu af þeim fyrirkomulögum sem um getur í lið 6.5.3.

6.5.3. Fyrirkomulag: Fjöldi, staðsetning og láréttur sýnileiki stefnuljóskerjanna skal vera þannig að þau geti gefið frá sér merki sem samsvara a.m.k. einu af þeim fyrirkomulögum sem skilgreind eru hér á eftir (sjá einnig 2. viðbæti). Sjónhorn eru skyggð inn á teikningarnar og hornin sem eru sýnd eru lágmarksgildi sem má fara yfir og öll sjónhorn eru mæld frá miðju ljósflatarins.

6.5.3.1. A Tvö stefnuljósker að framan (flokkur 1, 1a eða 1b),

Tvö stefnuljósker að aftan (flokkur 2a).

Þessi ljósker geta verið sjálfstæð, sambyggð eða sameinuð.

B Tvö stefnuljósker að framan (flokkur 1, 1a eða 1b),

Tvö hliðarstefnuljósker (flokkur 5),

Tvö stefnuljósker að aftan (flokkur 2a).

Stefnuljóskerin að framan og til hliðanna geta verið sjálfstæð, sambyggð eða sameinuð.

C Tvö stefnuljósker að framan (flokkur 1, 1a eða 1b),

Tvö stefnuljósker að aftan (flokkur 2a),

Tvö hliðarstefnuljósker (flokkur 5)

D Tvö stefnuljósker að framan (flokkur 1, 1a eða 1b),

Tvö stefnuljósker að aftan (flokkur 2a).

6.5.3.2. Fyrir eftirvagna og dregin tæki:

Tvö stefnuljósker að aftan (flokkur 2).

6.5.4. Staðsetning:

6.5.4.1. Breidd: Brúnir ljósflatarins sem er lengst frá lengdarmiðjuplani ökutækisins skulu ekki vera meira en 400 mm frá ystu brún ökutækisins, að undanskildum stefnuljóskerjum í flokki 1 í fyrirkomulagi C og viðbótarstefnuljóskerjum. Fjarlægðin milli innri brúna á ljósflötunum tveimur í pari ljóskera skal ekki vera minni en 500 mm.

Þegar lóðrétta fjarlægðin milli stefnuljóskers að aftan og samsvarandi breiddarljóskers er ekki meiri en 300 mm skal fjarlægðin milli ystu brúnar ökutækisins og ytri brúnar stefnuljóskersins að aftan ekki vera meiri en 50 mm umfram fjarlægðina milli ystu brúnar ökutækisins og ytri brúnar samsvarandi breiddarljóskers að aftan.

Hvað varðar stefnuljósker að framan ætti ljósflöturinn ekki vera minna en 40 mm frá ljósfleti lágljóskerjanna eða þokuljóskerjanna að framan, ef þau eru til staðar.

Minni fjarlægð er leyfileg ef ljósstyrkurinn á viðmiðunarási stefnuljóskersins samsvarar minnst 400 kandelum (cd).

6.5.4.2. Hæð: Yfir jörðu ekki minni en 400 mm og ekki meiri en 2500 mm og allt að 4000 mm fyrir viðbótarstefnuljósker.

Ekki minna en 350 mm fyrir ofan jörð á ökutækjum með lágmarksbreidd undir 1300 mm.

6.5.4.3. Lengd: Fjarlægðin milli viðmiðunarmiðju ljósflatar stefnuljóss í flokki 1 (fyrirkomulag B), stefnuljóss í flokki 5 (fyrirkomulag B og C) og þverplansins sem markar fremri mörk heildarlengdar dráttarvélarinnar, skal ekki vera meiri en 1800 mm. Ef bygging dráttarvélarinnar gerið það ókleift að halda sig við lágmarkssjónhorn er heimilt að auka þessa fjarlægð í 2600 mm.

6.5.5. Dreifing ljóss: Lárétt horn: Sjá 2. viðbæti.

Lóðrétt horn: 15° yfir og undir láréttu plani.

Minnka má lóðrétt horn undir því lárétta í 10° ef um er að ræða hliðarstefnuljósker í fyrirkomulagi B og C ef hæð þeirra er minni en 1900 mm. Sama gildir ef um er að ræða stefnuljósker í flokki 1 með fyrirkomulagi B og D.

6.5.6. Stefna: Ef framleiðandi ljóskersins mælir fyrir um einstakar forskriftir fyrir uppsetningu skal virða þær.

6.5.7. Raftengingar: Kveikt skal á stefnuljóskerjum óháð öðrum ljóskerjum. Kveikt skal og slökkt á öllum stefnuljóskerjum á annarri hlið ökutækisins með einum stjórnrofa og skulu þau blikka í takt.

6.5.8. Virknibundin gaummerki: Dráttarvélar skulu búnar virknibundnum gaummerkjum fyrir öll stefnuljósker sem ökumaðurinn sér ekki með beinum hætti. Þau mega vera gerð fyrir sjón eða heyrn eða hvort tveggja.

Ef þau eru sjónræn skal það gert með grænu blikkandi ljósi sem skal, ef eitthvert stefnuljósker, annað en hliðarstefnuljósker, bilar, annað hvort slökkna á eða haldast kveikt án þess að blikka, eða sýna greinilega breytingu á tíðni.

Ef búnaðurinn er einungis gerður fyrir heyrn skal heyrast greinilega í honum og skal hann greinilega breyta tíðni sinni ef bilun kemur upp.

Ef dráttarvél er útbúin til að draga eftirvagn skal hún búin sérstöku sjónrænu virknibundnu gaumljósi fyrir stefnuljóskerin á eftirvagninum, nema ef gaumljósið á dráttartækinu gerir kleift að skynja bilun í öllum stefnuljóskerjunum á dráttarvélinni og eftirvagninum þegar þau eru tengd saman.

6.5.9. Aðrar kröfur: Ljóskerin skulu vera blikkandi ljósker sem blikka 90 ± 30 sinnum á mínútu. Ljósið skal birtast innan einnar sekúndu frá því að hreyft er við stjórnbúnaði ljósmerkisins og innan við einni og hálfri sekúndu frá því fyrst er slökkt á því.

Ef heimilt er að dráttarvél dragi eftirvagn skal stjórnbúnaður stefnuljóskerjanna á dráttarvélinni einnig kveikja á stefnuljósunum á eftirvagninum.

Ef bilun á sér stað, önnur en skammhlaup, í einu stefnuljósi skulu hin ljósin blikka áfram en blikktíðni þeirra þegar svo stendur á getur verið önnur en sú sem mælt er fyrir um.

6.6. Hættuljósker:

6.6.1. Uppsetning: Lögboðin á ökutækjum í flokkum R og S.

6.6.2. Fjöldi

6.6.3. Fyrirkomulag:

6.6.4. Staðsetning

6.6.4.1. Breidd

6.6.4.2. Hæð

6.6.4.3. Lengd

6.6.5. Dreifing ljóss

6.6.6. Stefna

Eins og tilgreint er í samsvarandi fyrirsögnum í lið 6.5.

6.6.7. Raftengi: Merkið skal gefið með aðskildum stjórnbúnaði sem gerir kleift að láta öll stefnuljóskerin virka saman.

6.6.8. Tengingarbundið gaummerki: Lögboðið. Blikkandi viðvörunarljós sem getur virkað með gaummerki eða -merkjum sem eru tilgreind í lið 6.5.8.

6.6.9. Aðrar kröfur: Eins og tilgreint er í lið 6.5.9. Ef dráttarvél er búin til þess að draga eftirvagn skal stjórnbúnaður hættuljóskersins einnig geta kveikt á stefnuljóskerjunum á eftirvagninum. Hættuljóskerin skulu einnig geta virkað þótt búnaðurinn sem ræsir eða stöðvar hreyfilinn sé í stillingu sem gerir ókleift að ræsa hreyfilinn.

6.7. Hemlaljósker (reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 7, eins og um getur í I. viðauka)

6.7.1. Uppsetning:

Ljósker í flokki S1 eða S2 eins og lýst er í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 7: dráttarvélar og ökutæki í flokkum R og S skulu búin slíkum hemlaljóskerjum.

Ljósker í flokki S3 eða S4 eins og lýst er í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 7: dráttarvélar og ökutæki í flokkum R og S mega vera búin slíkum hemlaljóskerjum.

6.7.2. Fjöldi: Tvö ljósker í flokki S1 eða S2 og eitt ljósker í flokki S3 eða S4.

6.7.2.1. Setja má upp tvö valkvæð ljósker í flokki S1 eða S2 á ökutækjum, nema í tilvikum þar sem búnaður í flokki S3 eða S4 er uppsettur.

6.7.2.2. Þegar lengdarmiðjuplan ökutækisins er ekki staðsett á fastri plötu á yfirbyggingunni heldur aðskilur einn eða tvo hreyfanlega hluta ökutækisins (t.d. hurðir) og á því er ekki nægilegt pláss til búa það með einu ljósi í flokki S3 eða S4 á lengdarmiðjuplaninu fyrir ofan slíka hreyfanlega hluta má annað hvort:

— setja upp tvö ljós í flokki S3 eða S4 af gerð D eða

— setja upp eitt ljós í flokki S3 eða S4 vinstra eða hægra megin við lengdarmiðjuplanið.

6.7.3. Fyrirkomulag: Engar sérstakar forskriftir.

6.7.4. Staðsetning:

6.7.4.1. Breidd:

Flokkur S1 eða S2: Fjarlægðin milli innri brúna sýnilegu yfirborðanna í stefnu viðmiðunarásanna skal ekki vera meiri en 500 mm. Þessa fjarlægð má minnka í 400 mm ef heildarbreidd ökutækisins er innan við 1400 mm.

Flokkur S3 eða S4: Búnaður í flokki S3 eða S4: viðmiðunarmiðja skal vera á lengdarmiðjuplani ökutækisins. Hins vegar ef tvö ljósker í flokki S3 eða S4 eru uppsett í samræmi við lið 6.7.2, skulu þau staðsett eins nærri lengdarmiðjuplaninu og mögulegt er, eitt hvoru megin við planið.

Ef leyfilegt er að nota eitt ljós í flokki S3 eða S4 til hliðar við lengdarmiðjuplanið í samræmi við lið 6.7.2 skal sú hliðrun ekki vera meiri en sem nemur 150 mm frá lengdarmiðjuplaninu að viðmiðunarmiðju ljóskersins.

6.7.4.2. Hæð:

Flokkur S1 eða S2: Ekki minni en 400 mm og ekki meiri en 2500 mm yfir jörð og allt að 4000 mm fyrir viðbótarhemlaljósker.

Flokkur S3 eða S4: Fyrir ofan lögboðin hemlaljósker og á láréttu plani sem er í snertilínu við neðri brún sýnilega yfirborðsins á búnaði í flokki S3 eða S4 og fyrir ofan lárétt plan sem er í snertilínu við efri brún sýnilega yfirborðsins á búnaðinum í flokki S1 eða S2.

Ökutæki mega vera búin tveimur viðbótarljóskerjum í flokki S1 eða S2:

Ekki minna en 400 mm fyrir ofan jörð og ekki meira en 4000 mm

6.7.4.3. Lengd:

Flokkur S1 eða S2: Aftan á ökutækinu.

Flokkur S3 eða S4: Engar sérstakar forskriftir.

6.7.5. Dreifing ljóss: Lárétt horn: 45° út á við og inn á við.

Lóðrétt horn: 15° yfir og undir láréttu plani.

Minnka má lóðrétta hornið neðan við það lárétta í 10° eða 5° þegar H-plan ljóskersins er annars vegar við eða undir 1900 mm og hins vegar 950 mm frá jörð.

6.7.6. Stefna: Aftur með ökutækinu.

6.7.7. Raftengi: Skulu lýsast upp þegar akstursheimlinum er beitt og/eða þegar dregið er viljandi úr hraða ökutækisins.

6.7.8. Virknibundin gaummerki: Ökutæki geta verið búin gaumljósum fyrir hemlaljósker. Ef þau eru ísett skal það vera í formi viðvörunarljóss sem ekki blikkar og sem kviknar á ef hemlaljóskerin bila.

6.7.9. Aðrar kröfur: Ljósstyrkur hemlaljóskerjanna skal vera umtalsvert meiri en ljósstyrkur breiddarljósanna að aftan.

6.8. Stöðuljósker að framan (reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 7, eins og um getur í I. viðauka)

6.8.1. Uppsetning: Lögboðin á dráttarvélum. Lögboðin á ökutækjum í flokkum R og S sem eru breiðari en 1,6 m og hafa hámarkshönnunarhraða yfir 40 km/klst.

6.8.2. Fjöldi: Tvö eða fjögur (sjá lið 6.8.4.2).

6.8.3. Fyrirkomulag: Engar sérstakar forskriftir.

6.8.4. Staðsetning:

6.8.4.1. Breidd: Sá punktur á ljósfletinum sem er lengst frá lengdarmiðjuplani ökutækisins skal ekki vera meira en 400 mm frá ystu brún ökutækisins. Fjarlægðin milli innri brúna á ljósflötunum tveimur skal ekki vera minni en 500 mm.

6.8.4.2. Hæð: Ekki minna en 400 mm fyrir ofan jörð og ekki meira en 2500 mm

Ef um er að ræða ökutæki sem eru þannig búin að festa má færanlegan búnað framan á þau sem gæti hulið breiddarljósin að framan má festa tvö viðbótarbreiddarljósker, ekki í meiri hæð en 4000 mm.

6.8.4.3. Lengd: Engar forskriftir að því tilskildu að ljóskerjunum sé beint fram á við og horn rúmfræðilegs sýnileika sem eru tilgreind í lið 6.8.5 séu virt.

6.8.5. Dreifing ljóss: Lárétt horn: Fyrir breiddarljósin tvö að framan: 10° inn á við og 80° út á við. Ef lögunin á yfirbyggingunni gerir ókleift að halda sig við 10° horn inn á við má hins vegar minnka það horn í 5°. Ef lögunin á yfirbyggingu ökutækja með heildarbreidd undir 1400 mm gerir ókleift að halda 10° horni má minnka það í 3°.

Lóðrétt horn: 15° yfir og undir láréttu plani. Minnka má lóðrétt horn undir því lárétta í 10° ef hæð ljóskersins yfir jörð er undir 1900 mm og í 5°ef þessi hæð er undir 750 mm.

6.8.6. Stefna: Fram á við.

6.8.7. Raftengi: Engar einstakar forskriftir (sjá lið 5.12).

6.8.8. Gaummerki : Lögboðið. Þetta gaumljós skal ekki blikka. Ekki skal krefjast þess ef einungis er hægt að kveikja á ljósunum í mælaborðinu um leið og kveikt er á breiddarljósunum að framan.

6.9. Breiddarljósker að aftan (reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 7, eins og um getur í I. viðauka)

6.9.1. Uppsetning: Lögboðin á ökutækjum í flokkum R og S.

6.9.2. Fjöldi: Tvö eða fleiri (sjá liði 6.9.4.3 og 6.9.5.1).

6.9.3. Fyrirkomulag: Engar sérstakar forskriftir. Ef fjögur breiddarljósker eru sett upp að aftan samkvæmt lið 6.9.5.1 skal minnst eitt par breiddarljósa að aftan vera fast.

6.9.4. Staðsetning:

6.9.4.1. Breidd: Í tilvikum öðrum en þeim sem kveðið er á um í lið 6.9.5.1 skal sá punktur á ljósfletinum sem er lengst frá lengdarmiðjuplani ökutækisins ekki vera meira en 400 mm frá ystu brún ökutækisins.

Fjarlægðin milli innri brúna á ljósflötunum tveimur skal ekki vera minni en 500 mm. Þá fjarlægð má minnka í 400 mm ef full breidd ökutækisins er innan við 1400 mm.

6.9.4.2. Hæð: Í tilvikum öðrum en þeim sem kveðið er á um í lið 6.9.5.1 skal hæð yfir jörð ekki vera minni en 400 mm og ekki meiri en 2500 mm.

Ekki minna en 350 mm fyrir ofan jörð fyrir ökutæki með lágmarksbreidd undir 1300 mm.

6.9.4.3. Lengd: Aftan á ökutækinu. Ekki meiri en 1000 mm frá aftasta punkti ökutækisins.

Þeir hlutar ökutækisins sem skaga út fyrir aftasta punkt ljósflatar breiddarljósanna að aftan um meira en 1000 mm skulu búnir viðbótarbreiddarljósi að aftan.

6.9.5. Dreifing ljóss: Lárétt horn: Fyrir breiddarljósin tvö að aftan: annað hvort 45°inn á við og 80°út á við eða 80°inn á við og 45° út á við.

Lóðrétt horn: 15° yfir og undir láréttu plani. Minnka má lóðrétt horn undir því lárétta í 10° ef hæð ljóskersins yfir jörð er undir 1900 mm og í 5°ef þessi hæð er undir 750 mm.

6.9.5.1. Ef ókleift er að virða ofangreindar kröfur um staðsetningu og sýnileika má setja upp fjögur breiddarljósker að aftan í samræmi við eftirfarandi forskriftir um uppsetningu:

6.9.5.1.1. Tvö breiddarljósker að aftan skulu vera innan hámarkshæðarinnar 2500 mm yfir jörð.

Virða skal minnst 300 mm fjarlægð milli innri brúna breiddarljósanna að aftan og þau skulu hafa 15° lóðrétt sjónhorn fyrir ofan það lárétta.

6.9.5.1.2. Hin tvö skulu vera innan við hámarkshæðina 4000 mm frá jörð og skulu háð kröfunum sem mælt er fyrir um í lið 6.9.4.1.

6.9.5.1.3. Samtening þessara tveggja para skal uppfylla kröfurnar um dreifingu ljóss sem eru skilgreindar í lið 6.9.5 hér að ofan.

6.9.6. Stefna: Aftur á við.

6.9.7. Raftengi: Engar sérstakar forskriftir.

6.9.8. Tengingarbundið gaummerki: Lögboðið (sjá lið 5.11) Það skal sameina við gaummerki breiddarljóskerja að framan.

6.10. Þokuljósker að aftan (reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 38, eins og um getur í I. viðauka)

6.10.1. Uppsetning: Valkvæð.

6.10.2. Fjöldi: Eitt eða tvö.

6.10.3. Fyrirkomulag: Það skal uppfylla skilyrði um dreifingu ljóss.

6.10.4. Staðsetning:

6.10.4.1. Breidd: Ef einungis eitt þokuljósker er að aftan skal það vera þeim megin við lengdarmiðjuplan ökutækisins sem er andstætt lögboðinni umferðarstefnu í skráningarlandinu. Fjarlægðin milli þokuljóskersins að aftan og hemlaljóskersins skal alltaf vera meiri en 100 mm.

6.10.4.2. Hæð: Ekki minni en 400 mm og ekki meiri en 1900 mm yfir jörð eða ekki meiri en 2500 mm ef lögun yfirbyggingarinnar gerir ókleift að hafa hana minni en 1900 mm.

6.10.4.3. Lengd: Aftan á ökutækinu.

6.10.5. Dreifing ljóss: Lárétt horn: 25° inn á við og út á við.

Lóðrétt horn: 5° yfir og undir láréttu plani.

6.10.6. Stefna: Aftur á við.

6.10.7. Raftengi: Þau skulu þannig úr garði gerð að einungis geti kviknað á þokuljóskerinu að aftan þegar lágljóskerin eða þokuljóskerin að framan eru í notkun.

Ef þokuljósker eru til staðar að framan skal vera hægt að slökkva á þokuljóskerjunum að aftan óháð þokuljóskerjunum að framan.

6.10.8. Tengingarbundið gaummerki: Lögboðið. Sjálfstætt viðvörunarljós með föstum styrk.

6.11. Stöðuljósker (reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 77 eða 7, eins og um getur í I. viðauka)

6.11.1. Uppsetning: Ökutæki mega vera búin stöðuljóskerjum.

6.11.2. Fjöldi: Veltur á fyrirkomulaginu.

6.11.3. Fyrirkomulag: Annað hvort tvö ljósker að framan og tvö að aftan, eða eitt ljósker á hvorri hlið.

6.11.4. Staðsetning:

6.11.4.1. Breidd: Sá punktur á ljósfletinum sem er lengst frá lengdarmiðjuplani ökutækisins skal ekki vera meira en 400 mm frá ystu brún ökutækisins. Ef um er að ræða par af ljóskerjum skulu þau enn fremur vera á hliðum ökutækisins.

6.11.4.2. Hæð: Ekki minni en 400 mm fyrir ofan jörð og ekki meiri en 2500 mm

6.11.4.3. Lengd: Engar sérstakar forskriftir.

6.11.5. Dreifing ljóss: Lárétt horn: 45° út á við, fram á við og aftur á við.

Lóðrétt horn: 15° yfir og undir láréttu plani. Minnka má lóðrétt horn undir því lárétta í 10° ef hæð ljóskersins yfir jörð er undir 1500 mm og í 5°ef þessi hæð er undir 750 mm.

6.11.6. Stefna: Þannig að ljóskerin uppfylli kröfur um útsýni áfram og aftur á við.

6.11.7. Raftengi: Tengin skulu gera kleift að kveikja á stöðuljóskerjunum á sömu hlið ökutækisins óháð öðrum ljóskerjum.

6.11.8. Gaummerki : Ökutæki geta verið búin gaummerki fyrir stöðuljósker. Ef það er til staðar skal ekki vera hægt að rugla því saman við gaummerkið fyrir breiddarljóskerin.

6.11.9. Aðrar kröfur: Hlutverki þessa ljóskers má einnig ná fram með því að kveikja samtímis á breiddarljósunum að framan og aftan á annarri hlið ökutækisins.

6.12. Yfirstærðarljósker (reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 7, eins og um getur í I. viðauka)

6.12.1. Uppsetning: Lögboðin á dráttarvélum í flokkum R og S sem eru breiðari en 1,80 m. Bannað á öllum öðrum ökutækjum.

6.12.2. Fjöldi: Tvö sem eru sýnileg að framan og tvö sem eru sýnileg að aftan.

6.12.3. Fyrirkomulag: Engar sérstakar forskriftir.

6.12.4. Staðsetning:

6.12.4.1. Breidd: Eins nærri ystu brún ökutækisins og mögulegt er.

6.12.4.2. Hæð: Í mestu hæð sem samsvarar kröfunni um staðsetningu hvað varðar breidd og samhverfni ljóskerjanna.

6.12.4.3. Lengd: Engar sérstakar forskriftir.

6.12.5. Dreifing ljóss: Lárétt horn: 80° út á við.

Lóðrétt horn: 5° yfir og 20° undir því lárétta.

6.12.6. Stefna: Þannig að ljóskerin uppfylli kröfur um útsýni áfram og aftur á við.

6.12.7. Raftengi: Engar sérstakar forskriftir.

6.12.8. Gaummerki : Valkvætt

6.12.9. Aðrar kröfur: Með fyrirvara um að öll önnur skilyrði séu uppfyllt mega ljóskerið sem er sýnilegt að framan og ljóskerið sem er sýnilegt að aftan á sömu hlið ökutækisins vera í sama tækinu. Staðsetning yfirstærðarljóskers með tilliti til samsvarandi breiddarljóskers skal vera þannig að fjarlægðin milli varpanna á lóðréttu þverplani þeirra punkta sem eru næstir hvorum öðrum á ljósflötum ljóskerjanna tveggja sem um ræðir er ekki minni en 200 mm.

6.13. Vinnuljósker

6.13.1. Uppsetning: Valkvæð.

Engar sérstakar forskriftir eru til staðar fyrir eftirfarandi liði: 6.13.2, 6.13.3, 6.13.5 og 6.13.6.

6.13.2. Fjöldi

6.13.3. Fyrirkomulag:

6.13.4. Staðsetning: Hafa skal viðeigandi hlífar utan um vinnuljós og/eða staðsetja þau þannig að þau séu varin gegn höggum

6.13.5. Dreifing ljóss

6.13.6. Stefna

6.13.7. Raftengi: Þetta ljósker skal virka óháð öllum öðrum ljóskerjum með tilliti til þeirrar staðreyndar að það lýsir ekki upp veginn eða virkar sem merkjabúnaður á veginum.

6.13.8. Gaummerki : Lögboðið.

6.13.9. Þetta ljósker skal ekki samtengja eða sameina neinu öðru ljóskeri.

6.14. Glitaugu að aftan, ekki þríhyrnd (reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 3, eins og um getur í I. viðauka)

6.14.1. Uppsetning: Lögboðin fyrir ökutæki í flokkum T og C. Bönnuð á ökutækjum í flokkum R og S.

6.14.2. Fjöldi: Tvö eða fjögur (sjá lið 6.14.5.1).

6.14.3. Fyrirkomulag: Engar sérstakar forskriftir.

6.14.4. Staðsetning:

6.14.4.1. Breidd: Í tilvikum öðrum en þeim sem kveðið er á um í lið 6.14.5.1 skal sá punktur á ljósfletinum sem er lengst frá lengdarmiðjuplani ökutækisins ekki vera meira en 400 mm frá ystu brún ökutækisins. Innri brúnir glitaugnanna skulu vera minnst 600 mm hvor frá annarri. Þessa fjarlægð má minnka í 400 mm ef full breidd ökutækisins er innan við 1300 mm.

6.14.4.2. Hæð: Ekki minni en 400 mm og ekki meiri en 900 mm yfir jörð, nema í þeim tilvikum sem kveðið er á um í lið 6.14.5.1.

Ekki minni en 250 mm fyrir ofan jörð fyrir ökutæki með lágmarksbreidd undir 1300 mm.

Hins vegar má stækka efri mörkin upp í mest 1200 mm ef ókleift er að halda þeim innan við 900 mm án þess að þurfa að nota festibúnað sem hætta er á að skemmist eða bogni auðveldlega.

6.14.4.3. Lengd: Engar sérstakar forskriftir.

6.14.5. Dreifing ljóss: Lárétt horn: 30° inn á við og út á við.

Lóðrétt horn: 15° yfir og undir láréttu plani. Minnka má lóðrétta hornið undir láréttu plani í 5° ef glitaugað er ekki ofar en 750 mm frá jörðu.

6.14.5.1. Ef ókleift er að virða ofangreindar kröfur um staðsetningu og sýnileika má setja upp fjögur glitaugu í samræmi við eftirfarandi forskriftir um uppsetningu:

6.14.5.1.1. Tvö glitaugu sem skulu vera innan hámarkshæðarinnar 900 mm yfir jörð. Hins vegar má stækka þessi efri mörk upp í mest 1500 mm ef lögun, bygging, hönnun eða notkunarskilyrði ökutækisins uppfylla 900 mm hæðina án þess að það þurfi að nota festibúnað sem hætta er á að skemmist eða bogni auðveldlega.

Virða skal minnst 300 mm fjarlægð milli innri brúna glitaugnanna og þau skulu hafa 15° lóðrétt sjónhorn fyrir ofan það lárétta.

6.14.5.1.2. Hin tvö skulu vera innan við hámarkshæðina 2500 mm frá jörð og skulu háð kröfunum sem mælt er fyrir um í lið 6.14.4.1.

6.14.5.1.3. Samstening þessara tveggja para skal uppfylla kröfurnar um dreifingu ljóss sem eru skilgreindar í lið 6.14.5.

6.14.6. Stefna: Aftur á við.

6.14.7. Aðrar kröfur: Ljósflötur glitaugans má vera að hluta til sameiginlegur einhverju öðru afturljóskeri.

6.15. Hliðarglitaugu, ekki þríhyrnd (reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 3, eins og um getur í I. viðauka)

6.15.1. Uppsetning: Lögboðin á öllum dráttarvélum lengri en 6 m. Valkvæð á dráttarvélum undir 6 m. Lögboðin á öllum ökutækjum í flokkum R og S.

6.15.2. Fjöldi: Þarf að uppfylla kröfurnar um langsniðsstaðsetningu. Frammistaða þessa búnaðar skal uppfylla kröfurnar um glitaugu í flokki IA eða IB í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 3, eins og um getur í I. viðauka. Leyfilegt er að nota fleiri glitaugu og -efni (þ.m.t. tvö glitaugu sem ekki uppfylla ákvæði liðar 6.15.4), að því tilskildu að þau dragi ekki úr skilvirkni lögboðna ljósa- og ljósmerkjabúnaðarins.

6.15.3. Fyrirkomulag: Endurvarpsflöturinn skal festur á lóðrétt plan (hámarksfrávik 10°) samhliða lengdarási ökutækisins.

6.15.4. Staðsetning:

6.15.4.1. Breidd: Engar sérstakar forskriftir.

6.15.4.2. Hæð: Ekki minni en 400 mm og ekki meiri en 900 mm yfir jörð.

Hins vegar má stækka efri mörkin upp í mest 1500 mm ef ókleift er að halda þeim innan við 900 mm án þess að þurfa að nota festibúnað sem hætta er á að skemmist eða bogni auðveldlega.

6.15.4.3. Lengd: Eitt glitauga skal ekki vera fjær fremsta punkti ökutækisins en 3 m og annað hvort sama glitaugað eða annað glitauga skal ekki vera fjær aftasta punkti ökutækisins en 3 m. Fjarlægðin milli tveggja glitaugna á sömu hlið ökutækisins skal ekki vera meiri en 6 m.

6.15.5. Dreifing ljóss: Lárétt horn: 20° aftur á við og fram á við.

Lóðrétt horn: 10° yfir og undir láréttu plani. Minnka má lóðrétta hornið undir láréttu plani í 5° ef lengd glitaugans er undir 750 mm.

6.15.6. Stefna: Til hliðar.

6.16. Ljósker við skráningarmerki (reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 4, eins og um getur í I. viðauka)

6.16.1. Uppsetning: Lögboðin á ökutækjum í flokkum R og S.

6.16.2. Fjöldi

6.16.3. Fyrirkomulag:

6.16.4. Staðsetning

6.16.4.1. Breidd

6.16.4.2. Hæð

6.16.4.3. Lengd

6.16.5. Dreifing ljóss

6.16.6. Stefna

Gildin og staðsetningarnar í liðum 6.16.2–6.16.6 skulu vera þannig að búnaðurinn geti lýst upp staðsetningu skráningarmerkisins.

6.16.7. Gaummerki: Ökutæki geta verið búin gaummerki fyrir ljósker við skráningarmerki að aftan. Ef það er ísett skal gaummerkið fyrir breiddarljósin að framan og aftan sýna virkni þess.

6.16.8. Raftengi: Ljósið skal einungis kvikna um leið og kviknar á breiddarljósunum að aftan (sjá lið 5.12).

6.17. Glitaugu að framan, ekki þríhyrnd (reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 3, eins og um getur í I. viðauka)

6.17.1. Uppsetning: Lögboðin á ökutækjum í flokkum R og S. Valkvæð á dráttarvélum.

6.17.2. Fjöldi: Tvö eða fjögur.

6.17.3. Fyrirkomulag: Engar sérstakar kröfur.

6.17.4. Staðsetning

6.17.4.1. Breidd: Sá punktur á ljósfletinum sem er lengst frá lengdarmiðjuplani ökutækisins skal ekki vera meira en 400 mm frá ystu brún ökutækisins. Þessi fjarlægð skal ekki vera meiri en 150 mm á ökutækjum í flokkum R og S.

Fjarlægðin milli innri brúna sýnilegu yfirborðanna tveggja í stefnu viðmiðunarásanna skal ekki vera minni en 600 mm. Þessa fjarlægð má minnka í 400 mm ef heildarbreidd ökutækisins er innan við 1300 mm.

6.17.4.2. Hæð: Ekki minni en 300 mm fyrir ofan jörð og ekki meiri en 1500 mm Ef það er ekki mögulegt vegna hönnunarinnar skal setja upp glitaugun að framan eins neðarlega og hægt er.

6.17.4.3. Lengd: Framan á ökutækinu.

6.17.5. Dreifing ljóss: Lárétt horn: 30° inn á við og út á við.

Lóðrétt horn: 10° yfir og undir láréttu plani. Minnka má lóðrétta hornið undir láréttu plani í 5° ef um er að ræða glitauga sem er ekki ofar en 750 mm frá jörðu.

6.17.5.1. Ef ókleift er að virða ofangreindar kröfur um staðsetningu og sýnileika má setja upp fjögur glitaugu að framan í samræmi við eftirfarandi forskriftir um uppsetningu:

6.17.5.1.1. Ef þau eru uppsett skulu tvö glitaugu vera innan hámarkshæðarinnar 1200 mm yfir jörð.

Virða skal minnst 300 mm fjarlægð milli innri brúna glitaugnanna að framan og þau skulu hafa 15° lóðrétt sjónhorn fyrir ofan það lárétta.

6.17.6. Stefna: Fram á við.

6.17.7. Aðrar kröfur: Ljósflötur glitaugans má vera að hluta til sameiginlegur með einhverju öðru framljóskeri.

6.18. Hliðarljósker (reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 91, eins og um getur í I. viðauka)

6.18.1. Uppsetning: Valkvæð á öllum ökutækjum.

6.18.2. Lágmarksfjöldi á hvorri hlið: Þarf að uppfylla reglurnar um langsniðsstaðsetningu.

6.18.3. Fyrirkomulag: Engar sérstakar forskriftir.

6.18.4. Staðsetning:

6.18.4.1. Breidd: Engar sérstakar forskriftir.

6.18.4.2. Hæð: Ekki minni en 250 mm fyrir ofan jörð og ekki meiri en 2500 mm.

6.18.4.3. Lengd: Minnst eitt hliðarljósker skal uppsett á miðþriðjungi ökutækisins og skal fremsta hliðarljóskerið ekki vera meira en 3 m frá framendanum. Fjarlægðin milli tveggja aðliggjandi hliðarljóskerja skal ekki vera meiri en 3 m. Ef bygging, hönnun eða notkunarskilyrði ökutækisins gera ókleift að uppfylla slíkar kröfur má auka þessa fjarlægð í 4 m.

Fjarlægðin milli aftasta hliðarljóskersins og afturenda ökutækisins skal ekki vera meiri en 1 m.

Hins vegar nægir, fyrir ökutæki sem eru styttri en 6 m og fyrir undirvagna með stýrishúsi, að eitt hliðarljósker sé sett upp innan fremsta þriðjungs lengdar ökutækisins og/eða innan aftasta þriðjungs þess.

6.18.5. Dreifing ljóss: Lárétt horn: 45° fram á við og aftur á við en hins vegar má minnka þetta gildi í 30°.

Lóðrétt horn: 10° yfir og undir láréttu plani. Minnka má lóðrétta hornið undir láréttu plani í 5° ef um er að ræða hliðarljósker sem er ekki ofar en 750 mm frá jörðu.

6.18.6. Stefna: Til hliðar.

6.18.7. Raftengi: Engar einstakar forskriftir (sjá lið 5.12).

6.18.8. Gaummerki: Valkvætt. Ef það er ísett skal skyldubundna gaummerkið fyrir breiddarljósin að framan og aftan sýna virkni þess.

6.18.9. Aðrar kröfur: Þegar aftasta hliðarljóskerið er samtengt við breiddarljósker að aftan sem er sameinað þokuljóskeri eða hemlaljóskeri að aftan er leyfilegt að ljósmælieiginleikar hliðarljóskersins breytist þegar kviknar á þokuljóskerinu eða hliðarljóskerinu.

Öftustu hliðarljóskerin skulu vera rauðgul ef þau blikka með stefnuljóskerjunum að aftan.

6.19. Ljósker fyrir dagljósabúnað (reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 87, eins og um getur í I. viðauka)

6.19.1. Uppsetning: Valkvæð á dráttarvélum. Bönnuð á ökutækjum í flokkum R og S.

6.19.2. Fjöldi: Tvö eða fjögur (sjá lið 6.19.4.2).

6.19.3. Fyrirkomulag: Engar sérstakar kröfur.

6.19.4. Staðsetning

6.19.4.1. Breidd: Engar sérstakar forskriftir.

6.19.4.2. Hæð: Ekki minni en 250 mm fyrir ofan jörð og ekki meiri en 2500 mm.

Ef um er að ræða dráttarvélar sem eru þannig búnar að festa má færanlegan búnað framan á þær skal heimilt að setja upp, auk ljóskerjanna sem um getur í lið 6.19.2, tvö ljósker fyrir dagljósabúnað í allt að 4000 mm hæð ef raftengi eru þannig gerð að ekki sé hægt að kveikja samtímis á tveimur pörum af ljóskerjum fyrir dagljósabúnað.

6.19.4.3. Lengd: Framan á ökutækinu. Þessi krafa telst uppfyllt ef ljósið veldur ökumanni ekki óþægindum, hvorki beint né óbeint, vegna baksýnisspegla og/eða annarra endurvarpsflata á ökutækinu.

6.19.5. Dreifing ljóss

Lárétt: 20° út á við og 20°inn á við.

Lóðrétt: 10° upp á við og 10° niður á við.

6.19.6. Stefna: Fram á við.

6.19.7. Raftengi

6.19.7.1. Kvikna skal sjálfkrafa á ljóskerjum fyrir dagljósabúnað þegar búnaðurinn sem ræsir og/eða slekkur á hreyflinum er í stöðu sem gerir það mögulegt að nota hreyfilinn. Hins vegar má vera slökkt á ljóskerjum fyrir dagljósabúnað á meðan gírstöngin fyrir sjálfskiptinguna er í kyrrstöðustillingu (e. *park*) eða hlutlausri stillingu (e. *neutral*), á meðan stöðuhemillinn er á eða eftir að knúningskerfið er ræst en áður en ökutækinu hefur verið ekið af stað.

Slökkna skal sjálfkrafa á ljóskerjum fyrir dagljósabúnað þegar kveikt er á þokuljóskerjunum að framan eða á aðalljóskerjunum, nema þegar þau síðarnefndu eru notuð til að gefa blikkandi viðvörunarljós með stuttu millibili.

Enn fremur skal vera hægt að kveikja á þeim ljóskerjum sem um getur í lið 5.12 þegar kveikt er á ljóskerjunum fyrir dagljósabúnaðinn.

6.19.7.2. Ef fjarlægðin milli stefnuljóskersins að framan og ljóskersins fyrir dagljósabúnaðinn er 40 mm eða minni getur raftengjum ljóskersins fyrir dagljósabúnaðinn þeim megin á ökutækinu verið þannig fyrir komið að annað hvort slökknar á því eða ljósstyrkur þess minnkar allan tímann (bæði þegar kveikt er og slökkt) á meðan stefnuljósker að framan er virkt.

6.19.7.3. Ef stefnuljósker og ljósker fyrir dagljósabúnað eru sameinuð skal raftengjum ljóskersins fyrir dagljósabúnaðinn þeim megin á ökutækinu vera þannig fyrir komið að það slökknar á ljóskerinu fyrir dagljósabúnaðinn allan tímann (bæði þegar kveikt er og slökkt) á meðan stefnuljósker að framan er virkt.

6.19.8. Gaummerki: Tengingarbundið gaummerki er valkvætt.

6.20. Beygjuljós (reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 119, eins og um getur í I. viðauka)

6.20.1. Uppsetning: Valkvæð á dráttarvélum. Bönnuð á ökutækjum í flokkum R og S.

6.20.2. Fjöldi: Tvö eða fjögur.

6.20.3. Fyrirkomulag: Engar sérstakar kröfur.

6.20.4. Staðsetning

6.20.4.1. Breidd: Engar sérstakar forskriftir.

6.20.4.2. Lengd: Ekki lengra en 1000 mm frá framendanum.

6.20.4.3. Hæð: Ekki minni en 250 mm og ekki meiri en 2500 mm yfir jörð og allt að 3000 mm fyrir tvö viðbótarbeygjuljósker ef um er að ræða ökutæki sem eru þannig búin að festa má færanlegan búnað framan á þau sem gæti hulið beygjuljóskerið.

Aftur á móti skal enginn punktur á sýnilega yfirborðinu í stefnu viðmiðunarássins vera hærri en hæsti punktur á sýnilega yfirborðinu í stefnu viðmiðunaráss lágljóskersins.

6.20.5. Dreifing ljóss

Lárétt: 30° til 60° út á við.

Lóðrétt: 10° upp og niður.

6.20.6. Stefna: Þannig að ljóskerin uppfylli kröfurnar um dreifingu ljóss.

6.20.7. Raftengi

Beygjuljóskerin skulu þannig tengd að ekki sé hægt að kveikja á þeim nema að samtímis kvikni á háljóskerjunum eða lágljóskerjunum.

6.20.7.1. Einungis má vera hægt að kveikja sjálfkrafa á beygjuljóskerinu á annarri hlið ökutækisins þegar kveikt er á stefnuljóskerjunum á sömu hlið ökutækisins og/eða stýrishorninu er breytt úr stefnu beint áfram yfir í stefnu í átt að sömu hlið ökutækisins.

Slökkna skal sjálfkrafa á beygjuljóskerinu þegar slökkt er á stefnuljóskerinu og/eða stýrishorninu er breytt yfir í stefnu beint áfram.

6.20.7.2. Þegar kveikt er á bakkljóskerinu má kvikna á báðum beygjuljóskerjunum samtímis, óháð stöðu stýrishjólsins eða stefnuljóssins. Í slíkum tilvikum skal slokkna á beygjuljósunum þegar slökkt er á stefnuljósunum.

6.20.8. Gaummerki: Ekkert.

6.20.9. Aðrar kröfur: Ekki skal kvikna á beygjuljóskerjunum ef ökutækið er á meiri hraða en 40 km/klst.

6.21. Viðvörunarglitmerkingar (reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 104, eins og um getur í I. viðauka)

6.21.1. Uppsetning: Valkvæð.

6.21.2. Fjöldi: Samkvæmt uppsetningu.

6.21.3. Fyrirkomulag: Viðvörunarglitmerkingar skulu vera eins nálægt því að vera láréttar og lóðréttar og hægt er og passa við lögun, byggingu, hönnun og notkunarskilyrði ökutækisins.

6.21.4. Staðsetning: Engar sérstakar forskriftir.

6.21.5. Dreifing ljóss: Engar sérstakar forskriftir.

6.21.6. Stefna: Engar sérstakar forskriftir.

6.22. Merkiplata að aftan fyrir hægfara ökutæki (reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 69, eins og um getur í I. viðauka)

6.22.1. Uppsetning: Valkvæð á ökutækjum með allt að 40 km/klst. hámarkshönnunarhraða. Bannað á öllum öðrum ökutækjum.

6.22.2. Fjöldi: Samkvæmt 15. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 69, eins og um getur í I. viðauka.

6.22.3. Fyrirkomulag: Samkvæmt 15. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 69, eins og um getur í I. viðauka.

6.22.4. Staðsetning

Breidd: Samkvæmt 15. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 69, eins og um getur í I. viðauka.

Hæð: Engar sérstakar forskriftir.

Lengd: Samkvæmt 15. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 69, eins og um getur í I. viðauka.

6.22.5. Dreifing ljóss skv. 15. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 69, eins og um getur í I. viðauka.

6.22.6. Stefna: Samkvæmt 15. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 69, eins og um getur í I. viðauka.

6.23. Ytra dyraljós

6.23.1. Uppsetning: Valkvæð á dráttarvélum. Bönnuð á ökutækjum í flokkum R og S.

6.23.2. Fjöldi: Engar sérstakar forskriftir.

6.23.3. Fyrirkomulag: Engar sérstakar forskriftir.

6.23.4. Staðsetning: Engar sérstakar forskriftir.

6.23.5. Dreifing ljóss: Engar sérstakar forskriftir.

6.23.6. Stefna: Engar sérstakar forskriftir.

6.23.7. Raftengi: Engar sérstakar forskriftir.

6.23.8. Gaummerki: Engar sérstakar forskriftir.

6.23.9. Aðrar kröfur: Ekki skal kvikna á ytra dyraljósinu nema þegar ökutækið er kyrrstætt og einu eða fleiri af eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

6.23.9.1 hreyfillinn gengur ekki,

6.23.9.2 ökumanns- eða farþegadyr eru opnaðar,

6.23.9.3 dyr á farmrými eru opnaðar.

Fara skal að lið 5.11 í öllum föstum notkunarstillingum.

Tækniþjónustan skal framkvæma sjónprófun sem fullnægir kröfum gerðarviðurkenningaryfirvaldsins, til að staðfesta að áhorfandi, sem er á ferð innan marka svæðis sem er á þverplani 10 m frá framenda ökutækisins, á þverplani 10 m frá afturenda ökutækisins, eða á tveimur lengdarplönum 10 m frá hvorri hlið ökutækisins, sem öll ná frá 1 m til 3 m upp af og í lóðlínu við jörð eins og fram kemur í 14. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 48, eins og um getur í I. viðauka, geti ekki með beinum hætti séð sýnilegt yfirborð ytri dyraljóskerja.

Staðfesta skal að þessari kröfu sé fullnægt með teikningu eða hermun.

6.24. Hjálparljósker (reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 23, eins og um getur í I. viðauka)

6.24.1. Uppsetning: Valkvæð á dráttarvélum. Bönnuð á ökutækjum í flokkum R og S.

6.24.2. Fjöldi: Eitt eða tvö (eitt á hvorri hlið).

6.24.3. Fyrirkomulag: Engar sérstakar kröfur, en hins vegar gilda kröfurnar í lið 6.24.9.

6.24.4. Staðsetning: Engar sérstakar kröfur.

6.24.5. Dreifing ljóss: Engar sérstakar kröfur.

6.24.6. Stefna: Niður á við, en þó gilda ákvæði liðar 6.24.9.

6.24.7. Raftengi: Hjálparljóskerin skulu þannig tengd að ekki sé hægt að kveikja á þeim nema ef samstundis kviknar á háljóskerjunum eða lágljóskerjunum.

Kvikna skal sjálfkrafa á hjálparljóskerjunum við hægar hreyfingar upp að 10 km/klst. að því tilskildu að eitt af eftirfarandi skilyrðum sé uppfyllt:

a) áður en ökutækinu er fyrst ekið af stað eftir hverja handvirka ræsingu knúningskerfisins eða

b) þegar sett er í bakkgír eða

c) kveikt er á myndavélarkerfi sem aðstoðar við að leggja ökutækinu.

Kvikna skal sjálfkrafa á hjálparljóskerjunum ef hraði ökutækisins fram á við fer yfir 10 km/klst. og þau skulu haldast slökkt þar til skilyrði fyrir kviknun þeirra eru aftur uppfyllt.

6.24.8. Gaumljós: Engar sérstakar kröfur

6.24.9. Aðrar kröfur

6.24.9.1. Tækniþjónustan skal framkvæma sjónprófun sem fullnægir kröfum gerðarviðurkenningaryfirvaldsins, til að staðfesta að áhorfandi, sem er á ferð innan marka svæðis sem er á þverplani 10 m frá framenda ökutækisins, á þverplani 10 m frá afturenda ökutækisins, eða á tveimur lengdarplönum 10 m frá hvorri hlið ökutækisins, sem öll ná frá 1 m til 3 m upp af og samhliða við jörð, geti ekki með beinum hætti séð sýnilegt yfirborð þessara ljóskerja.

6.24.9.2. Krafan sem sett er fram í lið 6.24.9.1 skal staðfest með teikningu eða hermun eða teljast fullnægt ef skilyrði fyrir uppsetningu uppfylla ákvæði málsgreinar 6.2.3 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 23, eins og um getur í I. viðauka.

6.25. Glitaugu að aftan, þríhyrnd

6.25.1. Uppsetning: Lögboðin á ökutækjum í flokkum R og S. Bönnuð á dráttarvélum.

6.25.2. Fjöldi: Tvö eða fjögur (sjá lið 6.25.5.1).

6.25.3. Fyrirkomulag: Topppunktur þríhyrningsins skal vísa upp á við.

6.25.4. Staðsetning

6.25.4.1. Breidd: Í tilvikum öðrum en þeim sem kveðið er á um í lið 6.25.5.1 skal sá punktur á ljósfletinum sem er lengst frá lengdarmiðjuplani ökutækisins ekki vera meira en 400 mm frá ystu brún ökutækisins. Innri brúnir glitaugnanna skulu vera minnst 600 mm hvor frá annarri. Þessa fjarlægð má minnka í 400 mm ef heildarbreidd ökutækisins er innan við 1300 mm.

6.25.4.2. Hæð: Ekki minni en 400 mm og ekki meiri en 1500 mm yfir jörð, nema í þeim tilvikum sem kveðið er á um í lið 6.25.5.1.

6.25.4.3. Lengd: Engar sérstakar forskriftir.

6.25.5. Dreifing ljóss: Lárétt horn: 30° inn á við og út á við.

Lóðrétt horn: 15° yfir og undir láréttu plani. Minnka má lóðrétta hornið undir láréttu plani í 5° ef glitaugað er ekki ofar en 750 mm frá jörðu.

6.25.5.1. Ef ókleift er að virða ofangreindar kröfur um staðsetningu og sýnileika má setja upp fjögur glitaugu í samræmi við eftirfarandi forskriftir um uppsetningu:

6.25.5.1.1. Tvö glitaugu sem skulu vera innan hámarkshæðarinnar 900 mm yfir jörð. Hins vegar má stækka þessi efri mörk upp í mest 1200 mm ef ókleift er að halda þeim í innan við 900 mm hæð án þess að þurfa að nota festibúnað sem hætta er á að skemmist eða bogni auðveldlega.

Virða skal minnst 300 mm fjarlægð milli innri brúna glitaugnanna og þau skulu hafa 15° lóðrétt sjónhorn fyrir ofan það lárétta.

6.25.5.1.2. Hin tvö glitaugun skulu vera í innan við 2500 mm hámarkshæð frá jörð og skulu háð kröfunum sem mælt er fyrir um í lið 6.14.4.1.

6.25.6. Stefna: Aftur á við.

6.25.7. Aðrar kröfur: Ljósflötur glitaugans má vera að hluta til sameiginlegur einhverju öðru afturljóskeri.

6.26. Merkjaplötur og merkjaþynnur

6.26.1. Uppsetning:

Lögboðin á ökutækjum í flokki S með heildarbreidd yfir 2,55 m.

Valkvæð á ökutækjum í flokki S með heildarbreidd undir 2,55 m.

6.26.2. Fjöldi:

Tvær eða fjórar (3. viðbætir)

6.26.3. Fyrirkomulag:

Plöturnar eða þynnurnar skulu þannig uppsettar að rendurnar á þeim myndi innan við 45° halla upp og niður á við.

6.26.4. Staðsetning:

Breidd:

Sá punktur á ljósfletinum sem er lengst frá lengdarmiðjuplani ökutækisins skal ekki vera meira en 100 mm frá ystu brún ökutækisins. Þetta gildi má stækka ef lögun yfirbyggingarinnar gerir ókleift að halda sig innan við 100 mm.

Hæð:

Engar sérstakar forskriftir.

Lengd:

Engar sérstakar forskriftir.

6.26.5. Dreifing ljóss:

Engar sérstakar forskriftir.

6.26.6. Innra fyrirkomulag:


Að framan og aftan.

1. viðbætir

Sýnileiki ljóskerjanna


Mynd 1

Sýnileiki rauða ljóskersins að framan



Mynd 2

Sýnileiki hvíta ljóskersins að aftan




2. viðbætir


Stefnuljósker

Dreifing ljóss (sjá lið 6.5.5)


Fyrirkomulag A




Fyrirkomulag B



Fyrirkomulag C



Fyrirkomulag D



Minnka má gildið 10° sem er gefið fyrir sjónhorn ljóssins að framan inn á við niður í 3° fyrir ökutæki með heildarbreidd undir 1400 mm.

3. viðbætir


Mál, lágmarksstærð endurvarpsflatarins, lágmarkskröfur um lit og ljósmælieiginleika og auðkenning og merkingar merkjaplatna og merkjaþynna fyrir ökutæki í flokki S sem eru breiðari en 2,55 m

1. Mál, fjöldi og lágmarksendurvarpsflötur

1,1. Merkjaplötur og merkjaþynnur skulu hafa eftirfarandi mál:


Mynd 1

Merkjaplata eða merkjaþynna



Mynd 2

Grunnferningur



Tafla 1

Mál (í mm)

Merkjaplata eða -þynna	a (mm)	b (mm)	Yfirborð (cm^2)
Snið A	423	423	1 790
Snið B	282	282	795
Snið R1	282	423	1 193
Snið R2	423	282	
Snið L1	141	846	1 193
Snið L2	846	141	
Snið K1	141	423	596
Snið K2	423	141	

Frávik frá tilgreindum sniðum eru leyfileg ef yfirborð ótilgreindu sniðanna inniheldur minnst þrjá grunnferninga. Fjöldi merkjaplatna eða -þynna fyrir hverja raunverulega átt að framan og aftan er tilgreindur í töflu 2.

1.2.

Tafla 2

Fjöldi merkjaplatna eða -þynna fyrir hverja raunverulega átt

Merkjaplata eða -þynna	Fjöldi fyrir hverja raunverulega átt
Snið A	2
Snið B	2
Snið R1 Snið R2	2
Snið L1 Snið L2	2
Snið K1 Snið K2	4

Merkjaplötur eða -þynnur af sniði A má sameina ljóskerjum ef yfirborð þiljanna sem ljóskerin þekja er ekki stærra en 150 cm^2.

2. Lágmarkskröfur um lit og ljósmælieiginleika

Hvítur samkvæmt lið 2.29.1 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 48, eins og um getur í I. viðauka.

Rauður samkvæmt lið 2.29.4 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 48.

Kröfurnar sem gilda um ljósmælingu eru þær sem settar eru fram í 7. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 69, eins og hennar er getið í I. viðauka, eða í 7. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 104, eins og um getur í I. viðauka.

Plötur eða þynnur af sniði B skulu uppfylla ákvæði 7. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 104, flokk C.

3. Auðkenning

Merkjaplötur sem uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í þessar reglugerð eru merktar með númeri þessar reglugerðar og heiti framleiðandans.

_____

XIII. VIÐAUKI

Kröfur um vernd ökumanns og farþega í ökutækjum, þ.m.t. innréttingar, höfuðpúða, sætisbelti og dyr á ökutækjum

1. HLUTI

1. **Skilgreiningar**

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Skilgreiningar er varða vernd aflrásaríhluta í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um á grunni ákvæða 4. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 gilda fyrir þennan viðauka.

1.1. „innréttingar“: innri hlutar farþegarýmisins aðrir en innri baksýnisspeglar og þ.m.t.

– fyrirkomulag stýribúnaðar,

– loftið,

– rafstýrðar rúður, þaklúga og skilrúm.

1.2. „hæð mælaborðsins“: línan sem er skilgreind af snertipunktum lóðréttra snertilína við mælaborðið.

1.3. „rafstýrðar rúður“: rúður sem er lokað með aflgjafa ökutækisins.

1.4. „op“: stærsta óhindraða bilið milli efri brúnar eða frambrúnar, allt eftir áttinni sem rafstýrð rúða eða skilrúm eða þaklúga lokast í, og byggingar ökutækisins sem myndar mörk gluggans, skilrúmsins eða þaklúgunnar, séð innan úr ökutækinu eða, ef um er að ræða skilrúm, frá afturhluta farþegarýmisins.

2. HLUTI

Innréttingar


1. **Forskriftir**

1.1. Innri hlutar farþegarýmisins að undanskildum hliðarhurðum

1.1.1. Umhverfi ökumannssætis og farþegasæta, ef þau eru ísett


1.1.1.1. Öryggisfjarlægðarsvæði A ofan við málpunkt ökumannssætisins og staðsett framan við það, eins og er ákvarðað á mynd 1, skal ekki innihalda nein hættulega hrjúf yfirborð eða skarpar brúnir sem líkleg eru til að auka hættu á alvarlegum meiðslum þeirra sem inni eru. Ef hlutir sem eru inni á öryggisfjarlægðarsvæði A, ofan við málpunkt sætisins og staðsett framan við það, uppfylla kröfurnar í liðum 1.1.2 til 1.1.6 skulu þeir einnig teljast uppfylla þessa kröfu.

Mynd 1



1.1.1.2. Öryggisfjarlægðarsvæði A, sem er með miðjuna 670 mm ofan við miðju frambrúnar farþegasætisins fram í, ef það er ísett, og staðsett framan við það, eins og er ákvarðað í teikningu 2, skal ekki innihalda nein hættulega hrjúf yfirborð eða skarpar brúnir sem líkleg eru til að auka hættu á alvarlegum meiðslum þeirra sem inni eru. Ef hlutir sem eru inni á öryggisfjarlægðarsvæði A, ofan við málpunkt sætisins og staðsett framan við það, uppfylla kröfurnar í liðum 1.1.2 til 1.1.6 skulu þeir einnig teljast uppfylla þessa kröfu.

Mynd 2



1.1.1.3. Ef ökutæki er búið stýrishjóli og fleiri en einni röð af bekksætum eða djúpsætum skal umhverfi farþegasætanna aftur í, ef þau eru uppsett, uppfylla kröfurnar í XVII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 3/2014.([6])

1.1.2. Hlutir sem líklegt er að ökumaður eða farþegar komist í snertingu við skulu ekki hafa skarpar brúnir eða hrjúf yfirborð sem eru þeim hættuleg.

1.1.3. Auk krafnanna í liðum 1.1.1-1.1.2., 1.1.5–1.1.6 og 3.–5. hluta gilda kröfurnar í liðum 1.1.3.1–1.1.3.4 fyrir dráttarvélar með hámarkshönnunarhraða yfir 40 km/klst.:

1.1.3.1. Engir málmburðartengihlutir skulu hafa framstæðar brúnir.

1.1.3.2. Þeir hlutar sem geta snert hálfkúlu með 165 mm þvermál, eins og lýst er í lið 3.2.1, þegar þeir nálgast hana eftir geisla svæðis A í mynd 1, skulu rúnnaðir í krappageisla sem er ekki minni en 2,5 mm.

1.1.3.3. Rúðusnerlar, ef þeir eru ísettir, mega standa 35 mm út frá yfirborði þilsins.

1.1.3.4. Kröfurnar í liðum 1.1.3.1, 1.1.3.2 og 1.1.3.3 ná ekki til íhluta sem eru staðsettir handan við stýrishjólið miðað við topppunkt keilu þar sem sá topppunktur er miðjan á svæði A í mynd 1 og brún stýrishjólsins er framleiðandi þeirrar keilu.

1.1.4. Auk krafnanna í liðum 1.1.1-1.1.3.4., 1.1.5–1.1.6 og 3.–5. hluta gilda kröfurnar í liðum 1.1.4.1–1.1.4.6 fyrir dráttarvélar með hámarkshönnunarhraða yfir 60 km/klst.:

1.1.4.1. Neðri brúnir mælaborðsins skulu vera rúnnaðar með krappageisla sem er ekki minni en 19 mm..

([6]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 3/2014 frá 24. október 2013 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2003 að því er varðar kröfur um notkunaröryggi fyrir ökutæki vegna viðurkenningar á ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjólum (Stjtíð. ESB L 7, 10.1.2014, bls. 1).

1.1.4.2. Rofar, toghnappar, o.s.frv. sem eru gerðir úr stífu efni skulu, þegar þeir eru mældir í samræmi við aðferðina sem er lýst í 3. lið og standa frá 3,2 mm til 9,5 mm út frá mælaborðinu, hafa þversniðsflatarmál sem er ekki minna en 2 cm^2, mælt 2,5 mm frá þeim punkti sem stendur lengst út og skulu hafa rúnnaðar brúnir með stærri krappageisla en 2,5 mm.

1.1.4.3. Ef þessir íhlutir skaga lengra en 9,5 mm út frá yfirborði mælaborðsins skulu þeir vera hannaðir og byggðir með þversnið sem er ekki minna en 6,50 cm^2 á svæði sem er staðsett innan við 6,5 mm frá þeim punkti með hámarksútskögun.

1.1.4.4. Íhlutir sem eru festir á þakið en eru ekki hluti af þakburðarvirkinu, ef þeir eru til staðar, s.s. höld, ljós og loftræstiop, o.s.frv., skulu ekki hafa minni krappageisla en 3,2 mm og þar að auki skal breidd útstæðra hluta ekki vera minni en útskögun þeirra niður á við.

1.1.4.5. Ef um er að ræða útstæðan hluta sem er íhlutur úr stífu efni með minni hörku en 60 „Shore A“ þegar hann er uppsettur á óeftirgefanlegri undirstöðu skulu kröfurnar í liðum 1.1.4.2–1.1.4.4 einungis gilda um óeftirgefanlegu undirstöðuna.

1.1.4.6. Kröfurnar í þessum lið skulu ná til fylgihluta sem ekki er minnst á í liðum 1.1.2–1.1.6 og sem, í samræmi við kröfurnar í liðum 1.1.1 til 1.1.6 og miðað við staðsetningu þeirra í ökutækinu, þeir sem í ökutækinu eru geta komist í snertingu við. Ef slíkir hlutir eru gerðir úr efni sem er mýkra en 60 „Shore A“ og festir á eina eða fleiri óeftirgefanlegar undirstöður skulu umræddar kröfur einungis ná til óeftirgefanlegu undirstaðanna.

1.1.5. Hillur og svipaðir hlutir skulu, ef þeir eru uppsettir, vera þannig hannaðir og smíðaðir að engar undirstöður þeirra hafi útstandandi brúnir.

1.1.6. Engin þessara ákvæða skulu ná til annars búnaðar í ökutækinu sem ekki fellur undir liðina hér á undan, s.s. sætabrauta, búnaðar til að stilla láréttan eða lóðréttan hluta sætisins, búnaðar til að draga inn öryggisbelti, o.s.frv., ef hann er staðsettur fyrir neðan lárétt plan sem gengur í gegnum málpunkt hvers sætis, jafnvel þó að líklegt sé að sá sem þar situr komist í snertingu við hann.

2. **Prófunaraðferð fyrir ESB-gerðarviðurkenningu**

2.1.1. Með umsókninni um ESB-gerðarviðurkenningu íhlutar skulu fylgja eftirfarandi sýnishorn sem skal afhenda tækniþjónustunni sem ber ábyrgð á að gera gerðarviðurkenningarprófanirnar á íhlutunum:

2.1.2. að vali framleiðanda: annað hvort ökutæki sem er dæmigert fyrir þá gerð ökutækis sem á að viðurkenna eða fyrir íhlutinn eða íhlutina í ökutækinu sem taldir eru nauðsynlegir fyrir það eftirlit og þær prófanir sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og

2.1.3. að beiðni umræddrar tækniþjónustu: tilteknir íhlutir og tiltekin sýni af efnunum sem eru notuð.

3. **Mæliaðferð fyrir útstæða hluta**

3.1. Til að ákvarða hversu mikið tiltekinn hlutur stendur út miðað við þá klæðningu sem hann er festur á skal færa til 165 mm kúlurými og láta það snerta þann íhlut sem verið er að skoða og skal byrja í upphafsstöðu snertingar við íhlutinn sem verið er að skoða. Gildið fyrir útskögunina er það stærsta fyrir allar mögulegar breytur „y“, sú breyta sem er mæld frá miðju kúlurýmisins í lóðlínu miðað við klæðninguna.

Ef klæðningarnar og íhlutirnir, o.s.frv., eru þakin efnum sem eru mýkri en 50 „Shore A“ gildir aðferðin við mælingar á útsköguninni sem lýst er hér að ofan einungis þegar slík efni hafa verið fjarlægð.

Mæla skal útskögun rofa, toghnappa, o.s.frv., sem eru staðsettir á viðmiðunarsvæðinu með eftirfarandi prófunartæki og aðferð:

3.2. Tæki

3.2.1. Tækið til að mæla útskögun skal samanstanda af hálfkúlulaga höfuðlíkani með 165 mm þvermál og innan í því er bulla með 50 mm þvermál.

3.2.2. Innbyrðis afstaðan milli flata endans á bullunni og brúnar höfuðlíkansins skal sýnd á kvarða og á honum skal vera færanlegur vísir sem skráir hámarksmælinguna sem næst þegar tækið er fært frá hlutnum sem verið er að prófa. Hægt skal vera að mæla a.m.k. 30 mm fjarlægð og skal mælikvarðinn vera kvarðaður í hálfum millimetrum til að gera kleift að sýna hversu mikið hluturinn sem um ræðir stendur út.

3.2.3. Stillingaraðferð:

3.2.3.1. Tækið skal sett á flatt yfirborð þannig að ás þess liggi í lóðlínu miðað við þann flöt. Skalinn skal núllstillast þegar flati endinn á bullunni snertir yfirborðið.

3.2.3.2. Setja skal 10 mm sperru á milli flata endans á bulluunni og undirstöðunnar og skal gera prófun til að tryggja að færanlegi vísirinn skrái þessa mælingu.

3.2.4. Tækið til að mæla útskögun er sýnt á teikningu 3.

3.3. Prófunaraðferð

3.3.1. Mynda skal holrúm í höfuðlíkaninu með því að draga bulluna út og setja færanlega vísirinn upp að bulluhausnum.

3.3.2. Tækið skal borið upp að útstæða hlutanum sem á að mæla þannig að höfuðlíkanið snerti sem mest af yfirborðinu í kring, ekki með meira afli en 2 daN.

3.3.3. Bullunni skal ýtt fram þar til hún snertir útstæða hlutann sem á að mæla og lesa skal af kvarðanum hversu mikið hann stendur út.

3.3.4. Færa skal höfuðlíkanið til að ná hámarksútskögun. Skrá skal stærð útskögunarinnar.


3.3.5. Ef tvö eða fleiri stjórntæki eru staðsett nægilega nálægt hvort öðru til að bullan eða höfuðlíkanið geti snert þau samtímis skal meðhöndla þau sem hér segir:

3.3.5.1. Mörg stjórntæki sem öll komast fyrir í höfuðlíkaninu skulu teljast mynda einn útstæðan hluta.

3.3.5.2. Ef önnur stjórntæki koma í veg fyrir eðlilega prófun með því að snerta höfuðlíkanið skal fjarlægja þau og gera prófunina án þeirra. Síðan má setja þau aftur í og prófa þau þegar að þeim kemur ásamt öðrum stjórntækjum sem hafa verið fjarlægð til að auðvelda prófunina.

Mynd 3

Tæki til að mæla útskögun




4. Tæki og aðferð til beitingar á ákvæði liðar 1.1.1.

Líklegt skal teljast að þeir hlutar (rofar, toghnappar, o.s.frv.) sem hægt er að snerta með tækinu og aðferðinni sem er lýst hér á eftir geti snert hné þess sem þar situr:

4.1. Tæki

Uppdráttur af tækinu



4.2. Aðferð

Setja má tækið í hvaða stöðu sem er neðan við mælaborðið þannig að:

– plan XX helst samhliða lengdarmiðjuplani ökutækisins,

– X-ás geti snúist ofan og neðan við lárétt plan í gegnum horn sem eru a.m.k. 30°.

Þegar prófunin sem um getur í þessum lið er gerð skal fjarlægja allt efni með minni hörku en 60 „Shore A“.

3. HLUTI

Höfuðpúðar, ef þeir eru ísettir

Ef höfuðpúðar eru ísettir skulu þeir uppfylla kröfurnar í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 25, eins og um getur í I. viðauka.

4. HLUTI

Öryggisbelti

Kröfurnar sem mælt er fyrir um á grundvelli j-liðar 2. mgr. og 4. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 gilda.

5. HLUTI

Dyr, ef þær eru ísettar

Dyr ökutækis ásamt aflknúnum rúðum og aflknúnum þakhlerum, ef slíkt er ísett, skulu uppfylla liði 5.8.1 til 5.8.5 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 21, eins og um getur í I. viðauka.

———

XIV. VIÐAUKI

Kröfur um ytra borð ökutækis og fylgihluti

1. **Skilgreiningar**

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1.1. „ytra yfirborð“: ytra byrði ökutækisins með hjólum, skriðbeltum, hurðum, stuðurum, vélarhlíf, aðgangsleiðum, tönkum.

1.2. „krappageisli“: geisli hringboga sem kemst næst rúnnuðu formi íhlutarins sem um ræðir.

1.3. „ysta brún“ ökutækis er, þegar vísað er til hliða ökutækisins, plan samsíða lengdarmiðjuplani ökutækisins sem fellur saman við ytri hliðarbrún þess og, þegar vísað er til endanna að framan og aftan, lóðlínuþverplan ökutækisins sem fellur saman við ytri fram- og afturbrúnir án tillits til útskögunar:

– hjólbarða nálægt snertipunkti þeirra við jörðu og tenginga fyrir þrýstimæla hjólbarða,

– hvers kyns skriðvarnarbúnaðar sem kann að vera uppsettur á hjólunum,

– baksýnisspegla,

– stefnuljóskera á hliðum, yfirstærðarljóskerja, breiddarljóskerja (á hliðum) að framan og aftan og stöðuljóskerja.

2. **Gildissvið**

2.1 Þessi viðauki gildir um þá hluta ytra yfirborðsins sem, þegar ökutækið er með hleðslu, búið hjólbörðum með mesta þvermál eða skriðbeltum með stærsta lóðrétta mál sem það er samþykkt fyrir, ásamt öllum hurðum, gluggum og aðgangshlerum o.s.frv., lokuðum, eru annað hvort:

2.1.1. á hliðunum og í minni hæð en 0,75 m sem og við öll hjólin og beltasamstæðurnar (hjólbarða, felgur, þyngdarklossa, hjólnafir og ása), þeir hlutar sem mynda ystu brún á hverju lóðréttu plan sem liggur í lóðlínu á lengdarás ökutækisins, að undanskildum þeim hlutum sem eru fjær en 200 mm frá hvorri ystu brún á vinstri og hægri hlið ökutækisins og í áttina að lengdarási þess, þegar ökutækið er búið þeim hjólbörðum eða beltum sem það er samþykkt fyrir sem gefa minnstu sporvíddina,

eða

2.1.2. á hliðunum og í hæð á bilinu 0,75 og 2 m, allir hlutar nema:

2.1.2.1. þeir hlutar sem kúlurými með 100 mm þvermál getur ekki snert þegar það nálgast þá lárétt á hverju lóðréttu plani sem liggur í lóðlínu á lengdarás ökutækisins og skal tilfærsla kúlurýmisins ekki vera meiri en 200 mm út frá hvorri ystu brún á vinstri og hægri hlið ökutækisins og í áttina að lengdarási þess, þegar ökutækið er búið þeim hjólbörðum eða skriðbeltum sem það er samþykkt fyrir sem gefa minnstu sporvíddina,

2.1.2.2. öll hjólin og beltasamstæðurnar (hjólbarðar, felgur, þyngdarklossar, hjólnafir og ásar).

2.2. Tilgangurinn með þessum ákvæðum er að draga úr áhættu eða alvarleika líkamstjóns hjá einstaklingi sem verður fyrir ytra yfirborði ökutækisins eða strýkst við það ef til árekstrar kemur. Þetta á bæði við þegar ökutækið er kyrrstætt og á hreyfingu.

2.3. Þessi viðauki gildir ekki að því er varðar ytri baksýnisspegla.

2.4. Þessi viðauki gildir ekki að því er varðar málmbelti ökutækja í flokki C.

3. **Kröfur**

3.1. Ytra yfirborð ökutækisins skal ekki hafa neina oddhvassa eða skarpa hluta, hrjúf yfirborð eða aðra útstæða hluta og, vegna lögunar sinnar, mála, stefnu eða hörku, eru líkleg til að auka hættu á líkamstjóni eða auka alvarleika þess fyrir einstakling sem verður fyrir ytra yfirborðinu eða strýkst við það ef til árekstrar kemur.

3.2. Ytra yfirborðið á hliðum ökutækisins skal ekki hafa neina hluta sem skaga út og eru líklegir til að festast í gangandi vegfarendum, hjólreiðamönnum eða ökumönnum bifhjóla.

3.3. Engir framstæðir hlutar ytra yfirborðsins skulu hafa krappageisla undir 2,5 mm. Þessi krafa skal ekki ná til hluta ytra yfirborðsins sem skaga fram minna en 5 mm, en þau horn slíkra hluta sem vísa út á við skulu vera ávöl, nema þegar framskögunin er minni en 1,5 mm.

3.4. Framstæðir hlutar ytra yfirborðsins sem eru gerðir úr efni með minni hörku en 60 „Shore A“ mega hafa krappageisla undir 2,5 mm. Í stað mælingar á hörku með „Shore A“ aðferðinni má koma yfirlýsing um hörkugildi frá framleiðanda íhlutarins.

3.5. Ökutæki búin vökvaloftfjöðrun, vökvafjöðrun eða loftknúinni fjöðrun eða sjálfvirkum hlasshallastillingarbúnaði skal prófað með ökutækið við verstu aðstæður venjulegs akstursástands sem framleiðandi tilgreinir.

3.6. Óhulin verkfæri, sem komast í snertingu við jörð eða uppskeru, og búnaður til dreifingar efnis á ökutækjum í flokkum R og S sem hefur skarpar brúnir eða tinda þegar hann er felldur saman í stillingu fyrir flutning á vegum og sem þegar fellur undir tilskipun 2006/42/EB eru undanþegin frá því að uppfylla ákvæði liða 3.1 til 3.5. Liðir 3.1 til 3.5 gilda um alla aðra óhulda hluta ökutækja í flokkum R og S.

XV. VIÐAUKI

Kröfur um rafsegulsviðssamhæfi

1. HLUTI

Þessi viðauki gildir um rafsegulsviðssamhæfi ökutækja sem fjallað er um í 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013. Hún gildir einnig um aðskildar rafmagns- eða rafeindatæknieiningar sem eru ætlaðar til að setja í ökutæki.

Skilgreiningar

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Rafsegulsviðssamhæfi“: geta ökutækis, eins eða fleiri íhluta eða einnar eða fleiri aðskilinna tæknieininga til að starfa eðlilega í rafsegulumhverfi sínu án þess að valda neinum óviðunandi rafsegultruflunum í því umhverfi,

2. „Rafsegultruflun“: öll rafsegulfyrirbæri sem kunna að draga úr nothæfi ökutækis eða íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar. Rafsegultruflun getur verið rafsegulsuð, óæskilegt merki eða breyting í sjálfum útbreiðslumiðlinum,

3. „Rafsegulónæmi“: geta ökutækis, eins eða fleiri íhluta eða einnar eða fleiri aðskilinna tæknieininga til að starfa án þess að dragi úr starfsgetu þegar tilgreind rafsegultruflun á sér stað,

4. „Rafsegulumhverfi“: öll rafsegulfyrirbæri sem fyrirfinnast á tilteknum stað,

5. „Viðmiðunarmörk“: þau nafnmörk sem bæði gerðarviðurkenning og framleiðslusamræmi miðast við,

6. „Viðmiðunarloftnet“ fyrir tíðnisviðið 20 til 80 MHz: samhverft tvískauta loftnet sem er hálfbylgjutvískaut með jafnaðri hermu við 80 MHz og fyrir tíðnisviðið fyrir ofan 80 MHz: hálfbylgjutvískaut með jafnaðri hermu sem er stilltur eftir mældri tíðni,

7. „Breiðbandsrafsegulgeislun“: geislun með meiri bandbreidd en tiltekið mælitæki eða viðtæki hefur,

8. „Mjóbandsrafsegulgeislun“: geislun með minni bandbreidd en tiltekið mælitæki eða viðtæki hefur,

9. „Rafmagns- eða rafeindakerfi“: rafmagns- og/eða rafeindabúnaður eða samstæða eða samstæður slíks búnaðar, ásamt öllum tilheyrandi rafmagnstengingum og leiðslum, sem er hluti ökutækis en ekki er ætlast til að hljóti sérstaka gerðarviðurkenningu,

10. „Rafmagns- eða rafeindaundireining“ (ESA): rafmagns- og/eða rafeindabúnaður eða samstæða eða samstæður slíks búnaðar, ásamt öllum tilheyrandi rafmagnstengingum og leiðslum, sem verða á hluti ökutækis og gegnir einu eða fleiri sérhæfðum hlutverkum,

11. „Gerð rafmagns- eða rafeindaundireiningar“ með tilliti til rafsegulsviðssamhæfis: rafmagns- eða rafeindaundireiningar sem eru ekki innbyrðis ólíkar að því er varðar hlutverk þeirra eða almenna niðurröðun rafmagns- og/eða rafeindaíhluta, ef við á.

2. HLUTI

Kröfur sem ökutæki og rafmagns- eða rafeindaundireiningar, sem komið er fyrir í ökutækjum, þurfa að uppfylla

1. **Umsókn um ESB-gerðarviðurkenningu**

1.1 Viðurkenning ökutækisgerðar

1.1.1. Framleiðandi ökutækis skal leggja fram umsókn um gerðarviðurkenningu ökutækis að því er varðar rafsegulsviðssamhæfi skv. 22., 24. og 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013.

1.1.2. Framleiðandi ökutækis skal leggja fram upplýsingaskjal í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í a-lið 68. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013.

1.1.3. Framleiðandi ökutækis skal semja áætlun þar sem lýst er öllum fyrirhuguðum samsetningum viðeigandi rafmagns- eða rafeindakerfa eða rafmagns- eða rafeindaundireininga, útfærslum yfirbyggingar ([7]), afbrigðum með tilliti til efnis yfirbyggingar ([8]), almennri niðurröðun leiðslna, hreyfilsafbrigðum, afbrigðum með stýrið hægra eða vinstra megin og afbrigðum með mismunandi hjólhaf. Viðeigandi rafmagns- eða rafeindakerfi eða rafmagns- eða rafeindaundireiningar eru þau eða þær sem geta sent út umtalsverða breið- eða mjóbandsgeislun og/eða þau eða þær sem geta haft áhrif á beina stjórn ökumanns á ökutækinu (sjá lið 3.4.2.3).

1.1.4. Velja ber dæmigert ökutæki samkvæmt fyrrnefndri áætlun fyrir prófun samkvæmt gagnkvæmu samkomulagi milli framleiðanda og lögbærs yfirvalds. Ökutækið skal vera dæmigert fyrir ökutækisgerðina sem tilgreind er í upplýsingaskjalinu sem sett er fram í a-lið 68. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013. Miða ber val ökutækis við rafmagns- eða rafeindakerfin sem framleiðandi hefur á boðstólum. Framleiðandi og viðkomandi lögbært yfirvald geta gert gagnkvæmt samkomulag um að velja annað ökutæki, samkvæmt fyrrnefndri áætlun, til prófunar ef talið er að það sé búið annars konar rafmagns- eða rafeindakerfum sem líklegt er að hafi veruleg áhrif á rafsegulsviðssamhæfi ökutækisins samanborið við hið dæmigerða ökutæki sem fyrst var valið.

1.1.5. Samkvæmt málsmeðferðinni í lið 1.1.4 er einungis heimilt að velja ökutæki úr þeim samsetningum ökutækis og rafmagns- eða rafeindakerfa sem framleiða á í raun.

1.1.6. Framleiðanda er heimilt að láta umsókn fylgja skýrslu um prófanir sem hafa farið fram. Yfirvöldum sem annast viðurkenningu er heimilt að hafa slík gögn, sem eru látin í té, til hliðsjónar við útgáfu ESB-gerðarviðurkenningarvottorðs.

1.1.7. Láta ber tækniþjónustunni sem annast sjálfa prófunina í té ökutæki sem er dæmigert fyrir þá gerð sem sótt er um viðurkenningu fyrir, í samræmi við lið 1.1.4.

1.2. Viðurkenning á gerð rafmagns- eða rafeindaundireiningar

1.2.1. Framleiðandi ökutækis eða rafmagns- eða rafeindaundireiningar leggur fram umsókn um gerðarviðurkenningu rafmagns- eða rafeindaundireiningar að því er varðar rafsegulsviðssamhæfi skv. 22., 24. og 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013. Að beiðni framleiðanda er heimilt að viðurkenna rafmagns- eða rafeindaundireiningu annaðhvort sem „íhlut“ eða „aðskilda tæknieiningu“.

1.2.2. Framleiðandi ökutækis skal leggja fram upplýsingaskjal í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í a-lið 68. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013.

1.2.3. Framleiðanda er heimilt að láta umsókn fylgja skýrslu um prófanir sem hafa farið fram. Yfirvöldum sem annast viðurkenningu er heimilt að hafa slík gögn, sem eru látin í té, til hliðsjónar við útgáfu ESB-gerðarviðurkenningarvottorðs.

([7]) (ef við á)
([8]) (ef við á)

1.2.4. Láta ber tækniþjónustunni sem annast prófunina í té sýnishorn af rafmagns- eða rafeindaundireiningunni sem er dæmigert fyrir þá gerð sem sótt er um viðurkenningu fyrir, ef nauðsyn krefur eftir viðræður við framleiðandann um, t.d., hugsanleg afbrigði að því er varðar fyrirkomulag, fjölda íhluta og fjölda nema. Tækniþjónustunni er heimilt að velja annað sýnishorn telji hún það nauðsynlegt.

1.2.5. Sýnishorn skulu merkt, á greinilegan og óafmáanlegan hátt, með viðskiptaheiti framleiðanda eða vörumerki og gerðarheiti.

1.2.6. Taka skal fram ef um einhverjar takmarkanir á notkun er að ræða. Slíkar takmarkanir skulu koma fram í upplýsingaskjalinu sem sett er fram í a-lið 68. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 og/eða í ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu sem sett er fram í c-lið 68. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013.

2. **Merkingar**

2.1. Allar rafmagns- eða rafeindaundireiningar í samræmi við gerð sem er viðurkennd samkvæmt þessari reglugerð skulu bera ESB-gerðarviðurkenningarmerki í samræmi við 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 og XX. viðauka við þessa reglugerð.

2.2. Engra merkinga er krafist fyrir rafmagns- eða rafeindakerfi sem eru í gerðum ökutækja sem eru viðurkenndar samkvæmt þessari reglugerð.

2.3. Merkingar á rafmagns- eða rafeindaundireiningum, sem eru í samræmi við liði 2.1 og 2.2, þurfa ekki að vera sýnilegar þegar rafmagns- eða rafeindaundireiningu er komið fyrir í ökutæki.

3. **Forskriftir**

3.1. Almenn forskrift

3.1.1. Ökutæki (og rafmagns- eða rafeindakerfi þeirra eða rafmagns- eða rafeindaundireiningar) skulu hönnuð, smíðuð og þannig gerð að þau samræmist ákvæði þessarar reglugerðar við venjulega notkun.

3.2. Forskriftir vegna breiðbandsrafsegulgeislunar frá ökutækjum með neistakveikju.

3.2.1. Mæliaðferð

Mæla ber rafsegulgeislun sem dæmigert ökutæki fyrir viðkomandi gerð myndar samkvæmt aðferðinni sem er lýst í 3. hluta í annarri hvorri þeirri loftnetsfjarlægð sem er gefin upp. Valið er framleiðanda ökutækisins.

3.2.2. Viðmiðunarmörk fyrir breiðbandsgeislun frá ökutæki

3.2.2.1. Ef mæliaðferðinni sem er lýst í 3. hluta er beitt og fjarlægð milli ökutækis og loftnets er 10,0 ± 0,2 m skulu viðmiðunarmörk fyrir geislun vera 34 dB míkróvolt/m (50 míkróvolt/m) á tíðnisviðinu 30 til 75 MHz og 34 til 45 dB míkróvolt/m (50 til 180 míkróvolt/m) á tíðnisviðinu 75 til 400 MHz og hækka þessi mörk logralega (línulega) fyrir tíðni yfir 75 MHz eins og fram kemur í 5. lið. Á tíðnisviðinu 400 til 1000 MHz eru mörkin stöðug við 45 dB míkróvolt/m (180 míkróvolt/m).

3.2.2.2. Ef mæliaðferðinni sem er lýst í 3. hluta er beitt og fjarlægð milli ökutækis og loftnets er 3,0 ± 0,05 m skulu viðmiðunarmörk fyrir geislun vera 44 dB míkróvolt/m (160 míkróvolt/m) á tíðnisviðinu 30 til 75 MHz og 44 til 55 dB míkróvolt/m (160 til 562 míkróvolt/m) á tíðnisviðinu 75 til 400 MHz og hækka þessi mörk logralega (línulega) fyrir tíðni yfir 75 MHz eins og fram kemur í 6. lið. Á tíðnisviðinu 400 til 1000 MHz eru mörkin stöðug við 55 dB míkróvolt/m (562 míkróvolt/m).

3.2.2.3. Mæld gildi í dB míkróvoltum/m (míkróvoltum/m) skulu vera a.m.k. 2,0 dB (20%) fyrir neðan viðmiðunarmörkin sem gilda fyrir dæmigert ökutæki fyrir viðkomandi gerð.

3.3. Forskriftir vegna mjóbandsrafsegulgeislunar frá ökutækjum

3.3.1. Mæliaðferð

Mæla ber rafsegulgeislun sem dæmigert ökutæki fyrir viðkomandi gerð myndar samkvæmt aðferðinni sem er lýst í 4. hluta í annarri hvorri þeirri loftnetsfjarlægð sem er gefin upp. Valið er framleiðanda ökutækisins.

3.3.2. Viðmiðunarmörk fyrir mjóbandsgeislun frá ökutæki

3.3.2.1. Ef mæliaðferðinni sem er lýst í 4. hluta er beitt og fjarlægð milli ökutækis og loftnets er 10,0 ± 0,2 m skulu viðmiðunarmörk fyrir geislun vera 24 dB míkróvolt/m (16 míkróvolt/m) á tíðnisviðinu 30 til 75 MHz og 24 til 35 dB míkróvolt/m (16 til 56 míkróvolt/m) á tíðnisviðinu 75 til 400 MHz og hækka þessi mörk logralega (línulega) fyrir tíðni yfir 75 MHz eins og fram kemur í 7. lið. Á tíðnisviðinu 400 til 1000 MHz eru mörkin stöðug við 35 dB míkróvolt/m (56 míkróvolt/m).

3.3.2.2. Ef mæliaðferðinni sem er lýst í 4. hluta er beitt og fjarlægð milli ökutækis og loftnets er 3,0 ± 0,05 m skulu viðmiðunarmörk fyrir geislun vera 34 dB míkróvolt/m (50 míkróvolt/m) á tíðnisviðinu 30 til 75 MHz og 34 til 45 dB míkróvolt/m (50 til 180 míkróvolt/m) á tíðnisviðinu 75 til 400 MHz og hækka þessi mörk logralega (línulega) fyrir tíðni yfir 75 MHz eins og fram kemur í 8. lið. Á tíðnisviðinu 400 til 1000 MHz eru mörkin stöðug við 45 dB míkróvolt/m (180 míkróvolt/m).

3.3.2.3. Mæld gildi í dB míkróvoltum/m (míkróvoltum/m) skulu vera a.m.k. 2,0 dB (20%) fyrir neðan viðmiðunarmörkin sem gilda fyrir dæmigert ökutæki fyrir viðkomandi gerð.

3.3.2.4. Þrátt fyrir viðmiðunarmörkin í liðum 5.3.2.1, 5.3.2.2 og 5.3.2.3 er litið svo á að ökutækið sé í samræmi við kröfurnar sem gilda um mjóbandsgeislun ef í ljós kemur í fyrsta þrepinu sem er lýst í lið 1.3 í 4. hluta að styrkur rafsegulbylgna mældur við fjarskiptaloftnet ökutækisins er undir 20 dB míkróvoltum (10 míkróvoltum/m) á tíðnisviðinu 88 til 108 MHz og því er ekki nauðsynlegt að framkvæma frekari prófanir á því.

3.4. Forskriftir vegna ónæmis ökutækja fyrir rafsegulgeislun

3.4.1. Prófunaraðferð

Prófa ber ónæmi ökutækisins, sem er dæmigert fyrir viðkomandi gerð, fyrir rafsegulgeislun samkvæmt aðferðinni sem er lýst í 5. hluta.

3.4.2. Viðmiðunarmörk fyrir ónæmi ökutækisins

3.4.2.1. Ef prófunaraðferðinni sem er lýst í 5. hluta er beitt skulu viðmiðunarmörk fyrir sviðsstyrk vera virka gildið 24 volt/m á a.m.k. 90% af tíðnisviðinu 20 til 1000 MHz og virka gildið 20 volt/m á öllu tíðnisviðinu 20 til 1000 MHz.

3.4.2.2. Ökutæki sem er dæmigert fyrir viðkomandi gerð er talið fullnægja kröfum um ónæmi ef engar óeðlilegar breytingar verða á snúningshraða drifhjóla, engar starfrænar truflanir verða sem gætu skapað glundroða fyrir aðra vegfarendur og engin truflun á beinni stjórn ökumanns á ökutækinu sem hann eða aðrir vegfarendur kunna að verða varir við þegar prófanir skv. 5. hluta eru gerðar á ökutækinu og það sett í sviðsstyrk sem uppgefinn í voltum/m er 25% yfir viðmiðunarmörkunum.

3.4.2.3. Bein stjórn ökumanns á ökutæki felst í því að stýra, hemla eða stjórna snúningshraða hreyfils.

3.5. Forskriftir vegna breiðbandsrafsegultruflana af völdum rafmagns- eða rafeindaundireininga

3.5.1. Mæliaðferð

Mæla ber rafsegulgeislun, sem dæmigerð rafmagns- eða rafeindaundireining fyrir viðkomandi gerð myndar, samkvæmt aðferðinni sem er lýst í 6. hluta.

3.5.2. Viðmiðunarmörk fyrir breiðbandsgeislun frá rafmagns- eða rafeindaundireiningum

3.5.2.1. Ef mæliaðferðinni sem er lýst í 6. hluta er beitt skulu viðmiðunarmörk fyrir geislun vera 64 til 54 dB míkróvolt/m (1600 til 500 míkróvolt/m) á tíðnisviðinu 30 til 75 MHz, þar sem þau lækka logralega (línulega) fyrir tíðni sem er hærri en 30 MHz, og 54 til 65 dB míkróvolt/m (500 til 1800 míkróvolt/m) á tíðnisviðinu 75 til 400 MHz, þar sem þessi mörk lækka logralega (línulega) fyrir tíðni sem er hærri en 75 MHz, eins og fram kemur í 9. lið þessa hluta. Á tíðnisviðinu 400 til 1000 MHz eru mörkin stöðug við 65 dB míkróvolt/m (1800 míkróvolt/m).

3.5.2.2. Mæld gildi í dB míkróvoltum/m (míkróvoltum/m) skulu vera a.m.k. 2,0 dB (20%) fyrir neðan viðmiðunarmörkin sem gilda fyrir dæmigerða rafmagns- eða rafeindaundireiningu fyrir viðkomandi gerð.

3.6. Forskriftir vegna mjóbandsrafsegultruflana af völdum rafmagns- eða rafeindaundireininga

3.6.1. Mæliaðferð

Mæla ber rafsegulgeislun, sem dæmigerð rafmagns- eða rafeindaundireining fyrir viðkomandi gerð myndar, samkvæmt aðferðinni sem er lýst í 7. hluta.

3.6.2. Viðmiðunarmörk fyrir mjóbandsgeislun frá rafmagns- eða rafeindaundireiningum

3.6.2.1. Ef mæliaðferðinni sem er lýst í 7. hluta er beitt skulu viðmiðunarmörk fyrir geislun vera 54 til 44 dB míkróvolt/m (500 til 160 míkróvolt/m) á tíðnisviðinu 30 til 75 MHz, þar sem þau lækka logralega (línulega) fyrir tíðni sem er hærri en 30 MHz, og 44 til 55 dB míkróvolt/m (160 til 560 míkróvolt/m) á tíðnisviðinu 75 til 400 MHz, þar sem þessi mörk lækka logralega (línulega) fyrir tíðni sem er hærri en 75 MHz, eins og fram kemur í 10. lið þessa hluta. Á tíðnisviðinu 400 til 1000 MHz eru mörkin stöðug við 55 dB míkróvolt/m (560 míkróvolt/m).

3.6.2.2. Mæld gildi í dB míkróvoltum/m (míkróvoltum/m) skulu vera a.m.k. 2,0 dB (20%) fyrir neðan viðmiðunarmörkin sem gilda fyrir dæmigerða rafmagns- eða rafeindaundireiningu fyrir viðkomandi gerð.

3.7. Forskriftir vegna ónæmis rafmagns- eða rafeindaundireininga fyrir rafsegulgeislun

3.7.1. Prófunaraðferðir

Prófa ber ónæmi rafmagns- eða rafeindaundireiningar, sem er dæmigerð fyrir viðkomandi gerð, fyrir rafsegulgeislun samkvæmt aðferðinni sem er lýst í 8. hluta.

3.7.2. Viðmiðunarmörk fyrir ónæmi rafmagns- eða rafeindaundireininga

3.7.2.1. Ef prófunaraðferðinni sem er lýst í 8. hluta er beitt skulu viðmiðunarmörk fyrir ónæmisprófun vera 48 volt/m fyrir 150 mm flatleiðisprófunaraðferðina, 12 volt/m fyrir 800 mm flatleiðisprófunaraðferðina, 60 volt/m fyrir TEM-hólfprófunaraðferðina (TEM-öldulag), 48 mA fyrir strauminngjafarprófunaraðferðina (BCI) og 24 volt/m fyrir prófunaraðferðina í opnu sviði.

3.7.2.2. Í rafmagns- eða rafeindaundireiningunni sem er dæmigerð fyrir viðkomandi gerð skal ekki koma fram nein bilun, sem gæti valdið starfrænum truflunum sem gætu skapað glundroða fyrir aðra vegfarendur eða truflun á beinni stjórn ökumanns á ökutækinu, sem kerfinu hefur verið komið fyrir í, sem hann eða aðrir vegfarendur kunna að verða varir við, á sviðs- eða straumstyrk sem er 25% yfir viðmiðunarmörkum, uppgefinn í viðeigandi línulegum einingum.

4. **Undanþágur**

4.1. Líta ber svo á að ökutæki, rafmagns- eða rafeindakerfi eða rafmagns- eða rafeindaundireining sem er ekki búin rafeindasveiflugjafa með hærri vinnslutíðni en 9 kHz sé í samræmi við lið 3.3.2 eða 3.6.2 og við 4. og 7. hluta.

4.2. Ekki er nauðsynlegt að prófa ökutæki sem eru án rafmagns- eða rafeindakerfa eða rafmagns- eða rafeindaundireininga sem tengjast beinni stjórn ökutækisins með tilliti til ónæmis og líta ber svo á að slík ökutæki séu í samræmi við lið 3.4 og við 5. hluta.

4.3. Ekki er nauðsynlegt að prófa rafmagns- eða rafeindaundireiningar sem tengjast ekki beinni stjórn ökutækisins með tilliti til ónæmis og líta ber svo á að þær séu í samræmi við lið 3.7 og við 8. hluta.

4.4. Rafstöðuafhleðsla

Líta má á yfirbyggingu eða undirvagn ökutækis með hjólbörðum sem rafeinangraða smíð. Markverðir rafstöðukraftar með tilliti til ytra umhverfis ökutækisins koma aðeins fram þegar ökumaður og/eða farþegar stíga inn og út úr ökutækinu. Þar eð ökutækið er í kyrrstöðu á meðan er litið svo á að gerðarviðurkenningarprófanir með tilliti til rafstöðuafhleðslu séu óþarfar.


4.5. Sveipir frá rafmagnsleiðslum

Engir sveipir frá rafmagnsleiðslum myndast með tilliti til ytra umhverfis þar eð um engar rafmagnstengingar er að ræða við ökutæki utan frá í venjulegum akstri. Framleiðanda ber að tryggja að tækjabúnaður þoli sveipi frá rafmagnsleiðslum í ökutækinu, til dæmis af völdum álagsskiptingar og víxlverkunar milli kerfa. Litið skal svo á að gerðarviðurkenningarprófanir með tilliti til sveipa frá rafmagnsleiðslum séu óþarfar.

5. **Viðmiðunarmörk fyrir breiðbandsgeislun frá ökutæki þar sem fjarlægð milli loftnets og ökutækis er 10 m**

Tíðni — megarið (MHz) — logruð


(Sjá lið 3.2.2.1 í 2-hluta)



6. **Viðmiðunarmörk fyrir breiðbandsgeislun frá ökutæki þar sem fjarlægð milli loftnets og ökutækis er 3 m**

Tíðni — megarið (MHz) — logruð


(Sjá lið 3.2.2.2 í 2-hluta)



7. **Viðmiðunarmörk fyrir mjóbandsgeislun frá ökutæki þar sem fjarlægð milli loftnets og ökutækis er 10 m**

Tíðni — megarið (MHz) — logruð


(Sjá lið 3.3.2.1 í 2-hluta)



8. **Viðmiðunarmörk fyrir mjóbandsgeislun frá ökutæki þar sem fjarlægð milli loftnets og ökutækis er 3 m**

Tíðni — megarið (MHz) — logruð


(Sjá lið 3.3.2.2 í 2-hluta)



9. **Viðmiðunarmörk fyrir breiðbandsgeislun frá rafmagns- eða rafeindaundireiningu**

Tíðni — megarið (MHz) — logruð


(Sjá lið 3.5.2.1 í 2-hluta)



10. **Viðmiðunarmörk fyrir mjóbandsgeislun frá rafmagns- eða rafeindaundireiningu**

Tíðni — megarið (MHz) — logruð

(Sjá lið 3.6.2.1 í 2-hluta)



3. HLUTI

Kröfur sem ökutæki þurfa að uppfylla: aðferð til að mæla breiðbandsrafsegulgeislun frá ökutækjum

1. **Almenn atriði**

1.1. Prófunaraðferðin sem er lýst í þessum hluta gildir aðeins fyrir ökutæki.

1.2. Mælitæki

Mælitæki skulu vera í samræmi við kröfurnar í riti Alþjóðafastanefndarinnar um rafsegultruflanir (CISPR) nr. 16-1.

Nota skal toppígildisnema til að mæla breiðbandsrafsegulgeislun sem um getur í þessum hluta eða, ef toppgildisnemi er notaður, skal nota nauðsynlegan leiðréttingarstuðul eftir því um hvaða púlshraða neista er að ræða.

1.3. Prófunaraðferð

Þessari prófun er ætlað að mæla breiðbandsrafsegulgeislun sem myndast í neistakveikjukerfum og rafmagnshreyflum sem eru hluti af föstum búnaði ökutækisins (rafknúnum dráttarhreyflum, vélum fyrir hita- eða afísingarkerfi, eldsneytisdælum, vatnsdælum o.s.frv.).

Um tvo kosti er að ræða að því er varðar fjarlægð viðmiðunarloftnets frá ökutæki: tíu eða þrjá metra. Í báðum tilvikum skal 3. liður gilda.

2. **Framsetning niðurstaðna**

Gefa skal niðurstöður mælinga til kynna í dB míkróvoltum/m (míkróvolt/m) fyrir 120 kHz bandbreidd. Ef raunveruleg bandbreidd mælitækisins B (gefin upp í kHz) víkur frá 120 kHz skal breyta álestri í míkróvoltum/m í 120 kHz bandbreidd með margföldun með stuðlinum 120/B.

3. **Mælistaður**

3.1. Prófunarstaður skal vera lárétt svæði þar sem hvorki eru til staðar hindranir né fletir sem endurkasta rafsegulbylgjum innan minnst 30 m radíuss sem er mældur frá punkti sem er miðja vegu milli ökutækis og loftnets (sjá mynd 1 í 7. lið).

3.2. Heimilt er að mælibúnaður, prófunarklefi eða ökutæki þar sem mælibúnaði er komið fyrir sé á prófunarstað, en aðeins á leyfilegu svæði sem er sýnt á mynd 1 í 7. lið.

Heimilt er að önnur mæliloftnet séu inni á prófunarsvæðinu í a.m.k. 10 m fjarlægð frá bæði móttökuloftneti og ökutæki sem verið er að prófa, að því tilskildu að unnt sé að sýna fram á að það hafi ekki áhrif á niðurstöður prófana.

3.3. Heimilt er að nota lokaða prófunarstöð ef unnt er að sýna fram á að gagnkvæmt samband sé á milli hennar og prófunarstaðar sem er utandyra. Lokuð prófunarstöð þarf ekki að fullnægja öðrum mælikröfum sem koma fram á mynd 1 í 7. lið en kröfum um fjarlægð milli ökutækis og loftnets og um hæð loftnets. Þá þarf ekki að ganga úr skugga um geislun í umhverfi fyrir og eftir prófun með tilliti til fyrrnefnds búnaðar eins og kemur fram í lið 3.4.

3.4. Við umhverfishita

Til að tryggja að ekki sé um framandi suð eða merki að ræða af styrkleika sem getur haft áhrif á mælingarnar skal mæla fyrir og eftir aðalprófunina. Ef ökutækið er til staðar þegar umhverfismælingar fara fram skal tækniþjónustan tryggja að geislun frá því hafi ekki marktæk áhrif á þær mælingar, til dæmis með því að fjarlægja ökutækið af prófunarsvæðinu, fjarlægja kveikjulykil eða aftengja rafgeymi. Báðar mælingar skulu gefa til kynna að framandi suð eða merki séu a.m.k. 10 dB fyrir neðan viðmiðunarmörkin í lið 3.2.2.1 eða 3.2.2.2 (eftir því sem við á) í 2. hluta, fyrir utan leyfilegar mjóbandsumhverfisútsendingar.

4. **Ástand ökutækis meðan á prófun stendur**

4.1. Hreyfill

Hreyfillinn skal vera í gangi við eðlilegt hitastig og gírskipting í hlutlausri stöðu. Ef ekki er unnt að verða við þessu af ástæðum sem lúta að framkvæmd er framleiðanda og prófunaryfirvöldum heimilt að gera gagnkvæmt samkomulag um annað verklag.

Þess skal gætt að tryggt sé að hraðastillingarbúnaðurinn hafi ekki áhrif á rafsegulgeislun. Við hverja mælingu skal hreyfillinn látinn ganga með eftirfarandi hætti:

Gerð hreyfils	Mæliaðferð	
	Toppígildi	Toppgildi
Neistakveikja	Snúningshraði	Snúningshraði
Einn strokkur	2 500 sn./mín. ± 10%	2 500 sn./mín. ± 10%
Fleiri en einn strokkur	1 500 sn./mín. ± 10%	1 500 sn./mín. ± 10%

4.2. Prófun skal ekki fara fram meðan regn eða önnur úrkoma fellur á ökutækið eða innan 10 mínútna eftir að styttir upp.

5. **Gerð loftnets, staðsetning og vísun**

5.1. Gerð loftnets

Heimilt er að nota öll loftnet sem unnt er að stilla eins og viðmiðunarloftnet. Heimilt er að nota aðferð til að kvarða loftnetið sem er lýst í viðauka C í 6. útgáfu rits Alþjóðafastanefndarinnar um rafsegultruflanir (CISPR) nr. 12.

5.2. Mælihæð og -fjarlægð

5.2.1. Hæð

5.2.1.1. Prófun í 10 m fjarlægð

Fasamiðpunktur loftnetsins skal vera 3,00 ± 0,05 m fyrir ofan flötinn sem ökutækið stendur á.

5.2.1.2. Prófun í 3 m fjarlægð

Fasamiðpunktur loftnetsins skal vera 1,80 ± 0,05 m fyrir ofan flötinn sem ökutækið stendur á.

5.2.1.3. Enginn af móttökuhlutum loftnetsins skal vera nær fletinum sem ökutækið stendur á en 0,25 m.

5.2.2. Mælifjarlægð

5.2.2.1. Prófun í 10 m fjarlægð

Lárétt fjarlægð milli loftnetsendans eða annars viðeigandi punkts þess, sem er ákveðinn þegar stilling sem er lýst í lið 5.1 fer fram, og ytra yfirborðs ökutækisins skal vera 10,0 ± 0,2 m.

5.2.2.2. Prófun í 3 m fjarlægð

Lárétt fjarlægð milli loftnetsendans eða annars viðeigandi punkts þess, sem er ákveðinn þegar stilling sem er lýst í lið 5.1 fer fram, og ytra yfirborðs ökutækisins skal vera 3,00 ± 0,05 m.

5.2.2.3. Fari prófun fram í lokaðri stöð sem er varin gegn rafsegulgeislun með hátíðni skulu móttökuhlutar loftnetsins ekki vera nær efni af hvaða gerð sem er sem sogar í sig hátíðnibylgjur en 1,0 m og ekki nær vegg hinnar lokuðu stöðvar en 1,5 m. Ekkert íseygt efni skal vera milli móttökuloftnetsins og ökutækisins sem verið er að prófa.

5.3. Staðsetning loftnets með tilliti til ökutækis

Staðsetja ber loftnetið fyrst vinstra megin og síðan hægra megin við ökutækið samsíða samhverfuplani þess og í beinni línu við miðpunkt hreyfilsins (sjá mynd 1 í 7. lið) og í beinni línu við miðpunkt ökutækisins sem er skilgreindur sem punktur á aðalási ökutækisins þaðan sem jafnlangt er til miðju fram- og afturáss ökutækisins.

5.4. Stefna loftnets

Mæla ber á öllum mælistöðum bæði með loftnetið í láréttri og lóðréttri skautun (sjá mynd 2 í 7. lið).

5.5. Álestur

Líta ber á hæsta álestrargildi af fjórum samkvæmt liðum 5.3 og 5.4 fyrir hverja og eina tíðni sem einkennandi gildi fyrir viðkomandi tíðni.

6. **Tíðni**

6.1. Mælingar

Mæla ber á öllu tíðnisviðinu 30 til 1000 MHz. Til að staðfesta að ökutækið fullnægi skilyrðum þessa hluta skal prófunaryfirvaldið prófa á allt að 13 stöðum á fyrrnefndu tíðnisviði, t.d. á 45, 65, 90, 120, 150, 190, 230, 280, 380, 450, 600, 750, 900 MHz. Sé farið út fyrir tilsett mörk meðan á prófun stendur skal ganga úr skugga um að ökutækið valdi því en ekki geislun frá umhverfi.

6.1.1. Mörkin gilda á öllu tíðnisviðinu 30 til 1000 MHz.

6.1.2. Heimilt er að mæla annaðhvort með toppígildis- eða toppgildisnema. Uppgefin mörk í liðum 3.2 og 3.5 í 2. hluta eru fyrir toppígildismælingu. Ef um toppmælingu er að ræða ber að bæta við 38 dB fyrir 1 MHz bandbreidd eða draga frá 22 dB fyrir 1 kHz bandbreidd.

6.2. Vikmörk

Stök tíðni (MHz)	Vikmörk (MHz)
45, 65, 90, 120, 150, 190 og 230	± 5
280, 380, 450, 600, 750 og 900	± 20


Vikmörkin fyrir þá tíðni sem um getur hér að framan þjóna þeim tilgangi að komast hjá truflunum frá útsendingum á eða nálægt einstakri nafntíðni meðan á mælingu stendur.

7. **Myndir**

Mynd 1

Prófunarsvæði fyrir dráttarvél


(Slétt svæði þar sem ekki eru til staðar fletir sem endurkasta rafsegulbylgjum)



Staðsetning loftnets með tilliti til dráttarvélar

Hæð


Tvískauta loftnet í stöðu til að mæla lóðrétta geislun



Mynd 2

Grunnteikning

Tvískauta loftnet í stöðu til að mæla lárétta geislun



4. HLUTI

Aðferð til að mæla mjóbandsrafsegulgeislun frá ökutækjum

1. **Almenn atriði**

1.1. Prófunaraðferðin sem er lýst í þessum hluta gildir aðeins fyrir ökutæki.

1.2. Mælitæki

Mælitæki skulu vera í samræmi við kröfurnar í riti Alþjóðafastanefndarinnar um rafsegultruflanir (CISPR) nr. 16-1.

Nota ber meðalgildis- eða toppgildisnema til að mæla mjóbandsrafsegulgeislun sem um getur í viðaukanum.

1.3. Prófunaraðferð

1.3.1. Með þessari prófun er unnt að mæla mjóbandsgeislun eins og þá sem getur stafað frá kerfum sem byggja á örgjörvum eða frá öðrum mjóbandsgeislagjöfum.

1.3.2. Fyrsta þrepið skal vera mæling á geislun á FM-tíðnisviði (88 til 108 MHz) við útvarpsloftnet ökutækisins með tækjabúnaði sem er lýst í lið 1.2. Ef niðurstaða mælingar fer ekki yfir mörkin sem eru tilgreind í lið 3.3.2.4 í 2. hluta ber að líta svo á að ökutækið fullnægi kröfunum sem settar eru fram í þessum hluta með tilliti til fyrrnefnds tíðnisviðs og ekki skal framkvæma heildarprófun.

1.3.3. Þegar heildarprófunaraðferð er beitt er heimilt að velja á milli tveggja loftnetsfjarlægða: tíu eða þrjá metra frá ökutækinu. Í báðum tilvikum ber að fara að kröfunum sem settar eru fram í 3. lið.

2. **Framsetning niðurstaðna**

Gefa skal niðurstöður mælinga til kynna í dB míkróvoltum/m (míkróvoltum/m).

3. **Mælistaður**

3.1. Prófun skal fara fram á láréttu svæði þar sem hvorki eru til staðar hindranir né fletir sem endurkasta rafsegulbylgjum innan minnst 30 m radíuss sem er mældur frá punkti sem er miðja vegu milli ökutækis og loftnets (sjá mynd 1 í 3. hluta).

3.2. Heimilt er að mælibúnaður, prófunarklefi eða ökutæki þar sem mælibúnaði er komið fyrir sé á prófunarstað, en aðeins á leyfilegu svæði sem er sýnt á mynd 1 í 3. hluta.

Heimilt er að önnur mæliloftnet séu inni á prófunarsvæðinu í a.m.k. 10 m fjarlægð frá bæði móttökuloftneti og ökutæki sem verið er að prófa, að því tilskildu að unnt sé að sýna fram á að það hafi ekki áhrif á niðurstöður prófana.

3.3. Heimilt er að nota lokaða prófunarstöð ef unnt er að sýna fram á að gagnkvæmt samband sé á milli hennar og prófunarstaðar sem er utandyra. Lokuð prófunarstöð þarf ekki að fullnægja öðrum mælikröfum sem koma fram á mynd 1 í 7. lið 3. hluta en kröfum um fjarlægð milli ökutækis og loftnets og um hæð loftnets. Þá þarf ekki að mæla geislun í umhverfi þeirra fyrir eða eftir prófun eins og kemur fram í lið 3.4 í þessum hluta.

3.4. Við umhverfishita

Til að tryggja að ekki sé um framandi suð eða merki að ræða af styrkleika sem getur haft áhrif á mælingarnar skal mæla fyrir og eftir aðalprófunina. Tækniþjónustan skal tryggja að geislun frá ökutækinu hafi ekki marktæk áhrif á umhverfismælingar, til dæmis með því að fjarlægja ökutækið af prófunarsvæðinu, fjarlægja kveikjulykil eða aftengja rafgeymi eða rafgeyma. Báðar mælingar skulu gefa til kynna að framandi suð eða merki séu a.m.k. 10 dB fyrir neðan viðmiðunarmörkin í lið 3.3.2.1 eða 3.3.2.2 (eftir því sem við á) í 2. hluta, fyrir utan leyfilegar mjóbandsumhverfisútsendingar.

4. **Ástand ökutækis meðan á prófun stendur**

4.1. Rafeindakerfi ökutækisins skulu vera í sama ástandi og við venjulega notkun og ökutækið skal vera kyrrstætt.

4.2. Straumur skal vera á rafkerfi. Hreyfill skal ekki vera í gangi.

4.3. Mælingar skulu ekki fara fram meðan regn eða önnur úrkoma fellur á ökutækið eða innan 10 mínútna eftir að styttir upp.

5. **Gerð loftnets, staðsetning og vísun**

5.1. Gerð loftnets

Heimilt er að nota öll loftnet sem unnt er að stilla eins og viðmiðunarloftnet. Heimilt er að nota aðferð til að kvarða loftnetið sem er lýst í viðauka C í 6. útgáfu rits Alþjóðafastanefndarinnar um rafsegultruflanir (CISPR) nr. 12.

5.2. Mælihæð og -fjarlægð

5.2.1. Hæð

5.2.1.1. Prófun í 10 m fjarlægð

Fasamiðpunktur loftnetsins skal vera 3,00 ± 0,05 m fyrir ofan flötinn sem ökutækið stendur á.

5.2.1.2. Prófun í 3 m fjarlægð

Fasamiðpunktur loftnetsins skal vera 1,80 ± 0,05 m fyrir ofan flötinn sem ökutækið stendur á.

5.2.1.3. Enginn af móttökuhlutum loftnetsins skal vera nær fletinum sem ökutækið stendur á en 0,25 m.

5.2.2. Mælifjarlægð

5.2.2.1. Prófun í 10 m fjarlægð

Lárétt fjarlægð milli loftnetsendans eða annars viðeigandi punkts þess, sem er ákveðinn þegar stilling sem er lýst í lið 5.1 fer fram, og ytra yfirborðs ökutækisins skal vera 10,0 ± 0,2 m.

5.2.2.2. Prófun í 3 m fjarlægð

Lárétt fjarlægð milli loftnetsendans eða annars viðeigandi punkts þess, sem er ákveðinn þegar stilling sem er lýst í lið 5.1 fer fram, og ytra yfirborðs ökutækisins skal vera 3,00 ± 0,05 m.

5.2.2.3. Fari prófun fram í lokaðri stöð sem er varin gegn rafsegulgeislun með hátíðni skulu móttökuhlutar loftnetsins ekki vera nær efni af hvaða gerð sem er sem sogar í sig hátíðnibylgjur en 1,0 m og ekki nær vegg hinnar lokuðu stöðvar en 1,5 m. Ekkert íseygt efni skal vera milli móttökuloftnetsins og ökutækisins sem verið er að prófa.

5.3. Staðsetning loftnets með tilliti til ökutækis

Staðsetja ber loftnetið fyrst vinstra megin og síðan hægra megin við ökutækið samsíða samhverfuplani þess og í beinni línu við miðpunkt hreyfilsins (sjá mynd 2 í 7. lið 3. hluta).

5.4. Staða loftnets

Mæla ber á öllum mælistöðum bæði með loftnetið í láréttri og lóðréttri skautun (sjá mynd 2 í 7. lið 3. hluta).

5.5. Álestur

Líta ber á hæsta álestrargildi af fjórum samkvæmt liðum 5.3 og 5.4 fyrir hverja og eina tíðni sem einkennandi gildi fyrir viðkomandi tíðni.

6. **Tíðni**

6.1. Mælingar

Mæla ber á öllu tíðnisviðinu 30 til 1000 MHz. Deila ber þessu tíðnisviði í 13 hluta. Heimilt er að prófa einn stað á hverjum hluta tíðnisviðs til að sýna fram á að tilskilin mörk séu virt. Til að staðfesta að ökutækið uppfylli kröfurnar í þessum hluta skal prófunaryfirvaldið prófa á einum slíkum stað á öllum 13 eftirfarandi hlutum tíðnisviðsins:

30 til 50, 50 til 75, 75 til 100, 100 til 130, 130 til 165, 165 til 200, 200 til 250, 250 til 320, 320 til 400, 400 til 520, 520 til 660, 660 til 820, 820 til 1000 MHz.

Sé farið út fyrir tilsett mörk meðan á prófun stendur skal ganga úr skugga um að ökutækið valdi því en ekki geislun frá umhverfi.

5. HLUTI

Aðferð til að prófa rafsegulónæmi ökutækja

1. **Almenn atriði**

1.1. Prófunaraðferðin sem er lýst í þessum hluta gildir aðeins fyrir ökutæki.

1.2. Prófunaraðferð

Prófunin fer fram í þeim tilgangi að sýna fram á að ökutækið sé ónæmt fyrir neikvæðum áhrifum á beina stjórn þess. Prófa skal ökutækið í því rafsegulsviði sem er lýst í þessum hluta. Að því er varðar prófanir þar sem ökutækið er látið verða fyrir rafsegulgeislun með 1000 MHz eða minni tíðni geta framleiðendur valið hvort þeir beita ákvæðum þessa hluta eða ákvæðum 6. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 10, eins og um getur í I. viðauka. Að því er varðar prófanir þar sem ökutækið er látið verða fyrir rafsegulgeislun með tíðni sem er yfir 1000 MHz en ekki meiri en 2000 MHz skulu framleiðendur beita ákvæðum 6. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 10, eins og um getur í I. viðauka. Vakta skal ökutækið meðan á prófununum stendur.

2. **Framsetning niðurstaðna**

Gefa skal niðurstöður mælinga á sviðsstyrk til kynna í voltum/m að því er varðar prófanir sem er lýst í þessum hluta.

3. **Mælistaður**

Í prófunarstöðinni skal vera unnt að ná fram sviðsstyrk á þeim tíðnisviðum sem eru skilgreind í þessum hluta. Prófunarstöðin skal vera í samræmi við gildandi lagaákvæði um útgeislun rafsegulmerkja.

Þess skal gætt að útgeislunarsvið hafi ekki áhrif á stjórn- og eftirlitsbúnað með þeim hætti að prófanir verði ómarktækar.

4. *Ástand ökutækis meðan á prófun stendur*

4.1. Ökutækið skal vera óhlaðið að nauðsynlegum prófunartækjum undanskildum.

4.1.1. Hreyfillinn skal venjulega snúa drifhjólum á föstum hraða sem samsvarar þremur fjórðu hlutum af hámarkshraða ökutækisins nema framleiðandi hafi tæknilega ástæðu til að ákveða annan hraða. Hreyfill ökutækisins skal beittur hæfilegu snúningsátaki. Ef þörf krefur má aftengja drifsköft (til dæmis þegar um er að ræða ökutæki með fleiri en tveimur ásum) að því tilskildu að þau knýi ekki einingar sem valda truflunum.

4.1.2. Aðalljósker skulu stillt á lággeisla.

4.1.3. Kveikt skal vera á vinstra eða hægra stefnuljósi.

4.1.4. Öll önnur kerfi sem hafa áhrif á stjórn ökumanns á ökutækinu skulu vera (í gangi) eins og þegar ökutækið gengur eðlilega.

4.1.5. Engar rafmagnstengingar skulu vera milli ökutækisins og prófunarsvæðisins eða tækjabúnaðar af hvaða gerð sem er nema þess sé krafist samkvæmt liðum 4.1.1 eða 4.2. Snerting hjólbarða við jörð innan prófunarsvæðis telst ekki vera rafmagnstenging.

4.2. Ef um er að ræða rafmagns- eða rafeindakerfi sem eru óaðskiljanlegur þáttur í beinni stjórn ökutækisins en virka ekki við þau skilyrði sem er lýst í lið 4.1 er framleiðanda heimilt að leggja fyrir prófunaryfirvöld skýrslu eða viðbótargögn sem staðfesta að viðkomandi rafmagns- eða rafeindakerfi séu í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar. Slík gögn skal varðveita með gerðarviðurkenningargögnum.

4.3. Aðeins skal nota tæki sem ekki valda truflunum þegar prófun ökutækis fer fram. Fylgjast skal með ytra borði ökutækisins og farþegarými þess til þess að ganga úr skugga um hvort ákvæðum þessa hluta sé fylgt (til dæmis með því að beita myndupptökuvél eða -vélum).

4.4. Við venjulegar aðstæður skal framenda ökutækisins beint að föstu loftneti. Ef vel flestar rafeindastýrieiningar og tilheyrandi leiðslur eru aftur í ökutækinu skal prófun þó fara fram við venjulegar aðstæður með framenda þess beint frá loftnetinu. Ef um er að ræða löng ökutæki (nánar tiltekið önnur en fólksbifreiðar og léttar sendibifreiðar), þar sem vel flestar rafeindastýrieiningar og tilheyrandi leiðslur eru í ökutækinu miðju, er heimilt að ákveða viðmiðunarpunkt (sjá lið 5.4) annaðhvort hægra eða vinstra megin við ökutækið. Viðmiðunarpunkturinn skal vera annaðhvort í miðju ökutækisins á langveginn eða á öðrum stað við hlið þess sem framleiðandi og viðkomandi lögbært yfirvald ákveða í sameiningu eftir að hafa kannað staðsetningu rafeindakerfa og leiðslna.

Slíkar prófanir skulu aðeins fara fram ef efnisleg bygging klefans leyfir það. Greina ber frá staðsetningu loftnetsins í prófunarskýrslu.

5. **Gerð, staðsetning og vísun sviðsmyndunarbúnaðar**

5.1. Gerð sviðsmyndunarbúnaðar

5.1.1. Velja ber sviðsmyndunarbúnað með tilliti til þess að unnt sé að mynda með honum þann sviðsstyrk sem er óskað eftir á viðmiðunarpunktinum (sjá lið 5.4) á viðeigandi tíðni.

5.1.2. Sviðsmyndunarbúnaður getur annaðhvort verið loftnet eða flutningslínukerfi (TLS).

5.1.3. Sviðsmyndunarbúnaður skal gerður og honum vísað þannig að það svið sem myndast sé skautað annaðhvort í lóðrétta eða lárétta stefnu á tíðnisviðinu 20 til 1000 MHz.

5.2. Mælihæð og -fjarlægð

5.2.1. Hæð

5.2.1.1. Fasamiðpunktur loftnets skal vera a.m.k. 1,5 m fyrir ofan flötinn sem ökutækið stendur á eða a.m.k. 2,0 m fyrir ofan flötinn sem ökutækið stendur á ef þakhæð ökutækisins er yfir 3 m.

5.2.1.2. Enginn af útgeislunarhlutum loftnetsins skal vera nær fletinum sem ökutækið stendur á en 0,25 m.

5.2.2. Mælifjarlægð

5.2.2.1. Mestu líkindum við eðlilega notkun er náð með því að staðsetja sviðsmyndunarbúnaðinn eins langt frá ökutækinu og frekast er unnt. Sú fjarlægð skal vera á bilinu einn til fimm metrar.

5.2.2.2. Fari prófun fram í lokaðri stöð skulu útgeislunarhlutar sviðsmyndunarbúnaðarins ekki vera nær efni af hvaða gerð sem er sem sogar í sig útvarpsbylgjur en 1,0 m og ekki nær vegg hinnar lokuðu stöðvar en 1,5 m. Ekkert íseygt efni skal vera milli móttökuloftnetsins og ökutækisins sem verið er að prófa.

5.3. Staðsetning loftnets með tilliti til ökutækis

5.3.1. Útgeislunarhlutar sviðsmyndunarbúnaðarins skulu ekki vera nær ytra borði ökutækisins en 0,5 m.

5.3.2. Staðsetja ber sviðsmyndunarbúnaðinn á miðlínu ökutækisins (langsniðssamhverfuplani).

5.3.3. Enginn hluti flutningslínu, að undanskildum fletinum sem ökutækið stendur á, skal vera nær hvaða hluta ökutækisins sem er en 0,5 m.

5.3.4. Sviðsmyndunarbúnaður sem er staðsettur yfir ökutækinu skal vera yfir miðju þess og þekja a.m.k. 75% af lengd þess.

5.4. Viðmiðunarpunktur

5.4.1. Í þessum hluta er viðmiðunarpunkturinn sá punktur þar sem sviðsstyrkur er ákveðinn og skal hann skilgreindur á eftirfarandi hátt:

5.4.1.1. a.m.k. tvo metra lárétt frá fasamiðju loftnetsins eða a.m.k einn metra lóðrétt frá útgeislunarhlutum flutningslínu,

5.4.1.2. á miðlínu ökutækisins (lengdarsamhverfuplani),

5.4.1.3. í 1,0 ± 0,05 m hæð yfir fletinum sem ökutækið stendur á eða 2,0 ± 0,05 m ef lágmarksþakhæð einhvers ökutækis af sömu tegund fer yfir 3,0 m,

5.4.1.4. fyrir lýsingu að framan, annaðhvort:

– 1,0 ± 0,2 m inni í ökutækinu mælt frá skurðpunkti framrúðu þess og vélarhlífar (punktur C í mynd 1 í 8. lið) eða

– 0,2 ± 0,2 m frá miðlínu framáss dráttarvélarinnar mælt í átt að miðju hennar (punktur D í mynd 2 í 8. lið),

hvort gildið sem færir viðmiðunarpunktinn nær loftnetinu,

5.4.1.5. fyrir lýsingu að aftan, annaðhvort:

– 1,0 ± 0,2 m inni í ökutækinu mælt frá skurðpunkti framrúðu þess og vélarhlífar (punktur C í mynd 1 í 8. lið) eða

– 0,2 ± 0,2 m frá miðlínu afturáss dráttarvélarinnar mælt í átt að miðju hennar (punktur D í mynd 2 í 8. lið),

hvort gildið sem færir viðmiðunarpunktinn nær loftnetinu.

5.5. Ef ákvörðun er tekin um að geisla afturhluta ökutækisins ber að ákvarða viðmiðunarpunkt með sama hætti og í lið 5.4. Framhluta ökutækisins er því næst beint frá loftnetinu eins og ökutækinu hafi verið snúið 180° um miðpunkt sinn, nánar tiltekið þannig að fjarlægðin milli loftnetsins og þess ytri hluta yfirbyggingar ökutækisins sem næstur er haldist óbreytt, eins og sýnt er í 8. lið.

6. **Prófunarkröfur**

6.1. Tíðnisvið, viðstöðutími, skautun

Ökutækið skal verða fyrir rafsegulgeislun á tíðnisviðinu 20 til 1000 MHz.

6.1.1. Til að staðfesta að ökutækið uppfylli kröfurnar í þessum hluta ber að prófa ökutækið á allt að 14 stöðum á fyrrnefndu tíðnisviði, t.d.:

27, 45, 65, 90, 120, 150, 190, 230, 280, 380, 450, 600, 750 og 900 MHz.

Taka ber tillit til svartíma þess búnaðar sem verið er að prófa og skal viðstöðutími vera nægur til þess að búnaðurinn geti svarað við eðlileg skilyrði. Tíminn skal aldrei vera styttri en tvær sekúndur.

6.1.2. Nota ber einn skautunarmáta fyrir hverja tíðni, samanber lið 5.1.3.

6.1.3. Allir aðrir prófunarþættir skulu vera í samræmi við skilgreiningar þessa hluta.

6.1.4. Standist ökutæki ekki prófunina sem um getur í lið 6.1.1 skal sannreyna að það hafi hent við eðlileg prófunarskilyrði en ekki af völdum sviða sem ekki verður stjórnað.

7. **Myndun rétts sviðsstyrks**

7.1. Prófunaraðferð

7.1.1. Beita ber svonefndri „skiptiaðferð“ til að mynda rétt prófunarsvið.

7.1.2. Kvörðunaráfangi

Veita ber afli inn í sviðsmyndunarbúnaðinn við hvert það tíðnisvið sem óskað er eftir til þess að mynda æskilegan sviðsstyrk á viðmiðunarpunktinum (samanber skilgreiningu í 5. lið) á prófunarsvæðinu þegar ökutækið er ekki til staðar og skal mæla og skrá þetta áhrifasvið eða aðra færibreytu sem er í beinum tengslum við sviðsstyrkinn. Prófunartíðnin skal vera á bilinu 20 til 1000 MHz. Hefja ber kvörðun við 20 MHz og hækka sig um mest 2% milli skrefa uns 1000 MHz er náð. Nota ber þessar niðurstöður við gerðarviðurkenningarprófanir nema að breytingar verði á stöðinni eða tækjum þannig að nauðsynlegt verði að endurtaka ferlið.

7.1.3. Prófunaráfangi

Þá skal færa ökutækið inn á prófunarsstöðina og staðsetja það í samræmi við ákvæði 5. liðar. Sviðsmyndunarbúnaðurinn er síðan stilltur til að virka á því áhrifasviði sem um getur í lið 7.1.2 fyrir hvern þann stað á tíðnisviðinu sem um getur í lið 6.1.1.

7.1.4. Óháð því hvaða mæliþáttur var valinn til að ákvarða það svið sem krafist er samkvæmt lið 7.1.2 ber að nota sama mæliþátt til að ákvarða æskilegan sviðsstyrk meðan prófun stendur yfir.

7.1.5. Þegar prófun fer fram skal nota eins sviðsmyndunarbúnað og staðsetningu og forskriftirnar sem fylgja aðgerðunum í lið 7.1.2 mæla fyrir um.

7.1.6. Sviðsstyrksmælir

Nota ber viðeigandi sviðsstyrksmæli til að ákvarða sviðsstyrk meðan kvörðunaráfangi skiptiaðferðarinnar varir.

7.1.7. Meðan kvörðunaráfangi skiptiaðferðarinnar varir ber að staðsetja fasamiðju sviðsstyrksmælisins í viðmiðunarpunktinum.

7.1.8. Ef kvarðað móttökuloftnet er notað fyrir sviðsstyrksmæli ber að lesa af í þrjár áttir sem eru hornréttar innbyrðis og líta ber á einsátta jafngildi aflestranna sem þann sviðsstyrk sem um ræðir.

7.1.9. Til þess að unnt sé að taka tillit til mismunandi rúmfræðilegrar lögunar ökutækja kann að vera nauðsynlegt að ákvarða fleiri en eina loftnetsstöðu eða viðmiðunarpunkt fyrir tiltekna prófunarstöð.

7.2. Fyrirmörk sviðsstyrks

7.2.1. Meðan kvörðunaráfangi skiptiaðferðarinnar varir (áður en ökutækið er fært inn á prófunarsvæðið) skal sviðsstyrkur í a.m.k. 80% kvörðunarþrepa ekki vera undir 50% af nafnsviðsstyrk á eftirfarandi stöðum:

a) að því er varðar allan sviðsmyndunarbúnað: 0,5 ± 0,05 m öðru hvoru megin viðmiðunarpunktsins á línu sem sker viðmiðunarpunktinn og í sömu hæð og hann og í lóðlínu á samhverfuplan ökutækisins,

b) að því er varðar sendingarlínu: 1,50 ± 0,05 m á línu sem sker viðmiðunarpunktinn í sömu hæð og hann og eftir lengdarásnum.

7.3. Meðsveiflunarskilyrði klefans

Þrátt fyrir þau skilyrði sem eru sett fram í lið 7.2.1 skulu prófanir ekki fara fram á meðsveiflunartíðnisviðum klefans.

7.4. Einkenni prófunarmerkisins sem mynda á

7.4.1. Mesta frávik kúrvunnar

Mesta frávik kúrvu prófunarmerkisins skal jafngilda fráviki kúrvu ómótaðrar sínusbylgju með þá kvaðratmeðaltalsrót í voltum/m sem er skilgreind í lið 3.4.2 í 2. hluta (sjá mynd 3 í þessum hluta).

7.4.2. Bylgjulögun prófunarmerkis

Prófunarmerkið skal vera sínusbylgja með hátíðni, víddarmótuð með 1 kHz sínusbylgju með mótunardýpt m sem er 0,8 ± 0,04.


7.4.3. Mótunardýpt

Mótunardýptin m er skilgreind þannig:


$$m = \frac{\text{(mesta frávik kúrvu – minnsta frávik kúrvu)}}{\text{(mesta frávik kúrvu + minnsta frávik kúrvu)}}.$$

8. **Myndir**

Mynd 1




Mynd 2



Mynd 3

Einkenni prófunarmerkisins sem mynda á



6. HLUTI

Aðferð til að mæla breiðbandsrafsegulgeislun frá rafmagns- eða rafeindaundireiningum

1. **Almenn atriði**

1.1. Prófunaraðferðin sem er lýst í þessum hluta gildir fyrir rafmagns- eða rafeindaundireiningar sem heimilt er síðar að festa á ökutæki sem eru í samræmi við ákvæði 3. hluta.

1.2. Mælitæki

Mælitæki skulu vera í samræmi við kröfurnar í riti Alþjóðafastanefndarinnar um rafsegultruflanir (CISPR) nr. 16-1.

Nota skal toppígildisnema til að mæla breiðbandsrafsegulgeislun sem um getur í þessum hluta, en ef toppgildisnemi er notaður skal nota nauðsynlegan leiðréttingarstuðul eftir því um hvaða púlshraða samliðunar er að ræða.

1.3. Prófunaraðferð

Þessi prófun er ætluð til að mæla breiðbandsrafsegulgeislun frá rafmagns- eða rafeindaundireiningum.

2. **Framsetning niðurstaðna**

Gefa skal niðurstöður mælinga til kynna í dB míkróvoltum/m (míkróvoltum/m) fyrir 120 kHz bandbreidd. Ef raunveruleg bandbreidd mælitækisins B (gefin upp í kHz) víkur frá 120 kHz skal breyta álestri í míkróvoltum/m í 120 kHz bandbreidd með margföldun með stuðlinum 120/B.

3. **Mælistaður**

3.1. Prófunarstaður skal vera í samræmi við kröfurnar í riti Alþjóðafastanefndarinnar um rafsegultruflanir (CISPR) nr. 16-1 (sjá 7. lið).

3.2. Staðsetja skal mælibúnað, prófunarklefa eða ökutæki, þar sem mælibúnaði er komið fyrir, utan þeirra marka sem eru sýnd í 7. lið.

3.3. Heimilt er að nota lokaða prófunarstöð ef unnt er að sýna fram á að gagnkvæmt samband sé á milli hennar og viðurkennds prófunarstaðar sem er utandyra. Lokuð prófunarstöð þarf ekki að fullnægja öðrum mælikröfum sem koma fram í 7. lið en kröfunum um fjarlægð milli rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa og loftnets og um hæð loftnets (sjá mynd 1 og 2 í 8. lið).

3.4. Við umhverfishita

Til að tryggja að ekki sé um framandi suð eða merki að ræða af styrkleika sem getur haft áhrif á mælingarnar skal mæla fyrir og eftir aðalprófunina. Framandi suð eða merki skulu vera a.m.k. 10 dB fyrir neðan viðmiðunarmörkin í lið 3.5.2.1 í 2. lið í báðum þessum mælingum, fyrir utan mjóbandsumhverfisútsendingar af ásettu ráði.

4. **Ástand rafmagns- eða rafeindaundireininga meðan á prófunum stendur**

4.1. Rafmagns- eða rafeindaundireiningin sem verið er að prófa skal vera eðlilega starfandi.

4.2. Mælingar skulu ekki fara fram meðan regn eða önnur úrkoma fellur á rafmagns- eða rafeindaundireininguna sem verið er að prófa eða innan 10 mínútna eftir að styttir upp.

4.3. Prófunaruppsetning

4.3.1. Rafmagns- eða rafeindaundireiningunni, sem verið er að prófa og tilheyrandi leiðslum, er komið fyrir 50 ± 5 mm ofan við tréborð eða borð úr áþekku efni sem leiðir ekki. Ef gert er hins vegar ráð fyrir raftengingu einhvers hluta rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa við málmyfirbyggingu ökutækisins skal sá hluti hvíla á jarðtengdri plötu og vera raftengdur við hana. Jarðtengda platan skal vera a.m.k. 0,5 mm þykk málmþynna. Lágmarksstærð jarðtengdu plötunnar fer eftir stærð rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa en taka skal tillit til dreifingar íhluta hennar og víra. Jarðtengda platan skal vera tengd við varnarleiðslur jarðsambandsins. Staðsetja skal jarðtengdu plötuna í 1,0 ± 0,1 m hæð yfir undirlagi prófunarstöðvarinnar og samhliða henni.

4.3.2. Koma skal rafmagns- eða rafeindaundireiningunni sem verið er að prófa fyrir og tengja hana eins og til er ætlast. Leiðslur frá aflgjafa skulu liggja meðfram og innan við 100 mm frá þeim jaðri jarðtengdu plötunnar/borðsins sem er næst loftnetinu.

4.3.3. Tengja skal rafmagns- eða rafeindaundireininguna sem verið er að prófa við jarðsamband samkvæmt uppsetningarforskrift framleiðanda og eru engar viðbótartengingar við jörð heimilaðar.

4.3.4. Minnsta fjarlægð rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa frá öllum öðrum rafmagnsleiðurum, t.d. veggjum skermaðs svæðis (að undanskilinni jarðtengdu plötunni/borðinu sem prófunarhluturinn hvílir á), skal vera 1,0 m.

4.4. Rafmagns- eða rafeindaundireiningunni sem verið er að prófa skal séð fyrir rafstraumi frá 5 µH/50 Ω gervinetkerfi (AN) sem skal vera raftengt jarðtengdu plötunni. Rafspennu frá aflgjafa skal haldið innan ± 10% af nafnrekstrarspennu einingarinnar. Gáruspenna skal vera minni en 1,5% af málvinnsluspennu einingarinnar mæld í vöktunartengi gervinetsins.

4.5. Ef rafmagns- eða rafeindaundireiningin sem verið er að prófa er samsett úr fleiri en einum hluta skal tengja hlutana saman með sömu leiðslum og fyrirhugað er að nota í ökutækinu. Ef slíkar leiðslur eru ekki fyrir hendi skal fjarlægðin milli rafeindastýrieiningar og gervinetkerfis vera 1500 ± 75 mm.

Ganga skal frá öllum leiðsluendum á eins raunhæfan hátt og frekast er unnt og tengja, ef við verður komið, við raunverulegt álag og gangsetningarbúnað.

Ef utanaðkomandi búnaður er nauðsynlegur til að starfrækja rafmagns- eða rafeindaundireininguna, sem verið er að prófa, á réttan hátt skal leiðrétting fara fram með tilliti til þess þáttar sem hann á í mældri útgeislun.

5. **Gerð loftnets, staðsetning og vísun**

5.1. Gerð loftnets

Heimilt er að nota öll línulega skautuð loftnet sem unnt er að stilla eins og viðmiðunarloftnet.

5.2. Mælihæð og -fjarlægð

5.2.1. Hæð

Fasamiðpunktur loftnetsins skal vera 150 ± 10 mm fyrir ofan jarðtengdu plötuna.

5.2.2. Mælifjarlægð

Lárétt fjarlægð milli fasamiðju loftnetsins eða enda þess og jaðars jarðtengdu plötunnar skal vera 1,00 ± 0,05 m. Enginn hluti loftnetsins skal vera nær jarðtengdu plötunni en 0,5 m.

Staðsetja skal loftnetið samsíða plani sem liggur í lóðlínu á jarðtengdu plötuna og gengur í gegnum þann jaðar hennar sem flestar leiðslur liggja meðfram.

5.2.3. Fari prófun fram í lokaðri stöð sem er varin gegn rafsegulgeislun með hátíðni skulu móttökuhlutar loftnetsins ekki vera nær efni af hvaða gerð sem er sem sogar í sig hátíðnibylgjur en 0,5 m og ekki nær vegg hinnar lokuðu stöðvar en 1,5 m. Ekkert íseygt efni skal vera milli móttökuloftnetsins og rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa.

5.3. Vísun loftnets og skautun

Mæla ber á öllum mælistöðum bæði með loftnetið í lóðréttri og láréttri skautun.

5.4. Álestur

Líta ber á hærra álestrargildi af tveimur (samkvæmt lið 5.3) fyrir hverja og eina tíðni sem einkennandi gildi fyrir viðkomandi tíðni.

6. **Tíðni**

6.1. Mælingar

Mæla ber á öllu tíðnisviðinu 30 til 1000 MHz. Taldar eru miklar líkur á að rafmagns- eða rafeindaundireining fullnægi kröfum á öllu tíðnisviðinu geri hún það á eftirtöldum 13 stöðum á tíðnisviðinu: 45, 65, 90, 120, 150, 190, 230, 280, 380, 450, 600, 750 og 900 MHz

Sé farið út fyrir tilsett mörk meðan á prófun stendur skal ganga úr skugga um að rafmagns- eða rafeindaundireiningin valdi því en ekki geislun frá umhverfi.

6.1.1. Mörkin gilda á öllu tíðnisviðinu 30 til 1000 MHz.

6.1.2. Heimilt er að mæla annaðhvort með toppígildis- eða toppgildisnema. Uppgefin mörk í liðum 3.2 og 3.5 í 2. hluta eru fyrir toppígildismælingu. Ef um toppmælingu er að ræða ber að bæta við 38 dB fyrir 1 MHz bandbreidd eða draga frá 22 dB fyrir 1 kHz bandbreidd.


6.2. Vikmörk

Stök tíðni (MHz)	Vikmörk (MHz)
45, 65, 90, 120, 150, 190 og 230	± 5
280, 380, 450, 600, 750 og 900	± 20

Vikmörkin fyrir þá tíðni sem um getur hér að framan þjóna þeim tilgangi að komast hjá truflunum frá útsendingum á eða nálægt einstakri nafntíðni meðan á mælingu stendur.

7. **Útmörk svæðis þar sem prófun rafmagns- eða rafeindaundireiningar fer fram**


Slétt opið svæði þar sem hvorki eru til staðar hindranir né fletir sem endurkasta rafsegulbylgjum



8. **Losun rafsegulgeislunar í prófunum**


Mynd 1

Útfærsla prófunar á rafsegulgeislun frá rafmagns- eða rafeindaundireiningum (almenn yfirlitsmynd)



Mynd 2

Rafsegulgeislun frá rafmagns- eða rafeindaundireiningum — langsnið af samhverfuplani prófunarbekks



7. HLUTI

Aðferð til að mæla mjóbandsrafsegulgeislun frá rafmagns- eða rafeindaundireiningum

1. **Almenn atriði**

1.1. Prófunaraðferðin sem er lýst í þessum viðauka gildir fyrir rafmagns- eða rafeindaundireiningar.

1.2. Mælitæki

Mælitæki skulu vera í samræmi við kröfurnar í riti Alþjóðafastanefndarinnar um rafsegultruflanir (CISPR) nr. 16-1.

Nota ber meðalgildis- eða toppgildisnema til að mæla mjóbandsrafsegulgeislun sem um getur þessum hluta.

1.3. Prófunaraðferð

1.3.1. Þessi prófun er ætluð til að mæla mjóbandsgeislun eins og þá sem getur stafað frá kerfum sem byggja á örgjörvum.

1.3.2. Heimilt er, sem stutt (2-3 mínútna) fyrsta þrep, eftir að skautun loftnets hefur verið valin, að fara í gegnum tíðnisviðið sem um getur í lið 6.1 með rófgreini til þess að finna og/eða staðsetja hámarksútgeislun. Þetta kann að hjálpa til við að velja þau tíðnisvið sem prófun skal fara fram á (sjá 6. lið).

2. **Framsetning niðurstaðna**

Gefa skal niðurstöður mælinga til kynna í dB míkróvoltum/m (míkróvoltum/m).

3. **Mælistaður**

3.1. Prófunarstaður skal vera í samræmi við kröfurnar í riti Alþjóðafastanefndarinnar um rafsegultruflanir (CISPR) nr. 16-1 (sjá 7. lið 6. hluta).

3.2. Staðsetja skal mælibúnað, prófunarklefa eða ökutæki, þar sem mælibúnaði er komið fyrir, utan þeirra marka sem eru sýnd í 7. lið 6. hluta.

3.3. Heimilt er að nota lokaða prófunarstöð ef unnt er að sýna fram á að samsvörun sé á milli hennar og prófunarstaðar sem er utandyra. Lokuð prófunarstöð þarf ekki að fullnægja öðrum mælikröfum í 7. lið 6. hluta en kröfum um fjarlægð milli rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa og um hæð loftnets (sjá myndir 1 og 2 í 8. lið 6. hluta).

3.4. Við umhverfishita

Til að tryggja að ekki sé um framandi suð eða merki að ræða af styrkleika sem getur haft áhrif á mælingarnar skal mæla fyrir og eftir aðalprófunina. Framandi suð eða merki skulu vera a.m.k. 10 dB fyrir neðan viðmiðunarmörkin í lið 3.6.2.1 í 2. lið í báðum þessum mælingum, fyrir utan mjóbandsumhverfisútsendingar af ásettu ráði.

4. **Ástand rafmagns- eða rafeindaundireiningar meðan á prófunum stendur**

4.1. Rafmagns- eða rafeindaundireiningin sem verið er að prófa skal vera eðlilega starfandi.

4.2. Mælingar skulu ekki fara fram meðan regn eða önnur úrkoma fellur á rafmagns- eða rafeindaundireininguna sem verið er að prófa eða innan 10 mínútna eftir að styttir upp.

4.3. Prófunaruppsetning

4.3.1. Rafmagns- eða rafeindaundireiningunni, sem verið er að prófa og tilheyrandi leiðslum, er komið fyrir 50 ± 5 mm ofan við tréborð eða borð úr áþekku efni sem leiðir ekki. Ef gert er hins vegar ráð fyrir raftengingu einhvers hluta rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa við málmyfirbyggingu ökutækisins skal sá hluti hvíla á jarðtengdri plötu og vera raftengdur við hana.

Jarðtengda platan skal vera a.m.k. 0,5 mm þykk málmþynna. Lágmarksstærð jarðtengdu plötunnar fer eftir stærð rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa en taka skal tillit til dreifingar íhluta hennar og víra. Jarðtengda platan skal vera tengd við varnarleiðslur jarðsambandsins. Staðsetja skal jarðtengdu plötuna í 1,0 ± 0,1 m hæð yfir undirlagi prófunarstöðvarinnar og samhliða henni.

4.3.2. Koma skal rafmagns- eða rafeindaundireiningunni sem verið er að prófa fyrir og tengja hana eins og til er ætlast. Leiðslur frá aflgjafa skulu liggja meðfram og innan við 100 mm frá þeim jaðri jarðtengdu plötunnar/borðsins sem er næst loftnetinu.

4.3.3. Tengja skal rafmagns- eða rafeindaundireininguna sem verið er að prófa við jarðsamband samkvæmt uppsetningarforskrift framleiðanda og eru engar viðbótartengingar við jörð heimilaðar.

4.3.4. Minnsta fjarlægð rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa frá öllum öðrum rafmagnsleiðurum, t.d. veggjum skermaðs svæðis (að undanskilinni jarðtengdu plötunni/borðinu sem prófunarhluturinn hvílir á), skal vera 1,0 m.

4.4. Rafmagns- eða rafeindaundireiningunni sem verið er að prófa skal séð fyrir rafstraumi frá gervinetkerfi (AN) með 5 µH/50 Ω viðnám sem skal vera raftengt jarðtengdu plötunni. Rafspennu frá aflgjafa skal haldið innan ± 10% af nafnrekstrarspennu einingarinnar. Gáruspenna skal vera minni en 1,5% af málvinnsluspennu einingarinnar mæld í vöktunartengi gervinetsins.

4.5. Ef rafmagns- eða rafeindaundireiningin sem verið er að prófa er samsett úr fleiri en einum hluta skal tengja hlutana saman með sömu leiðslum og fyrirhugað er að nota í ökutækinu. Ef slíkar leiðslur eru ekki fyrir hendi skal fjarlægðin milli rafeindastýrieiningar og gervinetkerfis (AN) vera 1500 ± 75 mm. Ganga skal frá öllum leiðsluendum á eins raunhæfan hátt og frekast er unnt og tengja, ef við verður komið, við raunverulegt álag og gangsetningarbúnað. Ef utanaðkomandi búnaður er nauðsynlegur til að starfrækja rafmagns- eða rafeindaundireininguna, sem verið er að prófa, á réttan hátt skal leiðrétting fara fram með tilliti til þess þáttar sem hann á í mældri útgeislun.

5. **Gerð loftnets, staðsetning og vísun**

5.1. Gerð loftnets

Heimilt er að nota öll línulega skautuð loftnet sem unnt er að stilla eins og viðmiðunarloftnet.

5.2. Mælihæð og -fjarlægð

5.2.1. Hæð

Fasamiðpunktur loftnetsins skal vera 150 ± 10 mm fyrir ofan jarðtengdu plötuna.

5.2.2. Mælifjarlægð

Lárétt fjarlægð milli fasamiðju loftnetsins eða enda þess og jaðars jarðtengdu plötunnar skal vera 1,00 ± 0,05 m. Enginn hluti loftnetsins skal vera nær jarðtengdu plötunni en 0,5 m.

Staðsetja skal loftnetið samsíða plani sem liggur í lóðlínu á jarðtengdu plötuna og gengur í gegnum þann jaðar hennar sem flestar leiðslur liggja meðfram.

5.2.3. Fari prófun fram í lokaðri stöð sem er varin gegn rafsegulgeislun með hátíðni skulu móttökuhlutar loftnetsins ekki vera nær efni af hvaða gerð sem er sem sogar í sig hátíðnibylgjur en 0,5 m og ekki nær vegg hinnar lokuðu stöðvar en 1,5 m. Ekkert íseygt efni skal vera milli móttökuloftnetsins og rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa.

5.3. Vísun loftnets og skautun

Mæla ber á öllum mælistöðum bæði með loftnetið í lóðréttri og láréttri skautun.

5.4. Álestur

Líta ber á hærra álestrargildi af tveimur (samkvæmt lið 5.3) fyrir hverja og eina tíðni sem einkennandi gildi fyrir viðkomandi tíðni.

6. **Tíðni**

6.1. Mælingar

Mæla ber á öllu tíðnisviðinu 30 til 1000 MHz. Deila ber þessu tíðnisviði í 13 hluta. Heimilt er að prófa einn stað á hverjum hluta tíðnisviðs til að sýna fram á að tilskilin mörk séu virt. Til að staðfesta að rafmagns- eða rafeindaundireiningin sem verið er að prófa fullnægi skilyrðum þessa hluta skal prófunaryfirvaldið prófa á einum slíkum stað á öllum 13 eftirfarandi hlutum tíðnisviðsins:

30 til 50, 50 til 75, 75 til 100, 100 til 130, 130 til 165, 165 til 200, 200 til 250, 250 til 320, 320 til 400, 400 til 520, 520 til 660, 660 til 820, 820 til 1000 MHz.

Sé farið út fyrir tilsett mörk meðan á prófun stendur skal ganga úr skugga um að rafmagns- eða rafeindaundireiningin valdi því en ekki geislun frá umhverfi.

6.2. Ef í ljós kemur, í fyrsta þrepinu sem kann að hafa verið framkvæmt eins og er lýst í lið 1.3, að mjóbandsgeislun á öllum þeim sviðum sem um getur í lið 6.1 er a.m.k. 10 dB undir viðmiðunarmörkum skal líta svo á að rafmagns- eða rafeindaundireiningin sé í samræmi við kröfurnar í þessum hluta með tilliti til þess tíðnisviðs.

8. HLUTI

Aðferðir til að prófa rafsegulónæmi rafmagns- eða rafeindaundireininga

1. **Almenn atriði**

1.1. Nota má prófunaraðferðina eða -aðferðirnar sem er lýst í þessum hluta fyrir rafmagns- eða rafeindaundireiningar.

1.2. Prófunaraðferðir

1.2.1. Rafmagns- eða rafeindaundireiningar skulu fullnægja kröfunum í einni af eftirfarandi mæliaðferðum eða samsetningu þeirra að vali framleiðanda, að því gefnu að allt tíðnisviðið sem um getur í lið 5.1 sé spannað.

– Flatleiðisprófunaraðferðin: sjá 11. lið

– Strauminngjafarprófun: sjá 12. lið

– TEM-hólfprófun: sjá 13. lið

– Prófunaraðferð í opnu sviði: sjá 14. lið

1.2.2. Vegna geislunar frá rafsegulsviðum meðan á prófun stendur skal hún ætíð fara fram á skermuðu svæði, s.s. TEM-hólfinu.

2. **Framsetning niðurstaðna**

Gefa skal niðurstöður mælinga á sviðsstyrk til kynna í voltum/m og á inngefnum straumi í millíamperum að því er varðar prófanir sem er lýst í þessum hluta.

3. **Mælistaður**

3.1. Í prófunarstöðinni skal vera unnt að ná fram nauðsynlegu merki á þeim tíðnisviðum sem eru skilgreind í þessum hluta. Prófunarstöðin skal vera í samræmi við gildandi lagaákvæði um útgeislun rafsegulmerkja.

3.2. Koma skal prófunarbúnaði fyrir utan klefans.

4. **Ástand rafmagns- eða rafeindaundireiningar meðan á prófunum stendur**

4.1. Rafmagns- eða rafeindaundireiningin sem verið er að prófa skal vera eðlilega starfandi. Henni skal komið fyrir eins og tekið er fram í þessum hluta nema annað komi fram í lýsingum á einstökum prófunaraðferðum.

4.2. Rafmagns- eða rafeindaundireiningunni sem verið er að prófa skal séð fyrir rafstraumi frá (5 µH/50 Ω) gervinetkerfi sem skal vera raftengt jarðtengdu plötunni. Rafspennu frá aflgjafa skal haldið innan ± 10% af nafnrekstrarspennu einingarinnar. Gáruspenna skal vera minni en 1,5% af málvinnsluspennu einingarinnar mæld í vöktunartengi gervinetsins.

4.3. Meðan kvörðunaráfangi varir skal annar utanaðkomandi búnaður sem er nauðsynlegur til að starfrækja rafmagns- eða rafeindaundireininguna sem verið er að prófa vera á sínum stað. Enginn utanaðkomandi búnaður skal vera nær viðmiðunarpunktinum en 1 m meðan kvörðun fer fram.

4.4. Til að tryggja samanburðarnákvæmar niðurstöður mælinga þegar prófanir og mælingar eru endurteknar skal stilla búnaðinn sem myndar prófunarmerkið og koma honum fyrir samkvæmt sömu forskrift og fylgt var við samsvarandi kvörðunaráfanga (liður 7.2, 7.3.2.3, 8.4, 9.2 og 10.2).

4.5. Ef rafmagns- eða rafeindaundireiningin sem verið er að prófa er samsett úr fleiri en einum hluta skal tengja hlutana saman með sömu leiðslum og fyrirhugað er að nota í ökutækinu. Ef slíkar leiðslur eru ekki fyrir hendi skal fjarlægðin milli rafeindastýrieiningar og gervinetkerfis (AN) vera 1500 ± 75 mm. Ganga skal frá öllum leiðsluendum á eins raunhæfan hátt og frekast er unnt og tengja, ef við verður komið, við raunverulegt álag og gangsetningarbúnað.

5. **Tíðnisvið og sá tími sem prófun varir**

5.1. Mæla ber á öllu tíðnisviðinu 20 til 1000 MHz.

5.2. Til að staðfesta að rafmagns- eða rafeindaundireiningin fullnægi ákvæðum þessa hluta skulu prófanir fara fram á allt að 14 stöðum á fyrrnefndu tíðnisviði, til dæmis:

27, 45, 65, 90, 120, 150, 190, 230, 280, 380, 450, 600, 750 og 900 MHz.

Taka ber tillit til svartíma þess búnaðar sem verið er að prófa og skal viðstöðutími vera nægur til þess að búnaðurinn geti svarað við eðlileg skilyrði. Tíminn skal aldrei vera styttri en tvær sekúndur.

6. **Einkenni prófunarmerkisins sem mynda á**

6.1. Mesta frávik kúrvunnar

Mesta frávik kúrvu prófunarmerkisins skal jafngilda fráviki kúrvu ómótaðrar sínusbylgju með kvaðratmeðaltalsrót sem er skilgreind í lið 3.4.2 í 2. hluta (sjá mynd 3 í 8. lið 5. hluta).

6.2. Bylgjulögun prófunarmerkis

Prófunarmerkið skal vera sínusbylgja með hátíðni, víddarmótuð með 1 kHz sínusbylgju með mótunardýpt m sem er 0,8 ± 0,04.

6.3. Mótunardýpt

Mótunardýptin m er skilgreind þannig:

m = (mesta frávik kúrvunnar — minnsta frávik kúrvunnar)/(mesta frávik kúrvunnar + minnsta frávik kúrvunnar)

7. **Flatleiðisprófun**

7.1. Prófunaraðferð

Prófunaraðferðin gengur út á að leiðslurnar sem tengja einstaka hluta í rafmagns- eða rafeindaundireiningunni verði fyrir tilteknum sviðsstyrk.

7.2. Mæling sviðsstyrks í flatleiðisstraumrásinni

Veita ber afli inn í flatleiðisstraumrásina við hvert það tíðnisvið sem óskað er eftir til þess að mynda æskilegan sviðsstyrk á prófunarsvæðinu þegar rafmagns- eða rafeindaundireiningin sem verið er að prófa er ekki til staðar og skal mæla og skrá þetta áhrifasvið eða annan mæliþátt sem er í beinum tengslum við sviðsstyrkinn. Nota ber þessar niðurstöður við gerðarviðurkenningarprófanir nema að breytingar verði á stöðinni eða tækjum þannig að nauðsynlegt verði að endurtaka ferlið. Meðan á þessu stendur ber að staðsetja mælihöfuð kannans undir þeim leiðara sem er virkur, langsum, þversum og lóðrétt. Halda ber kassanum með rafeindahlutum kannans eins langt frá lengdarási flatleiðisins og við verður komið.

7.3. Uppsetning rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa

7.3.1. 150 mm flatleiðisprófun

Aðferðin felst í því að myndað er einsleitt svið milli virks leiðara (flatleiðirinn með 50 Ω samviðnám) og jarðtengdrar plötu (leiðandi yfirborð vinnuborðsins) þar sem hægt er að koma fyrir hluta leiðslnanna. Stýrieiningu(m) rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa er komið fyrir á jarðtengdu plötunni en utan við flatleiðinn þar sem einn af jöðrum hennar er samhliða virka leiðara flatleiðisins. Hún skal vera í 200 ± 10 mm fjarlægð frá línu sem liggur í plani jarðtengdu plötunnar beint undir jaðri virka leiðarans.

Fjarlægðin milli jaðra virka leiðarans og jaðarbúnaðar sem er notaður til mælinga skal vera a.m.k. 200 mm.

Koma skal leiðslum rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa fyrir í láréttri stöðu milli virka leiðarans og jarðtengdu plötunnar (sjá myndir 1 og 2 í 11. lið).

7.3.1.1. Leiðslurnar sem er komið fyrir undir flatleiðinum, að meðtöldum straumleiðslum til rafeindastýrieiningarinnar, skulu vera að minnsta kosti 1,5 m langar nema að leiðslurnar í ökutækinu séu styttri en 1,5 m. Í því tilviki skulu leiðslurnar vera af sömu lengd og lengstu leiðslur í uppsetningunni í ökutækinu. Allar greinar sem kvíslast frá leiðslunum í þeirri lengd skulu liggja í lóðlínu á lengdarás línunnar.

7.3.1.2. Að öðrum kosti skal lengd leiðslnanna til samans vera 1,5 m að lengstu greininni meðtalinni.

7.3.2. 800 mm flatleiðisprófun

7.3.2.1. Prófunaraðferð

Flatleiðirinn er myndaður úr tveimur samhliða málmplötum sem 800 mm bil aðskilur. Búnaðinum sem verið er að prófa er komið fyrir mitt á milli platnanna og settur í rafsegulsvið (sjá mynd 3 og 4 í 11. viðbæti).

Unnt er að prófa fullkomin rafeindakerfi með þessari aðferð, m.a. nema og gangsetningarbúnað og einnig stýrieiningu og leiðsluvef. Hún hentar tækjabúnaði með stærsta mál sem er einn þriðji af fjarlægðinni milli platnanna eða minna.

7.3.2.2. Staðsetning flatleiðis

Flatleiðinum skal komið fyrir í skermuðu rými (til að koma í veg fyrir utanaðkomandi geislun) í 2 m fjarlægð frá veggjum og málmflötum til þess að koma í veg fyrir endurkast rafsegulbylgna. Heimilt er að nota efni sem gleypir hátíðnibylgjur til að draga úr slíku endurkasti. Koma skal flatleiðinum fyrir á undirstöðum sem leiða ekki, minnst 0,4 m fyrir ofan undirlag þeirra.

7.3.2.3. Kvörðun flatleiðis

Kanna til sviðsmælinga er komið fyrir í rýminu milli samhliða platnanna tveggja, innan eins þriðja af vegalengdinni frá miðju þess, í lárétta og lóðrétta stefnu og á þverveginn, þar sem kerfið sem verið er að prófa er ekki til staðar. Staðsetja skal aukamælibúnaðinn fyrir utan skermaða rýmið.

Veita ber afli inn í flatleiðisstraumrásina við hvert það tíðnisvið sem óskað er eftir til þess að mynda æskilegan sviðsstyrk við loftnetið. Nota ber þetta afl eða annan mæliþátt sem er í beinum tengslum við sviðsstyrkinn, við gerðarviðurkenningarprófanir nema að breytingar verði á stöðinni eða tækjum þannig að nauðsynlegt verði að endurtaka ferlið.

7.3.2.4. Uppsetning rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa

Aðalstýrieiningunni er komið fyrir í rýminu milli samhliða platnanna tveggja, innan eins þriðja af vegalengdinni frá miðju þess, í lárétta og lóðrétta stefnu og á þverveginn. Hún skal hvíla á undirstöðu úr efni sem leiðir ekki.

7.3.2.5. Aðalleiðslur og leiðslur nema/gangsetningarbúnaðar

Aðalleiðslur og leiðslur nema/gangsetningarbúnaðar skulu liggja lóðrétt upp frá stýrieiningu til efstu jarðtengdu plötu (það stuðlar að því að ná sem bestri tengingu við rafsegulsviðið). Þaðan skulu þær liggja eftir neðra borði plötunnar að einum jaðri hennar sem er laus og í lykkju þar yfir og eftir efra borði jarðtengdu plötunnar alla leið að strauminntaki flatleiðisins. Þá skulu leiðslurnar liggja að aukabúnaði sem staðsetja ber á svæði utan rafsegulsviðsins, t.d. á gólfi skermaða rýmisins, 1 m langsum frá flatleiðinum.

8. **Ónæmisprófun rafmagns- eða rafeindaundireiningar í opnu sviði**

8.1. Prófunaraðferð

Prófunaraðferðin gerir kleift að prófa rafmagns- eða rafeindaeiningar í ökutækjum með því að setja rafmagns- eða rafeindaundireiningu í rafsegulgeislun frá loftneti.

8.2. Lýsing prófunarbekks

Prófun skal fara fram á prófunarbekk í klefa með dempuðu endurkasti.

8.2.1. Jarðtengd plata

8.2.1.1. Þegar um ræðir ónæmisprófun í opnu sviði skal koma rafmagns- eða rafeindaundireiningunni sem verið er að prófa og tilheyrandi leiðslum fyrir 50 ± 5 mm ofan við tréborð eða borð úr áþekku efni sem leiðir ekki. Ef gert er hins vegar ráð fyrir raftengingu einhvers hluta rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa við málmyfirbyggingu ökutækisins skal sá hluti hvíla á jarðtengdri plötu og vera raftengdur við hana. Jarðtengda platan skal vera a.m.k. 0,5 mm þykk málmþynna. Lágmarksstærð jarðtengdu plötunnar fer eftir stærð rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa en taka skal tillit til dreifingar íhluta hennar og víra. Jarðtengda platan skal vera tengd við varnarleiðslur jarðsambandsins. Staðsetja skal jarðtengdu plötuna í 1,0 ± 0,1 m hæð yfir undirlagi prófunarstöðvarinnar og samhliða henni.

8.2.1.2. Koma skal rafmagns- eða rafeindaundireiningunni sem verið er að prófa fyrir og tengja hana eins og til er ætlast. Leiðslur frá aflgjafa skulu liggja meðfram og innan við 100 mm frá þeim jaðri jarðtengdu plötunnar/borðsins sem er næst loftnetinu.

8.2.1.3. Tengja skal rafmagns- eða rafeindaundireininguna sem verið er að prófa við jarðsamband samkvæmt uppsetningarforskrift framleiðanda og eru engar viðbótartengingar við jörð heimilaðar.

8.2.1.4. Minnsta fjarlægð rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa frá öllum öðrum rafmagnsleiðurum, t.d. veggjum skermaðs svæðis (að undanskilinni jarðtengdu plötunni/borðinu sem prófunarhluturinn hvílir á), skal vera 1,0 m.

8.2.1.5. Jarðtengda platan skal vera a.m.k. 2,25 fermetrar að stærð og styttri hliðin a.m.k. 750 mm löng. Jarðtengda platan er tengd við klefann með tengireimum þannig að jafnstraumsviðnám tengingarinnar er mest 2,5 mΩ.

8.2.2. Uppsetning rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa

Þegar um er að ræða stóran tæknibúnað sem er komið fyrir á prófunarstandi úr málmi ber að líta á prófunarstandinn sem hluta jarðtengdu plötunnar að því er prófun varðar og skal hann tengdur með tilliti til þess. Hliðar prófunareintaksins skulu vera a.m.k. í 200 mm fjarlægð frá jaðri jarðtengdu plötunnar. Allar leiðslur skulu liggja a.m.k. 100 mm frá jaðri jarðtengdu plötunnar og (þar sem leiðslurnar liggja lægst) a.m.k. 50 ± 5 mm fyrir ofan jarðtengdu plötuna. Rafmagns- eða rafeindaundireiningunni sem verið er að prófa skal séð fyrir rafstraumi frá (5 µH/50 Ω) gervinetkerfi .

8.3. Gerð, staðsetning og vísun sviðsmyndunarbúnaðar

8.3.1. Gerð sviðsmyndunarbúnaðar

8.3.1.1. Velja ber sviðsmyndunarbúnað með tilliti til þess að unnt sé að mynda með honum þann sviðsstyrk sem er óskað eftir á viðmiðunarpunktinum (sjá lið 8.3.4) á viðeigandi tíðni.

8.3.1.2. Sviðsmyndunarbúnaður getur annaðhvort verið loftnet eða plötuloftnet.

8.3.1.3. Sviðsmyndunarbúnaður skal gerður og honum vísað þannig að það svið sem myndast sé skautað annaðhvort í lóðrétta eða lárétta stefnu á tíðnisviðinu 20 til 1000 MHz.

8.3.2. Mælihæð og -fjarlægð

8.3.2.1. Hæð

Fasamiðpunktur loftnets skal vera 150 ± 10 mm fyrir ofan jarðtengdu plötuna sem rafmagns- eða rafeindaundireiningin sem verið er að prófa stendur á. Enginn af útgeislunarhlutum loftnetsins skal vera nær gólffleti prófunarstöðvarinnar en 250 mm.

8.3.2.2. Mælifjarlægð

8.3.2.2.1. Mestu líkindum við eðlilega notkun er náð með því að staðsetja sviðsmyndunarbúnaðinn eins langt frá rafmagns- eða rafeindaundireiningunni og frekast er unnt. Sú fjarlægð skal vera á bilinu einn til fimm metrar.

8.3.2.2.2. Fari prófun fram í lokaðri stöð skulu útgeislunarhlutar sviðsmyndunarbúnaðarins ekki vera nær efni af hvaða gerð sem er sem sogar í sig útvarpsbylgjur en 0,5 m og ekki nær vegg stöðvarinnar en 1,5 m. Ekkert íseygt efni skal vera milli móttökuloftnetsins og rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa.

8.3.3. Staðsetning loftnets með tilliti til rafmagns- eða rafeindaundireiningar sem verið er að prófa

8.3.3.1. Útgeislunarhlutar sviðsmyndunarbúnaðarins skulu ekki vera nær jaðri jarðtengdu plötunnar en 0,5 m.

8.3.3.2. Fasamiðpunktur sviðsmyndunarbúnaðarins skal vera í plani:

a) sem liggur í lóðlínu á jarðtengdu plötuna,

b) sem sker jaðar jarðtengdu plötunnar og miðpunkt stærsta hluta leiðslnanna og

c) sem liggur í lóðlínu á jaðar jarðtengdu plötunnar og stærsta hluta leiðslnanna.

Staðsetja ber sviðsmyndunarbúnaðinn samhliða þessu plani (sjá myndir 8 og 9 í 14. lið).

8.3.3.3. Sviðsmyndunarbúnaður sem er staðsettur yfir jarðtengdu plötunni eða rafmagns- eða rafeindaundireiningunni sem verið er að prófa skal ná yfir alla eininguna.

8.3.4. Viðmiðunarpunktur

Í þessum hluta er viðmiðunarpunktur sá punktur þar sem sviðsstyrkur er ákveðinn og skilgreindur á eftirfarandi hátt:

8.3.4.1. að minnsta kosti einn metra lárétt frá fasamiðju loftnetsins eða a.m.k einn metra lóðrétt frá útgeislunarhlutum plötuloftnets,

8.3.4.2. í plani:

a) sem liggur í lóðlínu á jarðtengdu plötuna,

b) sem liggur í lóðlínu á jaðar jarðtengdu plötunnar sem stærsti hluti leiðslnanna liggur eftir,

c) sem sker jaðar jarðtengdu plötunnar og miðpunkt stærsta hluta leiðslnanna og

d) sem er samfallandi við miðpunkt stærsta hluta leiðslnanna sem liggur eftir jaðri jarðtengdu plötunnar sem er næst loftnetinu,

8.3.4.3. 150 ± 10 mm yfir jarðtengdu plötunni.

8.4. Myndun rétts sviðsstyrks: prófunaraðferð

8.4.1. Beita ber svonefndri „skiptiaðferð“ til að mynda rétt prófunarsvið.

8.4.2. Skiptiaðferð

Veita ber afli inn í sviðsmyndunarbúnaðinn við hvert það tíðnisvið sem óskað er eftir til þess að mynda æskilegan sviðsstyrk á viðmiðunarpunktinum (samanber skilgreiningu í lið 8.3.4) þegar rafmagns- eða rafeindaundireiningin er ekki til staðar og skal mæla og skrá þetta áhrifasvið eða annan mæliþátt sem er í beinum tengslum við sviðsstyrkinn. Nota ber þessar niðurstöður við gerðarviðurkenningarprófanir nema að breytingar verði á stöðinni eða tækjum þannig að nauðsynlegt verði að endurtaka ferlið.

8.4.3. Enginn utanaðkomandi búnaður skal vera nær viðmiðunarpunktinum en 1 m meðan kvörðun fer fram.

8.4.4. Sviðsstyrksmælir

Nota ber viðeigandi sviðsstyrksmæli til að ákvarða sviðsstyrk meðan kvörðunaráfangi skiptiaðferðarinnar varir.

8.4.5. Staðsetja ber fasamiðju sviðsstyrksmælisins í viðmiðunarpunktinum.

8.4.6. Þá skal færa rafmagns- eða rafeindaundireininguna sem verið er að prófa, og kann að hafa jarðtengda viðbótarplötu, inn í prófunarstöðina og staðsetja hana í samræmi við lið 8.3. Ef jarðtengd viðbótarplata er notuð skal hún vera innan 5 mm frá jarðtengdu plötu prófunarbekksins og raftengd henni. Sviðsmyndunarbúnaðurinn er síðan stilltur til að virka á því áhrifasviði sem um getur í lið 8.4.2 fyrir hvern þann stað á tíðnisviðinu sem um getur í 5. lið.

8.4.7. Óháð því hvaða mæliþáttur var valin til að ákvarða það svið sem krafist er samkvæmt lið 8.4.2 ber að nota sama mæliþátt til að ákvarða æskilegan sviðsstyrk meðan prófun stendur yfir.

8.5. Fyrirmörk sviðsstyrks

8.5.1. Meðan kvörðunaráfangi skiptiaðferðarinnar varir (áður en rafmagns- eða rafeindaundireiningin sem verið er að prófa er færð inn á prófunarsvæðið) skal sviðsstyrkur ekki vera undir 50% af nafnsviðsstyrk í tveimur punktum sem liggja 0,5 ± 0,05 m beggja vegna viðmiðunarpunktsins á línu sem er samhliða þeim jaðri jarðtengdu plötunnar sem er næst loftnetinu og sker viðmiðunarpunktinn.

9. **TEM-hólfprófun**

9.1. Prófunaraðferð

TEM-hólfið (TEM = Transverse Electromagnetic Mode, TEM-öldulag) myndar einsleitt svið milli innri leiðara (skilrúms) og hússins (jarðtengdrar plötu). Það er notað til að prófa rafmagns- eða rafeindaundireiningar (sjá mynd 6 í 13. lið).

9.2. Mæling sviðsstyrks í TEM-hólfi

9.2.1. Reikna skal út sviðsstyrk í TEM-hólfinu með jöfnunni:

$$|E| = (\sqrt{(P \times Z)})/d$$

E = Styrkur rafsviðs (volt/m)
P = Orka til hólfsins (W)
Z = Samviðnám hólfsins (50 Ω)
d = Bil sem aðskilur (í metrum) efri vegg og plötu (skilrúmið).

9.2.2. Að öðrum kosti skal koma viðeigandi sviðsstyrksnema fyrir í efri hluta TEM-hólfsins. Í þessum hluta TEM-hólfsins hefur rafeindastýrieiningin aðeins takmörkuð áhrif á prófunarsviðið. Frálag sviðsstyrksnemans ákveður sviðsstyrkinn.

9.3. Mál TEM-hólfsins

Í því skyni að viðhalda einsleitu sviði í TEM-hólfinu og fá fram niðurstöður sem unnt er að endurtaka skal prófunarhluturinn ekki vera hærri en sem nemur einum þriðja af innri hæð hólfsins.

Mál fyrir TEM-hólf, sem mælt er með, eru gefin upp í 13. lið, mynd 7.

9.4. Leiðslur til aflgjafa, merkjasendingarbúnaðar og stýringar

Festa ber TEM-hólfið við samása tengiborð og tengja með eins stuttum leiðslum og við verður komið við tengil með nægilega mörgum pinnum. Tengja ber leiðslur til straumgjafa og merkjasendingaleiðslur frá tenginu á hólfvegg beint við prófunarhlutinn.

Tengja ber utanaðkomandi búnað, t.d. nema, aflgjafa og stýrieiningar:

a) við skermaðan jaðarbúnað,

b) við ökutæki í grennd við TEM-hólfið eða

c) beint við skermaða tengitöflu.

Nota ber einangraðar leiðslur til að tengja TEM-hólfið við jaðarbúnað eða ökutækið ef ökutækið eða jaðarbúnaðurinn er ekki í sama eða nærliggjandi skermuðu rými.

10. **Strauminngjafarprófun**

10.1. Prófunaraðferð

Þessi ónæmisprófun felst í því að veita straumi beint á leiðslur með strauminngjafarkanna. Strauminngjafarkanninn samanstendur af tengiklemmu sem leiðslur rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa liggja í gegnum. Ónæmisprófunin fer fram með þeim hætti að breyta tíðni hinna spönuðu merkja.

Heimilt er að koma rafmagns- eða rafeindaundireiningunni fyrir á jarðtengdri plötu samanber lið 8.2.1 eða í ökutæki í samræmi við hönnunarforskrift ökutækisins.

10.2. Kvörðun strauminngjafarkannans áður en prófun hefst

Strauminngjafarkannanum er komið fyrir í kvörðunarhaldi. Um leið og farið er í gegnum allt prófunartíðnisviðið er stöðugt fylgst með því hve mikla orku þarf til að ná fram þeim straumstyrk sem um getur í lið 3.7.2.1. Á þennan hátt er unnt að kvarða framafl strauminngjafar á móti spönuðum straumstyrk áður en prófun fer fram og þá er unnt að veita sama straumi á strauminngjafarkannann, þegar hún er tengd við rafmagns- eða rafeindaundireininguna sem verið er að prófa með sömu leiðslu, og notaður er við kvörðunina. Vakin er athygli á því að það er sá straumur sem veitt er á strauminngjafarkannann sem ber að skrá.

10.3. Uppsetning rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa

Ef rafmagns- eða rafeindaundireiningunni er komið fyrir á jarðtengdri plötu eins og um getur í lið 8.2.1 skal ganga frá öllum leiðsluendum við raunverulegt álag og gangsetningarbúnað. Bæði að því er varðar rafmagns- eða rafeindaundireiningar sem er komið fyrir á jarðtengdri plötu og á ökutæki skal koma strauminngjafarkannanum umhverfis einstaka leiðslur, hverja eftir aðra, í 150 ± 10 mm fjarlægð frá einstökum tengjum við rafstýringareiningar (ECU), tækjaeiningar og virka skynjara, eins og kemur fram í 12. lið.

10.4. Leiðslur til aflgjafa, merkjasendingarbúnaðar og stýringar


Að því er varðar rafmagns- eða rafeindaundireiningu sem verið er að prófa og komið er fyrir á jarðtengdri plötu, eins og um getur í lið 8.2.1, skal tengja aðalrafstýringareininguna með leiðslu við gervinetkerfi. Leiðslan skal liggja samhliða jaðri jarðtengdu plötunnar í minnst 200 mm fjarlægð frá honum. Í leiðslunni skal vera þáttur sem sér rafstýringareiningunni fyrir straumi frá rafgeymi ökutækisins og straumleiðari til baka ef um slíkan leiðara er að ræða í ökutækinu.

Fjarlægðin milli rafstýringareiningarinnar og gervinetkerfisins skal vera lengd leiðslunnar sem er notuð í ökutækinu til að tengja rafstýringareininguna og rafgeyminn, ef hún er þekkt, þó mest 1,0 ± 0,1 m. Ef notuð er leiðsla úr ökutæki skulu allir þættir hennar af fyrrnefndri lengd liggja meðfram jarðtengdu plötunni en í lóðlínu í átt frá jaðri hennar. Að öðrum kosti skulu þættir úr leiðslu rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa og eru í fyrrnefndri lengd koma fram við gervinetkerfið.

11. **Flatleiðisprófun og mál**

Mynd 1

150 mm flatleiðisprófun




Öll mál eru í mm

1 = Skermað rými
2 = Leiðslur
3 = Prófunarhlutur
4 = Endaviðnám
5 = Tíðnimyndunarbúnaður
6/7 = Aukarafgeymir
8 = Aflgjafi
9 = Sía
10 = Jaðarbúnaður
11 = Sía
12 = Myndtökubúnaður
13 = Ljós-raforkuumbreytir
14 = Myndleiðslur
15 = Jaðarbúnaður sem ekki er geislavarinn
16 = Línulegur eða geislavarinn jaðarbúnaður
17 = Ljós-raforkuumbreytir
18 = Einangrandi botnplata
19 = Myndbandsupptökuvél


Mynd 2

150 mm flatleiðisprófun



Öll mál eru í mm

L = 2 500 mm
S = 800 mm
W = 740 mm
h = 150 mm



1 = Prófunarhlutur

2 = Leiðslur


3 = Jaðarbúnaður


4 = Endaviðnám

5 = Einangrandi botnplata


Mynd 3

800 mm flatleiðisprófun





Straumgjafi flatleiðis, stækkuð mynd




Endabúnaður flatleiðis, stækkuð mynd

1 = Jarðtengd plata
2 = Aðalleiðslur og leiðslur nema/gangsetningarbúnaðar
3 = Viðargrind
4 = Virk plata
5 = Einangrari
6 = Prófunarhlutur


Mynd 4

800 mm flatleiðismál

Séð frá hlið




Séð ofan frá



Öll mál eru í mm

12. **Dæmi um uppsetningu vegna prófunar á strauminngjöf (BCI)**

Mynd 5



1 = Búnaður til prófunar (e. *Device under test* (DUT))

2 = Mælikanni hátíðni (RF) (valfrjáls)

3 = Inngjafarkanni hátíðni

4 = Gervinetkerfi

5 = Síukerfi fyrir skermað rými

6 = Aflgjafi

7 = Tenging við búnað til prófunar: aflvaki og vöktunarbúnaður

8 = Merkjavaki

9 = Breiðbandsmagnari

10 = Hátíðni (RF) 50 Ω stefnutengir


11 = Orkumælir hátíðni (RF) eða sambærilegur mælir

12 = Rófgreinir eða sambærilegt tæki (valfrjáls)

13. **TEM-hólfprófun**

Mynd 6


TEM-hólfprófun




1 = Ytri leiðari, hlíf
2 = Innri leiðari (skilrúm)
3 = Einangrari
4 = Ílag
5 = Einangrari
6 = Lúga
7 = Tengiborð
8 = Aflgjafi prófunarhlutar
9 = Endaviðnám, 50 Ω
10 = Einangrun
11 = Prófunarhlutur (hámarkshæð: einn þriðji bilsins milli hólfbotns og skilrúms)

Mynd 7

Gerð rétthyrnds TEM-hólfs — Dæmigerð mál TEM-hólfs






Í töflunni hér á eftir eru gefin upp mál fyrir gerð hólfs með tilgreindum efri tíðnimörkum:

Efri tíðni (MHz)	Formstuðull hólfs W: b	Formstuðull hólfs L/W	Bil milli platna b (cm)	Skilrúm S (cm)
200	1,69	0,66	56	70
200	1,00	1,00	60	50

14. **Ónæmisprófun rafmagns- eða rafeindaundireiningar í opnu sviði**


Mynd 8

Útfærsla prófunar (almenn yfirlitsmynd)



Mynd 9

Langsnið af samhverfuplani prófunarbekks



9. HLUTI

Framleiðendur geta valið að beita annað hvort kröfum 2. til 8. hluta eða kröfunum í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 10 eins og um getur í I. viðauka, eða kröfunum í ISO-staðli 14982:1998.

XVI. VIÐAUKI

Kröfur um hljóðmerkjabúnað

1. Hljóðmerkjabúnaðurinn skal fá gerðarviðurkenningu íhlutar samkvæmt kröfunum um ökutæki í flokki N í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 28, eins og um getur í I. viðauka.

2. **Eiginleikar hljóðmerkjabúnaðar á dráttarvélum**

2.1. Hljóðprófanir

Þegar dráttarvél er gerðarviðurkennd skulu eiginleikar viðvörunarbúnaðar þeirrar gerðar prófaðir á eftirfarandi hátt:

2.1.1. Þegar búnaðinum er komið fyrir í dráttarvélinni skal mæla hljóðþrýstistigið 7 metrum fyrir framan dráttarvélina, á eins opnum og sléttum stað og mögulegt er. Stöðva skal hreyfil dráttarvélarinnar. Spennan skal vera sú sem mælt er fyrir um í málsgrein 6.2.3 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 28, eins og um getur í I. viðauka.

2.1.2. Mælingar skulu framkvæmdar með „A“ hljóðstigsmælingarstaðli Alþjóðaraftæknifndarinnar (IEC).

2.1.3. Hámarkshljóðþrýstistig skal ákvarðað í 0,5 og 1,5 metra hæð frá jörðu.

2.1.4. Hámarkshljóðþrýstistig skal vera lægst 93 dB (A) og hæst 112 dB (A).

XVII. VIÐAUKI

Kröfur um hitakerfi

1. **Kröfur sem varða öll ökutæki í flokkum T og C sem eru búin slíku kerfi**

1.1. Dráttarvélar með lokuðu stýrishúsi skulu búnar hitakerfi sem uppfyllir ákvæði þessa viðauka.

Dráttarvélar með lokuðu stýrishúsi mega vera búnar loftræstikerfi og ef slík kerfi eru ísett skulu þau uppfylla ákvæði þessa viðauka.

1.2. Hitakerfið skal, ásamt loftræstikerfi lokaða stýrishússins, geta afísað og móðuhreinsað framrúðuna.

Hitakerfi og kælikerfi skulu prófuð annars vegar í samræmi við 8. lið og hins vegar 9. lið ISO-staðals 14269-2:1997. Prófunarskýrslur skulu fylgja með í upplýsingaskjalinu.

1.3. Framleiðandinn getur valið um að uppfylla annaðhvort kröfurnar um hitakerfi í þessum viðauka eða kröfurnar um ökutæki í flokki N í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 122, eins og um getur í I. viðauka.

_____

XVIII. VIÐAUKI

Kröfur um búnað til að koma í veg fyrir notkun án leyfis

1. **Kröfur er varða öll ökutæki í flokkum T og C**

Framleiðendur geta valið að beita annað hvort ákvæðum þessa liðar eða liðar 2.

1.1. Ræsing og stöðvun hreyfilsins

1.1.1. Sjá skal til þess að ekki sé hægt að ræsa hreyfilinn fyrir slysni og/eða í leyfisleysi. Dæmi um slíkt felast m.a. í, en takmarkast ekki við:

– kveikju eða ræsirofa með lykli sem hægt er að fjarlægja,

– læsanlegt stýrishús,

– læsanlega hlíf yfir kveikju eða ræsirofa,

– öryggislæsingu á kveikju eða ræsirofa (t.d. með lykilkorti),

– læsanlegum rofa sem aftengir rafgeyminn.

2. **Kröfur er varða öll ökutæki í flokkum T og C samkvæmt reglugerðum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu eða alþjóðlegum stöðlum**

2.1. Allar viðeigandi kröfur í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 62, eins og um getur í I. viðauka, gilda fyrir ökutæki sem eru búin stýrishandfangi.

2.2. Fyrir ökutæki sem ekki eru búin stýrishandfangi skulu framleiðendur beita öllum viðeigandi kröfum sem mælt er fyrir um fyrir ökutæki í flokki N2 í 2. lið, 5. lið að undanskildum lið 5.6, liðum 6.2 og 6.3 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 18, eins og um getur í I. viðauka við þessa reglugerð, eða kröfunum í viðeigandi stöðlum um forritanlegan rafeindabúnað til að koma í veg fyrir notkun án leyfis, ef slíkir staðlar eru til staðar eftir 1. janúar 2018.

3. **Kröfur er varða öll ökutæki í flokki S og útskiptanlegan dreginn búnað sem fellur undir flokk R vegna tæknilega leyfilegs hámarksmassa með hleðslu á massa án hleðslu sem er jafn og eða meiri en 3,0**

Nota skal minnst einn búnað á ökutæki í flokki S eða útskiptanlegan dreginn búnað sem fellur undir flokk R vegna tæknilega leyfilegs hámarksmassa með hleðslu á massa án hleðslu sem er jafn og eða meiri en 3,0, til að koma í veg fyrir notkun slíkra ökutækja fyrir slysni eða án leyfis.

Slíkur búnaður getur verið eftirfarandi:

– læsanleg hlíf yfir tengibúnaðinum,

– keðja og hengilás í gegnum hringinn á tengibúnaðinum,

– hjólklemma (e. *wheel clamp*)

– hengilás í gati á hringgeira stöðuhemilsins,

Notendahandbókin skal innihalda upplýsingar um notkun þess búnaðar sem er uppsettur a ökutækinu.

———

XIX. VIÐAUKI

Kröfur um skráningarmerki

1. **Lögun og mál flatar fyrir uppsetningu á skráningarmerki að aftan**

Flöturinn sem skráningarmerkjunum er komið fyrir á skal mynda flatt eða því sem næst flatt, rétthyrnt yfirborð með eftirfarandi lágmarksmálum:

annaðhvort

breidd: 520 mm

hæð: 120 mm

eða

breidd: 255 mm

hæð: 165 mm.

2. **Staðsetning flatar fyrir uppsetningu og festing skráningarmerkjanna**

Flöturinn sem skráningarmerkjunum er komið fyrir á skal vera þannig að eftir að skráningarmerkin hafa verið fest á réttan hátt fullnægi þau eftirfarandi kröfum:

2.1. Staðsetning skráningarmerkis með tilliti til breiddar

Miðpunktur skráningarmerkisins skal ekki vera lengra til hægri en samhverfuplan ökutækisins. Vinstri hliðarbrún skráningarmerkisins skal ekki vera staðsett lengra til vinstri en lóðrétt plan sem liggur samsíða samhverfuplani ökutækisins og snertir punktinn þar sem þversnið þess er breiðast.

2.2. Staðsetning skráningarmerkis með tilliti til samhverfuplans ökutækisins á langveginn

Skráningarmerkið skal liggja í lóðlínu eða því sem næst í lóðlínu á samhverfuplan ökutækisins.

2.3. Staðsetning skráningarmerkja með tilliti til lóðrétta plansins

Skráningarmerkið skal vera lóðrétt með 5° vikmörkum. Þar sem lögun ökutækisins krefst þess má hins vegar halla því frá lóðréttri stöðu:

2.3.1. þó ekki meira en 30° þegar flöturinn með skráningarmerkinu hallast upp á við, að því tilskildu að efri brún skráningarmerkisins sé ekki í meiri hæð en 1,20 metra frá jörðu.

2.3.2. þó ekki meira en 15° þegar flöturinn með skráningarmerkinu hallast niður á við, að því tilskildu að efri brún skráningarmerkisins sé í meiri hæð en 1,20 metra frá jörðu.

2.4. Hæð skráningarmerkis frá jörðu

Neðri brún skráningarmerkisins skal vera í a.m.k. 0,30 metra hæð frá jörðu og hæð efri brúnar skráningarmerkisins frá jörðu skal ekki vera meiri en 4 metrar.

2.5. Ákvörðun hæðar skráningarmerkis frá jörðu

Hæðin sem gefin er upp í liðum 2.3 og 2.4. skal mæld á meðan ökutækið er án hleðslu.

2.6. Rúmfræðilegur sýnileiki:

2.6.1. Merkið skal vera sýnilegt á öllum fletinum innan eftirfarandi fjögurra plana:

– tveggja lóðréttra plana sem snerta hvort sína hliðarbrún merkis og mynda horn sem mælist út til vinstri og til hægri í 30° miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins,

– plans sem snertir efri brún merkisins og myndar horn sem mælist 15° upp á við miðað við lárétt plan,

– lárétta plansins í gegnum neðri brún merkisins.

2.6.2. Engin burðareining skal staðsett á fletinum sem lýst er að framan, jafnvel þó hún sé alveg gagnsæ.

_____

XX. VIÐAUKI

Kröfur um lögboðnar merkiplötur og merkingar

1. **Skilgreiningar**

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1.1. „lögboðin merkiplata“: plata sem framleiðandinn skal festa á öll ökutæki sem framleidd eru í samræmi við viðurkennda gerð eins og mælt er fyrir í 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 og skal hún bera viðeigandi merkingar í samræmi við þennan viðauka.

1.2. „lögboðnar áletranir“: allar lögboðnar merkingar ásamt gerðarviðurkenningarmerkinu sem mælt er fyrir um í 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 sem, í samræmi við þennan viðauka, skulu festar á ökutæki, íhluti eða aðskildar tæknieiningar þegar þau eru framleidd í samræmi við viðurkenndu gerðina eða til auðkenningar þeirra meðan á gerðarviðurkenningarferlunum stendur.

2. **Almenn atriði**

2.1. Öll ökutæki fyrir landbúnað eða skógrækt skulu vera með merkiplötu og áletrunum sem lýst er í eftirfarandi liðum. Merkiplatan og áletranirnar eru fest á annaðhvort af framleiðandandanum eða viðurkenndum fulltrúa hans.

2.2. Allir íhlutir eða aðskildar tæknieiningar sem samræmast gerð sem er viðurkennd samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 167/2013 skulu bera ESB-gerðarviðurkenningarmerki sem lýst er í 6. lið eða merki í samræmi við 34. gr. (2. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 sem mælt er fyrir um annars vegar í 68. gr. (h-lið) og hins vegar í 34. gr. (3. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 167/2013.

3. **Lögboðin merkiplata**

3.1. Lögboðin merkiplata að fyrirmynd þeirri sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal fest tryggilega á áberandi stað sem auðvelt er að komast að, á hluta sem ekki er líklegt að skipt verði um meðan ökutækið er í eðlilegri notkun, við venjulegt viðhald eða viðgerðir (t.d. vegna skemmda vegna slyss). Hún skal sýna á greinilegan og óafmáanlegan hátt þær upplýsingar sem tilgreindar eru í fyrirmyndinni að ESB-gerðarviðurkenningarmerkinu sem sett er fram í 3. mgr. 34. gr. eða h-lið 68. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013.

3.2. Framleiðanda er heimilt að setja viðbótarupplýsingar fyrir neðan eða til hliðar við þær upplýsingar sem mælt er fyrir um, utan við skýrt afmarkaðan rétthyrning þar sem eru eingöngu upplýsingarnar sem mælt er fyrir um í 1. og 3. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013.

4. **Verksmiðjunúmer ökutækis**

Verksmiðjunúmer ökutækisins er föst samsetning rittákna sem framleiðandi úthlutar hverju ökutæki á ótvíræðan hátt. Markmiðið er að tryggja að unnt sé fyrir tilstilli framleiðandans að bera örugg kennsl á hvert ökutæki, þá einkum gerð þess, yfir 30 ára tímabil án þess að frekari tilvísana sé þörf.

Verksmiðjunúmerið skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

4.1. Verksmiðjunúmer ökutækis skal merkt á lögboðnu merkiplötuna og einnig á grindina, undirvagninn eða svipaðan hluta burðarvirkis ökutækisins þegar ökutækið yfirgefur framleiðslulínuna.

4.2. Þegar því verður komið við skal það standa í einni línu.

4.3. Það skal sett hægra megin að framan á undirvagninn eða svipaðan hluta burðarvirkisins.

4.4. Það skal hamrað, stansað, greypt eða skorið með leysi beint á vel aðgengilegan hluta, helst hægra megin framan á ökutækinu, þannig að ekki sé hægt að afmá það, breyta og fjarlægja.

5. **Rittákn**

Rittákn þau sem skal nota í merkingunum í 3. og 4. lið eru tilgreind í fyrirmyndinni fyrir ESB-gerðarviðurkenningarmerkið sem sett er fram í h-lið 68. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013.

6. **Kröfur um merkingar íhluta og aðskilinna tæknieininga**

Hver aðskilin tæknileg eining eða íhlutur sem samræmist gerð sem fengið hefur ESB-gerðarviðurkenningu aðskilinnar tæknieiningar eða íhlutar í samræmi við V. kafla reglugerðar (ESB) nr. 167/2013, skal bera ESB-gerðarviðurkenningarmerki aðskilinnar tæknieiningar eða íhlutar í samræmi við 34. gr. (2. og 3. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 167/2013. Merkingarnar skulu vera sýnilegar á ökutækinu án þess að þurfi að fjarlægja neina hluta þess með verkfærum og skulu ásettar á varanlegan hátt (t.d. stimplaðar, greyptar, skornar með leysi eða prentaðar á sjálfeyðandi límmiða).

_____

XXI. VIÐAUKI

Kröfur um mál og massa eftirvagna

1. **Skilgreiningar**

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1.1. „lengd ökutækis“:

– lengd ökutækisins mæld milli lóðréttu plananna hornrétt á lengdarás ökutækisins og í gegnum ystu punkta þess, fyrir utan:

– alla spegla,

– öll ræsihandföng,

– öll breiddarljósker að framan eða á hliðum.

1.2. „breidd ökutækis“:

– breidd ökutækisins mæld milli lóðréttu plananna samhliða lengdarási ökutækisins og í gegnum ystu punkta þess, fyrir utan:

– spegla, ef einhverjir eru,

– stefnuljós, ef einhver eru,

– breiddarljósker að framan, á hliðum eða að aftan og stöðuljósker, ef einhver eru,

– íhluti sem leggja má saman, svo sem upptakanleg ástig og sveigjanlegar aurhlífar.

1.3. „hæð ökutækis“: lóðrétt fjarlægð milli jarðar og þess staðar á ökutækinu sem er fjærst jörðu, fyrir utan loftnet. Þegar þessi hæð er ákvörðuð skal ökutækið vera búið nýjum hjólbörðum með mesta snúningsradíus, settum fram með snúningsradíusstuðlinum, sem framleiðandi þeirra gefur upp,

1.4. „leyfilegur dráttarmassi“: massinn sem heimilt er að láta tiltekna gerð dráttarvélar draga,

1.5. „tæknilega leyfilegur dráttarmassi eða -massar “: eitt af eftirfarandi:

a) dráttarmassi án hemla,

b) dráttarmassi með ýtihemlun,

c) dráttarmassi með vökva- eða lofthemlun.

Kröfur

Ökutæki mega ekki vera stærri en sem nemur þeim málum og mössum sem mælt er fyrir um hér á eftir:

2. **Mál**

Mælingar til að sannprófa þessi mál fara fram svo sem hér segir:

– með massa ökutækis, án hleðslu, sem er tilbúið til aksturs,

– á jafnsléttu,

– ökutækið er kyrrstætt og, ef við á, slökkt á hreyflinum,

– hjólbarðar skulu vera nýir og með eðlilegum þrýstingi samkvæmt tilmælum framleiðanda,

– dyr og gluggar skulu lokuð, ef við á,

– stýrishjól skal vera í beinni stöðu fram á við, ef við á,

– engin landbúnaðartæki eða tæki til skógarnytja, sem ekki þarf sérstök verkfæri til að losa, skulu áföst dráttarvélinni.

2.1. Hámarksmál ökutækja í flokki T, C eða R eru sem hér segir:

2.1.1. lengd: 12 m,

2.1.2. breidd: 2,55 m (fyrir utan bunguna á hliðum hjólbarða við snertiflöt þeirra við jörð),

2.1.3. hæð: 4 m.

2.2. Hámarksmál ökutækja í flokki S eru sem hér segir:

2.2.1. lengd: 12 m,

2.2.2. breidd: 3 m (fyrir utan bunguna á hliðum hjólbarða við snertiflöt þeirra við jörð),

2.2.3. hæð: 4 m.

3. **Leyfilegur dráttarmassi**

3.1. Leyfilegur dráttamassi getur verið einn dreginn eftirvagn eða fleiri eða landbúnaðartæki eða tæki til skógarnytja. Greinarmunur er gerður á tæknilega leyfilegum dráttarmassa sem framleiðandi gefur upp og leyfilegum dráttarmassa sem mælt er fyrir um í lið 3.2 hér á eftir.

3.2. Leyfilegur dráttarmassi skal ekki fara yfir:

3.2.1. tæknilega leyfilegan dráttarmassa sem framleiðandi tilgreinir, með tilliti til krafnanna sem varða dráttarvélina í XXXIV. viðauka,

3.2.2. dráttarmassa véltengisins eða -tengjanna miðað við gerðarviðurkenningu eða -viðurkenningar þeirra sem íhluta í samræmi við þessa reglugerð.

_____

XXII. VIÐAUKI

Kröfur um hámarksmassa með hleðslu

1. **Skilgreiningar**

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Skilgreiningar á hugtökunum „eftirvagn með dráttarbeisli“ og „eftirvagn með hengivagnsbeisli“ í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um á grunni ákvæða b-liðar 2. mgr. og 4. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 gilda fyrir þennan viðauka.

1.1. „tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu“: leyfilegur hámarksmassi fyrir hvert ökutæki á grundvelli smíðaeiginleika og hönnunarnothæfis þess, sama hver burðargeta hjólbarða eða skriðbelta er.

1.2. „tæknilega leyfilegur hámarksmassi á ás“: massi sem svarar til hámarks leyfilegs lóðrétts stöðuálags sem er yfirfært á jörð af hjólum á ásnum, á grundvelli smíðaeiginleika ássins og ökutækisins og hönnunarnothæfis þeirra, sama hver burðargeta hjólbarða eða skriðbelta er.

2. **Kröfur**

2.1. Gerðarviðurkenningaryfirvaldinu ber að samþykkja þann tæknilega leyfilega hámarksmassa með hleðslu sem gefinn er upp af framleiðanda sem leyfilegur hámarksmassi með hleðslu að því tilskildu að:

2.1.1. niðurstöður þeirra prófana sem yfirvöld gera, einkum þeirra er varða hemla og stýri, séu fullnægjandi,

2.1.2. tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu og tæknilega leyfilegur hámarksmassi á ás sem ræðst af flokki ökutækis fari ekki yfir gildin sem gefin eru í töflu 1.

Tafla 1

Leyfilegur hámarksmassi með hleðslu og leyfilegur hámarksmassi á hvern ás sem ræðst af flokki ökutækis

Ökutækjaflokkur	Fjöldi ása	Leyfilegur hámarksmassi (t)	Leyfilegur hámarksmassi á hvern ás	
			Drifás (t)	Driflaus ás (t)
T1, T2, T4.1, T4.2	2	18 (með hleðslu)	11,5	10
	3	24 (með hleðslu)	11,5 ([d])	10 ([d])
T1	4 eða fleiri	32 (með hleðslu) ([c])	11,5 ([d])	10 ([d])
T3	2 eða 3	0,6 (án hleðslu)	([a])	([a])
T4.3	2, 3, 4	10 (með hleðslu)	([a])	([a])
C	á ekki við	32	á ekki við	á ekki við
R	1	á ekki við	11,5	10
	2	18 (með hleðslu)	11,5	([b])
	3	24 (með hleðslu)	11,5	([b])
	4 eða fleiri	32 (með hleðslu)	11,5	([b])

Ökutækjaflokkur	Fjöldi ása	Leyfilegur hámarksmassi (t)	Leyfilegur hámarksmassi á hvern ás	
			Drifás (t)	Driflaus ás (t)
S	1	á ekki við	11,5	10
	2	18 (með hleðslu)	11,5	([b])
	3	24 (með hleðslu)	11,5	([b])
	4 eða fleiri	32 (með hleðslu)	11,5	([b])

([a]) Ekki er nauðsynlegt að setja öxultakmarkanir fyrir ökutækjaflokka T3 og T4.3 þar sem þeir hafa samkvæmt skilgreiningu takmörkun á leyfilegum hámarksmassa með hleðslu og/eða massa án hleðslu.

([b]) Samsvarandi gildi fyrir summu leyfilegs hámarksmassa á ás er summa ásþunganna í liðum 3.1 til 3.3 í I. viðauka við tilskipun ráðsins 96/53/EB (Tilskipun ráðsins 96/53/EB frá 25. júlí 1996 um að ákveða leyfileg hámarksmál vegna umferðar innan aðildarríkja og milli landa og leyfilega hámarksþyngd vegna umferðar milli landa fyrir tiltekin ökutæki sem eru í notkun í Bandalaginu (Stjtíð. EB L 235, 17.9.1996, bls. 59).

([c]) Þegar drifásinn er útbúinn með tvöföldum hjólum og loftfjöðrun eða fjöðrun sem er viðurkennd sem jafngild innan Evrópusambandsins, eins og skilgreint er í II. viðauka til tilskipun 96/53/EB, eða þegar hver drifás er útbúinn með tvöföldum hjólum og hámarksþyngd hvers áss fer ekki yfir 9,5 tonn.

([d]) Samsvarandi gildi fyrir summu leyfilegs hámarksmassa ássins er summa ásþunganna í lið 3.5 í I. viðauka við tilskipun 96/53/EB.

2.2. Hvernig sem hleðslu dráttarvélarinnar er háttað má massinn sem hjólin á stýriásnum færa niður á veginn ekki vera minni en 20% af massa dráttarvélarinnar án hleðslu.

2.3. Summa tæknilega leyfilegra hámarksmassa á ás

2.3.1. Hvað varðar ökutæki í flokkum T og C og flokkum R og S sem leggja ekki umtalsvert lóðrétt stöðuálag á dráttarvélina (eftirvagn með dráttarbeisli) skal summa leyfilegra hámarksmassa á ás vera sú sama eða hærri tala en leyfilegur hámarksmassi ökutækisins.

2.3.2. Hvað varðar ökutæki í flokkum R og S sem leggja umtalsvert lóðrétt stöðuálag á dráttarvélina (eftirvagn með hengivagnsbeisli) skal leyfilegur hámarksmassi ökutækisins teljast vera summa leyfilegra hámarksmassa á ás og skal gilda þegar kemur að gerðarviðurkenningu.

XXIII. VIÐAUKI

Kröfur um þyngdarklossa

Ef búa á dráttarvél þyngdarklossum til að uppfylla aðrar kröfur vegna ESB-gerðarviðurkenningar, skulu umræddir þyngdarklossar koma frá framleiðanda dráttarvélarinnar, vera ætlaðir til að festa þá við dráttarvélina og á þeim skal vera merki framleiðandans og uppgefinn massi þeirra í kílóum með ± 5% nákvæmni. Þyngdarklossar að framan, sem eru hannaðir til þess að verða áfestir eða teknir af margsinnis, skulu hafa a.m.k. 25 mm öryggisbil við handföngin. Staðsetja ber þyngdarklossana með þeim hætti að þeir geti ekki losnað fyrir slysni (t.d. ef dráttarvélin veltur).

XXIV. VIÐAUKI

Kröfur um öryggi rafkerfa

1. **Kröfur er varða öll ökutæki í flokkum T, C, R og S sem eru búin rafkerfum**

1.1. Rafbúnaður

1.1.1. Rafmagnskaplar skulu varðir ef þeir eru þannig staðsettir að þeir geta hugsanlega nuddast við hrjúft yfirborð og skulu geta staðist eða vera varðir gegn snertingu við smurefni eða eldsneyti. Rafmagnskaplar skulu vera þannig staðsettir að enginn hluti þeirra sé í snertingu við útblásturskerfi, hreyfanlega hluta eða skarpar brúnir.

1.1.2. Bræðivör eða annar yfirálagsvarbúnaður skulu ísett í allar rafrásir aðrar en þær sem hafa háa ampertölu, s.s. straumrásir í ræsihreyflum og háspennukveikjukerfi. Dreifing rafmagns á milli rása í þessum búnaði skal vera þannig að komið sé í veg fyrir að það sé slökkt samtímis á öllum viðvörunarkerfum fyrir notendur.

2. **Öryggiskröfur vegna stöðurafmagns**

Öryggiskröfur vegna stöðurafmagns eru þær sem mælt er fyrir um í 3. lið XXV. viðauka.

3. Ökutæki í flokkum T2, T3, C2 eða C3 sem eru eingöngu knúin rafmagni skulu uppfylla, að því leyti sem unnt er, kröfur IV. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 3/2014 [9].

_____

([9]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 3/2014 frá 24. október 2013 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2013 að því er varðar kröfur um notkunaröryggi fyrir ökutæki vegna viðurkenningar á ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjólum (Stjtíð. ESB L 7, 10.1.2014, bls. 1).

XXV. VIÐAUKI

Kröfur um eldsneytisgeyma

1. Þessi viðauki gildir um geyma sem eru hannaðir til að innihalda fljótandi eldsneyti sem einkum er notað til að knýja ökutækið áfram.

   Eldsneytisgeymar skulu þannig gerðir að þeir séu tæringarþolnir. Þeir skulu standast lekaprófanir sem framkvæmdar eru af framleiðanda við þrýsting sem jafngildir tvöföldum vinnuþrýstingi, þó aldrei við minni þrýsting en 0,3 bör. Allan umframþrýsting eða þrýsting sem fer yfir vinnuþrýsting skal jafna sjálfvirkt með hentugum búnaði (ventlum, öryggislokum, o.s.frv.) Ventlana skal hanna þannig að komið sé í veg fyrir alla eldhættu. Eldsneytið skal ekki komast út um lok eldsneytisgeymisins eða í gegnum þann búnað sem á að jafna umframþrýsting jafnvel þótt geymirinn snúist á hvolf, en þó er leyfilegt að dropi úr geyminum.

2. Eldsneytisgeymum ber að koma þannig fyrir að þeir séu varðir fyrir afleiðingum af höggum á fram- eða afturhluta dráttarvélarinnar og engir útstæðir hlutar, skarpar brúnir o.s.frv. skulu vera nálægt geymunum.

   Koma skal eldsneytisskömmtunarleiðslum og áfyllingaropi fyrir utan við stýrishúsið.

3. **Körfur sem varða öryggi eldsneytisgeymisins gagnvart stöðurafmagni**

   Eldsneytisgeymi og fylgihluti hans skal hanna og koma fyrir í ökutækinu með þeim hætti að komið sé í veg fyrir að kviknað geti í út frá stöðurafmagni.

   Ef nauðskyn krefur skal gera ráðstafanir til að eyða hleðslu.

   Framleiðandinn skal sýna tækniþjónustunni fram á þær ráðstafanir sem tryggja að þessar kröfur séu uppfylltar.

XXVI. VIÐAUKI

Kröfur um veltigrindur að aftan

1. **Almenn atriði**

Ökutæki í flokki R sem falla undir þessa reglugerð skulu þannig hönnuð að þau séu búin haldgóðri vörn að aftan gegn undirakstri ökutækja í flokkum M_1 og N_1 ([10]). Hún skal uppfylla kröfurnar í 2. og 3. lið, skal fá gerðarviðurkenningarvottorðið sem sett er fram í 68. gr. (c-lið) reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 og ESB-gerðarviðurkenningarmerkið skal fest við hana eins og mælt er fyrir um í 68. gr. (h-lið) reglugerðar (ESB) nr. 167/2013.

2. **Kröfur**

2.1. Ökutæki í flokkum Ra og Rb skulu vera þannig byggð og/eða búin að það veiti haldgóða vernd gegn undirakstri ökutækja í flokkum M_1 og N_1 meðfram allri breidd þeirra að aftan.

2.1.1. Ökutækið skal prófað við eftirfarandi skilyrði:

– það skal vera kyrrstætt og standa á láréttum, flötum, stífum og sléttum fleti,

– framhjólin skulu vísa beint áfram,

– loftþrýstingur í hjólbörðum skal vera eins og framleiðandi ökutækisins mælir með,

– heimilt er, ef nauðsyn krefur til að ná fram tilskildum prófunarkrafti, að festa ökutækið á hvern þann hátt sem framleiðandi ökutækisins tilgreinir,

ef ökutækið er búið vökvaloftfjöðrun, vökvafjöðrun eða loftknúinni fjöðrun eða sjálfvirkum hlasshallastillingarbúnaði skal það prófað með fjöðrunina eða búnaðinn stilltan á venjulegt akstursástand sem framleiðandi tilgreinir.

2.2. Ökutæki í flokki R1a, R1b, R2a eða R2b skal teljast uppfylla skilyrðið sem sett er fram í lið 2.1:

– ef það uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í lið 2.3 eða

– ef hæð afturhluta ökutækisins yfir jörð án hleðslu er ekki meiri en 55 cm yfir breidd sem er ekki meira en 10 cm styttri en breidd afturássins frá hvorri hlið (að undanskilinni bungu á hjólbörðum nærri jörð).

Þegar fleiri en einn afturás er til staðar skal miða við breidd breiðasta ássins.

Þessi krafa skal uppfyllt a.m.k. meðfram línu í ekki meira en 45 cm fjarlægð frá aftasta enda ökutækisins.

2.3. Ökutæki í flokki R3a, R3b, R4a eða R4b skal teljast uppfylla skilyrðið sem sett er fram í lið 2.1 að því tilskildu að:

– ökutækið sé búið sérstakri veltigrind að aftan í samræmi við kröfurnar í lið 2.4 eða

– ökutækið sé þannig hannað og/eða búið að aftan að líta megi svo á að vegna lögunar og eiginleika samsettra hluta þess komi þeir í staðinn fyrir veltigrind að aftan. Íhlutir sem uppfylla kröfurnar í lið 2.4 þegar þeir eru settir saman teljast mynda veltigrind að aftan.

([10]) Eins og skilgreint er í A-hluta II. viðauka við tilskipun 2007/46/EB.

2.4. Búnaður til varnar gegn undirakstri að aftan, hér á eftir nefndur „búnaður“, samanstendur venjulega af þverbita og tengihlutum sem eru tengdir við langbita undirvagnsins eða þess sem kemur í þeirra stað.

2.4.a. Fyrir ökutæki með vörulyftu má rjúfa festingu veltigrindarinnar að aftan vegna búnaðarins. Í slíkum tilvikum gildir eftirfarandi:

2.4.a.1. hliðarfjarlægð milli festingahluta veltigrindarinnar að aftan og þeirra hluta vörulyftunnar sem valda því að nauðsynlegt er að rjúfa festingarnar, má ekki vera meiri en 2,5 cm,

2.4.a.2. einstakir hlutar veltigrindarinnar að aftan verða í hverju tilviki að hafa virkan yfirborðsflöt sem er minnst 350 cm^2,

2.4.a.3. stærð einstakra hluta veltigrindarinnar að aftan skal vera nægileg til að uppfylla kröfur liðar 2.4.5.1 en þar er innbyrðis afstaða prófunarpunkta ákvörðuð. Ef punktarnir P1 eru staðsettir innan rofsvæðisins sem tilgreint er í 2.4a skulu þeir punktar P1, sem nota skal, vera staðsettir á miðjum hliðarhluta veltigrindarinnar að aftan,

2.4.a.4. liður 2.4.1. þarf ekki að gilda um rofsvæði veltigrindarinnar að aftan eða með tilliti til vörulyftu.

Hann skal hafa eftirfarandi einkenni:

2.4.1. búnaðurinn skal festur eins nálægt afturenda ökutækisins og hægt er. Þegar ökutækið er óhlaðið ([11]) skal neðri brún búnaðarins hvergi vera meira en 55 cm yfir jörðu,

2.4.2. breidd búnaðarins skal hvergi vera meiri en breidd afturássins, mæld við ystu punkta hjólanna að undanskildum bungum á hjólbörðum nærri jörð, og hún skal ekki heldur vera meira en 10 cm styttri frá hvorri hlið. Þegar fleiri en einn afturás er til staðar skal miða við breidd breiðasta ássins,

2.4.3. hæð þversniðs þverbitans skal ekki vera minni en 10 cm. Hliðarendar þverbitans skulu ekki beygjast aftur á við eða hafa skarpa ytri brún og telst þetta skilyrði uppfyllt þegar hliðarendar þverbitans eru rúnnaðir að utan og hafa krappageisla sem er ekki minni en 2,5 mm,

2.4.4. búnaðurinn má vera þannig hannaður að hægt sé að breyta staðsetningu hans aftan á ökutækinu. Ef svo er skal vera til örugg aðferð til að festa hann í notkunarstöðu þannig að komið sé í veg fyrir breytingu á stöðu hans fyrir slysni. Notandi skal geta breytt stöðu búnaðarins með því að beita afli sem skal ekki fara yfir 40 daN,

2.4.5. búnaðurinn skal bjóða upp á nægjanlega mótstöðu gegn afli sem er beitt samhliða lengdarási ökutækisins og vera tengdur, þegar hann er í notkunarstöðu, við langbita undirvagnsins eða það sem kemur í þeirra stað.

Þessi krafa skal teljast uppfyllt ef sýnt er fram á að bæði á meðan á notkun stendur og að henni lokinni fari lárétt fjarlægð milli afturhluta búnaðarins og aftasta hluta ökutækisins ekki yfir 40 cm á neinum af punktunum P1, P2 og P3. Þegar þessi fjarlægð er mæld skal undanskilja alla hluta ökutækisins sem eru meira en 3 m fyrir ofan jörð þegar ökutækið er án hleðslu,

([11]) Eins og skilgreint er í lið 2.6 í 1. viðbæti.

2.4.5.1. P1 punktarnir eru staðsettir 30 cm frá lengdarmiðjuplönunum í snertilínu við ytri búnir hjólanna á afturásnum; P2 punktarnir, sem eru staðsettir á línunni sem tengir P1 punktana, eru samhverfir við lengdarmiðjuplan ökutækisins og fjarlægðin á milli þeirra er 70 til 100 cm og er nákvæm fjarlægð gefin upp af framleiðandanum. Hæð punktanna P1 og P2 yfir jörð skal skilgreind af framleiðanda ökutækisins innan línanna sem afmarka búnaðinn lárétt. Hæðin skal hins vegar ekki vera meiri en 60 cm þegar ökutækið er án hleðslu. P3 er miðpunktur beinu línunnar sem tengir P2 punktana,

2.4.5.2. beita skal láréttum krafti sem samsvarar 25% af tæknilega leyfilegum hámarksmassa ökutækisins en er þó ekki meiri en 5×10^4 N, á báða P1 punktana og P3 punktinn, hvern á fætur öðrum,

2.4.5.3. beita skal láréttum krafti sem samsvarar 50% af tæknilega leyfilegum hámarksmassa ökutækisins en er þó ekki meiri en $10 \times 10_4$ N, á báða P2 punktana, hvern á fætur öðrum,

2.4.5.4. beita skal aflinu, sem tilgreint er í liðum 2.4.5.2 og 2.4.5.3 hér að ofan, sitt í hvoru lagi. Framleiðandinn getur tilgreint í hvaða röð skuli beita aflinu,

2.4.5.5. alltaf þegar verkleg prófun er framkvæmd til að sannprófa að farið sé að ofangreindum kröfum skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

2.4.5.5.1. búnaðurinn skal tengdur við langbita undirvagns ökutækisins eða það sem kemur í þeirra stað,

2.4.5.5.2. tilgreindu afli skal beitt með bullum sem eru nægjanlega liðskiptar (t.d. með hjöruliðum) og skulu liggja samhliða lengdarmiðjuplani ökutækisins gegnum flöt sem er ekki hærri en 25 cm (framleiðandinn skal tilgreina nákvæma hæð) og 20 cm breiður, með 5 ± 1 mm krappageisla við lóðréttu brúnirnar og er miðja flatarins sett á punkta P1, P2 og P3, hvern á fætur öðrum.

2.5. Þrátt fyrir ofangreindar kröfur þurfa ökutæki í eftirfarandi flokkum ekki að uppfylla kröfurnar um undirakstursvörn að aftan í þessum viðauka :

– lágir eftirvagnar og aðrir svipaðir eftirvagnar til að flytja trjáboli eða aðra mjög langa hluti,

– ökutæki sem eru notuð þannig að undirakstursvörn að aftan hentar þeim ekki.

3. **Undanþágur**

Ökutæki sem eru með uppsettan rekstrarbúnað að aftan sem fellur ekki að veltigrind að aftan skulu undanþegin frá kröfunni. Annars skal afturendi ökutækisins búinn hlífðarvirki sem hindrar ekki notkun umrædds rekstrarbúnaðar.

XXVII. VIÐAUKI

Kröfur um hliðarvörn

1. **Almenn lýsing**

1.1. Öll ökutæki í flokkum R3b og R4b skulu þannig smíðuð og/eða búin að þau bjóði upp á, þegar þau eru ein heild, haldgóða vernd fyrir óvarða vegfarendur (gangandi vegfarendur, hjólreiðamenn, ökumenn bifhjóla) gegn þeirri hættu að detta undir hliðar ökutækisins og lenda undir hjólunum.

Þessi viðauki gildir ekki um:

– eftirvagna sem eru sérhannaðir og byggðir til að bera mjög langan farm sem ekki er hægt að skipta niður í hluta, s.s. timbur,

– ökutæki hönnuð og byggð í sérstökum tilgangi þegar af hagkvæmnisástæðum er ekki mögulegt að koma fyrir slíkri hliðarvörn.

1.2. Ökutæki uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í lið 1.1 ef hliðlægir hlutar þess veita vernd sem samræmist ákvæðin í liðum 1.3–5 og í 1. viðbæti.

1.3. Uppstilling ökutækisins við prófun á því hvort það uppfyllir kröfur um hliðarvörn

Þegar það er prófað til að athuga hvort það uppfyllir tækniforskriftirnar sem settar eru fram í 2. lið skal ökutækinu stillt upp á eftirfarandi hátt:

– á láréttu og flötu yfirborði,

– stýrðu hjólin skulu vísa beint áfram,

– ökutækið skal vera óhlaðið,

– festivögnum skal stillt upp á burðarfótum sínum með hleðsluflötinn láréttan.

2. **Hliðarvörn veitt með sérstökum búnaði (hliðarhlíf)**

2.1. Búnaðurinn skal ekki auka heildarbreidd ökutækisins og meginhluti ytra byrðis þess skal ekki vera meira en 120 mm inn af ysta hluta (hámarksbreidd) ökutækisins. Framendi hans má sveigjast inn á við á sumum ökutækjum í samræmi við liði 2.4.2 og 2.4.3. Afturendi hans má ekki vera meira en 30 mm inn af ystu brún afturhjólbarðanna (að undanskildum bungum á hjólbörðunum nærri jörð) a.m.k. á öftustu 250 mm.

2.2. Ytra byrði búnaðarins skal vera slétt, svo til flatt eða rifflað á þverveginn og samfellt alla leið að því leyti sem mögulegt er; aðliggjandi hlutar mega hins vegar skarast að því tilskildu að sú brúnin sem skagar yfir hina vísi aftur á bak eða niður, eða þá að skilja má eftir bil, ekki stærra en 25 mm ef mælt er langsum, að því tilskildu að afturvísandi hlutinn skagi ekki út fyrir framvísandi hlutann; hvelfdir hausar á skrúfboltum eða hnoðneglum mega skaga allt að 10 mm út frá yfirborðinu og aðrir hlutar mega skaga jafn langt út að því tilskildu að þeir séu sléttir og hvelfdir á sama hátt; rúnna skal allar ytri brúnir og horn með ekki minni radíus en 2,5 mm (prófað eins og mælt er fyrir um í 1. viðbæti).

2.3. Búnaðurinn má samanstanda af samfelldu flötu yfirborði eða einum eða fleiri láréttum teinum eða samblandi af yfirborði og teinum og þegar teinar eru notaðir skal bilið á milli þeirra ekki vera meira en 300 mm og þeir ekki minni en:

– 50 mm á hæð ef um er að ræða ökutæki í flokki R3b,

– 100 mm á hæð og svo til flatir ef um er að ræða ökutæki í flokki R4b. Samsett yfirborð og teinar skulu mynda samfellda hliðarhlíf, þó með fyrirvara um ákvæði liðar 2.2.

2.4. Framvísandi brúnin á hliðarhlífinni skal smíðuð eins og hér segir:

2.4.1. Hún skal staðsett:

2.4.1.1. á jafnvægisstilltum eftirvagni þar sem fjarlægð milli ása er 3 m eða meira: ekki meira en 500 mm aftan við lóðrétt þverplan sem er í snertilínu við aftasta hluta hjólbarðans á því hjóli sem er næst framan við hlífina,

2.4.1.2. á jafnvægisstilltum eftirvagni þar sem fjarlægð milli ása er minni en 3 m, og á öllum öðrum eftirvögnum: ekki meira en 250 mm aftan við þvermiðjuplan burðarfótanna, ef þeir eru til staðar, en bilið milli frambrúnarinnar og þverplansins sem gengur í gegnum miðju tengipinnans í öftustu stillingu hans skal aldrei vera meira en 2,7 m.

2.4.2. Þegar frambrúnin er á annars auðu svæði skal hún mynduð af lóðréttum hluta sem liggur meðfram allri hæð hlífarinnar; ytra byrðið og framhlutinn á þessum hluta skulu ná minnst 50 mm aftur á við og sveigjast 100 mm inn á við á ökutækjum í flokki R3b og minnst 100 mm aftur á við og 100 mm inn á við á ökutækjum í flokki R4b.

2.5. Afturbrúnin á hliðarhlífinni skal ekki vera meira en 300 mm framan við lóðrétt þverplan sem er í snertilínu við fremsta hluta hjólbarðans á því hjóli sem er næst aftan við hana; ekki er þörf fyrir samfelldan lóðréttan hluta á afturbrúninni.

2.6. Neðri brún hliðarhlífarinnar skal hvergi vera meira en sem nemur 550 mm frá jörð.

2.7. Efri brún hlífarinnar skal ekki vera meira en 350 mm neðan við þann hluta burðarvirkis ökutækisins sem skerst af eða snertir lóðrétt plan sem liggur í snertilínu við ytra yfirborð hjólbarðanna að undanskildum bungum nærri jörð, nema í eftirfarandi tilvikum:

2.7.1. þegar planið í lið 2.7 sker ekki yfirbyggingu ökutækisins skal efri brúnin nema við yfirborð hleðslupallsins eða vera 950 mm frá jörðu, hvor hæðin sem er minni,

2.7.2. þegar planið í lið 2.7 sker yfirbyggingu ökutækisins í meira en 1,3 m hæð fyrir ofan jörð skal efri brún hliðarhlífarinnar ekki vera nær jörð en 950 mm.

2.8. Hliðarhlífar skulu í meginatriðum vera stífar, tryggilega festar (ekki skal vera hætta á að þær losni vegna titrings frá eðlilegri notkun ökutækisins) og gerðar úr málmi eða öðru hentugu efni.

Hliðarhlíf skal teljast hentug ef hún getur staðist 1 kN láréttan kyrrstöðukraft sem er beint í lóðlínu á hvaða hluta ytra yfirborð hennar sem er með miðjunni á bullu með hringlaga, flatan haus sem er 220 mm ± 10 mm í þvermál og ef aflögun hlífarinnar þegar ökutækið er með hleðslu er þá ekki meiri en:

– 30 mm á öftustu 250 mm hlífarinnar og

– 150 mm á öðrum hlutum hlífarinnar.

2.8.1. Sannprófa má ofangreinda kröfu með útreikningi.

2.9. Ekki má festa leiðslur fyrir bremsur, loft eða vökva við hliðarhlífina.

3. Þrátt fyrir ofangreind ákvæði þurfa ökutæki af eftirfarandi gerðum einungis að uppfylla þau eins og tilgreint er í hverju tilviki fyrir sig:

3.1. Stækkanlegur eftirvagn skal uppfylla allar kröfurnar í 2. lið þegar hann er í stystu stillingu og þegar hann er stækkaður skulu hliðarhlífarnar uppfylla ákvæði liða 2.6, 2.7 og 2.8 og annað hvort liðar 2.4 eða 2.5 en ekki endilega beggja; framlenging á eftirvagninum skal ekki mynda op neins staðar meðfram lengd hliðarhlífanna.

3.2. tankbifreið sem er ökutæki sem er hannað eingöngu til flutnings á fljótandi efni í lokuðum tanki sem er varanlega festur við ökutækið og búinn tengingum fyrir slöngur eða leiðslur til áfyllingar eða tæmingar skal búin hliðarhlífum sem uppfylla, að því leiti sem mögulegt er, allar kröfurnar í 2. lið; undanþágu má einungis veita frá strangri fylgni við kröfurnar þegar kröfur um notkun gera það nauðsynlegt,

3.3. Á ökutæki sem er búið stillanlegum burðarfótum til að auka stöðugleika við fermingu, affermingu eða aðra vinnu sem ökutækið er hannað fyrir má hliðarhlífin vera með viðbótaropum þar sem þau eru nauðsynleg til að hægt sé að stilla lengd fótanna.

4. Ef hliðar ökutækisins eru þannig hannaðar og/eða útbúnar að vegna lögunar þeirra og einkenna uppfylla samsettir hlutar þeirra kröfurnar í 2. lið, má líta svo á að þær komi í staðinn fyrir hliðarhlífar.

5. **Aðrar kröfur**

Í stað þess að uppfylla ákvæði liða 1.3 til 2.9 og 4. liðar geta framleiðendur valið á milli þess að uppfylla ákvæði 2. og 3. liðar og I., II. og III. hluta, sem og 3. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 73, eins og um getur í I. viðauka.

_____

1. viðbætir

Aðferð til að ákvarða hæð útstæðra hluta á yfirborði


1. Hæð útstæðs hluta, H, er ákvörðuð myndrænt með vísun í ummál 165 mm hrings sem er í innri snertilínu við ytri útlínu ytra yfirborðsins á þeim reit sem á að skoða.

2. H er hámarksgildi fjarlægðar, mælt meðfram beinni línu sem sker miðju hringsins sem er 165 mm í þvermál, á milli ummáls hringsins og ytri útlína útstæða hlutans (sjá mynd 1).


3. Í tilvikum þegar hringur með 100 mm þvermál getur ekki snert, utan frá, hluta ytri útlínu ytra yfirborðsins á reitnum sem verið er að skoða skal gera ráð fyrir að yfirborðsútlínur þess svæðis séu myndaðar af ummáli hringsins sem er 100 mm í þvermál, á milli snertipunkta hans við ytri útlínuna (sjá mynd 2).

4. Framleiðandinn skal leggja fram teikningar af nauðsynlegu reitunum gegnum ytra yfirborðið, til að hægt sé að mæla hæð útstæðu hlutanna sem um getur hér á undan.

Mynd 1



Mynd 2



XXVIII. VIÐAUKI

Kröfur um hleðslupalla

1. Þyngdarmiðja pallsins skal vera staðsett milli ásanna.

2. Mál pallsins skulu vera þannig að:

   – lengdin er ekki meiri en 1,4 sinnum fremri eða aftari sporvídd dráttarvélarinnar, hvor sem er stærri,

   – breiddin er ekki meiri en hámarksheildarbreidd dráttarvélarinnar án búnaðar.

3. Pallur skal vera samhverfur miðað við lengdarmiðjuplan dráttarvélarinnar.

4. Hæð hleðslupalls yfir jörð skal ekki vera meiri en 150 cm.

5. Gerð palls og festing hans skulu vera þannig að við eðlilega hleðslu haldist sjónsvið ökumanns fullnægjandi og ýmiss konar skyldubundinn ljósa- og ljósmerkjabúnaður virki ennþá eðlilega.

6. Hleðslupallurinn skal vera losanlegur og skal festur við dráttarvélina þannig að komið sé í veg fyrir alla hættu á að hann losni óvart frá.

7. Á dráttarvélum í flokki T4.3 skal lengd pallsins ekki vera meiri en 2,5 sinnum fremri eða aftari sporvídd dráttarvélarinnar, hvor sem er stærri.

8. Á ökutækjum með fleiri hleðslupalla skal þyngdarmiðja ökutækisins með hleðslu á palli eða pöllum og án ökumanns vera á milli fremsta og aftasta ássins við öll hleðsluskilyrði. Öllum farmi skal dreift jafnt yfir hleðslupallinn eða -pallana.

_____

XXIX. VIÐAUKI

Kröfur um dráttarbúnað

1. **Fjöldi**

Allar dráttarvélar skulu hafa sérstakan búnað sem hægt skal vera að festa tengingu við, svo sem dráttarstöng eða dráttartóg til dráttar.

2. **Staðsetning**

Búnaðinum skal komið fyrir framan á dráttarvélinni, þar sem skal vera tengipinni eða krókur.

3. **Hönnun**

Dráttarbúnaðurinn skal vera af tengigaffalgerð eða vinda sem hentar til þeirrar notkunar. Opið í miðju láspinnans skal vera 60 mm + 0,5/ –1,5 mm og dýpt gaffalsins, mæld frá miðju pinnans, skal vera 62 mm ± 0,5 mm.

Þvermál tengipinnans skal vera 30 + 1,5 mm og hann skal vera með búnaði sem kemur í veg fyrir að hann losni meðan á notkun stendur. Ekki skal vera hægt að taka öryggisbúnaðinn af.

Frávikið + 1,5 mm sem vísað er til hér á undan telst ekki vera framleiðslufrávik heldur leyfilegur munur á nafnmálum tengipinna af ólíkri gerð.

4. **Aðrar kröfur**

4.1. Fara má yfir málin í 3. lið ef framleiðandinn telur þau ekki nægjanleg vegna stærðar eða massa ökutækisins.

4.2. Framleiðendum er heimilt að velja að beita, að því er varðar ökutæki með tæknilega leyfilegan hámarksmassa undir 2000 kg, annað hvort kröfunum í 1. 2. og 3. lið eða kröfunum í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1005/2010 ([12]).

5. **Fyrirmæli**

Útskýra skal rétta notkun á dráttarbúnaðinum í notendahandbókinni, í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um á grunni l-, n- og q-liðar 2. mgr. og 4. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013.

———

([12]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1005/2010 frá 8. nóvember 2010 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar dráttarbúnað vélknúinna ökutækja og um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis (Stjtíð. ESB L 291, 9.11.2010, bls. 36).

XXX. VIÐAUKI

Kröfur um hjólbarða

1. **Skilgreiningar**

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1.1. „hringrásarnotkun“: það ástand þegar álagið á hjólbarðann er í hringrás á milli fullrar hleðslu og engrar hleðslu,

1.2. „langvarandi, hátt snúningsvægi“: það ástand sem skapast þegar álag kemur á dráttarbeislið eða dráttartengið,

1.3. „viðeigandi loftþrýstingur í hjólbarða“: innri þrýstingur í hjólbarðanum þegar hann er við stofuhita (þ.e. kaldþrýstingur hjólbarðans), sem mælt er með í samræmi við hleðslu, hraða og notkunaraðstæður ökutækisins. Hann felur ekki í sér neinn þrýsting sem safnast upp vegna notkunar á hjólbarðanum og er settur fram í kPa,

1.4. „hámarkshleðsla“: massi sem hjólbarðinn getur borið þegar hann er notaður í samræmi við kröfur um notkun sem framleiðandi hjólbarðans tilgreinir,

1.5. „leyfilegur hámarksmassi á ás samkvæmt forskrift fyrir hjólbarða“: sá massi sem samsvarar leyfilegu hámarki lóðrétts stöðuálags sem hjólin á ásnum geta skilað niður á jörðina eins og það takmarkast af hámarkshleðslu hjólbarðagerðanna sem má setja undir ökutækið og eru taldar upp í upplýsingaskjalinu.

2. **Kröfur**

2.1. Kröfur er varða gerðarviðurkenningu hjólbarða sem íhluta

2.1.1. Ákvæði sem varða loftfyllta hjólbarða sem einkum eru hannaðir fyrir landbúnaðarökutæki og eru með skáböndum og skáböndum með beltum og viðmiðunarhraða undir 40 km/klst. (þ.e. hraðatákn A8), sem og þverbanda hjólbarða sem eru einkum hannaðir fyrir notkun í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (þ.e. hjólbarðar merktir „Industrial“, „IND“, „R-4“ eða „F-3“).

2.1.1.1. Allir hjólbarðar sem samræmast viðkomandi gerð skulu merktir í samræmi við lið 2.1.1.2 til 2.1.1.2.4.

2.1.1.2. Sértækar kröfur sem varða merkingar.

2.1.1.2.1. Hjólbarðar skulu bera eftirfarandi merkingar í samræmi við ISO-staðal 4223-1:2002/breytingu 1:2011, þ.m.t.:

– stærðarmerkingu hjólbarða

– burðarstuðul (þ.e. talnakóða sem gefur til kynna burðargetu hjólbarðans við hraða sem samsvarar tengdum hraðaflokki),

– tákn fyrir hraðaflokk (þ.e. tákn sem gefur til kynna þann hraða þar sem hjólbarðinn getur borið þann þunga sem samsvarar hleðslutölu hans) og

– orðið „TUBELESS“ (slöngulaus) ef hjólbarðinn er hannaður til notkunar án slöngu.

2.1.1.2.2. Hjólbarðar skulu bera eftirfarandi viðbótarmerkingar:

– viðskiptaheiti eða vörumerki framleiðandans,

– þann loftþrýsting á kant hjólbarða sem ekki skal fara yfir við ásetningu hjólbarðans,

– ef um er að ræða hjólbarða á verkfærum skal bæta við notkunarlýsinguna (þ.e. hleðslutöluna og táknið fyrir hraðaflokkinn) tilgreiningu á því hvort hún nær til drifhjóls eða frítengds hjóls eða beggja og

– framleiðsludagsetningu í formi runu af fjórum tölustöfum þar sem þeir tveir fyrstu sýna framleiðsluvikuna og þeir síðari tveir framleiðsluárið.

2.1.1.2.3. Allar merkingar sem getið er í liðum 2.1.1.2.1 og 2.1.1.2.2 skulu mótaðar á læsilegan og varanlegan hátt á hlið hjólbarðans sem þáttur í framleiðsluferlinu. Notkun á brennimerkingum eða öðrum aðferðum eftir að upprunalegri framleiðslu lýkur er bönnuð.

2.1.1.2.4. Í samræmi við 2. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 er ekki krafist gerðarviðurkenningarmerkis fyrir loftfyllta hjólbarða með skáböndum og skáböndum með beltum sem eru einkum hannaðir fyrir landbúnaðarökutæki með viðmiðunarhraða undir 40 km/klst. (þ.e. hraðatákn A8), sem og fyrir þverbanda hjólbarða sem eru einkum hannaðir fyrir notkun í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (þ.e. hjólbarðar merktir „Industrial“, „IND“, „R-4“ eða „F-3“) sem hafa hlotið gerðarviðurkenningu í samræmi við þessa reglugerð.

Upplýsingaskjalið og upplýsingamappan sem leggja skal fram með umsókn um gerðarviðurkenningu fyrir þessa hjólbarða eru tilgreind í fyrirmyndunum sem settar eru fram í a-lið 68. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013.

Úthluta skal hverjum hjólbarða sem hlýtur gerðarviðurkenningu einkvæmu gerðarviðurkenningarnúmeri, en fyrirmynd að því er að finna í h-lið 68. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013, og gefa út gerðarviðurkenningarvottorð fyrir hann, en fyrirmynd að því er sett fram í c-lið 68. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013.

2.1.2. Áfram má setja á markað nýja loftfyllta hjólbarða af gerð sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í lið 2.1.1 til 2.1.1.2.4, til 31. desember 2018.

2.1.2.1. Hjólbarða sem voru framleiddir fyrir þann dag sem nefndur er í lið 2.1.2 sem uppfylla ekki kröfurnar í lið 2.1.3 til 2.1.3.1 og sem uppfylla kröfurnar í lið 2.1.1 til 2.1.1.2.4 má selja áfram í allt að 30 mánuði frá þeim degi.

2.1.3. Kröfur vegna loftfylltra hjólbarða sem eru einkum hannaðir fyrir landbúnaðarökutæki önnur en þau sem nefnd eru í lið 2.1.1 til 2.1.1.2.4.

2.1.3.1. Hjólbarðar sem ekki falla undir ákvæðin í lið 2.1.1 til 2.1.1.2.4 skulu samræmast þeim gerðum sem eru samþykktar í viðeigandi reglugerðum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu.

2.2. Kröfur vegna viðurkenningar á gerð ökutækis að því er varðar áfestingu hjólbarða

2.2.1. Sértækar kröfur vegna áfestingar hjólbarða á ökutækjum með hámarkshönnunarhraða sem er ekki meiri en 65 km/klst.

2.2.1.1. Með fyrirvara um ákvæði í lið 2.2.1.2 skulu allir hjólbarðar sem settir eru á ökutæki, þ.m.t. allir varahjólbarðar, vera gerðarviðurkenndir samkvæmt reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 106, eins og um getur í I. viðauka.

2.2.1.1.1. Að því er varðar gerðarviðurkenningu ökutækis í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 167/2013 er leyfilegt í staðinn að gerðarviðurkenna loftfyllta hjólbarða með skáböndum og skáböndum með beltum sem eru einkum hannaðir fyrir landbúnaðarökutæki með viðmiðunarhraða undir 40 km/klst. (þ.e. hraðatákn A8), sem og fyrir þverbanda hjólbarða sem eru einkum hannaðir fyrir notkun í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (þ.e. hjólbarðar merktir „Industrial“, „IND“, „R-4“ eða „F-3“) í samræmi við þessa reglugerð.

2.2.1.2. Þegar ökutæki er hannað fyrir notkunarskilyrði sem samrýmast ekki eiginleikum hjólbarða sem hafa gerðarviðurkenningu samkvæmt reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 106, eins og um getur í I. viðauka, eða þessa reglugerð og það er því nauðsynlegt að nota hjólbarða með aðra eiginleika, gilda kröfurnar í lið 2.2.1.1 ekki, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

– hjólbarðarnir samræmast reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 ([13]) (þ.e. eru gerðarviðurkenndir samkvæmt reglugerðum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 30, 54 og 117 eins og um getur í I. viðauka við þessa reglugerð) eða gerðarviðurkenndir samkvæmt reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 75, eins og um getur í I. viðauka og

– viðurkenningaryfirvaldið og tækniþjónustan eru þess fullviss að hjólbarðarnir á ökutækinu henti fyrir notkunaraðstæður þess. Eðli og undanþágur ástæðna fyrir samþykki skulu skýrt teknar fram í prófunarskýrslu.

2.2.2. Sértækar kröfur vegna áfestingar hjólbarða á ökutækjum með hámarkshönnunarhraða yfir 65 km/klst.

2.2.2.1. Með fyrirvara um ákvæði í lið 2.2.2.2 skulu allir hjólbarðar sem eru settir á ökutæki, þ.m.t. allir varahjólbarðar, vera gerðarviðurkenndir samkvæmt reglugerð (EB) nr. 661/2009 (þ.e. gerðarviðurkenndir samkvæmt reglugerðum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 30, 54 og 117, eins og um getur í I. viðauka).

2.2.2.2. Þegar ökutæki er hannað fyrir notkunarskilyrði sem samrýmast ekki eiginleikum hjólbarða sem hafa hlotið gerðarviðurkenningu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 661/2009 og það er því nauðsynlegt að nota hjólbarða með aðra eiginleika, gilda kröfurnar í lið 2.2.2.1 ekki, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

– hjólbarðarnir eru gerðarviðurkenndir samkvæmt reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 75, eins og um getur í I. viðauka og

– viðurkenningaryfirvaldið og tækniþjónustan eru þess fullviss að hjólbarðarnir á ökutækinu henti fyrir notkunaraðstæður þess. Eðli og undanþágur ástæðna fyrir samþykki skulu skýrt teknar fram í prófunarskýrslu.

2.2.3. Almennar kröfur varðandi ásetningu hjólbarða

2.2.3.1. Allir hjólbarðar til almennrar notkunar sem eru settir á sama ás skulu vera af sömu gerð, en þó má gera undantekningar í þeim tilvikum sem um getur í liðum 2.2.4.1.1 og 2.2.4.1.2.

2.2.3.2. Rýmið sem hjól snýst í skal vera nægilegt til að hjólið geti hreyfst óhindrað þegar notaðir eru hjólbarðar af leyfilegri hámarksstærð og felgur af leyfilegri hámarksbreidd, með tilliti til lágmarks- og hámarksafstæði felgu, ef við á, innan þeirra hámarks- og lágmarksmarka um fjöðrun og stýrisbúnað sem framleiðandi hefur sett. Þetta skal sannreynt með því að framkvæma athuganir á stærsta og breiðasta hjólbarða í hverju rými, með tilliti til viðeigandi stærðar felgu og hámarks leyfilegrar nafnbreiddar og ytra þvermáls hjólbarðans, í tengslum við stærð hjólbarða sem er tilgreind í viðeigandi reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu. Athuganirnar skulu framkvæmdar með því að snúa fyrirmynd af hámarkshjúpferli hjólbarða en ekki bara hjólbarðanum sjálfum, í rýminu fyrir hjólið sem um er að ræða.

2.2.3.3. Tækniþjónustan getur heimilað aðra prófunaraðferð (t.d. sýndarprófun) til að sannreyna að kröfurnar í lið 2.2.3.2 séu uppfylltar, að því tilskildu að bilið á milli hámarkshjúpferils hjólbarða og burðarvirkis ökutækis haldist.

([13]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 frá 13. júlí 2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis (Stjtíð ESB L 200, 31.7.2009, bls. 1).

2.2.4. Burðargeta

2.2.4.1. Hámarkshleðsla hvers hjólbarða sem er settur á ökutækið, með tilhlýðilegu tilliti til hámarkshönnunarhraða ökutækisins og mest krefjandi notkunaraðstæðna, ásamt þeim sérstöku tilvikum sem um getur í lið 2.2.6 til 2.2.6.5, ef við á, skal a.m.k. samsvara eftirfarandi:

– leyfilegum hámarksmassa á ás þegar einungis er einn hjólbarði á ásnum,

– helmingi leyfilegs hámarksmassa á ás þegar ásinn er búinn tveimur einföldum hjólbörðum,

– leyfilegum hámarksmassa á ás margfölduðum með 0,285 þegar ásinn er búinn tveimur settum af tvöföldum hjólbörðum,

– leyfilegum hámarksmassa á ás margfölduðum með 0,20 þegar ásinn er búinn tveimur settum af þreföldum hjólbörðum.

2.2.4.1.1. Í tilvikum þar sem tvöföld eða þreföld sett hjólbarða eru samsett úr mismunandi gerðum hjólbarða (þ.e. út frá stærðarmerkingum og notkunarlýsingum) gildir eftirfarandi:

– hjólbarðarnir skulu hafa sama heildarþvermál,

– hjólbarðarnir skulu tilheyra þeim notkunarflokki, hafa þá uppbyggingu og bera það tákn fyrir hraðaflokk sem eru skilgreind í málsgreinum 2.1.3, 2.1.4 og 2.1.5 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 106, eins og um getur í I. viðauka,

– búnaðurinn á ökutækinu skal vera samhverfur,

– summa hámarkshleðslna allra hjólbarða sem eru festir á ásinn skal vera minnst 1,14 sinnum leyfilegur hámarksmassi á ásinn ef um er að ræða tvöfalda uppröðun og 1,2 sinnum leyfilegur hámarksmassi á ásinn ef um er að ræða þrefalda uppröðun,

– sá hluti leyfilegs hámarksmassa á ásinn sem dreifist á hvern hjólbarða í uppröðuninni skal ekki vera meiri en hámarkshleðsla hvers hjólbarða,

– loftþrýstingur í hverjum hjólbarða í uppröðuninni skal samræmast ráðleggingum framleiðanda hjólbarðanna, með tilliti til raunverulegs álags á hvern hjólbarða og til notkunaraðstæðna.

2.2.4.1.2. Þegar heimilt er að setja, á hvern ás ökutækis, hjólbarða þar sem summa hámarkshleðslu þeirra er minni en leyfilegur hámarksmassi á ás gilda kröfurnar í liðum 2.2.4.1 og 2.2.4.1.1 með leyfilegum hámarksmassa á ás samkvæmt forskriftinni fyrir hjólbarðana í staðinn fyrir leyfilegan hámarksmassa á ás.

Leyfilegur hámarksmassi á ás samkvæmt forskrift fyrir hjólbarða og leyfilegur hámarksmassi á ás eru þeir sem framleiðandi ökutækisins tilgreinir.

Í eigendahandbókinni, upplýsingaskjalinu og samræmisvottorðinu skulu koma fram gildi massa á ás fyrir hvern og einn þeirra, allt eftir því hver leyfilegur hámarksmassi á ás er samkvæmt forskriftinni fyrir hjólbarðana.

2.2.4.2. Hámarkshleðsla hjólbarða er ákvörðuð á eftirfarandi hátt:

2.2.4.2.1. Ef um er að ræða hjólbarða auðkennda með hraðatákninu D (þ.e. 65 km/klst.) eða minna skal taka mið af töflunni „breytingar á burðargetu eftir hraða“, eins og um getur í málsgrein 2.30 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 106, eins og um getur í I. viðauka. Taflan sýnir, sem fall af tölu fyrir burðargetu og tákni fyrir hraðaflokk, þær breytingar á hleðslu sem loftfylltur hjólbarði þolir með tilliti til hámarkshönnunarhraða ökutækisins.

2.2.4.2.2. Ef um er að ræða hjólbarða auðkennda með hraðatákninu F (80 km/klst.) eða hærra, sem eru gerðarviðurkenndir samkvæmt reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 54, skal taka mið af töflunni „breytingar á burðargetu eftir hraða“ eins um getur í lið 2.29 í þeirri reglugerð. Taflan sýnir, sem fall af tölu fyrir burðargetu og tákni fyrir hraðaflokk, þær breytingar á hleðslu sem loftfylltur hjólbarði þolir með tilliti til hámarkshönnunarhraða ökutækisins.

2.2.4.2.3. Ef um er að ræða hjólbarða sem eru gerðarviðurkenndir samkvæmt reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 75, skal taka mið af töflunni „breytingar á burðargetu eftir hraða“ eins um getur í lið 2.27 í þeirri reglugerð. Taflan sýnir, sem fall af tölu fyrir burðargetu og tákni fyrir hraðaflokk, þær breytingar á hleðslu sem loftfylltur hjólbarði þolir með tilliti til hámarkshönnunarhraða ökutækisins.

2.2.4.3. Viðeigandi loftþrýstingur í hjólbörðum skal gefinn upp á ökutækinu (t.d. á einum eða fleiri merkimiðum). Upplýsingarnar skulu vera auðlæsilegar án þess að nota þurfi verkfæri til að fjarlægja nokkurn hluta og skulu vera festar þannig að ekki sé auðvelt að fjarlægja þær. Veita skal viðeigandi upplýsingar um hleðslugetu og hraðastuðul ásamt réttum loftþrýstingi í hjólbörðum með skýrum hætti í notendahandbók ökutækisins til að tryggja að viðeigandi hjólbarðar til endurnýjunar með viðeigandi burðargetu séu settir á þegar þess gerist þörf eftir að ökutækið hefur verið tekið í notkun.

2.2.4.3.1. Burðarstuðull sem tilgreindur er í upplýsingaskjali skal vera lægsta gildi sem samrýmist leyfilegu hámarksálagi á hjólbarðann sem um er að ræða. Setja má hjólbarða með hærra gildi á ökutækið.

2.2.5. Hraðaþol

2.2.5.1. Allir hjólbarðar sem eru venjulega settir á ökutækið skulu bera tákn fyrir hraðaflokk.

2.2.5.1.1. Tákn fyrir hraðaflokk skal samrýmast hámarkshönnunarhraðanum.

2.2.5.1.2. Taka skal mið af breyttu hleðslugetunni sem um getur í lið 2.2.4.2.1 til 2.2.4.2.3.

2.2.5.2. Viðkomandi upplýsingar og viðeigandi loftþrýstingur í hjólbörðum skal koma fram með skýrum hætti í handbókinni fyrir eiganda ökutækisins til að tryggja að viðeigandi hjólbarðar til endurnýjunar með viðeigandi hraðaþol séu settir á þegar þess gerist þörf eftir að ökutækið hefur verið tekið í notkun.

2.2.5.2.1. Hraðaflokkur sem tilgreindur er í upplýsingaskjali skal vera lægsta gildi sem samrýmist hámarkshönnunarhraða ökutækis. Setja má hjólbarða með hærra gildi á ökutækið.

2.2.6. Sértækar kröfur er varða ökutæki sem eru búin hjólbörðum sem eru auðkenndir með hraðatáknum sem samsvara hámarkshönnunarhraða undir 65 km/klst. (þ.e. upp að tákni D).

2.2.6.1. Hringrásarnotkun

2.2.6.1.1. Í hringrásarnotkun:

2.2.6.1.1.1. skal afferming eiga sér stað á undan flutningi á vegum,

2.2.6.1.1.2. ökutæki búin sprautum eða öðrum tengibúnaði sem kemst í snertingu við jörð (t.d. plógum) eða sem draga hluti teljast vinna við hátt snúningsvægi,

2.2.6.1.1.3. ökutæki sem draga eftirvagna teljast einnig vinna við hátt snúningsvægi þegar þau eru notuð í brekkum með hærri hallatölu en 11° (20%).

2.2.6.1.2. Ef um er að ræða hjólbarða í notkunarflokknum „Dráttarvél – stýrt hjól“ og merkt „FRONT“, „F-1“, „F-2“ eða „F-3“ sem eru notaðir við upp að 10 km/klst. hámarkshraða á dráttarvél sem er búin framhleðslutæki skal hámarkshleðsla á hjólbarða ekki vera meiri en 2,0 sinnum sú hleðsla sem samsvarar hleðslutölunni á hjólbarðanum.

2.2.6.1.3. Ef um er að ræða hjólbarða í notkunarflokknum „Dráttarvél – drifhjól“ sem eru notaðir á opnu ræktunarlandi við langvarandi, hátt snúningsvægi (t.d. plægingu) skal hámarkshleðsla á hjólbarða ekki vera meiri en hleðsla sem samsvarar hleðslutölunni sem er merkt á hjólbarðann, margfölduð með 1,7 fyrir hjólbarða með hraðatáknið A8 eða 1,15 fyrir hjólbarða með hraðatáknið D.

2.2.6.1.4. Ef um er að ræða hjólbarða í notkunarflokknum „Dráttarvél – drifhjól“ sem eru notaðir á opnu ræktunarlandi en ekki við langvarandi, hátt snúningsvægi og upp að 10 km/klst. hámarkshraða (að undanskilinni notkun í brekkum með meira en 20% halla) skal hámarkshleðsla á hjólbarða ekki vera meiri en sem samsvarar hleðslutölunni sem er merkt á hjólbarðann, margfaldaðri með 1,7.

2.2.6.1.5. Ef um er að ræða hjólbarða í notkunarflokknum „Dráttarvél – drifhjól“ sem eru notaðir á opnu ræktunarlandi en ekki við langvarandi, hátt snúningsvægi og upp að 15 km/klst. hámarkshraða (að undanskilinni notkun í brekkum með meira en 20% halla) skal hámarkshleðsla á hjólbarða ekki vera meiri en sem samsvarar hleðslutölunni sem er merkt á hjólbarðann, margfaldaðri með 1,55.

2.2.6.1.6. Ef um er að ræða hjólbarða í notkunarflokknum „Verkfæri, sett á ökutæki í flokkum T, R og S“ sem er auðkennt með hraðatákninu A6 eða A8 og hefur nafnþvermálskóða felgu undir 24 og er notað í hringrás með miklum breytingum á hleðslu (þ.e. þegar aðra leiðina er ökutækið óhlaðið og hina leiðina er tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu þess meiri en tvisvar sinnum massi þess án hleðslu þegar það er tilbúið til aksturs) má auka breytileikann á hleðslugetunni sem er tilgreindur í lið 2.2.4.2.1 um allt að 20% fyrir frítengd hjól eða um allt að 43% ef um drifhjól er að ræða.

2.2.6.1.7. Lágmarksloftþrýstingur í hjólbörðum sem skal nota í tilvikunum sem fjallað er um í liðum 2.2.6.1.2 til 2.2.6.1.6 skal uppgefinn af framleiðanda hjólbarðanna.

2.2.6.2. Ef um er að ræða endurbætta fletjanlega hjólbarða (e. *Improved Flexion Tyre*) eða mikið fletjanlega hjólbarða (e. *Very High Flexion Tyre*) í notkunarflokknum „Dráttarvél – drifhjól“ (merkt með forskeytinu IF eða VF) sem eru notaðir við allt að 10 km/klst. hámarkshraða á dráttarvél sem er búin framhleðslutæki skal hámarkshleðsla á hjólbarða ekki vera meiri en 1,40 sinnum sú hleðsla sem samsvarar hleðslutölunni á hjólbarðanum og viðmiðunarþrýstingur skal aukinn um 40 kPa.

2.2.6.2.1. Ef um er að ræða endurbætta fletjanlega hjólbarða í notkunarflokknum „Dráttarvél, drifhjól“ merkta með forskeytinu IF og viðskeytinu CFO og sett á ökutæki í flokki T sem eru notuð á opnu ræktarlandi en ekki við langvarandi, hátt snúningsvægi (að undanskilinni notkun í brekkum með meira en 20% halla) skal hámarkshleðsla á hjólbarða ekki vera meiri en sem samsvarar hleðslunni sem samsvarar hleðslutökunni sem er merkt á hjólbarðann, margfaldaðri með 1,55 ef um er að ræða notkun með 15 km/klst. hámarkshraða og með 1,30 ef um er að ræða notkun upp að 30 km/klst. hámarkshraða.

2.2.6.3. Ef um er að ræða hjólbarða í notkunarflokknum „Dráttarvél – drifhjól“ merkta með hraðatákninu A6 eða A8 og sett á eftirvagna fyrir landbúnað sem eru notaðir við hraða á bilinu 25 km/klst. og 40 km/klst. skal hámarkshleðsla á hjólbarða ekki vera meiri en 1,20 sinnum hleðslan sem samsvarar hleðslutölunni á hjólbarðanum.

2.2.6.4. Ef um er að ræða hjólbarða í notkunarflokknum „Vélbúnaður til nota í skógrækt“ sem eru festir á griphjól (e. *traction wheel*) ökutækja í flokki T til notkunar í skógrækt, með notkun í skógrækt við langvarandi, hátt snúningsvægi og á hraða upp að 10 km/klst. (þ.m.t. tilvikin í liðum 2.2.6.1.1.2 og 2.2.6.1.1.3) skal hámarkshleðsla á hjólbarða ekki vera meiri en hleðsla sem samsvarar hleðslutölunni á hjólbarðanum.

2.2.6.5. Ef um er að ræða hjólbarða í notkunarflokknum „Verkfæri“, merki með hraðatákninu A6 eða A8 og fest á frítengd stýrð hjól á ökutækjum í flokki T, skal hleðslugetan sem er tilgreind sem, „fríhjól“ margfölduð með allt að 0,80, með tilliti til hámarkshönnunarhraða ökutækisins ásamt breytilegri hleðslugetu eftir hraða samkvæmt skilgreiningu 2.30 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 106.

2.2.6.6. Veita skal viðeigandi upplýsingar og gefa upp réttan þrýsting í hjólbörðum með skýrum hætti í notendahandbók ökutækisins til að tryggja að viðeigandi hjólbarðar til endurnýjunar með viðeigandi burðargetu séu settir á þegar þess gerist þörf eftir að ökutækið hefur verið tekið í notkun.

2.2.6.7. Ef viðeigandi loftþrýstingur í hjólbörðum sem eru festir á ökutæki fyrir landbúnað eða skógrækt er yfir 500 kPa skal þrýstingur hjólbarða á jörð, mældur á sléttu yfirborði, ekki vera meiri en 0,8 MPa.

2.2.6.7.1. Þrýstingur hjólbarða á jörð er meðalhleðslan sem hjólbarði sem er rétt loftfylltur skilar í gegnum snertisvæði sitt við slétt yfirborð. Lóðrétta álagið er mælt í kyrrstöðu, á ás hjólsins og með tilliti til leyfilegs hámarksmassa á ás sem framleiðandi tilgreinir. Snertiflötur hjólbarðans er það slétta yfirborð sem afmarkast af hinum kúpta, marghyrnda boga sem umlykur minnsta svæðið sem inniheldur alla snertipunkta hjólbarðans við jörð.

3. **Faggilt innri tækniþjónusta framleiðanda**

Hjólbarðaframleiðandi getur verið tilnefndur sem faggilt innri tækniþjónusta til að framkvæma sjálfsprófanir í samræmi við 60. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013.

———

XXXI. VIÐAUKI

Kröfur um hjól- og aurhlífabúnað

1. **Kröfur sem varða öll ökutæki í flokkum Tb og Rb**

1.1. Dráttarvélar í flokki Tb skulu búnar hjólhlífum (hlutum af yfirbyggingunni, aurbrettum, o.s.frv.).

1.2. Hjólhlífarnar skulu þannig hannaðar að þær verji aðra vegfarendur eins og unnt er fyrir steinum, óhreinindum, klaka, snjó og vatni sem þyrlast upp.

1.3. Hlíf skal vera ofan við hjólin og skal hún hylja minnst 2/3 af heildarbreidd hjólbarðanna. Fremri og aftari brún hlífarinnar skal ná yfir minnst 90° horn.

1.4. Ökutæki í flokki Rb sem eru búin C3 hjólbörðum eða öðrum hjólbörðum sem eru með hæðarhlutfall sem er leyfilegt fyrir þessi ökutæki skulu búin hjólhlífum sem hylja alla breidd hjólbarðanna; framhluti hjólhlífarinnar skal ná yfir minnst 30° horn að framan og afturhluti þess skal ná minnst 60° aftur fyrir lóðrétta planið sem gengur í gegnum miðju hjólanna. Heimilt er að hlutar yfirbyggingarinnar myndi hluta af hlífunum ef þeir veita sömu vernd gegn steinum, aur, klaka, snjó og vatni sem þyrlast upp.

_____

XXXII. VIÐAUKI

Kröfur um bakkgír

Allar dráttarvélar skulu hafa búnað fyrir akstur afturábak sem hægt er að stjórna úr ökumannssæti.

_____

XXXIII. VIÐAUKI

Kröfur um skriðbelti

1. **Skilgreiningar**

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1.1. „skriðbeltaundirvagn“: kerfi sem samanstendur af minnst tveimur beltakeflum með tilteknu bili á milli þeirra, meðfram sama plani (annar aftan við hinn) og samfellt skriðbelti úr málmi eða gúmmíi sem rennur á þeim.

1.2. „beltakefli“: kerfið sem flytur þyngd ökutækisins og skriðbeltaundirvagnsins niður á jörðina í gegnum skriðbeltið, flytur snúningsátak frá drifkerfi ökutækisins til skriðbeltanna og getur breytt stefnu beltisins þegar það er á hreyfingu.

1.3. „skriðbelti“: samfellt, sveigjanlegt belti sem getur tekið við langsniðsdráttarkrafti.

1.4. „lengd belta“: fjarlægðin milli miðju fremsta beltakeflisins og þess aftasta fyrir ofan staðinn þar sem klossarnir eða skriðbeltið snertir jörðina.

1.5. „sporvídd“: fjarlægðin milli tveggja samsíða plana sem liggja meðfram brúninni fyrir utan upphleypta sólamynstrið (gripin) eða klossana.

2. **Gildissvið**

2.1. Ökutæki í flokki C skulu uppfylla kröfurnar í þessum viðauka.

2.1.1. Ökutæki með hámarkshönnunarhraða undir 15 km/klst. skulu búin annaðhvort málmbeltum með gúmmíklossum á beltaskónum eða með beltum sem eru einungis gerð úr gúmmíi.

2.1.2. Ökutæki með hámarkshönnunarhraða á bilinu 15 km/klst. og 40 km/klst. skulu búin skriðbeltum sem eru eingöngu úr gúmmíi.

2.1.3. Ökutæki með hámarkshönnunarhraða yfir 40 km/klst. skulu búin skriðbeltum sem eru eingöngu úr gúmmíi.

3. **Kröfur**

3.1. Ökutæki með hámarkshönnunarhraða yfir 15 km/klst. skulu búin gúmmíbeltum.

3.2. Skriðbeltaundirvagnar skulu ekki skemma vegi. Ökutæki með skriðbeltaundirvagni skemma ekki vegi ef

3.2.1. ekki er farið yfir mörkin sem sett eru í lið 3.3–3.3 og

3.2.2. snertiflötur skriðbeltaundirvagnsins við vegklæðninguna er úr teygjuefni (s.s. gúmmíi, o.s.frv.).

3.3. Meðalþrýstingur í snertingu við jörð

3.3.1. Málmbelti

3.3.1.1. Ökutæki sem falla undir ákvæði liðar 2.1.1 skulu hafa meðalþrýsting í snertingu við jörð, P, undir 0,65 MPa, reiknað með eftirfarandi formúlu:

$$P(\text{í MPa}) = \frac{\text{leyfilegur hámarksmassi ökutækis (í kg) x 9,81}}{N_R \times A_P}$$

þar sem N_R er heildarfjöldi beltakefla sem færa þunga beint niður á yfirborð vegarins (í gegnum beltin og klossana) og A_P er ytri yfirborðsflötur hvers klossa (þ.e. þeirra sem eru í snertingu við veginn), í mm^2. A_P er skilgreind með því að mæla grunnflöt eins klossa í lóðlínu undir miðju beltakeflis sem er ekki fremst eða aftast, með því að láta hlaðið ökutæki síga niður á hentugt stykki af pappa eða öðru efni sem hægt er að aflaga á varanlegan hátt og mæla stærð dældarinnar sem verður til.

3.3.1.2. Á ökutækjum með samsetningu af ásum með hjólum og skriðbeltum skal mæla álagið sem kemur í gegnum ásana með hjólunum þegar ökutækið er með hleðslu með því að nota hentugan vigtunarflöt og draga það frá leyfilega heildarhámarksmassanum til að finna P. Í staðinn fyrir leyfilegan hámarksmassa ökutækisins má nota þá samsettu hámarkshleðslu fyrir skriðbelti sem framleiðandinn gefur upp.

3.3.2. Gúmmíbelti

3.3.2.1. Ökutæki sem falla undir ákvæði liðar 2.1.2 skulu hafa meðalþrýsting í snertingu við jörð, P, undir 0,5 MPa, reiknað með eftirfarandi formúlu:

$$P(\text{í MPa}) = \frac{\text{leyfilegur hámarksmassi ökutækis (í kg) x 9,81}}{A_L}$$

þar sem A_L er heildaryfirborðsflötur gúmmíklossa sem eru í snertingu við veginn, frá miðju fremsta skriðbeltakeflisins til miðju þess aftasta, yfir þeim stað þar sem skriðbeltin snerta jörðina. Birgirinn sem útvegar gúmmíbeltið skal gefa upp hlutfall klossaflatar ([14]) samanborið við heildarflöt beltisins (skilgreint sem lengd beltisins margfölduð með breidd þess) eða mæla má heildarklossaflötinn sem er í snertingu við veginn með því að láta hlaðið ökutæki síga niður á hentugt stykki af pappa eða öðru efni sem hægt er að aflaga á varanlegan hátt og mæla stærð dældarinnar sem verður til.

3.3.2.2. Á ökutækjum með samsetningu af ásum með hjólum og skriðbeltum skal mæla álagið sem kemur í gegnum ásana með hjólunum þegar ökutækið er með hleðslu með því að nota hentugan vigtunarflöt og draga það frá leyfilega heildarhámarksmassanum til að finna P. Í staðinn fyrir leyfilegan hámarksmassa ökutækisins má nota þá samsettu hámarkshleðslu á ás fyrir skriðbelti sem framleiðandinn gefur upp.

3.3.2.3. Ökutæki sem falla undir ákvæði liðar 2.1.3 skulu hafa meðalþrýsting í snertingu við jörð, P, undir 0,2 MPa, reiknað í samræmi við liði 3.3.2.1 og 3.3.2.2.

3.4. Hámarkshleðslan á hvert beltakefli skal ekki fara yfir 2250 kg, reiknað með því að deila heildarfjölda beltakefla sem færa þunga beint niður á yfirborð vegarins í leyfilegan hámarksmassa í kílóum (með fyrirvara um massa sem þrýstir á ása með hjólum eins og fjallað er um í liðum 3.3.1.2 eða 3.3.2.2).

3.5. Hámarkshleðsla á hverja lengdareiningu á yfirborði skriðbelta sem er í snertingu við veginn skal reiknuð með því að deila heildarlengd þess hluta beltanna sem er í snertingu við veginn, talið í metrum, á hverjum tíma (þ.e. milli miðpunkta fremsta og aftasta beltakeflisins) í leyfilegan hámarksmassa í kílóum (með fyrirvara um sérhvern massa sem þrýstir á ása með hjólum eins og fjallað er um í liðum 3.3.1.2 eða 3.3.2.2), á grunni markanna sem kveðið er á um í lið 3.3.1.1 eða 3.3.2.1 eða 3.3.2.3, út frá ökutækjunum sem nefnd eru í lið 2.1.1 eða 2.1.2 eða 2.1.3, í þeirri röð, og lið 3.4.

3.6. Á innra byrði skriðbelta skulu vera þættir til að tryggja að skriðbeltunum sé beint yfir keflin. Á ytra byrðinu skal vera skriðmynstur sem hentar fyrir þá tilteknu notkun sem er fyrirhuguð í landbúnaðar- eða skógræktargeiranum.

3.7. Snúningsátak getur skilað sér með núningsmótstöðu (beint) eða með jákvæðri snertingu beltakeflanna við beltin.

([14]) % klossaflatar, einnig þekkt sem „land and sea“.

3.8. Í ökutækjum með skriðbeltum sem eru knúin áfram af núningskrafti skal stjórnandinn hafa samfellda yfirsýn yfir strekkingu beltanna þegar ekið er eftir vegi eða það skal vera fyrir hendi sjónrænt merki og/eða hljóðmerki sem fer af stað þegar lágmarksstrekking næst á beltin.

3.9. Stýring

3.9.1. Ökutæki sem falla undir ákvæði liðar 2.1.1 eða 2.1.2

3.9.1.1. Ef ökutæki er einungis með eitt belti hvorum megin skal stýring fara fram með því að nota mismunandi hraða á beltin vinstra megin og hægra megin.

3.9.1.2. Ef ökutæki er með tvenn belti á hvorri hlið skal stýring fara fram með liðskiptingu ökutækisins milli fram- og afturhluta með miðlægum, lóðréttum ás eða með því að snúa tveimur gagnstæðum skriðbeltum eða öllum fjórum skriðbeltunum.

3.9.2. Ökutæki sem falla undir ákvæði liðar 2.1.3

3.9.2.1. Stýring skal fara fram með liðskiptingu ökutækisins milli fram- og afturhluta um miðlægan, lóðréttan ás eða með liðskiptingu á öllum skriðbeltunum.

3.9.3. Ökutæki sem falla undir ákvæði liðar 2.1.1 eða 2.1.2 eða 2.1.3 og eru með undirvagn sem er samsetning af ás með hjólum og pari af samsvarandi skriðbeltum

3.9.3.1. Stýring skal fara fram með því að breyta stefnu hjólanna á ásnum með hjólunum og/eða með liðskiptingu á milli fram- og afturhluta ökutækisins um miðlægan, lóðréttan ás. Setja má ásinn með hjólunum hvort sem er á ökutækið framan- eða aftanvert.

3.10. Merkingar

Gerðarviðurkenningarmerkið skal fest á lögboðnu merkiplötuna í samræmi við ákvæði XX. viðauka og þar skal koma fram að ökutækið uppfylli kröfurnar í liðum 3.1–3.7.

_____

XXXIV. VIÐAUKI

Kröfur um véltengi

1. **Skilgreiningar**

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1.1. „Véltengi milli dráttarvélar og eftirvagns“: íhlutirnir sem er komið fyrir á dráttarvélinni og á dregna ökutækinu þannig að vélræn tenging sé á milli þeirra.

1.2. „Gerð véltengis milli dráttarvélar og eftirvagns“: hlutar sem eru ekki innbyrðis ólíkir í grundvallaratriðum að því er varðar:

– tegund véltengis,

– dráttaraugu,

– ytri lögun, mál og vinnumáta (t.d. sjálfvirkur eða handvirkur),

– smíðaefni,

– gildi D eins og það er skilgreint í 2. viðbæti, fyrir prófun sem er framkvæmd með því að nota streymisaðferð eða massa eftirvagnsins samkvæmt skilgreiningu í 3. viðbæti, fyrir prófanir sem eru framkvæmdar með kyrrstöðuaðferðinni og einnig lóðrétta álaginu á tengipunktinn S.

1.3. „Viðmiðunarmiðja véltengis“: sá punktur á ási boltans sem er jafnlangt frá báðum kjálkum gaffalsins, ef um þá gerð er að ræða, og punktinn sem ákvarðast af skurðpunkti samhverfuplans króksins við framleiðanda íhvolfa hluta króksins í snertihæð við dráttaraugað þegar hann er í dráttarstöðu.

1.4. „Hæð véltengis frá jörðu“: fjarlægðin milli lárétta plansins í gegnum viðmiðunarmiðju véltengisins og lárétta plansins sem hjól dráttarvélarinnar hvíla á.

1.5. „Lóðrétt álag á tengipunktinn“: þyngdin sem í kyrrstöðu færist yfir á viðmiðunarpunktinn á véltenginu.

1.6. „Sjálfvirkt véltengi“: véltengi sem lokast og læsist sjálfkrafa þegar rennibúnaður dráttaraugans er virkjaður.

1.7. „Framásþungi dráttarvélar án hleðslu“: sá hluti þyngdar dráttarvélarinnar sem í kyrrstöðu færist af framási dráttarvélarinnar til jarðar.

2. **Almennar kröfur**

2.1. Véltengi geta hvort sem er verið sjálfvirk eða handvirk.

2.2. Véltengi dráttarvélarinnar skulu vera í samræmi við kröfur um mál og styrkleika í liðum 3.1 og 3.2 og kröfur um lóðrétt álag á tengipunktinn í lið 3.3.

2.3. Véltengi skulu hönnuð og framleidd á þann hátt að við eðlilega notkun starfi þau óslitið þannig að viðunandi sé og haldi þeim eiginleikum sem kveðið er á um í þessum viðauka.

2.4. Allir hlutar véltengis skulu gerðir úr það góðu smíðaefni að þeir þoli prófanirnar sem um getur í lið 3.2 og þeir skulu búa yfir varanlegum styrkleika.

2.5. Auðvelt skal vera að losa um og festa öll tengi og tengislæsingar og skulu þau vera hönnuð á þann hátt að þau aftengist ekki fyrir slysni við venjuleg vinnuskilyrði.

Þegar um er að ræða sjálfvirk véltengi skulu þau fest tryggilega í læstri stöðu með tveimur sjálfstæðum öryggistenglum sem falla þétt hvor að öðrum. Þó má losa um þessa tengla með sameiginlegum stjórnbúnaði.

2.6. Tryggt skal að dráttaraugað geti snúist a.m.k. 60° lárétt til beggja hliða á lengdarási tengis sem er ekki innbyggður hluti af ökutækinu. Þar að auki þarf það alltaf að geta færst 20° lóðrétt upp og niður. (Sjá einnig 1. viðbæti).

Snúningshornin skulu ekki nást samtímis.

2.7. Gaffallinn skal gera dráttarauganu kleift að snúast a.m.k. 90° áslægt til hægri eða vinstri um lengdarás tengingarinnar með föstu hemlunarvægi á bilinu 30 til 150 Nm.

Dráttarkrókur, fast gaffaltengi, kúlutengi og pinnatengi skulu gera dráttarauganu kleift að snúast a.m.k. 20° áslægt til hægri eða vinstri um lengdarás tengisins.

2.8. Til að koma í veg fyrir aftengingu úr dráttarauga fyrir slysni skal fjarlægðin milli dráttarkróksins eða kúluhaussins eða endans á pinnanum og klemmubúnaðarins ekki vera meiri en 10 mm við hámarkshönnunarálag.

3. **Sérstakar kröfur**

3.1. Mál

Mál véltengja á dráttarvélinni skulu vera í samræmi við kröfurnar í myndum 1 til 5 og töflu 1 í 1. viðbæti.

Mál véltengjanna á eftirvagninum skulu samræmst þeim sem eru leyfileg í samsetningunum í töflu 2 í 1. viðbæti.

3.2. Styrkleiki

3.2.1. Til að prófa styrk véltengjanna skal gera á þeim:

i. hreyfiprófun við þau skilyrði sem eru tilgreind í 2. viðbæti eða kyrrstöðuprófun við skilyrðin sem eru tilgreind í 3. viðbæti ef þau eru notuð á ökutækjum með hámarkshönnunarhraða undir 40 km/klst.

ii. hreyfiprófun við þau skilyrði sem eru tilgreind í 2. viðbæti ef þau eru notuð á ökutækjum með hámarkshönnunarhraða yfir 40 km/klst.

Í þeim tilvikum sem tilgreind eru í i. og ii. lið má í staðinn framkvæma hreyfiprófunina samkvæmt kröfunum í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 55, eins og um getur í I. viðauka.

3.2.2. Prófunin skal ekki valda varanlegri aflögun, brotum eða sprungum.

3.3. Lóðrétt álag á tengipunktinn (S)

3.3.1. Framleiðandi mælir fyrir um hámark lóðrétta kyrrstöðuálagsins. Það má þó ekki vera meira en 3000 kg nema þegar um er að ræða kúlutengi, en þar skal hámarksgildið ekki vera meira en 4000 kg.


3.3.2. Skilyrði fyrir samþykki:

3.3.2.1. Leyfilega lóðrétta kyrrstöðuálagið má hvorki fara yfir tæknilega leyfilegt lóðrétt kyrrstöðuálag sem framleiðandi mælir með fyrir dráttarvélina né lóðrétta kyrrstöðuálagið sem mælt er fyrir um fyrir véltengið samkvæmt gerðarviðurkenningu íhlutar.

3.3.2.2. Hvernig sem hleðslu dráttarvélarinnar er háttað má massinn sem hjólin á framásnum (stýriásnum) færa niður á veginn ekki vera undir 20% af massa dráttarvélarinnar án hleðslu, en ekki skal fara yfir hámarkshleðslu á afturásinn (hinn ásinn).

3.4. Hæð tengibúnaðar (h) frá jörðu

Þyngdarklossar á framás



3.4.1. Allar dráttarvélar með meira en 2,5 tonna tæknilega leyfilegan hámarksmassa með hleðslu skulu búnar eftirvagnatengi þar sem bilið frá jörðu uppfyllir aðra af eftirfarandi formúlum:

$h_1 \leq (((m_a - 0{,}2 \times m_t) \times 1 - (S\ c))/(0{,}6 \times (0{,}8 \times m_t + S)))$ eða

$h_2 \leq (((m_{la} - 0{,}2 \times m_t) \times 1 - (S \times c))/(0{,}6 \times (0{,}8 \times m_{lt} - 0{,}2 \times m_t + S)))$ þar sem:

m_t : massi dráttarvélarinnar,

m_{lt} : massi dráttarvélarinnar með þyngdarklossa á framási,

m_a : þungi á framási dráttarvélarinnar án hleðslu,

m_{la} : þungi á framási dráttarvélarinnar með þyngdarklossa á framási,

l : hjólhaf dráttarvélarinnar

S : lóðrétt álag á tengipunktinn,

c : fjarlægð milli viðmiðunarmiðju véltengisins og lóðrétta plansins sem liggur í gegnum ás afturhjóla dráttarvélarinnar

Massarnir m_t, m_{lt}, m_a og m_{la} eru settir fram í kílóum.

4. **Skilyrði fyrir veitingu ESB-gerðarviðurkenningar**

4.1. Dæmigerð dráttarvél fyrir dráttarvélagerðina sem á að viðurkenna er lögð fram búin tilhlýðilega viðurkenndum tengibúnaði, til tækniþjónustunnar sem sér um gerðarviðurkenningarprófanirnar.

4.2. Tækniþjónustan sem sér um gerðarviðurkenningarprófanirnar athugar hvort viðurkennd gerð tengibúnaðar henti til uppsetningar í dráttarvélagerðinni sem farið er fram á gerðarviðurkenningu fyrir. Einkum skal hún ganga úr skugga um að festingar tengibúnaðar svari til þess sem var prófaður þegar ESB-gerðarviðurkenning íhlutarins var veitt.

4.3. Eftirfarandi skjöl og upplýsingar skulu fylgja umsókn um fyrir hverja gerð véltengiíhlutar:

– teikningar af tengibúnaðinum í réttum hlutföllum (þrírit). Þessar teikningar skulu einkum gefa nákvæmlega til kynna þau mál sem er krafist, ásamt mælingum fyrir uppsetningu búnaðarins,

– stutt tæknileg lýsing á tengibúnaðinum þar sem gerð er grein fyrir framleiðslugerð og efninu sem er notað,

– tilgreining á D-gildinu sem um getur í 2. viðbæti fyrir hreyfiprófun eða T-gildinu (dráttarmassa í tonnum), sem samsvarar tæknilega leyfilegum hámarksmassa tengivagns með hleðslu, sem um getur í 3. viðbæti fyrir kyrrstöðuprófun, og einnig lóðrétt hámarksálag á tengipunktinn, S (gefið upp í kg),

– eitt eða fleiri sýnishorn búnaðar að beiðni tækniþjónustunnar.

4.4. Handhafi ESB-gerðarviðurkenningar getur sótt um rýmkun til að hún nái til annarra gerða tengibúnaðar.

4.5. Lögbær yfirvöld veita slíka rýmkun að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

4.5.1. hin nýja gerð tengibúnaðar hafi hlotið ESB-gerðarviðurkenningu íhlutar,

4.5.2. að tengibúnaðurinn henti til uppsetningar á dráttarvélagerðinni sem farið er fram á rýmkun ESB-gerðarviðurkenningar fyrir;

4.5.3. festing tengibúnaðarins á dráttarvélinni svarar til þess sem var lagt fram þegar ESB-gerðarviðurkenningin var veitt.

4.6. Vottorð er látið fylgja ESB-gerðarviðurkenningarvottorði fyrir hverja gerðarviðurkenningu eða rýmkun á gerðarviðurkenningu sem hefur verið veitt eða hafnað og er fyrirmynd þess að finna í c-lið 68. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013.

4.7. Ef sótt er um ESB-gerðarviðurkenningu fyrir dráttarvélargerð á sama tíma og farið er fram á ESB-gerðarviðurkenningu íhlutar fyrir gerð tengibúnaðar á dráttarvél sem sótt er um ESB-gerðarviðurkenningu fyrir, gilda ákvæði liðar 4.1 og 4.2 ekki.

4.8. Öllum véltengjum skulu fylgja notkunarleiðbeiningar framleiðanda. Með þessum leiðbeiningum skal fylgja ESB-gerðarviðurkenningarnúmer íhlutar sem og gildi D (kN) eða T (tonn), eftir því hvaða prófun var framkvæmd á tenginu.

5. **Merkingar**

5.1. Á hverjum véltengiíhlut sem svarar til þeirrar gerðar, sem hlotið hefur ESB-gerðarviðurkenningu íhlutar skulu vera eftirfarandi merkingar:

5.1.1. viðskiptaheiti eða vörumerki,

5.1.2. ESB-gerðarviðurkenningarmerki íhlutar sem samræmist fyrirmyndina sem sett er fram í h-lið 68. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013,

5.1.3. þegar styrkleiki er athugaður í samræmi við 2. viðbæti (hreyfiprófun):

leyfilegt D-gildi (kN),

kyrrstöðugildi lóðrétts álags S (kg),

5.1.4. þegar styrkleiki er athugaður í samræmi við 3. viðbæti (kyrrstöðuprófun):

dráttarmassi T (tonn) og lóðrétt álag á tengipunkt S (kg).

5.1.5. Upplýsingarnar skulu vera greinilegar, auðlæsilegar og endingargóðar.

6. Í stað þess að uppfylla kröfurnar í þessum viðauka geta framleiðendur valið að leggja fram gerðarviðurkenningu íhlutar fyrir véltengi sem er veitt samkvæmt reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 55, eins og um getur í I. viðauka.

7. Ef ökutæki eru búin stýrishandfangi geta framleiðendur valið hvort þeir beita kröfunum í 2. til 6. lið eða kröfunum í viðeigandi ákvæðum 4. liðar C-hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013.

_____

1. viðbætir

Gerðir véltengja á dráttarvélum

Gaffaltengi: sjá mynd 1 og 2.

Fast gaffaltengi: sjá mynd 1d.

Dráttarkrókur: sjá mynd 1 — „Mál dráttarkróks“ í ISO-staðli 6489-1:2001.

Dráttarbeisli dráttarvélar: sjá mynd 3.

Véltengi með kúlu: sjá mynd 4.

Véltengi með pinna: sjá mynd 5.

Mál dráttarbeislis dráttarvélarinnar skulu samræmast málunum í eftirfarandi flokkum í ISO-staðli 6489-3:2004:

Flokkur (0) (pinni 18); samrýmist ISO-staðli 5692-3, lögun W (22 mm gat).

Flokkur (1) (pinni 30); samrýmist ISO-staðli 5692-3, lögun X (35 mm hringur); ISO-staðli 5692-2:2002 (40 mm gat); ISO-staðli 8755:2001 (40 mm gat).

Flokkur (2) (pinni 30); samrýmist ISO-staðli 5692-3, lögun X (35 mm hringur); ISO-staðli 5692-2:2002 (40 mm gat); ISO-staðli 8755:2001 (40 mm gat).

Flokkur (3) (pinni 38); samrýmist ISO-staðli 5692-1:2004 (50 mm hringur); ISO-staðli 5692-3:2011 lögun Y (50 mm gat); ISO-staðli 20019:2001.

Flokkur (4) (pinni 50); samrýmist ISO-staðli 5692-3:2011, lögun Z (68 mm gat).

Gerðir véltengja á eftirvögnum

Dráttaraugu samkvæmt ISO-staðli 5692-1:2004 (50 mm gat, þvermál hrings 30 mm)

Dráttaraugu samkvæmt ISO-staðli 20019:2001 (50 mm miðjugat, þvermál hrings 30 til 41 mm).

Dráttaraugu sem snúast samkvæmt ISO-staðli 5692-3:2011.

Tengihringir í samræmi við ISO-staðal 5692-2:2002 (40 mm tengill).

Dráttarbeislisauga í samræmi við ISO-staðal 8755:2001 (40 mm gat).


Dráttarbeislisauga í samræmi við ISO-staðal 1102:2001 (50 mm gat).


Tengibúnaður samkvæmt ISO-staðli 24347:2005 (kúla 80 mm í þvermál).

Teikningar af véltengiíhlutum

Mynd 1a


Ósjálfvirkar eftirvagnatengingar með sívölum láspinna






Mynd 1b


Sjálfvirkar eftirvagnatengingar með sívölum láspinna






Mynd 1c


Sjálfvirkar eftirvagnatengingar með bogalaga láspinna





Mynd 1d

Fast gaffaltengi (í samræmi við ISO 6489-5:2011)




Tafla 1

Lögun og mál gaffaltengja á eftirvögnum eða tækjum


Lóðrétt álag S kg	D-gildi D kN	Lögun	Mál Mm		
			D ± 0,5	a lágm.	b lágm.
≤ 1 000	≤ 35	w	18	50	40
≤ 2 000	≤ 90	x	28	70	55
≤ 3 000	≤ 120	y	43	100	80
≤ 3 000	≤ 120	z	50	110	95


Mynd 2

Handvirkt eftirvagnatengi sem svarar til hluta 2 í ISO 6489 frá júlí 2002



Lárétt plan í samræmi við lið 1.3.






Viðmiðunarplan í samræmi við lið 1.4.


Mynd 3

Dæmi um dráttarbeisli dráttarvélar sem svarar til hluta 3 í ISO 6489 frá júní 2004




Mynd 4

Kúlutengi (í samræmi við ISO 24341:2005)



Mynd 5

Pinnatengi (í samræmi við ISO 6489-4:2004)



Tafla 2

Véltengi á dráttarvélinni	Véltengi á eftirvagninum
Í samræmi við ISO-staðal 6489-1:2001 (gerð króks)	Í samræmi við ISO-staðal 5692-1:2004 (dráttarauga, 50 mm miðjugat, þvermál auga 30 mm) eða í samræmi við ISO-staðal 20019:2001 (dráttarauga, 50 mm miðjugat, þvermál hrings 30 til 41 mm) eða við ISO-staðal 5692-3:2011 (dráttaraugu sem snúast, aðeins samrýmanleg Y-lagi, 50 mm gat)

Véltengi á dráttarvélinni	Véltengi á eftirvagninum
Í samræmi við ISO-staðal 6489-5:2011 (fast gaffaltengi)	Í samræmi við ISO-staðal 5692-3:2011 (dráttaraugu sem snúast)
Í samræmi við ISO-staðal 6489-2:2002 (gaffaltengi)	Í samræmi við ISO-staðal 5692-2:2002 (tengihringur, 40 mm tengill) eða við ISO-staðal 8755:2001 (40 mm dráttarbeislisauga) eða við ISO-staðal 1102:2001 (50 mm dráttarauga, aðeins samrýmanlegt við ISO-staðal 6489-2:2002, lögun A – handvirkt)
Í samræmi við ISO-staðal 6489-3:2004 (dráttarbeisli)	Viðeigandi tengigerð sem um getur í þessum dálki sem passar við þau mál dráttarbeislis dráttarvélarinnar sem um getur í þessum viðbæti eða sem samsvarar dráttaraugum og tengjum ökutækja í flokki Sa við dráttarbeisli dráttarvéla samkvæmt ISO-staðli 21244:2008.
Í samræmi við ISO-staðal 24347:2005 (gerð kúlu)	Í samræmi við ISO-staðal 24347:2005 (kúla 80 mm í þvermál)
Í samræmi við ISO-staðal 6489-4:2004 (gerð pinna)	Í samræmi við ISO-staðal 5692-1:2004 (dráttarauga, 50 mm miðjugat, þvermál auga 30 mm) eða við ISO-staðal 5692-3:2011 (dráttaraugu sem snúast, aðeins samrýmanleg Y-lagi, 50 mm gat)

2. viðbætir

Hreyfiprófunaraðferð fyrir véltengi

1. **Prófunaraðferð**

Styrkur véltengis skal ákvarðaður með breytilegu átaki á prófunarbekk.

Hér er lýst aðferð við prófun á málmþreytu sem skal notuð á allan véltengibúnaðinn, þ.e. véltengið með öllum nauðsynlegum hlutum til uppsetningar þess er sett í prófunarbekk og prófað.

Breytilegum kröftum skal beitt á sínusferli eftir því sem mögulegt er (með breytilegum eða vaxandi krafti) og fara álagssveiflur eftir smíðaefninu. Engar sprungur eða brot mega koma fram við þessa prófun.

2. **Prófunarviðmiðanir**

Prófunarálagið skal byggjast á láréttum kraftþætti eftir lengdarási ökutækisins ásamt lóðréttum kraftþætti.

Hvorki láréttu kraftþættirnir þvert á lengdarás ökutækis né kraftvægi skal tekið með í reikninginn, svo fremi það teljist hafa litla þýðingu.

Láréttu kraftþættirnir eftir lengdarási ökutækisins skulu táknaðir með útreiknuðum viðmiðunarkrafti, gildinu D.

Eftirfarandi jafna gildir um véltengi:

$$D = g \cdot (M_T \cdot M_R)/(M_T + M_R)$$

Þar sem:

M_T = tæknilega leyfilegur hámarksmassi dráttarvélarinnar með hleðslu,

M_R = tæknilega leyfilegur hámarksmassi eftirvagnanna með hleðslu,

g = 9,81 m/s^2.

Lóðréttir kraftþættir hornréttir á akbrautina skulu táknaðir með lóðrétta kyrrstöðuálaginu S.

Framleiðandi skal tilgreina tæknilega leyfilegt álag.

3. **Kröfur um prófunaraðferð**

3.1. Almennar kröfur

Prófunarkraftinum skal beitt á véltengibúnaðinn sem er prófaður með viðeigandi stöðluðu dráttarauga undir horninu sem myndast af afstöðunni milli lóðrétta prófunarkraftsins F_v og lárétta prófunarkraftsins F_h, í stefnu eftir lengdarmiðjuplaninu framan frá að ofan og aftur úr að neðan.

Prófunarkraftinum skal beitt við venjulegan snertipunkt milli véltengibúnaðarins og dráttaraugans.

Hlaup milli véltengisins og dráttaraugans skal vera eins lítið og unnt er.

Meginreglan er sú að prófunarkraftinum er beitt með breytilegum styrk í kringum núllpunktinn. Þegar um er að ræða prófun með breytilegum prófunarkrafti er meðalálagið núll.

Ef hönnun tengibúnaðarins (t.d. of mikið hlaup í dráttarkrók) leyfir ekki að prófun sé framkvæmd með breytilegum prófunarkrafti er heimilt að beita prófunarkrafti með vaxandi álagi í dráttar- eða þrýstistefnu eftir því hvort gefur meira álag.

Þegar prófunin er framkvæmd með vaxandi álagi er prófunarálagið jafnt mesta álagi og skal minnsta álag ekki vera meira en 5% af mesta álagi.

Við prófun með vaxandi álagi skal gæta þess, með heppilegri uppsetningu prófunartækis og vali þess búnaðar sem gefur kraftinn, að ekki komi til neinn aukakraftur eða kraftvægi hornrétt á stefnu prófunarkraftsins; hornskekkjan fyrir stefnu krafts í prófun með breytilegu álagi skal ekki fara yfir ±1,5°, við prófun með vaxandi álagi er hornið stillt miðað við mesta álag.

Prófunartíðni skal ekki vera meiri en 30 Hz.

Að því er varðar íhluti úr stáli eða steyptu stáli eru álagssveiflurnar $2 \cdot 10^6$. Eftirfarandi sprunguprófanir skulu framkvæmdar með því að nota litísíunaraðferðina eða sambærilega aðferð.

Ef fjöðrum og/eða deyfurum er komið fyrir í tengihlutunum þá skulu þeir ekki fjarlægðir meðan á prófun stendur, en unnt er að skipta þeim út ef þeir eru settir undir prófunarálag sem ekki fæst við eðlilega notkun (t.d. varmaálag) og skemmast. Frammistöðu þeirra fyrir, við og eftir prófun skal lýst í prófunarskýrslunni.

3.2. Prófunarkraftar

Prófunarkrafturinn skal rúmfræðilega samsettur úr láréttum og lóðréttum prófunarþáttum svo sem hér segir:

$$F = \sqrt{(Fh2 + Fv2)}$$

þar sem:

Fh = $\pm 0{,}6 \cdot D$ (kN) þegar um er að ræða breytilegan kraft,

eða

Fh = $1{,}0 \cdot D$ (kN) þegar um er að ræða vaxandi kraft (dráttar- eða þrýstings-),

Fv = $g \cdot 1{,}5 \cdot S/1\,000$ (gildi gefið upp í kN)

S = kyrrstöðuálag á dráttarbeisli (álag á akbrautina, gefið upp í kg).

_____

3. viðbætir

Kyrrstöðuprófunaraðferð fyrir véltengi

1. **Prófunarforskriftir**

1.1. Almenn atriði

1.1.1. Með fyrirvara um eftirlit með smíðaeiginleikum skal framkvæma kyrrstöðuprófanir á véltengi í samræmi við kröfurnar í liðum 1.2, 1.3 og 1.4.

1.2. Prófunarundirbúningur

Framkvæma skal prófanirnar í sérstakri vél, þannig að véltengið og allur búnaður sem tengir það við yfirbyggingu dráttarvélarinnar sé festur við ósveigjanlega einingu með sömu íhlutum og eru notaðir til að festa það við dráttarvélina.

1.3. Prófunartæki

Tækin sem eru notuð til að skrá álag sem beitt er og hreyfingu skulu geta mælt með eftirfarandi nákvæmni:

– álag sem beitt er: ±50 daN,

– hreyfing: ±0,01 mm.

1.4. Prófunaraðferð

1.4.1. Tengibúnaðurinn skal fyrst settur undir álag fyrir átak sem fer ekki yfir 15% af átaksprófunarálaginu, sem skilgreint er í lið 1.4.2.

1.4.1.1. Aðgerðin sem lýst er í lið 1.4.1 skal endurtekin a.m.k. tvisvar og skal byrjað með núllálagi, sem síðan er smám saman aukið þar til gildinu sem er tilgreint í lið 1.4.1 er náð og síðan minnkað að 500 daN; þessu lokaálagi skal haldið í a.m.k. 60 sekúndur.

1.4.2. Skráning gagna sem gerir kleift að teikna ferilinn sem sýnir tengslin milli álagsins og aflögunar eða línurit frá prentaranum sem er tengdur dráttartækinu skal byggð á auknu álagi eingöngu frá 500 daN að telja miðað við viðmiðunarmiðju tengibúnaðarins.

Engin brot mega koma fram að því er varðar gildi sem eru jafnhá eða minni en dráttarprófunarálagið sem er fastsett sem 1,5 sinnum tæknilega leyfilegur massi eftirvagns; að auki skal hafa eftirlit með að ferillinn yfir aflaganir með hliðsjón af álagi sýni jafna framvindu, án risa eða lægða á bili milli 500 daN og 1/3 af hámarksdráttarálagi.

1.4.2.1. Varanleg aflögun er skráð á ferilinn álag/aflögun fyrir 500 daN álag eftir að prófunarálagið hefur verið sett á þetta gildi aftur.

1.4.2.2. Varanleg skráð aflögunargildi skulu ekki vera meira en 25% af sveigjanlegri hámarksaflögun.

1.5. Prófunin sem um getur í lið 1.4.2 skal framkvæmd á eftir prófun þar sem upphafsálag, þrefalt leyfilegt lóðrétt hámarksálag (í daN, jafnt og g · S/10) sem framleiðandi mælir með, er sett á viðmiðunarmiðju tengibúnaðarins smám saman og er upphafsálagið 500 daN.

Á meðan á prófuninni stendur skal aflögun tengibúnaðar ekki vera meiri en 10% af sveigjanlegri hámarksaflögun.

Eftirlit er viðhaft eftir að lóðrétta álaginu hefur verið aflétt (í daN, jafnt og g · S/10) og komið hefur verið á upphaflegu 500 daN álagi.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1185 **2016/EES/27/73**

frá 24. apríl 2015

um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun staðbundinna rýmishitara sem nota eldsneyti í föstu formi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur([1]), einkum 1. mgr. 15. gr.,

að höfðu samráði á samráðsvettvanginum, sem um getur í 18. gr. tilskipunar 2009/125/EB,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Þess er krafist í tilskipun 2009/125/EB að framkvæmdastjórnin setji fram kröfur varðandi visthönnun, að því er varðar orkutengdar vörur sem eru umtalsverður hluti sölu og viðskipta, hafa veruleg umhverfisáhrif og búa yfir miklum möguleikum til umbóta að því er varðar umhverfisáhrif þeirra, án þess að umbótunum fylgi óhóflegur kostnaður.

2) Í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2009/125/EB er kveðið á um að framkvæmdastjórnin ætti, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 19. gr. og viðmiðanirnar sem settar eru fram í 2. mgr. 15. gr. og að höfðu samráði á samráðsvettvanginum, að innleiða, eftir því sem við á, framkvæmdarráðstafanir fyrir vörur, sem gefa mikla möguleika á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á kostnaðarhagkvæma hátt, t.d. staðbundna rýmishitara sem nota eldsneyti í föstu formi.

3) Framkvæmdastjórnin hefur látið fara fram undirbúningsrannsókn þar sem tækni-, umhverfis- og efnahagsgreining var gerð á staðbundnum rýmishiturum sem nota eldsneyti í föstu formi, sem venjulega eru notaðir til að hita upp íbúðar- og viðskiptahúsnæði. Rannsóknin hefur verið þróuð með hagsmunaaðilum og hlutaðeigandi aðilum frá Sambandinu og þriðju löndum og hafa niðurstöðurnar verið gerðar aðgengilegar öllum.

4) Þeir umhverfisþættir staðbundinna rýmishitara, sem nota eldsneyti í föstu formi, sem taldir eru mikilvægir hvað þessa reglugerð varðar, eru orkunotkun og losun efnisagna (ryks), loftkenndra, lífrænna efnasambanda, kolsýrings og köfnunarefnisoxíða á notkunarstiginu.

5) Undirbúningsrannsóknin sýnir að frekari kröfur varðandi aðra mæliþætti visthönnunar, sem um getur í 1. hluta I. viðauka við tilskipun 2009/125/EB, eru ekki nauðsynlegar fyrir staðbundna rýmishitara sem nota eldsneyti í föstu formi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 193, 21.7.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/2016 frá 5. febrúar 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 285, 31.10. 2009, bls. 10.

6) Gildissvið þessarar reglugerðar ætti að taka til staðbundinna rýmishitara sem nota eldsneyti í föstu formi og eru hannaðir til að nota eldsneyti í föstu formi (lífmassa eða jarðefni). Staðbundnir rýmishitarar, sem nota eldsneyti í föstu formi og hafa óbeina vökvahitunarvirkni, falla einnig undir gildissvið þessarar reglugerðar. Staðbundnir rýmishitarar fyrir eldsneyti í föstu formi, sem nota lífmassa úr öðru en viði, hafa tiltekna tæknilega eiginleika og ættu því að vera undanþegnir gildissviði þessarar reglugerðar.

7) Árleg orkunotkun, sem tengist staðbundnum rýmishiturum sem nota eldsneyti í föstu formi, var áætluð 627 PJ (15,0 milljónir tonna olíuígilda) í Sambandinu árið 2010, sem samsvarar 9,5 Mt losun koltvísýrings. Nema gripið verði til sértækra ráðstafana er gert ráð fyrir því að árleg orkunotkun, sem tengist staðbundnum rýmishiturum sem nota eldsneyti í föstu formi, verði 812 PJ (19,4 milljónir tonna olíuígilda) árið 2030, sem samsvarar 8,8 Mt losun koltvísýrings.

8) Mögulegt er að draga úr orkunotkun staðbundinna rýmishitara, sem nota eldsneyti í föstu formi, með því að beita fyrirliggjandi tækni, sem ekki er háð einkaleyfi, án þess að hækka samanlagðan kostnað við að kaupa og nota þessar vörur.

9) Árleg losun efnisagna (PM), loftkenndra, lífrænna efnasambanda (OGC) og kolsýrings (CO) árið 2010 hefur verið áætluð 142 kílótonn/ári, 119 kílótonn/ári og 1 658 kílótonn/ári í þeirri röð. Sökum tækniþróunar og sértækra ráðstafana, sem aðildarríkin hafa þegar samþykkt, er búist við því að þessi losun verði 94 kílótonn/ári, 49 kílótonn/ári og 1 433 kílótonn/ári, í þeirri röð, árið 2030. Gert er ráð fyrir því að árleg losun köfnunarefnisoxíða (NO_x) aukist ef sértækar ráðstafanir fyrirfinnast ekki því ný hönnun staðbundinna rýmishitara mun byggjast á hærra brunahitastigi.

10) Mögulegt er að draga enn frekar úr losun frá staðbundnum rýmishiturum, sem nota eldsneyti í föstu formi, með því að beita fyrirliggjandi tækni, sem ekki er háð einkaleyfi, án þess að hækka samanlagðan kostnað við að kaupa og nota þessar vörur.

11) Gert er ráð fyrir því að visthönnunarkröfurnar, sem settar eru fram í þessari reglugerð og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1186 ([2]), leiði til þess að áætlaður árlegur orkusparnaður eigi síðar en 2030 verði u.þ.b. 41 PJ (0,9 milljónir tonna olíuígilda) sem jafngildir losun 6,7 Mt af kolsýringi.

12) Kröfurnar varðandi visthönnun, sem settar eru fram í þessari reglugerð, að því er varðar losun frá staðbundnum rýmishiturum sem nota eldsneyti í föstu formi, munu leiða til þess að það dregur úr losun efnisagna, loftkenndra, lífrænna efnasambanda og kolsýrings sem nemur 27 kílótonn/ári, 5 kílótonn/ári og 399 kílótonn/ári, í þeirri röð, eigi síðar en 2030.

13) Þessi reglugerð tekur til vara með mismunandi tæknilega eiginleika. Ef sömu orkunýtnikröfur giltu um þessar vörur yrði tiltekin tækni bönnuð á markaði sem gæti haft neikvæð áhrif á neytendur. Kröfur varðandi visthönnun, sem taka mið af möguleikum hverrar tækni, skapa af þessum sökum jafnari samkeppnisskilyrði á markaðinum.

14) Kröfur varðandi visthönnun ættu að samræma kröfur um orkunotkun, losun efnisagna, loftkenndra, lífrænna efnasambanda, kolsýrings og köfnunarefnisoxíða að því er varðar staðbundna rýmishitara sem nota eldsneyti í föstu formi í öllu Sambandinu og bæta þannig starfsemi innri markaðarins og aukinn vistvænleika þessara vara.

15) Orkunýtni staðbundinna rýmishitara sem nota eldsneyti í föstu formi minnkar við raunverulega starfrækslu þegar miðað er við orkunýtnina sem mælist við prófun. Til þess að árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar nálgist notorkunýtni ætti að hvetja framleiðendur til að nota stýribúnað af einhverju tagi. Í þessum tilgangi er gert ráð fyrir mismun á þessum tveimur gildum sem felur í sér almennan frádrátt. Þennan frádrátt má minnka með því að velja nokkra stýrimöguleika.

16) Kröfur varðandi visthönnun ættu ekki að hafa áhrif á virkni eða að verð staðbundinna rýmishitara sem nota eldsneyti í föstu formi sé viðráðanlegt frá sjónarhóli endanlegs notanda og ættu ekki að hafa neikvæð áhrif á heilbrigði, öryggi eða umhverfið.

17) Tímaramminn til að innleiða kröfur varðandi visthönnun ætti að gefa framleiðendum nægan tíma til að endurhanna vörurnar sem falla undir þessa reglugerð. Setja ætti tímamörk, með tilliti til áhrifa á kostnað fyrir framleiðendur, einkum á lítil og meðalstór fyrirtæki, en jafnframt tryggja að markmið þessarar reglugerðar náist tímanlega.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1186 frá 24. apríl 2015 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar staðbundinna rýmishitara (Stjtíð. ESB L 193, 21.7.2015, bls. 20).

18) Staðbundnir rýmishitarar sem nota eldsneyti í föstu formi falla undir samhæfða staðla sem nota á skv. 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 frá 9. mars 2011 um samræmd skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvara og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/106/EBE([3]). Vegna réttarvissu og til einföldunar er viðeigandi að samsvarandi samhæfðir staðlar verði endurskoðaðir til að endurspegla þær kröfur varðandi visthönnun sem settar eru með þessari reglugerð.

19) Mæliþætti vöru ætti að mæla og reikna út með því að nota áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar mæli- og reikningsaðferðir sem taka mið af viðurkenndum mæliaðferðum, sem byggjast á nýjustu og fullkomnustu tækni, þ.m.t. samhæfðum stöðlum, þar sem þeir eru fyrir hendi, sem eru samþykktir af evrópskum staðlastofnunum í kjölfar beiðni framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við málsmeðferðarreglurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun([4]).

20) Í þessari reglugerð eru tilgreindar hvaða aðferðir gilda við samræmismat, í samræmi við 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

21) Til að auðvelda eftirlit með því að farið sé að kröfum ættu framleiðendur að veita upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í tæknigögnunum sem um getur í IV. og V. viðauka við tilskipun 2009/125/EB, að því marki sem þær tengjast kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

22) Til að takmarka enn frekar umhverfisáhrif staðbundinna rýmishitara sem nota eldsneyti í föstu formi ættu framleiðendur að veita upplýsingar um sundurhlutun, endurvinnslu og förgun.

23) Til viðbótar við þær lagalega bindandi kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð ætti að ákvarða leiðbeinandi viðmiðanir fyrir bestu, fáanlegu tækni til að tryggja mikið framboð og greiðan aðgang að upplýsingum um vistvænleika staðbundinna rýmishitara sem nota eldsneyti í föstu formi á vistferlinum.

24) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð eru settar fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar að setja á markað og taka í notkun staðbundna rýmishitara sem nota eldsneyti í föstu formi með nafnvarmaafköst við 50 kW eða minni.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um:

a) staðbundna rýmishitara sem nota eldsneyti í föstu formi og sem einungis eru ætlaðir til að brenna lífmassa úr öðru en viði,

b) staðbundna rýmishitara sem nota eldsneyti í föstu formi og eru eingöngu ætlaðir til notkunar utanhúss,

c) staðbundna rýmishitara sem nota eldsneyti í föstu formi þar sem bein varmaafköst miðað við nafnvarmaafköst eru minni en 6% af samanlögðum beinum og óbeinum varmaafköstum,

d) staðbundna rýmishitara, sem nota eldsneyti í föstu formi, sem eru ekki settir saman í verksmiðju eða sem koma frá fleiri en einum framleiðanda í formi forsmíðaðra íhluta eða hluta sem setja á saman á staðnum,

e) vörur til lofthitunar,

f) gufubaðsofna.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 frá 9. mars 2011 um samræmd skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvara og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/106/EBE (Stjtíð. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 5).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun og breytingu á tilskipunum ráðsins 89/686/EBE og 93/15/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB, 94/25/EB, 95/16/EB, 97/23/EB, 98/34/EB, 2004/22/EB, 2007/23/EB, 2009/23/EB og 2009/105/EB og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 87/95/EBE og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1673/2006/EB (Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).

2. gr.

Skilgreiningar

Auk skilgreininganna, sem settar eru fram í 2. gr. tilskipunar 2009/125/EB, er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „staðbundinn rýmishitari sem notar eldsneyti í föstu formi“: rýmishitari, sem gefur frá sér varma, annaðhvort með beinum varmaflutningi eða með beinum varmaflutningi í tengslum við varmaflutning yfir í vökva, til að ná og viðhalda þægilegu hitastigi í lokuðu rými þar sem búnaðurinn er staðsettur, hugsanlega þar sem varmi berst yfir í önnur rými, og er búinn einum eða fleiri varmagjöfum, sem breyta eldsneyti í föstu formi beint í varma,
2. „staðbundinn rýmishitari með opnu eldhólfi sem notar eldsneyti í föstu formi“: staðbundinn rýmishitari, sem notar eldsneyti í föstu formi, þar sem logstæði og brennslulofttegundir eru ekki einangruð frá rýminu þar sem varan er sett upp og sem er með þétta tengingu við reykháf eða op eldstæðis eða sem þarf reykrör til að leiða burt myndefni brunans,
3. „staðbundinn rýmishitari með lokuðu eldhólfi sem notar eldsneyti í föstu formi“: staðbundinn rýmishitari, sem notar eldsneyti í föstu formi, þar sem hægt er að loka af logstæði og brennslulofttegundir frá rýminu þar sem varan er sett upp og sem er með þétta tengingu við reykháf eða op eldstæðis eða sem þarf reykrör til að leiða burt myndefni brunans,
4. „eldavél“: staðbundinn rýmishitari, sem notar eldsneyti í föstu formi, þar sem staðbundinn rýmishitari, sem notar eldsneyti í föstu formi, eldunarhella og/eða ofn, sem notuð eru til að elda mat, eru sett saman í eitt tæki, sem er með þétta tengingu við reykháf eða op eldstæðis, eða sem þarf reykrör til að leiða burt myndefni brunans,
5. „staðbundinn rýmishitari sem notar eldsneyti í föstu formi án reykhafs“: staðbundinn rýmishitari sem notar eldsneyti í föstu formi sem losar myndefni brunans í því rými sem hann er staðsettur,
6. „staðbundinn rýmishitari sem notar eldsneyti í föstu formi án þéttrar reykháfstengingar“: staðbundinn rýmishitari sem notar eldsneyti í föstu formi, sem á að staðsetja undir reykháf eða inni í eldstæði, án þéttrar tengingar milli vörunnar og ops skorsteinsins eða eldstæðisins, sem gerir myndefni brunans kleift að flæða óhindrað frá logstæðinu til reykháfsins eða loftrásarinnar,
7. „gufubaðsofn“: staðbundinn rýmishitari sem notar eldsneyti í föstu formi sem er innbyggður í eða ætlaður til notkunar í þurrgufu- eða blautgufubaði eða sambærilegu umhverfi,
8. „vara til lofthitunar“: vara, sem framleiðir eingöngu varma til lofthitunarkerfis, sem getur verið búin loftrásum og sem er hönnuð til notkunar á tilteknum stað þar sem hún er fest eða henni komið tryggilega fyrir eða hengd upp á vegg, þar sem hún kemur loftinu á hreyfingu með viftu til að ná og viðhalda tilteknu þægilegu hitastigi í lokaða rýminu þar sem varan er staðsett,
9. „eldsneyti í föstu formi“: eldsneyti, sem er í föstu formi við venjulegan stofuhita, þ.m.t. lífmassi í föstu formi og jarðefnaeldsneyti í föstu formi,
10. „lífmassi“: lífbrjótanlegur hluti afurða, úrgangs og efnaleifa af líffræðilegum uppruna frá landbúnaði (þ.m.t. efni úr bæði jurta- og dýraríkinu), skógrækt og tengdum atvinnugreinum, þ.m.t. sjávarútvegi og lagareldi, auk lífbrjótanlegs hluta iðnaðarúrgangs og heimilis- og rekstrarúrgangs,
11. „viðarlífmassi“: lífmassi úr trjám, runnagróðri og runnum, þ.m.t. eldiviður, viðarkurl, pressaður viður í formi pilla, pressaður viður í formi kögglaðra kola og sag,
12. „lífmassi úr öðru en viði“: lífmassi, annar en viðarlífmassi, þ.m.t. m.a. hálmur, filagras, reyr, kjarnar, korn, ólífusteinar, ólífukökur og hnetuskeljar,
13. „jarðefnaeldsneyti í föstu formi“: eldsneyti í föstu formi, annað en lífmassi, þ.m.t. harðkol og þurrgufukol, harðkoks, lághitakoks, linkol, brúnkol, blanda af jarðefnaeldsneytum eða blanda af lífmassa og jarðefnaeldsneyti og, hvað þessa reglugerð varðar, felur það einnig í sér mór,
14. „ákjósanlegt eldsneyti“: ein tiltekin gerð eldsneytis sem á helst að nota fyrir staðbundna rýmishitara, sem nota eldsneyti í föstu formi, samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda,
15. „annað hentugt eldsneyti“: eldsneyti, annað en ákjósanlegt eldsneyti, sem, samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda, má nota fyrir staðbundinn rýmishitara, sem notar eldsneyti í föstu formi, og tekur það til hvers konar eldsneytis, sem er tilgreint í notendahandbók fyrir þá sem annast uppsetningu og endanlega notendur, á opnum vefsetrum framleiðenda og birgja, í tæknilegu efni eða kynningarefni og í auglýsingum,

16. „bein varmaafköst“: varmaafköst vörunnar með varmageislun og varmastreymi, sem varan sjálf gefur frá sér út í andrúmsloftið, að undanskildum varmaafköstum vörunnar til varmaflutningsvökva, gefin upp sem kW,

17. „óbein varmaafköst“: varmaafköst vörunnar til varmaflutningsvökva af völdum sama varmaframleiðsluferlisins sem stendur líka undir beinum varmaafköstum vörunnar, gefin upp sem kW,

18. „óbein hitunarvirkni“: varan getur flutt hluta af heildarvarmaafköstum sínum til varmaflutningsvökva sem nýtist til rýmishitunar eða framleiðslu á heitu vatni til heimilisnota,

19. „nafnvarmaafköst“ (P_{nom}): varmaafköst staðbundins rýmishitara, sem notar eldsneyti í föstu formi, gefin upp sem kW, sem samanstendur af bæði beinum varmaafköstum og óbeinum varmaafköstum (eftir atvikum), þegar hann er starfræktur á stillingunni hámarksvarmaafköst, sem hægt er að viðhalda til lengri tíma, eins og framleiðandi gefur upp,

20. „lágmarksvarmaafköst“ (P_{min}): varmaafköst staðbundins rýmishitara, sem notar eldsneyti í föstu formi, gefin upp sem kW, sem samanstendur af bæði beinum varmaafköstum og óbeinum varmaafköstum (eftir atvikum), þegar hann er starfræktur á stillingunni lágmarksvarmaafköst, eins og framleiðandi gefur upp,

21. „ætlað til notkunar utandyra“: varan hentar til öruggrar notkunar fyrir utan lokuð rými, þ.m.t. hugsanlega utandyra,

22. „efnisagnir“: efnisagnir með mismunandi lögun, uppbyggingu eða þéttleika, sem dreifast í loftfasa útblásturs,

23. „sambærileg tegund“: tegund sem sett er á markað með sömu tæknilegu mæliþætti, sem settir eru fram í töflu 1 í 3. lið í II. viðauka, og önnur tegund sem sami framleiðandi setur á markað.

Viðbótarskilgreiningar að því er varðar II.–V. viðauka eru settar fram í I. viðauka.

3. gr.

Kröfur varðandi visthönnun og tímaáætlun

1. Kröfurnar varðandi visthönnun fyrir staðbundna rýmishitara, sem nota eldsneyti í föstu formi, eru settar fram í II. viðauka.

2. Staðbundnir rýmishitarar, sem nota eldsneyti í föstu formi, skulu uppfylla kröfurnar, sem eru settar fram í II. viðauka, frá og með 1. janúar 2022.

3. Samræmi við kröfur varðandi visthönnun skal mælt og reiknað í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í III. viðauka.

4. gr.

Samræmismat

1. Aðferðin við samræmismat, sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB, skal vera innra hönnunareftirlitskerfið, sem sett er fram í IV. viðauka við þá tilskipun, eða stjórnunarkerfið, sem sett er fram í V. viðauka við þá tilskipun.

2. Að því er varðar samræmismat, skv. 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB, skulu tæknigögnin innihalda upplýsingarnar sem settar eru fram í 3. lið II. viðauka við þessa reglugerð.

3. Þegar upplýsinga í tæknigögnum tiltekinnar tegundar hefur verið aflað með útreikningi á grundvelli hönnunar eða framreikningi á grundvelli annarra tegunda, eða hvort tveggja, skulu gögnin innihalda upplýsingar um slíka útreikninga eða framreikninga, eða hvort tveggja, og prófanir sem framleiðendur hafa gert til að staðfesta nákvæmni útreikninganna sem gerðir hafa verið. Í slíkum tilvikum skulu tæknigögnin einnig innihalda skrá yfir allar þær tegundir sem lágu til grundvallar framreikningunum og yfir allar þær tegundir þar sem upplýsinganna í tæknigögnunum hefur verið aflað á sama grundvelli.

5. gr.

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Aðildarríkin skulu beita sannprófunaraðferðinni, sem lýst er í IV. viðauka þessarar reglugerðar, við framkvæmd markaðseftirlitsins, sem um getur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB, til að tryggja að kröfurnar, sem settar eru fram í II. viðauka við þessa reglugerð, séu uppfylltar.

6. gr.

Leiðbeinandi viðmiðanir

Leiðbeinandi viðmiðanir fyrir vistvænustu staðbundnu rýmishitarana, sem nota eldsneyti í föstu formi, sem eru á markaði við gildistöku þessarar reglugerðar eru settar fram í V. viðauka.

7. gr.

Endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð í ljósi tækniframfara og kynna niðurstöður endurskoðunarinnar á samráðsvettvanginum eigi síðar en 1. janúar 2024. Við endurskoðunina skal einkum meta:

— hvort viðeigandi sé að setja strangari visthönnunarkröfur að því er varðar orkunýtni og losun efnisagna (PM), loftkenndra, lífrænna efnasambanda (OGC), kolsýrings (CO) og köfnunarefnisoxíða (NO_x),

— hvort breyta ætti vikmörkum sannprófunar.

2. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða hvort vottun þriðja aðila á staðbundnum rýmishiturum, sem nota eldsneyti í föstu formi, sé viðeigandi og kynna niðurstöður endurskoðunarinnar á samráðsvettvanginum eigi síðar en 22. ágúst 2018.

8. gr.

Umbreytingarákvæði

Til og með 1. janúar 2022 mega aðildarríkin heimila að staðbundnir rýmishitarar, sem nota eldsneyti í föstu formi, sem eru í samræmi við gildandi landsbundin ákvæði hvað varðar árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar, losun efnisagna, loftkenndra, lífrænna efnissambanda, kolsýrings og köfnunarefnisoxíða, séu settir á markað og teknir í notkun.

9. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. apríl 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Skilgreiningar sem gilda að því er varðar II.–V. viðauka

Í II.–V. viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar“ (η_s): hlutfallið á milli eftirspurnar eftir hitun rýmis, sem staðbundinn rýmishitari, sem notar eldsneyti í föstu formi, gefur, og árlegrar orkunotkunar sem nauðsynleg er til að mæta þessari eftirspurn, gefin upp í %,

2. „umreiknistuðull“ (CC): stuðull sem endurspeglar áætlaða 40% meðalframleiðslunýtni í ESB, sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB ([1]) en gildi stuðulsins er CC = 2,5,

3. „losun efnisagna“: losun efnisagna við nafnvarmaafköst, gefin upp í mg/m^3 af þurrum útblæstri, sem reiknast við 273 K, 1 013 millíbör og 13% súrefni eða vegið meðaltal losunar efnisagna við allt að fjóra mismunandi brunahraða, gefið upp í g/kg af þurrefni,

4. „losun kolsýrings“: losun kolsýrings við nafnvarmaafköst, gefin upp í mg/m^3 af útblæstri, sem reiknast við 273 K, 1 013 millíbör og 13% súrefni,

5. „losun loftkenndra, lífrænna efnasambanda“: losun loftkenndra lífrænna efnasambanda við nafnvarmaafköst, gefin upp í mgC/m^3 af útblæstri, sem reiknast við 273 K, 1 013 millíbör og 13% súrefni,

6. „losun köfnunarefnisoxíða“: losun köfnunarefnisoxíða við nafnvarmaafköst, gefin upp í mg/m^3 af útblæstri, gefið upp sem NO_2, sem reiknast við 273 K, 1 013 millíbör og 13% súrefni,

7. „nettóvarmagildi“ (NCV): heildarmagn varma sem losnar fyrir eina eldsneytiseiningu með eðlilegu rakamagni, þegar því er brennt algerlega með súrefni og þegar brunamyndefnin eru ekki kæld að umhverfishita,

8. „notnýtni við annaðhvort nafn- eða lágmarksvarmaafköst“ ($\eta_{th,nom}$ eða $\eta_{th,min}$): hlutfallið milli notvarmaafkasta staðbundins rýmishitara sem notar eldsneyti í föstu formi og nettóvarmagildis heildarorkuílagsins, gefið upp í %,

9. „raforkuþörf við nafnvarmaafköst“ (el_{max}): raforkunotkun staðbundins rýmishitara, sem notar eldsneyti í föstu formi, við nafnvarmaafköst; raforkunotkunin, gefin upp í kW, skal ákvörðuð án tillits til orkunotkunar hringrásardælu ef varan hefur óbeina hitunarvirkni og er með innbyggða hringrásardælu,

10. „raforkuþörf við lágmarksvarmaafköst“ (el_{min}): raforkunotkun staðbundins rýmishitara, sem notar eldsneyti í föstu formi, við lágmarksvarmaafköst; raforkunotkunin, gefin upp í kW, skal ákvörðuð án tillits til orkunotkunar hringrásardælu ef varan hefur óbeina hitunarvirkni og er með innbyggða hringrásardælu,

11. „raforkuþörf í reiðuham“ (el_{sb}): raforkunotkun vörunnar, gefin upp í kW, meðan hún er í reiðuham,

12. „orkuþörf varanlegs kveikiloga“ (P_{pilot}): eldsneytisnotkun vörunnar, gefin upp í kW, á eldsneyti í föstu formi fyrir kveikiloga sem gegnir hlutverki íkveikis fyrir kraftmeira brennsluferli, sem þörf er á við nafnvarmaafköst eða varmaafköst við hlutaálag, ef kveikt er á kveikiloganum í meira en fimm mínútur áður en kviknar á aðalbrennaranum,

13. „eins þreps hitun, án hitastýringar“: varan getur ekki breytt varmaafköstum sínum sjálfvirkt og engin endurgjöf á stofuhita er fyrir hendi til þess að aðlaga varmaafköstin sjálfvirkt,

14. „tveggja eða fleiri þrepa handvirk rýmishitun, án hitastýringar“: varan getur breytt varmaafköstum sínum með handstýringu í tveimur eða fleiri þrepum og er ekki búin tæki sem stillir varmaafköstin sjálfvirkt í samræmi við æskilegt hitastig innanhúss,

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB frá 25. október 2012 um orkunýtni, breytingu á tilskipunum 2009/125/EB og 2010/30/ESB og um niðurfellingu á tilskipunum 2004/8/EB og 2006/32/EB (Stjtíð. ESB L 315, 14.11.2012, bls. 1).

15. „með vélrænni hitastýringu“: varan er búin órafknúnum búnaði sem gerir vörunni kleift að breyta varmaafköstum sínum sjálfvirkt yfir tiltekið tímabil til að ná tilskildu hitastigi innanhúss,

16. „með rafrænni hitastýringu“: varan er búin rafeindabúnaði, annaðhvort innbyggðum eða utanáliggjandi, sem gerir vörunni kleift að breyta varmaafköstum sínum sjálfvirkt yfir tiltekið tímabil til að ná tilskildu hitastigi innanhúss,

17. „með rafrænni hitastýringu og dagastillingu“: varan er búin rafeindabúnaði, annaðhvort innbyggðum eða utanáliggjandi, sem gerir vörunni kleift að breyta varmaafköstum sínum sjálfvirkt yfir tiltekið tímabil til að ná tilskildu hitastigi innanhúss og gerir kleift að stilla tíma og hitastig á 24 klukkustunda fresti,

18. „með rafrænni hitastýringu og vikustillingu“: varan er búin rafeindabúnaði, annaðhvort innbyggðum eða utanáliggjandi, sem gerir vörunni kleift að breyta varmaafköstum sínum sjálfvirkt yfir tiltekið tímabil til að ná tilskildu hitastigi innanhúss og gerir kleift að stilla tíma og hitastig fyrir heila viku; á þessu sjö daga tímabili verður að vera hægt að breyta stillingunum frá degi til dags,

19. „hitastýring með hreyfiskynjara“: varan er búin rafeindabúnaði, annaðhvort innbyggðum eða utanáliggjandi, sem lækkar sjálfkrafa herbergishitastigið þegar enginn er í herberginu,

20. „hitastýring sem skynjar opinn glugga“: varan er búin rafeindabúnaði, annaðhvort innbyggðum eða utanáliggjandi, sem dregur úr varmaafköstum þegar gluggi eða dyr hefur verið opnuð; þegar nemi er notaður til að skynja að gluggi eða dyr opnast getur hann verið innbyggður í vörunni, utanáliggjandi, innbyggður í burðarvirkinu eða sambland af þessum möguleikum,

21. „með fjarstýrimöguleika“: virkni sem gerir notanda kleift að stjórna stýribúnaði vörunnar fyrir utan bygginguna þar sem varan hefur verið sett upp,

22. „eins þreps hitun“: varan getur ekki sjálfvirkt breytt varmaafköstum sínum,

23. „tveggja þrepa hitun“: varan getur sjálfvirkt breytt varmaafköstum sínum í tveimur aðgreindum þrepum, í tengslum við raunverulegan lofthita innandyra og æskilegan lofthita innandyra, og stjórnast af hitaskynjunarbúnaði og skilfleti sem eru ekki endilega innbyggðir í vöruna sjálfa,

24. „fjölþrepastýrður“: varan getur sjálfvirkt breytt varmaafköstum sínum í þremur eða fleiri aðgreindum þrepum í tengslum við raunverulegan lofthita innandyra og æskilegan lofthita innandyra og stjórnast af hitaskynjunarbúnaði og skilfleti sem eru ekki endilega innbyggðir í vöruna sjálfa,

25. „reiðuhamur“: ástand þar sem varan er tengd rafkerfinu, er háð raforku frá rafkerfinu til þess að geta starfað eins og til er ætlast og gerir eingöngu kleift að framkvæma eftirfarandi aðgerðir, sem geta varað ótímabundið: endurvirkjunaraðgerð eða endurvirkjunaraðgerð ásamt merki sem eingöngu gefur til kynna að endurvirkjunaraðgerð sé virk, og/eða birting upplýsinga eða stöðu,

26. „annað jarðefnaeldsneyti“: jarðefnaeldsneyti annað en harðkol og þurrgufukol, harðkoks, lághitakoks, linkol, brúnkol, mór eða köggluð kol, blönduð með jarðefnaeldsneyti,

27. „annar viðarlífmassi“: viðarlífmassi annar en trjábolir með 25% rakainnihald eða minna, eldsneytiskögglar með minna en 14% rakainnihald eða pressaður viður með minna en 12% rakainnihald,

28. „tegundarauðkenni“: kóði, venjulega alstafa, sem greinir tiltekna tegund staðbundins rýmishitara, sem notar eldsneyti í föstu formi, frá öðrum tegundum með sama vörumerki eða nafni framleiðanda,

29. „rakainnihald“: massi vatns í eldsneytinu í tengslum við heildarmassa eldsneytisins, eins og það er notað í staðbundnum rýmishitara sem notar eldsneyti í föstu formi.

II. VIÐAUKI

Kröfur varðandi visthönnun

1. **Sérstakar kröfur varðandi visthönnun að því er varðar árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar**

a) Staðbundnir rýmishitarar, sem nota eldsneyti í föstu formi, skulu uppfylla eftirfarandi kröfur frá og með 1. janúar 2022:

i. árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar, að því er varðar staðbundna rýmishitara með opnu eldhólfi sem nota eldsneyti í föstu formi, skal ekki vera minni en 30%,

ii. árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar, að því er varðar staðbundna rýmishitara með lokuðu eldhólfi sem nota eldsneyti í föstu formi, þó ekki pressaðan við í formi pilla, skal ekki vera minni en 65%,

iii. árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar, að því er varðar staðbundna rýmishitara með lokuðu eldhólfi fyrir eldsneyti í föstu formi, sem nota pressaðan við í formi pilla, skal ekki vera minni en 79%,

iv. árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar að því er varðar eldavélar skal ekki vera minni en 65%.

2. **Sérstakar kröfur varðandi visthönnun að því er varðar losun**

a) Frá 1. janúar 2022 skal losun efnisagna frá staðbundnum rýmishiturum, sem nota eldsneyti í föstu formi, ekki fara yfir eftirfarandi gildi:

i. losun efnisagna frá staðbundnum rýmishiturum með opnu eldhólfi, sem nota eldsneyti í föstu formi, skal ekki vera meiri en 50 mg/m^3 við 13% súrefni þegar losunin er mæld í samræmi við aðferðina, sem lýst er í 1. lið i. liðar í a-lið 4. liðar III. viðauka, eða 6 g/kg (þurrefni) þegar losunin er mæld í samræmi við aðferðina sem lýst er í 2. lið i. liðar í a-lið 4. liðar III. viðauka,

ii. losun efnisagna frá staðbundnum rýmishiturum með lokuðu eldhólfi, sem nota eldsneyti í föstu formi, þó ekki pressaðan við í formi pilla, og frá eldavélum skal ekki vera meiri en 40 mg/m^3 við 13% súrefni þegar losunin er mæld í samræmi við aðferðina, sem lýst er í 1. lið i. liðar í a-lið 4. liðar III. viðauka, eða 5 g/kg (þurrefni) að því er varðar lífmassa eða 5,0 g/kg (þurrefni) að því er varðar jarðefnaeldsneyti í föstu formi þegar losunin er mæld í samræmi við aðferðina sem lýst er í 3. lið i. liðar í a-lið 4. liðar III. viðauka,

iii. losun efnisagna frá staðbundnum rýmishiturum með lokuðu eldhólfi fyrir eldsneyti í föstu formi, sem notar pressaðan við í formi pilla, skal ekki vera meiri en 20 mg/m^3 við 13% súrefni þegar losunin er mæld í samræmi við aðferðina, sem lýst er í 1. lið i. liðar í a-lið 4. liðar III. viðauka, eða 2,5 g/kg (þurrefni) þegar losunin er mæld í samræmi við aðferðina, sem lýst er í 2. lið i. liðar í a-lið 4. liðar III. viðauka, eða 1,2 g/kg (þurrefni) þegar losunin er mæld í samræmi við aðferðina sem lýst er í 3. lið i. liðar í a-lið 4. liðar III. viðauka.

b) Frá 1. janúar 2022 skal losun loftkenndra, lífrænna efnasambanda frá staðbundnum rýmishiturum, sem nota eldsneyti í föstu formi, ekki fara yfir eftirfarandi gildi:

i. losun loftkenndra, lífrænna efnasambanda frá staðbundnum rýmishiturum með opnu eldhólfi, sem nota eldsneyti í föstu formi, staðbundnum rýmishiturum með lokuðu eldhólfi, sem nota eldsneyti í föstu formi, þó ekki pressaðan við í formi pilla, og frá eldavélum skal ekki vera meiri en 120 mgC/m^3 við 13% súrefni,

ii. losun loftkenndra, lífrænna efnasambanda frá staðbundnum rýmishiturum með lokuðu eldhólfi fyrir eldsneyti í föstu formi, sem nota pressaðan við í formi pilla, skal ekki vera meiri en 60 mgC/m^3 við 13% súrefni.

c) Frá 1. janúar 2022 skal losun kolsýrings frá staðbundnum rýmishiturum, sem nota eldsneyti í föstu formi, ekki fara yfir eftirfarandi gildi:

i. losun kolsýrings frá staðbundnum rýmishiturum með opnu eldhólfi, sem nota eldsneyti í föstu formi, skal ekki vera meiri en 2 000 mg/m^3 við 13% súrefni,

ii. losun kolsýrings frá staðbundnum rýmishiturum með lokuðu eldhólfi, sem nota eldsneyti í föstu formi, þó ekki pressaðan við í formi pilla, og frá eldavélum skal ekki vera meiri en 1 500 mg/m^3 við 13% súrefni,

iii. losun kolsýrings frá staðbundnum rýmishiturum með lokuðu eldhólfi, fyrir eldsneyti í föstu formi, sem nota pressaðan við í formi pilla, skal ekki vera meiri en 300 mg/m^3 við 13% súrefni.

d) Frá 1. janúar 2022 skal losun köfnunarefnisoxíða frá staðbundnum rýmishiturum, sem nota eldsneyti í föstu formi, ekki fara yfir eftirfarandi gildi:

i. losun köfnunarefnisoxíða frá staðbundnum rýmishiturum með opnu eldhólfi, sem nota eldsneyti í föstu formi, staðbundnum rýmishiturum með lokuðu eldhólfi, sem nota eldsneyti í föstu formi, og frá eldavélum, sem nota lífmassa, skal ekki vera meiri en 200 mg/m^3, gefin upp sem NO_2, við 13% súrefni,

ii. losun köfnunarefnisoxíða frá staðbundnum rýmishiturum með opnu eldhólfi, sem nota eldsneyti í föstu formi, staðbundnum rýmishiturum með lokuðu eldhólfi, sem nota eldsneyti í föstu formi, og frá eldavélum, sem nota jarðefnaeldsneyti í föstu formi, skal ekki vera meiri en 300 mg/m^3, gefin upp sem NO_2, við 13% súrefni.

3. **Kröfur um vöruupplýsingar**

a) Frá 1. janúar 2022 skal gefa upp eftirfarandi vöruupplýsingar varðandi staðbundna rýmishitara sem nota eldsneyti í föstu formi:

i. Í notendahandbókum fyrir þá sem sjá um uppsetningu og endanlega notendur og á opnum vefsetrum framleiðenda, viðurkenndra fulltrúa þeirra og innflytjenda skulu eftirfarandi atriði koma fram:

1) tæknilegu upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í töflu 1, þar sem tæknilegir mæliþættir eru mældir og reiknaðir út, í samræmi við III. viðauka, og sem sýna fjölda marktækra talna í töflunni,

2) allar sérstakar varúðarráðstafanir sem gera verður þegar staðbundinn rýmishitari, sem notar eldsneyti í föstu formi, er settur saman, settur upp eða honum haldið við,

3) upplýsingar sem varða sundurhlutun, endurvinnslu og/eða förgun þegar varan er úr sér gengin.

ii. Að því er varðar samræmismat, skv. 4. gr., skulu tæknigögnin innihalda eftirfarandi þætti:

1) atriðin sem tilgreind eru í a-lið,

2) skrá yfir sambærilegar tegundir, ef við á,

3) ef ákjósanlegasta eldsneytið eða annað hentugt eldsneyti er annar viðarlífmassi, lífmassi úr öðru en viði, annað jarðefnaeldsneyti eða önnur blanda af lífmassa og jarðefnaeldsneyti, eins og um getur í töflu 1: lýsingu á eldsneytinu, sem nægir til að bera kennsl á eldsneytið án alls vafa, og tæknistaðalinn eða tækniforskriftir fyrir eldsneytið, þ.m.t. mælt rakainnihald og mælt öskuinnihald, og, að því er varðar annað jarðefnaeldsneyti, einnig mælt innihald rokgjarnra efna í eldsneytinu.

b) Frá 1. janúar 2022 skal gefa upp eftirfarandi vöruupplýsingar varðandi staðbundna rýmishitara sem nota eldsneyti í föstu formi:

i. aðeins að því er varðar staðbundna rýmishitara, sem nota eldsneyti í föstu formi og eru án reykháfs, og staðbundna rýmishitara, sem nota eldsneyti í föstu formi og eru án þéttrar reykháfstengingar: í notendahandbók fyrir endanlega notendur, á opnum vefsetrum framleiðenda og á umbúðum vörunnar skal eftirfarandi setning koma fram þannig að hún sjáist vel, sé vel læsileg og á tungumáli sem er auðskiljanlegt fyrir endanlega notendur aðildarríkjanna þar sem varan er sett á markað: „Þessi vara hentar ekki sem aðalhitagjafi“,

1) í notendahandbókinni fyrir endanlega notendur skal þessi setning vera á kápunni,

2) á opnum vefsetrum framleiðenda skal þessi setning sýnd með öðrum eiginleikum vörunnar,

3) á umbúðum vörunnar skal þessi setning vera á áberandi stað á umbúðunum þannig að endanlegur notandi sjái hana áður en hann kaupir vöruna.

Tafla 1:

Kröfur um upplýsingar fyrir staðbundna rýmishitara sem nota eldsneyti í föstu formi

Tegundarauðkenni:
Óbein hitunarvirkni: [já/nei]
Bein varmaafköst: …(kW)

Óbein varmaafköst: …(kW)

Eldsneyti	Ákjósanlegt eldsneyti (aðeins eitt):	Annað hentugt eða önnur hentug eldsneyti:	η_s [x%]:	Losun við rýmishitun við nafnvarmaafköst (*)				Losun við rýmishitun við lágmarksvarmaafköst (*) (**)			
				PM	OGC	CO	NO_x	PM	OGC	CO	NO_x
				[x] mg/Nm^3 (13% O_2)				[x] mg/Nm^3 (13% O_2)			
Trjábolir með rakainnihald ≤ 25%	[já/nei]	[já/nei]									
Pressaður viður með rakainnihald < 12%	[já/nei]	[já/nei]									
Annar viðarlífmassi	[já/nei]	[já/nei]									
Lífmassi úr öðru en viði	[já/nei]	[já/nei]									
Harðkol og þurrgufukol	[já/nei]	[já/nei]									
Harðkoks	[já/nei]	[já/nei]									
Lághitakoks	[já/nei]	[já/nei]									
Linkol	[já/nei]	[já/nei]									
Brúnkolakögglar	[já/nei]	[já/nei]									
Mókögglar	[já/nei]	[já/nei]									
Köggluð kol, blönduð með jarðefnaeldsneyti	[já/nei]	[já/nei]									
Annað jarðefnaeldsneyti	[já/nei]	[já/nei]									
Köggluð kol úr lífmassa, blönduð með jarðefnaeldsneyti	[já/nei]	[já/nei]									
Önnur blanda af lífmassa og eldsneyti í föstu formi	[já/nei]	[já/nei]									

Eiginleikar þegar einungis ákjósanlegt eldsneyti er notað

Liður	Tákn	Gildi	Eining
Varmaafköst			
Nafnvarmaafköst	P_{nom}	x	kW
Lágmarksvarmaafköst (leiðbeinandi)	P_{min}	[x,x/á ekki við]	kW
Aukaraforkunotkun			
Við nafnvarmaafköst	el_{max}	x,xxx	kW
Við lágmarksvarmaafköst	el_{min}	x,xxx	kW
Í reiðuham	el_{SB}	x,xxx	kW
Orkuþörf varanlegs kveikiloga			
Orkuþörf kveikiloga (ef við á)	P_{pilot}	[x,xxx/á ekki við]	kW

Liður	Tákn	Gildi	Eining
Notnýtni (á grundvelli NCV)			
Notnýtni við nafnvarmaafköst	$\eta_{th,nom}$	x,x	%
Notnýtni við lágmarks-varmaafköst (leiðbeinandi)	$\eta_{th,min}$	[x,x/á ekki við]	%
Tegund varmaafkastastýringar/hitastýringar (velja skal eina tegund)			
eins þreps hitun, án hitastýringar,		[já/nei]	
tveggja eða fleiri þrepa handvirk rýmishitun, án hitastýringar		[já/nei]	
með vélrænni hitastýringu		[já/nei]	
með rafrænni hitastýringu		[já/nei]	
með rafrænni hitastýringu og dagastillingu		[já/nei]	
með rafrænni hitastýringu og vikustillingu		[já/nei]	
Aðrir stýrimöguleikar (velja má marga möguleika)			
hitastýring með hreyfiskynjara		[já/nei]	
hitastýring sem skynjar opinn glugga		[já/nei]	
með fjarstýrimöguleika		[já/nei]	

Samskiptaupplýsingar	Nafn og heimilisfang framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans.

(*) PM= efnisagnir, OGC= loftkennd, lífræn efnasambönd, CO= kolsýringur, NOx= köfnunarefnisoxíð

(**) Aðeins krafist ef leiðréttingarstuðli F(2) eða F(3) er beitt.

III. VIÐAUKI

Mælingar og útreikningar

1. Í þeim tilgangi að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar og til sannprófunar á því að kröfur þessarar reglugerðar séu uppfylltar skal, við mælingar og útreikninga, nota samhæfða staðla, sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, eða aðrar áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir sem taka tillit til almennt viðurkenndra aðferða sem byggjast á nýjustu og fullkomnustu tækni. Þær skulu uppfylla öll skilyrðin sem sett eru fram í 2.–5. lið.

2. Almenn skilyrði sem varða mælingar og útreikninga

   a) Staðbundnir rýmishitarar, sem nota eldsneyti í föstu formi, skulu prófaðir með ákjósanlegu eldsneyti eða öðru hentugu eldsneyti sem tilgreint er í töflu 1 í II. viðauka.

   b) Uppgefin gildi fyrir nafnvarmaafköst og árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar skulu námunduð að næsta tugasæti.

   c) Uppgefin gildi fyrir losun skulu námunduð að næstu heilu tölu.

3. Almenn skilyrði að því er varðar árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar

   a) Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar (η_S) skal reiknuð út sem árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar í virkum ham ($\eta_{S,on}$), leiðrétt út frá upplýsingum um varmaafkastastýringu, aukaraforkunotkun og orkunotkun varanlegs kveikiloga.

   b) Raforkunotkun skal margfölduð með umreiknistuðlinum CC 2,5.

4. Almenn skilyrði að því er varðar losun

   a) Hvað varðar staðbundna rýmishitara, sem nota eldsneyti í föstu formi, skal mæla losun efnisagna (PM), loftkenndra, lífrænna efnasambanda (OGC), kolsýrings (CO) og köfnunarefnisoxíða (NO_x) samtímis ásamt orkunýtni rýmishitunar en þetta á þó ekki við um efnisagnir ef notuð er aðferðin í 2. lið i. liðar í a-lið 4. liðar eða 3. lið i. liðar í a-lið 4. liðar.

      i. Til að mæla losun efnisagna þarf einungis að nota eina af eftirfarandi þremur aðferðum sem hver um sig hefur tilteknar kröfur:

         1) Mæling á efnisögnum með því að taka hlutasýni af þurrum útblæstri yfir hitaðri síu. Mæling á efnisögnum í brunamyndefnum tækisins fer fram við nafnafköst og, ef við á, við hlutaálag.

         2) Mæling á efnisögnum með því að taka hlutasýni með þynntu útblásturslofti í allri brunahringrásinni með hjálp náttúrulegs trekks þar sem þynningarrör með fullu streymi og sía eru notuð við umhverfishita.

         3) Mæling á efnisögnum með því að taka hlutasýni með þynntu útblásturslofti á 30 mínútna tímabili með hjálp stöðugs trekks frá loftrásinni við 12 Pa þar sem þynningarrör með fullu streymi og sía eru notuð við umhverfishita eða rafstöðuskilja er notuð.

      ii. Mæling á loftkenndum, lífrænum efnasamböndum í brunamyndefnum tækisins fer fram með útdrætti, er samfelld og byggist á notkun logajónunarnema. Niðurstaðan er gefin upp í mg af kolefni. Mæling á loftkenndum lífrænum efnasamböndum í brunamyndefnum tækisins fer fram við nafnafköst og, ef við á, við hlutaálag.

      iii. Mæling á kolsýringi í brunamyndefnum tækisins fer fram með útdrætti, er samfelld og byggist á notkun innrauðs skynjara. Mæling á kolsýringi í brunamyndefnum tækisins fer fram við nafnafköst og, ef við á, við hlutaálag.

      iv. Mæling á köfnunarefnisoxíðum í brunamyndefnum tækisins fer fram með útdrætti, er samfelld og byggist á notkun efnaljómunarnema. Losun köfnunarefnisoxíða skal mæld sem summa köfnunarefnismónoxíðs og köfnunarefnistvíoxíðs, gefin upp sem köfnunarefnistvíoxíð. Mæling á köfnunarefnisoxíðum í brunamyndefnum tækisins fer fram við nafnafköst vörunnar og, ef við á, við hlutaálag.

b) Uppgefin gildi fyrir nafnvarmaafköst, árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar og árstíðabundna losun við rýmishitun skulu námunduð að næstu heilu tölu.

5. Sérstök skilyrði að því er varðar árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar

a) Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar, að því er varðar staðbundna rýmishitara, sem nota eldsneyti í föstu formi er skilgreind sem hér segir:

$$\eta_S = \eta_{S,on} - 10\% + F(2) + F(3) - F(4) - F(5)$$

Þar sem:

— $\eta_{S,on}$ er árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar í virkum ham, gefin upp í % og reiknuð út í samræmi við b-lið 5. liðar,

— $F(2)$ er leiðréttingarstuðull, gefinn upp í %, sem stendur fyrir jákvæða hlutdeild í árstíðabundinni orkunýtni rýmishitunar, sem leiðir af leiðréttum framlögum í tengslum við mismunandi tegundir hitastýribúnaðar til þæginda innanhúss, þar sem þessar tegundir eru gagnkvæmt útilokandi og ekki hægt að leggja þær saman,

— $F(3)$ er leiðréttingarstuðull, gefinn upp í prósentum, sem stendur fyrir jákvæða hlutdeild í árstíðabundinni orkunýtni rýmishitunar, sem leiðir af leiðréttum framlögum í tengslum við mismunandi tegundir hitastýribúnaðar til þæginda innanhúss, þar sem hægt er að leggja þessar tegundir saman,

— $F(4)$ er leiðréttingarstuðull, gefinn upp í %, sem stendur fyrir neikvætt framlag til árstíðabundinnar orkunýtni rýmishitunar vegna aukaraforkunotkunar,

— $F(5)$ er leiðréttingarstuðull, gefinn upp í %, sem stendur fyrir neikvætt framlag til árstíðabundinnar orkunýtni rýmishitunar vegna orkunotkunar varanlegs kveikiloga.

b) Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar í virkum ham er reiknuð út sem hér segir:

$$\eta_{S,on} = \eta_{th,nom}$$

Þar sem:

— $\eta_{th,nom}$ er notnýtni við nafnvarmaafköst, á grundvelli nettóvarmagildis.

c) Leiðréttingarstuðullinn *F(2)*, sem stendur fyrir jákvæða hlutdeild í árstíðabundinni orkunýtni rýmishitunar, sem leiðir af leiðréttum framlögum í tengslum við mismunandi tegundir hitastýribúnaðar til þæginda innanhúss, þar sem þessar tegundir eru gagnkvæmt útilokandi eða ekki hægt að leggja þær saman, er reiknaður út sem hér segir:

Að því er varðar allar tegundir staðbundinna rýmishitara, sem nota eldsneyti í föstu formi, jafngildir leiðréttingarstuðullinn *F(2)* einu þeirra gilda sem tilgreind eru í töflu 2, með hliðsjón af gildandi stýrieiginleikum. Aðeins má velja eitt gildi.

Tafla 2:

Leiðréttingarstuðull F(2)

Ef varan er útbúin (aðeins einn valkostur á við):	F(2)
eins þreps hitun, án hitastýringar,	0,0%
tveggja eða fleiri þrepa handvirkri rýmishitun, án hitastýringar	1,0%
með vélrænni hitastýringu	2,0%
með rafrænni hitastýringu	4,0%
með rafrænni hitastýringu og dagastillingu	6,0%
með rafrænni hitastýringu og vikustillingu	7,0%

$F(2)$ skal vera núll fyrir staðbundna rýmishitara, sem nota eldsneyti í föstu formi, sem uppfylla ekki kröfurnar um losun í 2. lið II. viðauka ef hitastýringin er stillt á lágmarksvarmaafköst. Varmaafköstin við þessa stillingu mega ekki vera meiri en 50% af nafnvarmaafköstum.

d) Leiðréttingarstuðullinn *F*(3), sem stendur fyrir jákvæða hlutdeild í árstíðabundinni orkunýtni rýmishitunar, sem leiðir af leiðréttum framlögum í tengslum við mismunandi tegundir hitastýribúnaðar til þæginda innanhúss, þar sem hægt er að leggja þessar tegundir saman, er reiknaður út sem hér segir:

Leiðréttingarstuðullinn *F(3)* fyrir alla staðbundna rýmishitara, sem nota eldsneyti í föstu formi, er summa þeirra gilda sem tilgreind eru í töflu 3, með hliðsjón af gildandi stýrieiginleikum.

Tafla 3

Leiðréttingarstuðull F(3)

Ef varan er útbúin (margir valkostir geta átt við):	F(3)
hitastýringu með hreyfiskynjara	1,0%
hitastýringu sem skynjar opinn glugga	1,0%
með fjarstýrimöguleika	1,0%

F(3) skal vera núll fyrir staðbundna rýmishitara, sem nota eldsneyti í föstu formi, sem uppfylla ekki kröfurnar um losun í 2. lið II. viðauka ef hitastýringin er stillt á lágmarksvarmaafköst. Varmaafköstin við þessa stillingu mega ekki vera meiri en 50% af nafnvarmaafköstum.

e) Leiðréttingarstuðullinn *F(4)* fyrir aukaraforkunotkun er reiknaður út sem hér segir:

Þessi leiðréttingarstuðull tekur tillit til aukaraforkunotkunar í virkum ham og reiðuham.

$$F(4) = CC \cdot \frac{0.2 \cdot el_{max} + 0.8 \cdot el_{min} + 1.3 \cdot el_{sb}}{P_{nom}} \cdot 100[\%]$$

Þar sem:

— el_{max} er raforkunotkun, gefin upp í kW, við nafnvarmaafköst,

— el_{min} er raforkunotkun, gefin upp í kW, við lágmarksvarmaafköst; ef varan býður ekki upp lágmarksvarmaafköst skal nota gildið fyrir raforkunotkun við nafnvarmaafköst,

— el_{sb} er raforkunotkun vörunnar, gefin upp í kW, meðan hún er í reiðuham,

— P_{nom} er nafnvarmaafköst vörunnar, gefin upp í kW.

f) Leiðréttingarstuðullinn *F(5)* tengist orkunotkun varanlegs kveikiloga og er reiknaður út sem hér segir:

Þessi leiðréttingarstuðull tekur tillit til orkuþarfar varanlegs kveikiloga.

$$F(5) = 0.5 \cdot \frac{P_{pilot}}{P_{nom}} \cdot 100[\%]$$

Þar sem:

— P_{pilot} er orkunotkun kveikiloga, gefin upp í kW,

— P_{nom} er nafnvarmaafköst vörunnar, gefin upp í kW.

IV. VIÐAUKI

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Við markaðseftirlit það sem um getur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB skulu yfirvöld í aðildarríkjunum beita eftirfarandi sannprófunaraðferð að því er varðar kröfurnar í II. viðauka:

1. Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu prófa staka einingu af hverri tegund. Einingin skal prófuð með einni eða fleiri tegundum eldsneytis, sem hafa svipaða eiginleika og eldsneytið eða eldsneytin sem framleiðandinn notaði til að framkvæma mælingar í samræmi við III. viðauka.

2. Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur, sem settar eru fram í II. viðauka við þessa reglugerð, ef:

   a) tilgreind gildi eru í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í II. viðauka,

   b) árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar, η_s, er ekki meira en 5% lægri en gildið sem gefið er upp,

   c) losun:

      1) efnisagna fer ekki meira yfir tilgreint gildi en 20 mg/m^3 við 13% súrefni að því er varðar staðbundna rýmishitara með opnu eldhólfi, sem nota eldsneyti í föstu formi, staðbundna rýmishitara með lokuðu eldhólfi, sem nota eldsneyti í föstu formi, þó ekki pressaðan við í formi pilla, og eldavélar og 10 mg/m^3 við 13% súrefni að því er varðar staðbundna rýmishitara með lokuðu eldhólfi fyrir eldsneyti í föstu formi, sem nota pressaðan við í formi pilla, þegar mælingar fara fram í samræmi við aðferðina, sem lýst er í 1. lið i. liðar í a-lið 4. liðar III. viðauka, eða meira en 1 g/kg þegar mælingar fara fram í samræmi við aðferðina, sem lýst er í 2. lið i. liðar í a-lið 4. liðar III. viðauka, eða meira en 0,8 g/kg þegar mælingar fara fram í samræmi við aðferðina sem lýst er í 3. lið i. liðar í a-lið 4. liðar III. viðauka,

      2) loftkenndra, lífrænna efnasambanda fer ekki meira en 25 mgC/m^3 yfir tilgreint gildi við 13% súrefni að því er varðar staðbundna rýmishitara með opnu eldhólfi, sem nota eldsneyti í föstu formi, staðbundna rýmishitara með lokuðu eldhólfi, sem nota eldsneyti í föstu formi, þó ekki pressaðan við í formi pilla, og eldavélar og 15 mgC/m^3 við 13% súrefni að því er varðar staðbundna rýmishitara með lokuðu eldhólfi fyrir eldsneyti í föstu formi sem nota pressaðan við í formi pilla,

      3) kolsýrings fer ekki meira en 275 mg/m^3 yfir tilgreint gildi við 13% súrefni að því er varðar staðbundna rýmishitara með opnu eldhólfi, sem nota eldsneyti í föstu formi, staðbundna rýmishitara með lokuðu eldhólfi, sem nota eldsneyti í föstu formi, þó ekki pressaðan við í formi pilla, og eldavélar og 60 mg/m^3 við 13% súrefni að því er varðar staðbundna rýmishitara með lokuðu eldhólfi fyrir eldsneyti í föstu formi sem nota pressaðan við í formi pilla,

      4) köfnunarefnisoxíða fer ekki meira yfir tilgreint gildi en 30 mg/m^3 við 13% súrefni, gefin upp sem köfnunarefnistvíoxíð (NO_2).

3. Ef niðurstöðurnar, sem um getur í a-lið 2. liðar, fást ekki telst tegundin og allar sambærilegar tegundir ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar. Ef einhverjar niðurstaðnanna, sem um getur í b- eða c-lið 2. liðar, fást ekki skulu yfirvöld aðildarríkis velja, af handahófi, þrjár viðbótareiningar af sömu tegund til prófunar. Að öðrum kosti mega þessar þrjár viðbótareiningar, sem eru valdar, vera af einni eða fleiri mismunandi tegundum sem hafa verið skráðar sem sambærileg vara í tæknigögnum framleiðanda.

4. Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur, sem settar eru fram í II. viðauka við þessa reglugerð, ef:

   a) tilgreind gildi fyrir viðbótareiningarnar þrjár eru í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í II. viðauka,

   b) meðaltal árstíðabundinnar orkunýtni rýmishitunar, η_s, fyrir viðbótareiningarnar þrjár er ekki meira en 5% lægra en gildið sem gefið er upp,

c) meðaltalslosun viðbótareininganna þriggja á:

1) efnisögnum fer ekki meira yfir tilgreint gildi en 20 mg/m^3 við 13% súrefni að því er varðar staðbundna rýmishitara með opnu eldhólfi, sem nota eldsneyti í föstu formi, staðbundna rýmishitara með lokuðu eldhólfi, sem nota eldsneyti í föstu formi, þó ekki pressaðan við í formi pilla, og eldavélar og 10 mg/m^3 við 13% súrefni að því er varðar staðbundna rýmishitara með lokuðu eldhólfi fyrir eldsneyti í föstu formi, sem nota pressaðan við í formi pilla, þegar losunin er mæld í samræmi við aðferðina, sem lýst er í 1. lið i. liðar í a-lið 4. liðar III. viðauka og meira en 1 g/kg þegar losunin er mæld í samræmi við aðferðina, sem lýst er í 2. lið i. liðar í a-lið 4. liðar III. viðauka, eða meira en 0,8 g/kg þegar losunin er mæld í samræmi við aðferðina sem lýst er í 3. lið i. liðar í a-lið 4. liðar III. viðauka,

2) loftkenndum, lífrænum efnasamböndum fer ekki meira en 25 mgC/m^3 yfir tilgreint gildi við 13% súrefni að því er varðar staðbundna rýmishitara með opnu eldhólfi, sem nota eldsneyti í föstu formi, staðbundna rýmishitara með lokuðu eldhólfi, sem notaeldsneyti í föstu formi, þó ekki pressaðan við í formi pilla, og eldavélar og 15 mgC/m^3 við 13% súrefni að því er varðar staðbundna rýmishitara með lokuðu eldhólfi fyrir eldsneyti í föstu formi, sem nota pressaðan við í formi köggla,

3) kolsýringi fer ekki meira en 275 mg/m^3 yfir tilgreint gildi við 13% súrefni að því er varðar staðbundna rýmishitara með opnu eldhólfi, sem nota eldsneyti í föstu formi, staðbundna rýmishitara með lokuðu eldhólfi, sem nota eldsneyti í föstu formi, þó ekki pressaðan við í formi pilla, og eldavélar og 60 mg/m^3 við 13% súrefni að því er varðar staðbundna rýmishitara með lokuðu eldhólfi fyrir eldsneyti í föstu formi, sem nota pressaðan við í formi pilla,

4) köfnunarefnisoxíðum fer ekki meira yfir tilgreint gildi en 30 mg/m^3 við 13% súrefni, gefin upp sem köfnunarefnistvíoxíð (NO_2).

5. Ef niðurstöðurnar, sem um getur í 4. lið, fást ekki telst tegundin og allar sambærilegar tegundir ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar.

Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu gefa yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni upp niðurstöður úr prófunum og aðrar viðeigandi upplýsingar innan eins mánaðar frá því að ákvörðun um að tegundin uppfylli ekki ákvæðin liggur fyrir.

6. Yfirvöld í aðildarríkjum skulu nota mæli- og reikningsaðferðirnar sem settar eru fram í III. viðauka.

Vikmörk sannprófana, sem skilgreind eru í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á mældum mæliþáttum og skal birgirinn ekki nota þá sem leyfileg vikmörk til að ákvarða gildin sem gefin eru upp í tæknigögnunum.

V. VIÐAUKI

Leiðbeinandi viðmiðanir sem um getur í 6. gr.

Við gildistöku þessarar reglugerðar var neðangreint tilgreint sem besta, fáanlega tækni á markaði fyrir staðbundna rýmishitara, sem nota eldsneyti í föstu formi, að því er varðar árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar og losun efnisagna, kolsýrings, loftkenndra, lífrænna efnasambanda og köfnunarefnisoxíða. Við gildistöku þessarar reglugerðar taldist enginn staðbundinn rýmishitari, sem notar eldsneyti í föstu formi, hafa uppfyllt öll þau gildi sem tilgreind eru í 1-5. lið. Margir staðbundnir rýmishitarar, sem nota eldsneyti í föstu formi, uppfylltu eitt eða fleiri af eftirfarandi gildum:

1. Sérstakar viðmiðanir fyrir árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar að því er varðar staðbundna rýmishitara sem nota eldsneyti í föstu formi:

   a) viðmiðun fyrir árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar að því er varðar staðbundna rýmishitara með opnu eldhólfi, sem nota eldsneyti í föstu formi: 47%,

   b) viðmiðun fyrir árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar að því er varðar staðbundna rýmishitara með lokuðu eldhólfi, sem nota eldsneyti í föstu formi, þó ekki pressaðan við í formi pilla: 86%,

   c) viðmiðun fyrir árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar að því er varðar staðbundna rýmishitara með lokuðu eldhólfi fyrir eldsneyti í föstu formi, sem nota pressaðan við í formi pilla: 94%,

   d) viðmiðun fyrir árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar að því er varðar eldavélar sem nota eldsneyti í föstu formi: 75%.

2. Sérstakar viðmiðanir fyrir losun efnisagna frá staðbundnum rýmishiturum sem nota eldsneyti í föstu formi:

   a) viðmiðun fyrir losun efnisagna að því er varðar staðbundna rýmishitara með opnu eldhólfi, sem nota eldsneyti í föstu formi, staðbundna rýmishitara með lokuðu eldhólfi, sem nota eldsneyti í föstu formi, þó ekki pressaðan við í formi pilla, og eldavélar: 20 mg/m^3 við 13% súrefni þegar mælingar fara fram í samræmi við aðferðina sem lýst er í 1. lið i. liðar í a-lið 4. liðar III. viðauka,

   b) viðmiðun fyrir losun efnisagna að því er varðar staðbundna rýmishitara með lokuðu eldhólfi fyrir eldsneyti í föstu formi, sem nota pressaðan við í formi pilla: 10 mg/m^3 við 13% súrefni þegar mælingar fara fram í samræmi við aðferðina sem lýst er í 1. lið i. liðar í a-lið 4. liðar III. viðauka.

3. Sérstakar viðmiðanir fyrir losun loftkenndra, lífrænna efnasambanda að því er varðar staðbundna rýmishitara sem nota eldsneyti í föstu formi:

   a) viðmiðun fyrir losun loftkenndra, lífrænna efnasambanda að því er varðar staðbundna rýmishitara með opnu eldhólfi, sem nota eldsneyti í föstu formi, staðbundna rýmishitara með lokuðu eldhólfi, sem nota eldsneyti í föstu formi, þó ekki pressaðan við í formi pilla, og eldavélar: 30 mg/m^3 við 13% súrefni,

   b) viðmiðun fyrir losun loftkenndra, lífrænna efnasambanda að því er varðar staðbundna rýmishitara með lokuðu eldhólfi fyrir eldsneyti í föstu formi, sem nota pressaðan við í formi pilla: 10 mg/m^3 við 13% súrefni.

4. Sérstakar viðmiðanir fyrir losun kolsýrings að því er varðar staðbundna rýmishitara sem nota eldsneyti í föstu formi:

   a) viðmiðun fyrir losun kolsýrings að því er varðar staðbundna rýmishitara með opnu eldhólfi, sem nota eldsneyti í föstu formi, staðbundna rýmishitara með lokuðu eldhólfi, sem nota eldsneyti í föstu formi, þó ekki pressaðan við í formi pilla, og eldavélar: 500 mg/m^3 við 13% súrefni,

   b) viðmiðun fyrir losun kolsýrings að því er varðar staðbundna rýmishitara með lokuðu eldhólfi, sem nota eldsneyti í föstu formi, þó ekki pressaðan við í formi pilla: 250 mg/m^3 við 13% súrefni.

5. Sérstakar viðmiðanir fyrir losun köfnunarefnisoxíða (NO_x) að því er varðar staðbundna rýmishitara sem nota eldsneyti í föstu formi:

   a) viðmiðun fyrir losun köfnunarefnisoxíða að því er varðar staðbundna rýmishitara með opnu eldhólfi, sem nota eldsneyti í föstu formi, staðbundna rýmishitara með lokuðu eldhólfi, sem nota eldsneyti í föstu formi, og eldavélar: 50 mg/m^3 við 13% súrefni.

Viðmiðanirnar, sem tilgreindar eru í 1.-5. lið, gefa ekki endilega til kynna að hægt sé að ná samsetningu þessara gilda í einum staðbundnum rýmishitara sem notar eldsneyti í föstu formi.

Dæmi um góða samsetningu, hvað varðar staðbundna rýmishitara með opnu eldhólfi, sem nota eldsneyti í föstu formi, er tegund sem þegar er til og er með árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar sem nemur 83% og losun sem nemur 33 mg/m^3 frá efnisögnum við 13% súrefni, 69 mg/m^3 frá loftkenndum lífrænum efnasamböndum við 13% súrefni, 1125 mg/m^3 frá kolsýringi við 13% súrefni og 115 mg/m^3 frá köfnunarefnisoxíðum við 13% súrefni.

Dæmi um góða samsetningu, hvað varðar staðbundna rýmishitara með lokuðu eldhólfi fyrir eldsneyti í föstu formi, sem nota pressaðan við í formi pilla, er tegund sem þegar er til og er með árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar sem nemur 91%, 22 mg/m^3 losun efnisagna við 13% súrefni, 6 mg/m^3 losun loftkenndra, lífrænna efnasambanda við 13% súrefni, 312 mg/m^3 losun kolsýrings við 13% súrefni og 121 mg/m^3 losun köfnunarefnisoxíða við 13% súrefni.

Dæmi um góða samsetningu, hvað varðar eldavélar, er tegund sem þegar er til og er með árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar sem nemur 78%, 38 mg/m^3 losun efnisagna við 13% súrefni, 66 mg/m^3 losun loftkenndra, lífrænna efnasambanda við 13% súrefni, 1 375 mg/m^3 losun kolsýrings við 13% súrefni og 71 mg/m^3 losun köfnunarefnisoxíða við 13% súrefni.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1188 **2016/EES/27/74**

frá 28. apríl 2015

um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun staðbundinna rýmishitara (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur (**1**), einkum 1. mgr. 15. gr.,

að höfðu samráði á samráðsvettvanginum, sem um getur í 18. gr. tilskipunar 2009/125/EB,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Þess er krafist í tilskipun 2009/125/EB að framkvæmdastjórnin setji fram kröfur varðandi visthönnun, að því er varðar orkutengdar vörur sem eru umtalsverður hluti sölu og viðskipta, hafa veruleg umhverfisáhrif og búa yfir miklum möguleikum til umbóta að því er varðar umhverfisáhrif þeirra, án þess að umbótunum fylgi óhóflegur kostnaður.

2) Í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2009/125/EB er kveðið á um að framkvæmdastjórnin ætti, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 19. gr. og viðmiðanirnar sem settar eru fram í 2. mgr. 15. gr. og að höfðu samráði á samráðsvettvanginum, að innleiða, eftir því sem við á, framkvæmdarráðstafanir fyrir vörur, sem gefa mikla möguleika á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á kostnaðarhagkvæman hátt, t.d. staðbundna rýmishitara.

3) Framkvæmdastjórnin hefur látið fara fram undirbúningsrannsókn þar sem tækni-, umhverfis- og efnahagsgreining var gerð á staðbundnum rýmishiturum sem venjulega eru notaðir til að hita upp íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Rannsóknin hefur verið þróuð með hagsmunaaðilum og hlutaðeigandi aðilum frá Sambandinu og þriðju löndum og hafa niðurstöðurnar verið gerðar aðgengilegar öllum.

4) Þeir umhverfisþættir staðbundinna rýmishitara sem taldir eru mikilvægir hvað þessa reglugerð varðar eru orkunotkun og losun köfnunarefnisoxíða á notkunarstiginu.

5) Undirbúningsrannsóknin sýnir að frekari kröfur varðandi aðra mæliþætti visthönnunar, sem um getur í 1. hluta I. viðauka við tilskipun 2009/125/EB, eru ekki nauðsynlegar fyrir staðbundna rýmishitara.

6) Gildissvið þessarar reglugerðar ætti að taka til staðbundinna rýmishitara sem eru hannaðir fyrir loftkennt eða fljótandi eldsneyti og rafmagn. Staðbundnir rýmishitarar, sem hafa óbeina vökvahitunarvirkni, falla einnig undir gildissvið þessarar reglugerðar.

7) Árleg orkunotkun, sem tengist staðbundnum rýmishiturum, var áætluð 1673 PJ (40,0 milljónir tonna olíuígilda) í Sambandinu árið 2010, sem samsvarar 75,3 Mt losun koltvísýrings. Gert er ráð fyrir að árleg orkunotkun, sem tengist staðbundnum rýmishiturum, verði 1630 PJ (39,0 milljónir tonna olíuígilda) árið 2020 sem samsvarar 71,6 Mt losun koltvísýrings.

8) Mögulegt er að draga úr orkunotkun staðbundinna rýmishitara með því að beita fyrirliggjandi tækni, sem ekki er háð einkaleyfi, án þess að hækka samanlagðan kostnað við að kaupa og nota þessar vörur.

9) Árleg losun köfnunarefnisoxíða (NO_x) frá staðbundnum rýmishiturum var áætluð 5,6 kílótonn af jafngildiseiningum brennisteinsoxíða (SO_x) árið 2010. Sökum tækniþróunar og sértækra ráðstafana, sem aðildarríkin hafa þegar samþykkt, er búist við því að þessi losun verði 4,9 kílótonn af jafngildiseiningum brennisteinsoxíða árið 2020.

10) Mögulegt er að draga enn frekar úr losun frá staðbundnum rýmishiturum með því að beita fyrirliggjandi tækni, sem ekki er háð einkaleyfi, án þess að hækka samanlagðan kostnað við að kaupa og nota þessar vörur.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 193, 21.7.2015, bls. 76. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtíð. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10.

11) Gert er ráð fyrir því að visthönnunarkröfurnar, sem settar eru fram í þessari reglugerð og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1186 ([2]), leiði til þess að áætlaður árlegur orkusparnaður árið 2020 verði u.þ.b. 157 PJ (3,8 milljónir tonna olíuígilda) og tilheyrandi koltvísýringslosun skerðist um 6,7 Mt.

12) Gert er ráð fyrir því að eigi síðar en 2020 muni visthönnunarkröfurnar, sem settar eru fram í þessari reglugerð, leiða til þess að losun jafngildiseininga brennisteinsoxíða skerðist um 0,6 kílótonn/ári.

13) Þessi reglugerð tekur til vara með mismunandi tæknilega eiginleika. Ef sömu orkunýtnikröfur giltu um þessar vörur yrði tiltekin tækni bönnuð á markaði sem myndi hafa neikvæð áhrif á neytendur. Kröfur varðandi visthönnun, sem taka mið af möguleikum hverrar tækni, skapa af þessum sökum jafnari samkeppnisskilyrði á markaðinum.

14) Kröfur varðandi visthönnun ættu að samræma kröfur um orkunotkun og losun köfnunarefnisoxíða að því er varðar staðbundna rýmishitara í öllu Sambandinu og bæta þannig starfsemi innri markaðarins og aukinn vistvænleika þessara vara.

15) Orkunýtni staðbundinna rýmishitara minnkar við raunverulega starfrækslu þegar miðað er við orkunýtnina sem mælist við prófun. Til þess að árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar nálgist notorkunýtni ætti að hvetja framleiðendur til að nota stýribúnað af einhverju tagi. Í þessum tilgangi er gert ráð fyrir mismun á þessum tveimur gildum sem felur í sér almennan frádrátt. Þennan frádrátt má minnka með því að velja nokkra stýrimöguleika.

16) Kröfur varðandi visthönnun ættu ekki að hafa áhrif á virkni eða að verð staðbundinna rýmishitara sé viðráðanlegt frá sjónarhóli endanlegs notanda og ættu ekki að hafa neikvæð áhrif á heilbrigði, öryggi eða umhverfið.

17) Tímaramminn til að innleiða kröfur varðandi visthönnun ætti að gefa framleiðendum nægan tíma til að endurhanna vörurnar sem falla undir þessa reglugerð. Setja ætti tímamörk, með tilliti til áhrifa á kostnað fyrir framleiðendur, einkum á lítil og meðalstór fyrirtæki, en jafnframt tryggja að markmið þessarar reglugerðar náist tímanlega.

18) Mæliþætti vöru ætti að mæla og reikna út með því að nota áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar mæli- og reikningsaðferðir sem taka mið af viðurkenndum mæliaðferðum, sem byggjast á nýjustu og fullkomnustu tækni, þ.m.t. samhæfðum stöðlum, þar sem þeir eru fyrir hendi, sem eru samþykktir af evrópskum staðlastofnunum í kjölfar beiðni framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við málsmeðferðarreglurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 ([3]).

19) Í þessari reglugerð eru tilgreindar hvaða aðferðir gilda við samræmismat, í samræmi við 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

20) Til að auðvelda eftirlit með því að farið sé að kröfum ættu framleiðendur að veita upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í tæknigögnunum sem um getur í IV. og V. viðauka við tilskipun 2009/125/EB, að því marki sem þær tengjast kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

21) Til að takmarka enn frekar umhverfisáhrif staðbundinna rýmishitara ættu framleiðendur að veita upplýsingar um sundurhlutun, endurvinnslu og förgun.

22) Til viðbótar við þær lagalega bindandi kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð ætti að ákvarða leiðbeinandi viðmiðanir fyrir bestu, fáanlegu tækni til að tryggja mikið framboð og greiðan aðgang að upplýsingum um vistvænleika staðbundinna rýmishitara á vistferlinum.

23) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1186 frá 24. apríl 2015 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar staðbundinna rýmishitara (Stjtíð. ESB L 193, 21.7.2015, bls. 20).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun og breytingu á tilskipunum ráðsins 89/686/EBE og 93/15/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB, 94/25/EB, 95/16/EB, 97/23/EB, 98/34/EB, 2004/22/EB, 2007/23/EB, 2009/23/EB og 2009/105/EB og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 87/95/EBE og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1673/2006/EB (Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

Með þessari reglugerð eru settar kröfur varðandi visthönnun að því er varðar að setja á markað og taka í notkun staðbundna rýmishitara til heimilisnota með nafnvarmaafköst sem nema 50 kW eða minna og staðbundna rýmishitara til notkunar í atvinnuskyni þar sem varan eða stakur hluti vörunnar hefur nafnvarmaafköst sem nema 120 kW eða minna.

Þessi reglugerð gildir ekki um:

a) staðbundna rýmishitara sem nota gufuþjöppunarhringrás eða sogshringrás til að framleiða varma og sem ganga fyrir rafmagnsþjöppum eða eldsneyti,

b) staðbundna rýmishitara, sem eru ætlaðir í öðrum tilgangi en til húshitunar, til að ná og viðhalda þægilegu hitastigi með varmastreymi eða -geislun,

c) staðbundna rýmishitara sem eru eingöngu ætlaðir til notkunar utandyra,

d) staðbundna rýmishitara þar sem bein varmaafköst miðað við nafnvarmaafköst eru minni en 6% af samanlögðum beinum og óbeinum varmaafköstum,

e) vörur til lofthitunar,

f) gufubaðsofna,

g) undirhitara rýmis.

2. gr.

Skilgreiningar

Auk skilgreininganna, sem settar eru fram í 2. gr. tilskipunar 2009/125/EB, er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „staðbundinn rýmishitari“: rýmishitari, sem gefur frá sér varma, annaðhvort með beinum varmaflutningi eða með beinum varmaflutningi í tengslum við varmaflutning yfir í vökva, til að ná og viðhalda þægilegu hitastigi í lokuðu rými þar sem búnaðurinn er staðsettur, hugsanlega þar sem varmi berst yfir í önnur rými, og er búinn einum eða fleiri varmagjöfum, sem breyta rafmagni, loftkenndu eða fljótandi eldsneyti beint í varma, annars vegar með því að nýta Joule-virknina og hins vegar með því að brenna eldsneyti,

2) „staðbundinn rýmishitari til heimilisnota“: staðbundinn rýmishitari sem er ekki til notkunar í atvinnuskyni,

3) „staðbundinn rýmishitari sem notar loftkennt eldsneyti“: staðbundinn rýmishitari sem notar loftkennt eldsneyti og er með opnu eða lokuðu eldhólfi,

4) „staðbundinn rýmishitari sem notar fljótandi eldsneyti“: staðbundinn rýmishitari sem notar fljótandi eldsneyti og er með opnu eða lokuðu eldhólfi,

5) „staðbundinn rafmagnsrýmishitari“: staðbundinn rýmishitari sem nýtir Joule-virknina til að framleiða varma,

6) „staðbundinn rýmishitari til notkunar í atvinnuskyni“: annaðhvort staðbundinn lýsandi rýmishitari eða staðbundinn pípugeislahitari fyrir rými,

7) „staðbundinn rýmishitari með opnu eldhólfi“: staðbundinn rýmishitari, sem notar loftkennt eða fljótandi eldsneyti, þar sem logstæði og brennslulofttegundir eru ekki einangruð frá rýminu þar sem varan er sett upp og sem er með þétta tengingu við reykháf eða op eldstæðis eða sem þarf reykrör til að leiða burt myndefni brunans,

8) „staðbundinn rýmishitari með lokuðu eldhólfi“: staðbundinn rýmishitari, sem notar loftkennt eða fljótandi eldsneyti, þar sem logstæði og brennslulofttegundir eru einangruð frá rýminu þar sem varan er sett upp og sem er með þétta tengingu við reykháf eða op eldstæðis eða sem þarf reykrör til að leiða burt myndefni brunans,

9) „færanlegur rafmagnsrýmishitari“: staðbundinn rafmagnsrýmishitari, sem er ekki fastur rafmagnsrýmishitari, staðbundinn rafmagnsrýmishitari með varmageymi, staðbundinn rafmagnsgólfhitari, staðbundinn rafmagnsgeislahitari fyrir rými, staðbundinn rafmagnsglóhitari fyrir rými eða undirhitari rýmis,

10) „fastur rafmagnsrýmishitari“: staðbundinn rafmagnsrýmishitari sem er ekki ætlað að safna varmaorku og er hannaður til notkunar þar sem hann er festur eða honum komið tryggilega fyrir á tilteknum stað eða hengdur upp á vegg og er ekki innbyggður í burðarvirki eða innréttingu byggingar,

11) „staðbundinn rafmagnsrýmishitari með varmageymi“: staðbundinn rafmagnsrýmishitari sem er hannaður til að geyma varma í einangruðum varmasafnkjarna og miðla honum í marga klukkutíma eftir söfnunarfasann,

12) „staðbundinn rafmagnsgólfhitari“: staðbundinn rafmagnsrýmishitari sem er hannaður til notkunar þar sem hann er innbyggður í burðarvirki eða innréttingu,

13) „staðbundinn rafmagnsgeislahitari fyrir rými“: staðbundinn rafmagnsrýmishitari þar sem snúa á hitaldinu beint að notkunarstað þannig að hitageislun þess hitar með beinum hætti þeim einstaklingum sem á að hita og þar sem hitastig grindarinnar, sem hylur hitaldið, hækkar um a.m.k. 130 °C við venjulega notkun og/eða hitastig annarra flata hækkar um 100 °C,

14) „staðbundinn rafmagnsglóhitari fyrir rými“: staðbundinn rafmagnsrýmishitari þar sem hitaldið er sjáanlegt utan á hitaranum og hitastig þess er a.m.k. 650 °C við venjulega notkun,

15) „gufubaðsofn“: vara fyrir rýmishitun sem er innbyggð í eða ætluð til notkunar í þurrgufu- eða blautgufubaði eða sambærilegu umhverfi,

16) „undirhitari rýmis“ (e. slave heater): staðbundinn rafmagnsrýmishitari sem ekki er hægt að starfrækja einan og sér heldur þarf hann að fá merki frá aðalstjórnbúnaði, sem er ekki hluti af vörunni en tengist henni þráðlaust, fyrir tilstuðlan merkjataugar, raflínu eða sambærilegrar tækni, í því skyni að stjórna varmaútgeisluninni í herberginu þar sem varan er sett upp,

17) „staðbundinn lýsandi rýmishitari“: staðbundinn rýmishitari, sem notar loftkennt eða fljótandi eldsneyti og er búinn brennara til uppsetningar fyrir ofan höfuðhæð sem beina á að upphitunarstað þannig að varmaútgeislun frá brennaranum, sem er aðallega innrauð geislun, hitar með beinum hætti þeim einstaklingum sem á að hita og losar myndefni brunans í því rými sem hann er staðsettur í,

18) „staðbundinn pípugeislahitari fyrir rými“: staðbundinn rýmishitari, sem notar loftkennt eða fljótandi eldsneyti og er búinn brennara til uppsetningar fyrir ofan höfuðhæð, nálægt þeim einstaklingum sem á að hita, sem hitar rýmið aðallega með innrauðum geislum frá pípu eða pípum, sem hitna þegar brennsluafurðir streyma í gegnum þær og þar sem reykrör er notað til að leiða burt myndefni brunans,

19) „pípugeislahitunarkerfi“: staðbundinn pípugeislahitari fyrir rými sem er búinn fleiri en einum brennara þar sem myndefni brunans frá einum brennara geta farið yfir í næsta brennara og myndefni brunans frá mörgum brennurum eru leidd burt með einni viftu,

20) „pípugeislahitunareining“: hluti af pípugeislahitunarkerfi sem hefur alla þá þætti sem þörf er á fyrir sjálfstæða starfrækslu og sem hægt er að prófa einan og sér, óháð öðrum hlutum pípugeislahitunarkerfis,

21) „rýmishitari án reykháfs“: staðbundinn rýmishitari, sem notar loftkennt eða fljótandi eldsneyti, sem losar myndefni brunans í því rými þar sem hann er staðsettur, þó ekki staðbundinn lýsandi rýmishitari,

22) „rýmishitari án þéttrar reykháfstengingar“: staðbundinn rýmishitari, sem notar loftkennt eða fljótandi eldsneyti og sem staðsetja á undir reykháf eða inni í eldstæði, án þéttrar tengingar milli vörunnar og ops skorsteinsins eða eldstæðisins, sem gerir myndefni brunans kleift að flæða óhindrað frá logstæðinu til reykháfsins eða loftrásarinnar,

23) „vara til lofthitunar“: vara, sem framleiðir eingöngu varma til lofthitunarkerfis, sem getur verið búin loftrásum og sem er hönnuð til notkunar á tilteknum stað þar sem hún er fest eða henni komið tryggilega fyrir eða hengd upp á vegg, þar sem hún kemur loftinu á hreyfingu með viftu til að ná og viðhalda þægilegu hitastigi í lokaða rýminu þar sem varan er staðsett,

24) „bein varmaafköst“: varmaafköst vörunnar með varmageislun og varmastreymi, sem varan sjálf gefur frá sér út í andrúmsloftið, að undanskildum varmaafköstum vörunnar til varmaflutningsvökva, gefin upp sem kW,

25) „óbein varmaafköst“: varmaafköst vörunnar til varmaflutningsvökva af völdum sama varmaframleiðsluferlisins sem stendur líka undir beinum varmaafköstum vörunnar, gefin upp sem kW,

26) „óbein hitunarvirkni“: varan getur flutt hluta af heildarvarmaafköstum sínum til varmaflutningsvökva sem nýtist til rýmishitunar eða framleiðslu á heitu vatni til heimilisnota,

27) „nafnvarmaafköst“ (P_{nom}): varmaafköst staðbundins rýmishitara, gefin upp sem kW, sem samanstendur af bæði beinum varmaafköstum og óbeinum varmaafköstum, (eftir atvikum), þegar hann er starfræktur á stillingunni hámarksvarmaafköst sem hægt er að viðhalda til lengri tíma, eins og framleiðandi gefur upp,

28) „lágmarksvarmaafköst“ (P_{min}): varmaafköst staðbundins rýmishitara, gefin upp sem kW, sem samanstendur af bæði beinum varmaafköstum og óbeinum varmaafköstum, (eftir atvikum), þegar hann er starfræktur á stillingunni lágmarksvarmaafköst, eins og framleiðandi gefur upp,

29) „samfelld hámarksvarmaafköst“ ($P_{max,c}$): tilgreind varmaafköst, gefin upp í kW, fyrir staðbundinn rafmagnsrýmishitara þegar hann er starfræktur á stillingunni hámarksvarmaafköst sem hægt er að viðhalda samfellt til lengri tíma samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda,

30) „ætlað til notkunar utandyra“: varan hentar til öruggrar notkunar fyrir utan lokuð rými, þ.m.t. hugsanlega utandyra,

31) „sambærileg tegund“: tegund, sem sett er á markað með sömu tæknilegu mæliþætti, sem settir eru fram í töflu 1, töflu 2 eða töflu 3 í 3. lið II. viðauka, og önnur tegund sem sami framleiðandi setur á markað.

Viðbótarskilgreiningar að því er varðar II.–V. viðauka eru settar fram í I. viðauka.

3. gr.

Kröfur varðandi visthönnun og tímaáætlun

1. Kröfurnar varðandi visthönnun staðbundinna rýmishitara eru settar fram í II. viðauka.

2. Staðbundnir rýmishitarar skulu uppfylla kröfurnar, sem eru settar fram í II. viðauka, frá og með 1. janúar 2018.

3. Samræmi við kröfur varðandi visthönnun skal mælt og reiknað í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í III. viðauka.

4. gr.

Samræmismat

1. Aðferðin við samræmismat, sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB, skal vera innra hönnunareftirlitskerfið, sem sett er fram í IV. viðauka við þá tilskipun, eða stjórnunarkerfið sem sett er fram í V. viðauka við þá tilskipun.

2. Að því er varðar samræmismat, skv. 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB, skulu tæknigögnin innihalda upplýsingarnar sem settar eru fram í b-lið 3. liðar II. viðauka við þessa reglugerð.

3. Þegar upplýsinga í tæknigögnum tiltekinnar tegundar hefur verið aflað með útreikningi á grundvelli hönnunar eða framreikningi á grundvelli annarra sambærilegra tækja, eða hvort tveggja, skulu gögnin innihalda upplýsingar um slíka útreikninga eða framreikninga, eða hvort tveggja, og prófanir sem framleiðendur hafa gert til að staðfesta nákvæmni útreikninganna sem gerðir hafa verið. Í slíkum tilvikum skulu tæknigögnin einnig innihalda skrá yfir allar aðrar sambærilegar tegundir þar sem upplýsinganna í tæknigögnunum hefur verið aflað á sama grundvelli.

5. gr.

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Aðildarríkin skulu beita sannprófunaraðferðinni, sem lýst er í IV. viðauka þessarar reglugerðar, við framkvæmd markaðseftirlitsins, sem um getur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB, til að tryggja að kröfurnar sem settar eru fram í II. viðauka við þessa reglugerð séu uppfylltar.

6. gr.

Leiðbeinandi viðmiðanir

Leiðbeinandi viðmiðanir fyrir vistvænustu staðbundnu rýmishitarana sem eru á markaði við gildistöku þessarar reglugerðar, eru settar fram í V. viðauka.

7. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð í ljósi tækniframfara og kynna niðurstöður endurskoðunarinnar á samráðsvettvanginum eigi síðar en 1. janúar 2019. Við endurskoðunina skal einkum meta:

– hvort viðeigandi sé að setja strangari kröfur um visthönnun varðandi orkunýtni og losun köfnunarefnisoxíða (NO_x),

– hvort breyta ætti vikmörkum sannprófunar,

– gildi þeirra leiðréttingarstuðla sem notaðir voru til að meta árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar hjá staðbundnum rýmishiturum,

– hvort vottun þriðja aðila sé viðeigandi.

8. gr.

Umbreytingarákvæði

Til og með 1. janúar 2018 mega aðildarríkin heimila að staðbundnir rýmishitarar, sem eru í samræmi við gildandi landsbundin ákvæði um árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar og losun köfnunarefnisoxíða, séu settir á markað og teknir í notkun.

9. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. apríl 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Skilgreiningar sem gilda að því er varðar II.–V. viðauka

Í II.–V. viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar“ (η_s): hlutfallið á milli eftirspurnar eftir hitun rýmis, sem staðbundinn rýmishitari gefur, og árlegrar orkunotkunar sem nauðsynleg er til að mæta þessari eftirspurn, gefin upp í %,

2) „umreiknistuðull“ (CC): stuðull sem endurspeglar áætlaða 40% meðalframleiðslunýtni í ESB, sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB (**4**), en gildi stuðulsins er CC = 2,5.

3) „losun köfnunarefnisoxíða“: losun köfnunarefnisoxíða við nafnvarmaafköst, gefin upp í mg/kWh_{ilag}, á grundvelli heildarvarmagildis fyrir staðbundna rýmishitara, sem nota loftkennt eða fljótandi eldsneyti, og staðbundna rýmishitara til notkunar í atvinnuskyni,

4) „nettóvarmagildi“ (NCV): heildarmagn varma sem losnar fyrir eina eldsneytiseiningu með eðlilegu rakamagni, þegar því er brennt algerlega með súrefni og þegar brunamyndefnin eru ekki kæld að umhverfishita,

5) „heildarvarmagildi, án vatnsinnihalds“ (GCV): heildarmagn varma sem losnar fyrir eina eldsneytiseiningu, þar sem eðlislægur raki hefur verið þurrkaður burt, þegar því er brennt algjörlega með súrefni og þegar brunamyndefnin eru kæld að umhverfishita en þetta magn felur í sér þéttivarma frá vatnsgufu sem myndast við bruna vetnis sem er í eldsneytinu,

6) „notnýtni við annaðhvort nafn- eða lágmarksvarmaafköst, ($\eta_{th,nom}$ eða $\eta_{th,min}$)“: hlutfallið milli notvarmaafkasta og heildarorkuílags staðbundins rýmishitara, gefið upp í %, þar sem:

   a) heildarorkuílag staðbundinna rýmishitara til heimilisnota er gefið upp með tilliti til nettóvarmagildis og/eða endanlegrar orku margfaldaðri með umreiknistuðli,

   b) heildarorkuílag staðbundinna rýmishitara til notkunar í atvinnuskyni er gefið upp með tilliti til heildarvarmagildis og/eða endanlegrar orku margfaldaðri með umreiknistuðli,

7) „raforkuþörf við nafnvarmaafköst“ (el_{max}): raforkunotkun staðbundins rýmishitara við nafnvarmaafköst; raforkunotkunin, gefin upp í kW, skal ákvörðuð án tillits til orkunotkunar hringrásardælu ef varan er með óbeina hitunarvirkni og er með innbyggða hringrásardælu,

8) „raforkuþörf við lágmarksvarmaafköst“ (el_{max}): raforkunotkun staðbundins rýmishitara við lágmarksvarmaafköst; raforkunotkunin, gefin upp í kW, skal ákvörðuð án tillits til orkunotkunar hringrásardælu ef varan er með óbeina hitunarvirkni og er með innbyggða hringrásardælu,

9) „raforkuþörf í reiðuham“(el_{sb}): raforkunotkun vörunnar, gefin upp í kW, meðan hún er í reiðuham,

10) „orkuþörf varanlegs kveikiloga“ (P_{pilot}): eldsneytisnotkun vörunnar, gefin upp í kW, á loftkenndu eða fljótandi eldsneyti fyrir kveikiloga sem gegnir hlutverki íkveikis fyrir kraftmeira brennsluferli, sem þörf er á við nafnvarmaafköst eða varmaafköst fyrir hlutaálag, ef kveikt er á kveikiloganum í meira en fimm mínútur áður en kviknar á aðalbrennaranum,

11) „handvirk varmageymslustýring með innbyggðum hitastilli“: handvirkur skynjunarbúnaður sem er innbyggður í vöruna og sem mælir og stillir kjarnahitann til að aðlaga uppsafnað varmamagn,

12) „handvirk varmageymslustýring, tengd innanhúss- og/eða utanhússhita“: handvirkur skynjunarbúnaður sem er innbyggður í vöruna og sem mælir og stillir kjarnahitann og aðlagar uppsafnað varmamagn með tilliti til hitastigs innanhúss og/eða utanhúss,

(4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB frá 25. október 2012 um orkunýtni, breytingu á tilskipunum 2009/125/EB og 2010/30/ESB og um niðurfellingu á tilskipunum 2004/8/EB og 2006/32/EB (Stjtíð. ESB L 315, 14.11.2012, bls. 1).

13) „rafknúin varmageymslustýring sem tengist innan- og/eða utanhússhita eða orkuveitu“: sjálfvirkur skynjunarbúnaður sem er innbyggður í vöruna, sem mælir kjarnahitann og aðlagar uppsafnað varmamagn með tilliti til hitastigs innanhúss og/eða utanhúss, eða búnaður þar sem orkuveita getur stýrt varmageymslunni,

14) „varmablásari “: varan er búin einum eða fleiri innbyggðum, stillanlegum blásurum sem laga varmaafköst að varmaeftirspurn,

15) „eins þreps hitun, án hitastýringar“: varan getur ekki breytt varmaafköstum sínum sjálfvirkt og engin endurgjöf á stofuhita er fyrir hendi til þess að aðlaga varmaafköstin sjálfvirkt,

16) „tveggja eða fleiri þrepa handvirk rýmishitun, án hitastýringar“: varan getur breytt varmaafköstum sínum með handstýringu í tveimur eða fleiri þrepum og er ekki búin tæki sem stillir varmaafköstin sjálfvirkt í samræmi við æskilegt hitastig innanhúss,

17) „með vélrænni hitastýringu“: varan er búin órafknúnum búnaði sem gerir vörunni kleift að breyta varmaafköstum sínum sjálfvirkt yfir tiltekið tímabil til að ná tilskildu hitastigi innanhúss,

18) „með rafrænni hitastýringu“: varan er búin rafeindabúnaði, annaðhvort innbyggðum eða utanáliggjandi, sem gerir vörunni kleift að breyta varmaafköstum sínum sjálfvirkt yfir tiltekið tímabil til að ná tilskildu hitastigi innanhúss,

19) „með rafrænni hitastýringu og dagastillingu“: varan er búin rafeindabúnaði, annaðhvort innbyggðum eða utanáliggjandi, sem gerir vörunni kleift að breyta varmaafköstum sínum sjálfvirkt yfir tiltekið tímabil til að ná tilskildu hitastigi innanhúss og gerir kleift að stilla tíma og hitastig fyrir 24 klukkustunda tímabil,

20) „með rafrænni hitastýringu og vikustillingu“: varan er búin rafeindabúnaði, annaðhvort innbyggðum eða utanáliggjandi, sem gerir vörunni kleift að breyta varmaafköstum sínum sjálfvirkt yfir tiltekið tímabil til að ná tilskildu hitastigi innanhúss og gerir kleift að stilla tíma og hitastig fyrir heila viku; á þessu sjö daga tímabili verður að vera hægt að breyta stillingunum frá degi til dags,

21) „hitastýring með hreyfiskynjara“: varan er búin rafeindabúnaði, annaðhvort innbyggðum eða utanáliggjandi, sem lækkar sjálfkrafa herbergishitastigið þegar enginn er í herberginu,

22) „hitastýring sem skynjar opinn glugga“: varan er búin rafeindabúnaði, annaðhvort innbyggðum eða utanáliggjandi, sem dregur úr varmaafköstum þegar gluggi eða dyr hefur verið opnuð; þegar nemi er notaður til að skynja að gluggi eða dyr opnast getur hann verið innbyggður í vörunni, utanáliggjandi, innbyggður í burðarvirkinu eða sambland af þessum möguleikum,

23) „með fjarstýrimöguleika“: virkni sem gerir notanda kleift að stjórna stýribúnaði vörunnar fyrir utan bygginguna þar sem varan hefur verið sett upp,

24) „með stillanlegum ræsibúnaði“: virkni sem spáir fyrir um og hefur upphitunarferlið á kjörtíma þannig að valið hitastig náist á æskilegum tíma,

25) „með tímastilli“: varan hefur virkni sem gerir hana sjálfkrafa óvirka eftir fyrirframstilltan tíma,

26) „með svarthlutarhitanema“: varan er búin rafeindabúnaði, annaðhvort innbyggðum eða utanáliggjandi, sem mælir lofthita og hitaútgeislun,

27) „eins þreps hitun“: varan getur ekki sjálfvirkt breytt varmaafköstum sínum,

28) „tveggja þrepa hitun“: varan getur sjálfvirkt breytt varmaafköstum sínum í tveimur aðgreindum þrepum, í tengslum við raunverulegan lofthita innandyra og æskilegan lofthita innandyra, og stjórnast af hitaskynjunarbúnaði og skilfleti sem eru ekki endilega innbyggðir í vöruna sjálfa,

29) „fjölþrepastýrður“: varan getur sjálfvirkt breytt varmaafköstum sínum í þremur eða fleiri aðgreindum þrepum í tengslum við raunverulegan lofthita innandyra og æskilegan lofthita innandyra og stjórnast af hitaskynjunarbúnaði og skilfleti sem eru ekki endilega innbyggðir í vöruna sjálfa,

30) „reiðuhamur“: ástand þar sem varan er tengd rafkerfinu, er háð raforku frá rafkerfinu til þess að geta starfað eins og til er ætlast og gerir eingöngu kleift að framkvæma eftirfarandi aðgerðir, sem geta varað ótímabundið: endurvirkjunaraðgerð eða endurvirkjunaraðgerð ásamt merki sem eingöngu gefur til kynna að endurvirkjunaraðgerð sé virk og/eða birting upplýsinga eða stöðu,

31) „varmaafköst pípugeislahitunarkerfis“: samanlögð varmaafköst pípugeislahitunareininga í þeirri samskipan sem þær eru settar á markað, gefin upp í kW,

32) „varmaafköst pípugeislahitunareiningar“: varmaafköst pípugeislahitunareiningar sem myndar, með öðrum einingum, hluta af samskipan pípugeislahitunarkerfis, gefin upp í kW,

33) „geislunarstuðull, við nafn- eða lágmarksvarmaafköst“ (RF_{nom} eða RF_{min}): hlutfall innrauðra geisla í varmaafköstum vörunnar samanborið við heildarorkuílag við nafn- eða lágmarksvarmaafköst, reiknað sem orkufrálag innrauðra geisla deilt með heildarorkuílagi, á grundvelli nettóvarmagildis eldsneytisins við nafn- eða lágmarksvarmaafköst, gefið upp í %,

34) „einangrun hylkis“: varmaeinangrun hylkis eða hlífar vöru til að lágmarka varmatap ef varan má vera utandyra,

35) „varmatapsstuðull hylkis“: varmatap í gegnum þann hluta vörunnar sem er settur upp fyrir utan lokaða rýmið sem á að hita og sem ákvarðast af kólnunartölu viðeigandi hylkis þess hluta, gefið upp í %,

36) „tegundarauðkenni“: kóði, venjulega alstafa, sem greinir tiltekna tegund staðbundins rýmishitara frá öðrum tegundum með sama vörumerki eða nafni framleiðanda,

37) „rakainnihald“: massi vatns í eldsneytinu í tengslum við heildarmassa eldsneytisins, eins og það er notað í staðbundna rýmishitaranum.

———

II. VIÐAUKI

Kröfur varðandi visthönnun

1. **Sérstakar kröfur varðandi visthönnun að því er varðar árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar**

a) Staðbundnir rýmishitarar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur frá og með 1. janúar 2018:

i. árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar að því er varðar staðbundna rýmishitara með opnu eldhólfi, sem nota loftkennt eða fljótandi eldsneyti, skal ekki vera minni en 42%,

ii. árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar að því er varðar staðbundna rýmishitara með lokuðu eldhólfi, sem nota loftkennt eða fljótandi eldsneyti, skal ekki vera minni en 72%,

iii. árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar að því er varðar færanlega rafmagnsrýmishitara skal ekki vera minni en 36%,

iv. árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar að því er varðar fasta rafmagnsrýmishitara með nafnvarmaafköst yfir 250 W, skal ekki vera minni en 38%,

v. árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar að því er varðar fasta rafmagnsrýmishitara með nafnvarmaafköst við 250 W eða minni, skal ekki vera minni en 34%,

vi. árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar að því er varðar staðbundna rafmagnsrýmishitara með varmageymi skal ekki vera minni en 38,5%,

vii. árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar að því er varðar staðbundinn rafmagnsgólfhitara skal ekki vera minni en 38%,

viii. árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar að því er varðar staðbundinn rafmagnsgeislahitara fyrir rými skal ekki vera minni en 35%,

ix. árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar að því er varðar staðbundinn rafmagnsglóhitara fyrir rými með nafnvarmaafköst yfir 1,2 kW, skal ekki vera minni en 35%,

x. árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar að því er varðar rafmagnsglóhitara fyrir rými með nafnvarmaafköst við 1,2 kW eða minni, skal ekki vera minni en 31%,

xi. árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar að því er varðar staðbundinn, lýsandi rýmishitara skal ekki vera minni en 85%,

xii. árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar að því er varðar staðbundinn pípugeislahitara fyrir rými skal ekki vera minni en 74%,

2. **Sérstakar kröfur varðandi visthönnun að því er varðar losun**

a) Frá 1. janúar 2018 skal losun köfnunarefnisoxíða frá staðbundnum rýmishiturum, sem nota fljótandi og loftkennt eldsneyti, ekki fara yfir eftirfarandi gildi:

i. losun köfnunarefnisoxíða frá staðbundnum rýmishiturum með opnu eldhólfi og staðbundnum rýmishiturum með lokuðu eldhólfi, sem nota loftkennt eða fljótandi eldsneyti, skal ekki fara yfir 130 mg/kWh$_{ilag}$, sem byggist á heildarvarmagildi,

ii. losun köfnunarefnisoxíða frá staðbundnum, lýsandi rýmishiturum og staðbundnum pípugeislahiturum fyrir rými skal ekki fara yfir 200 mg/kWh$_{ilag}$, sem byggist á heildarvarmagildi.

3. **Kröfur um vöruupplýsingar**

a) Frá 1. janúar 2018 skal gefa upp eftirfarandi vöruupplýsingar varðandi staðbundna rýmishitara:

i. Í notendahandbókum fyrir þá sem sjá um uppsetningu og endanlega notendur og á opnum vefsetrum framleiðenda, viðurkenndra fulltrúa þeirra og innflytjenda, skulu eftirfarandi atriði koma fram:

1) að því er varðar staðbundna rýmishitara sem nota loftkennt eða fljótandi eldsneyti: upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í töflu 1, þar sem tæknilegir mæliþættir eru mældir og reiknaðir út í samræmi við III. viðauka og sem sýna fjölda marktækra talna í töflunni,

2) að því er varðar staðbundna rafmagnsrýmishitara: upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í töflu 2, þar sem tæknilegir mæliþættir eru mældir og reiknaðir út í samræmi við III. viðauka og sem sýna fjölda marktækra talna í töflunni,

3) að því er varðar staðbundna rýmishitara til notkunar í atvinnuskyni: upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í töflu 3, þar sem tæknilegir mæliþættir eru mældir og reiknaðir út í samræmi við III. viðauka og sem sýna fjölda marktækra talna í töflunni,

4) allar sérstakar varúðarráðstafanir sem gera verður þegar staðbundinn rýmishitari er settur saman, settur upp eða honum haldið við,

5) upplýsingar um sundurhlutun, endurvinnslu og/eða förgun þegar varan er úr sér gengin.

ii. Að því er varðar samræmismat, skv. 4. gr., skulu tæknigögnin innihalda eftirfarandi þætti:

1) atriðin sem tilgreind eru í a-lið,

2) skrá yfir allar sambærilegar tegundir, ef við á.

b) Frá 1. janúar 2018 skal gefa upp eftirfarandi vöruupplýsingar varðandi staðbundna rýmishitara:

i. aðeins að því er varðar staðbundna rýmishitara án reykháfs og staðbundna rýmishitara án þéttrar reykháfstengingar: í notendahandbók fyrir endanlega notendur, á opnum vefsetrum framleiðenda og á umbúðum vörunnar skal eftirfarandi setning koma fram þannig að hún sjáist vel, sé vel læsileg og á tungumáli sem er auðskiljanlegt fyrir endanlega notendur aðildarríkjanna, þar sem varan er sett á markað: „Þessi vara hentar ekki sem aðalhitagjafi“,

1) í notendahandbókinni fyrir endanlega notendur skal þessi setning vera á kápunni,

2) á opnum vefsetrum framleiðenda skal þessi setning sýnd með öðrum eiginleikum vörunnar,

3) á umbúðum vörunnar skal þessi setning vera á áberandi stað á umbúðunum þannig að endanlegur notandi sjái hana áður en hann kaupir vöruna,

ii. aðeins að því er varðar færanlega rafmagnsrýmishitara: í notendahandbók fyrir endanlega notendur, á opnum vefsetrum framleiðenda og á umbúðum vörunnar skal eftirfarandi setning koma fram þannig að hún sjáist vel, sé vel læsileg og á tungumáli sem er auðskiljanlegt fyrir endanlega notendur aðildarríkjanna þar sem varan er sett á markað: „Þessi vara hentar aðeins til notkunar í vel einangruðu rými eða til notkunar stöku sinnum“,

1) í notendahandbókinni fyrir endanlega notendur skal þessi setning vera á kápunni,

2) á opnum vefsetrum framleiðenda skal þessi setning sýnd með öðrum eiginleikum vörunnar,

3) á umbúðum vörunnar skal þessi setning vera á áberandi stað á umbúðunum þannig að endanlegur notandi sjái hana áður en hann kaupir vöruna.

Tafla 1

Kröfur um upplýsingar fyrir staðbundna rýmishitara sem nota loftkennt/fljótandi eldsneyti

Tegundarauðkenni:			
Óbein hitunarvirkni: [já/nei]			
Bein varmaafköst: …(kW)			
Óbein varmaafköst: …(kW)			
Eldsneyti			Losun frá rýmishiturum (*)
			NO_x
Velja skal eldsneytistegund	[loftkennt/fljótandi]	[tilgreina skal nánar]	**[mg/kWh$_{ilag}$] (heildarvarmagildi, GCV)**

Liður	Tákn	Gildi	Eining		Liður	Tákn	Gildi	Eining
Varmaafköst					**Notnýtni (NCV)**			
Nafnvarmaafköst	P_{nom}	x,x	kW		Notnýtni við nafnvarmaafköst	$\eta_{th,nom}$	x,x	%
Lágmarksvarmaafköst (leiðbeinandi)	P_{min}	[x,x/á ekki við]	kW		Notnýtni við lágmarksvarmaafköst (leiðbeinandi)	$\eta_{th,min}$	[x,x/á ekki við]	%
Aukaraforkunotkun					**Tegund varmaafkastastýringar/hitastýringar (velja skal eina tegund)**			
Við nafnvarmaafköst	el_{max}	x,xxx	kW		eins þreps hitun, án hitastýringar,			[já/nei]
Við lágmarksvarmaafköst	el_{min}	x,xxx	kW		tveggja eða fleiri þrepa handvirk rýmishitun, án hitastýringar			[já/nei]
Í reiðuham	el_{SB}	x,xxx	kW		með vélrænni hitastýringu			[já/nei]
					með rafrænni hitastýringu			[já/nei]
					með rafrænni hitastýringu og dagastillingu			[já/nei]
					með rafrænni hitastýringu og vikustillingu			[já/nei]
					Aðrir stýrimöguleikar (velja má marga möguleika)			
					hitastýring með hreyfiskynjara			[já/nei]
					hitastýring sem skynjar opinn glugga			[já/nei]
					með fjarstýrimöguleika			[já/nei]
					með stillanlegum ræsibúnaði			[já/nei]
					með tímastilli			[já/nei]
					með svarthlutarhitanema			[já/nei]
Orkuþörf varanlegs kveikiloga								
Orkuþörf kveikiloga (ef við á)	P_{pilot}	[x,xxx/á ekki við]	kW					
Samskiptaupplýsingar	Nafn og heimilisfang framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans.							

(*) NO_x = köfnunarefnisoxíð

Tafla 2

Kröfur um upplýsingar fyrir staðbundna rafmagnsrýmishitara

Tegundarauðkenni:

Liður	Tákn	Gildi	Eining		Liður	Eining
Varmaafköst					**Tegund varmaafls, aðeins fyrir staðbundna rafmagnsrýmishitara með varmageymi (velja skal eina tegund)**	
Nafnvarmaafköst	P_{nom}	x,x	kW		handvirk varmageymslustýring með innbyggðum hitastilli	[já/nei]
Lágmarksvarmaafköst (leiðbeinandi)	P_{min}	[x,x/á ekki við]	kW		handvirk varmageymslustýring, tengd innanhúss- og/eða utanhússhita	[já/nei]
Samfelld hámarks-varmaafköst	$P_{max,c}$	x,x	kW		rafknúin varmageymslustýring tengd innanhúss- og/eða utanhússhita	[já/nei]
Aukaraforkunotkun					varmablásari	[já/nei]
Við nafnvarmaafköst	el_{max}	x,xxx	kW		**Tegund varmaafkastastýringar/hitastýringar (velja skal eina tegund)**	
Við lágmarks-varmaafköst	el_{min}	x,xxx	kW		eins þreps hitun, án hitastýringar,	[já/nei]
Í reiðuham	el_{SB}	x,xxx	kW		tveggja eða fleiri þrepa handvirk rýmishitun, án hitastýringar	[já/nei]
					með vélrænni hitastýringu	[já/nei]
					með rafrænni hitastýringu	[já/nei]
					með rafrænni hitastýringu og dagastillingu	[já/nei]
					rafræn hitastýring og vikustilling	
					Aðrir stýrimöguleikar (velja má marga möguleika)	
					hitastýring með hreyfiskynjara	[já/nei]
					hitastýring sem skynjar opinn glugga	[já/nei]
					með fjarstýrimöguleika	[já/nei]
					með stillanlegum ræsibúnaði	[já/nei]
					með tímastilli	[já/nei]
					með svarthlutarhitanema	[já/nei]
Samskiptaupplýsingar	Nafn og heimilisfang framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans.					

Tafla 3

Kröfur um upplýsingar fyrir staðbundna rýmishitara til notkunar í atvinnuskyni

Tegundarauðkenni:

Tegund hitunar:[lýsandi/með geislaröri]

Eldsneyti	**Eldsneyti**			Losun frá rýmishitun (*)
				NO_x
Velja skal eldsneytistegund	[loftkennt/ fljótandi]	[tilgreina skal nánar]		**[mg/kWh$_{ilag}$] (heildarvarmagildi, GCV)**

Eiginleikar þegar einungis ákjósanlegt eldsneyti er notað

Liður	Tákn	Gildi	Eining		Liður	Tákn	Gildi	Eining
Varmaafköst					**Notnýtni (GCV) – einungis pípugeislahitarar fyrir rými (**)**			
Nafnvarmaafköst	P_{nom}	x,x	kW		Notnýtni við nafnvarmaafköst	$\eta_{th,nom}$	x,x	%
Lágmarksvarmaafköst	P_{min}	[x,x/á ekki við]	kW		Notnýtni við lágmarks-varmaafköst	$\eta_{th,min}$	[x,x/á ekki við]	%
Lágmarksvarmaafköst (hundraðshluti af nafnvarmaafköstum)	..	[x]	%					
Nafnvarmaafköst pípugeislahitunarkerfis (ef við á)	P_{system}	x,x	kW					
Nafnvarmaafköst pípugeislahitunareiningar (ef við á)	$P_{heater,i}$	[x,x/á ekki við]	kW		Notnýtni pípugeislahitunar-einninga við lágmarks-varmaafköst (ef við á)	η_i	[x,x/á ekki við]	%
(þetta skal endurtaka fyrir margar einingar, ef við á)	..	[x,x/á ekki við]	kW		(þetta skal endurtaka fyrir margar einingar, ef við á)	..	[x,x/á ekki við]	%
fjöldi nákvæmlega eins pípugeislahitunareininga	n	[x]	[-]					
Geislunarstuðull					**Varmatap frá hylkinu**			
Geislunarstuðull við nafnvarmaafköst	RF_{nom}	[x,x]	[-]		Einangrunarflokkur hylkis	U		W/ (m^2K)
Geislunarstuðull við lágmarksvarmaafköst	RF_{min}	[x,x]	[-]		Varmatapsstuðull hylkis	F_{env}	[x,x]	%
Geislunarstuðull pípugeislahitunareiningar við nafnvarmaafköst	RF_i	[x,x]	[-]		Varmagjafann á að setja upp fyrir utan upphitaða svæðið		[já/nei]	

(þetta skal endurtaka fyrir margar einingar, ef við á)	..							
Aukaraforkunotkun					**Tegund varmaafkastastýringar (velja skal eina tegund)**			
Við nafnvarmaafköst	el_{max}	x,xxx	kW		– eins þreps hitun	[já/nei]		
Við lágmarksvarmaafköst	el_{min}	x,xxx	kW		– tveggja þrepa hitun	[já/nei]		
Í reiðuham	el_{SB}	x,xxx	kW		– fjölþrepastýrð	[já/nei]		
Orkuþörf varanlegs kveikiloga								
Orkuþörf varanlegs kveikiloga (ef við á)	P_{pilot}	[x,xxx/á ekki við]	kW					
Samskiptaupplýsingar	Nafn og heimilisfang framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans.							

(*) NO_x = köfnunarefnisoxíð.
(**) Hvað varðar staðbundna, lýsandi rýmishitara er vegin varmanýtni fastsett við 85,6%.

III. VIÐAUKI

Mælingar og útreikningar

1. Í þeim tilgangi að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar og til sannprófunar á því að kröfur þessarar reglugerðar séu uppfylltar skal, við mælingar og útreikninga, nota samhæfða staðla, sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, eða aðrar áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir sem taka tillit til almennt viðurkenndra aðferða sem byggjast á nýjustu og fullkomnustu tækni. Þær skulu uppfylla öll skilyrðin sem sett eru fram í 2.–5. lið.

2. **Almenn skilyrði sem varða mælingar og útreikninga**

   a) Uppgefin gildi fyrir nafnvarmaafköst og árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar skulu námunduð að næsta tugasæti.

   b) Uppgefin gildi fyrir losun skulu námunduð að næstu heilu tölu.

3. **Almenn skilyrði að því er varðar árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar**

   a) Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar (η_S) skal reiknuð út sem árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar í virkum ham ($\eta_{S,on}$), leiðrétt út frá upplýsingum um varmageymslu og varmaafkastastýringu, aukaraforkunotkun og orkunotkun varanlegs kveikiloga.

   b) Raforkunotkun skal margfölduð með umreiknistuðlinum CC 2,5.

4. **Almenn skilyrði að því er varðar losun**

   a) Hvað varðar staðbundna rýmishitara, sem nota loftkennt og fljótandi eldsneyti, skulu mælingar taka mið af losun köfnunarefnisoxíða (NO_x). Losun köfnunarefnisoxíða skal reiknuð sem summa köfnunarefnismónoxíðs og köfnunarefnistvíoxíðs, gefin upp sem köfnunarefnistvíoxíð.

5. **Sérstök skilyrði að því er varðar árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar**

   a) Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar allra staðbundinna rýmishitara, nema rýmishitara til notkunar í atvinnuskyni, er skilgreind sem hér segir:

$$\eta_S = \eta_{S,on} - 10\ \% + F(1) + F(2) + F(3) - F(4) - F(5)$$

   Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar meðal staðbundinna rýmishitara til notkunar í atvinnuskyni er skilgreind sem hér segir:

$$\eta_S = \eta_{S,on} - F(1) - F(4) - F(5)$$

   þar sem:

   — $\eta_{S,on}$ er árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar í virkum ham, gefin upp í prósentum og reiknuð út í samræmi við b-lið 5. liðar,

   — $F(1)$ er leiðréttingarstuðull, gefinn upp í %, sem stendur annars vegar fyrir jákvæða hlutdeild staðbundinna rafmagnsrýmishitara með varmageymi í árstíðabundinni orkunýtni rýmishitunar, sem tengist möguleikanum á því að velja varmageymslu og varmaafköst, og hins vegar fyrir neikvæða hlutdeild staðbundinna rýmishitara til notkunar í atvinnuskyni í árstíðabundinni orkunýtni rýmishitunar vegna leiðrétts framlags hitunarvalkosta.

   — $F(2)$ er leiðréttingarstuðull, gefinn upp í %, sem stendur fyrir jákvæða hlutdeild í árstíðabundinni orkunýtni rýmishitunar, sem leiðir af leiðréttum framlögum í tengslum við mismunandi tegundir hitastýribúnaðar til þæginda innanhúss, þar sem þessar tegundir eru gagnkvæmt útilokandi og ekki hægt að leggja þær saman.

   — $F(3)$ er leiðréttingarstuðull, gefinn upp í prósentum, sem stendur fyrir jákvæða hlutdeild í árstíðabundinni orkunýtni rýmishitunar, sem leiðir af leiðréttum framlögum í tengslum við mismunandi tegundir hitastýribúnaðar til þæginda innanhúss, þar sem hægt er að leggja þessar tegundir saman.

— $F(4)$ er leiðréttingarstuðull, gefinn upp í %, sem stendur fyrir neikvæða hlutdeild í árstíðabundinni orkunýtni rýmishitunar vegna aukaraforkunotkunar.

— $F(5)$ er leiðréttingarstuðull, gefinn upp í %, sem stendur fyrir neikvæða hlutdeild í árstíðabundinni orkunýtni rýmishitunar vegna orkunotkunar varanlegs kveikiloga.

b) Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar í virkum ham er reiknuð út sem hér segir:

Að því er varðar alla staðbundna rýmishitara nema staðbundna rafmagnsrýmishitara og staðbundna rýmishitara til notkunar í atvinnuskyni:

$$\eta_{S,on} = \eta_{th,nom}$$

þar sem:

— $\eta_{th,nom}$ er notnýtni við nafnvarmaafköst, á grundvelli nettóvarmagildis.

Að því er varðar staðbundna rafmagnsrýmishitara:

$$\eta_{S,on} = \frac{1}{CC} \cdot \eta_{th,on}$$

þar sem:

– CC er „umreiknistuðull“ milli raforku og frumorku.

– $\eta_{th,on}$ fyrir staðbundna rafmagnsrýmishitara er 100%.

Að því er varðar staðbundna rýmishitara til notkunar í atvinnuskyni:

$$\eta_{S,on} = \eta_{S,th} \cdot \eta_{S,RF}$$

þar sem:

– $\eta_{S,th}$ er vegin varmanýtni, gefin upp í %,

– $\eta_{S,RF}$ er vegin losunarnýtni, gefin upp í %.

Að því er varðar staðbundinn, lýsandi rýmishitara er $\eta_{S,th}$ 85,6%.

Að því er varðar staðbundinn pípugeislahitara fyrir rými:

$$\eta_{S,th} = (0{,}15 \cdot \eta_{th,nom} + 0{,}85 \cdot \eta_{th,min}) - F_{env}$$

þar sem:

— $\eta_{th,nom}$ er notnýtni við nafnvarmaafköst, gefin upp í % á grundvelli heildarvarmagildis.

— $\eta_{th,min}$ er notnýtni við lágmarksvarmaafköst, gefin upp í %, á grundvelli heildarvarmagildis.

– F_{env} er varmatap frá hylki varmagjafa, gefið upp í %.

Ef framleiðandi eða birgir hefur tilgreint að varmagjafi staðbundins pípugeislahitara fyrir rými skuli settur upp inni í rýminu, sem á að hita upp, verður varmatap hylkisins 0 (núll).

Ef framleiðandi eða birgir hefur tilgreint að varmagjafi pípugeislahitarans fyrir rými skuli settur upp utan við upphitaða rýmið veltur varmatapið á kólnunartölu varmagjafahylkisins, samkvæmt töflu 4.

Tafla 4

Varmatapsstuðull varmagjafahylkis

Kólnunartala hylkisins (U)	
U ≤ 0,5	2,2%
0,5 < U ≤ 1,0	2,4%
1,0 < U ≤ 1,4	3,2%
1,4 < U ≤ 2,0	3,6%
U > 2,0	6,0%

Losunarnýtni staðbundinna rýmishitara til notkunar í atvinnuskyni er reiknuð sem hér segir:

$$\eta_{S,RF} = \frac{(0{,}94 \cdot RF_S) + 0{,}19}{(0{,}46 \cdot RF_S) + 0{,}45}$$

þar sem:

– RF_S er geislunarstuðull staðbundins rýmishitara til notkunar í atvinnuskyni, gefinn upp í %.

Að því er varðar alla staðbundna rýmishitara til notkunar í atvinnuskyni, að pípugeislahitunarkerfum undanskildum:

$$RF_S = 0{,}15 \cdot RF_{nom} + 0{,}85 \cdot RF_{min}$$

þar sem:

– RF_{nom}, er geislunarstuðull við nafnvarmaafköst, gefinn upp í %,

— RF_{min} er geislunarstuðull við lágmarksvarmaafköst, gefinn upp í %.

Að því er varðar pípugeislahitunarkerfi:

$$RF_S = \sum_{i=1}^{n} (0{,}15 \cdot RF_{nom,i} + 0{,}85 \cdot RF_{min,i}) \cdot \frac{P_{heater,i}}{P_{system}}$$

þar sem:

– RF_{nom} er geislunarstuðull hverrar pípugeislahitunareiningar við nafnvarmaafköst, gefinn upp í %,

– RF_{min}, er geislunarstuðull hverrar pípugeislahitunareiningar við lágmarksvarmaafköst, gefinn upp í %,

– $P_{heater,i}$, eru varmaafköst hverrar pípugeislahitunareiningar, gefin upp í kW, á grundvelli heildarvarmagildis,

– P_{system}, eru varmaafköst pípugeislahitunarkerfisins í heild sinni, gefin upp í kW, á grundvelli heildarvarmagildis.

Framangreind jafna gildir aðeins ef smíði brennara, pípa og endurkastara pípugeislahitunareiningarinnar, sem notuð er í pípugeislahitunarkerfinu, er nákvæmlega eins og í stökum, staðbundnum pípugeislahitara fyrir rými og ef stillingarnar, sem ákvarða afköst pípugeislahitunareiningar, eru nákvæmlega eins og þær sem notaðar eru í stökum, staðbundnum pípugeislahitara fyrir rými.

c) Leiðréttingarstuðullinn F(1), sem stendur annars vegar fyrir jákvæða hlutdeild í árstíðabundinni orkunýtni rýmishitunar, sem leiðir af leiðréttum framlögum í tengslum við valkosti fyrir varmaílag og varmaafköst og ef varmanum er dreift til staðbundinna rafmagnsrýmishitara með varmageymi í gegnum náttúrulegt varmastreymi eða varmablásara, og hins vegar fyrir neikvæða hlutdeild staðbundinna rýmishitara til notkunar í atvinnuskyni sem tengist getu vörunnar til að stilla varmaafköst sín.

Að því er varðar staðbundna rafmagnsrýmishitara með varmageymi þá reiknast leiðréttingarstuðull varmaafkasta F(1) sem hér segir:

Ef varan er búin einum af þeim valkostum sem tilgreindir eru í töflu 5 (sem eru gagnkvæmt útilokandi) skal leiðréttingarstuðullinn F(1) hækkaður sem nemur samsvarandi gildi valkostarins.

Tafla 5

Leiðréttingarstuðull F(1) fyrir staðbundna rafmagnsrýmishitara með varmageymi

Ef varan hefur (aðeins einn valkostur á við):	F(1) hækkar um
handvirka varmageymslustýringu með innbyggðum hitastilli	0,0%
handvirka varmageymslustýringu, tengda innanhúss- og/eða utanhússhita	2,0%
rafknúna varmageymslustýringu, sem tengist innanhúss- og/eða utanhússhita eða orkuveitu	3,5 %

Ef staðbundinn rafmagnsrýmishitari með varmageymi hefur varmablásara bætist 1,5% við F(1).

Að því er varðar staðbundna rýmishitara til notkunar í atvinnuskyni reiknast leiðréttingarstuðull varmaafkasta sem hér segir:

Tafla 6

Leiðréttingarstuðull F(1) fyrir staðbundna rýmishitara til notkunar í atvinnuskyni

Ef tegund varmaafkastastýringar vörunnar er:	reiknast F(1) sem hér segir:
Eins þreps hitun	$F(1) = 5\%$
Tveggja þrepa hitun	$F(1) = 5\% - \left(2{,}5\% \cdot \frac{P_{nom} - P_{min}}{30\% \cdot P_{nom}}\right)$
Fjölþrepastýrð	$F(1) = 5\% - \left(5{,}0\% \cdot \frac{P_{nom} - P_{min}}{40\% \cdot P_{nom}}\right)$

Lágmarksgildi leiðréttingarstuðulsins F(1) fyrir staðbundna rýmishitara til notkunar í atvinnuskyni með tveggja þrepa hitun er 2,5% og 5% fyrir fjölþrepastýrða staðbundna rýmishitara til notkunar í atvinnuskyni.

Hvað varðar staðbundna rýmishitara, sem eru ekki rafmagnshitarar með varmageymi eða staðbundnir rýmishitarar til notkunar í atvinnuskyni, er leiðréttingarstuðullinn F(1) 0 (núll).

d) Leiðréttingarstuðullinn F(2), sem stendur fyrir jákvæða hlutdeild í árstíðabundinni orkunýtni rýmishitunar, sem leiðir af leiðréttum framlögum í tengslum við mismunandi tegundir hitastýribúnaðar til þæginda innanhúss, þar sem þessar tegundir eru gagnkvæmt útilokandi eða ekki hægt að leggja þær saman, er reiknaður út sem hér segir:

Að því er varðar allar tegundir staðbundinna rýmishitara jafngildir leiðréttingarstuðullinn F(2)einu þeirra gilda sem tilgreind eru í töflu 7, með hliðsjón af gildandi stýrieiginleikum. Aðeins má velja eitt gildi.

Tafla 7

Leiðréttingarstuðull F(2)

Ef varan hefur eftirfarandi (aðeins einn valkostur á við):	F(2)					
	Staðbundnir rafmagnsrýmishitarar					Staðbundnir rýmishitarar sem nota loftkennt eða fljótandi eldsneyti
	Færanlegur	Fastur	Með varmageymi	Með gólfhitun	Með geislahitun	
Eins þreps hitun, án hitastýringar	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Tveggja eða fleiri þrepa handvirk rýmishitun, án hitastýringar	1,0%	0,0%	0,0%	0,0%	2,0%	1,0%
Með vélrænni hitastýringu	6,0%	1,0%	0,5%	1,0%	1,0%	2,0%
Með rafrænni hitastýringu	7,0%	3,0%	1,5%	3,0%	2,0%	4,0%
Með rafrænni hitastýringu og dagastillingu	8,0%	5,0%	2,5%	5,0%	3,0%	6,0%
Með rafrænni hitastýringu og vikustillingu	9,0%	7,0%	3,5%	7,0%	4,0%	7,0%

Leiðréttingarstuðullinn F(2) gildir ekki um staðbundna rýmishitara til notkunar í atvinnuskyni.

e) Leiðréttingarstuðullinn F(3), sem stendur fyrir jákvæða hlutdeild í árstíðabundinni orkunýtni rýmishitunar, sem leiðir af leiðréttum framlögum í tengslum við mismunandi tegundir hitastýribúnaðar til þæginda innanhúss, þar sem hægt er að leggja þessar tegundir saman, er reiknaður út sem hér segir:

Leiðréttingarstuðullinn F(3) fyrir alla staðbundna rýmishitara er summa þeirra gilda sem tilgreind eru í töflu 8, með hliðsjón af gildandi stýrieiginleikum.

Tafla 8

Leiðréttingarstuðull F(3)

Ef varan hefur eftirfarandi (margir valkostir geta átt við):	F(3)					
	Staðbundnir rafmagnsrýmishitarar					Staðbundnir rýmishitarar sem nota loftkennt eða fljótandi eldsneyti
	Færanlegir	Fastir	Með varmageymi	Með gólfhitun	Með geislahitun	
Hitastýringu með hreyfiskynjara	1,0%	0,0%	0,0%	0,0%	2,0%	1,0 %
hitastýringu sem skynjar opinn glugga	0,0%	1,0%	0,5%	1,0%	1,0%	1,0%
fjarstýrimöguleika	0,0%	1,0%	0,5%	1,0 %	1,0 %	1,0 %

Ef varan hefur eftirfarandi (margir valkostir geta átt við):	F(3)					
	Staðbundnir rafmagnsrýmishitarar					Staðbundnir rýmishitarar sem nota loftkennt eða fljótandi eldsneyti
	Færanlegir	Fastir	Með varmageymi	Með gólfhitun	Með geislahitun	
með stillanlegum ræsibúnaði	0,0%	1,0%	0,5%	1,0%	0,0%	0,0%
með tímastilli	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	1,0%	0,0%
með svarthlutarhitanema	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	1,0%	0,0%

f) Leiðréttingarstuðullinn F(4) fyrir aukaraforkunotkun er reiknaður út sem hér segir:

Þessi leiðréttingarstuðull tekur tillit til aukaraforkunotkunar í virkum ham og reiðuham.

Að því er varðar staðbundna rafmagnsrýmishitara reiknast leiðréttingin sem hér segir:

Leiðréttingarstuðullinn F(4) fyrir aukaraforkunotkun er reiknaður út sem hér segir:

$$F(4) = CC \cdot \frac{\alpha \cdot el_{sb}}{P_{nom}} \cdot 100[\%]$$

þar sem:

– el_{sb} er raforkunotkun í reiðuham, gefin upp í kW,

— P_{nom} eru nafnvarmaafköst vörunnar, gefin upp í kW,

– α er stuðull, sem gefur til kynna hvort varan samrýmist reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1275/2008 (**5**):

  – ef varan uppfyllir viðmiðunarmörkin, sem sett eru fram í reglugerð (EB) nr. 1275/2008, er α sjálfkrafa 0 (núll),

  – ef varan uppfyllir ekki viðmiðunarmörkin, sem sett eru fram í reglugerð (EB) nr. 1275/2008, er α sjálfkrafa 1,3.

Hvað varðar staðbundna rýmishitara, sem nota loftkennt eða fljótandi eldsneyti, reiknast leiðréttingin fyrir aukaraforkunotkun sem hér segir:

$$F(4) = CC \cdot \frac{0{,}2 \cdot el_{max} + 0{,}8 \cdot el_{min} + 1{,}3 \cdot el_{sb}}{P_{nom}} \cdot 100[\%]$$

þar sem:

— el_{max} er raforkunotkun, gefin upp í kW, við nafnvarmaafköst, ,

— el_{min} er raforkunotkun, gefin upp í kW, við lágmarksvarmaafköst. Ef varan býður ekki upp lágmarksvarmaafköst skal nota gildið fyrir raforkunotkun við nafnvarmaafköst.

— el_{sb} er raforkunotkun vörunnar, gefin upp í kW, meðan hún er í reiðuham,

— P_{nom} eru nafnvarmaafköst vörunnar, gefin upp í kW.

(5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1275/2008 frá 17. desember 2008 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun raf- og rafeindatækja til heimilis- og skrifstofunota með tilliti til aflþarfar þeirra í reiðuham eða þegar slökkt er á þeim (Stjtíð. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 45).

Að því er varðar staðbundna rýmishitara til notkunar í atvinnuskyni reiknast leiðréttingarstuðullinn fyrir aukaraforkunotkun sem hér segir:

$$F(4) = CC \cdot \frac{0{,}15 \cdot el_{max} + 0{,}85 \cdot el_{min} + 1{,}3 \cdot el_{sb}}{P_{nom}} \cdot 100[\%]$$

g) Leiðréttingarstuðullinn F(5) tengist orkunotkun varanlegs kveikiloga og er reiknaður út sem hér segir:

Þessi leiðréttingarstuðull tekur tillit til orkuþarfa varanlegs kveikiloga.

Að því er varðar staðbundna rýmishitara, sem nota loftkennt eða fljótandi eldsneyti, reiknast hann sem hér segir:

$$F(5) = 0{,}5 \cdot \frac{P_{pilot}}{P_{nom}} \cdot 100[\%]$$

þar sem:

— P_{pilot} er orkunotkun kveikiloga, gefin upp í kW,

— P_{nom} eru nafnvarmaafköst vörunnar, gefin upp í kW.

Að því er varðar alla staðbundna rýmishitara til notkunar í atvinnuskyni er leiðréttingarstuðullinn reiknaður út sem hér segir:

$$F(5) = 4 \cdot \frac{P_{pilot}}{P_{nom}} \cdot 100[\%]$$

Ef varan hefur ekki varanlegan kveikiloga er P_{pilot} 0 (núll).

Þar sem:

— P_{pilot} er orkunotkun kveikiloga, gefin upp í kW,

— P_{nom} eru nafnvarmaafköst vörunnar, gefin upp í kW.

———

IV. VIÐAUKI

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Við markaðseftirlit það sem um getur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB skulu yfirvöld í aðildarríkjunum beita eftirfarandi sannprófunaraðferð að því er varðar kröfurnar í II. viðauka:

1. Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu prófa staka einingu af hverri tegund.

2. Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur, sem settar eru fram í II. viðauka við þessa reglugerð, ef:

   a) tilgreind gildi eru í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í II. viðauka,

   b) árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar, η_s, fyrir staðbundna rafmagnsrýmishitara er ekki lægri en gildið sem gefið er upp við nafnvarmaafköst einingarinnar,

   c) árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar, η_s, fyrir staðbundna rýmishitara, sem nota fljótandi eldsneyti og eru til heimilisnota, er ekki meira en 8% lægri en gildið sem gefið er upp,

   d) árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar, η_s, fyrir staðbundna rýmishitara, sem nota loftkennt eldsneyti og eru til heimilisnota, er ekki meira en 8% lægri en gildið sem gefið er upp,

   e) losun köfnunarefnisoxíða frá staðbundnum rýmishiturum, sem nota loftkennt eða fljótandi eldsneyti og eru til heimilisnota, er ekki meira en 10% hærri en það gildi sem gefið er upp,

   f) árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar fyrir staðbundna, lýsandi rýmishitara og staðbundna pípugeislahitara fyrir rými er ekki meira en 10% lægri en gildið sem gefið er upp,

   g) losun köfnunarefnisoxíða frá staðbundnum, lýsandi rýmishiturum og staðbundnum pípugeislahiturum fyrir rými er ekki meira en 10% hærri en gildið sem gefið er upp.

3. Ef niðurstöðurnar, sem um getur í a- eða b-lið 2. liðar, fást ekki telst tegundin og allar sambærilegar tegundir ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar. Ef einhverjar niðurstaðnanna, sem um getur í c- til i-lið 2. liðar, fást ekki skulu yfirvöld aðildarríkis velja, af handahófi, þrjár viðbótareiningar af sömu tegund til prófunar. Að öðrum kosti mega þessar þrjár viðbótareiningar, sem eru valdar, vera af einni eða fleiri mismunandi tegundum sem hafa verið skráðar sem sambærileg vara í tæknigögnum framleiðanda.

4. Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur, sem settar eru fram í II. viðauka við þessa reglugerð, ef:

   a) tilgreind gildi eru í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í II. viðauka,

   b) meðaltal árstíðabundinnar orkunýtni rýmishitunar, η_s, þessara þriggja viðbótareininga staðbundinna rýmishitara, sem nota fljótandi eldsneyti og eru til heimilisnota, er ekki meira en 8% lægra en gildið sem gefið er upp,

   c) meðaltal árstíðabundinnar orkunýtni rýmishitunar, η_s, þessara þriggja viðbótareininga staðbundinna rýmishitara, sem nota loftkennt eldsneyti og eru til heimilisnota, er ekki meira en 8% lægra en gildið sem gefið er upp,

   d) meðallosun köfnunarefnisoxíða frá þessum þremur viðbótareiningum staðbundinna rýmishitara, sem nota loftkennt og fljótandi eldsneyti og eru til heimilisnota, er ekki meira en 10% hærri en gildið sem gefið er upp,

   e) meðaltal árstíðabundinnar orkunýtni rýmishitunar þessara þriggja viðbótareininga staðbundinna, lýsandi rýmishitara og staðbundinna pípugeislahitara fyrir rými er ekki meira en 10% lægra en gildið sem gefið er upp,

   f) meðallosun köfnunarefnisoxíða frá þessum þremur viðbótareiningum staðbundinna, lýsandi rýmishitara og staðbundinna pípugeislahitara fyrir rými er ekki meira en 10% hærri en gildið sem gefið er upp.

5. Ef niðurstöðurnar, sem um getur í 4. lið, fást ekki telst tegundin ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar.

   Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu gefa yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni upp niðurstöður úr prófunum og aðrar viðeigandi upplýsingar innan eins mánaðar frá því að ákvörðun um að tegundin uppfylli ekki ákvæðin liggur fyrir.

6. Yfirvöld í aðildarríkjum skulu nota mæli- og reikningsaðferðirnar sem settar eru fram í III. viðauka.

Vikmörk sannprófana, sem skilgreind eru í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á mældum mæliþáttum og skal birgirinn ekki nota þá sem leyfileg vikmörk til að ákvarða gildin sem gefin eru upp í tæknigögnunum.

_____

V. VIÐAUKI

Leiðbeinandi viðmiðanir sem um getur í 6. gr.

Við gildistöku þessarar reglugerðar var besta, fáanlega tækni á markaði fyrir staðbundna rýmishitara, að því er varðar árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar og losun köfnunarefnisoxíða, tilgreind með eftirfarandi hætti:

1. Sérstakar viðmiðanir fyrir árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar staðbundinna rýmishitara

   a) viðmiðun fyrir árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar að því er varðar staðbundna rýmishitara með opnu eldhólfi, sem nota loftkennt eða fljótandi eldsneyti: 65%,

   b) viðmiðun fyrir árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar að því er varðar staðbundna rýmishitara með lokuðu eldhólfi sem nota loftkennt eða fljótandi eldsneyti: 88%,

   c) viðmiðun fyrir árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar að því er varðar staðbundna rafmagnsrýmishitara: meira en 39%,

   d) viðmiðun fyrir árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar að því er varðar staðbundna, lýsandi rýmishitara: 92%,

   e) viðmiðun fyrir árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar að því er varðar staðbundna, pípugeislahitara fyrir rými: 88%,

2. Sérstakar viðmiðanir fyrir losun köfnunarefnisoxíða (NO_x) frá staðbundnum rýmishiturum

   a) viðmiðun fyrir losun köfnunarefnisoxíða frá staðbundnum rýmishiturum sem nota loftkennt eða fljótandi eldsneyti: 50 mg/kWh_{ilag} á grundvelli heildarvarmagildis,

   b) viðmiðun fyrir losun köfnunarefnisoxíða frá staðbundnum, lýsandi rýmishiturum og staðbundnum pípugeislahiturum fyrir rými: 50 mg/kWh_{ilag} á grundvelli heildarvarmagildis,

Viðmiðanirnar, sem tilgreindar eru í 1. og 2. lið, gefa ekki endilega til kynna að hægt sé að ná samsetningu þessara gilda í einum staðbundnum rýmishitara.

_____

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2087 2016/EES/27/75

frá 18. nóvember 2015

um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/59/EB um aðstöðu í höfnum til að taka á móti úrgangi skipa og farmleifum (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/59/EB frá 27. nóvember 2000 um aðstöðu í höfnum til að taka á móti úrgangi skipa og farmleifum ([1]), einkum 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 15. júlí 2011 samþykkti Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO) ályktun MEPC.201(62) um breytingu á V. viðauka við MARPOL-samninginn um varnir gegn mengun af völdum sorps frá skipum með innleiðingu nýrrar og nákvæmari flokkunar á sorpi([2]). Hinn breytti V. viðauki við MARPOL-samninginn öðlaðist gildi 1. janúar 2013.

2) Þessi nýja flokkun á sorpi endurspeglast í umburðarbréfi IMO MEPC.1/umburðarbr. 644, 1. leiðréttingu, þar sem birt er staðlað form til að tilkynna fyrir fram um afhendingu úrgangs til móttökuaðstöðu í höfnum([3]), sem og í umburðarbréfi IMO MEPC.1/umburðarbr. 645, 1. leiðréttingu, þar sem birt er staðlað snið fyrir kvittun fyrir afhendingu úrgangs eftir að skip hefur nýtt sér móttökuaðstöðu í höfn([4]).

3) Í þágu samræmis við ráðstafanir Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar og til að komast hjá óvissu hjá notendum hafna og hafnaryfirvöldum ætti að breyta töflunni í II. viðauka við tilskipun 2000/59/EB, sem inniheldur hinar mismunandi tegundir og magn úrgangs og farmleifa sem skal afhenda eða geyma um borð, í samræmi við hina nýju flokkun á sorpi í hinum breytta V. viðauka við MARPOL-samninginn.

4) Til að gera úrbætur á kerfinu, sem komið var á fót samkvæmt tilskipun 2000/59/EB, sem hefur það að markmiði að draga úr losun úrgangs og farmleifa frá skipum í hafið, ætti þar að auki að fella inn í töfluna í II. viðauka upplýsingar um tegundir og magn úrgangs skipa sem raunverulega er skilað í móttökuaðstöðu síðustu afhendingarhafnar.

5) Nákvæm gögn um tegundir og magn úrgangs og farmleifa, sem skip skilar í síðustu höfn, eru nauðsynleg til að hægt sé að reikna nákvæmlega út nægilegt, sérhæft geymslurými fyrir úrgang um borð í skipinu. Útreikningur á nægilegu geymslurými er forsenda þess að skipið fái heimild til að halda áfram för sinni til næstu viðkomuhafnar án þess að hafa skilað af sér úrgangi, sem orðið hefur til um borð, sem og fyrir vali á viðeigandi skipum til skoðunar. Markvissar skoðanir munu stuðla að skilvirkari skipaumferð með því að stytta viðdvalartíma í höfnum.

6) Þessar upplýsingar geta fengist með kvittunum fyrir úrgangi, sem eru gefnar út á grundvelli umburðarbréfs IMO MEPC.1/umburðarbr. 645, 1. leiðréttingu, þar sem mælt er með stöðluðu formi fyrir kvittun fyrir afhendingu úrgangs, eða með annars konar kvittunum sem eru gefnar út til handa skipstjóra skipsins þegar úrgangurinn er afhentur. Upplýsingar um magn og tegundir úrgangs, sem fram koma á kvittun fyrir úrganginn eða sem skipstjórinn tilkynnir um við afhendingu, ef ekki er hægt að fá kvittun fyrir úrganginn, eru almennt nákvæmari en þær sem fást á

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 302, 19.11.2015, bls. 99. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 332, 28.12.2000, bls. 81.

([2]) Ályktun MEPC.201(62) samþykkt 15. júlí 2011, breytingar á viðaukanum við bókunina frá 1978 sem varða alþjóðasamning um varnir gegn mengun frá skipum, 1973.

([3]) MEPC.1/umburðarbr. 644/1. leiðrétting, 1. júlí 2013

([4]) MEPC.1/umburðarbr. 645/1. leiðrétting, 1. júlí 2013

tilkynningareyðublaði um úrgang, þar sem þær ættu að endurspegla raunverulegar aðstæður að lokinni afhendingu og sem slíkar gera þær ákvarðanatökuferlið áreiðanlegra. Skipstjórinn skráir slíkar afhendingarupplýsingar í sorpdagbókina eins og krafist er samkvæmt MARPOL-samningnum.

7) Kerfisbundin söfnun nákvæmra upplýsinga um afhendingu úrgangs myndi einnig stuðla að betri tölfræðilegri greiningu á flæðimynstri úrgangs í höfnum og greiða fyrir uppsetningu upplýsinga- og eftirlitskerfisins sem gert er ráð fyrir í 3. mgr. 12. gr. tilskipunar 2000/59/EB. Eftirlit með og miðlun slíkra upplýsinga, þ.m.t. rafræna tilkynningin um úrgang, sem var þróuð samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/65/ESB([5]), eru, sem stendur, studd af rafrænu tilkynningakerfi í Sambandinu um skipakomur (SafeSeaNet-kerfinu), sem komið var á fót samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB([6]), sem ætti að vera tengt við tilkynningareiningu í gagnagrunni hafnarríkiseftirlitsins([7]) sem var settur upp samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/16/EB([8]).

8) Breyta ætti II. viðauka við tilskipun 2000/59/EB þannig að hann innihaldi upplýsingar um afhendingu úrgangs í fyrri höfn og til að fella inn í hann hina nýju flokkun á sorpi sem innleidd var með breyttum V. viðauka við MARPOL-samninginn.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukinn við þessa tilskipun komi í stað II. viðauka við tilskipun 2000/59/EB.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 9. desember 2016. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/65/ESB frá 20. október 2010 um formsatriði við skýrslugjöf að því er varðar skip sem koma í og/eða láta úr höfn í aðildarríkjum og um niðurfellingu á tilskipun 2002/6/EB (Stjtíð. ESB L 283, 29.10.2010, bls. 1).

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB frá 27. júní 2002 um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis Bandalagsins fyrir umferð á sjó og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/75/EBE (Stjtíð. EB L 208, 5.8.2002, bls. 10).

([7]) Gagnagrunnur þróaður og starfræktur af Siglingaöryggisstofnun Evrópu.

([8]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/16/EB frá 23. apríl 2009 um hafnarríkiseftirlit (Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 57).

VIÐAUKI

„II. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR SEM BER AÐ TILKYNNA ÁÐUR EN KOMIÐ ER TIL HAFNAR Í .....

(Viðtökuhöfn sem um getur í 6. gr. tilskipunar 2000/59/EB)

1. Nafn og kallmerki skipsins og, ef við á, IMO-auðkennisnúmer:
2. Fánaríki:
3. Áætlaður komutími (ETA):
4. Áætlaður brottfarartími (ETD):
5. Fyrri viðkomuhöfn:
6. Næsta viðkomuhöfn:
7. Síðasta höfn og dagsetning þegar úrgangur skips var afhentur, þ.m.t. magn (í m3) og tegundir úrgangs sem var afhentur:
8. Á að afhenda (merkja skal í viðeigandi reit):

   allan úrganginn ☐ hluta af úrganginum ☐ engan úrgang ☐

   í móttökuaðstöðu í höfn?
9. Tegund og magn úrgangs og farmleifa, sem á að afhenda og/eða verða eftir um borð, og hundraðshluti þess magns af hámarksgeymslurými:

Ljúka skal við annan og aftasta dálkinn, eins og við á, ef afhenda á allan úrganginn. Ljúka skal við alla dálkana ef afhenda á hluta af úrganginum eða engan úrgang.

Tegund	Úrgangur sem afhenda á (m^3)	Hámarks-geymslurými (m^3)	Magn úrgangs sem verður eftir um borð (m^3)	Höfnin þar sem afhenda á úrganginn sem verður eftir um borð	Áætlað magn úrgangs sem fellur til frá birtingu þessarar tilkynningar og þar til komið er til næstu hafnar (m^3)	Úrgangur sem hefur verið afhentur í síðustu afhendingarhöfn og er tilgreindur skv. 7. lið hér að framan (m^3)
Olíuúrgangur						
Olíublandað kjölvatn						
Olíukenndar leifar (sori)						
Annað (tilgreina skal nánar)						
Skólp[1]						
Sorp						
Plast						
Matarúrgangur						
Heimilisúrgangur (t.d. pappírs-vörur, tuskur, gler, málmar, flöskur, leirvörur o.s.frv.)						
Matarolía						
Aska úr brennsluofni						

Tegund	Úrgangur sem afhenda á (m^3)	Hámarks-geymslurými (m^3)	Magn úrgangs sem verður eftir um borð (m^3)	Höfnin þar sem afhenda á úrganginn sem verður eftir um borð	Áætlað magn úrgangs sem fellur til frá birtingu þessarar tilkynningar og þar til komið er til næstu hafnar (m^3)	Úrgangur sem hefur verið afhentur í síðustu afhendingarhöfn og er tilgreindur skv. 7. lið hér að framan (m^3)
Rekstrarúrgangur						
Dýrahræ						
Farmleifar ([2]) (tilgreina skal nánar)([3])						

([1]) Heimilt er að losa skólp á hafi úti í samræmi við 11. reglu í IV. viðauka við MARPOL-samninginn. Ef heimiluð losun á hafi úti er fyrirhuguð þarf ekki að fylla út samsvarandi reiti.
([2]) Um mat getur verið að ræða.
([3]) Tilgreina skal og flokka farmleifar í samræmi við viðeigandi viðauka við MARPOL-samninginn, einkum I., II. og V. viðauka.

Athugasemdir

1. Heimilt er að nota þessar upplýsingar vegna hafnarríkiseftirlits og annars eftirlits.

2. Aðildarríkin munu ákveða hvaða aðilar fá afrit af þessari tilkynningu.

3. Fylla ber út þetta eyðublað nema því aðeins að skipið falli undir undanþágu í samræmi við 9. gr. tilskipunar 2000/59/EB.

Undirritaður staðfestir:

— að framangreindar upplýsingar eru nákvæmar og réttar og

— að nægilegt, sérhæft geymslurými er um borð í skipinu fyrir allan þann úrgang sem fellur til frá birtingu þessarar tilkynningar og þar til komið er til næstu afhendingarhafnar.

Dagsetning .....

Tími .....

Undirskrift“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2322 **2016/EES/27/76**

frá 10. desember 2015

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 frá 14. desember 2005 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins og um að upplýsa flugfarþega um hvaða flugrekendur annast flutning og um niðurfellingu 9. gr. tilskipunar 2004/36/EB ([1]), einkum 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 ([2]) var stofnuð skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, sem um getur í II. kafla reglugerðar (EB) nr. 2111/2005.

2) Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 sendu nokkur aðildarríki og Flugöryggisstofnun Evrópu (EASA) framkvæmdastjórninni viðeigandi upplýsingar í tengslum við uppfærslu á þessari skrá. Tiltekin þriðju lönd sendu einnig viðeigandi upplýsingar. Á grundvelli þessara upplýsinga ætti að uppfæra skrá Bandalagsins.

3) Framkvæmdastjórnin upplýsti alla hlutaðeigandi flugrekendur, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu yfirvalda, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með þeim, um mikilvægar staðreyndir og forsendur, sem myndu liggja til grundvallar ákvörðunar um bann við flugrekstri þeirra innan Sambandsins, eða ákvörðunar um breytingar á skilyrðum fyrir flugrekstrarbanni flugrekanda sem er í skrá Bandalagsins.

4) Framkvæmdastjórnin gaf hlutaðeigandi flugrekendum tækifæri til að kynna sér gögnin, sem aðildarríkin lögðu fram, til að leggja fram skriflegar athugasemdir og koma munnlegum athugasemdum á framfæri við framkvæmdastjórnina og við nefndina sem komið var á fót með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/1991 ([3]) („flugöryggisnefndin“).

5) Framkvæmdastjórnin lagði fyrir flugöryggisnefndina uppfærðar upplýsingar um yfirstandandi sameiginlegt samráð, innan ramma reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 og reglugerðar (EB) nr. 473/2006 ([4]), við lögbær yfirvöld og flugrekendur eftirfarandi ríkja: Botsvana, Lýðveldisins Gíneu, Indlands, Indónesíu, Írans, Íraks, Kasakstans, Líbanons, Madagaskar, Mósambík, Nepal, Filippseyja, Súdan, Taívan, Taílands og Sambíu. Framkvæmdastjórnin lagði einnig fyrir flugöryggisnefndina upplýsingar um stöðu flugöryggis í Georgíu, Líbíu, Saó Tóme og Prinsípe, Tadsíkistan og Jemen og um samráðsfundi við Rússneska sambandsríkið um tæknimál.

6) Flugöryggisstofnun Evrópu lagði fyrir framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefndina niðurstöður greiningar á úttektarskýrslum sem Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) framkvæmdi innan ramma úttektaráætlunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum (USOAP). Í þessu samhengi voru aðildarríkin hvött til að setja í forgang

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 328, 12.12.2015, bls. 67. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 15.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 frá 22. mars 2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins sem um getur í II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 (Stjtíð. ESB, L 84, 23.3.2006, bls. 14).

([3]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/1991 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tækniköfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála (Stjtíð. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 473/2006 frá 22. mars 2006 þar sem mælt er fyrir um framkvæmdarreglur um skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins sem um getur í II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 (Stjtíð. ESB L 84, 23.3.2006, bls. 8).

skoðanir á hlaði hjá þeim flugrekendum sem hafa flugrekstrarleyfi í ríkjum þar sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur greint alvarleg öryggisvandamál (SSC) eða þar sem Flugöryggisstofnun Evrópu hefur komist að þeirri niðurstöðu að verulegir annmarkar séu á eftirlitskerfi með flugöryggi. Til viðbótar við samráð af hálfu framkvæmdastjórnarinnar, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2111/2005, mun forgangsröðun skoðana á hlaði gera kleift að afla frekari upplýsinga um öryggisframmistöðu flugrekenda sem hafa flugrekstrarleyfi í þessum ríkjum.

7) Flugöryggisstofnun Evrópu upplýsti framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefndina einnig um niðurstöður greiningar á skoðunum á hlaði sem voru framkvæmdar innan ramma áætlunarinnar um öryggisskoðanir erlendra loftfara (SAFA-áætlunarinnar) í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 ([5]).

8) Flugöryggisstofnun Evrópu upplýsti framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefndina enn fremur um verkefni á sviði tækniaðstoðar sem unnin eru í ríkjum sem verða fyrir áhrifum ráðstafana eða vöktunar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2111/2005. Hún lagði fram upplýsingar um áætlanir og beiðnir um frekari tækniaðstoð og samvinnu til að auka færni flugmálayfirvalda á sviði almenningsflugs, með tilliti til stjórnsýslu og tækni, í því skyni að ráða bót á því þegar ekki hefur verið farið að gildandi, alþjóðlegum kröfum um almenningsflug. Í þessu samhengi voru aðildarríki hvött til að bregðast við slíkum beiðnum á tvíhliða grundvelli í samræmi við framkvæmdastjórnina og Flugöryggisstofnun Evrópu. Í þessu samhengi lagði framkvæmdastjórnin áherslu á nytsemi þess að veita alþjóðlega flugsamfélaginu upplýsingar, einkum fyrir tilstuðlan SCAN-gagnagrunns (e. *Safety Collaborative Assistance Network*) Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, um tækniaðstoð sem Sambandið og aðildarríki þess láta í té til að bæta flugöryggi um allan heim.

9) Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu lagði fyrir framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefndina uppfærðar upplýsingar um stöðu SAFA-viðvörunarkerfisins og um fyrirliggjandi tölfræðilegar upplýsingar um viðvörunarskilaboð vegna flugrekenda sem er bannað að stunda flugrekstur.

Flugrekendur í Evrópusambandinu

10) Í kjölfar greiningar Flugöryggisstofnunar Evrópu á upplýsingum, sem fengust úr skoðunum á hlaði á loftförum flugrekenda í Sambandinu eða úr eftirliti með stöðlun á vegum Flugöryggisstofnunar Evrópu, sem og úr sérstökum skoðunum og úttektum, sem flugmálayfirvöld í hverju ríki fyrir sig framkvæmdu, hafa mörg aðildarríki gert tilteknar ráðstafanir til að framfylgja lögum og upplýst framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefndina um þær. Malta upplýsti framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefndina um tilteknar aðgerðir sem hún hefur gripið til að því er varðar marga flugrekendur frá Möltu og Eistland greindi frá stöðu flugrekandans *AS Avies*. Fyrir fund flugöryggisnefndarinnar veitti Grikkland upplýsingar um tilteknar aðgerðir sem það hafði gripið til að því er varðar marga flugrekendur frá Grikklandi.

11) Ef einhverjar viðeigandi upplýsingar um öryggismál gæfu til kynna að öryggisáhætta væri yfirvofandi, sem afleiðing af því að flugrekendur í Sambandinu færu ekki að viðeigandi öryggiskröfum, hafa aðildarríkin ítrekað að þau væru tilbúin til að grípa til nauðsynlegra aðgerða.

Flugrekendur frá Botsvana

12) Flugmálastjórn Botsvana (CAAB) lét í té upplýsingar um þann árangur sem hefur náðst við úrlausn alvarlegra öryggisvandamála og annarra ágalla sem Alþjóðaflugmálastofnunin vakti máls á með bréfi frá 27. ágúst 2015. Flugmálastjórn Botsvana sýndi fram á að hún hefði náð frekari árangri varðandi framkvæmd alþjóðlegra öryggiskrafna. Flugmálastjórn Botsvana vinnur með svæðisskrifstofu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar til að fá meiri aðstoð til að ráða bót á alvarlegu öryggisvandamálunum og öðrum ágöllum. Flugmálastjórn Botsvana hvatti Alþjóðaflugmálastofnunina til að framkvæma samræmda fullgildingarúttekt (ICVM) fyrir lok ársins 2015 til að sannreyna að alvarlegu öryggisvandamálin hafi verið til lykta leidd.

13) Bættur árangur við framkvæmd alþjóðlegra öryggiskrafna og fyrirliggjandi öryggisupplýsingar styðja ekki þá ákvörðun að flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Botsvana, sæti flugrekstrarbanni eða rekstrartakmörkunum. Framkvæmdastjórnin telur þó að fylgjast ætti náið áfram með stöðunni.

14) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skrá Bandalagsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að bæta flugrekendum frá Botsvana í skrána.

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

Flugrekendur frá Lýðveldinu Gíneu

15) Eins og samþykkt var á tæknifundi, sem haldinn var í Brussel í janúar 2013, hafa lögbær yfirvöld í Lýðveldinu Gíneu (Flugmálastjórn Gíneu (DNAC)) veitt framkvæmdastjórninni upplýsingar með reglulegu millibili um núverandi framkvæmd áætlunar um aðgerðir til úrbóta, sem Alþjóðaflugmálastofnunin samþykkti í desember 2012, sem og um allar aðgerðir sem henni tengjast.

16) Nýjasta framvinduskýrslan frá Flugmálastjórn Gíneu, sem framkvæmdastjórnin tók á móti 10. ágúst 2015, inniheldur upplýsingar um síðustu aðgerðir og þróun varðandi framkvæmd áætlunar um aðgerðir til úrbóta, og er sem stendur lögð aðaláhersla á stöðu vottunarferlis flugrekenda og skráningu loftfara. Öll eldri fyrirliggjandi flugrekandaskírteini voru felld tímabundið úr gildi í lok mars 2013. Heildstæðu (fimm áfanga) vottunarferli Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á flugrekendunum *Eagle Air* og *PROBIZ Guinée* er lokið og hafa þessir flugrekendur fengið úthlutað flugrekandaskírteini, annars vegar 10. apríl 2015 (flugrekandaskírteini nr. 1/DNAC/2015) og hins vegar 4. ágúst 2015 (flugrekandaskírteini nr. 2/DNAC/2015). Fjórir flugrekendur til viðbótar hafa einnig hafið vottunarferlið, þ.e. flugrekendurnir *Konair*, *Sahel Aviation Guinée, Fly Nimba Airlines* og *Ijet Aviation*.

17) Skráning loftfara hefur farið fram og Flugmálastjórn Gíneu tilkynnti að fimm nýjum loftförum hefði verið bætt við í loftfaraskrána.

18) Framkvæmd áætlunar um aðgerðir til úrbóta í áföngum, í samræmi við það sem Alþjóðaflugmálastofnunin samþykkti í desember 2012, og fyrirliggjandi öryggisupplýsingar styðja á þessari stundu ekki þá ákvörðun að flugrekendur, sem hafa fengið vottun í lýðveldinu Gíneu, sæti flugrekstrarbanni eða rekstrartakmörkunum. Þó ætti að fylgjast náið áfram með stöðunni.

19) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skrá Bandalagsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að bæta flugrekendum frá Gíneu í skrána.

20) Ef einhverjar viðeigandi upplýsingar um öryggismál gefa til kynna að öryggisáhætta sé yfirvofandi, sem afleiðing af því að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggiskröfum, gæti framkvæmdastjórnin neyðst til að grípa til aðgerða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Indlandi

21) Hinn 20. október 2015 var haldinn samráðsfundur um tæknimál milli framkvæmdastjórnarinnar, Flugöryggisstofnunar Evrópu, aðildarríkja og fulltrúa frá Flugmálastjórn Indlands (*Indian* DGCA) og flugrekandans *Air India*. Flugmálastjórn Indlands lagði fram upplýsingar að því er varðar yfirstandandi ráðstafanir um varanleika, sem hún hefur hrint í framkvæmd til að efla eftirlit sitt með flugöryggi. Samráðsfundurinn um tæknimál var einnig notaður sem tækifæri til að ræða við Flugmálastjórn Indlands um tengsl flugrekenda frá Indlandi við SAFA-áætlunina.

22) Það kom skýrt fram á þessum tæknifundi að þó svo að Flugmálastjórn Indlands hafi framkvæmt tilteknar ráðstafanir til að ganga úr skugga um að úrbætur, sem gerðar hafa verið á sviði flugöryggis, séu varanlegar sé þörf á frekari aðgerðum á ýmsum sviðum. Hins vegar nýtir Flugmálastjórn Indlands sér SAFA-gagnagrunninn til að vakta frammistöðu flugrekenda frá Indlandi innan ramma SAFA-áætlunarinnar. Þetta sést greinilega á yfirlýsingu Flugmálastjórnar Indlands um að hún hefði fundað með flugrekandanum *Air India* í júní 2015 til að ræða hvaða ferli flugrekandinn hefði til að fylgjast með eigin frammistöðu innan ramma SAFA-áætlunarinnar.

23) Flugrekandinn *Air India* lagði fram yfirlit yfir öryggisstjórnunarkerfi sitt, samantekt yfir tölfræðilegar upplýsingar frá SAFA, sundurliðaðar eftir flugflota, dæmi um upplýsingaáætlun sína að því er varðar öryggisstjórnunarkerfið og nánari upplýsingar um SAFA-ferlið sem flugrekandinn hefur innleitt til að gera stöðugar úrbætur.

24) Sem eftirfylgni við samráðsfundinn um tæknimál sendi framkvæmdastjórnin bréf, dagsett 29. október 2015, til að ítreka við Flugmálastjórn Indlands fjölda tilmæla, þ.m.t. að vakta verði enn betur frammistöðu flugrekenda frá Indlandi innan ramma SAFA-áætlunarinnar. Framkvæmdastjórnin benti flugrekandanum *Air India* einnig á að flugrekandinn verði að sýna fram á framfarir í tengslum við SAFA-ferlastjórnun með frammistöðu sinni innan

ramma SAFA-áætlunarinnar. Flugmálastjórn Indlands og flugrekandanum *Air India* var gerð grein fyrir þeirri ábyrgð sem Flugöryggisstofnun Evrópu hefur samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 452/2014 ([6]) (TCO-hluta) að því er varðar framkvæmd öryggismats á flugrekendum frá þriðju löndum og að frammistaða innan ramma SAFA-áætlunarinnar sé einn af þeim meginþáttum sem Flugöryggisstofnun Evrópu tekur tillit til þegar hún framkvæmir slíkt mat.

25) Framkvæmdastjórnin tók tillit til upplýsinganna sem Flugmálastjórn Indlands og flugrekandinn *Air India* lögðu fram. Það var metið svo að við þetta tilefni væri hvorki þörf á setja flugrekstrarbann né rekstrartakmarkanir á flugrekendur, sem hafa fengið vottun á Indlandi, en að nauðsynlegt væri að halda frekari samráðsfundi um tæknimál til að tryggja áframhaldandi viðræður um öryggistengd mál.

26) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skrá Bandalagsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að bæta flugrekendum frá Indlandi í skrána.

27) Framkvæmdastjórnin ætlar að halda áfram formlegu samráði við Flugmálastjórn Indlands samkvæmt þeim ákvæðum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 473/2006.

28) Aðildarríki eiga að halda áfram að sannprófa hvort viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför flugrekenda frá Indlandi séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

Flugrekendur frá Indónesíu

29) Samráð við lögbær yfirvöld í Indónesíu (Flugmálastjórn Indónesíu (*Indonesian* DGCA)) heldur áfram með það að markmiði að fylgjast með árangri Flugmálastjórnar Indónesíu við að tryggja að öryggiseftirlit með öllum flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Indónesíu, samrýmist alþjóðlegum öryggiskröfum. Í kjölfar úttektar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í maí 2014 lauk Flugmálastjórn Indónesíu við gerð áætlunarinnar um aðgerðir til úrbóta og vinnur nú að því að ljúka við framkvæmd aðgerða sem tilgreindar eru í áætluninni. Að beiðni Flugmálastjórnar Indónesíu var skipulagður tæknifundur 29. október með framkvæmdastjórninni, Flugöryggisstofnun Evrópu, tilteknum aðildarríkjum og Flugmálastjórn Indónesíu, sem og með flugrekendunum *Citilink*, *Lion Air* og *Batik Air*. Á fundinum kom skýrt fram að verið væri að undirbúa nauðsynlegar aðgerðir til að ráða bót á þeim ágöllum sem komu í ljós við fyrri úttektir en að þessar aðgerðir væru enn mislangt á veg komnar. Helsti veikleikinn sem kom í ljós er framkvæmd skoðana hjá flugrekendum og á loftförum. Verklagsreglur um þessi störf eru til en þeim er ekki alltaf fylgt í raun. Við skoðanir greinast enn fáir ágallar og skýrslugjöf um niðurstöður til þeirra fyrirtækja sem eru skoðuð fer ekki alltaf fram í samræmi við viðeigandi verklagsreglur. Það vantar viðeigandi verklagsreglur um eftirfylgni með ágöllum og raunveruleg eftirfylgni með ágöllum er enn ófullnægjandi, tímamörk eru ekki virt og þeim er ekki heldur alltaf framfylgt. Flugmálastjórn Indónesíu hefur umsjón með u.þ.b. 59 flugrekandaskírteinum og er rekstur hjá mörgum þessara flugrekenda í örum vexti. Það er því nauðsynlegt að Flugmálastjórn Indónesíu haldi í við þessa þróun.

30) Flugrekandinn *Citilink* kynnti þróun fyrirtækisins og öryggisstjórnun innan fyrirtækisins. Fyrirtækið heldur áfram að stækka með u.þ.b. átta ný loftför á ári en kerfin og verklagsreglurnar virðast vera orðin áreiðanleg. Greining á fluggögnum hefur batnað og fyrirtækið er meðvitað um hættur tengdar flugrekstri. Öryggisstjórnunarkerfi hefur verið komið á en þróa þarf það enn frekar, þ.m.t. í tengslum við lágt hlutfall tilkynninga um flugatvik og atvik.

31) Flugrekendurnir *Lion Air* og *Batik Air* héldu kynningu saman þar sem þeir eru báðir aðilar að fyrirtækjasamstæðunni *Lion Air*. Vöxtur þessara tveggja flugrekenda er enn umtalsverður og er áætlað að hvor um sig fái u.þ.b. 10 ný loftför árið 2016 og svipaðan fjölda loftfara næstu árin. Helsta áskorunin, sem þessir flugrekendur standa frammi fyrir, er ráðning og þjálfun nægilegs fjölda starfsfólk á öllum sviðum. Báðir flugrekendur lögðu fram áætlanir um þjálfun flugliða og ráðningu og þjálfun annars starfsfólks. Lágmarkskröfur um menntun og hæfi, sem gerðar eru til nýráðinna flugmanna, og kröfurnar, sem gerðar eru til að fá stöðuhækkun sem flugstjóri hjá flugrekandanum *Lion Air*, eru fremur mildar, miðað við hvað starfsumhverfið er oft krefjandi. Þar af leiðandi, og sökum þess hve rekstur flugrekandans vex hratt, eru fjölmargir flugmenn með tiltölulega litla reynslu hjá flugrekandanum *Lion Air*. Það gæti verið tenging milli þessa og mikils fjölda atburða sem tengjast óstöðugu aðflugi og mikillar hættu á flugatvikum í lendingu (t.d. harkaleg lending, farið út fyrir flugbraut). Dæmi um þetta er þegar flugrekandinn *Batik Air* fór út fyrir flugbraut hinn 6. nóvember 2015. Hvað þetta tiltekna flugatvik varðar þá hafa Flugmálastjórn Indónesíu og

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 452/2014 frá 29. apríl 2014 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða flugrekstur flugrekenda frá þriðja landi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 133, 6.5.2014, bls. 12).

flugrekandinn *Batik Air* gripið til tafarlausra aðgerða til að rannsaka flugatvikið með fullnægjandi hætti og gera ráðstafanir til mildunar. Eftirlitskerfið fyrir flugritagögn hefur einnig verið betrumbætt og gefur núna haldgóðar niðurstöður og veitir verulegar úrbætur á sviði öryggismála. Öryggisstjórnunarkerfið virðist vel þróað og skýrslugjöf vegna flugatvika og atvika hefur einnig batnað upp á síðkastið jafnvel þótt þörf sé á að þróa enn frekar raunverulega framkvæmd og greiningu á hættum. Á fundinum var ljóst að þær hættur sem flugrekendurnir *Lion Air* og *Batik Air* standa frammi fyrir er ör vöxtur þeirra og flugliðar með tiltölulega litla reynslu.

32) Flugmálastjórn Indónesíu var boðið að vera viðstödd áheyrn hjá flugöryggisnefndinni 25. nóvember 2015. Flugmálastjórn Indónesíu endurtók þau atriði sem voru kynnt á tæknifundinum 29. október 2015. Meðal atriða var áætlunin um stöðugt eftirlit og stjórnunarkerfið fyrir ágalla. Lagðar voru fram niðurstöður úr eftirliti með þeim fjórum indónesísku flugrekendum sem eru á þessari stundu undanþegnir almennu flugrekstrarbanni, sem gildir um indónesíska flugrekendur, sem og úr eftirliti með þeim þremur flugrekendum sem voru viðstaddir áheyrnina. Flugmálastjórn Indónesíu kynnti einnig þróun stjórnunarkerfis fyrir öryggisáhættu. Flugmálastjórn Indónesíu bauð framkvæmdastjórninni í sannprófunarheimsókn á starfsstöð. Slík heimsókn gerir kleift að meta framfarir og ákvarða raunverulega framkvæmd alþjóðlegra öryggiskrafna hjá yfirvaldinu og flugrekendunum.

33) Kynning flugrekendanna *Citilink*, *Lion Air* og *Batik Air* um þróun og innleiðingu öryggisstjórnunarkerfis var að mestu leyti í samræmi við kynningu þeirra á tæknifundinum 29. október.

34) Í bréfi frá 22. október 2015 upplýsti Flugmálastjórn Indónesíu framkvæmdastjórnina um að tveir nýir flugrekendur hefðu hlotið vottun síðan upplýsingar voru síðast uppfærðar, þ.e. flugrekandanum *Alda Trans Papua* var veitt flugrekandaskírteini nr. 135-054 og flugrekandanum *Weststar Aviation* var veitt flugrekandaskírteini nr. 135-059. Flugmálastjórn Indónesíu færði þó ekki sönnur á að tryggt væri að öryggiseftirlit með þessum flugrekendum samrýmdist alþjóðlegum öryggiskröfum. Í sama bréfi upplýsti Flugmálastjórn Indónesíu framkvæmdastjórnina um að flugrekandaskírteini flugrekendanna *Pacific Royale Airways* (nr. 121-045), *Air Maleo* (nr. 121-041, aðeins farmflutningar innanlands), *Manunggal Air Service* (nr. 121-020), *Nusantara Buana Air* (nr. 135-041) *Survai Udara Penas* (Persero, nr. 135-006) og *Asconusa Air Transport* (nr. 135-022) hefðu verið afturkölluð.

35) Þó svo að greina megi framfarir frá því að Alþjóðaflugmálastofnunin gerði úttekt í maí 2014 og jafnvel frá því að tæknifundurinn var haldinn í október er sannprófun á framförum forsenda þess að endurheimta megi tiltrú að því er varðar öryggi áður en hægt er að íhuga frekari tilslakanir á flugrekstrarbanninu sem hvílir á indónesískum flugrekendum. Því verður matsheimsókn aðila frá ESB á starfsstöð skipulögð fyrir árið 2016 til að afla nauðsynlegra upplýsinga. Á þessari stundu eru þó ekki nægar sannanir fyrir hendi til að styðja ákvörðun um frekari tilslakanir á flugrekstrarbanninu, sem hvílir á indónesískum flugrekendum, þ.m.t. hvað varðar flugrekendurna *Citilink*, *Lion Air* og *Batik Air*.

36) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að breyta ætti skrá Bandalagsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að bæta flugrekendunum *Alda Trans Papua* og *Weststar Aviation* í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006. Fella ætti flugrekendurna *Pacific Royale Airways, Manunggal Air Service, Nusantara Buana Air, Survai Udara Penas* og *Asconusa Air Transport* brott úr viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

Flugrekendur frá Íran

37) Hinn 30. mars 2010 var flugrekandanum *Iran Air*, sem vottaður var af Flugmálastjórn Íslamska lýðveldisins Íran (CAOIRI), bætt við í viðauka B við reglugerð (EB) nr. 474/2006. Rekstrartakmarkanir, sem settar voru á flota flugrekandans *Iran Air*, voru nánar tilgreindar í kjölfar matsheimsóknar á starfsstöð 5. júlí 2010.

38) Flugrekandinn *Iran Air* hafði samband við framkvæmdastjórnina með upplýsingar um núverandi flota sinn sem eru studdar viðeigandi fylgigögnum. Flugrekandinn *Iran Air* óskaði eftir því að undanskilja öll loftför af tegundinni A320 frá rekstrartakmörkunum til að geta einnig starfrækt nýjustu loftför sín af tegundinni A320 innan Sambandsins. Samkvæmt upplýsingunum, sem flugrekandinn *Iran Air* lagði fram, er meðalaldur A320-flota hans lægri en meðalaldur þeirra loftfara sem heimilt er að starfrækja innan Sambandsins. Flugrekandinn *Iran Air* heldur því einnig fram að loftför hans séu örugg í starfrækslu. En þar sem ekki hefur verið hægt að sannprófa þau gögn sem lögð voru fram er, á grundvelli upplýsinga sem eru tiltækar framkvæmdastjórninni, ekki hægt að bæta nýjum loftförum við á skrá yfir loftför sem flugrekandanum *Iran Air* er heimilt að starfrækja til Sambandsins.

39) Samkvæmt flugrekandaskírteini flugrekandans *Iran Air* hafa loftför af þeim tegundum sem heimilt er að starfrækja innan Sambandsins fækkað. Því ætti að breyta skránni yfir undanþegin loftför í viðauka B við reglugerð (EB) nr. 474/2006 til samræmis við það.

40) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að breyta ætti skrá Bandalagsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, til að endurspegla núverandi loftfaraflota flugrekandans *Iran Air* í viðauka B við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

Flugrekendur frá Írak

41) Flugöryggisstofnun Evrópu skrifaði Flugmálastjórn Íraks (ICAA) fjórum sinnum á tímabilinu frá 13. júní 2014 til 16. mars 2015 að því er varðar öryggisvanda sem tengist frammistöðu flugrekandans *Iraqi Airways* innan ramma SAFA-áætlunarinnar. Hvað þennan öryggisvanda varðar þá sýna SAFA-gögnin fram á að flugrekandinn *Iraqi Airways* hefur ekki framkvæmt greiningu á frumorsök.

42) Hinn 20. ágúst 2014 óskaði flugrekandinn *Iraqi Airways* eftir heimild frá Flugöryggisstofnun Evrópu fyrir flugrekanda frá þriðja landi (TCO). Flugöryggisstofnun Evrópu lagði mat á TCO-umsókn flugrekandans *Iraqi Airways* í samræmi við kröfurnar í TCO-hluta.

43) Við öryggismat á flugrekandanum *Iraqi Airways* í tengslum við TCO-heimildina vakti Flugöryggisstofnun Evrópu athygli á nokkrum efasemdum varðandi skort á getu flugrekandans *Iraqi Airways* til að bregðast við þeim öryggisvandamálum sem komu í ljós og til að leggja fram gögn, sem tengjast öryggismálum, með tímanlegum hætti. Flugöryggisstofnun Evrópu komst að þeirri niðurstöðu að frekara mat myndi ekki leiða til útgáfu heimildar til flugrekandans *Iraqi Airways* og að hann uppfylli þar af leiðandi ekki viðeigandi kröfur reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 452/2014. Flugöryggisstofnun Evrópu hafnaði þar af leiðandi TCO-umsókn flugrekandans *Iraqi Airways* 16. júlí 2015 af skýrum ástæðum er varða öryggi sem lýst er hér að framan.

44) Framkvæmdastjórnin skrifaði Flugmálastjórn Íraks bréf 28. september 2015. Með bréfinu hófst formlegt samráð við þau yfirvöld sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Írak, í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 473/2006. Í þessu bréfi útskýrði framkvæmdastjórnin að grundvöllur formlegs samráðs tengdist öryggisframmistöðu flugrekandans *Iraqi Airways* innan ramma SAFA-áætlunarinnar sem og neikvæðri ákvörðun Flugöryggisstofnunar Evrópu varðandi TCO-umsókn flugrekandans *Iraqi Airways*.

45) Framkvæmdastjórnin skrifaði Flugmálastjórn Íraks og flugrekandanum *Iraqi Airways* 27. október 2015 til að upplýsa báða aðila um að mál flugrekandans *Iraqi Airways* hefði verið sett á dagskrá fundar flugöryggisnefndarinnar 24.–26. nóvember 2015 og að Flugmálastjórn Íraks og flugrekandinn *Iraqi Airways* myndu fá tækifæri til að flytja mál sitt fyrir flugöryggisnefndinni í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

46) Hinn 3. nóvember 2015 var haldinn myndfundur milli framkvæmdastjórnarinnar, Flugöryggisstofnunar Evrópu, aðildarríkjanna og fulltrúa frá bæði Flugmálastjórn Íraks og flugrekandanum *Iraqi Airways*. Á þessum myndfundi lagði Flugmálastjórn Íraks fram yfirlit yfir starfsemi sína, þ.m.t. grundvallarreglur hennar hvað varðar öryggiseftirlit. Meðal annarra upplýsinga sem Flugmálastjórn Íraks lagði fram var yfirlit yfir eftirlit hennar með flugrekandanum *Iraqi Airways* sem og eftirfylgni hennar með upplýsingum sem tengjast SAFA-áætluninni. Kynning flugrekandans *Iraqi Airways* á þessum myndfundi innihélt m.a. mjög almennt yfirlit yfir upplýsingar sem varða öryggis- og gæðastjórnunarkerfi hans og önnur öryggistengd ferli.

47) Flugmálastjórn Íraks og flugrekandinn *Iraqi Airways* fengu áheyrn hjá flugöryggisnefndinni 25. nóvember 2015. Flugmálastjórn Íraks greindi m.a. frá því að hún annaðist eftirlit með sjö handhöfum flugrekandaskírteina, þ.m.t. flugrekandanum *Iraqi Airways*. Flugmálastjórn Íraks lagði einnig fram samantekt um áætlaðar aðgerðir til að styrkja getu sína. Flugöryggisstofnun Evrópu lagði fram upplýsingar um öryggisvandamálin sem lágu til grundvallar neikvæðri ákvörðun hennar varðandi TCO-umsóknina.

48) Flugrekandinn *Iraqi Airways* kynnti ýmis atriði, þ.m.t. upplýsingar um greiningu og eftirfylgni í tengslum við SAFA-skýrslur. Í þessari kynningu komu ekki fram nægilegar upplýsingar um starfrækslu öryggis- og gæðastjórnunarkerfis flugrekandans í smáatriðum. Flugrekandinn *Iraqi Airways* lagði ekki fram nægar upplýsingar til að taka, að öllu leyti, á þeim öryggisvanda sem lá til grundvallar neikvæðri ákvörðun Flugöryggisstofnunar Evrópu í tengslum við TCO-heimild til handa flugrekandanum *Iraqi Airways*.

49) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að breyta ætti skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins með því að bæta flugrekandanum *Iraqi Airways* í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

50) Þar eð þessi skráning er bein afleiðing af neikvæðri ákvörðun Flugöryggisstofnunar Evrópu í tengslum við TCO-heimildina hyggst framkvæmdastjórnin endurskoða þessa skráningu, ef og þegar Flugöryggisstofnun Evrópu upplýsir framkvæmdastjórnina um að hún telji að skilyrðin hafi verið uppfyllt þannig að hún geti tekið jákvæða ákvörðun samkvæmt TCO-hluta að því er varðar flugrekandann *Iraqi Airways*.

Flugrekendur frá Kasakstan

51) Frá því í júlí 2009 hefur öllum flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Kasakstan, að einum undanskildum, verið bannað að stunda flugrekstur aðallega sökum vangetu yfirvaldsins, sem ber ábyrgð á öryggiseftirliti með flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Kasakstan (Flugmálastjórn Kasakstans, CAC), til að innleiða og framfylgja viðeigandi, alþjóðlegum öryggiskröfum. Flugrekandanum *Air Astana* var veitt undanþága að hluta til. Flugrekandinn *Air Astana* var skráður í viðauka B við reglugerð (EB) nr. 474/2006 og var leyft að starfrækja flug til Sambandsins með hluta af flota sínum sem takmarkaðist við þá starfrækslu sem hann hafði á þeim tíma.

52) Í kjölfar betri frammistöðu í SAFA-skoðunum fékk flugrekandinn *Air Astana* leyfi árið 2014 til að auka starfrækslu sína til Sambandsins en aðeins með því að nota þær tegundir loftfara sem hann hefur haft leyfi til að fljúga til Sambandsins síðan 2009.

53) Flugrekandinn *Air Astana* hlaut endurvottun hjá Flugmálastjórn Kasakstans í apríl 2015 og í maí 2015 í tengslum við öryggisúttekt Alþjóðasambands flugfélaga á flugrekstri (IOSA-úttekt). Flugrekandinn veitir framkvæmdastjórninni reglulega uppfærðar upplýsingar um flugrekstur sinn, þjálfun og viðhaldsaðgerðir. Í úttekt Flugöryggisstofnunar Evrópu á flugrekandanum *Air Astana* í október 2015, innan ramma TCO-hluta, var ekkert sem benti til þess að hann fari ekki að alþjóðlegum kröfum. Flugrekandinn *Air Astana* var talinn vera vel mannaður og skilmerkilega stjórnað af þar til bæru alþjóðlegu stjórnendateymi, ásamt staðbundnu starfsfólki. Hjá fyrirtækinu ríkir sterk og trúverðug öryggismenning. Úttektarhópur Flugöryggisstofnunar Evrópu mælti því með því að flugrekandinn *Air Astana* fengi TCO-heimild án athugasemda.

54) Í þeim tilgangi að veita uppfærðar upplýsingar um öryggiseftirlit í Kasakstan var Flugmálastjórn Kasakstans boðið á fund flugöryggisnefndarinnar 24. nóvember 2015 til að fá þar áheyrn. Flugmálastjórn Kasakstans upplýsti að í bígerð væri fjöldi aðgerða til að ráða bót á annmörkunum, sem Alþjóðaflugmálastofnunin vakti máls á árið 2014 innan ramma samræmdrar fullgildingarúttektar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICVM), þ.m.t. alvarlega öryggisvandamálið á sviði flugreksturs. Þetta felur m.a. í sér að koma á þjálfunaráætlun fyrir skoðunarmenn flugöryggismála og að gera úrbætur á málsmeðferðinni í tengslum við vottun flugrekenda og útgáfu sérstakra samþykkja. Hvað varðar alvarlega öryggisvandamálið gaf Flugmálastjórn Kasakstans til kynna að ekki væri vænst úrlausnar fyrr en í fyrsta lagi við lok ársins 2015. Í nóvember 2015 skrifuðu lögbær yfirvöld í Kasakstan enn fremur undir samkomulag við þjónustuveitanda sem ráðgjafa í því skyni að efla skilvirka innleiðingu á viðeigandi öryggiskröfum í Kasakstan. Flugmálastjórn Kasakstans gaf einnig til kynna að á árinu 2015 hafi tólf flugrekendur, sem eru undir eftirliti hennar, fengið endurvottun og að fimm flugrekandaskírteini hefðu verið afturkölluð. Þótt þetta sé jákvæð þróun ríkir enn umtalsvert óöryggi að því er varðar að hve miklu leyti samræmis sé gætt við vottunar- og samþykkisferlin fyrir flugrekendur, sem og hvort stjórnvaldsráðstafanir, sem innleiddar hafa verið til að bregðast við alvarlega öryggisvandamálinu, séu skilvirkar.

55) Flugrekandanum *Air Astana* var einnig boðið á fund flugöryggisnefndarinnar 24. nóvember 2015 til að fá þar áheyrn. Flugrekandinn *Air Astana* lagði fram sönnun þess efnis að hann hefði komið á stöðugu og skilvirku öryggisstjórnunarferli til að taka á öryggishættum, framkvæma greiningu á frumorsök og stuðla að öryggismenningu innan fyrirtækisins. Flugrekandinn hefur sýnt fram á getu til að stjórna breytingum sem tengjast gildissviði og umfangi starfsemi fyrirtækisins með öruggum og skilvirkum hætti. Flugrekandinn *Air Astana* hefur enn fremur séð til þess að eftirlit með flota hans fari fram í samræmi við gildandi, alþjóðlegar öryggiskröfur.

56) Flugrekandinn *SCAT JSC*, sem hefur fengið vottun í Kasakstan, óskaði eftir áheyrn hjá flugöryggisnefndinni og var orðið við þeirri beiðni 24. nóvember 2015. Flugrekandinn hefur lokið IOSA-vottun með fullnægjandi hætti. Samkvæmt þeim upplýsingum sem flugrekandinn *SCAT JSC* lagði fram eru mörg loftför hans af tegundinni Boeing B-737 og B-757 skráð í Litáen. Á sama tíma og framkvæmdastjórnin viðurkennir þann árangur sem flugrekandinn *SCAT JSC* hefur náð hefur honum ekki tekist að færa sönnur á að flugrekstur hans, sem og áframhaldandi lofthæfi og viðhald á loftförum hans, fari fram í samræmi við gildandi öryggiskröfur.

57) Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórnin hefur aðgang að, þ.m.t. þær sem lagðar voru fram á fundinum 24. nóvember 2015, er það metið svo að lagfæring á reglusetningu í Kasakstan á sviði almenningsflugs miði hægt fram. Sem sönnun fyrir verulegum framförum ætti hins vegar að vera búið að leysa úr alvarlega öryggisvandamálinu á sviði flugreksturs, sem er enn óleyst, áður en hægt er að íhuga verulegar tilslakanir á takmörkunum sem gilda um flugrekendur sem eru undir eftirliti Flugmálastjórnar Kasakstans, að flugrekandanum *Air Astana* undanskildum.

58) Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórnin hefur aðgang að, jákvæðra niðurstaðna úr TCO-úttekt flugrekandans *Air Astana* og útskýringa hans, sem gefnar voru við áheyrnina hjá flugöryggisnefndinni, er það metið svo að skilyrðin fyrir því að viðhalda takmörkuðu flugrekstrarbanni, sem lagt var á flugrekandann *Air Astana*, séu ekki lengur fyrir hendi.

59) Hvað varðar flugrekandann *SCAT JSC* hyggst framkvæmdastjórnin skoða þetta mál enn frekar til að tryggja að hugsanlegar tilslakanir í framtíðinni á flugrekstrarbanninu, sem hvílir á flugrekandanum *SCAT JSC*, muni ekki hafa öryggisáhættu í för með sér að því er varðar flug til Sambandsins.

60) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að breyta ætti skrá Bandalagsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að fella flugrekandann *Air Astana* brott úr viðauka B við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

61) Aðildarríkin eiga að halda áfram að sannprófa hvort viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför flugrekandans *Air Astana* séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

Flugrekendur frá Líbanon

62) Samráð við lögbær yfirvöld í Líbanon, Flugmálastjórn Líbanons (CAA), heldur áfram með það að markmiði að staðfesta að Líbanon hafi hrint í framkvæmd áætluninni um aðgerðir til úrbóta, sem var samin til að bregðast við ágöllum og alvarlegu öryggisvandamáli sem komu í ljós við samræmda fullgildingarúttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í desember 2012.

63) Fulltrúar frá Flugmálastjórn Líbanons og flugrekendurnir *Middle East Airlines* og *Wings of Lebanon* sóttu tæknifund í Brussel 4. nóvember 2015 með framkvæmdastjórninni og Flugöryggisstofnun Evrópu til að gefa þeim uppfærðar upplýsingar um framfarir Flugmálastjórnarinnar, aðallega að því er varðar úrlausn alvarlega öryggisvandamálsins, skipun stjórnarnefndar Flugmálastjórnar og aðskilnað öryggiseftirlits og þjónustuveitingar, sem eru sem stendur í höndum Flugmálastjórnarinnar.

64) Flugmálastjórn Líbanons hefur veitt Alþjóðaflugmálastofnuninni viðbótarupplýsingar að því er varðar alvarlega öryggisvandamálið og lagði þær upplýsingar fram á tæknifundinum. Flugmálastjórn Líbanons hvatti Alþjóðaflugmálastofnunina nýlega til að sannreyna aðgerðirnar til úrbóta en það hefur enn sem komið er ekki verið gert. Fram kom að flugöryggisskrifstofa hennar, sem ber ábyrgð á vottun og eftirliti með flugrekendum, væri sjálfstæð eining innan Flugmálastjórnarinnar jafnvel þótt ótvíræðar sannanir þessu til stuðnings væru ekki lagðar fram á tæknifundinum.

65) Flugrekandinn *Middle East Airlines* kynnti starfsemi sína og öryggisstjórnun og virðist flugrekandinn hafa eftirlit með eigin ferlum á þeim sviðum þar sem öryggi skiptir sköpum, s.s. flugrekstri, þjálfun áhafnar, stjórnun lofthæfis og gæða- og öryggisstjórnun. Flugöryggisstofnun Evrópu upplýsti að niðurstöður fundar, sem haldinn var nýlega með flugrekandanum *Middle East Airlines* í tengslum við umsókn hans um TCO-heimild, hefðu verið jákvæðar. Flugrekandinn skipuleggur reglulega úttektir, sem þriðju aðilar framkvæma, til að milda áhrif vegna skorts á öryggiseftirliti af hálfu eigin yfirvalds og bæta enn frekar framkvæmd alþjóðlegra öryggiskrafna.

66) Flugrekandinn *Wings of Lebanon* kynnti starfsemi sína með aðeins eitt loftfar og gildandi öryggisferli. Öllum helstu yfirmönnum þessa flugrekanda var nýlega skipt út, sem hefur leitt til umbóta á verklagsreglum innan fyrirtækisins og skapað góðan grunn fyrir þróun öryggisstjórnunarkerfis.

67) Á þessu stigi styðja áfangabindandi úrbætur á öryggiseftirlitskerfinu í tengslum við mildunaraðgerðir, sem flugrekandinn *Middle East Airlines* hefur gripið til, og fyrirliggjandi upplýsingar um öryggismál ekki þá ákvörðun að flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Líbanon, sæti flugrekstrarbanni eða rekstrartakmörkunum. Í því skyni að fylgjast náið með stöðunni á samráð við líbönsk yfirvöld að halda áfram í samræmi við 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 473/2006.

68) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það metið svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skrá Bandalagsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að bæta flugrekendum frá Líbanon í skrána.

69) Ef einhverjar viðeigandi öryggisupplýsingar gefa til kynna að öryggisáhætta sé yfirvofandi, sem afleiðing af því að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggiskröfum, gæti framkvæmdastjórnin þurft að grípa til frekari aðgerða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Madagaskar

70) Framkvæmdastjórnin hefur haldið áfram samráði sínu við Flugmálastjórn Madagaskar (ACM). Að beiðni Flugmálastjórnar Madagaskar var haldinn fundur í Brussel 2. október 2015 annars vegar milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkis og hins vegar milli Flugmálastjórnar Madagaskar og flugrekandans *Air Madagascar*.

71) Á þeim fundi lögðu Flugmálastjórn Madagaskar og flugrekandinn *Air Madagascar* fram upplýsingar um þann árangur sem báðar stofnanir hafa náð í tengslum við áætlun þeirra um aðgerðir til úrbóta og fyrirbyggjandi aðgerðir, sem þær hafa hrint í framkvæmd til að ráða bót á þeim annmörkum í öryggismálum sem um getur í forsendum 66–74 í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 390/2011. Bæði Flugmálastjórn Madagaskar og flugrekandinn *Air Madagascar* telja að ráðin hafi verið fullnægjandi bót á þessum annmörkum í öryggismálum og hefur Flugmálastjórnin óskað eftir endurmati á rekstrartakmörkunum sem flugrekandinn *Air Madagascar* sætir.

72) Framkvæmdastjórnin veitti athygli þeim árangri sem Flugmálastjórn Madagaskar greindi frá við að ráða bót á þeim annmörkum sem Alþjóðaflugmálastofnunin vakti máls á, sem og þeim upplýsingum sem Flugmálastjórnin og flugrekandinn *Air Madagascar* lögðu fram varðandi áætlun sína um aðgerðir til úrbóta og fyrirbyggjandi aðgerðir. Jafnvel þótt Flugmálastjórn Madagaskar og flugrekandinn *Air Madagascar* hafi náð árangri, og m.a.s. þrátt fyrir að vænta megi frekari árangurs, hafa skilyrðin fyrir tilslakanir á takmörkuðu flugrekstrarbanni, sem gildir sem stendur um flugrekandann *Air Madagscar*, ekki verið uppfyllt. Enn og aftur er nauðsynlegt að sannprófa raunverulega framkvæmd alþjóðlegra öryggiskrafna. Flugmálastjórn Madagaskar verður að efla reynslu sína með tilliti til nýrra verkferla sem hún hefur innleitt. Í þessu samhengi má búast við matsheimsókn aðila frá Sambandinu á starfsstöð á Madagaskar á fyrsta ársfjórðungi 2016. Auk þess eru á þessari stundu ekki nægar sannanir til að styðja tilslakanir á rekstrartakmörkunum sem flugrekendur frá Madagaskar sæta.

73) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skrá Bandalagsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur frá Madagaskar.

Flugrekendur frá Mósambík

74) Matsheimsókn á vegum Sambandsins í apríl 2015 gerði framkvæmdastjórninni kleift að álykta að jafnvel þótt lögbær flugmálayfirvöld í Mósambík (IACM) hafi sýnt umtalsverðar framfarir, að því er varðar framkvæmd alþjóðlegra öryggiskrafna, séu enn verulegir annmarkar á flugöryggiseftirlitskerfi í Mósambík. Það var því ákveðið að framkvæmdastjórnin, með aðstoð Flugöryggisstofnunar Evrópu, myndi veita Flugmálastjórn Mósambík tækniaðstoð í því skyni að hjálpa til við að ráða bót á eftirstandandi annmörkum og ljúka við uppbyggingarferli innri getu til að ná tilskilinni sjálfbærni.

75) Tækniaðstoðarverkefni til lengri tíma hófst 12. október 2015 og mun standa yfir fram í byrjun júní 2016. Fyrsti áfangi verkefnisins hefur leitt af sér vissar frumniðurstöður. Ítarleg endurskoðun á lagarammanum og gildandi flugreglum hefur leitt til greiningar á leiðréttingum og úrbótum til samþykktar síðar. Verið er að skoða hvort aðlaga eigi meginreglur og uppbyggingu fjölda laga Sambandsins um almenningsflug að tilteknum aðstæðum í flugkerfi Mósambík. Markviss viðleitni er viðhöfð til að ráða kerfisbundið bót á öllum óleystum ágöllum, sem komu í ljós við úttekt innan ramma úttektaráætlunar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum (ICAO USOAP), í því skyni að bæta verulega skilvirka framkvæmd. Rætt var við alla núverandi flugrekendur og voru skilmálar lofthæfivottorðs þeirra endurskoðaðir. Fjöldi samskiptareglna vegna samstarfs eru í athugun til að styrkja sum af viðkvæmustu sviðum Flugmálastjórnar Mósambík. Hafist hefur verið handa við að greina allar innri málsmeðferðarreglur og ferli Flugmálastjórnar Mósambík sem krefjast umtalsverðrar grannskoðunar.

76) Tækniaðstoðarverkefni til styttri tíma hófst 14. september 2015 og lauk 13. nóvember 2015. Veitt var starfsþjálfun og leiðbeiningar um vottun flugvalla og eftirlit á flugvöllum þar sem athyglinni var einkum beint að nýja alþjóðlega flugvellinum í *Nascala* og núverandi alþjóðlega flugvellinum í *Beira*.

77) Á þessu stigi er geta Flugmálastjórnar Mósambík til að hafa eftirlit með almenningsflugi í Mósambík þó ekki enn fullnægjandi samkvæmt alþjóðlegum öryggiskröfum. Það liggja því ekki fyrir fullnægjandi gögn sem styðja ákvörðun um að gerðar verði tilslakanir á flugrekstrarbanni allra þeirra flugrekenda sem hafa fengið vottun í Mósambík.

78) Samkvæmt þeirri skrá sem Flugmálastjórn Mósambík lagði fram 5. nóvember 2015 hafa þrír nýir flugrekendur fengið vottun í Mósambík, þ.e. flugrekendurnir *Ambassador Lda* (AOC MOZ-21)*, Everett Aviation Lda* (AOC MOZ-18) og *Inaer Aviation Mozambique Lda* (AOC MOZ-19)*.* Flugmálastjórn Mósambík gat þó ekki fært sönnur á að tryggt væri að öryggiseftirlit með þessum flugrekendum samrýmdist alþjóðlegum öryggiskröfum. Flugmálastjórn Mósambík upplýsti framkvæmdastjórnina með sömu skrá um að flugrekandaskírteini flugrekendanna *Aero-Serviços Sarl* (AOC MOZ-08), *Emílio Air Charter Lda* (AOC MOZ-05) og *Unique Air Charter Lda* (AOC MOZ-13), sem höfðu áður verið felld tímabundið úr gildi meðan á endurvottunarferlinu stóð, hefðu nú verið afturkölluð sökum þess að þeir luku ekki við þetta ferli.

79) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að breyta ætti skrá Bandalagsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að bæta flugrekendunum *Ambassador Lda, Everett Aviation Lda* og *Inaer Aviation Mozambique Lda* í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2007 og fella flugrekendurna *Aero-Serviços Sarl*, *Emílio Air Charter Lda* og *Unique Air Charter Lda* brott úr viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

Flugrekendur frá Nepal

80) Framkvæmdastjórnin hefur haldið áfram samráði við Flugmálastjórn Nepal (CAAN) til að ákvarða getu hennar til að framkvæma og framfylgja með fullnægjandi hætti viðeigandi alþjóðlegum öryggiskröfum.

81) Framkvæmdastjórnin og Flugöryggisstofnun Evrópu heimsóttu Flugmálastjórn Nepal 5.-9. október 2015. Markmiðið með heimsókninni á starfsstöðina var að Flugöryggisstofnun Evrópu gæti veitt Flugmálastjórninni tækniaðstoð í formi mats á þeim árangri sem hún hefur náð í tengslum við ágalla, sem komu í ljós við úttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, og að Flugöryggisstofnun Evrópu gæti endurskoðað áætlun hennar þannig að í henni væru tilmæli um að ráða bót á eftirstandandi vandamálum. Framkvæmdastjórnin tók einnig þátt í þessari heimsókn á starfsstöð til að meta árangur Flugmálastjórnarinnar í tengslum við þá annmarka sem leiddu til þess að flugrekendur frá Nepal voru settir í flugrekstrarbann í desember 2013.

82) Heimsóknin á starfsstöð staðfesti að Flugmálastjórn Nepal hafi náð árangri hvað varðar framkvæmd alþjóðlegra öryggiskrafna. Samkvæmt Alþjóðaflugmálastofnuninni er fjallað ítarlega um ágallana í áætlun Flugmálastjórnarinnar um aðgerðir til úrbóta, þ.m.t. þá sem leiddu til alvarlegs öryggisvandamáls sem Alþjóðaflugmálastofnunin vakti máls á. Hins vegar var ekki hægt að staðfesta framkvæmd aðgerðanna meðan á heimsókninni á starfsstöð stóð. Alvarlega öryggisvandamálið, sem varðar flugrekstur, er áfram til staðar. Flugmálastjórn Nepal gerir ráð fyrir heimsókn frá öryggisteymi svæðisskrifstofu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í desember 2015 til að gera frummat á framkvæmd aðgerða til úrbóta í því skyni að fá hugsanlega samræmda fullgildingarúttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á fyrsta ársfjórðungi 2016. Í þessari samræmdu fullgildingarúttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á Alþjóðaflugmálastofnunin að sannreyna skilvirka framkvæmd aðgerða til úrbóta. Flugmálastjórn Nepal notar áætlun sem samanstendur af reglulegum úttektum á öllum flugrekendum og öðrum þjónustuveitendum sem hún hefur eftirlit með. Hins vegar þarf að þróa skoðunaráætlunina frekar.

83) Á fundi með ferðamála-, menningarmála- og flugmálaráðherra Nepals var lögð áhersla á að ef bæta á flugeftirlitskerfið í Nepal yrði Flugmálastjórn Nepal að fá fullt umboð til að starfa á sjálfstæðum grundvelli, án inngrips stjórnmálakerfisins, í tengslum við störf sem tengjast öryggismálum og hafa nægilega margt og hæft starfsfólk. Ráðherrann upplýsti að frekari breytingar á lagagerð Nepal um almenningsflug væru í undirbúningi til að ráða bót á vandamálum sem varða stofnanir og veita þjónustuveitendum sjálfstæði við öryggiseftirlit og til að Flugmálastjórn Nepal njóti fulls stuðnings með tilliti til úrlausnar á öllum ágöllum.

84) Til að meta þróun mála frá síðustu heimsókn sinni í febrúar 2014 fóru framkvæmdastjórnin og Flugöryggisstofnun Evrópu í heimsókn 7. og 8. október 2015 til flugrekendanna *Buddha Air, Yeti Airlines, Tara Air* og *Nepal Airlines Corporation* sem eru skráðir í Nepal. Allir fjórir flugrekendurnir fengu endurvottun í samræmi við fimm áfanga ferlið og annast Flugmálastjórn Nepal reglulegt eftirlit með þeim. Þróun öryggisstjórnunarkerfis og öryggismenningar hjá þessum flugrekendum er mislangt á veg komið og þó svo að sumir séu greinilega komnir lengra en aðrir uppfyllir enginn þeirra gildandi alþjóðlegar öryggiskröfur á þessari stundu.

85) Flugmálastjórn Nepal upplýsti einnig að tveir nýir flugrekendur hefðu verið vottaðir. Flugrekandinn *Saurya Airlines* fékk flugrekandaskírteini nr. 083/2014 13. nóvember 2014 og flugrekandinn *Himalaya Airlines* fékk flugrekandaskírteini nr. 084/2015 9. mars 2015. Flugmálastjórn Nepal gat þó ekki fært sönnur á að tryggt væri að öryggiseftirlit með þessum flugrekendum samrýmdist alþjóðlegum öryggiskröfum.

86) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að breyta ætti skrá Bandalagsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að bæta flugrekendunum *Saurya Airlines* og *Himalaya Airlines* í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

Flugrekendur frá Filippseyjum

87) Framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnun Evrópu og aðildarríkin hafa fylgst náið með öryggisframmistöðu flugrekenda, sem hafa fengið vottun á Filippseyjum og fljúga til Sambandsins, þ.m.t. með því að setja í forgang að skoðanir á hlaði séu framkvæmdar hjá flugrekendum frá Filippseyjum í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

88) Fyrir fund flugöryggisnefndarinnar lagði Flugmálastjórn Filippseyja (CAAP) fyrir framkvæmdastjórnina tilteknar tækniupplýsingar um öryggiseftirlit hennar með flugrekendum sem hafa fengið vottun á Filippseyjum. Í upplýsingunum kom fram að á þessari stundu eru 38 virkir handhafar flugrekandaskírteina á Filippseyjum. Stjórnendateymi Flugmálastjórnar Filippseyja, sem hefur fram að þessu stuðlað að jákvæðum úrbótum á almenningsflugi á Filippseyjum, ber áfram ábyrgð og hefur skuldbundið sig til að fylgja áfram áætlun sinni um stöðugar úrbætur. Enn fremur gefa upplýsingarnar, sem Flugmálastjórn Filippseyja lagði fram, og greiningin á tiltækum upplýsingum um slys og flugatvik, ekki til kynna neinar efasemdir í tengslum við flugrekendur sem hafa fengið vottun á Filippseyjum.

89) Flugrekendurnir *Philippine Airlines, Air Philippines' Corporation* og *Cebu Pacific Air* hafa allir nýlega verið látnir gangast undir skoðanir á hlaði í tengslum við öryggisskoðun erlendra loftfara (SAFA-skoðun á hlaði). Skýrslurnar gefa til kynna að ekki sé um að ræða neina óæskilega þróun í tengslum við þessar SAFA-skoðanir á hlaði.

90) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skrá Bandalagsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að bæta flugrekendum frá Filippseyjum í skrána.

91) Aðildarríkin eiga að halda áfram að sannprófa hvort flugrekendur á Filippseyjum uppfylli alþjóðlegar öryggiskröfur á skilvirkan hátt með því að setja skoðanir á hlaði í forgang samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

Flugrekendur frá Rússneska sambandsríkinu

92) Framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnun Evrópu og aðildarríkin hafa haldið áfram að vakta öryggisframmistöðu flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Rússneska sambandsríkinu og starfrækja flug í Sambandinu, þ.m.t. með því að setja í forgang að skoðanir á hlaði séu framkvæmdar á loftförum tiltekinna rússneskra flugrekenda í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

93) Hinn 23. október 2015 hélt framkvæmdastjórnin, með aðstoð Flugöryggisstofnunar Evrópu og aðildarríkis, fund með fulltrúum Flugmálastjórnar Rússlands (FATA). Tilgangur fundarins var að endurskoða öryggisframmistöðu rússneskra flugrekenda á grundvelli skýrsla úr SAFA-skoðunum á hlaði á tímabilinu 20. september 2014 til 19. október 2015 og greina þau tilvik sem þarfnast sérstakrar athygli.

94) Á fundinum benti framkvæmdastjórnin á skort á almennilegri greiningu á frumorsök hjá sumum flugrekendum þar sem tveir ágallar eða fleiri koma í ljós við SAFA-skoðun. Flugmálastjórn Rússlands greindi frá því að ágallar, sem koma í ljós við SAFA-skoðanir, séu reglulega greindir og að fylgst sé stöðugt með skilvirkni aðgerða flugrekendanna til úrbóta. Flugmálastjórn Rússlands skuldbatt sig til að fylgja eftir þeim tilvikum þar sem ekki var farið að tilskildum ákvæðum og sem ekki hafði verið ráðin almennileg bót á og senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um stöðu þeirra. Flugmálastjórn Rússlands lagði enn fremur fram uppfærðar upplýsingum um nýjustu tilvikin um tímabundna niðurfellingu og afturköllun flugrekendaskírteina flugrekenda sem hún hefur eftirlit með.

95) Á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga var niðurstaðan sú að hvorki væri þörf á að veita rússneskum flugmálayfirvöldum né flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Rússland, áheyrn hjá flugöryggisnefndinni. Hins vegar var samþykkt að öryggissérfræðingar frá framkvæmdastjórninni og rússneskum yfirvöldum skyldu funda reglulega, a.m.k. einu sinni fyrir hvern fund flugöryggisnefndarinnar.

96) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skrá Bandalagsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að bæta flugrekendum frá Rússneska sambandsríkinu í skrána.

97) Aðildarríkin eiga að halda áfram að sannprófa hvort flugrekendur í Rússneska sambandsríkinu uppfylli alþjóðlegar öryggiskröfur á skilvirkan hátt með því að setja skoðanir á hlaði í forgang samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

98) Ef þessar skoðanir gefa til kynna að öryggisáhætta sé yfirvofandi, sem afleiðing af því að ekki er farið að viðeigandi öryggiskröfum, gæti framkvæmdastjórnin þurft að grípa til aðgerða gegn flugrekendum frá Rússneska sambandsríkinu í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Súdan

99) Flugmálastjórn Súdan (SCAA) hefur verið í reglulegu sambandi við framkvæmdastjórnina, einkum að því er varðar mat á flugrekendum sem eru skráðir í Súdan. Eftirlitsstarfsemi Flugmálastjórnarinnar hefur batnað að því er varðar marga flugrekendur. Þó svo að Flugmálastjórnin hafi samþykkt að taka á móti matsaðilum á starfsstöð sína í október 2015 óskaði hún síðar eftir því að heimsókninni yrði frestað til ársins 2016 þannig að hún og flugrekendurnir hefðu meiri tíma til að hrinda alþjóðlegum öryggiskröfum í framkvæmd.

100) Fulltrúar Sambandsins skulu framkvæma öryggismat til að ákvarða hvort Flugmálastjórn Súdan og flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Súdan, fari að alþjóðlegum öryggiskröfum.

101) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skrá Bandalagsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur frá Súdan.

Flugrekendur frá Taívan

102) Með tilliti til banaslysanna tveggja hjá flugrekandanum *TransAsia Airways* (TNA) undanfarna 18 mánuði hefur framkvæmdastjórnin hafið formlegt samráð við Flugmálastjórn Taívan (CAA) í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 473/2006. Flugmálastjórn Taívan og flugrekandanum *TNA* var í þessu samhengi boðið á tæknifund í Brussel 19. október 2015 með framkvæmdastjórninni og Flugöryggisstofnun Evrópu til að ræða öryggiseftirlitskerfið, sem Flugmálastjórnin hefur komið á fót, og öryggisframmistöðu flugrekandans *TNA*.

103) Á þessum fundi tilkynnti Flugmálastjórnin að öryggiseftirlitskerfi hennar byggist á kröfum og ráðlögðum starfsvenjum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og útskýrði, með vísan í átta mikilvæga þætti að mati Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (e. *ICAO critical elements*), hvernig hún gætir ábyrgðar sinnar á sviði öryggiseftirlits. Flugmálastjórnin lagði fram ítarlegar upplýsingar um aðgerðir sem hrint var í framkvæmd í kjölfar flugatvikanna og slysanna undangengin tvö ár þar sem flugrekandinn *TNA* átti hlut að máli. Í samræmi við löggjöf Taívan hefur Flugmálastjórn Taívan einnig takmarkað starfrækslustig flugrekandans *TNA* í eitt ár frá dagsetningu seinna slyssins. Að lokum undirstrikaði Flugmálastjórn Taívan skuldbindingu sína um að innleiða 19. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og tilkynnti að hún muni framkvæma mat á öryggisstjórnunarkerfi (SMS) hjá öllum flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Taívan, fyrir lok ársins 2017.

104) Á þessum sama fundi upplýsti flugrekandinn *TNA* framkvæmdastjórnina um að í kjölfar banaslysanna árin 2014 og 2015 hefði fyrirtækið þróað og innleitt aðgerðaáætlun til að bæta flugöryggi (e. *Flight Safety Enhancement Action Plan*) sem tekur til eftirfarandi atriða: umbóta á fyrirtækjamenningu, framþróunar fyrirtækis, innleiðingar öryggisstjórnunarkerfis, þjálfunar og mats. Flugrekandinn tilkynnti að umtalsverðar breytingar hefðu verið gerðar á skipulagi fyrirtækisins árið 2015, m.a. voru starfsmannabreytingar hjá æðstu stjórnendum fyrirtækisins, gæðatryggingardeild var sett á fót, flugöryggisnefnd var stofnuð fyrir öryggisstefnumótun og til að efla öryggi og flotinn var endurnýjaður þannig að árið 2016 yrði meðalaldur flotans fjögur ár. Einnig var gripið til sértækra aðgerða til að bæta þjálfun flugliða. Til viðbótar við þá eftirlitsstarfsemi sem Flugmálastjórn Taívan annast komu ATR og flugöryggissamtökin *Flight Safety Foundation* í matsheimsóknir árið 2015 með aðstoð *Airbus* og *Bureau Veritas*. Báðar matsheimsóknirnar á starfsstöð leiddu til fjölda tilmæla, sem fjallað er um í áætlun um aðgerðir til úrbóta, sem flugrekandinn *TNA* samdi í kjölfarið.

105) Við lok fundarins ítrekaði Flugmálastjórn Taívan að öll svið fluggeirans í Taívan samrýmdust alþjóðlegum kröfum, sem Alþjóðaflugmálastofnunin mælir fyrir um, og skuldbatt sig til að fylgjast áfram náið með öryggisframmistöðu flugrekandans *TNA* og framkvæmd áætlana um aðgerðir til úrbóta og fyrirbyggjandi aðgerða.

106) Á grundvelli upplýsinga, sem eru framkvæmdastjórninni aðgengilegar, var það metið svo að Flugmálastjórn Taívan og flugrekandinn *TNA* þurfi ekki að koma fyrir flugöryggisnefndina og að ekki sé nauðsynlegt að setja flugrekendur frá Taívan í flugrekstrarbann. Flugmálastjórn Taívan og flugrekandinn *TNA* samþykktu þó frekari samráðsfundi um tæknimál til að gera framkvæmdastjórninni kleift að fylgjast með framkvæmd hlutaðeigandi áætlana um aðgerðir til úrbóta og fyrirbyggjandi aðgerða og til að hægt sé að halda áfram viðræðum um öryggistengd mál.

107) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skrá Bandalagsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur frá Taívan.

108) Aðildarríkin eiga að halda áfram að sannprófa hvort viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Taívan, séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

Flugrekendur frá Taílandi

109) Í bréfi, dagsettu 14. október 2015, veitti Flugmálastjórn Taílands (CAA) framkvæmdastjórninni upplýsingar um þann árangur sem hefur náðst við framkvæmd aðgerða til úrbóta til að ráða bót á alvarlega öryggisvandamálinu, sem Alþjóðaflugmálastofnunin vakti máls á, og öðrum ágöllum sem Alþjóðaflugmálastofnunin og Flugmálastjórn Bandaríkjanna (FAA) greindu. Tekið var eftir því að ríkisstjórn Taílands tókst á nokkrum mánuðum að endurskipuleggja fyrrverandi Flugmálastjórn (DCA) landsins og breyta henni í sjálfstæða stofnun, Flugmálastjórn Taílands (CAA). Flugmálastjórn Taílands hefur ráðið nýja tæknifræðinga og fleiri skoðunarmenn og vinnur nú að því að styrkja vinnuafl sitt enn frekar.

110) Flugöryggisstofnun Evrópu fór í heimsókn til Taílands 9.-12. nóvember 2015, þ.m.t. til Flugmálastjórnar Taílands, til að meta vanefndaratriðin, sem Alþjóðaflugmálastofnunin vakti máls á, í ljósi umsókna frá tveimur taílenskum flugrekendum um TCO-heimild. Athugasemdir Flugöryggisstofnunar Evrópu eru í samræmi við ágallana sem Alþjóðaflugmálastofnunin vakti máls á. Flugöryggisstofnun Evrópu fannst Flugmálastjórn Taílands vera fremur veikburða og ofhlaðna störfum en tók einnig eftir jákvæðri þróun. Frekari þróun krefst pólítísks stuðnings og raunhæfra tímamarka til að hægt sé að framkvæma aðgerðir til úrbóta með varanlegum hætti.

111) Að beiðni nýrrar ríkisstjórnar Taílands var tæknifundur skipulagður 23. nóvember 2015 þar sem framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnun Evrópu, háttsettir embættismenn frá ríkisstjórn Taílands, embættismenn frá Flugmálastjórn Taílands og fulltrúar frá flugrekandanum *Thai Airways International* voru viðstaddir. Upplýsingarnar, sem komu fram á þessum fundi um endurbætur á almenningsflugkerfinu í Taílandi, voru einnig taldar þýðingarmiklar fyrir flugöryggisnefndina.

112) Sendinefnd Taílands var því boðið að vera við áheyrn hjá flugöryggisnefndinni 25. nóvember. Flugmálastjórn Taílands kynnti skipulagsúrbætur og aðgerðaáætlanir til skamms tíma, meðallangs tíma og lengri tíma, sem ætlað er að ráða bót á ágöllunum, sem Alþjóðaflugmálastofnunin vakti máls á, og leysa úr alvarlega öryggisvandamálinu. Varðandi tímamörk útskýrði Flugmálastjórn Taílands að hún meti það mikilvægara að koma á fót hágæða flugöryggiskerfi heldur en að setja tímamörk sem ólíklegt er að hægt verði að virða. Flugmálastjórn Taílands ætlar að innleiða evrópskar flugöryggisreglur og er að semja við Flugöryggisstofnun Evrópu og aðra evrópska samstarfsaðila um stuðning við þessa innleiðingu. Flugrekandinn *Thai Airways* kynnti þróun fyrirtækisins og framkvæmd alþjóðlegra öryggiskrafna og öryggisstjórnun í rekstri sínum.

113) Þótt skilvirk framkvæmd alþjóðlegra öryggiskrafna sé takmörkuð, samanber niðurstöðurnar úr úttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í febrúar 2015, hafa ríkisstjórnin og Flugmálastjórn Taílands sýnt fram á skýra skuldbindingu til að bæta öryggiseftirlitskerfið í Taílandi og hafa lagt fram sönnunargögn sem sýna að þau hafa náð

góðum árangri á stuttum tíma. Enn fremur styðja fyrirliggjandi öryggisupplýsingar um flugrekendur frá Taílandi ekki þá ákvörðun að þeir sæti flugrekstrarbanni eða rekstrartakmörkunum. Í því skyni að fylgjast náið með stöðunni á samráð við taílensk yfirvöld að halda áfram í samræmi við 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 473/2006.

114) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skrá Bandalagsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur frá Taílandi.

115) Aðildarríkin eiga að halda áfram að sannprófa hvort viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Taílandi, séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

116) Ef einhverjar viðeigandi öryggisupplýsingar gefa til kynna að öryggisáhætta sé yfirvofandi, sem afleiðing af því að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggiskröfum, gæti framkvæmdastjórnin þurft að grípa til frekari aðgerða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Sambíu

117) Hinn 4. september 2015 lét Flugmálastjórn Zambiu (ZCAA) framkvæmdastjórninni í té uppfærðar upplýsingar um vinnuna sem tengist aðgerðaáætlun Zambiu um öryggismál. Þessi uppfærsla sýnir að framfarir hafi verið góðar. Þó eru einhverjar aðgerðir enn á lokastigum og ekki enn lokið að fullu. Í gagnkvæmum samningi milli framkvæmdastjórnarinnar og Flugmálastjórnar Zambiu var ákveðið að fresta matsheimsókn aðila frá ESB þangað til í byrjun ársins 2016.

118) Þess er vænst að Flugmálastjórn Zambiu haldi áfram að vinna að framkvæmd alþjóðlegra öryggiskrafna. Framkvæmdastjórnin hyggst vinna að frekari undirbúningi fyrir matsheimsókn á starfsstöð snemma árs 2016 til að sannreyna framkvæmd þessara krafna í Zambiu.

119) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skrá Bandalagsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur frá Zambiu.

120) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 474/2006 til samræmis við það.

121) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit flugöryggisnefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 474/2006 er breytt sem hér segir:

1) Í stað viðauka A komi textinn í viðauka A við þessa reglugerð.

2) Í stað viðauka B komi textinn í viðauka B við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. desember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Violeta BULC

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI A

SKRÁ YFIR FLUGREKENDUR, SEM ER BANNAÐ AÐ STUNDA FLUGREKSTUR INNAN SAMBANDSINS, MEÐ UNDANÞÁGUM ([7])

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
BLUE WING AIRLINES	SRBWA-01/2002	BWI	Súrínam
IRAQI AIRWAYS	001	IAW	Írak
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Afganistan, þ.m.t.			Íslamska lýðveldið Afganistan
ARIANA AFGHAN AIRLINES	AOC 009	AFG	Íslamska lýðveldið Afganistan
KAM AIR	AOC 001	KMF	Íslamska lýðveldið Afganistan
PAMIR AIRLINES	Óskráð	PIR	Íslamska lýðveldið Afganistan
SAFI AIRWAYS	AOC 181	SFW	Íslamska lýðveldið Afganistan
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Angóla, að undanskildum flugrekandanum *TAAG Angola Airlines* sem skráður er í viðauka B, þ.m.t.			**Lýðveldið Angóla**
AEROJET	AO 008-01/11	TEJ	Lýðveldið Angóla
AIR GICANGO	009	Óskráður	Lýðveldið Angóla
AIR JET	AO 006-01/11-MBC	MBC	Lýðveldið Angóla
AIR NAVE	017	Óskráður	Lýðveldið Angóla
AIR26	AO 003-01/11-DCD	DCD	Lýðveldið Angóla
ANGOLA AIR SERVICES	006	Óskráður	Lýðveldið Angóla
DIEXIM	007	Óskráður	Lýðveldið Angóla
FLY540	AO 004-01 FLYA	Óskráður	Lýðveldið Angóla
GIRA GLOBO	008	GGL	Lýðveldið Angóla

([7]) Unnt væri að heimila að allir flugrekendur, sem eru skráðir í viðauka A, nýti flugréttindi, með því að nota loftfar í þjónustuleigu frá flugrekanda, sem er ekki bannað að stunda flugrekstur, að því tilskildu að viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar.

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
HELIANG	010	Óskráður	Lýðveldið Angóla
HELIMALONGO	AO 005-01/11	Óskráður	Lýðveldið Angóla
MAVEWA	016	Óskráður	Lýðveldið Angóla
SONAIR	AO 002-01/10-SOR	SOR	Lýðveldið Angóla
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Benín, þ.m.t.			**Lýðveldið Benín**
AERO BENIN	PEA No 014/ MDCTTTATP-PR/ ANAC/DEA/SCS	AEB	Lýðveldið Benín
AFRICA AIRWAYS	Óskráð	AFF	Lýðveldið Benín
ALAFIA JET	PEA No 014/ANAC/ MDCTTTATP-PR/DEA/ SCS	Óskráður	Lýðveldið Benín
BENIN GOLF AIR	PEA No 012/MDCTTP-PR/ANAC/DEA/SCS.	BGL	Lýðveldið Benín
BENIN LITTORAL AIRWAYS	PEA No 013/ MDCTTTATP-PR/ ANAC/DEA/SCS.	LTL	Lýðveldið Benín
COTAIR	PEA No 015/ MDCTTTATP-PR/ ANAC/DEA/SCS.	COB	Lýðveldið Benín
ROYAL AIR	PEA No 11/ANAC/ MDCTTP-PR/DEA/SCS	BNR	Lýðveldið Benín
TRANS AIR BENIN	PEA No 016/ MDCTTTATP-PR/ ANAC/DEA/SCS	TNB	Lýðveldið Benín
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðveldinu Kongó, þ.m.t.			**Lýðveldið Kongó**
AERO SERVICE	RAC06-002	RSR	Lýðveldið Kongó
CANADIAN AIRWAYS CONGO	RAC06-012	Óskráður	Lýðveldið Kongó
EMERAUDE	RAC06-008	Óskráður	Lýðveldið Kongó
EQUAFLIGHT SERVICES	RAC 06-003	EKA	Lýðveldið Kongó
EQUAJET	RAC06-007	EKJ	Lýðveldið Kongó
EQUATORIAL CONGO AIRLINES S.A.	RAC 06-014	Óskráður	Lýðveldið Kongó

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
MISTRAL AVIATION	RAC06-011	Óskráður	Lýðveldið Kongó
TRANS AIR CONGO	RAC 06-001	TSG	Lýðveldið Kongó
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, þ.m.t.			**Lýðstjórnarlýðveldið Kongó**
AIR FAST CONGO	409/CAB/MIN/ TVC/0112/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
AIR KASAI	409/CAB/MIN/ TVC/0053/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
AIR KATANGA	409/CAB/MIN/ TVC/0056/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
AIR TROPIQUES	409/CAB/MIN/ TVC/00625/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
BLUE AIRLINES	106/CAB/MIN/TVC/2012	BUL	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
BLUE SKY	409/CAB/MIN/ TVC/0028/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
BUSY BEE CONGO	409/CAB/MIN/ TVC/0064/2010	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
COMPAGNIE AFRICAINE D'AVIATION (CAA)	409/CAB/MIN/ TVC/0050/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
CONGO AIRWAYS	019/CAB/MIN/TVC/2015	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
DAKOTA SPRL	409/CAB/MIN/ TVC/071/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
DOREN AIR CONGO	102/CAB/MIN/TVC/ 2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
GOMAIR	409/CAB/MIN/ TVC/011/2010	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
KIN AVIA	409/CAB/MIN/ TVC/0059/2010	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
KORONGO AIRLINES	409/CAB/MIN/ TVC/001/2011	KGO	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
MALU AVIATION	098/CAB/MIN/TVC/ 2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
MANGO AIRLINES	409/CAB/MIN/ TVC/009/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
SERVE AIR	004/CAB/MIN/TVC/2015	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
SERVICES AIR	103/CAB/MIN/TVC/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
SWALA AVIATION	409/CAB/MIN/ TVC/0084/2010	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
TRANSAIR CARGO SERVICES	409/CAB/MIN/ TVC/073/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
WILL AIRLIFT	409/CAB/MIN/ TVC/0247/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Djibútí, þ.m.t.			**Djibútí**
DAALLO AIRLINES	Óskráð	DAO	Djibútí
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Miðbaugs-Gíneu, þ.m.t.			**Miðbaugs-Gínea**
CEIBA INTERCONTINENTAL	2011/0001/MTTCT/ DGAC/SOPS	CEL	Miðbaugs-Gínea
CRONOS AIRLINES	2011/0004/MTTCT/ DGAC/SOPS	Óskráður	Miðbaugs-Gínea
PUNTO AZUL	2012/0006/MTTCT/ DGAC/SOPS	Óskráður	Miðbaugs-Gínea
TANGO AIRWAYS	Óskráð	Óskráður	Miðbaugs-Gínea
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Eritreu, þ.m.t.			**Eritrea**
ERITREAN AIRLINES	AOC No 004	ERT	Eritrea
NASAIR ERITREA	AOC No 005	NAS	Eritrea
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðveldinu Gabon, að undanskildum flugrekendunum *Afrijet* og *SN2AG*, sem eru skráðir í viðauka B, þ.m.t.			**Lýðveldið Gabon**
AFRIC AVIATION	010/MTAC/ANAC-G/ DSA	EKG	Lýðveldið Gabon
ALLEGIANCE AIR TOURIST	007/MTAC/ANAC-G/ DSA	LGE	Lýðveldið Gabon

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
NATIONALE REGIONALE TRANSPORT (N.R.T)	008/MTAC/ANAC-G/DSA	NRG	Lýðveldið Gabon
SKY GABON	009/MTAC/ANAC-G/DSA	SKG	Lýðveldið Gabon
SOLENTA AVIATION GABON	006/MTAC/ANAC-G/DSA	SVG	Lýðveldið Gabon
TROPICAL AIR-GABON	011/MTAC/ANAC-G/DSA	Óskráður	Lýðveldið Gabon
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Indónesíu, að undanskildum flugrekendunum *Garuda Indonesia*, *Airfast Indonesia*, *Ekspres Transportasi Antarbenua* og *Indonesia Air Asia*, þ.m.t.			**Lýðveldið Indónesía**
AIR BORN INDONESIA	135-055	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
AIR PACIFIC UTAMA	135-020	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
ALDA TRANS PAPUA	135-056	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
ALFA TRANS DIRGANTATA	135-012	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
ANGKASA SUPER SERVICES	135-050	LBZ	Lýðveldið Indónesía
ASI PUDJIASTUTI	135-028	SQS	Lýðveldið Indónesía
AVIASTAR MANDIRI	121-043	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
AVIASTAR MANDIRI	135-029	VIT	Lýðveldið Indónesía
BATIK AIR	121-050	BTK	Lýðveldið Indónesía
CITILINK INDONESIA	121-046	CTV	Lýðveldið Indónesía
DABI AIR NUSANTARA	135-030	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
DERAYA AIR TAXI	135-013	DRY	Lýðveldið Indónesía
DERAZONA AIR SERVICE	135-010	DRZ	Lýðveldið Indónesía

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
DIRGANTARA AIR SERVICE	135-014	DIR	Lýðveldið Indónesía
EASTINDO	135-038	ESD	Lýðveldið Indónesía
ELANG LINTAS INDONESIA	135-052	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
ELANG NUSANTARA AIR	135-053	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
ENGGANG AIR SERVICE	135-045	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
ERSA EASTERN AVIATION	135-047	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
GATARI AIR SERVICE	135-018	GHS	Lýðveldið Indónesía
HEAVY LIFT	135-042	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
INDONESIA AIR ASIA EXTRA	121-054	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
INDONESIA AIR TRANSPORT	121-034	IDA	Lýðveldið Indónesía
INTAN ANGKASA AIR SERVICE	135-019	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
JAYAWIJAYA DIRGANTARA	121-044	JWD	Lýðveldið Indónesía
JOHNLIN AIR TRANSPORT	135-043	JLB	Lýðveldið Indónesía
KAL STAR	121-037	KLS	Lýðveldið Indónesía
KARTIKA AIRLINES	121-003	KAE	Lýðveldið Indónesía
KOMALA INDONESIA	135-051	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
KURA-KURA AVIATION	135-016	KUR	Lýðveldið Indónesía
LION MENTARI AIRLINES	121-010	LNI	Lýðveldið Indónesía
MARTABUANA ABADION	135-049	Óskráður	Lýðveldið Indónesía

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
MATTHEW AIR NUSANTARA	135-048	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
MIMIKA AIR	135-007	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
MY INDO AIRLINES	121-042	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
NAM AIR	121-058	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
NATIONAL UTILITY HELICOPTER	135-011	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
NUSANTARA AIR CHARTER	121-022	SJK	Lýðveldið Indónesía
PEGASUS AIR SERVICES	135-036	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
PELITA AIR SERVICE	121-008	PAS	Lýðveldið Indónesía
PENERBANGAN ANGKASA SEMESTA	135-026	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
PURA WISATA BARUNA	135-025	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
RIAU AIRLINES	121-016	RIU	Lýðveldið Indónesía
SAYAP GARUDA INDAH	135-004	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
SMAC	135-015	SMC	Lýðveldið Indónesía
SRIWIJAYA AIR	121-035	SJY	Lýðveldið Indónesía
SURYA AIR	135-046	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
TRANSNUSA AVIATION MANDIRI	121-048	TNU	Lýðveldið Indónesía
TRANSWISATA PRIMA AVIATION	135-021	TWT	Lýðveldið Indónesía
TRAVEL EXPRESS AVIATION SERVICE	121-038	XAR	Lýðveldið Indónesía
TRAVIRA UTAMA	135-009	TVV	Lýðveldið Indónesía

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
TRI MG INTRA ASIA AIRLINES	121-018	TMG	Lýðveldið Indónesía
TRIGANA AIR SERVICE	121-006	TGN	Lýðveldið Indónesía
UNINDO	135-040	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
WESTSTAR AVIATION INDONESIA	135-059	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
WING ABADI AIRLINES	121-012	WON	Lýðveldið Indónesía
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Kasakstan, að undanskildum flugrekandanum *Air Astana*, þ.m.t.			**Kasakstan**
AIR ALMATY	AK-0483-13	LMY	Kasakstan
ATMA AIRLINES	AK-0469-12	AMA	Kasakstan
AVIA-JAYNAR/AVIA-ZHAYNAR	AK-0467-12	SAP	Kasakstan
BEK AIR	AK-0463-12	BEK	Kasakstan
BEYBARS AIRCOMPANY	AK-0473-13	BBS	Kasakstan
BURUNDAYAVIA AIRLINES	KZ-01/001	BRY	Kasakstan
COMLUX-KZ	KZ-01/002	KAZ	Kasakstan
EAST WING	KZ-01/007	EWZ	Kasakstan
EURO-ASIA AIR	AK-0472-13	EAK	Kasakstan
FLY JET KZ	AK-0477-13	FJK	Kasakstan
INVESTAVIA	AK-0479-13	TLG	Kasakstan
IRTYSH AIR	AK-0468-13	MZA	Kasakstan

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
JET AIRLINES	KZ-01/003	SOZ	Kasakstan
KAZAIR JET	AK-0474-13	KEJ	Kasakstan
KAZAIRTRANS AIRLINE	AK-0466-12	KUY	Kasakstan
KAZAVIASPAS	AK-0484-13	KZS	Kasakstan
PRIME AVIATION	AK-0478-13	PKZ	Kasakstan
SCAT	KZ-01/004	VSV	Kasakstan
ZHETYSU AIRCOMPANY	AK-0470-12	JTU	Kasakstan
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Kirgiska lýðveldinu, þ.m.t.			**Kirgiska lýðveldið**
AIR BISHKEK (áður EASTOK AVIA)	15	EAA	Kirgiska lýðveldið
AIR MANAS	17	MBB	Kirgiska lýðveldið
AVIA TRAFFIC COMPANY	23	AVJ	Kirgiska lýðveldið
CENTRAL ASIAN AVIATION SERVICES (CAAS)	13	CBK	Kirgiska lýðveldið
HELI SKY	47	HAC	Kirgiska lýðveldið
AIR KYRGYZSTAN	03	LYN	Kirgiska lýðveldið
MANAS AIRWAYS	42	BAM	Kirgiska lýðveldið
S GROUP INTERNATIONAL (áður S GROUP AVIATION)	45	IND	Kirgiska lýðveldið
SKY BISHKEK	43	BIS	Kirgiska lýðveldið
SKY KG AIRLINES	41	KGK	Kirgiska lýðveldið
SKY WAY AIR	39	SAB	Kirgiska lýðveldið
TEZ JET	46	TEZ	Kirgiska lýðveldið
VALOR AIR	07	VAC	Kirgiska lýðveldið

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Líberíu.			**Líbería**
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Líbíu, þ.m.t.			**Líbía**
AFRIQIYAH AIRWAYS	007/01	AAW	Líbía
AIR LIBYA	004/01	TLR	Líbía
BURAQ AIR	002/01	BRQ	Líbía
GHADAMES AIR TRANSPORT	012/05	GHT	Líbía
GLOBAL AVIATION AND SERVICES	008/05	GAK	Líbía
LIBYAN AIRLINES	001/01	LAA	Líbía
PETRO AIR	025/08	PEO	Líbía
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðveldinu Mósambík, þ.m.t.			**Lýðveldið Mósambík**
AMBASSADOR LDA	MOZ-21	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
CFM — TRABALHOS E TRANSPORTES AÉREOS LDA	MOZ-07	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
COA — COASTAL AVIATION	MOZ-15	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
CPY — CROPSPRAYERS	MOZ-06	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
CRA — CR AVIATION LDA	MOZ-14	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
ETA — EMPRESA DE TRANSPORTES AÉREOS LDA	MOZ-04	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
EVERETT AVIATION LDA	MOZ-18	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
HCP — HELICÓPTEROS CAPITAL LDA	MOZ-11	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
INAER AVIATION MOZAMBIQUE LDA	MOZ-19	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
KAY — KAYA AIRLINES, LDA	MOZ-09	KYY	Lýðveldið Mósambík

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
LAM — LINHAS AÉREAS DE MOÇAMBIQUE S.A.	MOZ-01	LAM	Lýðveldið Mósambík
MAKOND, LDA	MOZ-20	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
MEX — MOÇAMBIQUE EXPRESSO, SARL MEX	MOZ-02	MXE	Lýðveldið Mósambík
OHI — OMNI HELICÓPTEROS INTERNATIONAL LDA	MOZ-17	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
SAF — SAFARI AIR LDA	MOZ-12	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
SAM — SOLENTA AVIATION MOZAMBIQUE, SA	MOZ-10	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
TTA — TRABALHOS E TRANSPORTES AÉREOS LDA	MOZ-16	TTA	Lýðveldið Mósambík
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Nepal, þ.m.t.			**Sambandslýðstjórnar-lýðveldið Nepal**
AIR DYNASTY HELI. S.	035/2001	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
AIR KASTHAMANDAP	051/2009	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
BUDDHA AIR	014/1996	BHA	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
FISHTAIL AIR	017/2001	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
GOMA AIR	064/2010	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
HIMALAYA AIRLINES	084/2015	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
MAKALU AIR	057A/2009	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
MANANG AIR PVT LTD	082/2014	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
MOUNTAIN HELICOPTERS	055/2009	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
MUKTINATH AIRLINES	081/2013	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
NEPAL AIRLINES CORPORATION	003/2000	RNA	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
SAURYA AIRLINES	083/2014	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
SHREE AIRLINES	030/2002	SHA	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
SIMRIK AIR	034/2000	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
SIMRIK AIRLINES	052/2009	RMK	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
SITA AIR	033/2000	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
TARA AIR	053/2009	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
YETI AIRLINES DOMESTIC	037/2004	NYT	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Saó Tóme og Prinsípe, þ.m.t.			**Saó Tóme og Prinsípe**
AFRICA'S CONNECTION	10/AOC/2008	ACH	Saó Tóme og Prinsípe
STP AIRWAYS	03/AOC/2006	STP	Saó Tóme og Prinsípe
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Síerra Leóne, þ.m.t.			**Síerra Leóne**
AIR RUM, LTD	ÓSKRÁÐ	RUM	Síerra Leóne
DESTINY AIR SERVICES, LTD	ÓSKRÁÐ	DTY	Síerra Leóne
HEAVYLIFT CARGO	ÓSKRÁÐ	Óskráður	Síerra Leóne
ORANGE AIR SIERRA LEONE LTD	ÓSKRÁÐ	ORJ	Síerra Leóne
PARAMOUNT AIRLINES, LTD	ÓSKRÁÐ	PRR	Síerra Leóne
SEVEN FOUR EIGHT AIR SERVICES LTD	ÓSKRÁÐ	SVT	Síerra Leóne
TEEBAH AIRWAYS	ÓSKRÁÐ	Óskráður	Síerra Leóne
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Súdan, þ.m.t.			**Lýðveldið Súdan**
ALFA AIRLINES	54	AAJ	Lýðveldið Súdan
ALMAJAL AVIATION SERVICE	15	MGG	Lýðveldið Súdan
BADR AIRLINES	35	BDR	Lýðveldið Súdan
BENTIU AIR TRANSPORT	29	BNT	Lýðveldið Súdan
BLUE BIRD AVIATION	11	BLB	Lýðveldið Súdan
DOVE AIRLINES	52	DOV	Lýðveldið Súdan
ELIDINER AVIATION	8	DND	Lýðveldið Súdan

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
FOURTY EIGHT AVIATION	53	WHB	Lýðveldið Súdan
GREEN FLAG AVIATION	17	Óskráður	Lýðveldið Súdan
HELEJETIC AIR	57	HJT	Lýðveldið Súdan
KATA AIR TRANSPORT	9	KTV	Lýðveldið Súdan
KUSH AVIATION	60	KUH	Lýðveldið Súdan
MARSLAND COMPANY	40	MSL	Lýðveldið Súdan
MID AIRLINES	25	NYL	Lýðveldið Súdan
NOVA AIRLINES	46	NOV	Lýðveldið Súdan
SUDAN AIRWAYS	1	SUD	Lýðveldið Súdan
SUN AIR COMPANY	51	SNR	Lýðveldið Súdan
TARCO AIRLINES	56	TRQ	Lýðveldið Súdan
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Zambiu, þ.m.t.			**Zambia**
ZAMBEZI AIRLINES	Z/AOC/001/2009	ZMA	Zambia

VIÐAUKI B

SKRÁ YFIR FLUGREKENDUR SEM SÆTA REKSTRARTAKMÖRKUNUM INNAN SAMBANDSINS ([8])

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC)	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda	Tegund loftfars sem sætir takmörkunum	Skrásetningarmerki og, ef það er fyrir hendi, framleiðsluraðnúmer þeirra loftfara sem sæta takmörkunum	Skráningarríki
TAAG ANGOLA AIRLINES	001	DTA	Lýðveldið Angóla	Öll loftför, að undanskildum: sex loftförum af tegundinni Boeing B777 og fjórum loftförum af tegundinni B-737-700.	Öll loftför, að undanskildum: D2-TED, D2-TEE, D2-TEF, D2-TEG, D2-TEH, D2-TEI, D2-TBF, D2-TBG, D2-TBH, D2-TBJ.	Lýðveldið Angóla
AIR SERVICE COMORES	06-819/TA-15/DGACM	KMD	Kómoreyjar	Öll loftför, að undanskildu: LET 410 UVP.	Öll loftför, að undanskildu: D6-CAM (851336).	Kómoreyjar
AFRIJET BUSINESS SERVICE ([1])	002/MTAC/ANAC-G/DSA	ABS	Lýðveldið Gabon	Öll loftför, að undanskildum: tveimur loftförum af tegundinni Falcon 50, tveimur loftförum af tegundinni Falcon 900.	Öll loftför, að undanskildum: TR-LGV, TR-LGY, TR-AFJ, TR-AFR.	Lýðveldið Gabon
NOUVELLE AIR AFFAIRES GABON (SN2AG)	003/MTAC/ANAC-G/DSA	NVS	Lýðveldið Gabon	Öll loftför, að undanskildu: einu loftfari af tegundinni Challenger CL-601, einu loftfari af tegundinni HS-125-800.	Öll loftför, að undanskildum: TR-AAG, ZS-AFG.	Lýðveldið Gabon, Lýðveldið Suður-Afríka
IRAN AIR ([2])	FS100	IRA	Íslamska lýðveldið Íran	Öll loftför, að undanskildum: fimm loftförum af tegundinni Boeing A300 og tveimur loftförum af tegundinni A310.	Öll loftför, að undanskildum: EP-IBA, EP-IBB, EP-IBC, EP-IBD, EP-IBG, EP-IBI, EP-IBJ, EP-IBS, EP-ICE, EP-ICF, EP-IBK, EP-IBL.	Íslamska lýðveldið Íran
AIR KORYO	GAC-AOC/KOR-01	KOR	Lýðveldið Kórea	Öll loftför, að undanskildum: tveimur loftförum af tegundinni TU-204.	Öll loftför, að undanskildum: P-632, P-633.	Lýðveldið Kórea

([8]) Unnt væri að heimila að allir flugrekendur, sem eru skráðir í viðauka B, nýti flugréttindi, með því að nota loftfar í þjónustuleigu frá flugrekanda, sem er ekki bannað að stunda flugrekstur, að því tilskildu að viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar.

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrek-andaskírteinis (AOC)	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda	Tegund loftfars sem sætir takmörkunum	Skrásetningarmerki og, ef það er fyrir hendi, framleiðsluraðnúmer þeirra loftfara sem sæta takmörkunum	Skráningar-ríki
AIR MADAGASCAR	5R-M01/2009	MDG	Madagaskar	Öll loftför, að undanskildum: loftförum af tegundinni Boeing B737, loftförum af tegundinni ATR 72/42 og þremur loftförum af tegundinni DHC 6-300.	Öll loftför, að undanskildum: loftförum af tegundinni Boeing B737, sem tilgreind eru á flugrekandaskírteininu, loftförum af tegundinni ATR 72/42, sem tilgreind eru á flugrekandaskírteininu, 5R-MGC, 5R-MGD, 5R-MGF.	Lýðveldið Madagaskar

([1]) Flugrekandanum Afrijet er einungis heimilt að nota þau loftför sem eru tilgreind fyrir núverandi starfrækslustig hans innan Sambandsins.

([2]) Flugrekandanum Iran Air er einungis heimilt að starfrækja flug til Sambandsins með því að nota loftförin sem tilgreind eru samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram í 69. forsendu reglugerðar (ESB) nr. 590/2010, Stjtíð. ESB L 170, 6.7.2010, bls. 15.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1022/2009 **2016/EES/27/77**

frá 29. október 2009

um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1738/2005, (EB) nr. 698/2006 og (EB) nr. 377/2008 að því er varðar alþjóðlegu starfsgreinaflokkunina (ISCO) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 frá 9. mars 1998 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í Bandalaginu ([1]), einkum 3. mgr. 4. gr.,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 530/1999 frá 9. mars 1999 varðandi hagskýrslur um uppbyggingu launa og launakostnaðar ([2]), einkum 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð (EB) nr. 577/98 hefur verið hrundið í framkvæmd með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 377/2008 frá 25. apríl 2008 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 577/98 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í Bandalaginu að því er varðar kerfisskráningu fyrir gagnaflutninga frá og með árinu 2009, notkun hlutaúrtaks við öflun gagna um formgerðarbreytur og skilgreiningu á viðmiðunarfjórðungum ([3]). Reglugerð (EB) nr. 530/1999 hefur verið hrundið í framkvæmd með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1738/2005 frá 21. október 2005 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1916/2000 að því er varðar skilgreiningu og afhendingu upplýsinga um launakerfi ([4]) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 698/2006 frá 5. maí 2006 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 530/1999 að því er varðar gæðamat á hagskýrslum um uppbyggingu launa og launakostnaðar ([5]).

2) Í viðaukunum við þessar framkvæmdarreglugerðir er vísað til alþjóðlegu starfaflokkunarinnar, „ISCO-88“, eða hinnar evrópsku útgáfu þessarar flokkunar, hér á eftir nefnd „ISCO-88 (COM)“.

3) Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO) hefur endurskoðað þá útfærslu alþjóðlegu starfaflokkunarinnar sem hingað til hefur verið notuð (ISCO-88) með það að markmiði að gera aðgengilega skilvirkari flokkun sem lönd geta notað í næsta manntali, sem og í vinnumiðlunum í aðildarríkjum og í öðrum tilgangi sem miðast við þarfir viðskiptavina. Til að tryggja samanburðarhæfi gagna um störf frá aðildarríkjum ESB og þriðju aðilum, er nauðsynlegt að nota þessa endurskoðuðu flokkun (ISCO-08) í helstu könnunum evrópska hagskýrslukerfisins þar sem gögnum er safnað um störf fyrir næsta manntal sem verður gert 2011.

4) Til að koma á endurskoðaðri starfaflokkun er nauðsynlegt að breyta tilvísununum í ISCO-88 og í evrópsku útgáfuna af þessari flokkun, ISCO-88 (COM). Því ætti að breyta reglugerðum (EB) nr. 1738/2005, (EB) nr. 698/2006 og (EB) nr. 377/2008 til samræmis við það.

5) Ráðlegt þykir, eftir því sem unnt er, að fyrsta viðmiðunarárið vegna gagnasendinga ISCO-08 gagna sé það sama á öllum viðkomandi gagnaskýrslusviðum, í samræmi við næsta manntal, sem mun hafa 2011 sem viðmiðunarár. Því er ráðlagt að nota 2011 sem fyrsta viðmiðunarárið vegna gagnasendinga um störf samkvæmt ISCO-08, með undanþágu vegna launakerfiskönnuninnar sem framkvæmd er fjórða hvert ár og myndi beita hinni endurskoðuðu flokkun árið 2010.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í reglugerð (EB) nr. 1738/2005 komi hugtakið „ISCO-08“ í stað hugtaksins „ISCO-88 (COM)“ í öllum textanum í I., II. og III. viðauka.

2. gr.

Í reglugerð (EB) nr. 698/2006 komi hugtakið „ISCO-08“ í stað „ISCO-88“ í öllum textanum í viðaukanum.

3. gr.

Í reglugerð (EB) nr. 377/2008 komi hugtakið „ISCO-08“ í stað „ISCO-88(COM) “ í öllum textanum í viðaukanum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 283, 30.10.2009, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2010 frá 12. mars 2010 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 30, 10.6.2010, bls. 39.

([1]) Stjtíð. ESB L 77, 14.3.1998, bls. 3.

([2]) Stjtíð. ESB L 63, 12.3.1999, bls. 6.

([3]) Stjtíð. ESB L 114, 26.4.2008, bls. 57.

([4]) Stjtíð. ESB L 279, 22.10.2005, bls. 32.

([5]) Stjtíð. ESB L 121, 6.5.2006, bls. 30.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 1. og 2. gr. koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2010. Ákvæði 3. gr. koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2011.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. október 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Joaquín ALMUNIA

framkvæmdastjóri.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2016/EES/27/78**

frá 28. febrúar 2012

um að fastsetja niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB um losun í iðnaði, vegna framleiðslu á gleri

(tilkynnt með númeri C(2012) 865)

(2012/134/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun) ([1]), einkum 5. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 1. mgr. 13. gr. tilskipunar 2010/75/ESB er gerð sú krafa að framkvæmdastjórnin skipuleggi upplýsingaskipti um losun í iðnaði milli sín og aðildarríkjanna, viðkomandi iðnaðar og frjálsra félagasamtaka, sem styðja umhverfisvernd, í því skyni að stuðla að samantekt tilvísunarskjala um bestu, fáanlegu tækni (BAT) eins og skilgreint er í 11. mgr. 3. gr. þeirrar tilskipunar.

2) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. tilskipunar 2010/75/ESB skulu upplýsingaskiptin varða frammistöðu stöðva og tækni að því er varðar losun, sett fram sem skammtíma- og langtímameðaltöl, eftir því sem við á, og tengdar viðmiðunaraðstæður, notkun og eðli hráefna, vatnsnotkun, orkunotkun og myndun úrgangs, tæknina sem notuð er, tengda vöktun, áhrif þvert á umhverfisþættina, efnahagslegan og tæknilegan lífvænleika og þróun á þeim vettvangi, bestu, fáanlegu tækni og tækninýjungar sem eru sanngreindar að teknu tilliti til þáttanna sem nefndir eru í a- og b-lið 2. mgr. 13. gr. þeirrar tilskipunar.

3) „Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni“, eins og skilgreint er í 12. mgr. 3. gr. tilskipunar 2010/75/ESB, eru lykilþáttur í tilvísunarskjölum um bestu, fáanlegu tækni þar sem settar eru fram niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni, lýsing á henni, upplýsingar til að meta notkunarsvið hennar, losunargildin sem tengjast þessari bestu, fáanlegu tækni, tengd vöktun, tengd notkunargildi og, eftir því sem við á, viðeigandi ráðstafanir til úrbóta á staðnum.

4) Í samræmi við 3. mgr. 14. gr. tilskipunar 2010/75/ESB eiga niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni að vera viðmiðun fyrir setningu leyfisskilyrða fyrir stöðvar sem falla undir 2. kafla þeirrar tilskipunar.

5) Í 3. mgr. 15. gr. tilskipunar 2010/75/ESB er gerð sú krafa að lögbært yfirvald setji viðmiðunarmörk fyrir losun sem tryggja, við venjuleg rekstrarskilyrði, að losun fari ekki yfir losunargildin sem tengjast bestu, fáanlegu tækni eins og mælt er fyrir um í ákvörðununum um niðurstöður um bestu fáanlegu tækni sem vísað er til í 5. mgr. 13. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

6) Í 4. mgr. 15. gr. tilskipunar 2010/75/ESB er kveðið á um undanþágur frá kröfunum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 15. gr., einungis ef kostnaður sem tengist því að ná þeim losunargildum er óeðlilega mikill í samanburði við umhverfislegan ávinning vegna landfræðilegrar staðsetningar, staðbundinna umhverfisaðstæðna eða tæknilegra eiginleika viðkomandi stöðvar.

7) Í 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 2010/75/ESB er kveðið á um að vöktunarkröfurnar í leyfinu, sem um getur í c-lið 1. mgr. 14. gr. tilskipunarinnar, eigi að byggjast á niðurstöðum vöktunar eins og lýst er í niðurstöðum um bestu, fáanlegu tækni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 70, 8.3.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 229/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17.

8) Innan fjögurra ára frá birtingu ákvarðana um niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni á lögbært yfirvald, í samræmi við 3. mgr. 21. gr. tilskipunar 2010/75/ESB, að endurmeta og, ef nauðsyn krefur, uppfæra öll skilyrði fyrir leyfum og tryggja að stöðin uppfylli þessi leyfisskilyrði.

9) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 16. maí 2011 um að koma á fót samstarfsvettvangi til upplýsingaskipta skv. 13. gr. tilskipunar 2010/75/ESB um losun í iðnaði ([2]) var komið á fót samstarfsvettvangi sem samanstendur af fulltrúum aðildarríkjanna, viðkomandi iðnaðar og frjálsra félagasamtaka sem styðja umhverfisvernd.

10) Hinn 13. september 2011 fékk framkvæmdastjórnin álit samstarfsvettvangsins ([3]), í samræmi við 4. mgr. 13. gr. tilskipunar 2010/75/ESB, á fyrirhuguðu efni tilvísunarskjalanna um bestu, fáanlegu tækni vegna framleiðslu á gleri og gerði það aðgengilegt öllum.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 75. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni (BAT) vegna framleiðslu á gleri eru settar fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. febrúar 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

([2]) Stjtíð. ESB C 146, 17.5.2011, bls. 3.

([3]) http://circa.europa.eu/Public/irc/env/ied/library?l=/ied_art_13_forum/opinions_article

VIÐAUKI

NIÐURSTÖÐUR UM BESTU, FÁANLEGU TÆKNI VEGNA FRAMLEIÐSLU Á GLERI

GILDISSVIÐ

SKILGREININGAR

ALMENN ATRIÐI

Meðaltímar og viðmiðunaraðstæður fyrir losun í andrúmsloft

Umbreyting í viðmiðunarstyrk súrefnis

Umbreyting úr styrkleika í sértæka massalosun

Skilgreiningar á tilteknum loftmengunarefnum

Meðaltímar fyrir losun skólps

1.1. Almennar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir glerframleiðsluiðnaðinn

1.1.1. Umhverfisstjórnunarkerfi

1.1.2. Orkunýtni

1.1.3. Geymsla og meðhöndlun efna

1.1.4. Almenn grunntækni

1.1.5. Losun í vatn frá glerframleiðsluferlum

1.1.6. Úrgangur frá glerframleiðsluferlum

1.1.7. Hávaði frá glerframleiðsluferlum

1.2. Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni vegna framleiðslu á ílátagleri

1.2.1. Ryklosun frá bræðsluofnum

1.2.2. Köfnunarefnisoxíð (NO_X) frá bræðsluofnum

1.2.3. Brennisteinsoxíð (SO_X) frá bræðsluofnum

1.2.4. Vetnisklóríð (HCl) og vetnisflúoríð (HF) frá bræðsluofnum

1.2.5. Málmar frá bræðsluofnum

1.2.6. Losun frá úrvinnslu

1.3. Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni vegna framleiðslu á plötugleri

1.3.1. Ryklosun frá bræðsluofnum

1.3.2. Köfnunarefnisoxíð (NO_X) frá bræðsluofnum

1.3.3. Brennisteinsoxíð (SO_X) frá bræðsluofnum

1.3.4. Vetnisklóríð (HCl) og vetnisflúoríð (HF) frá bræðsluofnum

1.3.5. Málmar frá bræðsluofnum

1.3.6. Losun frá úrvinnslu

1.4. Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni vegna framleiðslu á samfelldum glertrefjum

1.4.1. Ryklosun frá bræðsluofnum

1.4.2. Köfnunarefnisoxíð (NO_X) frá bræðsluofnum

1.4.3. Brennisteinsoxíð (SO_X) frá bræðsluofnum

1.4.4. Vetnisklóríð (HCl) og vetnisflúoríð (HF) frá bræðsluofnum

1.4.5. Málmar frá bræðsluofnum

1.4.6. Losun frá úrvinnslu

1.5. Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni vegna framleiðslu á gleri til heimilisnota (e. *domestic glass*)

1.5.1. Ryklosun frá bræðsluofnum

1.5.2. Köfnunarefnisoxíð (NO_X) frá bræðsluofnum

1.5.3. Brennisteinsoxíð (SO_X) frá bræðsluofnum

1.5.4. Vetnisklóríð (HCl) og vetnisflúoríð (HF) frá bræðsluofnum

1.5.5. Málmar frá bræðsluofnum

1.5.6. Losun frá úrvinnslu

1.6. Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni vegna framleiðslu á sérstöku gleri (e. *special glass*)

1.6.1. Ryklosun frá bræðsluofnum

1.6.2. Köfnunarefnisoxíð (NO_X) frá bræðsluofnum

1.6.3. Brennisteinsoxíð (SO_X) frá bræðsluofnum

1.6.4. Vetnisklóríð (HCl) og vetnisflúoríð (HF) frá bræðsluofnum

1.6.5. Málmar frá bræðsluofnum

1.6.6. Losun frá úrvinnslu

1.7. Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni vegna framleiðslu á steinull

1.7.1. Ryklosun frá bræðsluofnum

1.7.2. Köfnunarefnisoxíð (NO_X) frá bræðsluofnum

1.7.3. Brennisteinsoxíð (SO_X) frá bræðsluofnum

1.7.4. Vetnisklóríð (HCl) og vetnisflúoríð (HF) frá bræðsluofnum

1.7.5. Brennisteinsvetni (H2S) frá steinullarbræðsluofnum

1.7.6. Málmar frá bræðsluofnum

1.7.7. Losun frá úrvinnslu

1.8. Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni vegna framleiðslu á háhitaeinangrunarull

1.8.1. Ryklosun frá bræðslu og úrvinnslu

1.8.2. Köfnunarefnisoxíð (NO_X) frá bræðslu og úrvinnslu

1.8.3. Brennisteinsoxíð (SO_X) frá bræðslu og úrvinnslu

1.8.4. Vetnisklóríð (HCl) og vetnisflúoríð (HF) frá bræðsluofnum

1.8.5. Málmar frá bræðsluofnum og úrvinnslu

1.8.6. Rokgjörn, lífræn efnasambönd frá úrvinnslu

1.9. Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni vegna framleiðslu á glerungssalla

1.9.1. Ryklosun frá bræðsluofnum

1.9.2. Köfnunarefnisoxíð (NO_X) frá bræðsluofnum

1.9.3. Brennisteinsoxíð (SO_X) frá bræðsluofnum

1.9.4. Vetnisklóríð (HCl) og vetnisflúoríð (HF) frá bræðsluofnum

1.9.5. Málmar frá bræðsluofnum

1.9.6. Losun frá úrvinnslu

Orðalisti

1.10. Lýsing á tækni

1.10.1. Ryklosun

1.10.2. Losun köfnunarefnisoxíða (NO_X)

1.10.3. Losun brennisteinsoxíða (SO_X)

1.10.4. Losun vetnisklóríða (HCl) og vetnisflúoríða (HF)

1.10.5. Losun málma

1.10.6. Samsett losun lofttegunda (t.d. brennisteinsoxíð-, vetnisklóríð-, vetnisflúoríð- og bórefnasambönd)

1.10.7. Samsett losun (föst og loftkennd efni)

1.10.8. Losun frá vinnu við skurð, mölun eða slípun

1.10.9. Losun brennisteinsvetnis (H2S), losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda

GILDISSVIÐ

Þessar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni varða atvinnustarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2010/75/ESB, nánar tiltekið:

– 3.3. Framleiðsla glers, einnig glertrefja, þar sem bræðsluafköstin eru meiri en 20 tonn á dag,

– 3.4. Bræðsla jarðefna, þ.m.t. framleiðsla steinefnatrefja með bræðslugetu yfir 20 tonnum á dag.

Þessar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fjalla ekki um eftirfarandi starfsemi:

– Framleiðslu á vatnsgleri, sem fellur undir tilvísunarskjal um mikið magn af ólífrænum íðefnum – þurrefni og annar iðnaður (LVIC-S)

– Framleiðslu á fjölkristallaðri ull

– Framleiðslu á speglum, sem fellur undir tilvísunarskjal um yfirborðsmeðferð þar sem lífrænir leysar eru notaðir (STS)

Önnur tilvísunarskjöl, sem varða starfsemi sem fellur undir þessar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni, eru eftirfarandi:

Tilvísunarskjöl	Starfsemi
Losun frá geymslu (EFS)	Geymsla og meðhöndlun hráefna
Orkunýtni (ENE)	Almenn orkunýtni
Efnahagslegir þættir og þverlæg umhverfisáhrif (e. Economic and Cross-Media Effects (ECM))	Efnahagslegir þættir og þverlæg umhverfisáhrif tækni
Almennar meginreglur varðandi vöktun (MON)	Vöktun á losun og notkun

Tæknin, sem er talin upp og lýst í þessum niðurstöðum um bestu, fáanlegu tækni, er hvorki forskrift né tæmandi. Nota má aðra tækni sem tryggir a.m.k. samsvarandi umhverfisverndarstig.

SKILGREININGAR

Að því er varðar þessar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni gilda eftirfarandi skilgreiningar:

Heiti sem er notað	Skilgreining
Ný stöð	Stöð sem er tekin í gagnið á stöðvarsvæðinu eftir birtingu þessara niðurstaðna um bestu, fáanlegu tækni eða stöð sem kemur að öllu leyti í stað stöðvar sem fyrir er eftir birtingu þessara niðurstaðna um bestu, fáanlegu tækni
Stöð sem fyrir er	Stöð sem er ekki ný stöð
Nýr bræðsluofn	Bræðsluofn sem er tekinn í gagnið á stöðvarsvæðinu eftir birtingu þessara niðurstaðna um bestu, fáanlegu tækni eða alger endursmíði bræðsluofns eftir birtingu þessara niðurstaðna um bestu, fáanlegu tækni
Venjuleg endursmíði bræðsluofns	Endursmíði milli keyrslulota án umtalsverðra breytinga á kröfum til bræðsluofna eða tækni þeirra og þar sem ramma bræðsluofnsins er ekki breytt verulega og mál bræðsluofnsins haldast að mestu leyti óbreytt. Gert er við eldfasta hluta ofnsins og, eftir því sem við á, varmaendurnýti að öllu leyti eða efninu skipt út að hluta til.
Bræðsluofn endursmíðaður að öllu leyti	Endursmíði sem felur í sér meiri háttar breytingu á kröfum til bræðsluofns eða tækni og meiri háttar aðlögun eða endurnýjun á bræðsluofninum og tengdum búnaði.

ALMENN ATRIÐI

Meðaltímar og viðmiðunaraðstæður fyrir losun í andrúmsloft

Losunargildi, sem tengjast bestu, fáanlegu tækni, sem eru gefin í þessum niðurstöðum um bestu, fáanlegu tækni varðandi losun í andrúmsloft gilda við viðmiðunaraðstæðurnar sem sýndar eru í töflu 1, nema annað sé tekið fram. Öll gildi fyrir styrk í úrgangslofti eiga við um staðalskilyrði: þurrt loft, hitastig 273,15 K, þrýstingur 101,3 kPa.

Fyrir stakar mælingar	Losunargildi, sem tengjast bestu, fáanlegu tækni eiga við um meðalgildi þriggja punktsýna í a.m.k. 30 mínútur hvert; að því er varðar varmaendurnýtingarofna með víxlhitun ætti mælingartíminn að ná yfir a.m.k. tvær hitunarvíxlanir í varmaendurnýtishólfunum
Fyrir samfelldar mælingar	Losunargildi, sem tengjast bestu, fáanlegu tækni, eiga við um dagsmeðalgildi

Tafla 1

Viðmiðunaraðstæður fyrir losunargildi, sem tengjast bestu, fáanlegu tækni að því er varðar losun í andrúmsloft

Starfsemi		Eining	Viðmiðunaraðstæður
Bræðslustarfsemi	Hefðbundinn bræðsluofn í ofni fyrir samfellda bræðslu	mg/Nm^3	8% súrefni miðað við rúmmál
	Hefðbundinn bræðsluofn í ofni fyrir lotubræðslu	mg/Nm^3	13% súrefni miðað við rúmmál
	Súrefniseldsneytis-kyntir bræðsluofnar	kg/tonn af bræddu gleri	Framsetning losunargilda, mæld sem mg/Nm^3 á móti viðmiðunarstyrk súrefnis, á ekki við
	Rafbræðsluofnar	mg/Nm^3 eða kg/tonn af bræddu gleri	Framsetning losunargilda, mæld sem mg/Nm^3 á móti viðmiðunarstyrk súrefnis, á ekki við
	Bræðsluofnar fyrir glerungssalla	mg/Nm^3 eða kg/tonn af bræddum glerungssalla	Styrkur á við um 15% súrefni miðað við rúmmál. Þegar notaður er bruni með lofti gilda losunargildi, sem tengjast bestu, fáanlegu tækni, gefin upp sem styrkur losunar (mg/Nm^3). Þegar eingöngu er notaður bruni með súrefniseldsneyti gilda losunargildi, sem tengjast bestu, fáanlegu tækni, gefin upp sem sértæk massalosun (kg/tonn af bræddum glerungssalla). Þegar notaður er bruni með súrefnisauðguðu lofti og eldsneyti gilda losunargildi, sem tengjast bestu, fáanlegu tækni, gefin upp annað hvort sem styrkur losunar (mg/Nm^3) eða sem sértæk massalosun (kg/tonn af bræddum glerungssalla)
	Allar gerðir bræðsluofna	kg/tonn af bræddu gleri	Sértæk massalosun á við um 1 tonn af bræddu gleri
Önnur starfsemi en bræðsla, þ.m.t. úrvinnsla	Öll vinnsla	mg/Nm^3	Engin leiðrétting fyrir súrefni
	Öll vinnsla	kg/tonn af gleri	Sértæk massalosun á við um1 tonn af framleiddu gleri

Umbreyting í viðmiðunarstyrk súrefnis

Formúlan til að reikna út styrk losunarinnar við viðmiðunargildi súrefnis (sjá töflu 1) er sýnd hér að neðan.

$$E_R = \frac{21 - O_R}{21 - O_M} \times E_M$$

þar sem:

E_R (mg/Nm^3): styrkur losunar leiðréttur í viðmiðunargildi súrefnis O_R

O_R (% miðað við rúmmál): viðmiðunargildi súrefnis

E_M (mg/Nm^3): styrkur losunar miðað við mælt gildi súrefnis O_M

O_M (% miðað við rúmmál): mælt súrefnisgildi.

Umbreyting úr styrkleika í sértæka massalosun

Losunargildi, sem tengjast bestu, fáanlegu tækni, sem gefin eru í lið 1.2 til 1.9 sem sértæk massalosun (kg/tonn af bræddu gleri), grundvallast á útreikningi sem greint er frá hér að neðan, þó ekki fyrir bræðsluofna sem eru kyntir með súrefniseldsneyti og, í takmörkuðum fjölda tilvika, fyrir rafknúna bræðslu þar sem losunargildi, sem tengjast bestu, fáanlegu tækni, gefin upp sem kg/tonn af bræddu gleri, voru leidd út frá sérstökum gögnum sem greint er frá.

Reikningsaðferðin sem notuð er til umbreytingar frá styrkleika yfir í sértæka massalosun er sýnd hér að neðan.

$$\text{Sértæk massalosun (kg/tonn af bræddu gleri)} = \text{breytistuðull} \times \text{styrkur losunar (mg/Nm}^3\text{)}$$

Þar sem: $\text{breytistuðull} = (Q/P) \times 10^{-6}$

og Q = rúmmál úrgangslofts í Nm^3/h

P = frálagshraði í tonnum af bræddu gleri/klst.

Rúmmál úrgangslofts (Q) ákvarðast af sértækri orkunotkun, tegund eldsneytis og oxandi efni (loft, súrefnisauðgað loft og súrefni með hreinleika sem fer eftir framleiðsluaðferðinni). Orkunotkun er flókin stærð sem ákvarðast (að mestu leyti) af tegund bræðsluofns, tegund glers og hlutfalli glerbrota.

Þó geta margir þættir haft áhrif á tengslin milli styrks og sértæks massaflæðis, þ.m.t.:

– tegund bræðsluofns (forhitunarhitastig lofts, bræðslutækni)

– tegund glers sem framleitt er (orkuþörf til bræðslu)

– orkublanda (viðbótarhitun með jarðefnaeldsneyti/rafmagni)

– tegund jarðefnaeldsneytis (olía, gas)

– tegund oxandi efnis (súrefni, loft, súrefnisauðgað loft)

– hlutfall glerbrota

– samsetning framleiðslulotu

– aldur bræðsluofns

– stærð bræðsluofns.

Breytistuðlarnir sem gefnir eru í töflu 2 hafa verið notaðir til að umreikna losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni úr styrkleika yfir í sértæka massalosun.

Breytistuðlarnir hafa verið ákvarðaðir á grundvelli orkunýtinna ofna og eiga eingöngu við bræðsluofna sem eru kyntir að öllu leyti með blöndu af lofti og eldsneyti.

Tafla 2

Leiðbeinandi stuðlar sem eru notaðir til að umreikna mg/Nm³ í kg/tonn af bræddu gleri á grundvelli orkunýtinna loft-/eldsneytisbræðsluofna

Geirar		Stuðlar til að umreikna mg/Nm³ yfir í kg/tonn af bræddu gleri
Plötugler		$2{,}5 \times 10^{-3}$
Ílátagler	Almennt tilvik	$1{,}5 \times 10^{-3}$
	Sérstök tilvik ([1])	Rannsókn á hverju tilviki (oft $3{,}0 \times 10^{-3}$)
Samfelldar glertrefjar		$4{,}5 \times 10^{-3}$

Geirar		Stuðlar til að umreikna mg/Nm^3 yfir í kg/tonn af bræddu gleri
Gler til heimilisnota	Sódakalk	$2{,}5 \times 10^{-3}$
	Sérstök tilvik ([2])	Rannsókn á hverju tilviki (á bilinu 2,5 og > 10×10^{-3}, oft $3{,}0 \times 10^{-3}$)
Steinull	Glerull	2×10^{-3}
	Steinullarkúpulofn (e. *stone wool cupola*)	$2{,}5 \times 10^{-3}$
Sérstakt gler	Gler fyrir sjónvarpstæki (skjáir)	3×10^{-3}
	Gler fyrir sjónvarpstæki (myndlampi)	$2{,}5 \times 10^{-3}$
	Bórsílíkat (rör)	4×10^{-3}
	Keramíkgler	$6{,}5 \times 10^{-3}$
	Gler til lýsingar (e. *lighting glass*) (natríumkalksílíkat)	$2{,}5 \times 10^{-3}$
Glerungssalli		Rannsókn á hverju tilviki (á bilinu $5 - 7{,}5 \times 10^{-3}$)

([1]) Sérstök tilvik eiga við um óhagstæðari tilvik (þ.e.a.s. litlir sérstakir bræðsluofnar með afköst sem eru venjulega undir 100 tonnum á dag og hlutfall glerbrota er undir 30%). Hlutfall þessa flokks er aðeins 1 eða 2% af framleiðslu ílátaglers.

([2]) Sérstök tilvik eiga við um óhagstæðari tilvik og/eða gler sem er ekki úr natríumkalksílíkati: bórsílíköt, keramíkgler, kristalgler og, sjaldnar, blýkristalgler.

SKILGREININGAR Á TILTEKNUM LOFTMENGUNAREFNUM

Að því er varðar þessar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni og losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni sem greint er frá í liðum 1.2 til 1.9 gilda eftirfarandi skilgreiningar:

Köfnunarefnisoxíð (NO_X), gefið upp sem köfnunarefnistvíoxíð (NO_2)	Summa köfnunarefnisoxíða (NO) og köfnunarefnistvíoxíða (NO_2), gefin upp sem köfnunarefnistvíoxíð (NO_2)
Brennisteinsoxíð (SO_X), gefið upp sem brennisteinstvíoxíð (SO_2)	Summa brennisteinstvíoxíðs (SO_2) og brennisteinsþríoxíðs (SO_3), gefin upp sem brennisteinstvíoxíð (SO_2)
Vetnisklóríð, gefið upp sem HCl	Öll loftkennd klóríð, gefin upp sem HCl
Vetnisflúoríð, gefið upp sem HF	Öll loftkennd flúoríð, gefin upp sem HF

MEÐALTÍMAR FYRIR LOSUN SKÓLPS

Losunargildi, sem tengjast bestu, fáanlegu tækni, sem eru gefin í þessum niðurstöðum um bestu, fáanlegu tækni varðandi losun í skólp eiga við um meðalgildi samsetts sýnis, sem tekið er á tímabili sem nemur 2 klst. eða 24 klst., nema annað sé tekið fram.

1.1. *Almennar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni vegna framleiðslu á gleri*

Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni, sem koma fram í þessum lið, geta átt við um allar stöðvar nema annað sé tekið fram.

Vinnslusértæka besta, fáanlega tæknin, sem er tilgreind í liðum 1.2–1.9, gildir til viðbótar við almennu bestu, fáanlegu tæknina sem getið er í þessum lið.

1.1.1. Umhverfisstjórnunarkerfi

1. Besta, fáanlega tækni er að koma til framkvæmda og fylgja umhverfisstjórnunarkerfi (EMS) sem felur í sér alla eftirfarandi þætti:

i. skuldbindingu stjórnar, þ.m.t. yfirstjórnar,

ii. skilgreiningu á umhverfisstefnu sem felur í sér stöðugar endurbætur á stöðinni af hálfu stjórnenda,

iii. áætlanagerð og að koma á nauðsynlegum málsmeðferðarreglum, almennum og sértækum markmiðum í tengslum við fjárhagsáætlun og fjárfestingu,

iv. framkvæmd málsmeðferðarreglna þar sem sérstök áhersla er lögð á:

a) skipulag og ábyrgð

b) þjálfun, næmi og hæfni

c) samskipti

d) aðild starfsmanna

e) skjalahald

f) skilvirka vinnslustjórnun

g) viðhaldsáætlanir

h) viðbúnað og viðbrögð við neyðarástandi

i) að tryggt sé að farið sé að ákvæðum umhverfislöggjafarinnar.

v. mat á frammistöðu og að gripið sé til aðgerða til úrbóta þar sem sérstök áhersla er lögð á:

a) vöktun og mælingar (sjá einnig tilvísunarskjal um almennar meginreglur um vöktun)

b) aðgerðir til úrbóta og forvarnarstarf

c) viðhald skráa

d) óháða (ef það er gerlegt) innri eða ytri endurskoðun til að ákvarða hvort umhverfisstjórnunarkerfið samræmist skipulagðri tilhögun eða ekki og hafi verið hrint í framkvæmd og viðhaldið á tilhlýðilegan hátt,

vi. endurskoðun yfirstjórnar á umhverfisstjórnunarkerfinu og áframhaldandi hentugleika þess, nægjanleika og skilvirkni,

vii. að fylgjast með þróun hreinni tækni,

viii. að taka tillit til umhverfisáhrifa af völdum lokunar stöðvarinnar, sem síðar verður, á því stigi þegar ný stöð er hönnuð og meðan hún er í rekstri,

ix. reglubundna notkun samanburðarviðmiðana eftir geirum.

Nothæfi

Gildissvið (t.d. sundurliðunarstig) og eðli umhverfisstjórnunarkerfisins (t.d. staðlað eða ekki staðlað) mun almennt tengjast eðli og umfangi stöðvarinnar og því hversu flókin hún er og þeim umhverfisáhrifum sem hún kann að hafa.

1.1.2. Orkunýtni

2. Besta, fáanlega tækni er að draga úr sértækri orkunotkun með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni	Nothæfi
i. Hámörkun vinnslu með því að hafa eftirlit með vinnslubreytum	Tæknin á almennt við
ii. Venjulegt viðhald bræðsluofns	
iii. Bestun á hönnun bræðsluofns og vali á bræðslutækni	Á við um nýjar stöðvar. Að því er varðar stöðvar sem fyrir eru útheimtir framkvæmdin að bræðsluofninn sé endursmíðaður að öllu leyti
iv. Notkun á tækni til að stjórna bruna	Á við um bræðsluofna sem kyntir eru með eldsneyti/lofti og súrefniseldsneyti

Tækni	Nothæfi
v. Notkun á meira magni af glerbrotum, þegar unnt er og fjárhagslega og tæknilega hagkvæmt	Á ekki við um geira fyrir samfelldar glertrefjar, háhita-einangrunarull og glerungssalla
vi. Notkun á hitara fyrir frárennslisvatn til endurnýtingar orku, þegar það er tæknilega og fjárhagslega hagkvæmt	Á við um bræðsluofna sem kyntir eru með eldsneyti/lofti og súrefniseldsneyti. Nothæfi og efnahagslegur lífvænleiki tækninnar ráðast af heildarnýtni sem unnt er að ná, þ.m.t. skilvirkri notkun á gufunni sem myndast
vii. Forhitun á framleiðslulotum og glerbrotum, þegar það er tæknilega og fjárhagslega hagkvæmt	Á við um bræðsluofna sem kyntir eru með eldsneyti/lofti og súrefniseldsneyti. Nothæfið takmarkast venjulega við framleiðslulotusamsetningar með yfir 50% af glerbrotum

1.1.3. Geymsla og meðhöndlun efna

3. Besta, fáanlega tækni er að koma í veg fyrir eða, þar sem það er ekki mögulegt, að draga úr dreifðri ryklosun frá geymslu og meðhöndlun fastra efna með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

I. Geymsla hráefna

i. Duftkennd efni í lausri vigt skulu geymd í lokuðum sílóum sem eru búin rykhreinsikerfi (t.d. dúksíu)

ii. Fíngerð efni skulu geymd í lokuðum ílátum eða lokuðum pokum

iii. Varabirgðir af grófu rykugu efni skulu geymdar undir skýli

iv. Notkun véla til vegahreinsunar og tækni til bleytingar

II. Meðhöndlun hráefna

Tækni	Nothæfi
i. Að því er varðar efni sem eru flutt ofanjarðar skal nota lokuð færibönd til að koma í veg fyrir efnistap	Tæknin á almennt við
ii. Ef loftknúin færibönd eru notuð skal nota lokað kerfi sem búið er síu til að hreinsa flutningsloftið fyrir losun	
iii. Væting á framleiðslulotu	Notkun þessarar tækni takmarkast af neikvæðum afleiðingum fyrir orkunýtni bræðsluofnsins. Takmarkanir kunna að gilda um einhverjar lotusamsetningar, einkum um framleiðslu bórsílíkatglers.
iv. Notkun á vægum undirþrýstingi innan bræðsluofnsins	Á eingöngu við sem innbyggður þáttur starfrækslunnar (t.d. bræðsluofnar til framleiðslu á glerungssalla) vegna skaðlegra áhrifa á orkunýtni bræðsluofnsins
v. Notkun á hráefnum sem valda ekki braksundrun (e. *decrepitation*) (aðallega dólómíti og kalksteini). Þetta fyrirbæri felur í sér að jarðefni „hrökkva í sundur“ þegar þau hitna og mögulega aukningu á ryklosun í kjölfarið.	Á við innan þeirra takmarkana sem tengjast tiltækileika hráefna
vi. Notkun á sogi sem streymir út í síukerfi í vinnsluferlum þar sem líklegt er að ryk myndist (t.d. við opnun poka, blöndun á glerungssallalotum, förgun á dúksíum, notkun á ofansvölum bræðsluofnum (e. *cold-top melter*))	Tæknin á almennt við
vii. Notkun á lokuðum snigilmöturum (e. *screw feeder*)	
viii. Aflokun á efnismötunarpokum (e. *feed pocket*)	Á almennt við. Kæling gæti reynst nauðsynleg til að koma í veg fyrir skemmdir á búnaði

4. Besta, fáanlega tækni er að koma í veg fyrir eða, þar sem það er ekki mögulegt, að draga úr dreifðri losun lofttegunda frá geymslu og meðhöndlun rokgjarna hráefna með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

i. Notkun á tankmálningu með litla gleypni m.t.t. sólarljóss fyrir geymslu á efni í lausu sem er viðkvæmt fyrir hitastigsbreytingum vegna hita frá sólu.

ii. Stjórnun á hitastigi við geymslu rokgjarna hráefna.

iii. Einangrun á tönkum við geymslu rokgjarna hráefna.

iv. Stjórnun birgðaskráa

v. Notkun á geymum með flotþaki við geymslu á miklu magni af rokgjörnum jarðolíuafurðum.

vi. Notkun á endurstreymiskerfum til flutnings á gufu við flutning á rokgjörnum efnum í fljótandi formi (t.d. úr tankbifreiðum í geymslutanka).

vii. Notkun á geymum með belgþaki við geymslu á fljótandi hráefnum.

viii. Notkun á þrýstings-/soglokum í tönkum, sem eru hannaðir þannig að þeir standist þrýstingssveiflur.

ix. Meðhöndlun eftir losun (t.d. ásog, ísog, þétting) við geymslu á hættulegum efnum.

x. Notkun á áfyllingu undir yfirborðinu við geymslu á vökvum sem hafa tilhneigingu til að freyða.

1.1.4. Almenn grunntækni

5. Besta, fáanlega tækni er að draga úr orkunotkun og losun í andrúmsloft með því að annast sívöktun á starfrækslubreytum og kerfisbundið viðhald á bræðsluofninum.

Tækni	Nothæfi
Tæknin felst í röðum af vöktunar- og viðhaldsaðgerðum, sem hægt er að nota hverja fyrir sig eða saman og henta viðkomandi bræðsluofni, með það fyrir augum að halda öldrunaráhrifum á bræðsluofninn í lágmarki, s.s. að loka bræðsluofninum og brennarakubbum, viðhalda hámarkseinangrun, stjórna skilyrðum fyrir stöðugan loga, stjórna hlutfalli eldsneytis/lofts, o.s.frv.	Gildir um varmaendurnýtingarofna, varmaendurheimtuofna og ofna sem kyntir eru með súrefniseldsneyti. Nothæfi, að því er varðar aðrar tegundir bræðsluofna, útheimtir mat á hverri stöð fyrir sig

6. Besta, fáanlega tækni er velja vandlega öll efni og hráefni sem fara inn í bræðsluofninn og hafa eftirlit með þeim til að draga úr eða koma í veg fyrir losun í andrúmsloft með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

Tækni	Nothæfi
i. Notkun á hráefnum og utanaðkomandi glerbrotum sem innihalda lítið af óhreinindum (t.d. málma, klóríð, flúoríð)	Á við innan þeirra takmarkana sem tengjast tegund glers, sem framleitt er í stöðinni, og tiltækileika hráefna og eldsneytis
ii. Notkun á annars konar hráefnum (t.d. síður rokgjörnum)	
iii. Notkun á eldsneyti með lítið magn af málmóhreinindum	

7. Besta, fáanlega tækni er að vakta losun og/eða aðrar viðeigandi vinnslubreytur reglulega, þ.m.t. eftirfarandi:

Tækni	Nothæfi
i. Stöðug vöktun á mikilvægum vinnslubreytum til að tryggja stöðugleika vinnslunnar, t.d. hitastig, eldsneytismötun og loftstreymi	Tæknin á almennt við
ii. Reglubundin vöktun á vinnslubreytum til að koma í veg fyrir/draga úr mengun, t.d. súrefnisinnihaldi brunalofttegunda til að stjórna hlutfalli eldsneytis/lofts.	
iii. Samfelldar mælingar á losun ryks, köfnunarefnisoxíða (NO_X) og brennisteinsoxíða (SO_X) eða stakar mælingar a.m.k. tvisvar á ári í tengslum við stjórnun á staðgengilsmæliþáttum til að tryggja að hreinsunarkerfið starfi eðlilega milli mælinga	
iv. Samfelldar eða reglubundnar mælingar á losun ammoníaks (NH_3) þegar notuð er tækni með valvísri, hvataðri afoxun (SCR) eða valvísri, óhvataðri afoxun (SNCR)	Tæknin á almennt við
v. Samfelldar eða reglubundnar mælingar á losun kolsýrings (CO) þegar grunntækni eða efnafræðileg afoxun með eldsneyti er notuð til að draga úr losun köfnunarefnisoxíða (NO_X) eða þegar hlutabruni getur átt sér stað.	
vi. Reglubundnar mælingar á losun vetnisklóríðs (HCl), vetnisflúoríðs (HF), kolsýrings (CO) og málma, einkum þegar notuð eru hráefni, sem innihalda slík efni, eða þegar hlutabruni getur átt sér stað	Tæknin á almennt við
vii. Stöðug vöktun á staðgengilsmæliþáttum til að tryggja að hreinsunarkerfi fyrir úrgangsloft starfi eðlilega og að losunargildum sé viðhaldið milli stakra mælinga. Vöktun á staðgengilsmæliþáttum felur í sér: mötun á hvarfmiðlum, hitastig, vatnsmötun, spennu, fjarlægingu á ryki, viftuhraða, o.s.frv.	

8. Besta, fáanlega tækni er að starfrækja hreinsunarkerfi fyrir úrgangsloft við venjuleg rekstrarskilyrði með bestu afkastagetu og tiltækileika til að koma í veg fyrir eða draga úr losun

Nothæfi

Hægt er að skilgreina sérstakar málsmeðferðarreglur fyrir sértæk rekstrarskilyrði, einkum:

i. við ræsingu og stöðvun

ii. við aðrar sértækar aðgerðir sem gætu haft áhrif á eðlilega starfsemi kerfanna (t.d. reglulegt eða óreglulegt viðhald og hreinsun bræðsluofns og/eða hreinsunarkerfis fyrir úrgangsloft, eða miklar breytingar á framleiðslu)

iii. ef um er að ræða ófullnægjandi streymi úrgangslofts eða hitastig sem kemur í veg fyrir notkun kerfisins við fulla afkastagetu.

9. Besta, fáanlega tækni er að takmarka losun kolsýrings (CO) frá bræðsluofninum, þegar notuð er grunntækni eða efnafræðileg afoxun með eldsneyti, til að draga úr losun köfnunarefnisoxíða (NO_X)

Tækni	Nothæfi
Grunntækni til að draga úr losun köfnunarefnisoxíða (NO_X) grundvallast á breytingum á bruna (t.d. minnkun á hlutfalli lofts/eldsneytis, þrepaskiptur bruni, köfnunarefnisoxíðsrýrir brennarar o.s.frv.). Efnafræðileg afoxun með eldsneyti felst í því að bæta vetniskolefni við í streymi úrgangslofts til að minnka köfnunarefnisoxíð (NO_X) sem myndast í bræðsluofninum. Hægt er að takmarka aukningu á losun kolsýrings (CO) vegna notkunar á þessarar tækni með nákvæmri stjórnun á starfrækslubreytum	Á við um hefðbundna bræðsluofna sem eru kyntir með blöndu af lofti/eldsneyti.

Tafla 3

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun kolsýrings frá bræðsluofnum

Breyta	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni
Kolsýringur, gefinn upp sem CO	< 100 mg/Nm^3

10. Besta, fáanlega tækni er að takmarka losun ammoníaks (NH^3) þegar notuð er tækni með valvísri, hvataðri afoxun eða valvísri, óhvataðri afoxun til að ná skilvirkri skerðingu á losun köfnunarefnisoxíða (NO_X)

Tækni	Nothæfi
Tæknin felst í því að samþykkja og viðhalda viðeigandi rekstrarskilyrðum fyrir kerfi til að hreinsa úrgangsloft með valvísri hvataðri afoxun eða valvísri, óhvataðri afoxun með það fyrir augum að takmarka losun á óhvörfuðu ammoníaki	Á við um bræðsluofna sem eru búnir valvísri hvataðri afoxun eða valvísri, óhvataðri afoxun

Tafla 4

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun ammoníaks þegar notuð er tækni með valvísri, hvataðri afoxun eða valvísri, óhvataðri afoxun

Breyta	Losunargildi, sem tengjast bestu, fáanlegu tækni ([1])
Ammoníak, gefið upp sem NH^3	< 5–30 mg/Nm^3

([1]) Hærri gildin tengjast hærri styrk köfnunarefnisoxíða (NOX) við inntaksop, hraðari afoxun og öldrun hvatans.

11. Besta, fáanlega tækni er að draga úr losun bórs frá bræðsluofninum þegar bórefnasambönd eru notuð í lotusamsetningu með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Notkun á síunarkerfi við viðeigandi hitastig til að stuðla að aðskilnaði bórefnasambanda í föstu formi, að teknu tilliti til þess að nokkrar tegundir bórsýru geta verið fyrir hendi sem loftkennd efnasambönd í útblæstrinum við hitastig undir 200 °C en einnig alveg niður í 60 °C	Nothæfi fyrir stöðvar sem fyrir eru getur takmarkast af tæknilegum skorðum sem tengjast staðsetningu og eiginleikum síukerfisins sem fyrir er
ii. Notkun á þurri eða hálfþurri hreinsun ásamt síunarkerfi Nothæfið getur takmarkast af minnkaðri skilvirkni við fjarlægingu annarra mengandi lofttegunda (brennisteinsoxíða (SO_X), vetnisklóríðs (HCl), vetnisflúoríðs (HF)) sem stafar af útfellingu bórefnasambanda á yfirborði þurra, basíska hvarfmiðilsins	
iii. Notkun á vothreinsun	Nothæfi fyrir stöðvar sem fyrir eru getur takmarkast af þörf fyrir sértæka hreinsun skólps

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í liðum 1.10.1, 1.10.4 og 1.10.6.

Vöktun

Vöktun á losun bórs ætti að fara fram samkvæmt sértækri aðferðafræði sem gerir það kleift að mæla bæði föst og loftkennd form og að ákvarða skilvirka fjarlægingu þessara tegunda úr útblæstrinum.

1.1.5. Losun í vatn frá glerframleiðsluferlum

12. Besta, fáanlega tækni er að draga úr vatnsnotkun með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni	Nothæfi
i. Lágmörkun á leka	Tæknin á almennt við
ii. Endurnotkun á kæli- og hreinsivatni eftir skolun	Tæknin á almennt við. Hringrás hreinsunarvatns á við um flest þvottarkerfi; þó getur verið nauðsynlegt að losa hreinsunarefnið með reglubundnum hætti og endurnýja það

Tækni	Nothæfi
iii. Starfræksla á vatnskerfi með hálflokaðri hringrás, að svo miklu leyti sem það er tæknilega og fjárhagslega mögulegt	Nothæfi þessarar tækni getur takmarkast af skorðum sem tengjast öryggisstjórnun vinnsluferlisins. Þetta á einkum við um eftirfarandi: – hægt er að nota kælingu með opinni rás þegar öryggismál útheimta það (t.d. í tilvikum þegar kæla þarf mikið magn af gleri) – vatn, sem er notað við sérstök ferli (t.d. við starfsemi á síðari stigum í geira fyrir samfelldar glertrefjar, við slípun með sýru í geira fyrir gler til heimilisnota og fyrir sérstakt gler, o.s.frv.), gæti þurft að losa í heilu lagi eða að hluta til í skólphreinsunarkerfi

13. Besta, fáanlega tækni er að draga úr álagi vegna losunar á mengunarefnum í skólp með því að nota eitt eftirtalinna skólphreinsunarkerfa eða sambland af þeim:

Tækni	Nothæfi
i. Staðlaða mengunareftirlitstækni, s.s. botnfellingu, vinsun, fleytingu, hlutleysingu, síun, loftun, útfellingu, storknun og hnatfellingu o.s.frv. Staðaða tækni með góðum starfsvenjum til að hafa eftirlit með losun frá geymslu fljótandi hráefna og milliefna, s.s. afmörkun, skoðun/prófun á geymum, yfirfallsvörn o.s.frv.	Tæknin á almennt við
ii. Líffræðileg hreinsunarkerfi, s.s. virka seyru, lífsíun til að fjarlægja/brjóta niður lífræn efnasambönd	Nothæfið er takmarkað við þá geira sem nota lífræn efni í framleiðsluferlinu (t.d. geira fyrir samfelldar glertrefjar og steinullargeira)
iii. Losun í skólphreinsunarstöð sveitarfélags	Á við um stöðvar þar sem nauðsynlegt er að draga enn frekar úr mengunarefnum
iv. Endurnotkun á skólpi utanhúss	Nothæfið takmarkast almennt við glerungssallageirann (hugsanleg endurnotkun í keramíkiðnaðinum)

Tafla 5

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun skólps í yfirborðsvatn frá framleiðslu á gleri

Breyta ([1])	Eining	Losunargildi, sem tengist bestu, fáanlegu tækni ([2]) (samsett sýni)
Sýrustig	—	6,5–9
Heildarmagn svifagna	mg/l	< 30
Efnafræðileg súrefnisþörf	mg/l	< 5–130 ([3])
Súlföt, gefin upp sem SO_4^{2-}	mg/l	< 1 000
Flúoríð, gefin upp sem F^-	mg/l	< 6 ([4])
Heildarmagn vetniskolefna	mg/l	< 15 ([5])
Blý, gefið upp sem Pb	mg/l	< 0,05–0,3 ([6])
Antímon, gefið upp sem Sb	mg/l	< 0,5
Arsen, gefið upp sem As	mg/l	< 0,3
Baríum, gefið upp sem Ba	mg/l	< 3,0

Breyta ([1])	Eining	Losunargildi, sem tengist bestu, fáanlegu tækni ([2]) (samsett sýni)
Sink, gefið upp sem Zn	mg/l	< 0,5
Kopar, gefinn upp sem Cu	mg/l	< 0,3
Króm, gefið upp sem Cr	mg/l	< 0,3
Kadmíum, gefið upp sem Cd	mg/l	< 0,05
Tin, gefið upp sem Sn	mg/l	< 0,5
Nikkel, gefið upp sem Ni	mg/l	< 0,5
Ammoníak, gefið upp sem NH^4	mg/l	< 10
Bór, gefið upp sem B	mg/l	< 1–3
Fenól	mg/l	< 1

([1]) Mikilvægi mengunarefnanna sem skráð eru í töflunni fer eftir því um hvaða geira innan gleriðnaðar er að ræða og eftir mismunandi starfsemi sem fram fer á stöðinni.
([2]) Gildin eiga við um samsett sýni sem tekið er á tímabili sem nemur 2 klst. eða 24 klst.
([3]) Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir geira fyrir samfelldar glertrefjar er < 200 mg/l.
([4]) Gildið á við um meðhöndlað vatn sem kemur frá starfsemi sem felur í sér slípun með sýru.
([5]) Heildarmagn vetniskolefna er almennt samsett úr jarðolíum.
([6]) Hærra gildið fyrir styrkbilið tengist úrvinnslu við framleiðslu á blýkristalgleri.

1.1.6. Úrgangur frá glerframleiðsluferlum

14. Besta, fáanlega tækni er að draga úr framleiðslu á föstum úrgangi, sem þarf að farga, með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni	Nothæfi
i. Endurvinnsla á lotuúrgangsefnum þegar gæðakröfur gera það kleift	Nothæfið getur takmarkast af skorðum sem tengjast gæðum fullunnu glervörunnar
ii. Að lágmarka efnistap meðan á geymslu og meðhöndlun hráefna stendur	Tæknin á almennt við
iii. Endurvinnsla á glerbrotum sem fara í úrkast innan stöðvar	Á almennt ekki við um geira fyrir samfelldar glertrefjar, háhitaeinangrunarull og glerungssalla
iv. Endurvinnsla á ryki í lotusamsetningu þegar gæðakröfur gera það kleift	Nothæfið getur takmarkast af ólíkum þáttum: – gæðakröfum sem varða fullunnu glervöruna – hlutfalli glerbrota sem er notað í lotusamsetningu – hugsanlegri yfirfærslu og tæringu eldföstu efnanna – takmörkunum sem varða brennisteinsjafnvægi
v. Nýting á föstum úrgangi og/eða seyru með viðeigandi notkun á staðnum (t.d. seyra frá vatnshreinsun) eða í öðrum iðnaði	Á almennt við um geira fyrir gler til heimilisnota (fyrir seyru frá blýkristalsskurði) og um ílátaglergeirann (finar gleragnir blandaðar olíu). Takmarkað nothæfi í öðrum glerframleiðslugeirum vegna óútreiknanlegrar, mengaðrar samsetningar, lítils magns og efnahagslegs lífvænleika
vi. Nýting á úr sér gengnum eldföstum efnum til hugsanlegrar notkunar í öðrum iðnaði	Nothæfið takmarkast af skorðum sem settar eru af framleiðendum eldfastra efna og hugsanlegum endanlegum notendum
vii. Notkun á sementsbundnum kubbum úr úrgangi til endurvinnslu í heitblásturskúpulofna (e. *hot blast cupola furnace*), þegar gæðakröfur gera það kleift	Nothæfi fyrir sementsbundna kubba úr úrgangi er takmarkað við steinullargeirann. Finna þarf viðeigandi jafnvægi milli losunar í andrúmsloft og myndunar á straumi af föstum úrgangi

1.1.7. Hávaði frá glerframleiðsluferlum

15. Besta, fáanlega tækni er að draga úr hávaðamengun með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

i. Meta umhverfishávaða og setja saman áætlun um hávaðastjórnun sem á við umhverfið á staðnum

ii. Loka hávaðasaman búnað/framkvæmdir af í sérstöku lokuðu rými/sérstakri lokaðri einingu

iii. Nota fyrirhleðslur sem skjól fyrir hávaðauppsprettu

iv. Framkvæma hávaðasamar framkvæmdir utanhúss að degi til

v. Nota hljóðeinangrandi veggi eða náttúrulega tálma (tré, runna) á milli stöðvarinnar og verndaða svæðisins, á grundvelli staðarhátta.

1.2. *Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni vegna framleiðslu á ílátagleri*

Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni, sem koma fram í þessum lið, geta átt við um allar stöðvar sem framleiða ílátagler nema annað sé tekið fram.

1.2.1. Ryklosun frá bræðsluofnum

16. Besta, fáanlega tækni er að draga úr ryklosun frá úrgangslofti úr bræðsluofninum með því að nota útblástursþreinsikerfi s.s. rafstöðskilju eða pokasíu.

Tækni ([1])	Nothæfi
Útblástursþreinsikerfin samanstanda af útblástursþreinsitækni sem grundvallast á síun allra efna sem eru í föstu formi þegar mælt er	Tæknin á almennt við

([1]) Lýsing á síunarkerfum (þ.e. rafstöðuskilju, pokasíu) er sett fram í lið 1.10.1.

Tafla 6

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir ryklosun frá bræðsluofni í ílátaglerjageiranum

Breyta	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni	
	mg/Nm^3	kg/tonn af bræddu gleri ([1])
Ryk	< 10–20	< 0,015–0,06

([1]) Breytistuðlarnir 1,5 × 10–3 og 1,5 × 10–3 hafa verið notaðir til að ákvarða lægra og hærra gildi á styrkbilinu, eftir því sem við á.

1.2.2. Köfnunarefnisoxíð (NO_X) frá bræðsluofnum

17. Besta, fáanlega tækni er að draga úr losun köfnunarefnisoxíða (NO_X) frá bræðsluofninum með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

I. Grunntækni, s.s.:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Breytingar á bruna	
a) Skerðing hlutfalls milli lofts og eldsneytis	Á við um hefðbundna bræðsluofna sem eru kyntir með blöndu af lofti/eldsneyti. Fullur ávinningur næst með venjulegri eða algerri endursmíði bræðsluofnsins þegar það tengist bestu hönnun ofnsins og rúmfræði
b) Lækkað hitastig brunalofts	Á eingöngu við í aðstæðum, sem eru sérstakar fyrir viðkomandi stöð, vegna minni afkastagetu bræðsluofnsins og aukinnar eldsneytisþarfar (þ.e. notkun á varmaendurheimtuofnum (e. *recuperative furnace*) í stað varmaendurnýtingarofna e. *regenerative furnace*))

Tækni ([1])	Nothæfi
c) Þrepaskiptur bruni: – Þrepuð loftblöndun – Þrepuð eldsneytisblöndun	Þrepuð eldsneytisblöndun á við um flesta hefðbundna bræðsluofna sem eru kyntir með blöndu af lofti/eldsneyti. Nothæfi þrepaðrar loftblöndunar er mjög takmarkað vegna þess hversu tæknilega flókin hún er
d) Hringrás útblásturs	Nothæfi þessarar tækni er takmarkað við notkun á sérstökum brennurum með sjálfvirka hringrás úrgangslofts
e) Köfnunarefnisoxíðsrýrir brennarar	Tæknin á almennt við. Umhverfislegur ávinningur sem næst er almennt minni við notkun í gaskyntum þverbrennsluofnum (e. *cross-fired, gas-fired furnace*) vegna tæknilegra takmarkana og minni sveigjanleika bræðsluofnsins. Fullur ávinningur næst með venjulegri eða algerri endursmíði bræðsluofnsins þegar það tengist bestu hönnun ofnsins og rúmfræði
f) Val á eldsneyti	Nothæfið takmarkast af skorðum sem tengjast tiltækileika ólíkra eldsneytistegunda sem getur orðið fyrir áhrifum af stefnu aðildarríkisins í orkumálum
ii. Sérstök hönnun bræðsluofna	Nothæfið er takmarkað við lotusamsetningar sem innihalda mikið magn utanaðkomandi glerbrota (> 70%). Notkunin útheimtir að bræðsluofninn sé endursmíðaður að öllu leyti. Lögun bræðsluofnsins (langur og mjór) getur valdið plássvandamálum
iii. Rafknúin bræðsla	Á ekki við um framleiðslu á miklu magni af gleri (> 300 tonn á dag). Á ekki við um framleiðslu sem útheimtir miklar sveiflur á frálagi. Framkvæmdin útheimtir að bræðsluofninn sé endursmíðaður að öllu leyti
iv. Bræðsla með súrefniseldsneyti	Mesti umhverfislegi ávinningurinn næst við notkun þegar bræðsluofninn er endursmíðaður að öllu leyti

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.2

II. viðbótartækni, s.s.:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Valvís, hvötuð afoxun	Notkunin getur útheimt uppfærslu á rykhreinsikerfinu til að tryggja að styrkur ryks sé minni en 10–15 mg/Nm^3 og kerfi til að hreinsa brennistein til að fjarlægja losun brennisteinsoxíða (SO_X). Vegna hámarksganghitabils er nothæfið takmarkað við notkun á rafstöðuskiljum. Almennt er tæknin ekki notuð með pokasíukerfi því lágur ganghiti, á bilinu 180–200 °C, myndi útheimta upphitun á úrgangsloftinu. Framkvæmd tækninnar getur útheimt umtalsvert, tiltækt rými
ii. Valvís, óhvötuð afoxun	Tæknin á við um varmaendurheimtuofna. Mjög takmarkað nothæfi í hefðbundnum varmaendurnýtingarofnum þar sem erfitt er að ná réttu hitabili eða þar sem hitabilið gerir það ekki kleift að ná góðri blöndun útblástursloftsins við hvarfmiðilinn. Hún getur átt við í nýjum varmaendurnýtingarofnum sem eru búnir skiptum varmaendurnýtum (e. *split regenerator*); þó er erfitt að viðhalda hitabilinu vegna hitunarvíxlunar milli hólfa sem veldur lotubundnum hitabreytingum

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.2

Tafla 7

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun köfnunarefnisoxíða (NO_X) frá bræðsluofni í ílátaglerjageiranum

Breyta	Besta, fáanlega tækni	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni	
		mg/Nm³	kg/tonn af bræddu gleri (1)
Köfnunarefnisoxíð (NO_X), gefið upp sem köfnunarefnistvíoxíð (NO_2)	Breytingar á bruna, sérstök hönnun bræðsluofna (2)(3)	500–800	0,75–1,2
	Rafknúin bræðsla	< 100	< 0,3
	Bræðsla með súrefnis-eldsneyti (4)	Á ekki við	< 0,5–0,8
	Viðbótartækni	< 500	< 0,75

(1) Breytistuðullinn sem greint er frá í töflu 2 fyrir almenn tilvik (1,5 × 10–3) hefur verið notaður, þó ekki í rafknúna bræðslu (sérstök tilvik: 3 × 10–3).
(2) Lægra gildið á við um notkun á sérstakri hönnun bræðsluofns, eftir atvikum.
(3) Endurskoða ætti þessi gildi þegar um er að ræða venjulega eða algera endursmíði bræðsluofnsins.
(4) Gildin sem unnt er að ná eru háð gæðum jarðgass og súrefnis sem tiltækt er (köfnunarefnisinnihald).

18. Þegar nítröt eru notuð í lotusamsetningu og/eða þegar þörf er á sérstökum, oxandi skilyrðum við bruna í bræðsluofninum til að tryggja gæði fullunnu vörunnar, er besta, fáanlega tækni að draga úr losun köfnunarefnisoxíða (NO_X) með því að halda notkun þessara hráefna í lágmarki í samsetningu með grunn- eða viðbótartækni

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni eru tilgreind í töflu 7.

Ef nítröt eru notuð í lotusamsetningu fyrir stuttar keyrslulotur eða fyrir bræðsluofna með afkastagetu sem nemur < 100 t á dag er losunargildið, sem tengist bestu, fáanlegu tækni, sett fram í töflu 8.

Tækni (1)	Nothæfi
Grunntækni: – Að halda notkun á nítrötum í lotusamsetningu í lágmarki Nítröt eru notuð í framleiðslu á hágæðavörum (þ.e. litlar flöskur, ilmvatnsglös og snyrtivöruílát). Skilvirk staðgönguefni eru súlföt, arsenoxíð, seríumoxíð. Breyting á vinnslu (t.d. sérstök oxandi skilyrði við bruna) getur verið valkostur í stað notkunar á nítrötum.	Útskipting nítrata í lotusamsetningu getur takmarkast af miklum kostnaði og/eða meiri umhverfisáhrifum staðgönguefnanna

(1) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.2

Tafla 8

Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir losun köfnunarefnisoxíða (NO_X) frá bræðsluofninum í ílátaglerjageiranum þegar nítröt eru notuð í lotusamsetningu og/eða sérstök oxandi skilyrði við bruna þegar um er að ræða stuttar keyrslulotur eða fyrir bræðsluofna með afkastagetu sem nemur < 100 t á dag

Breyta	Besta, fáanlega tækni	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni	
		mg/Nm³	kg/tonn af bræddu gleri (1)
Köfnunarefnisoxíð (NO_X), gefið upp sem köfnunarefnistvíoxíð (NO_2)	Grunntækni	< 1 000	< 3

(1) Breytistuðullinn, sem greint er frá í töflu 2 fyrir sérstök tilvik (3 × 10–3), hefur verið notaður.

1.2.3. Brennisteinsoxíð (SO_X) frá bræðsluofnum

19. Besta, fáanlega tækni er að draga úr losun brennisteinsoxíða (SO_X) frá bræðsluofninum með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Þurr eða hálfþurr hreinsun ásamt síunarkerfi	Tæknin á almennt við
ii. Lágmörkun á innihaldi brennisteins í lotusamsetningu og hámörkun á brennisteinsjafnvægi	Lágmörkun á brennisteinsinnihaldi í lotusamsetningu á almennt við innan þeirra takmarkana sem tengjast gæðakröfum til fullunnu glervörunnar. Þegar hámörkun á brennisteinsjafnvægi er beitt þarf að finna viðeigandi jafnvægi milli þess að fjarlægja losun brennisteinsoxíða (SO_X) og þess að stjórna föstum úrgangi (síuryki). Árangursrík skerðing á losun brennisteinsoxíða (SO_X) er háð varðveislu brennisteinssambanda í glerinu, sem getur verið mjög breytilegt eftir glertegund.
iii. Notkun á eldsneyti sem inniheldur lítið af brennisteini	Nothæfið getur takmarkast af skorðum sem tengjast tiltækileika brennisteinsrýrs eldsneytis sem getur orðið fyrir áhrifum af stefnu aðildarríkisins í orkumálum

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.3

Tafla 9

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun brennisteinsoxíða (SO_X) frá bræðsluofni í ílátaglerjageiranum

Breyta	Eldsneyti	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni ([1]) ([2])	
		mg/Nm³	kg/tonn af bræddu gleri ([3])
Brennisteinsoxíð (SO_X), gefið upp sem brennisteinstvíoxíð (SO_2) Jarðgas		< 200–500	< 0,3–0,75
	Brennsluolía ([4])	< 500–1 200	< 0,75–1,8

([1]) Að því er varðar sérstakar tegundir af lituðu gleri (t.d. afoxað grænt gler) gæti þurft að kanna brennisteinsjafnvægi vegna athugunarefna sem tengjast losunargildum sem unnt er að ná. Erfitt getur reynst að ná gildunum, sem greint er frá í töflunni, í samsetningu með endurvinnslu á síuryki og hlutfalli endurvinnslu á utanaðkomandi glerbrotum.
([2]) Lægri gildin tengjast skilyrðum þar sem skerðing á brennisteinsoxíðum (SO_X) hefur forgang umfram minni framleiðslu á föstum úrgangi, þ.e.a.s. síuryki sem inniheldur mikið af súlfati.
([3]) Breytistuðullinn, sem greint er frá í töflu 2 fyrir almenn tilvik (1,5 × 10–3), hefur verið notaður.
([4]) Viðkomandi losunargildi tengjast notkun á brennsluolíu með 1% brennisteinsinnihaldi ásamt viðbótarhreinsunartækni.

1.2.4. Vetnisklóríð (HCl) og vetnisflúoríð (HF) frá bræðsluofnum

20. Besta, fáanlega tækni er að draga úr losun vetnisklóríðs (HCl) og vetnisflúoríðs (HF) frá bræðsluofninum (e.t.v. ásamt útblæstri frá yfirborðsmeðferð í heitum fasa) með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Val á hráefni fyrir lotusamsetningu sem inniheldur lítið af klór og flúori	Nothæfið getur takmarkast af skorðum sem tengjast tegund glers sem framleitt er í stöðinni og tiltækileika hráefna
ii. Þurr eða hálfþurr hreinsun ásamt síunarkerfi	Tæknin á almennt við

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.4

Tafla 10

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun vetnisklóríðs (HCl) og vetnisflúoríðs (HF) frá bræðsluofni í ílátaglerjageiranum

Breyta	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni	
	mg/Nm^3	kg/tonn af bræddu gleri (1)
Vetnisklóríð, gefið upp sem HCl (2)	< 10–20	< 0,02–0,03
Vetnisflúoríð, gefið upp sem HF	< 1–5	< 0,001–0,008

(1) Breytistuðullinn fyrir almenn tilvik, sem greint er frá í töflu 2 ($1,5 \times 10^{-3}$), hefur verið notaður.
(2) Hærri gildin tengjast því að útblástursloft frá yfirborðsmeðferð í heitum fasa er hreinsað samtímis.

1.2.5. Málmar frá bræðsluofnum

21. Besta, fáanlega tækni er að draga úr losun málma frá bræðsluofninum með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni (1)	Nothæfi
i. Val á hráefni fyrir lotusamsetningu sem inniheldur lítið af málmi	Nothæfið getur takmarkast af skorðum sem tengjast tegund glers sem framleitt er í stöðinni og tiltækileika hráefna
ii. Að halda notkun á málmsamböndum í lotusamsetningu í lágmarki þegar þörf er á að lita og aflita gler, með fyrirvara um kröfur neytenda til gæða glersins	
iii. Notkun á síunarkerfi (pokasía eða rafstöðuskilja)	Tæknin á almennt við
iv. Notkun á þurri eða hálfþurri hreinsun ásamt síunarkerfi	

(1) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.5

Tafla 11

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun málma frá bræðsluofni í ílátaglerjageiranum

Breyta	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni (1)(2)(3)	
	mg/Nm^3	kg/tonn af bræddu gleri (4)
Σ (As, Co, Ni, Cd, Se, Cr_{VI})	< 0,2–1 (5)	$< 0,3–1,5 \times 10^{-3}$
Σ (As, Co, Ni, Cd, Se, Cr_{VI}, Sb, Pb, Cr_{III}, Cu, Mn, V, Sn)	< 1–5	$< 1,5–7,5 \times 10^{-3}$

(1) Gildin eiga við um summu málma sem eru fyrir hendi í útblástursloftí í föstum og loftkenndum fasa.
(2) Neðri gildin eru losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni, þegar málmsambönd eru ekki notuð í lotusamsetningu af ásetningi.
(3) Hærri gildin tengjast notkun á málmum til litunar eða aflitunar glersins eða þegar útblástursloft frá yfirborðsmeðferð í heitum fasa er hreinsað ásamt losun frá bræðsluofnum.
(4) Breytistuðullinn fyrir almenn tilvik, sem greint er frá í töflu 2 ($1,5 \times 10^{-3}$), hefur verið notaður.
(5) Í sérstökum tilvikum, þegar framleitt er hágæða tinnugler sem útheimtir meira magn af seleni til aflitunar (háð hráefnum), er tilkynnt um meira magn, allt að 3 mg/Nm^3.

1.2.6. Losun frá úrvinnslu

22. Þegar tin, lífræn tinsambönd eða títansambönd eru notuð við yfirborðsmeðferð í heitum fasa er besta, fáanlega tækni að draga úr losun með því að nota einhverja tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni	Nothæfi
i. Að halda tapi á yfirborðsmeðferðarefni í lágmarki með því að tryggja að notkunarkerfið sé vel lokað og með því að nota skilvirka soghettu (e. *extracting hood*). Góð smíði og þétt lokun notkunarkerfisins eru nauðsynleg til að halda tapi óhvarfaðrar vöru út í andrúmsloftið í lágmarki	Tæknin á almennt við

Tækni	Nothæfi
ii. Að blanda saman útblásturslofti frá yfirborðsmeðferð og úrgangslofti frá bræðsluofninum eða brunalofti frá bræðsluofninum þegar tveggja þrepa hreinsunarkerfi er notað (sía og þurr eða hálfþurr þvegill). Hægt er að blanda saman úrgangslofti frá yfirborðsmeðferð og öðru útblásturslofti fyrir hreinsun, á grundvelli efnafræðilegs samrýmanleika. Nota má þessa tvo valkosti: – blöndun við útblástursloft frá bræðsluofninum, uppstreymi úr viðbótarhreinsikerfi (þurr eða hálfþurr hreinsun og síunarkerfi) – blöndun við brunaloft áður en það fer inn í varmaendurnýtinn, síðan viðbótarhreinsun á úrgangslofti sem verður til meðan á bræðslu stendur (þurr eða hálfþurr hreinsun + síunarkerfi)	Blöndun við útblástur frá bræðsluofninum á almennt við. Tæknilegar takmarkanir vegna mögulegra áhrifa á efnafræði glersins og efnið í varmaendurnýtinum geta haft áhrif á blöndun við brunaloft
iii. Notkun á viðbótartækni, t.d. vothreinsun, þurrhreinsun og síun ([1])	Tæknin á almennt við

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í liðum 1.10.4 og 1.10.7.

Tafla 12

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun í andrúmsloft frá yfirborðsmeðferð í heitum fasa í ílátaglerjageiranum þegar útblástursloft frá úrvinnslu er meðhöndlað sérstaklega

Breyta	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni
	mg/Nm^3
Ryk	< 10
Títansambönd, gefin upp sem Ti	< 5
Tinsambönd, þ.m.t. lífræn tinsambönd, gefin upp sem Sn	< 5
Vetnisklóríð, gefið upp sem HCl	< 30

23. Þegar brennisteinsþríoxíð (SO_3) er notað til yfirborðsmeðferðar er besta, fáanlega tækni að draga úr losun brennisteinsoxíða (SO_X) með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Að halda vörutapi í lágmarki með því að tryggja að notkunarkerfið sé vel lokað Góð smíði og viðhald notkunarkerfisins eru nauðsynleg til að halda tapi óhvarfaðrar vöru út í andrúmsloftið í lágmarki	Tæknin á almennt við
ii. Notkun á viðbótartækni, t.d. vothreinsun	

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.6

Tafla 13

Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir losun brennisteinsoxíða (SO_X) frá úrvinnslu þegar brennisteinsþríoxíð (SO_3) er notað til yfirborðsmeðferðar í ílátaglerjageiranum þegar losunin er meðhöndluð sérstaklega

Breyta	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni
	mg/Nm^3
Brennisteinsoxíð (SO_X), gefið upp sem brennisteinstvíoxíð (SO_2)	< 100–200

1.3. *Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni vegna framleiðslu á plötugleri*

Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni, sem koma fram í þessum lið, geta átt við um allar stöðvar sem framleiða plötugler nema annað sé tekið fram.

1.3.1. Ryklosun frá bræðsluofnum

24. Besta, fáanlega tækni er að draga úr ryklosun frá úrgangslofti úr bræðsluofninum með því að nota rafstöðuskilju eða pokasíukerfi

Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.1

Tafla 14

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir ryklosun frá bræðsluofni í plötuglersgeiranum

Breyta	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni	
	mg/Nm^3	kg/tonn af bræddu gleri ([1])
Ryk	< 10–20	< 0,025–0,05

([1]) Breytistuðullinn, sem greint er frá í töflu 2 ($2,5 \times 10^{-3}$), hefur verið notaður.

1.3.2. Köfnunarefnisoxíð (NO_X) frá bræðsluofnum

25. Besta, fáanlega tækni er að draga úr losun köfnunarefnisoxíða (NO_X) frá bræðsluofninum með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

I. Grunntækni, s.s.:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Breytingar á bruna	
a) Skerðing hlutfalls milli lofts og eldsneytis	Á við um hefðbundna bræðsluofna sem eru kyntir með blöndu af lofti/eldsneyti. Fullur ávinningur næst með venjulegri eða algerri endursmíði bræðsluofnsins þegar það tengist bestu hönnun ofnsins og rúmfræði
b) Lækkað hitastig brunalofts	Nothæfið er takmarkað við brennsluofna með lítilli afkastagetu til framleiðslu á sérstöku plötugleri og við aðstæður, sem eru sérstakar fyrir viðkomandi stöð, vegna minni afkastagetu bræðsluofnsins og aukinnar eldsneytisþarfar (þ.e. notkun á varmaendurheimtuofnum í stað varmaendurnýtingarofna)
c) Þrepaskiptur bruni: – Þrepuð loftblöndun – Þrepuð eldsneytisblöndun	Þrepuð eldsneytisblöndun á við um flesta hefðbundna bræðsluofna sem eru kyntir með blöndu af lofti/eldsneyti. Nothæfi þrepaðrar loftblöndunar er mjög takmarkað vegna þess hversu tæknilega flókin hún er
d) Hringrás útblásturs	Nothæfi þessarar tækni er takmarkað við notkun á sérstökum brennurum með sjálfvirka hringrás úrgangslofts
e) Köfnunarefnisoxíðsrýrir brennarar	Tæknin á almennt við. Umhverfislegur ávinningur sem næst er almennt minni við notkun í gaskyntum þverbrennsluofnum (e. *cross-fired, gas-fired furnace*) vegna tæknilegra takmarkana og minni sveigjanleika bræðsluofnsins. Fullur ávinningur næst með venjulegri eða algerri endursmíði bræðsluofnsins þegar það tengist bestu hönnun ofnsins og rúmfræði
f) Val á eldsneyti	Nothæfið takmarkast af skorðum sem tengjast tiltækileika ólíkra eldsneytistegunda sem getur orðið fyrir áhrifum af stefnu aðildarríkisins í orkumálum

Tækni ([1])	Nothæfi
ii. Fenix-vinnsluferli Byggt á samblandi af nokkrum grunntækniaðferðum til að hámarka bruna í þverbrennsluvarmaendurnýtingarofnum fyrir plötugler (e. *cross-fired regenerative float furnace*). Helstu þættirnir eru: – að draga úr umframlofti – að fækka heitum punktum og gera logahitastigið einsleitt – stýrð blöndun eldsneytis og brunalofts	Nothæfið er takmarkað við þverbrennsluvarmaendurnýtingar ofna. Á við um nýja bræðsluofna. Að því er varðar bræðsluofna sem fyrir eru þarf að endursmíða ofninn að öllu leyti og fella tæknina beint inn í meðan á hönnun og smíði stendur
iii. Bræðsla með súrefniseldsneyti	Mesti umhverfislegi ávinningurinn næst við notkun þegar bræðsluofninn er endursmíðaður að öllu leyti

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.2

II. viðbótartækni, s.s.:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Efnafræðileg afoxun með eldsneyti	Á við um varmaendurnýtingarofna. Nothæfið takmarkast af aukinni eldsneytisnotkun og þar af leiða umhverfisleg og efnahagsleg áhrif
ii. Valvís, hvötuð afoxun	Notkunin getur útheimt uppfærslu á rykhreinsikerfinu til að tryggja að styrkur ryks sé minni en 10–15 mg/Nm^3 og kerfi til að hreinsa brennistein til að fjarlægja losun brennisteinsoxíða (SO_X) Vegna hámarksganghitabils er nothæfið takmarkað við notkun á rafstöðuskiljum. Almennt er tæknin ekki notuð með pokasíukerfi því lágur ganghiti, á bilinu 180–200 °C, myndi útheimta upphitun á úrgangsloftinu. Framkvæmd tækninnar getur útheimt umtalsvert, tiltækt rými

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.2

Tafla 15

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun köfnunarefnisoxíða (NO_X) frá bræðsluofni í plötuglersgeiranum

Breyta	Besta, fáanlega tækni	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni ([1])	
		mg/Nm^3	kg/tonn af bræddu gleri ([2])
Köfnunarefnisoxíð (NO_X), gefið upp sem köfnunarefnistvíoxíð (NO_2)	Breytingar á bruna, Fenix-vinnsluferli ([3])	700–800	1,75–2,0
	Bræðsla með súrefniseldsneyti ([4])	Á ekki við	< 1,25–2,0
	Viðbótartækni ([5])	400–700	1,0–1,75

([1]) Búist er við hærri losunargildum þegar nítröt eru notuð af og til við framleiðslu á sérstöku gleri.
([2]) Breytistuðullinn, sem greint er frá í töflu 2 ($2,5 \times 10^{-3}$), hefur verið notaður.
([3]) Lægri gildin á styrkbilinu tengjast beitingu Fenix-vinnsluferlisins.
([4]) Gildin sem unnt er að ná eru háð gæðum jarðgass og súrefnis sem tiltækt er (köfnunarefnisinnihald).
([5]) Hærri gildin á styrkbilinu tengjast stöðvum sem fyrir eru þar til bræðsluofninn hefur verið endursmíðaður, venjulega eða algerlega. Lægri gildin tengjast nýrri/endurbættum stöðvum.

26. Þegar nítröt eru notuð í lotusamsetningu er besta, fáanlega tækni að draga úr losun köfnunarefnisoxíða (NO_X) með því að halda notkun þessara hráefna í lágmarki í samsetningu með grunn- eða viðbótartækni. Ef viðbótartækni er notuð gilda losunargildi, sem tengjast bestu, fáanlegu tækni, sem greint er frá í töflu 15.

Ef nítröt eru notuð í lotusamsetningu fyrir framleiðslu á sérstöku gleri í takmörkuðum fjölda af stuttum keyrslulotum eru losunargildi, sem tengjast bestu, fáanlegu tækni, sett fram í töflu 16.

Tækni ([1])	Nothæfi
Grunntækni: Að halda notkun á nítrötum í lotusamsetningu í lágmarki Nítröt eru notuð við sérstaka framleiðslu (t.d. á lituðu gleri). Skilvirk staðgönguefni eru súlföt, arsenoxíð, seríumoxíð	Útskipting nítrata í lotusamsetningu getur takmarkast af miklum kostnaði og/eða meiri umhverfisáhrifum staðgönguefnanna

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.2.

Tafla 16

Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir losun köfnunarefnisoxíða (NO_X) frá bræðsluofni í plötuglersgeiranum þegar nítröt eru notuð í lotusamsetningu fyrir framleiðslu á sérstöku gleri í takmörkuðum fjölda af stuttum keyrslulotum

Breyta	Besta, fáanlega tækni	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni	
		mg/Nm^3	kg/tonn af bræddu gleri ([1])
Köfnunarefnisoxíð (NO_X), gefið upp sem köfnunarefnistvíoxíð (NO_2)	Grunntækni	< 1200	< 3

([1]) Breytistuðullinn, sem greint er frá í töflu 2 fyrir sérstök tilvik ($2{,}5 \times 10^{-3}$), hefur verið notaður.

1.3.3. Brennisteinsoxíð (SO_X) frá bræðsluofnum

27. Besta, fáanlega tækni er að draga úr losun brennisteinsoxíða (SO_X) frá bræðsluofninum með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Þurr eða hálfþurr hreinsun ásamt síunarkerfi	Tæknin á almennt við
ii. Lágmörkun á innihaldi brennisteins í lotusamsetningu og hámörkun á brennisteinsjafnvægi	Lágmörkun á brennisteinsinnihaldi í lotusamsetningu á almennt við innan þeirra takmarkana sem tengjast gæðakröfum til fullunnu glervörunnar. Þegar hámörkun á brennisteinsjafnvægi er beitt þarf að finna viðeigandi jafnvægi milli þess að fjarlægja losun brennisteinsoxíða (SO_X) og þess að stjórna föstum úrgangi (síuryki)
iii. Notkun á eldsneyti sem inniheldur lítið af brennisteini	Nothæfið getur takmarkast af skorðum sem tengjast tiltækileika brennisteinsrýrs eldsneytis sem getur orðið fyrir áhrifum af stefnu aðildarríkisins í orkumálum

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.3

Tafla 17

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun brennisteinsoxíða (SO_X) frá bræðsluofni í plötuglersgeiranum

Breyta	Eldsneyti	Losunargildi, sem tengist bestu, fáanlegu tækni ([1])	
		mg/Nm^3	kg/tonn af bræddu gleri ([2])
Brennisteinsoxíð (SO_X), gefið upp sem brennisteinstvíoxíð (SO_2)	Jarðgas	< 300–500	< 0,75–1,25
	Brennsluolía ([3])([4])	500–1 300	1,25–3,25

([1]) Lægri gildin tengjast skilyrðum þar sem skerðing á brennisteinsoxíðum (SO_X) hefur forgang umfram minni framleiðslu á föstum úrgangi, þ.e.a.s. síuryki sem inniheldur mikið af súlfati.
([2]) Breytistuðullinn, sem greint er frá í töflu 2 ($2{,}5 \times 10^{-3}$), hefur verið notaður.
([3]) Viðkomandi losunargildi tengjast notkun á brennsluolíu með 1% brennisteinsinnihaldi ásamt viðbótarhreinsitækni.
([4]) Að því er varðar bræðsluofna fyrir plötugler gæti þurft að kanna brennisteinsjafnvægi vegna athugunarefna sem tengjast losunargildum sem unnt er að ná. Erfitt getur reynst að ná gildunum, sem greint er frá í töflunni, í samsetningu með endurvinnslu á síuryki.

1.3.4. Vetnisklóríð (HCl) og vetnisflúoríð (HF) frá bræðsluofnum

28. Besta, fáanlega tækni er að draga úr losun vetnisklóríðs (HCl) og vetnisflúoríðs (HF) frá bræðsluofninum með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Val á hráefni fyrir lotusamsetningu sem inniheldur lítið af klór og flúori	Nothæfið getur takmarkast af skorðum sem tengjast tegund glers sem framleitt er í stöðinni og tiltækileika hráefna
ii. Þurr eða hálfþurr hreinsun ásamt síunarkerfi	Tæknin á almennt við

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.4.

Tafla 18

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun vetnisklóríðs (HCl) og vetnisflúoríðs (HF) frá bræðsluofni í plötuglersgeiranum

Breyta	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni	
	mg/Nm^3	kg/tonn af bræddu gleri ([1])
Vetnisklóríð, gefið upp sem HCl ([2])	< 10–25	< 0,025–0,0625
Vetnisflúoríð, gefið upp sem HF	< 1–4	< 0,0025–0,010

([1]) Breytistuðullinn, sem greint er frá í töflu 2 ($2,5 \times 10^{-3}$), hefur verið notaður.
([2]) Hærri gildin á styrkbilinu tengjast endurvinnslu á síuryki í lotusamsetningu.

1.3.5. Málmar frá bræðsluofnum

29. Besta, fáanlega tækni er að draga úr losun málma frá bræðsluofninum með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Val á hráefni fyrir lotusamsetningu sem inniheldur lítið af málmi	Nothæfið getur takmarkast af skorðum sem tengjast tegund glers sem framleitt er í stöðinni og tiltækileika hráefna.
ii. Notkun síunarkerfis	Tæknin á almennt við
iii. Notkun á þurri eða hálfþurri hreinsun ásamt síunarkerfi	

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.5.

Tafla 19

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun málma frá bræðsluofni í plötuglersgeiranum að undanskildu gleri sem er litað með seleni

Breyta	Losunargildi, sem tengist bestu, fáanlegu tækni ([1])	
	mg/Nm^3	kg/tonn af bræddu gleri ([2])
Σ (As, Co, Ni, Cd, Se, Cr_{VI})	< 0,2–1	$< 0,5–2,5 \times 10^{-3}$
Σ (As, Co, Ni, Cd, Se, Cr_{VI}, Sb, Pb, Cr_{III}, Cu, Mn, V, Sn)	< 1–5	$< 2,5–12,5 \times 10^{-3}$

([1]) Styrkbilin eiga við um summu málma sem eru fyrir hendi í útblásturslofti í föstum og loftkenndum fasa.
([2]) Breytistuðullinn, sem gefinn er upp í töflu 2 ($2,5 \times 10^{-3}$), hefur verið notaður.

30. Þegar selensambönd eru notuð til litunar á gleri er besta, fáanlega tækni að draga úr losun selens frá bræðsluofninum með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Að halda uppgufun selens úr framleiðslulotusamsetningu í lágmarki með því að velja hráefni sem haldast lengur í glerinu og gufa síður upp	Nothæfið getur takmarkast af skorðum sem tengjast tegund glers sem framleitt er í stöðinni og tiltækileika hráefna
ii. Notkun síunarkerfis	Tæknin á almennt við
iii. Notkun á þurri eða hálfþurri hreinsun ásamt síunarkerfi	

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.5

Tafla 20

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun selens frá bræðsluofni í plötuglerglersgeiranum fyrir framleiðslu á lituðu gleri

Breyta	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni ([1])([2])	
	mg/Nm^3	kg/tonn af bræddu gleri ([3])
Selensambönd, gefin upp sem Se	1–3	2,5–7,5 × 10^{-3}

([1]) Gildin eiga við um summu selens sem er fyrir hendi í útblásturslofti í föstum og loftkenndum fasa.
([2]) Lægri gildin eiga við um skilyrði þegar skerðing á losun selens hefur forgang umfram minni framleiðslu á föstum úrgangi úr síuryki. Í því tilviki er notaður hár efnahlutfallsstuðull (hvarfmiðils/mengunarvalds) og umtalsverður straumur af föstum úrgangi myndast.
([3]) Breytistuðullinn, sem greint er frá í töflu 2 (2,5 × 10^{-3}), hefur verið notaður.

1.3.6. Losun frá úrvinnslu

31. Besta, fáanlega tækni er að draga úr losun frá úrvinnslu í andrúmsloft með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Að halda tapi á yfirborðsmeðferðarefnum, sem notuð eru á plötuglerið, í lágmarki með því að tryggja að notkunarkerfið sé vel lokað	Tæknin á almennt við
ii. Að halda tapi brennisteinsdíoxíðs (SO_2) úr kæliofninum í lágmarki með því að starfrækja eftirlitskerfið eins og best verður á kosið	
iii. Að blanda saman losun brennisteinsdíoxíðs (SO_2) frá herslunni og úrgangslofti frá bræðsluofninum, þegar það er tæknilega mögulegt, og ef tveggja þrepa hreinsunarkerfi er notað (sía og þurr eða hálfþurr þvegill)	
iv. Notkun á viðbótartækni, t.d. vothreinsun, þurrhreinsun og síun	Tæknin á almennt við. Val á tækni og framkvæmd hennar fer eftir samsetningu úrgangslofts við inntaksop

([1]) Lýsing á tveggja þrepa hreinsunarkerfum er sett fram í liðum 1.10.3 og 1.10.6.

Tafla 21

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun í andrúmsloft frá úrvinnslu í plötuglersgeiranum þegar losunin er meðhöndluð sérstaklega

Breyta	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni
	mg/Nm^3
Ryk	< 15–20

Breyta	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni
	mg/Nm^3
Vetnisklóríð, gefið upp sem HCl	< 10
Vetnisflúoríð, gefið upp sem HF	< 1–5
Brennisteinsoxíð (SO_X), gefið upp sem brennisteinstvíoxíð (SO_2)	< 200
Σ (As, Co, Ni, Cd, Se, Cr_{VI})	< 1
Σ (As, Co, Ni, Cd, Se, Cr_{VI}, Sb, Pb, Cr_{III}, Cu, Mn, V, Sn)	< 5

1.4. *Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni vegna framleiðslu á samfelldum glertrefjum*

Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni, sem koma fram í þessum lið, geta átt við um allar stöðvar sem framleiða samfelldar glertrefjar nema annað sé tekið fram.

1.4.1. Ryklosun frá bræðsluofnum

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir ryk, sem greint er frá í þessum lið, eiga við um öll efni sem eru í föstu formi þegar mælt er, þ.m.t. föst bórsambönd. Bórsambönd, sem eru loftkennd þegar mælt er, teljast ekki með.

32. Besta, fáanlega tækni er að draga úr ryklosun úr úrgangslofti frá bræðsluofninum með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Rokgjörnum efnisþáttum fækkað með því að gera breytingu á hráefnum Samsetning á framleiðslulotum án bórsambanda eða sem innihalda lítið magn af bór er grundvallarráðstöfun til að draga úr losun ryks sem myndast einkum með uppgufun. Bór er helsta innihaldsefni efnisagna sem losna frá bræðsluofninum	Vegna málefna sem tengjast eignarrétti er notkun tækninnar takmörkuð sökum þess að lotusamsetningar sem innihalda ekki bór eða innihalda lítið af bór falla undir einkaleyfi
ii. Síunarkerfi: rafstöðuskilja eða pokasía	Tæknin á almennt við. Mesti umhverfislegi ávinningurinn næst við notkun í nýjum stöðvum þar sem unnt er að ákvarða staðsetningu og eiginleika síunar án takmarkanna.
iii. Vothreinsunarkerfi	Notkun í stöðvum sem fyrir eru getur takmarkast af tæknilegum skorðum, þ.e. þörf á sérstakri skólphreinsistöð

([1]) Lýsing á tveggja þrepa hreinsunarkerfum er sett fram í liðum 1.10.1 og 1.10.7.

Tafla 22

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir ryklosun frá bræðsluofni í geira fyrir samfelldar glertrefjar

Breyta	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni ([1])	
	mg/Nm^3	kg/tonn af bræddu gleri ([2])
Ryk	< 10–20	< 0,045–0,09

([1]) Tilkynnt hefur verið um gildi við styrk sem nemur < 30 mg/Nm^3 (< 0,14 kg/tonn af bræddu gleri) fyrir bórlausar samsetningar, með beitingu grunntækni.
([2]) Breytistuðullinn, sem greint er frá í töflu 2 ($4,5 \times 10^{-3}$), hefur verið notaður.

1.4.2. Köfnunarefnisoxíð (NO_X) frá bræðsluofnum

33. Besta, fáanlega tækni er að draga úr losun köfnunarefnisoxíða (NO_X) frá bræðsluofninum með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Breytingar á bruna	
a) Skerðing hlutfalls milli lofts og eldsneytis	Á við um hefðbundna bræðsluofna sem eru kyntir með blöndu af lofti/eldsneyti. Fullur ávinningur næst með venjulegri eða algerri endursmíði bræðsluofnsins þegar það tengist bestu hönnun ofnsins og rúmfræði
b) Lækkað hitastig brunalofts	Á við um hefðbundna loft-/eldsneytisbræðsluofna innan þeirra takmarkana sem tengjast orkunýtni bræðsluofnsins og aukinni eldsneytisþörf. Flestir bræðsluofnar eru þegar af varmaendurheimtugerð.
c) Þrepaskiptur bruni: d) Þrepuð loftblöndun e) Þrepuð eldsneytisblöndun	Þrepuð eldsneytisblöndun á við um flesta bræðsluofna sem eru kyntir með blöndu af lofti/eldsneyti, bræðsluofna sem eru kyntir með súrefniseldsneyti. Nothæfi þrepaðrar loftblöndunar er mjög takmarkað vegna þess hversu tæknilega flókin hún er
d) Hringrás útblásturs	Nothæfi þessarar tækni er takmarkað við notkun á sérstökum brennurum með sjálfvirka hringrás úrgangslofts
e) Köfnunarefnisoxíðsrýrir brennarar	Tæknin á almennt við. Fullur ávinningur næst með venjulegri eða algerri endursmíði bræðsluofnsins þegar það tengist bestu hönnun ofnsins og rúmfræði
f) Val á eldsneyti	Nothæfið takmarkast af skorðum sem tengjast tiltækileika ólíkra eldsneytistegunda sem getur orðið fyrir áhrifum af stefnu aðildarríkisins í orkumálum
ii. Bræðsla með súrefniseldsneyti	Mesti umhverfislegi ávinningurinn næst við notkun þegar bræðsluofninn er endursmíðaður að öllu leyti

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.2

Tafla 23

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun köfnunarefnisoxíða (NO_X) frá bræðsluofni í geira fyrir samfelldar glertrefjar

Breyta	Besta, fáanlega tækni	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni	
		mg/Nm^3	kg/tonn af bræddu gleri
Köfnunarefnisoxíð (NO_X), gefið upp sem köfnunarefnistvíoxíð (NO_2)	Breytingar á bruna	< 600–1 000	< 2,7–4,5 ([1])
	Bræðsla með súrefniseldsneyti ([2])	Á ekki við	< 0,5–1,5

([1]) Breytistuðullinn, sem greint er frá í töflu 2 ($4,5 \times 10^{-3}$), hefur verið notaður.
([2]) Gildin sem unnt er að ná eru háð gæðum jarðgass og súrefnis sem tiltækt er (köfnunarefnisinnihald).

1.4.3. Brennisteinsoxíð (SO_X) frá bræðsluofnum

34. Besta, fáanlega tækni er að draga úr losun brennisteinsoxíða (SO_X) frá bræðsluofninum með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Lágmörkun á innihaldi brennisteins í lotusamsetningu og hámörkun á brennisteinsjafnvægi	Tæknin á almennt við innan þeirra takmarkana sem tengjast. gæðakröfum til fullunnu glervörunnar. Þegar hámörkun á brennisteinsjafnvægi er beitt þarf að finna viðeigandi jafnvægi milli þess að fjarlægja losun brennisteinsoxíða (SO_X) og þess að stjórna föstum úrgangi (síuryki) sem þarf að farga

Tækni ([1])	Nothæfi
ii. Notkun á eldsneyti sem inniheldur lítið af brennisteini	Nothæfið getur takmarkast af skorðum sem tengjast tiltækileika brennisteinsrýrs eldsneytis sem getur orðið fyrir áhrifum af stefnu aðildarríkisins í orkumálum
iii. Þurr eða hálfþurr hreinsun ásamt síunarkerfi	Tæknin á almennt við. Mikið magn bórsambanda í útblæstri getur dregið úr skilvirkni hvarfmiðils til hreinsunar, sem notaður er í þurrum eða hálfþurrum hreinsunarkerfum
iv. Notkun á vothreinsun	Tæknin á almennt við innan tæknilegra takmarka; þ.e. þörf á sérstakri skólphreinsistöð

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í liðum 1.10.3 og 1.10.6.

Tafla 24

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun brennisteinsoxíða (SO_X) frá bræðsluofni í geira fyrir samfelldar glertrefjar

Breyta	Eldsneyti	Losunargildi, sem tengist bestu, fáanlegu tækni ([1])	
		mg/Nm^3	kg/tonn af bræddu gleri ([2])
Brennisteinsoxíð (SO_X), gefið upp sem brennisteinstvíoxíð (SO_2)	Jarðgas ([3])	< 200–800	< 0,9–3,6
	Brennsluolía ([4])([5])	< 500–1 000	< 2,25–4,5

([1]) Hærri gildin á styrkbilinu tengjast notkun súlfata í lotusamsetningu til að tæra glerið.
([2]) Breytistuðullinn, sem greint er frá í töflu 2 ($4,5 \times 10^{-3}$), hefur verið notaður.
([3]) Að því er varðar bræðsluofna, sem eru kyntir með súrefniseldsneyti og eru búnir votþveglum, hefur verið tilkynnt að losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir brennisteinsoxíð (SO_X), gefið upp sem brennisteinstvíoxíð (SO_2), sé < 0,1 kg/tonn af bræddu gleri.
([4]) Viðkomandi losunargildi tengjast notkun á brennsluolíu með 1% brennisteinsinnihaldi ásamt viðbótarhreinsunartækni.
([5]) Lægri gildin eiga við um skilyrði þar sem skerðing á brennisteinsoxíðum (SO_X) hefur forgang umfram minni framleiðslu á föstum úrgangi, þ.e.a.s. síuryki sem inniheldur mikið af súlfati. Í því tilviki tengjast lægri gildin notkun pokasíu.

1.4.4. Vetnisklóríð (HCl) og vetnisflúoríð (HF) frá bræðsluofnum

35. Besta, fáanlega tækni er að draga úr losun vetnisklóríðs (HCl) og vetnisflúoríðs (HF) frá bræðsluofninum með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Val á hráefni fyrir lotusamsetningu sem inniheldur lítið af klór og flúori	Tæknin á almennt við innan þeirra takmarkana sem tengjast lotusamsetningu og tiltækileika hráefna
ii. Lágmörkun á flúorinnihaldi í lotusamsetningu Hægt er að lágmarka losun flúors frá bræðsluferlinu á eftirfarandi hátt: – lágmarka/draga úr magni flúorsambanda (t.d. flússpats), sem notað eru í lotusamsetningunni, eins mikið og unnt er m.t.t. gæða fullunnu vörunnar. Flúorsambönd eru notuð til að hámarka bræðsluferlið, stuðla að trefjamyndun og lágmarka brot á samfelldum þráðum – að skipta flúorsamböndum út fyrir staðgönguefni (t.d. súlföt)	Útskipting flúorsambanda fyrir staðgönguefni takmarkast af gæðakröfum til vörunnar
iii. þurr eða hálfþurr hreinsun ásamt síunarkerfi	Tæknin á almennt við
iv. vothreinsun	Tæknin á almennt við innan tæknilegra takmarka; þ.e. þörf á sérstakri skólphreinsistöð.

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í liðum 1.10.4 og 1.10.6.

Tafla 25

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun vetnisklóríðs (HCl) og vetnisflúoríðs (HF) frá bræðsluofni í geira fyrir samfelldar glertrefjar

Breyta	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni	
	mg/Nm^3	kg/tonn af bræddu gleri ([1])
Vetnisklóríð, gefið upp sem HCl	< 10	< 0,05
Vetnisflúoríð, gefið upp sem HF ([2])	< 5–15	< 0,02–0,07

([1]) Breytistuðullinn, sem greint er frá í töflu 2 ($4,5 \times 10^{-3}$), hefur verið notaður.
([2]) Hærri gildin á styrkbilinu tengjast notkun flúorsambanda í lotusamsetningunni.

1.4.5. Málmar frá bræðsluofnum

36. Besta, fáanlega tækni er að draga úr losun málma frá bræðsluofninum með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Val á hráefni fyrir lotusamsetningu sem inniheldur lítið af málmi	Tæknin á almennt við innan þeirra takmarkana sem tengjast tiltækileika hráefna
ii. Notkun á þurri eða hálfþurri hreinsun ásamt síunarkerfi	Tæknin á almennt við
iii. Notkun á vothreinsun	Tæknin á almennt við innan tæknilegra takmarka; þ.e. þörf á sérstakri skólphreinsistöð.

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í liðum 1.10.5 og 1.10.6.

Tafla 26

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun málma frá bræðsluofni í geira fyrir samfelldar glertrefjar

Breyta	Losunargildi, sem tengist bestu, fáanlegu tækni ([1])	
	mg/Nm^3	kg/tonn af bræddu gleri ([2])
Σ (As, Co, Ni, Cd, Se, Cr_{VI})	< 0,2–1	$< 0,9–4,5 \times 10^{-3}$
Σ (As, Co, Ni, Cd, Se, Cr_{VI}, Sb, Pb, Cr_{III}, Cu, Mn, V, Sn)	< 1–3	$< 4,5–13,5 \times 10^{-3}$

([1]) Gildin eiga við um summu málma sem eru fyrir hendi í útblástursloftí í föstum og loftkenndum fasa.
([2]) Breytistuðullinn, sem greint er frá í töflu 2 ($4,5 \times 10^{-3}$), hefur verið notaður.

1.4.6. Losun frá úrvinnslu

37. Besta, fáanlega tækni er að draga úr losun frá úrvinnslu með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Vothreinsunarkerfi	Tæknin á almennt við fyrir hreinsun á úrgangslofti frá mótunarferlinu (yfirborðsmeðferð á þráðunum) eða frá fylgiferlum sem fela í sér notkun á bindiefni sem þarf að herða eða þurrka
ii. Rafstöðuskiljur með vatnsgufu (e. *wet electrostatic precipitator*)	
iii. Síunarkerfi (pokasía)	Tæknin á almennt við fyrir hreinsun á úrgangslofti frá skurðar- og mölunaraðgerðum á vörunum.

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í liðum 1.10.7 og 1.10.8.

Tafla 27

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun í andrúmsloft frá úrvinnslu í geira fyrir samfelldar glertrefjar þegar losunin er meðhöndluð sérstaklega

Breyta	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni
	mg/Nm^3
Losun frá mótun og yfirborðsmeðferð	
Ryk	< 5–20
Formaldehýð	< 10
Ammoníak	< 30
Heildarinnihald rokgjarna, lífrænna efnasambanda, gefið upp sem C	< 20
Losun frá skurði og mölun	
Ryk	< 5–20

1.5. *Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni vegna framleiðslu á gleri til heimilisnota (e. domestic glass)*

Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni, sem koma fram í þessum lið, geta átt við um allar stöðvar sem framleiða gler til heimilisnota nema annað sé tekið fram.

1.5.1. Ryklosun frá bræðsluofnum

38. Besta, fáanlega tækni er að draga úr ryklosun úr úrgangslofti frá bræðsluofninum með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Rokgjörnum efnisþáttum fækkað með því að gera breytingu á hráefnum. Samsetning á framleiðslulotunni getur innihaldið mjög rokgjarna efnisþætti (t.d. bór, flúoríð), sem stuðla verulega að myndun ryks sem losnar frá bræðsluofninum	Tæknin á almennt við innan þeirra takmarkana sem tengjast tegund glers, sem framleitt er, og tiltækileika staðgönguhráefna
ii. Rafknúin bræðsla	Á ekki við um framleiðslu á miklu magni af gleri (> 300 tonn á dag). Á ekki við um framleiðslu sem útheimtir miklar sveiflur á frálagi Framkvæmdin útheimtir að bræðsluofninn sé endursmíðaður að öllu leyti
iii. Bræðsla með súrefniseldsneyti	Mesti umhverfislegi ávinningurinn næst við notkun þegar bræðsluofninn er endursmíðaður að öllu leyti
iv. Síunarkerfi: rafstöðuskilja eða pokasía	Tæknin á almennt við
v. Vothreinsunarkerfi	Nothæfið takmarkast við sérstök tilvik, einkum við rafknúna bræðsluofna, þar sem magn útblásturs og ryklosun eru almennt lítil og tengjast yfirfærslu lotusamsetningarinnar

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í liðum 1.10.5 og 1.10.7.

Tafla 28

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir ryklosun frá bræðsluofni í geira fyrir gler til heimilisnota

Breyta	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni	
	mg/Nm^3	kg/tonn af bræddu gleri ([1])
Ryk	< 10–20 ([2])	< 0,03–0,06
	< 1–10 ([3])	< 0.003–0,03

([1]) Breytistuðullinn 3×10^{-3} hefur verið notaður (sjá töflu 2). Þó gæti þurft að nota breytistuðul í hverju tilviki fyrir sig fyrir sérstaka framleiðslu.

([2]) Tilkynnt hefur verið um athugunarefni sem varða efnahagslegan framkvæmanleika þess að ná losunargildum sem tengjast bestu, fáanlegu tækni ef um er að ræða bræðsluofna með afkastagetu sem nemur < 80 t/dag sem framleiða gler úr natríumkalksílíkati.

([3]) Þetta losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni gildir um lotusamsetningar sem innihalda umtalsvert magn efnisþátta sem uppfylla viðmiðanir um hættuleg efni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008.

1.5.2. Köfnunarefnisoxíð (NO_X) frá bræðsluofnum

39. Besta, fáanlega tækni er að draga úr losun köfnunarefnisoxíða (NO_X) frá bræðsluofninum með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Breytingar á bruna	
a) Skerðing hlutfalls milli lofts og eldsneytis	Á við um hefðbundna bræðsluofna sem eru kyntir með blöndu af lofti/eldsneyti. Fullur ávinningur næst með venjulegri eða algerri endursmíði bræðsluofnsins þegar það tengist bestu hönnun ofnsins og rúmfræði
b) Lækkað hitastig brunalofts	Á eingöngu við í aðstæðum, sem eru sérstakar fyrir viðkomandi stöð, vegna minni afkastagetu bræðsluofnsins og aukinnar eldsneytisþarfar (þ.e. notkun á varmaendurheimtuofnum (e. *recuperative furnace*) í stað varmaendurnýtingarofna e. *regenerative furnace*))
c) Þrepaskiptur bruni: f) Þrepuð loftblöndun g) Þrepuð eldsneytisblöndun	Þrepuð eldsneytisblöndun á við um flesta hefðbundna bræðsluofna sem eru kyntir með blöndu af lofti/eldsneyti. Nothæfi þrepaðrar loftblöndunar er mjög takmarkað vegna þess hversu tæknilega flókin hún er
d) Hringrás útblásturs	Nothæfi þessarar tækni er takmarkað við notkun á sérstökum brennurum með sjálfvirka hringrás úrgangslofts
e) Köfnunarefnisoxíðsrýrir brennarar	Tæknin á almennt við. Umhverfislegur ávinningur sem næst er almennt minni við notkun í gaskyntum þverbrennsluofnum (e. *cross-fired, gas-fired furnace*) vegna tæknilegra takmarkana og minni sveigjanleika bræðsluofnsins. Fullur ávinningur næst með venjulegri eða algerri endursmíði bræðsluofnsins þegar það tengist bestu hönnun ofnsins og rúmfræði
f) Val á eldsneyti	Nothæfið takmarkast af skorðum sem tengjast tiltækileika ólíkra eldsneytistegunda sem getur orðið fyrir áhrifum af stefnu aðildarríkisins í orkumálum
ii. Sérstök hönnun bræðsluofna	Nothæfið er takmarkað við lotusamsetningar sem innihalda mikið magn utanaðkomandi glerbrota (> 70%). Notkunin útheimtir að bræðsluofninn sé endursmíðaður að öllu leyti. Lögun bræðsluofnsins (langur og mjór) getur valdið plássvanda-málum

Tækni ([1])	Nothæfi
iii. Rafknúin bræðsla	Á ekki við um framleiðslu á miklu magni af gleri (> 300 tonn á dag). Á ekki við um framleiðslu sem útheimtir miklar sveiflur á frálagi. Framkvæmdin útheimtir að bræðsluofninn sé endursmíðaður að öllu leyti
iv. Bræðsla með súrefniseldsneyti	Mesti umhverfislegi ávinningurinn næst við notkun þegar bræðsluofninn er endursmíðaður að öllu leyti

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.2

Tafla 29

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun köfnunarefnisoxíða (NO_X) frá bræðsluofni í geira fyrir gler til heimilisnota

Breyta	Besta, fáanlega tækni	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni	
		mg/Nm^3	kg/tonn af bræddu gleri ([1])
Köfnunarefnisoxíð (NO_X), gefið upp sem köfnunarefnistvíoxíð (NO_2)	Breytingar á bruna, sérstök hönnun bræðsluofna	< 500–1 000	< 1,25–2,5
	Rafknúin bræðsla	< 100	< 0,3
	Bræðsla með súrefniseldsneyti ([2])	Á ekki við	< 0,5–1,5

([1]) Breytistuðullinn $2,5 \times 10^{-3}$ hefur verið notaður fyrir breytingar á bruna og sérstaka hönnun bræðsluofna og breytistuðullinn 3×10^{-3} hefur verið notaður fyrir rafknúna bræðslu (sjá töflu 2). Þó gæti þurft að nota breytistuðul í hverju tilviki fyrir sig fyrir sérstaka framleiðslu.
([2]) Gildin sem unnt er að ná eru háð gæðum jarðgass og súrefnis sem tiltækt er (köfnunarefnisinnihald).

40. Þegar nítröt eru notuð í lotusamsetningu er besta, fáanlega tækni að draga úr losun köfnunarefnisoxíða (NO_X) með því að halda notkun þessara hráefna í lágmarki í samsetningu með grunn- eða viðbótartækni.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni eru tilgreind í töflu 29.

Ef nítröt eru notuð í lotusamsetningu í takmörkuðum fjölda af stuttum keyrslulotum eða fyrir bræðsluofna með afkastagetu sem nemur < 100 t/dag, sem framleiða sérstakar tegundir af gleri úr natríumkalksílíkati (glært/ofurglært gler eða gler litað með seleni) og annað sérstakt gler (þ.e. bórsílíkatgler, keramíkgler, ópalgler, kristal- og blýkristalgler), eru losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni sett fram í töflu 30.

Tækni ([1])	Nothæfi
Grunntækni:	
– Að halda notkun á nítrötum í lotusamsetningu í lágmarki Nítröt eru notuð í hágæðavörur, ef gerð er krafa um mjög litlaust (glært) gler eða við framleiðslu á sérstöku gleri. Skilvirk staðgönguefni eru súlföt, arsenoxíð, seríumoxíð	Útskipting nítrata í lotusamsetningu getur takmarkast af miklum kostnaði og/eða meiri umhverfisáhrifum staðgönguefnanna

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.2.

Tafla 30

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun köfnunarefnisoxíða (NO_X) frá bræðsluofni í geira fyrir gler til heimilisnota ef nítröt eru notuð í lotusamsetningu í takmörkuðum fjölda af stuttum keyrslulotum eða fyrir bræðsluofna með afkastagetu sem nemur < 100 t/dag, sem framleiða sérstakar tegundir af gleri úr natríumkalksílíkati (glært/ofurglært gler eða gler litað með seleni) eða annað sérstakt gler (þ.e. bórsílíkatgler, keramíkgler, ópalgler, kristal- og blýkristalgler)

Breyta	Tegund bræðsluofns	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni	
		mg/Nm³	kg/tonn af bræddu gleri
Köfnunarefnisoxíð (NO_X), gefið upp sem köfnunarefnistvíoxíð (NO_2)	Hefðbundnir bræðsluofnar sem kyntir eru með blöndu úr eldsneyti og lofti	< 500–1 500	< 1,25–3,75 ([1])
	Rafknúin bræðsla	< 300–500	< 8–10

([1]) Breytistuðullinn, sem greint er frá í töflu 2 fyrir gler úr natríumkalksílíkati ($2,5 \times 10^{-3}$), hefur verið notaður.

1.5.3. Brennisteinsoxíð (SO_X) frá bræðsluofnum

41. Besta, fáanlega tækni er að draga úr losun brennisteinsoxíða (SO_X) frá bræðsluofninum með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Lágmörkun á innihaldi brennisteins í lotusamsetningu og hámörkun á brennisteinsjafnvægi	Lágmörkun á brennisteinsinnihaldi í lotusamsetningu á almennt við innan þeirra takmarkana sem tengjast gæðakröfum til fullunnu glervörunnar. Þegar hámörkun á brennisteinsjafnvægi er beitt þarf að finna viðeigandi jafnvægi milli þess að fjarlægja losun brennisteinsoxíða (SO_X) og þess að stjórna föstum úrgangi (síuryki)
ii. Notkun á eldsneyti sem inniheldur lítið af brennisteini	Nothæfið getur takmarkast af skorðum sem tengjast tiltækileika brennisteinsrýrs eldsneytis sem getur orðið fyrir áhrifum af stefnu aðildarríkisins í orkumálum
iii. Þurr eða hálfþurr hreinsun ásamt síunarkerfi	Tæknin á almennt við

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.3

Tafla 31

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun brennisteinsoxíða (SO_X) frá bræðsluofni í geira fyrir gler til heimilisnota

Breyta	Eldsneyti/bræðslutækni	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni	
		mg/Nm³	kg/tonn af bræddu gleri ([1])
Brennisteinsoxíð (SO_X), gefið upp sem brennisteinstvíoxíð (SO_2)	Jarðgas	< 200–300	< 0,5–0,75
	Brennsluolía ([2])	< 1 000	< 2,5
	Rafknúin bræðsla	< 100	< 0,25

([1]) Breytistuðullinn $2,5 \times 10^{-3}$ hefur verið notaður (sjá töflu 2). Þó gæti þurft að nota breytistuðul í hverju tilviki fyrir sig fyrir sérstaka framleiðslu.

([2]) Gildin tengjast notkun á brennsluolíu með 1% brennisteinsinnihaldi ásamt viðbótarhreinsunartækni.

1.5.4. Vetnisklóríð (HCl) og vetnisflúoríð (HF) frá bræðsluofnum

42. Besta, fáanlega tækni er að draga úr losun vetnisklóríðs (HCl) og vetnisflúoríðs (HF) frá bræðsluofninum með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Val á hráefni fyrir lotusamsetningu sem inniheldur lítið af klór og flúori	Nothæfið getur takmarkast af skorðum sem tengjast lotusamsetningu fyrir tegund glers sem framleitt er í stöðinni og tiltækileika hráefna

Tækni ([1])	Nothæfi
ii. Lágmörkun á flúorinnihaldi í lotusamsetningu og hámörkun á massajöfnuði flúors Hægt er að lágmarka losun flúors frá bræðsluferlinu með því að lágmarka/draga úr magni flúorsambanda (t.d. flússpats), sem notað eru í lotusamsetningunni, eins mikið og unnt er m.t.t. gæða fullunnu vörunnar. Flúorsamböndum er bætt við lotusamsetninguna til að ljá glerinu ógagnsæja eða skýjaða áferð	Tæknin á almennt við innan þeirra takmarkana sem tengjast gæðakröfum til fullunnu vörunnar
iii. Þurr eða hálfþurr hreinsun ásamt síunarkerfi	Tæknin á almennt við
iv. Vothreinsun	Tæknin á almennt við innan tæknilegra takmarka; þ.e. þörf á sérstakri skólphreinsistöð. Mikill kostnaður, þættir sem varða hreinsun skólps, þ.m.t. takmarkanir við endurnýtingu seyru eða fastra leifa frá hreinsun vatns, geta takmarkað nothæfi þessarar tækni

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í liðum 1.10.4 og 1.10.6.

Tafla 32

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun vetnisklóríðs (HCl) og vetnisflúoríðs (HF) frá bræðsluofni í geira fyrir gler til heimilisnota

Breyta	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni	
	mg/Nm^3	kg/tonn af bræddu gleri ([1])
Vetnisklóríð, gefið upp sem HCl ([2])([3])	< 10–20	< 0,03–0,06
Vetnisflúoríð, gefið upp sem HF ([4])	< 1–5	< 0,003–0,015

([1]) Breytistuðullinn 3×10^{-3} hefur verið notaður (sjá töflu 2). Þó gæti þurft að nota breytistuðul í hverju tilviki fyrir sig fyrir sérstaka framleiðslu.
([2]) Lægri gildin tengjast notkun á rafknúinni bræðslu.
([3]) Í tilvikum þegar kalíumklóríð (KCl) eða natríumklóríð (NaCl) er notað sem hreinsiefni er losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni < 30 mg/Nm_3 eða < 0,09 kg/tonn af bræddu gleri.
([4]) Lægri gildin tengjast notkun á rafknúinni bræðslu. Hærri gildin tengjast framleiðslu á ópalgleri, endurvinnslu á síuryki eða þegar mikið magn af utanaðkomandi glerbrotum er notað í lotusamsetninguna.

1.5.5. Málmar frá bræðsluofnum

43. Besta, fáanlega tækni er að draga úr losun málma frá bræðsluofninum með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Val á hráefni fyrir lotusamsetningu sem inniheldur lítið af málmi	Nothæfið getur takmarkast af skorðum sem tengjast tegund glers sem framleitt er í stöðinni og tiltækileika hráefna
ii. Að halda notkun á málmsamböndum í lotusamsetningu í lágmarki með viðeigandi vali á hráefnum þegar þörf er á að lita og aflita gler eða ef glerinu eru veittir tilteknir eiginleikar	Að því er varðar framleiðslu á kristalgleri og blýkristalgleri takmarkast lágmörkun málmsambanda í lotusamsetningunni af þeim mörkum sem skilgreind eru í tilskipun 69/493/EBE, þar sem efnasamsetning fullunnu glervörunnar er flokkuð.
iii. Þurr eða hálfþurr hreinsun ásamt síunarkerfi	Tæknin á almennt við

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.5

Tafla 33

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun málma frá bræðsluofni í geira fyrir gler til heimilisnota, að undanskildu gleri sem er aflitað með seleni

Breyta	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni ([1])	
	mg/Nm^3	kg/tonn af bræddu gleri ([2])
Σ (As, Co, Ni, Cd, Se, Cr_{VI})	< 0,2–1	< 0,6–3 × 10^{-3}
Σ (As, Co, Ni, Cd, Se, Cr_{VI}, Sb, Pb, Cr_{III}, Cu, Mn, V, Sn)	< 1–5	< 3–15 × 10^{-3}

([1]) Gildin eiga við um summu málma sem eru fyrir hendi í útblásturslofti í föstum og loftkenndum fasa.
([2]) Breytistuðullinn 3 × 10^{-3} hefur verið notaður (sjá töflu 2). Þó gæti þurft að nota breytistuðul í hverju tilviki fyrir sig fyrir sérstaka framleiðslu.

44. Þegar selensambönd eru notuð til aflitunar á gleri er besta, fáanlega tækni að draga úr losun selens frá bræðsluofninum með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Að halda notkun á selensamböndum í lotusamsetningu í lágmarki með viðeigandi vali á hráefnum	Nothæfið getur takmarkast af skorðum sem tengjast tegund glers sem framleitt er í stöðinni og tiltækileika hráefna
ii. Þurr eða hálfþurr hreinsun ásamt síunarkerfi	Tæknin á almennt við

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.5

Tafla 34

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun selens frá bræðsluofni í geira fyrir gler til heimilisnota þegar selensambönd eru notuð til aflitunar á glerinu

Breyta	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni ([1])	
	mg/Nm^3	kg/tonn af bræddu gleri ([2])
Selensambönd, gefin upp sem Se	< 1	< 3 × 10^{-3}

([1]) Gildin eiga við um summu selens sem er fyrir hendi í útblásturslofti í föstum og loftkenndum fasa.
([2]) Breytistuðullinn 3 × 10^{-3} hefur verið notaður (sjá töflu 2). Þó gæti þurft að nota breytistuðul í hverju tilviki fyrir sig fyrir sérstaka framleiðslu.

45. Þegar blýsambönd eru notuð til framleiðslu á blýkristalgleri er besta, fáanlega tækni að draga úr losun blýs frá bræðsluofninum með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Rafknúin bræðsla	Á ekki við um framleiðslu á miklu magni af gleri (> 300 tonn á dag). Á ekki við um framleiðslu sem útheimtir miklar sveiflur á frálagi. Framkvæmdin útheimtir að bræðsluofninn sé endursmíðaður að öllu leyti
ii. Pokasía	Tæknin á almennt við
iii. Rafstöðuskilja	
iv. Þurr eða hálfþurr hreinsun ásamt síunarkerfi	

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í liðum 1.10.1 og 1.10.5.

Tafla 35

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun blýs frá bræðsluofni í geira fyrir gler til heimilisnota þegar blýsambönd eru notuð til framleiðslu á blýkristalgleri

Breyta	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni ([1])	
	mg/Nm^3	kg/tonn af bræddu gleri ([2])
Blýsambönd, gefin upp sem Pb	< 0,5–1	< 1–3 × 10^{-3}

([1]) Gildin eiga við um summu blýs sem er fyrir hendi í útblásturslofti í föstum og loftkenndum fasa.
([2]) Breytistuðullinn 3 × 10^{-3} hefur verið notaður (sjá töflu 2). Þó gæti þurft að nota breytistuðul í hverju tilviki fyrir sig fyrir sérstaka framleiðslu.

1.5.6. Losun frá úrvinnslu

46. Besta, fáanlega tækni fyrir rykmyndandi úrvinnslu er að draga úr losun á ryki og málmum með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Að framkvæma rykmyndandi aðgerðir (t.d. skera, mala, slípa) með vökva	Tæknin á almennt við
ii. Notkun á pokasíukerfi	

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.8

Tafla 36

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun í andrúmsloft frá rykmyndandi úrvinnslu í geira fyrir gler til heimilisnota þegar losunin er meðhöndluð sérstaklega

Breyta	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni
	mg/Nm^3
Ryk	< 1–10
Σ (As, Co, Ni, Cd, Se, Cr_{VI}) ([1])	< 1
Σ (As, Co, Ni, Cd, Se, Cr_{VI}, Sb, Pb, Cr_{III}, Cu, Mn, V, Sn) ([1])	< 1–5
Blýsambönd, gefin upp sem Pb ([2])	< 1–1,5

([1]) Gildin eiga við um summu málma sem eru fyrir hendi í úrgangsloftinu.
([2]) Gildin eiga við um úrvinnslu á blýkristalgleri.

47. Besta, fáanlega tækni fyrir slípunaraðgerðir með sýru er að draga úr losun vetnisflúoríðs (HF) með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Að halda tapi á slípunarefni í lágmarki með því að tryggja að notkunarkerfið sé vel lokað	Tæknin á almennt við
ii. Notkun á viðbótartækni, t.d. vothreinsun.	

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.6

Tafla 37

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun vetnisklóríðs (HF) frá slípunaraðgerðum með sýru í geira fyrir gler til heimilisnota þegar losunin er meðhöndluð sérstaklega

Breyta	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni
	mg/Nm^3
Vetnisflúoríð, gefið upp sem HF	< 5

1.6. *Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni vegna framleiðslu á sérstöku gleri (e. special glass)*

Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni, sem koma fram í þessum lið, geta átt við um allar stöðvar sem framleiða sérstakt gler nema annað sé tekið fram.

1.6.1. Ryklosun frá bræðsluofnum

48. Besta, fáanlega tækni er að draga úr ryklosun úr úrgangslofti frá bræðsluofninum með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni [1]	Nothæfi
i. Rokgjörnum efnisþáttum fækkað með því að gera breytingu á hráefnum Samsetning á framleiðslulotunni getur innihaldið mjög rokgjarna efnisþætti (t.d. bór, flúoríð), sem eru helstu efnisþættirnir í ryki sem losnar frá bræðsluofninum	Tæknin á almennt við innan takmarkana sem tengjast gæðum glersins sem er framleitt
ii. Rafknúin bræðsla	Á ekki við um framleiðslu á miklu magni af gleri (> 300 tonn á dag) Á ekki við um framleiðslu sem útheimtir miklar sveiflur á frálagi Framkvæmdin útheimtir að bræðsluofninn sé endur-smíðaður að öllu leyti
iii. Síunarkerfi: rafstöðuskilja eða pokasía	Tæknin á almennt við

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.1

Tafla 38

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir ryklosun frá bræðsluofni í geira fyrir sérstakt gler

Breyta	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni	
	mg/Nm^3	kg/tonn af bræddu gleri [1]
Ryk	< 10–20	< 0,03–0,13
	< 1–10 [2]	< 0,003–0,065

([1]) Breytistuðlarnir 2,5 × 10–3 og 6,5 × 10–3 hafa verið notaðir til að ákvarða neðra og efra styrkbil losunargilda sem tengjast bestu, fáanlegu tækni (sjá töflu 2), þar sem nokkur gildi hafa verið áætluð. Þó þarf að nota breytistuðul í hverju tilviki fyrir sig, með hliðsjón af tegund glers sem framleitt er (sjá töflu 2).

([2]) Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni gilda um lotusamsetningar sem innihalda umtalsvert magn efnisþátta sem uppfylla viðmiðanir um hættuleg efni í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

1.6.2. Köfnunarefnisoxíð (NO_X) frá bræðsluofnum

49. Besta, fáanlega tækni er að draga úr losun köfnunarefnisoxíða (NO_X) frá bræðsluofninum með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

I. Grunntækni, s.s.:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Breytingar á bruna	
a) Skerðing hlutfalls milli lofts og eldsneytis	Á við um hefðbundna bræðsluofna sem eru kyntir með blöndu af lofti/eldsneyti. Fullur ávinningur næst með venjulegri eða algerri endursmíði bræðsluofnsins þegar það tengist bestu hönnun ofnsins og rúmfræði
b) Lækkað hitastig brunalofts	Á eingöngu við í aðstæðum, sem eru sérstakar fyrir viðkomandi stöð, vegna minni afkastagetu bræðsluofnsins og aukinnar eldsneytisþarfar (þ.e. notkun á varmaendurheimtuofnum (e. *recuperative furnace*) í stað varmaendurnýtingarofna e. *regenerative furnace*))
c) Þrepaskiptur bruni: – Þrepuð loftblöndun – Þrepuð eldsneytisblöndun	Þrepuð eldsneytisblöndun á við um flesta hefðbundna bræðsluofna sem eru kyntir með blöndu af lofti/eldsneyti. Nothæfi þrepaðrar loftblöndunar er mjög takmarkað vegna þess hversu tæknilega flókin hún er
d) Hringrás útblásturs	Nothæfi þessarar tækni er takmarkað við notkun á sérstökum brennurum með sjálfvirka hringrás úrgangslofts
e) Köfnunarefnisoxíðsrýrir brennarar	Tæknin á almennt við. Umhverfislegur ávinningur sem næst er almennt minni við notkun í gaskyntum þverbrennsluofnum (e. *cross-fired, gas-fired furnace*) vegna tæknilegra takmarkana og minni sveigjanleika bræðsluofnsins. Fullur ávinningur næst með venjulegri eða algerri endursmíði bræðsluofnsins þegar það tengist bestu hönnun ofnsins og rúmfræði
f) Val á eldsneyti	Nothæfið takmarkast af skorðum sem tengjast tiltækileika ólíkra eldsneytistegunda sem getur orðið fyrir áhrifum af stefnu aðildarríkisins í orkumálum
ii. Rafknúin bræðsla	Á ekki við um framleiðslu á miklu magni af gleri (> 300 tonn á dag). Á ekki við um framleiðslu sem útheimtir miklar sveiflur á frálagi. Framkvæmdin útheimtir að bræðsluofninn sé endursmíðaður að öllu leyti
iii. Bræðsla með súrefniseldsneyti	Mesti umhverfislegi ávinningurinn næst við notkun þegar bræðsluofninn er endursmíðaður að öllu leyti

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.2

II. viðbótartækni, s.s.:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Valvís, hvötuð afoxun	Notkunin getur útheimt uppfærslu á rykhreinsikerfinu til að tryggja að styrkur ryks sé minni en 10–15 mg/Nm^3 og kerfi til að hreinsa brennistein til að fjarlægja losun brennisteinsoxíða (SO_X) Vegna hámarksganghitabils er nothæfið takmarkað við notkun á rafstöðuskiljum. Almennt er tæknin ekki notuð með pokasíukerfi því lágur ganghiti, á bilinu 180–200 °C, myndi útheimta upphitun á úrgangsloftinu. Framkvæmd tækninnar getur útheimt umtalsvert, tiltækt rými

Tækni ([1])	Nothæfi
ii. Valvís, óhvötuð afoxun	Mjög takmarkað nothæfi í hefðbundnum varmaendurnýtingarofnum þar sem erfitt er að ná réttu hitabili eða þar sem hitabilið gerir það ekki kleift að ná góðri blöndun útblásturslofts við hvarfmiðilinn Hún getur átt við í nýjum varmaendurnýtingarofnum sem eru búnir skiptum varmaendurnýtum (e. *split regenerator*); þó er erfitt að viðhalda hitabilinu vegna hitunarvíxlunar milli hólfa sem veldur lotubundnum hitabreytingum

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.2

Tafla 39

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun köfnunarefnisoxíða (NO_X) frá bræðsluofni í geira fyrir sérstakt gler

Breyta	Besta, fáanlega tækni	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni	
		mg/Nm^3	kg/tonn af bræddu gleri ([1])
Köfnunarefnisoxíð (NO_X), gefið upp sem köfnunarefnistvíoxíð (NO_2)	Breytingar á bruna	600–800	1,5–3,2
	Rafknúin bræðsla	< 100	< 0,25–0,4
	Bræðsla með súrefniseldsneyti ([2]) ([3])	Á ekki við	< 1–3
	Viðbótartækni	< 500	< 1–3

([1]) Breytistuðlarnir 2,5 × 10–3 og 4 × 10–3 hafa verið notaðir til að ákvarða neðra og efra styrkbil losunargilda sem tengjast bestu, fáanlegu tækni (sjá töflu 2), þar sem nokkur gildi hafa verið áætluð. Þó þarf að nota breytistuðul í hverju tilviki fyrir sig sem byggist á tegund framleiðslu (sjá töflu 2).
([2]) Hærri gildin tengjast sérstakri framleiðslu á tilraunaglösum úr bórsílíkati til lyfjafræðilegrar notkunar.
([3]) Gildin sem unnt er að ná eru háð gæðum jarðgass og súrefnis sem tiltækt er (köfnunarefnisinnihald).

50. Þegar nítröt eru notuð í lotusamsetningu er besta, fáanlega tækni að draga úr losun köfnunarefnisoxíða (NO_X) með því að halda notkun þessara hráefna í lágmarki í samsetningu með annað hvort grunn- eða viðbótartækni

Tækni ([1])	Nothæfi
Grunntækni – Að halda notkun á nítrötum í lotusamsetningu í lágmarki Nítröt eru notuð í hágæðavörur ef gerð er krafa um sérstaka eiginleika glersins. Skilvirk staðgönguefni eru súlföt, arsenoxíð, seríumoxíð	Útskipting nítrata í lotusamsetningu getur takmarkast af miklum kostnaði og/eða meiri umhverfisáhrifum staðgönguefnanna

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.2.

Tafla 40

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun köfnunarefnisoxíða (NO_X) frá bræðsluofni í geira fyrir sérstakt gler þegar nítröt eru notuð í lotusamsetningunni

Breyta	Besta, fáanlega tækni	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni ([1])	
		mg/Nm^3	kg/tonn af bræddu gleri ([2])
Köfnunarefnisoxíð (NO_X), gefið upp sem köfnunarefnistvíoxíð (NO_2)	Lágmörkun á viðbót nítrata í lotusamsetningu ásamt grunn- eða viðbótartækni	< 500–1 000	< 1–6

([1]) Lægri gildin tengjast notkun á rafknúinni bræðslu.
([2]) Breytistuðlarnir 2,5 × 10^{-3} og 6,5 × 10^{-3} hafa verið notaðir til að ákvarða neðra og efra styrkbil losunargildis sem tengist bestu, fáanlegu tækni (sjá töflu 2), eftir því sem við á, þar sem nokkur gildi hafa verið áætluð. Það gæti þurft að nota breytistuðul í hverju tilviki fyrir sig sem byggist á tegund framleiðslu (sjá töflu 2).

1.6.3. Brennisteinsoxíð (SO_X) frá bræðsluofnum

51. Besta, fáanlega tækni er að draga úr losun brennisteinsoxíða (SO_X) frá bræðsluofninum með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Lágmörkun á innihaldi brennisteins í lotusamsetningu og hámörkun á brennisteinsjafnvægi	Tæknin á almennt við innan þeirra takmarkana sem tengjast gæðakröfum til fullunnu glervörunnar
ii. Notkun á eldsneyti sem inniheldur lítið af brennisteini	Nothæfið getur takmarkast af skorðum sem tengjast tiltækileika brennisteinsrýrs eldsneytis sem getur orðið fyrir áhrifum af stefnu aðildarríkisins í orkumálum
iii. Þurr eða hálfþurr hreinsun ásamt síunarkerfi	Tæknin á almennt við

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.3

Tafla 41

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun brennisteinsoxíða (SO_X) frá bræðsluofni í geira fyrir sérstakt gler

Breyta	Eldsneyti/bræðslutækni	Losunargildi, sem tengist bestu, fáanlegu tækni ([1])	
		mg/Nm^3	kg/tonn af bræddu gleri ([2])
Brennisteinsoxíð (SO_X), gefið upp sem brennisteinstvíoxíð (SO_2)	Jarðgas, rafknúin bræðsla ([3])	< 30–200	< 0,08–0,5
	Brennsluolía ([4])	500–800	1,25–2

([1]) Í styrkbilunum er tekið tillit til breytilegs brennisteinsjafnvægis sem tengist tegund glers sem framleitt er.
([2]) Breytistuðullinn 2,5 × 10–3 (sjá töflu 2) hefur verið notaður. Þó gæti þurft að nota breytistuðul í hverju tilviki fyrir sig sem byggist á tegund framleiðslu.
([3]) Lægri gildin tengjast notkun á rafknúinni bræðslu og lotusamsetningum án súlfata.
([4]) Viðkomandi losunargildi tengjast notkun á brennsluolíu með 1% brennisteinsinnihaldi ásamt viðbótarhreinsunartækni.

1.6.4. Vetnisklóríð (HCl) og vetnisflúoríð (HF) frá bræðsluofnum

52. Besta, fáanlega tækni er að draga úr losun vetnisklóríðs (HCl) og vetnisflúoríðs (HF) frá bræðsluofninum með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Val á hráefni fyrir lotusamsetningu sem inniheldur lítið af klór og flúori	Nothæfið getur takmarkast af skorðum sem tengjast lotusamsetningu fyrir tegund glers sem framleitt er í stöðinni og tiltækileika hráefna
ii. Lágmörkun á flúor- og/eða klórsamböndum í lotusamsetningu og hámörkun á massajöfnuði flúors og/eða klórs Flúorsambönd eru notuð til að veita sérstöku gleri tiltekna eiginleika (t.d. ógagnsætt gler til lýsingar, ljóstæknigler). Hægt er að nota klórsambönd sem felliefni fyrir framleiðslu á bórsílíkatgleri.	Tæknin á almennt við innan þeirra takmarkana sem tengjast gæðakröfum til fullunnu vörunnar.
iii. Þurr eða hálfþurr hreinsun ásamt síunarkerfi	Tæknin á almennt við

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.4.

Tafla 42

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun vetnisklóríðs (HCl) og vetnisflúoríðs (HF) frá bræðsluofni í geira fyrir sérstakt gler

Breyta	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni	
	mg/Nm^3	kg/tonn af bræddu gleri ([1])
Vetnisklóríð, gefið upp sem HCl ([2])	< 10–20	< 0,03–0,05
Vetnisflúoríð, gefið upp sem HF	< 1–5	< 0,003–0,04 ([3])

([1]) Breytistuðullinn 2,5 × 10–3 (sjá töflu 2) hefur verið notaður; nokkur gildi hafa verið áætluð. Það gæti þurft að nota breytistuðul í hverju tilviki fyrir sig sem byggist á tegund framleiðslu.
([2]) Hærri gildin tengjast notkun á efnum, sem innihalda klór, í lotusamsetninguna.
([3]) Hærra gildið á styrkbilinu hefur verið leitt út frá sérstökum gögnum sem greint er frá.

1.6.5. Málmar frá bræðsluofnum

53. Besta, fáanlega tækni er að draga úr losun málma frá bræðsluofninum með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Val á hráefni fyrir lotusamsetningu sem inniheldur lítið af málmi	Nothæfið getur takmarkast af skorðum sem tengjast tegund glers sem framleitt er í stöðinni og tiltækileika hráefna
ii. Að halda notkun á málmsamböndum í lotusamsetningu í lágmarki með viðeigandi vali á hráefnum þegar þörf er á að lita og aflita gler eða ef glerinu eru veittir tilteknir eiginleikar	Tæknin á almennt við
iii. Þurr eða hálfþurr hreinsun ásamt síunarkerfi	

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.5

Tafla 43

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun málma frá bræðsluofni í geira fyrir sérstakt gler

Breyta	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni ([1])([2])	
	mg/Nm^3	kg/tonn af bræddu gleri ([3])
Σ (As, Co, Ni, Cd, Se, Cr_{VI})	< 0,1–1	< 0,3–3 × 10^{-3}
Σ (As, Co, Ni, Cd, Se, Cr_{VI}, Sb, Pb, Cr_{III}, Cu, Mn, V, Sn)	< 1–5	< 3–15 × 10^{-3}

([1]) Gildin eiga við um summu málma sem eru fyrir hendi í útblásturslofti í föstum og loftkenndum fasa.
([2]) Neðri gildin eru losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni, þegar málmsambönd eru ekki notuð í lotusamsetningu af ásetningi.
([3]) Breytistuðullinn 2,5 × 10–3 (sjá töflu 2) hefur verið notaður þar sem nokkur gildi, sem tilgreind eru í töflunni, hafa verið áætluð. Það gæti þurft að nota breytistuðul í hverju tilviki fyrir sig sem byggist á tegund framleiðslu.

1.6.6. Losun frá úrvinnslu

54. Besta, fáanlega tækni fyrir rykmyndandi úrvinnslu er að draga úr losun á ryki og málmum með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Að framkvæma rykmyndandi aðgerðir (t.d. skera, mala, slípa) með vökva	Tæknin á almennt við
ii. Notkun á pokasíukerfi	

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.8

Tafla 44

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun ryks og málma frá úrvinnslu í geira fyrir sérstakt gler þegar losunin er meðhöndluð sérstaklega

Breyta	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni
	mg/Nm^3
Ryk	1–10
Σ (As, Co, Ni, Cd, Se, Cr_{VI}) ([1])	< 1
Σ (As, Co, Ni, Cd, Se, Cr_{VI}, Sb, Pb, Cr_{III}, Cu, Mn, V, Sn) ([1])	< 1–5

([1]) Gildin eiga við um summu málma sem eru fyrir hendi í úrgangsloftinu.

55. Besta, fáanlega tækni fyrir slípunaraðgerðir með sýru er að draga úr losun vetnisflúoríðs (HF) með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni ([1])	Lýsing
i. Að halda tapi á slípunarefni í lágmarki með því að tryggja að notkunarkerfið sé vel lokað	Tæknin á almennt við
ii. Notkun á viðbótartækni, t.d. vothreinsun	

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.6

Tafla 45

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun vetnisflúoríðs frá slípunaraðgerðum með sýru í geira fyrir sérstakt gler þegar losunin er meðhöndluð sérstaklega

Breyta	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni
	mg/Nm^3
Vetnisflúoríð, gefið upp sem HF	< 5

1.7. *Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni vegna framleiðslu á steinull*

Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni, sem koma fram í þessum lið, geta átt við um allar stöðvar sem framleiða steinull nema annað sé tekið fram.

1.7.1. Ryklosun frá bræðsluofnum

56. Besta, fáanlega tækni er að draga úr ryklosun frá úrgangslofti úr bræðsluofninum með því að nota rafstöðuskilju eða pokasíukerfi

Tækni ([1])	Nothæfi
Síunarkerfi: rafstöðuskilja eða pokasía	Tæknin á almennt við. Ekki er hægt að nota rafstöðuskiljur fyrir kúpulofna til steinullarframleiðslu vegna hættu á sprengingu við íkviknun í kolsýringi sem myndast inni í ofninum

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.1

Tafla 46

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir ryklosun frá bræðsluofni í steinullargeiranum

Breyta	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni	
	mg/Nm^3	kg/tonn af bræddu gleri ([1])
Ryk	< 10–20	< 0,02–0,050

([1]) Breytistuðlarnir 2 × 10–3 og 2,5 × 10–3 hafa verið notaðir til að ákvarða neðra og efra styrkbil losunargilda sem tengjast bestu, fáanlegu tækni (sjá töflu 2) til að ná bæði yfir framleiðslu á gleri og steinull.

1.7.2. Köfnunarefnisoxíð (NO_X) frá bræðsluofnum

57. Besta, fáanlega tækni er að draga úr losun köfnunarefnisoxíða (NO_X) frá bræðsluofninum með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Breytingar á bruna	
a) Skerðing hlutfalls milli lofts og eldsneytis	Á við um hefðbundna bræðsluofna sem eru kyntir með blöndu af lofti/eldsneyti. Fullur ávinningur næst með venjulegri eða algerri endursmíði bræðsluofnsins þegar það tengist bestu hönnun ofnsins og rúmfræði
b) Lækkað hitastig brunalofts	Á eingöngu við í aðstæðum, sem eru sérstakar fyrir viðkomandi stöð, vegna minni afkastagetu bræðsluofnsins og aukinnar eldsneytisþarfar (þ.e. notkun á varmaendurheimtuofnum (e. *recuperative furnace*) í stað varmaendurnýtingarofna e. *regenerative furnace*))
c) Þrepaskiptur bruni: – Þrepuð loftblöndun – Þrepuð eldsneytisblöndun	Þrepuð eldsneytisblöndun á við um flesta hefðbundna bræðsluofna sem eru kyntir með blöndu af lofti/eldsneyti. Nothæfi þrepaðrar loftblöndunar er mjög takmarkað vegna þess hversu tæknilega flókin hún er
d) Hringrás útblásturs	Nothæfi þessarar tækni er takmarkað við notkun á sérstökum brennurum með sjálfvirka hringrás úrgangslofts
e) Köfnunarefnisoxíðsrýrir brennarar	Tæknin á almennt við. Umhverfislegur ávinningur sem næst er almennt minni við notkun í gaskyntum þverbrennsluofnum (e. *cross-fired, gas-fired furnace*) vegna tæknilegra takmarkana og minni sveigjanleika bræðsluofnsins. Fullur ávinningur næst með venjulegri eða algerri endursmíði bræðsluofnsins þegar það tengist bestu hönnun ofnsins og rúmfræði
f) Val á eldsneyti	Nothæfið takmarkast af skorðum sem tengjast tiltækileika ólíkra eldsneytistegunda sem getur orðið fyrir áhrifum af stefnu aðildarríkisins í orkumálum
ii. Rafknúin bræðsla	Á ekki við um framleiðslu á miklu magni af gleri (> 300 tonn á dag). Á ekki við um framleiðslu sem útheimtir miklar sveiflur á frálagi. Framkvæmdin útheimtir að bræðsluofninn sé endursmíðaður að öllu leyti
iii. Bræðsla með súrefniseldsneyti	Mesti umhverfislegi ávinningurinn næst við notkun þegar bræðsluofninn er endursmíðaður að öllu leyti

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.2

Tafla 47

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun köfnunarefnisoxíða (NO_X) frá bræðsluofni í steinullargeiranum

Breyta	Vara	Bræðslutækni	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni	
			mg/Nm^3	kg/tonn af bræddu gleri ([1])
Köfnunarefnisoxíð (NO_X), gefið upp sem köfnunarefnistvíoxíð (NO_2)	Glerull	Ofnar sem kyntir eru með blöndu úr eldsneyti og lofti og rafbræðsluofnar	< 200–500	< 0,4–1,0
		Bræðsla með súrefniseldsneyti ([2])	Á ekki við	< 0,5
	Steinull	Allar tegundir bræðsluofna	< 400–500	< 1,0–1,25

([1]) Breytistuðlarnir 2×10^{-3} fyrir glerull og $2,5 \times 10^{-3}$ fyrir steinull hafa verið notaðir (sjá töflu 2).
([2]) Gildin sem unnt er að ná eru háð gæðum jarðgass og súrefnis sem tiltækt er (köfnunarefnisinnihald).

58. Þegar nítröt eru notuð í lotusamsetningu fyrir framleiðslu á glerull er besta, fáanlega tækni að draga úr losun köfnunarefnisoxíða (NO_X) með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Að halda notkun á nítrötum í lotusamsetningu í lágmarki Nítröt eru notuð sem oxandi efni í lotusamsetningum með mikið magn utanaðkomandi glerbrota til að vega upp á móti tilvist lífrænna efna í glerbrotunum	Tæknin á almennt við innan þeirra takmarkana sem tengjast gæðakröfum til fullunnu vörunnar
ii. Rafknúin bræðsla	Tæknin á almennt við. Framkvæmd rafknúinnar bræðslu útheimtir að bræðsluofninn sé endursmíðaður að öllu leyti
iii. Bræðsla með súrefniseldsneyti	Tæknin á almennt við. Mesti umhverfislegi ávinningurinn næst við notkun þegar bræðsluofninn er endursmíðaður að öllu leyti

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.2

Tafla 48

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun köfnunarefnisoxíða (NO_X) frá bræðsluofni við framleiðslu á glerull þegar nítröt eru notuð í lotusamsetningunni

Breyta	Besta, fáanlega tækni	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni	
		mg/Nm^3	kg/tonn af bræddu gleri ([1])
Köfnunarefnisoxíð (NO_X), gefið upp sem köfnunarefnistvíoxíð (NO_2)	Lágmörkun á viðbót nítrata í lotusamsetninguna ásamt grunntækni	< 500–700	< 1,0–1,4 ([2])

([1]) Breytistuðullinn 2×10^{-3} hefur verið notaður (sjá töflu 2).
([2]) Lægri gildin á styrkbilunum tengjast notkun á bræðslu með súrefniseldsneyti.

1.7.3. Brennisteinsoxíð (SO_X) frá bræðsluofnum

59. Besta, fáanlega tækni er að draga úr losun brennisteinsoxíða (SO_X) frá bræðsluofninum með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Lágmörkun á innihaldi brennisteins í lotusamsetningu og hámörkun á brennisteinsjafnvægi	Tæknin á almennt við um framleiðslu á glerull innan þeirra takmarkana sem tengjast tiltækileika hráefna sem innihalda lítið af brennisteini, einkum utanaðkomandi glerbrot. Mikið magn af utanaðkomandi glerbrotum í lotusamsetningu takmarkar möguleikann á að hámarka brennisteinsjafnvægið vegna breytilegs brennisteinsinnihalds. Við steinullarframleiðslu getur hámörkun á brennisteinsjafnvægi útheimt viðeigandi jafnvægi milli þess að fjarlægja losun brennisteinsoxíða (SO_X) úr útblæstrinum og þess að stjórna föstum úrgangi, sem kemur frá hreinsun á útblæstri (síuryk) og/eða frá trefjaframleiðslu, sem hægt er að endurnýta í lotusamsetningunni (sementskubbar) eða sem gæti þurft að farga
ii. Notkun á eldsneyti sem inniheldur lítið af brennisteini	Nothæfið getur takmarkast af skorðum sem tengjast tiltækileika brennisteinsrýrs eldsneytis sem getur orðið fyrir áhrifum af stefnu aðildarríkisins í orkumálum
iii. Þurr eða hálfþurr hreinsun ásamt síunarkerfi	Ekki er hægt að nota rafstöðuskiljur fyrir kúpulofna til steinullarframleiðslu (sjá bestu, fáanlegu tækni 56)
iv. Notkun á vothreinsun	Tæknin á almennt við innan tæknilegra takmarka; þ.e. þörf á sérstakri skólphreinsistöð

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í liðum 1.10.3 og 1.10.6.

Tafla 49

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun brennisteinsoxíða (SO_X) frá bræðsluofni í steinullargeiranum

Breyta	Vara/skilyrði	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni	
		mg/Nm³	kg/tonn af bræddu gleri (1)
Brennisteinsoxíð (SO_X), gefið upp sem brennisteinstvíoxíð (SO_2)	***Glerull***		
	Gaskyntir ofnar og rafbræðsluofnar (2)	< 50–150	< 0,1–0,3
	Steinull		
	Gaskyntir ofnar og rafbræðsluofnar	< 350	< 0,9
	Kúpulofnar, hvorki kubbar né gjallendurvinnsla (3)	< 400	< 1,0
	Kúpulofnar, með sementskubbum eða gjallendurvinnslu (4)	< 1400	< 3,5

(1) Breytistuðlarnir 2×10^{-3} fyrir glerull og $2,5 \times 10^{-3}$ fyrir steinull hafa verið notaðir (sjá töflu 2).
(2) Lægri gildin á styrkbilunum tengjast notkun á rafknúinni bræðslu. Hærri gildin tengjast mikilli endurvinnslu á glerbrotum.
(3) Losunargildið, sem tengist bestu, fáanlegu tækni, tengist skilyrðum þar sem skerðing á losun brennisteinsoxíða (SO_X) hefur forgang umfram minni framleiðslu á föstum úrgangi.
(4) Þegar minnkun úrgangs hefur forgang umfram losun brennisteinsoxíða (SO_X) má búast við hærri losunargildum. Gildin, sem unnt er að ná, ættu að byggjast á brennisteinsjafnvægi.

1.7.4. Vetnisklóríð (HCl) og vetnisflúoríð (HF) frá bræðsluofnum

60. Besta, fáanlega tækni er að draga úr losun vetnisklóríðs (HCl) og vetnisflúoríðs (HF) frá bræðsluofninum með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni (1)	Lýsing
i. Val á hráefni fyrir lotusamsetningu sem inniheldur lítið af klór og flúori	Tæknin á almennt við innan þeirra takmarkana sem tengjast lotusamsetningu og tiltækileika hráefna
ii. Þurr eða hálfþurr hreinsun ásamt síunarkerfi	Ekki er hægt að nota rafstöðuskiljur fyrir kúpulofna til steinullarframleiðslu (sjá bestu, fáanlegu tækni 56)

(1) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.4

Tafla 50

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun vetnisklóríðs (HCl) og vetnisflúoríðs (HF) frá bræðsluofni í steinullargeiranum

Breyta	Vara	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni	
		mg/Nm³	kg/tonn af bræddu gleri (1)
Vetnisklóríð, gefið upp sem HCl	Glerull	< 5–10	< 0,01–0,02
	Steinull	< 10–30	< 0,025–0,075
Vetnisflúoríð, gefið upp sem HF	Allar vörur	< 1–5	< 0,002–0,013 (2)

(1) Breytistuðlarnir 2×10^{-3} fyrir glerull og $2,5 \times 10^{-3}$ fyrir steinull hafa verið notaðir (sjá töflu 2).
(2) Breytistuðlarnir 2×10^{-3} og $2,5 \times 10^{-3}$ hafa verið notaðir til að ákvarða neðra og efra styrkbil losunargilda sem tengjast bestu, fáanlegu tækni (sjá töflu 2).

1.7.5. Brennisteinsvetni (H_2S) frá steinullarbræðsluofnum

61. Besta, fáanlega tækni er að draga úr losun brennisteinsvetnis (H_2S) frá bræðsluofninum með því að nota brennslukerfi fyrir úrgangsloft til að oxa brennisteinsvetni yfir í brennisteinsdíoxíð (SO_2)

Tækni ([1])	Nothæfi
Brennslukerfi fyrir úrgangsloft	Tæknin á almennt við um kúpulofna fyrir steinull

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.9.

Tafla 51

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun brennisteinsvetnis (H_2S) frá bræðsluofni í steinullarframleiðslu

Breyta	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni	
	mg/Nm^3	kg/tonn af bræddu gleri ([1])
Brennisteinsvetni, gefið upp sem H_2S	< 2	< 0,005

([1]) Breytistuðullinn $2,5 \times 10^{-3}$ fyrir steinull hefur verið notaður (sjá töflu 2).

1.7.6. Málmar frá bræðsluofnum

62. Besta, fáanlega tækni er að draga úr losun málma frá bræðsluofninum með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Val á hráefni fyrir lotusamsetningu sem inniheldur lítið af málmi	Tæknin á almennt við innan þeirra takmarkana sem tengjast tiltækileika hráefna Notkun á mangani sem oxandi efni í lotusamsetningu við framleiðslu á glerull er háð magni og gæðum utanaðkomandi glerbrota sem notuð er í lotusamsetningunni og má minnka hana til samræmis við það.
ii. Notkun síunarkerfis	Ekki er hægt að nota rafstöðuskiljur fyrir kúpulofna til steinullarframleiðslu (sjá bestu, fáanlegu tækni 56)

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.5

Tafla 52

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun málma frá bræðsluofni í steinullargeiranum

Breyta	Losunargildi, sem tengist bestu, fáanlegu tækni ([1])	
	mg/Nm^3	kg/tonn af bræddu gleri ([2])
Σ (As, Co, Ni, Cd, Se, Cr_{VI})	< 0,2–1 ([3])	< 0,4–2,5 × 10^{-3}
Σ (As, Co, Ni, Cd, Se, Cr_{VI}, Sb, Pb, Cr_{III}, Cu, Mn, V, Sn)	< 1–2 ([3])	< 2–5 × 10^{-3}

([1]) Styrkbilin eiga við um summu málma sem eru fyrir hendi í útblásturslofti í föstum og loftkenndum fasa.
([2]) Breytistuðlarnir 2×10^{-3} og $2,5 \times 10^{-3}$ hafa verið notaðir til að ákvarða neðra og efra styrkbil losunargilda sem tengjast bestu, fáanlegu tækni (sjá töflu 2).
([3]) Hærri gildi tengjast notkun á kúpulofnum til steinullarframleiðslu.

1.7.7. Losun frá úrvinnslu

63. Besta, fáanlega tækni er að draga úr losun frá úrvinnslu með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Vatnsstrókar og loftskiljur Tæknin grundvallast á því að fjarlægja agnir og dropa úr úrgangslofti með þjöppun/árekstri (e. *impaction/ impingement*) sem og því að fjarlægja loftkennd efni með frásogi með vatni að hluta til. Venjulega er notað vinnsluvatn í vatnsstróka. Vatn úr endurvinnsluferli er síað áður en það er notað á ný	Tæknin á almennt við um steinullargeirann, einkum við vinnslu á glerull fyrir meðhöndlun losunar frá mótunarsvæði (yfirborðsmeðferð á trefjunum). Takmarkað nothæfi fyrir steinullarvinnslu þar eð hún gæti haft skaðleg áhrif á aðra hreinsunartækni sem er notuð.
ii. Votþveglar	Tæknin á almennt við fyrir hreinsun á úrgangslofti frá mótunarferlinu (yfirborðsmeðferð á þráðunum) eða fyrir samsett úrgangsloft (mótun og hersla)
iii. Rafstöðuskiljur með vatnsgufu	Tæknin á almennt við fyrir hreinsun á úrgangslofti frá mótunarferlinu (yfirborðsmeðferð á þráðunum), frá hersluofnum eða fyrir samsett úrgangsloft (mótun og hersla)
iv. Steinullarsía Hún samanstendur af stál- eða steypugrind með ásettum steinullarplötum sem virka sem síuefni. Hreinsa þarf síuefnið með reglubundnum hætti eða skipta því út. Sían hentar fyrir úrgangsloft sem inniheldur mikinn raka og efnisagnir sem loða saman	Nothæfið takmarkast helst við steinullarvinnslu í tengslum við úrgangsloft frá mótunarsvæði og/eða hersluofnum
v. Brennsla úrgangslofts	Tæknin á almennt við fyrir hreinsun á úrgangslofti frá hersluofnum, einkum í steinullarvinnslu. Notkun fyrir samsett úrgangsloft (mótun og hersla) er ekki fjárhagslega hagkvæm vegna mikils magns, lítils styrks og og lágs hitastigs úrgangsloftsins

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í liðum 1.10.7 og 1.10.9.

Tafla 53

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun í andrúmsloft frá úrvinnslu í steinullargeiranum þegar losunin er meðhöndluð sérstaklega

Breyta	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni	
	mg/Nm^3	kg/tonn af fullunninni vöru
Mótunarsvæði – samsett losun frá mótun og herslu - samsett losun frá mótun, herslu og kælingu		
Heildarinnihald efnisagna	< 20–50	—
Fenól	< 5–10	—
Formaldehýð	< 2–5	—
Ammoníak	30–60	—

Breyta	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni	
	mg/Nm^3	kg/tonn af fullunninni vöru
Amín	< 3	—
Heildarinnihald rokgjarna, lífrænna efnasambanda, gefið upp sem C	10–30	—
Losun frá hersluofnum (1)(2)		
Heildarinnihald efnisagna	< 5–30	< 0,2
Fenól	< 2–5	< 0,03
Formaldehýð	< 2–5	< 0,03
Ammoníak	< 20–60	< 0,4
Amín	< 2	< 0,01
Heildarinnihald rokgjarna, lífrænna efnasambanda, gefið upp sem C	< 10	< 0,065
Köfnunarefnisoxíð (NO_X), gefið upp sem köfnunarefnistvíoxíð (NO_2)	< 100–200	< 1

(1) Hvorki þykkt steinullarmottu, sem framleidd er, né afar hár styrkur eða mikil þynning útblásturs hafa áhrif á losunargildi sem gefin eru upp í kg/tonn af fullunninni vöru. Breytistuðullinn 6,5 × 10–3 hefur verið notaður.

(2) Við framleiðslu á steinull, sem er mjög þétt eða inniheldur hátt hlutfall bindiefna geta losunargildi, sem tengjast tækninni sem er skráð sem besta, fáanlega tækni fyrir viðkomandi geira, orðið talsvert hærri en þessi losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni. Ef meirihluti framleiðslu í tiltekinni stöð samanstendur af þessum vörutegundum ætti að íhuga aðra tækni.

1.8. *Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni vegna framleiðslu á háhitaeinangrunarull*

Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni, sem koma fram í þessum lið, geta átt við um allar stöðvar sem framleiða háhitaeinangrunarull nema annað sé tekið fram.

1.8.1. Ryklosun frá bræðslu og úrvinnslu

64. Besta, fáanlega tækni er að draga úr ryklosun frá úrgangslofti úr bræðsluofninum með því að nota síunarkerfi.

Tækni (1)	Nothæfi
Síunarkerfið samanstendur yfirleitt af pokasíu	Tæknin á almennt við

(1) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.1.

Tafla 54

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir ryklosun frá bræðsluofni í háhitaeinangrunarullargeiranum

Breyta	Besta, fáanlega tækni	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni
		mg/Nm^3
Ryk	Hreinsun útblásturs með síunarkerfum	< 5–20 (1)

(1) Gildin tengjast notkun á pokasíukerfi.

65. Besta, fáanlega tækni fyrir rykmyndandi úrvinnslu er að draga úr losun með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Að halda vörutapi í lágmarki með því að tryggja að notkunarkerfið sé vel lokað, þegar það er tæknilega mögulegt. Hugsanlegar uppsprettur ryk- og trefjalosunar eru: – trefjamyndun og -söfnun – myndun mottu (flókamyndun) – brennsla smurefna – skurður, afskurður og pökkun fullunnu vörunnar Góð smíði, lokun og viðhald vinnslukerfa á síðari stigum eru nauðsynleg til að halda vörutapi í andrúmsloft í lágmarki	Tæknin á almennt við
ii. Skurður, afskurður og pökkun í lofttæmi með því að nota skilvirkt afsogskerfi í tengslum við dúksíu. Undirþrýstingur er settur á vinnustöðina (þ.e. skurðvél, pappakassa til pökkunar) til að soga efnisagnir og trefjar frá og beina þeim í dúksíu	
iii. Notkun á pokasíukerfi ([1]) Úrgangsloft frá úrvinnslu (t.d. trefjamyndun, myndun mottu, brennsla smurefna) er leitt í hreinsunarkerfi sem samanstendur af pokasíu	

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.1.

Tafla 55

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir rykmyndandi úrvinnslu í háhitaeinangrunarullargeiranum þegar losunin er meðhöndluð sérstaklega

Breyta	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni
	mg/Nm^3
Ryk ([1])	1–5

([1]) Lægra gildið á styrkbilinu tengist losun álsílíkatglerullar/eldfastra keramíktrefja (ASW/RCF).

1.8.2. Köfnunarefnisoxíð (NO_X) frá bræðslu og úrvinnslu

66. Besta, fáanlega tækni er að draga úr losun köfnunarefnisoxíða (NO_X) frá smurefnabrennsluofni með því að stjórna og/eða breyta brennslunni

Tækni	Nothæfi
Stjórn á bruna og/eða breytingar Tækni til að draga úr myndun á losun heitra köfnunarefnisoxíða (NO_X) felur í sér eftirlit með helstu mæliþáttum bruna: – hlutfall lofts/eldsneytis (súrefnisinnihald á hvarfsvæðinu) – hitastig logans – viðstöðutími á svæðum með hátt hitastig Góð stjórn á bruna felst í því að skapa þau skilyrði sem eru óhagstæðust fyrir myndun köfnunarefnisoxíða (NO_X)	Tæknin á almennt við

Tafla 56

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir köfnunarefnisoxíð (NO_X) frá smurefnabrennsluofni í háhitaeinangrunarullargeiranum

Breyta	Besta, fáanlega tækni	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni
		mg/Nm^3
Köfnunarefnisoxíð (NO_X), gefið upp sem köfnunarefnistvíoxíð (NO_2)	Stjórn á bruna og/eða breytingar	100–200

1.8.3. Brennisteinsoxíð (NO_X) frá bræðslu og úrvinnslu

67. Besta, fáanlega tækni er að draga úr losun brennisteinsoxíða (SO_X) frá bræðsluofnum og úrvinnslu með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Val á hráefni fyrir lotusamsetningu sem inniheldur lítið af brennisteini	Tæknin á almennt við innan þeirra takmarkana sem tengjast tiltækileika hráefna
ii. Notkun á eldsneyti sem inniheldur lítið af brennisteini	Nothæfið getur takmarkast af skorðum sem tengjast tiltækileika brennisteinsrýrs eldsneytis sem getur orðið fyrir áhrifum af stefnu aðildarríkisins í orkumálum

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.3.

Tafla 57

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun brennisteinsoxíða (SO_X) frá bræðsluofnum og úrvinnslu í háhitaeinangrunarullargeiranum

Breyta	Besta, fáanlega tækni	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni
		mg/Nm^3
Brennisteinsoxíð (SO_X), gefið upp sem brennisteinstvíoxíð (SO_2)	Grunntækni	< 50

1.8.4. Vetnisklóríð (HCl) og vetnisflúoríð (HF) frá bræðsluofnum

68. Besta, fáanlega tækni er að draga úr losun vetnisklóríðs (HCl) og vetnisflúoríðs (HF) frá bræðsluofninum með því að velja hráefni, sem inniheldur lítið af klór og flúori, fyrir lotusamsetninguna

Tækni ([1])	Nothæfi
Val á hráefni fyrir lotusamsetningu sem inniheldur lítið af klór og flúori	Tæknin á almennt við

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.4.

Tafla 58

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun vetnisklóríðs (HCl) og vetnisflúoríðs (HF) frá bræðsluofni í háhitaeinangrunarullargeiranum

Breyta	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni
	mg/Nm^3
Vetnisklóríð, gefið upp sem HCl	< 10
Vetnisflúoríð, gefið upp sem HF	< 5

1.8.5. Málmar frá bræðsluofnum og úrvinnslu

69. Besta, fáanlega tækni er að draga úr losun málma frá bræðsluofni og/eða úrvinnslu með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Val á hráefni fyrir lotusamsetningu sem inniheldur lítið af málmi	Tæknin á almennt við
ii. Notkun síunarkerfis	

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.5.

Tafla 59

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun málma frá bræðsluofni og/eða úrvinnslu í háhitaeinangrunarullargeiranum

Breyta	Losunargildi, sem tengist bestu, fáanlegu tækni ([1])
	mg/Nm^3
Σ (As, Co, Ni, Cd, Se, Cr_{VI})	< 1
Σ (As, Co, Ni, Cd, Se, Cr_{VI}, Sb, Pb, Cr_{III}, Cu, Mn, V, Sn)	< 5

([1]) Gildin eiga við um summu málma sem eru fyrir hendi í útblásturslofti í föstum og loftkenndum fasa.

1.8.6. Rokgjörn, lífræn efnasambönd frá úrvinnslu

70. Besta, fáanlega tækni er að draga úr losun rokgjarna, lífrænna efnasambanda frá smurefnabrennsluofninum með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Stjórn á bruna, þ.m.t. vöktun á tengdri losun kolsýrings. Tæknin felst í stjórnun á mæliþáttum bruna (t.d. súrefnisinnihald á hvarfsvæði, hitastig logans) til að tryggja fullkominn bruna lífrænna efnisþátta (þ.e. pólýetýlenglýkóls) í úrgangsloftinu. Vöktun á losun kolsýrings gerir það kleift að stjórna tilvist lífrænna efna sem hafa ekki brunnið	Tæknin á almennt við
ii. Brennsla úrgangslofts	Efnahagslegur framkvæmanleiki getur takmarkað nothæfi þessarar tækni sökum þess að rúmmál úrgangslofts er lítið og styrkur rokgjarna, lífrænna efnasambanda lágur
iii. Votþveglar	

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í liðum 1.10.6 og 1.10.9.

Tafla 60

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda frá smurefnabrennsluofni í háhitaeinangrunarullargeiranum þegar losunin er meðhöndluð sérstaklega

Breyta	Besta, fáanlega tækni	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni
		mg/Nm^3
Rokgjörn, lífræn efnasambönd, gefin upp sem C	Grunn- og/eða viðbótartækni	10–20

1.9. *Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni vegna framleiðslu á glerungssalla*

Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni, sem koma fram í þessum lið, geta átt við um allar stöðvar sem framleiða glerungssalla nema annað sé tekið fram.

1.9.1. Ryklosun frá bræðsluofnum

71. Besta, fáanlega tækni er að draga úr ryklosun frá úrgangslofti úr bræðsluofninum með því að nota rafstöðuskilju eða pokasíukerfi.

Tækni ([1])	Nothæfi
Síunarkerfi: rafstöðuskilja eða pokasía	Tæknin á almennt við

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.1.

Tafla 61

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir ryklosun frá bræðsluofni í glerungssallageiranum

Breyta	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni	
	mg/Nm^3	kg/tonn af bræddu gleri ([1])
Ryk	< 10–20	< 0,05–0,15

([1]) Breytistuðlarnir 5 × 10–3 og 7,5 × 10–3 hafa verið notaðir til að ákvarða neðra og efra styrkbil losunargilda sem tengjast bestu, fáanlegu tækni (sjá töflu 2). Þó gæti þurft að nota breytistuðul í hverju tilviki fyrir sig sem byggist á tegund brennslu.

1.9.2. Köfnunarefnisoxíð (NO_X) frá bræðsluofnum

72. Besta, fáanlega tækni er að draga úr losun köfnunarefnisoxíða (NO_X) frá bræðsluofninum með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Að halda notkun á nítrötum í lotusamsetningu í lágmarki Nítröt eru notuð í lotusamsetningu á mörgum vörum við framleiðslu á glerungssalla til að ná fram tilskildum eiginleikum	Útskipting nítrata í lotusamsetningu getur takmarkast af miklum kostnaði og/eða meiri umhverfisáhrifum staðgönguefnanna og/eða gæðakröfum til fullunnu vörunnar
ii. Minnka magn fylgilofts sem fer inn í bræðsluofninn Tæknin felst í því að koma í veg fyrir að loft komist inn í bræðsluofninn með því að loka brennarakubbum, skammtara fyrir efnið í lotunni og öllum öðrum opum í bræðsluofninum.	Tæknin á almennt við
iii. Breytingar á bruna	
a) Skerðing hlutfalls milli lofts og eldsneytis	Á við um hefðbundna bræðsluofna sem eru kyntir með blöndu af lofti/eldsneyti. Fullur ávinningur næst með venjulegri eða algerri endursmíði bræðsluofnsins þegar það tengist bestu hönnun ofnsins og rúmfræði
b) Lækkað hitastig brunalofts	Á eingöngu við í aðstæðum, sem eru sérstakar fyrir viðkomandi stöð, vegna minni afkastagetu bræðsluofnsins og aukinnar eldsneytisþarfar
c) Þrepaskiptur bruni: – Þrepuð loftblöndun – Þrepuð eldsneytisblöndun	Þrepuð eldsneytisblöndun á við um flesta hefðbundna bræðsluofna sem eru kyntir með blöndu af lofti/eldsneyti. Nothæfi þrepaðrar loftblöndunar er mjög takmarkað vegna þess hversu tæknilega flókin hún er

Tækni ([1])	Nothæfi
d) Hringrás útblásturs	Nothæfi þessarar tækni er takmarkað við notkun á sérstökum brennurum með sjálfvirka hringrás úrgangslofts
e) Köfnunarefnisoxíðsrýrir brennarar	Tæknin á almennt við. Fullur ávinningur næst með venjulegri eða algerri endursmíði bræðsluofnsins þegar það tengist bestu hönnun ofnsins og rúmfræði
f) Val á eldsneyti	Nothæfið takmarkast af skorðum sem tengjast tiltækileika ólíkra eldsneytistegunda sem getur orðið fyrir áhrifum af stefnu aðildarríkisins í orkumálum
iv. Bræðsla með súrefniseldsneyti	Mesti umhverfislegi ávinningurinn næst við notkun þegar bræðsluofninn er endursmíðaður að öllu leyti

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.2.

Tafla 62

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun köfnunarefnisoxíða (NO_X) frá bræðsluofni í glerungssallageiranum

Breyta	Besta, fáanlega tækni	Rekstrarskilyrði	Losunargildi, sem tengist bestu, fáanlegu tækni ([1])	
			mg/Nm³	kg/tonn af bræddu gleri ([2])
Köfnunarefnisoxíð (NO_X), gefið upp sem köfnunarefnistvíoxíð (NO_2)	Grunntækni	Bruni með súrefniseldsneyti, án nítrata ([3])	Á ekki við	< 2,5–5
		Bruni með súrefniseldsneyti, með notkun nítrata	Á ekki við	5–10
		Bruni með blöndu úr eldsneyti og lofti, eldsneyti og súrefnisauðguðu lofti, án nítrata	500–1 000	2,5–7,5
		Bruni með blöndu úr eldsneyti og lofti, eldsneyti og súrefnisauðguðu lofti, með notkun nítrata	< 1600	< 12

([1]) Í styrkbilunum er tekið tillit til samblands af útblæstri, sem hægt er að leiða í einn reykháf, frá bræðsluofnum sem eru með ólíka bræðslutækni og framleiða ýmsar tegundir glerungssalla, með eða án nítrata í lotusamsetningunni, þar sem útilokað er að greina hverja bræðslutækni sem notuð er og mismunandi vörur.
([2]) Breytistuðlarnir 5×10^{-3} og $7,5 \times 10^{-3}$ hafa verið notaðir til að ákvarða lægri og hærri gildi á styrkbilinu. Þó gæti þurft að nota breytistuðul í hverju tilviki fyrir sig sem byggist á tegund brennslu (sjá töflu 2).
([3]) Gildin sem unnt er að ná eru háð gæðum jarðgass og súrefnis sem tiltækt er (köfnunarefnisinnihald).

1.9.3. Brennisteinsoxíð (SO_X) frá bræðsluofnum

73. Besta, fáanlega tækni er að stjórna losun brennisteinsoxíða (SO_X) frá bræðsluofninum með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Val á hráefni fyrir lotusamsetningu sem inniheldur lítið af brennisteini	Tæknin á almennt við innan þeirra takmarkana sem tengjast tiltækileika hráefna
ii. Þurr eða hálfþurr hreinsun ásamt síunarkerfi	Tæknin á almennt við
iii. Notkun á eldsneyti sem inniheldur lítið af brennisteini	Nothæfið getur takmarkast af skorðum sem tengjast tiltækileika brennisteinsrýrs eldsneytis sem getur orðið fyrir áhrifum af stefnu aðildarríkisins í orkumálum

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.3

Tafla 63

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun brennisteinsoxíða (SO_X) frá bræðsluofni í glerungssallageiranum

Breyta	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni	
	mg/Nm³	kg/tonn af bræddu gleri (1)
Brennisteinsoxíð (SO_X), gefið upp sem brennisteinstvíoxíð (SO_2)	< 50–200	< 0,25–1,5

(1) Breytistuðlarnir 5×10^{-3} og $7,5 \times 10^{-3}$ hafa verið notaðir, þó gætu gildin sem tilgreind eru í töflunni hafa verið áætluð. Það gæti þurft að nota breytistuðul í hverju tilviki fyrir sig sem byggist á tegund brennslu (sjá töflu 2).

1.9.4. Vetnisklóríð (HCl) og vetnisflúoríð (HF) frá bræðsluofnum

74. Besta, fáanlega tækni er að draga úr losun vetnisklóríðs (HCl) og vetnisflúoríðs (HF) frá bræðsluofninum með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni (1)	Nothæfi
i. Val á hráefni fyrir lotusamsetningu sem inniheldur lítið af klór og flúori	Tæknin á almennt við innan þeirra takmarkana sem tengjast lotusamsetningu og tiltækileika hráefna
ii. Að lágmarka flúorsambönd í lotusamsetningunni þegar þau eru notuð til að tryggja gæði fullunnu vörunnar Flúorsambönd eru notuð til að veita glerungssalla tiltekna eiginleika (t.d. þol gegn hita og efnum)	Lágmörkun á flúorsamböndum eða útskipting þeirra fyrir staðgönguefni takmarkast af gæðakröfum til vörunnar
iii. Þurr eða hálfþurr hreinsun ásamt síunarkerfi	Tæknin á almennt við

(1) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.4

Tafla 64

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun vetnisklóríðs (HCl) og vetnisflúoríðs (HF) frá bræðsluofni í glerungssallageiranum

Breyta	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni	
	mg/Nm³	kg/tonn af bræddu gleri (1)
Vetnisklóríð, gefið upp sem HCl	< 10	< 0,05
Vetnisflúoríð, gefið upp sem HF	< 5	< 0,03

(1) Breytistuðullinn 5 × 10–3 hefur verið notaður þar sem nokkur gildi hafa verið áætluð. Það gæti þurft að nota breytistuðul í hverju tilviki fyrir sig sem byggist á tegund brennslu (sjá töflu 2).

1.9.5. Málmar frá bræðsluofnum

75. Besta, fáanlega tækni er að draga úr losun málma frá bræðsluofninum með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni (1)	Nothæfi
i. Val á hráefni fyrir lotusamsetningu sem inniheldur lítið af málmi	Tæknin á almennt við innan þeirra takmarkana sem tengjast tegund glerungssalla, sem framleidd er í stöðinni, og tiltækileika hráefna

Tækni ([1])	Nothæfi
ii. Að halda notkun málmsambanda í lotusamsetningu í lágmarki, ef þörf er á að lita glerungssallann eða ef honum eru veittir aðrir tilteknir eiginleikar	Tæknin á almennt við
iii. Þurr eða hálfþurr hreinsun ásamt síunarkerfi	

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.5

Tafla 65

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun málma frá bræðsluofni í glerungssallageiranum

Breyta	Losunargildi, sem tengist bestu, fáanlegu tækni ([1])	
	mg/Nm^3	kg/tonn af bræddu gleri ([2])
Σ (As, Co, Ni, Cd, Se, Cr_{VI})	< 1	$< 7{,}5 \times 10^{-3}$
Σ (As, Co, Ni, Cd, Se, Cr_{VI}, Sb, Pb, Cr_{III}, Cu, Mn, V, Sn)	< 5	$< 37 \times 10^{-3}$

([1]) Gildin eiga við um summu málma sem eru fyrir hendi í útblásturslofti í föstum og loftkenndum fasa.
([2]) Breytistuðullinn 7,5 × 10–3 hefur verið notaður. Það gæti þurft að nota breytistuðul í hverju tilviki fyrir sig sem byggist á tegund brennslu (sjá töflu 2).

1.9.6. Losun frá úrvinnslu

76. Besta, fáanlega tækni fyrir rykmyndandi úrvinnslu er að draga úr losun með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

Tækni ([1])	Nothæfi
i. Notkun á votmölunartækni Tæknin felst í því að glerungssallinn er malaður, með nægilega miklum vökva til að grugglausn myndast, þangað til æskilegri dreifingu kornastærðar er náð. Þessi vinnsla er yfirleitt framkvæmd í súrálskúlukvörnum (e. *alumina ball mill*) með vatni	Tæknin á almennt við
ii. Starfræksla þurrmölunar og pökkun á þurrvöru með skilvirku afsogskerfi í tengslum við dúksíu Undirþrýstingur er settur á mölunarbúnaðinn eða vinnustöðina þar sem pökkunin fer fram til að beina ryklosun í dúksíu	
iii. Notkun síunarkerfis	

([1]) Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.10.1

Tafla 66

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun í andrúmsloft frá úrvinnslu í glerungssallageiranum þegar losunin er meðhöndluð sérstaklega

Breyta	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni
	mg/Nm^3
Ryk	5–10
Σ (As, Co, Ni, Cd, Se, Cr_{VI})	< 1 ([1])
Σ (As, Co, Ni, Cd, Se, Cr_{VI}, Sb, Pb, Cr_{III}, Cu, Mn, V, Sn)	< 5 ([1])

([1]) Gildin eiga við um summu málma sem eru fyrir hendi í úrgangsloftinu.

Orðalisti

1.10. *Lýsing á tækni*

1.10.1. Ryklosun

Tækni	Lýsing
Rafstöðuskilja	Rafstöðuskiljur starfa þannig að agnir eru hlaðnar og skildar að undir áhrifum rafsviðs. Rafstöðuskiljur geta starfað við margvísleg skilyrði.
Pokasía	Pokasíur eru búnar til úr gropnu efni, ofnu eða þæfðu, sem lofttegundir eru látnar streyma í gegn um til að fjarlægja agnir. Notkun á pokasíu útheimtir val á efni sem hentar eiginleikum úrgangsloftsins og hámarksganghita
Rokgjörnum efnisþáttum fækkað með því að gera breytingu á hráefnum	Samsetning á framleiðslulotum getur innihaldið mjög rokgjarna efnisþætti (t.d. bórsambönd) sem hægt er að halda í lágmarki eða skipta út til að draga úr losun ryks sem myndast einkum með uppgufun
Rafknúin bræðsla	Tæknin felst í bræðsluofni sem fær orku frá viðnámshitun (e. *resistive heating*) Í ofansvölum bræðsluofnum (þar sem rafskautum er yfirleitt komið fyrir á botni bræðsluofnsins) þekur lotuteppi (e. *batch blanket*) yfirborð bræðslunnar og af þessum sökum minnkar uppgufun á efnisþáttum lotunnar (þ.e. blýsambönd) umtalsvert.

1.10.2. Losun köfnunarefnisoxíða NO_X

Tækni	Lýsing
Breytingar á bruna	
i. Skerðing hlutfalls milli lofts og eldsneytis	Tæknin byggist einkum á eftirfarandi þáttum: – loftlekum inn í bræðsluofninn haldið í lágmarki – nákvæm stjórnun á lofti sem notað er við bruna – breytt hönnun brunahólfs í bræðsluofninum
ii. Lækkað hitastig brunalofts	Notkun á varmaendurheimtuofnum í stað varmaendurnýtingarofna leiðir til lægra hitastigs forhitunarlofts og þar af leiðandi lægra logahitastigs. Þetta tengist þó minni skilvirkni bræðsluofns (minna sértækt frálag) minni nýtni eldsneytis og meiri eldsneytisþörf, sem leiðir hugsanlega til meiri losunar (kg/tonn af gleri)
iii. Þrepaskiptur bruni	– Þrepuð loftblöndun – felur í sér takmarkaða brennslu (e. *substoichiometric firing*) og svo viðbót nægjanlegs lofts eða súrefnis inni í ofninn að fullri brennslu. – Þrepuð eldsneytisblöndun – í brennarahálsi er kveikt í upphafsloga með litlum höggþunga (e. *low impulse*) (10% af heildarorku), fylgilogi umlykur rót upphafslogans og lækkar þar með kjarnahitann
iv. Hringrás útblásturs	Felur í sér endurinndælingu á úrgangslofti frá bræðsluofninum í logann til að draga úr súrefnisinnihaldi og þ.a.l. hitastigi logans. Notkun á sérstökum brennurum byggist á innri hringrás brunalofttegunda sem kæla neðsta hlut loganna og draga úr súrefnisinnihaldi í heitasta hluta loganna
v. Köfnunarefnisoxíðsrýrir brennarar	Tæknin byggist á þeim meginreglum að lækka toppgildi logahitastigsins, seinka en ljúka brennslunni og auka hitayfirfærslu (aukin eðlisgeislun logans). Hún getur tengst breyttri hönnun brunahólfs í bræðsluofninum.

Tækni	Lýsing
vi. Val á eldsneyti	Olíukyntir bræðsluofnar sýna almennt minni losun köfnunarefnisoxíða (NO_X) en gaskyntir bræðsluofnar vegna betri varmageislunar og lægra hitastigs logans
Sérstök hönnun bræðsluofna	Varmaendurheimtuofnar, sem samþætta ýmsa þætti, gera lægra logahitastig mögulegt. Helstu þættirnir eru: – sérstök tegund brennara (fjöldi og staðsetning) – rúmfræðileg breyting á bræðsluofni (hæð og stærð) – forhitun hráefnis í tveimur þrepum þar sem úrgangsloft streymir yfir hráefnin sem fara inn í bræðsluofninn og ytri forhitari, á eftir varmaendurheimtinum, fyrir glerbrot er notaður til að forhita brunaloftið
Rafknúin bræðsla	Tæknin felst í bræðsluofni sem fær orku frá viðnámshitun (e. *resistive heating*) Helstu þættirnir eru: – rafskautum er yfirleitt komið fyrir á botni bræðsluofnsins (ofansvalur) – oft þarf að nota nítröt í framleiðslulotusamsetningu fyrir ofansvala rafbræðsluofna til að skapa nauðsynleg oxunarskilyrði fyrir stöðugt, öruggt og skilvirkt framleiðsluferli
Bræðsla með súrefniseldsneyti	Tæknin felur í sér að skipta út brunalofti fyrir súrefni (hreinleiki > 90%), og af þessum sökum myndast ekki/dregur úr myndun heitra köfnunarefnisoxíða (NO_X) úr köfnunarefni sem fer inn í bræðsluofninn. Köfnunarefnisinnihald sem eftir er í bræðsluofninum fer eftir hreinleika súrefnis sem gefið er, gæðum eldsneytis (hlutfall (%) köfnunarefnis (N_2) í jarðgasi) og hugsanlegu innstreymi lofts
Efnafræðileg afoxun með eldsneyti	Tæknin byggist á því að jarðefnaeldsneyti er dælt í úrgangsloftið með efnafræðilegri oxun köfnunarefnisoxíða (NO_X) yfir í köfnunarefni (N_2) með röð efnahvarfa. Í 3R-ferli er eldsneyti (jarðgasi eða olíu) dælt inn við innstreymisop varmaendurnýtisins. Tæknin er hönnuð til notkunar í varmaendurnýtingarofna
Valvís, hvötuð afoxun	Tæknin byggist á því að afoxa köfnunarefnisoxíð (NO_X) yfir í köfnunarefni í hvarfbeði með efnahvarfi við ammoníak (í venjulegri vatnslausn) við hámarks ganghita sem nemur u.þ.b. 300–450 °C. Hægt er að nota eitt eða tvö lög af hvata. Meiri afoxun köfnunarefnisoxíða (NO_X) næst með því að nota meira magn af hvata (tvö lög)
Valvís, óhvötuð afoxun	Tæknin byggist á því að afoxa köfnunarefnisoxíð (NO_X) yfir í köfnunarefni með efnahvarfi við ammoníak eða þvagefni við hátt hitastig. Ganghitabil verður að haldast á bilinu 900–1050 °C
Að halda notkun á nítrötum í lotusamsetningu í lágmarki	Lágmörkun á nítrötum er notuð til að draga úr losun köfnunarefnisoxíðs (NO_X) sem stafar af niðurbroti þessara hráefna þegar þau eru notuð sem oxandi efni fyrir hágæðavörur ef gerð er krafa um mjög litlaust (glært) gler eða fyrir annað gler til að gefa því tilskilda eiginleika. Nota má eftirfarandi valkosti: – Að minnka nítröt í lotusamsetningunni eins mikið og unnt er m.t.t. krafna um vöru og bræðslu. – Að skipta nítrötum út fyrir staðgönguefni. Skilvirkir valkostir eru súlföt, arsenoxíð, seríumoxíð. – Að breyta vinnslunni (t.d. sérstök oxandi skilyrði við bruna)

1.10.3. Losun brennisteinsoxíða (SO_X)

Tækni	Lýsing
Þurr eða hálfþurr hreinsun ásamt síunarkerfi	Þurrt duft eða sviflausn/lausn úr basískum hvarfmiðli er sett í úrgangsloftsstrauminn og dreift um hann. Efnið hvarfast við loftkenndar brennisteinstegundir til að mynda fast efni sem fjarlægja þarf með síun (pokasía eða rafstöðuskilja). Almennt bætir notkun efnahvarfsturns (e. *reaction tower*) skilvirkni hreinsunarkerfisins við fjarlægingu
Lágmörkun á innihaldi brennisteins í lotusamsetningu og hámörkun á brennisteinsjafnvægi	Lágmörkun á innihaldi brennisteins í lotusamsetningu er notuð til að draga úr losun brennisteinsoxíða (SO_X) sem stafa af niðurbroti hráefna, sem innihalda brennistein (yfirleitt súlföt), sem eru notuð sem felliefni. Árangursrík skerðing á losun brennisteinsoxíða (SO_X) er háð varðveislu brennisteinssambanda í glerinu, sem getur verið mjög breytileg eftir glertegund, og hámörkun á brennisteinsjafnvægi
Notkun á eldsneyti sem inniheldur lítið af brennisteini	Jarðgas eða brennisteinsrýrt eldsneyti er notað til að draga úr losun brennisteinsoxíða (SO_X) sem stafar af oxun brennisteins, sem eldsneytið inniheldur, meðan á bruna stendur

1.10.4. Losun vetnisklóríða (HCl) og vetnisflúoríða (HF)

Tækni	Lýsing
Val á hráefni fyrir lotusamsetningu sem inniheldur lítið af klór og flúori	Tæknin felst í því að velja vandlega hráefni sem geta innihaldið klóríð og flúoríð sem óhreinindi (t.d. tilbúinn sóda, dólómít, utanaðkomandi glerbrot, endurunnið síuryk) til að draga úr losun vetnisklóríðs (HCl) og vetnisflúoríðs (HF) við upptök sem stafar af niðurbroti þessara efna meðan á bræðsluferlinu stendur.
Lágmörkun á flúor- og/eða klórsamböndum í lotusamsetningu og hámörkun á massajöfnuði flúors og/eða klórs	Hægt er að lágmarka losun flúors og/eða klórs frá bræðsluferlinu með því að lágmarka/draga úr magni þessara efna, sem notuð eru í lotusamsetningunni, eins mikið og unnt er m.t.t. gæða fullunnu vörunnar. Flúorsambönd (t.d. flússpat, krýólít, flúorsílíkat) eru notuð til að veita sérstöku gleri tiltekna eiginleika (t.d. ógagnsætt gler, ljóstæknigler). Hægt er að nota klórsambönd sem felliefni
Þurr eða hálfþurr hreinsun ásamt síunarkerfi	Þurrt duft eða sviflausn/lausn úr basískum hvarfmiðli er sett í úrgangsloftsstrauminn og dreift um hann. Efnið hvarfast við loftkennd klóríð og flúoríð til að mynda fast efni sem fjarlægja þarf með síun (rafstöðuskilja eða pokasía)

1.10.5. Losun málma

Tækni	Lýsing
Val á hráefni fyrir lotusamsetningu sem inniheldur lítið af málmi	Tæknin felst í því að velja vandlega efni fyrir lotuna sem geta innihaldið málma sem óhreinindi (t.d. utanaðkomandi glerbrot) til að draga úr losun málma við upptök sem stafar af niðurbroti þessara efna meðan á bræðsluferlinu stendur
Að halda notkun á málmsamböndum í lotusamsetningu í lágmarki þegar þörf er á að lita og aflita gler, með fyrirvara um kröfur neytenda til gæða glersins	Hægt er að lágmarka losun málma frá bræðsluferlinu á eftirfarandi hátt: – að halda magni málmsambanda (t.d. járn, króm, kóbalt, kopar, mangansambönd) í lotusamsetningu í lágmarki við framleiðslu á lituðu gleri – að halda magni selensambanda og seríumoxíðs, sem notuð eru sem aflitunarefni, í lágmarki við framleiðslu á glæru gleri

Tækni	Lýsing
Að halda notkun á selensamböndum í lotusamsetningu í lágmarki með viðeigandi vali á hráefnum	Hægt er að lágmarka losun selens frá bræðsluferlinu á eftirfarandi hátt: – lágmarka/draga úr magni selens í lotusamsetningunni eins mikið og unnt er m.t.t. vörukrafna – velja selenhráefni sem eru síður rokgjörn til að minnka uppgufun meðan á bræðsluferlinu stendur
Notkun síunarkerfis	Rykhreinsikerfi (pokasía og rafstöðuskilja) geta dregið úr losun bæði ryks og málma þar eð losun málma í andrúmsloft frá glerbræðsluferlum samanstendur að mestu leyti af ögnum. Að því er varðar suma málma, sem innihalda mjög rokgjörn efnasambönd (t.d. selen), getur þó skilvirkni við fjarlægingu breyst talsvert eftir hitastigi við síun
Þurr eða hálfþurr hreinsun ásamt síunarkerfi	Hægt er að draga verulega úr loftkenndum málmum með því að nota þurra eða hálfþurra hreinsunartækni með basískum hvarfmiðli. Basíski hvarfmiðillinn hvarfast við loftkenndar tegundir til að mynda fast efni sem fjarlægja þarf með síun (pokasía eða rafstöðuskilja)

1.10.6. Samsett losun lofttegunda (t.d. brennisteinsoxíð- (SO_X), vetnisklóríð- (HCl), vetnisflúoríð- (HF), bórefnasambönd)

Vothreinsun	Í vothreinsunarferli leysast loftkennd efnasambönd upp í hentugum vökva (vatni eða basískri lausn). Útblásturinn er mettaður með vatni neðan við votþvegilinn og skilja þarf dropana að áður en útblæstrinum er sleppt. Vökvann, sem myndast í kjölfarið, þarf að meðhöndla með skólphreinsun og óleysanlegu efni er safnað saman með botnfellingu eða síun

1.10.7. Samsett losun (föst og loftkennd efni)

Tækni	Lýsing
Vothreinsun	Í vothreinsunarferli (með viðeigandi vökva: vatni eða basískri lausn) er unnt að fjarlægja föst og loftkennd efnasambönd samtímis. Hönnunareiginleikar að því er varðar fjarlægingu agna eða lofttegunda eru ólíkir; af þessum sökum er hönnunin oft millivegur milli kostanna tveggja. Vökvann, sem myndast í kjölfarið, þarf að meðhöndla með skólphreinsun og óleysanlegu efni (losun fastra efna og afurða úr efnahvörfum) er safnað saman með botnfellingu eða síun. Í steinullargeiranum og geira fyrir samfelldar glertrefjar eru algengustu kerfin sem notuð eru: – þveglar með fylltum beði og vatnsstrókar á móti straumi (e. *impact jets upstream*) – þrengslaþveglar (e. *venturi scrubber*)
Rafstöðuskiljur með vatnsgufu (e. *wet electrostatic precipitator*)	Tæknin felst í rafstöðuskilju þar sem efnið, sem safnast hefur saman, er fjarlægt af söfnunarplötum með því að skola þær með viðeigandi vökva, yfirleitt vatni. Yfirleitt er komið fyrir búnaði til að fjarlægja vatnsdropa áður en úrgangsloft er losað (móðueyðir eða síðasta þurra svæðið (e. *last dry field*))

1.10.8. Losun frá vinnu við skurð, mölun eða slípun

Tækni	Lýsing
Að framkvæma rykmyndandi aðgerðir (t.d. skera, mala, slípa) með vökva	Vatn er almennt notað sem sem kælivökvi við skurð, mölun og slípun og til að koma í veg fyrir ryklosun. Afsogskerfi, sem búið er móðueyði, getur verið nauðsynlegt

Tækni	Lýsing
Notkun á pokasíukerfi	Notkun á pokasíum er hentug til að draga úr losun bæði ryks og málma þar eð málmar frá úrvinnslu samanstanda að mestu leyti úr ögnum
Að halda tapi á slípunarefni í lágmarki með því að tryggja að notkunarkerfið sé vel lokað	Sýruslípun er framkvæmd með því að dýfa glerhlutunum í slípunarbað úr flús- og brennisteinssýrum. Draga má úr losun reyks með góðri hönnun og viðhaldi notkunarkerfisins til að halda tapi í lágmarki
Notkun á viðbótartækni, t.d. vothreinsun	Vothreinsun með vatni er notuð til að hreinsa úrgangsloft vegna þess að losunin er súr og vegna mikillar leysni mengandi lofttegunda sem á að fjarlægja.

1.10.9. H_2S, losun rokgjarna, lífrænna efnasambanda

Brennsla úrgangslofts	Tæknin felst í eftirbrennarakerfi sem oxar brennisteinsvetnið (sem verður til við sterk oxandi skilyrði í bræðsluofninum) í brennisteinstvíoxíð og kolsýringinn í koltvísýring. Rokgjörn, lífræn efnasambönd eru brennd og oxast af þessum sökum í koltvísýring, vatn og önnur myndefni frá bruna (t.d. köfnunarefnisoxíð (NO_X), brennisteinsoxíð (SO_X)).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 901/2014

2016/EES/27/79

frá 18. júlí 2014

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2013 að því er varðar stjórnsýslukröfur um viðurkenningu á og markaðseftirlit með ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjólum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2013 frá 15. janúar 2013 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjólum ([1]), einkum 22. gr. (7. mgr.), 27. gr. (4. mgr.), 29. gr. (4. mgr.), 30 gr. (2. mgr.), 30. gr. (3. mgr.), 30. gr. (6. mgr.), 32. gr. (1. mgr.), 38. gr. (2. mgr.), 39. gr. (3. mgr.), 40. gr. (4. mgr.), 50. gr. (2. mgr.), 51. gr. (3. mgr.), 57. gr. (8. mgr.) og 72. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í þágu skýrleika, fyrirsjáanleika, hagræðingar og einföldunar og til að draga úr álagi á ökutækjaframleiðendur ætti þessi reglugerð, þar eð hún byggist á grunni núverandi venja, að einfalda og staðla enn frekar þau skjöl sem notuð eru í tengslum við gerðarviðurkenningaraðferðir.

2) Ný tækni hefur verið tekin í notkun í ökutækjum (t.d. rafhreyflar eða beiting EURO-losunarmarka) frá því að mælt var fyrir um þau sniðmát sem eru notuð í tengslum við gerðarviðurkenningaraðferðir í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/24/EB([2]). Því ætti að breyta sniðmátunum.

3) Innleiða ætti nýtt sniðmát fyrir svokallað upplýsingamöppublað til að gefa til kynna hvaða aðferð framleiðandi hefur valið þegar hann sækir um gerðarviðurkenningu.

4) Til að tryggja að ökutæki séu þannig smíðuð að þau haldist örugg hæfilega lengi ætti að búa til sniðmát fyrir yfirlýsingar framleiðenda um endingu kerfa, hluta og búnaðar sem eru mikilvæg fyrir notkunaröryggi, og um heilleika burðarvirkis ökutækja, í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 168/2013.

5) Til að tryggja sjálfstæðum rekstraraðilum sanngjarnan aðgang að viðgerðarupplýsingum ökutækja, þ.m.t. upplýsingar um innbyggð greiningarkerfi og samspil þeirra við önnur kerfi í ökutækjum skulu framleiðendur veita óhindraðan aðgang að þeim upplýsingum og leggja fyrir viðurkenningaryfirvöldin sannanir fyrir því að þeir fari að þeirri kröfu. Mæla ætti fyrir um sniðmát fyrir samsvarandi vottorð framleiðanda.

6) Bjóða skal upp á þrjár fyrirmyndir að samræmisvottorðum sem samsvara gerðarviðurkenningaraðferðum fyrir fullbúin ökutæki, fullbúin ökutæki í áföngum og ófullbúin ökutæki.

7) Til að auðvelda breytingar á nothæfisstigi undirflokka (L3e/L4e)-A2 yfir í (L3e/L4e)-A3 og öfugt ætti að kveða á um sniðmát fyrir samsvarandi yfirlýsingu framleiðanda sem skal fylgja með upplýsingamöppunni. Þar að auki ætti að bæta við tilteknum nýjum upplýsingum og færslum í samræmisvottorðið og ákveða sérkenni sértækrar lögboðinnar merkiplötu fyrir viðkomandi undirflokka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 249, 22.8.2014, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 244/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 60, 2.3.2013, bls. 52.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/24/EB frá 18. mars 2002 um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/61/EBE (Stjtíð. EB L 124, 9.5.2002, bls. 1).

8) Framleiðendur geta óskað eftir ESB-gerðarviðurkenningu eða landsbundinni gerðarviðurkenningu fyrir nýjar gerðir ökutækja í samræmi við 2. mgr. 82. gr. reglugerðar 168/2013, fyrir þann dag er beiting hennar hefst. Til að greiða fyrir snemmbærri beitingu umræddrar reglugerðar ætti að vera heimilt að nota sniðmátið fyrir samræmisvottorðið sem mælt er fyrir um í IV. viðauka við tilskipun 2002/24/EB fram til 31. desember 2015, að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 5. gr.

9) Til að einfalda eftirlit jafnhliða því að draga úr rekstrarlegu álagi á framleiðendur ætti ekki lengur að vera skylda að nota plötuna sem sýnir hvort óheimilar breytingar hafi verið gerðar og viðeigandi upplýsingar sem hún innihélt ættu að koma fram á lögboðnu merkiplötunni.

10) Til að einfalda algengasta ESB-gerðarviðurkenningarvottorðið ætti að þróa nýja fyrirmynd eingöngu fyrir ESB-heildargerðarviðurkenningu fyrir fullbúin ökutæki, samhliða því að koma upp annarri fyrirmynd að ESB-heildargerðarviðurkenningu fyrir aðrar gerðir ökutækja.

11) Ef framleiðandi velur gerðarviðurkenningu í einum áfanga ætti skrá yfir gildandi kröfur eða gerðir sem gerð ökutækisins uppfyllir að fylgja með ESB-vottorðinu um heildargerðarviðurkenningu.

Koma ætti upp sniðmáti fyrir ESB-gerðarviðurkenningarvottorð með tilliti til þess að samræma hin mismunandi sniðmát sem áður hefur verið kveðið á um í hinum aðskildu tilskipunum Sambandsins um kerfi og íhluti eða aðskildar tæknieiningar.

12) Til að endurspegla hina nýju lagalegu uppbyggingu gerðanna sem innihalda kröfurnar vegna gerðarviðurkenninga sem votta á að farið sé að ætti að breyta númerakerfi ESB-gerðarviðurkenningarvottorðanna sem kveðið er á um í V. viðauka við tilskipun 2002/24/EB.

13) Koma ætti á lágmarkskröfum um sniðmát prófunarskýrslnanna til að samræma framsetninguna á þýðingarmestu upplýsingunum í skýrslunum.

14) Til að auðkenna með skýrum hætti niðurstöðurnar úr prófununum sem gerðar eru á gerðarviðurkennda ökutækinu ætti að festa við ESB-gerðarviðurkenningarvottorðið blað með prófunarniðurstöðum sem inniheldur tilteknar lágmarksupplýsingar sem krafist er.

15) Koma ætti upp skrá yfir hluti eða búnað sem geta skapað verulega hættu fyrir rétta virkni kerfa sem nauðsynleg eru öryggi ökutækis eða vistvænleika þess.

16) Koma skal upp sniðmáti fyrir vottorð um að setja megi á markað og taka í notkun hluti eða búnað sem skapað geta verulega hættu fyrir rétta virkni kerfa sem nauðsynleg eru öryggi ökutækis eða vistvænleika þess, ásamt númerakerfi fyrir vottorðin.

17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 73. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er kveðið á um framkvæmdarráðstafanirnar sem um getur í 72. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 til að koma á samræmdum skilyrðum fyrir framkvæmd stjórnsýslukrafnanna um viðurkenningu á nýjum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjólum, sem og kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem eru hönnuð og smíðuð fyrir slík ökutæki. Með henni er einnig komið á fót stjórnsýslukröfum um að setja á markað og taka í notkun hluti eða búnað sem skapað geta verulega hættu fyrir rétta virkni nauðsynlegra kerfa.

2. gr.

Sniðmát fyrir upplýsingaskjalið og fyrir upplýsingamöppuna

Framleiðendur sem sækja um ESB-gerðarviðurkenningu skulu leggja fram upplýsingaskjalið og upplýsingamöppuna sem um getur í 1. mgr. 27. gr. og a-lið 2. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 á grunni sniðmátanna sem sett eru fram í I. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Sniðmát fyrir yfirlýsingar framleiðanda um endingarprófanir og heilleika burðarvirkis ökutækja

Framleiðendur sem sækja um ESB-gerðarviðurkenningu skulu leggja fram yfirlýsingar um endingu kerfa, hluta og búnaðar sem eru mikilvæg fyrir notkunaröryggi sem um getur í 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 og um heilleika burðarvirkis ökutækja eins og um getur í XIX. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 3/2014([3]) við þá reglugerð á grunni sniðmátanna sem sett eru fram í II. viðauka við þessa reglugerð.

4. gr.

Sniðmát fyrir vottorð framleiðanda til sönnunar á að farið sé að kröfum gerðarviðurkenningary firvaldsins um aðgang að upplýsingum úr innbyggðum greiningarkerfum og að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja

Framleiðendur sem sækja um ESB-gerðarviðurkenningu skulu leggja fyrir viðurkenningaryfirvaldið vottorð um aðgang að upplýsingum úr innbyggðum greiningarkerfum ökutækja og að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja í samræmi við 8. mgr. 57. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013, á grunni sniðmátanna sem sett eru fram í III. viðauka við þessa reglugerð.

5. gr.

Sniðmát fyrir samræmisvottorð

1. Framleiðendur skulu gefa út samræmisvottorðið sem um getur í 1. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 í samræmi við sniðmátin sem sett eru fram í IV. viðauka við þessa reglugerð.

2. Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 82. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 sem heimilar framleiðendum að óska þegar eftir gerðarviðurkenningum samkvæmt þeirri reglugerð frá gildistöku þessarar framkvæmdarreglugerðar og til 31. desember 2015, mega framleiðendur nota, fyrir ökutæki af slíkum nýlega viðurkenndum gerðum, sniðmátið fyrir samræmisvottorðið sem sett er fram í IV. viðauka við tilskipun 2002/24/EB í stað sniðmátsins fyrir samræmisvottorðið sem mælt er fyrir um í 1. viðbæti IV. viðauka sem verður að innihalda, í færslu nr. 04 „Ökutækjaflokkur“ og færslu nr. 50 „Athugasemdir:“, þær upplýsingar og færslur sem mælt er fyrir um í 2. viðbæti IV. viðauka.

6. gr.

Fyrirmyndir að lögboðnu merkiplötunni og ESB-gerðarviðurkenningarmerkinu

Framleiðendur skulu gefa út lögboðnu merkiplötuna og ESB-gerðarviðurkenningarmerkið sem um getur í 1. og 2. mgr. 39. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 í samræmi við fyrirmyndirnar sem settar eru fram í V. viðauka við þessa reglugerð.

7. gr.

Sniðmát fyrir ESB-gerðarviðurkenningarvottorð

Viðurkenningaryfirvöld skulu gefa út ESB-gerðarviðurkenningarvottorðið sem um getur í 1. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 í samræmi við sniðmátin sem sett eru fram í IV. viðauka við þessa reglugerð.

8. gr.

Númerakerfi fyrir ESB-gerðarviðurkenningarvottorð

Samkvæmt 4. mgr. 29. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 skulu ESB-gerðarviðurkenningarvottorðin vera númeruð í samræmi við samræmda kerfið sem er sett fram í VII. viðauka við þessa reglugerð.

9. gr.

Sniðmát fyrir blaðið með niðurstöðunum úr prófununum

Viðurkenningaryfirvöld skulu gefa út blaðið með niðurstöðunum úr prófununum sem um getur í 3. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 á grunni sniðmátsins sem er sett fram í VIII. viðauka við þessa reglugerð.

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 3/2014 frá 24. október 2013 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2003 að því er varðar kröfur um notkunaröryggi fyrir ökutæki vegna viðurkenningar á ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjólum (Stjtíð. ESB L 7, 10.1.2014, bls. 1).

10. gr.

Snið prófunarskýrslna

Snið prófunarskýrslnanna sem um getur í 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 skulu samræmast þeim almennu kröfum sem settar eru fram í VIII. viðauka við þessa reglugerð.

11. gr.

Skrá yfir hluti eða búnað sem skapað geta verulega hættu fyrir rétta virkni nauðsynlegra kerfa

Skráin yfir hluti eða búnað sem skapað geta verulega hættu fyrir rétta virkni kerfa sem nauðsynleg eru öryggi ökutækis eða vistvænleika þess, sem um getur í 2. mgr. 50. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013, er sett fram í X. viðauka við þessa reglugerð.

12. gr.

Sniðmát og númerakerfi fyrir vottorð til að setja á markað og taka í notkun hluti eða búnað sem skapað geta verulega hættu fyrir rétta virkni nauðsynlegra kerfa

Viðurkenningaryfirvöld skulu gefa út vottorðið til að setja á markað og taka í notkun hluti og búnað sem skapað geta verulega hættu fyrir rétta virkni kerfa sem nauðsynleg eru öryggi ökutækis eða vistvænleika þess, sem um getur í 2. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013, byggt á sniðmátinu og í samræmi við númerakerfið sem sett er fram í IX. viðauka við þessa reglugerð.

13. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. janúar 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. júlí 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

SKRÁ YFIR VIÐAUKA

Númer viðauka	Heiti viðauka	Bls.
I	Sniðmát fyrir upplýsingaskjalið og upplýsingamöppuna	6
II	Sniðmát fyrir yfirlýsingar framleiðanda um endingarprófanir og heilleika burðarvirkis ökutækja	128
III	Sniðmát fyrir vottorð framleiðanda til sönnunar á að farið sé að kröfum gerðarviðurken ningaryfirvaldsins um aðgang að upplýsingum úr innbyggðum greiningarkerfum og að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja	130
IV	Sniðmát fyrir samræmisvottorð	134
V	Fyrirmyndir að lögboðnu merkiplötunni og ESB-gerðarviðurkenningarmerkinu	149
VI	Sniðmát fyrir ESB-gerðarviðurkenningarvottorð	158
VII	Númerakerfi fyrir ESB-gerðarviðurkenningarvottorð	175
VIII	Snið prófunarskýrslna og sniðmát fyrir blað með niðurstöðum úr prófunum	179
IX	Sniðmát og númerakerfi fyrir vottorð til að setja á markað og taka í notkun hluti eða búnað sem skapað geta verulega hættu fyrir rétta virkni nauðsynlegra kerfa	198
X	Skrá yfir hluti eða búnað sem skapað geta verulega hættu fyrir rétta virkni nauðsynlegra kerfa	202

I. VIÐAUKI

Sniðmát fyrir upplýsingaskjalið og upplýsingamöppuna

SKRÁ YFIR VIÐBÆTA

Númer viðbætis	Heiti viðbætis	Bls.
1	Fyrirmynd að upplýsingaskjali sem varðar ESB-gerðarviðurkenningu á gerð mengunarvarnarkerfis fyrir endarör (eða gerð ökutækis að því er það varðar)	59
2	Fyrirmynd að upplýsingaskjali sem varðar ESB-gerðarviðurkenningu á gerð mengunarvarnarkerfis vegna losunar frá sveifarhúsi og við uppgufun (eða gerð ökutækis að því er það varðar)	62
3	Fyrirmynd að upplýsingaskjali sem varðar ESB-gerðarviðurkenningu á gerð innbyggðs greiningarkerfis (eða gerð ökutækis að því er það varðar)	64
4	Fyrirmynd að upplýsingaskjali sem varðar ESB-gerðarviðurkenningu á gerð kerfis til að draga úr hljóðstigi (eða gerð ökutækis að því er það varðar)	68
5	Fyrirmynd að upplýsingaskjali sem varðar ESB-gerðarviðurkenningu á gerð kerfis er varðar afköst knúningseiningar (e. *propulsion unit)* (eða gerð ökutækis að því er það varðar)	70
6	Fyrirmynd að upplýsingaskjali sem varðar ESB-gerðarviðurkenningu á mengunarvarnarbúnaði sem aðskilinni tæknieiningu	72
7	Fyrirmynd að upplýsingaskjali sem varðar ESB-gerðarviðurkenningu á hávaðamildunarbúnaði sem aðskilinni tæknieiningu	76
8	Fyrirmynd að upplýsingaskjali sem varðar ESB-gerðarviðurkenningu á útblástursröri (mengunarvarnar- og hávaðamildunarbúnaði) sem aðskilinni tæknieiningu	78
9	Fyrirmynd að upplýsingaskjali sem varðar ESB-gerðarviðurkenningu á gerð hemlakerfis (eða gerð ökutækis að því er það varðar)	82
10	Fyrirmynd að upplýsingaskjali sem varðar ESB-gerðarviðurkenningu á gerð uppsetningar á kerfi ljósa- og ljósmerkjabúnaðar (eða gerð ökutækis að því er það varðar)	85
11	Fyrirmynd að upplýsingaskjali sem varðar ESB-gerðarviðurkenningu á gerð veltivarnarbúnaðarkerfis (eða gerð ökutækis að því er það varðar)	87
12	Fyrirmynd að upplýsingaskjali sem varðar ESB-gerðarviðurkenningu á gerð uppsetningar á hjólbarðakerfi (eða gerð ökutækis að því er það varðar)	89
13	Fyrirmynd að upplýsingaskjali sem varðar ESB-gerðarviðurkenningu á hljóðmerkjabúnaði sem íhlut	92
14	Fyrirmynd að upplýsingaskjali sem varðar ESB-gerðarviðurkenningu á framrúðu úr öðru efni en gleri sem íhlut/aðskilinni tæknieiningu	94
15	Fyrirmynd að upplýsingaskjali sem varðar ESB-gerðarviðurkenningu á framrúðusprautubúnaði sem íhlut/aðskilinni tæknieiningu	96

Númer viðbætis	Heiti viðbætis	Bls.
16	Fyrirmynd að upplýsingaskjali sem varðar ESB-gerðarviðurkenningu á baksýnisbúnaði sem íhlut/aðskilinni tæknieiningu	98
17	Fyrirmynd að upplýsingaskjali sem varðar ESB-gerðarviðurkenningu á öryggisbeltum sem aðskildum tæknieiningum	100
18	Fyrirmynd að upplýsingaskjali sem varðar ESB-gerðarviðurkenningu á ökumannssæti (hnakk/sæti) sem íhlut/aðskilinni tæknieiningu	102
19	Fyrirmynd að upplýsingaskjali sem varðar ESB-gerðarviðurkenningu á tengibúnaði fyrir eftirvagn sem aðskilinni tæknieiningu	104
20	Fyrirmynd að upplýsingaskjali sem varðar ESB-gerðarviðurkenningu á búnaði til að koma í veg fyrir notkun án leyfis sem aðskilinni tæknieiningu	106
21	Fyrirmynd að upplýsingaskjali sem varðar ESB-gerðarviðurkenningu á handföngum fyrir farþega sem aðskildum tæknieiningum	108
22	Fyrirmynd að upplýsingaskjali sem varðar ESB-gerðarviðurkenningu á fóthvílum sem aðskildum tæknieiningum	110
23	Fyrirmynd að upplýsingaskjali sem varðar ESB-gerðarviðurkenningu á hliðarvagni sem aðskilinni tæknieiningu	111
24	Yfirlýsing framleiðanda fyrir ökutæki með nothæfisstig sem breyta má úr undirflokki (L3e/L4e)-A2 yfir í undirflokk (L3e/L4e)-A3 og öfugt	120
25	Yfirlýsing framleiðanda um ráðstafanir gegn óheimilum breytingum á aflrásum	123

A-HLUTI

UPPLÝSINGAMAPPA

1. **Almennar kröfur**

1.1. Þegar framleiðandi sækir um ESB-gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki, kerfi, íhlut eða aðskilda tæknieiningu skal hann leggja fram upplýsingamöppu í samræmi við 27. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 og skal hún innihalda eftirfarandi:

1.1.1. efnisyfirlit,

1.1.2. upplýsingar um þá gerðarviðurkenningaraðferð sem valin var í samræmi við 1. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013, en sniðmát hennar er sett fram í 2. lið (upplýsingamöppublað),

1.1.3. upplýsingaskjalið sem sett er fram í B-hluta þessa viðauka,

1.1.4. öll viðeigandi gögn, teikningar, ljósmyndir og aðrar upplýsingar sem krafist er í upplýsingaskjalinu,

1.1.5. yfirlýsingu framleiðanda um endingu kerfa, hluta og búnaðar sem eru mikilvæg fyrir notkunaröryggi, sem um getur í 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 og sett er fram í II. viðauka við þessa reglugerð,

1.1.6. yfirlýsingu framleiðanda um heilleika burðarvirkis ökutækisins eins og um getur í 5. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 og í lið 1.1 í XIX. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 3/2014 frá 24. október 2013 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2013 að því er varðar kröfur um notkunaröryggi fyrir ökutæki vegna viðurkenningar á ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjólum ([4]) eins og sett er fram í lið 1.4 í II. viðauka við þessa reglugerð,

1.1.7. vottorð framleiðanda með sönnunum fyrir því að farið sé að fyrirmælum gerðarviðurkenningaryfirvaldsins um aðgang að upplýsingum úr innbyggðum greiningarkerfum og að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja eins og um getur í 8. mgr. 57. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 og sett er fram í III. viðauka við þessa reglugerð,

(4) Stjtíð. ESB L 7, 10.1.2014, bls. 1.

1.1.8. yfirlýsingu framleiðanda um breytingu eiginleika (L3e/L4e)-A2 bifhjóla yfir í (L3e/L4e)-A3 og öfugt, eins og um getur í 8. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 og í lið 4.2.6 í III. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 44/2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2003 að því er varðar kröfur um smíði ökutækja og almennar kröfur vegna viðurkenningar á ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjólum ([5]) eins og sett er fram í 24. viðbæti við þennan viðauka,

1.1.9. yfirlýsingu framleiðanda um ráðstafanir gegn óheimilum breytingum á aflrás eins og um getur í 2. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 og í II. viðauka (liðum 2.2, 2.6 og 5.2) við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 44/2014 samkvæmt fyrirmyndum sem komið er á með 25. viðbæti við þennan viðauka,

1.1.10. allar viðbótarupplýsingar sem viðurkenningaryfirvaldið fer fram á sem hluta af viðurkenningaraðferðinni.

1.2. Umsóknir sem eru lagðar fram í pappírsformi skulu vera í þríriti. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, á blöðum í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

1.3. Ef kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar eru búnar rafeindastýringu skulu fylgja upplýsingar um hvernig þær virka.

2. **Sniðmát fyrir upplýsingamöppublaðið**

Upplýsingar

um þá gerðarviðurkenningaraðferð sem var valin í samræmi við 1. mgr. 25. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2013

Upplýsingamöppublað

Tilhlýðilega útfyllt útgáfa af þessari yfirlýsingu skal fylgja með í upplýsingamöppunni.

Undirritaður: [… (fullt nafn og staða)]

Heiti og heimilisfang framleiðanda: .....

Nafn og heimilisfang fulltrúa framleiðandans (ef einhver): .....

Sækir hér með um gerðarviðurkenningaraðferð ([4]):

a) gerðarviðurkenningu í áföngum,

b) gerðarviðurkenningu í einum áfanga,

c) blandaða gerðarviðurkenningu

Ef aðferð a eða c er valin er lýst yfir að farið sé að kröfum eins og í aðferð b fyrir öll kerfi, alla íhluti og allar aðskildar tæknieiningar.

Fjölþrepa gerðarviðurkenning valin í samræmi við 5. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013: já/nei ([4])

Upplýsingar um eitt eða fleiri ökutæki sem skal fylla út ef umsóknin er um ESB-heildargerðarviðurkenningu([3]):

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda): .....

0.2. Gerð ([17]): .....

0.2.1. Afbrigði, eitt eða fleiri ([17]): .....

0.2.2. Útfærsla eða útfærslur ([17]): .....

0.2.3. Verslunarheiti (ef til er(u)): .....

0.3. Flokkur, undirflokkur og undirflokkur undirflokks ökutækis ([2]): .....

Upplýsingar sem skal færa inn ef umsóknin er um gerðarviðurkenningu á kerfi/íhlut/aðskilinni tæknieiningu ([3]) ([4]):

0.7. Tegund(-ir) (viðskiptaheiti framleiðanda): .....

0.8. Gerð: .....

0.8.1. Verslunarheiti (ef til er(u)): .....

([5]) Stjtíð. ESB L 25, 28.1.2014, bls. 1.

1.6. Sýndarprófun og/eða sjálfsprófun ([3]):

1.6.1. Yfirlitsskrá yfir sýndar- og/eða sjálfsprófuð kerfi, íhluti eða aðskildar tæknieiningar skv. 6. lið III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 44/2014 kemur hér á eftir:

Yfirlitstafla fyrir sýndar- og/eða sjálfsprófanir

Framseld gerð	Viðauki	Viðfangsefni	Sýndarprófun og/eða sjálfsprófun: já/nei ([4])
Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 134/2014 ([*])	IX	Prófunaraðferðir fyrir hámarkshönnunarhraða ökutækis	Sjálfsprófun: já/nei ([4])
Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 3/2014	II	Hljóðmerkjabúnaður	Sjálfsprófun: já/nei ([4])
Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 3/2014	VIII	Stjórntæki sem ökumaður stjórnar, þ.m.t. auðkenning stjórntækja, gaumbúnaðar og merkjabúnaðar	Sjálfsprófun: já/nei ([4])
Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 3/2014	IX	Uppsetning ljósa- og ljósmerkjabúnaðar	Sýndarprófun: já/nei ([4])
Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 3/2014	X	Útsýn aftur fyrir	Sýndarprófun: já/nei ([4])
Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 3/2014	XIV	Áfesting hjólbarða	Sýndarprófun: já/nei ([4])
Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 44/2014	XIV	Flötur fyrir skráningarmerki	Sjálfs- og sýndarprófun: já/nei ([4])
Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 44/2014	XVI	Standarar	Sjálfsprófun: já/nei ([4])
Þessi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar	VIII	Lögboðin merkiplata og ESB-gerðarviðurkenningarmerki	Sjálfsprófun: já/nei ([4])

([*]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 134/2014 frá 16. desember 2013 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2013 að því er varðar kröfur um vistvænleika og afköst knúningseiningar og um breytingu á V. viðauka við hana (Stjtíð. ESB L 53, 21.2.2014, bls. 1).

1.6.2. Nákvæmri skýrslu um fullgildingu sýndar- og/eða sjálfsprófunar bætt við: já/nei ([4])

Staður: … Dags: …

Undirskrift: … Nafn og staða innan fyrirtækisins: …

B-HLUTI

UPPLÝSINGASKJAL

1. **Almennar kröfur**

1.1. Upplýsingaskjalið skal bera tilvísunarnúmer sem umsækjandi ákveður.

1.2. Ef breyting hefur orðið á einstökum atriðum sem koma fram í upplýsingaskjalinu fyrir gerðarviðurkenningu ökutækis skal framleiðandi senda endurskoðaðar blaðsíður til viðurkenningaryfirvaldsins sem sýna greinilega í hverju breytingin er fólgin, ásamt dagsetningu endurútgáfu.

1.3. Gerðarviðurkenningarnúmer

1.3.1. Framleiðandinn skal leggja fram þær upplýsingar sem krafist er í eftirfarandi töflu að því er varðar viðkomandi viðfangsefni fyrir ökutækið sem sett eru fram í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013. Allar viðeigandi viðurkenningar og prófunarskýrslur (ef til eru) skulu fylgja með fyrir hvert viðfangsefni. Hins vegar er óþarft að gefa upplýsingar um kerfi, íhluti eða aðskildar tæknieiningar að því gefnu að þær komi fram á samsvarandi viðurkenningarvottorði.

Gerðarviðurkenningarnúmer og samantekt prófunarskýrslu

Númer og viðfangsefni liðar	Gerðarviðurkenningarnúmer eða prófunarskýrslunúmer(***)	Útgáfudagur gerðarviðurkenningar eða rýmkunar hennar eða prófunarskýrslunnar	Aðildarríki eða samningsaðili(*) sem gefur út gerðarviðurkenninguna(**) eða tækniþjónusta sem gefur út prófunarskýrsluna(***)	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmælin og nýjustu breytingu á þeim	Afbrigði/útfærsla eða útfærslur
t.d. B1 hljóðmerkjabúnaður					

(*) Samningsaðilar að endurskoðaða samningnum frá 1958.
(**) Komi fram hér ef ekki er hægt að sjá það á gerðarviðurkenningarnúmerinu.
(***) Viðurkenningaryfirvaldið skal fylla út þær tilvísanir fyrir prófunarskýrslurnar sem unnar eru í samræmi við stjórnvaldsfyrirmæli og ekkert gerðarviðurkenningarvottorð er tiltækt fyrir.

Undirskrift: .....

Staða innan fyrirtækis: .....

Dagsetning: .....

2. **Efni upplýsingaskjalsins**

Eftirfarandi skal koma fram í öllum upplýsingaskjölum:

2.1. Ef um er að ræða heildargerðarviðurkenningu ökutækis skal framleiðandinn fylla út:

— töfluna í lið 2.3 til að auðkenna útfærslur og afbrigði ökutækisins sem ætlunin er að fá gerðarviðurkenningu fyrir,

— skrá yfir hluti sem tengjast (undir-)flokknum og tæknilegum eiginleikum ökutækisins sem innihaldið er fengið úr, og skal nota númerakerfi heildarskrárinnar í lið 2.6.

2.2. Fyrir kerfi, íhlut eða aðskilda tæknieiningu sem talin er upp í töflu 1 skal framleiðandinn fylla út viðeigandi viðbæti við þennan viðauka.

Auk viðaukanna sem um getur í töflu 1 skulu kerfin, íhlutirnir og aðskildu tæknieiningarnar uppfylla eftirfarandi kröfur:

— fyrirkomulag gerðarviðurkenningaraðferða (III. viðauki við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 44/2014)

— framleiðslusamræmi (IV. viðauki við framselda reglugerð (ESB) nr. 44/2014)

— aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis (XV. viðauki við framselda reglugerð (ESB) nr. 44/2014)

Tafla 1

Skrá yfir kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem kunna að falla undir ESB-gerðarviðurkenningu

SKRÁ I — Kröfur um vistvænleika og afköst knúningseiningar

Viðbætir	Kerfi eða íhlutur/aðskilin tæknieining	Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 134/2014, nr. viðauka	Eins og breytt með og/eða á framkvæmdarstigi
1	Kerfi: mengunarvarnarkerfi fyrir endarör	II, III, V, VI	
2	Kerfi: losun frá sveifarhúsi og með uppgufun	IV, V	
3	Kerfi: umhverfistengd og virk innbyggð greiningarkerfi	VIII (og XII. viðauki við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 44/2014)	
4	Kerfi: hljóðstig	IX	
5	Kerfi: afköst knúningseiningar	X	
6	Aðskilin tæknieining: mengunarvarnarbúnaður	II, III, IV, V, VI	
7	Aðskilin tæknieining: hávaðamildunarbúnaður	IX	
8	Aðskilin tæknieining: útblásturbúnaður (mengunarvarnarbúnaður og hávaðamildunarbúnaður)	II, III, V, VI, IX	

SKRÁ II — Kröfur um notkunaröryggi ökutækis

Viðbætir	Kerfi eða íhlutur/aðskilin tæknieining	Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 3/2014 Númer viðauka	Eins og breytt með og/eða á framkvæmdarstigi
9	Kerfi: hemlar	III	
10	Kerfi: uppsetning ljósa- og ljósmerkjabúnaðar	IX	
11	Kerfi: veltivarnarbúnaður	XI	
12	Kerfi: áfesting hjólbarða	XV	
13	Íhlutur: hljóðmerkjabúnaður	II	

Viðbætir	Kerfi eða íhlutur/aðskilin tæknieining	Framseld reglugerð framkvæmda-stjórnarinnar (ESB) nr. 3/2014 Númer viðauka	Eins og breytt með og/eða á framkvæmdarstigi
14	Íhlutur/aðskilin tæknieining: framrúða úr öðru efni en gleri	VII	
15	Íhlutur/aðskilin tæknieining: framrúðusprautubúnaður	VII	
16	Íhlutur/aðskilin tæknieining: baksýnisbúnaður	X	
17	Aðskilin tæknieining: öryggisbelti	XII	
18	Íhlutur/aðskilin tæknieining: sæti (hnakkur/sæti)	XIII	

SKRÁ III — Smíði ökutækis og almennar gerðarviðurkenningarkröfur

Viðbætir	Kerfi eða íhlutur/aðskilin tæknieining	Framseld reglugerð framkvæmda-stjórnarinnar (ESB) nr. 44/2014 Númer viðauka	Eins og breytt með og/eða á framkvæmdarstigi
19	Aðskilin tæknieining: tengibúnaður eftirvagns	V	
20	Aðskilin tæknieining: búnaður til að koma í veg fyrir notkun án leyfis	VI	
21	Aðskilin tæknieining: handföng fyrir farþega	XIII	
22	Aðskilin tæknieining: fóthvílur	XIII	
23	Aðskilin tæknieining: hliðarvagn	VIII, XI, XIII; (og III., V., VII., IX., X., XII., XIII., XIV., XV., XVII. og XIX. viðauki við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 3/2014)	

2.3. Tafla sem sýnir samsetningar á færslunum í lið 2.6 innan útfærslna og afbrigða af gerð ökutækis

Tafla yfir afbrigði og útfærslur

Liður nr.	Allar	Útfærsla 1	Útfærsla 2	Útfærsla 3	Úfærsla n

2.3.1. Setja skal saman sérstaka töflu fyrir hvert afbrigði gerðarinnar.

2.3.2. Færslur án takmarkana á samsetningu innan afbrigðis skal færa í dálkinn með yfirskriftinni „Allar“.

2.3.3. Framangreindar upplýsingar má setja fram með öðru sniði eða sameina upplýsingunum sem settar eru fram í lið 2.6.

2.4. Heiti gerða, afbrigða og útfærslna

2.4.1. Framleiðandinn skal úthluta hverri gerð, hverju afbrigði og hverri útfærslu ökutækis alstafakóða sem samanstendur af rómverskum stöfum og/eða arabískum tölustöfum, sem einnig skal gefa upp í samræmisvottorðinu (sjá IV. viðauka) viðkomandi ökutækis.

Heimilt er að nota sviga og bandstrik ef þau koma ekki í staðinn fyrir bókstaf eða tölustaf.

2.4.2. Heildarkóðinn skal tilgreina eftirfarandi: Gerð-afbrigði-útfærslu (e. *Type-Variant-Version*, skammstafað TVV).

2.4.3. TVV-kóðinn skal með skýrum og ótvíræðum hætti auðkenna einstaka samsetningu tæknilegra eiginleika með tilliti til þeirra viðmiðana sem skilgreindar eru í B-hluta þessa viðauka.

2.4.4. Sami framleiðandi má nota sama kóðann til að auðkenna gerð ökutækis þegar það fellur undir tvo eða fleiri flokka.

2.4.5. Sami framleiðandi skal ekki nota sama kóðann til að auðkenna gerð ökutækis fyrir fleiri en eina gerðarviðurkenningu innan sama flokks ökutækja.

2.4.6. Fjöldi rittákna í TVV-kóða

2.4.6.1. Fjöldi rittákna skal ekki vera meiri en:

a. 15 fyrir kóða ökutækjagerðarinnar,

b. 25 fyrir kóða hvers afbrigðis,

c. 35 fyrir kóða hverrar útfærslu.

2.4.6.2. Í heild skal TVV-alstafakóðinn ekki samanstanda af fleiri en 75 rittáknum.

2.4.6.3. Ef TVV-kóðinn er notaður í heild sinni skal vera bil á milli gerðar, afbrigðis og útfærslu.

Dæmi um TVV-kóða: 159AF[…bil]0054[…bil]977K(BE).

2.5. Hvað varðar þau viðfangsefni sem um getur í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 sem fengið hafa viðurkenningar í samræmi við þær reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu sem um getur í 54. gr. reglugerðar (ESB) 168/2013 (viðurkenningar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu) skal framleiðandinn einungis leggja fram þær upplýsingar sem krafist er í lið 2.7 ef þær hafa ekki þegar verið lagðar fram í samsvarandi viðurkenningarvottorði og/eða prófunarskýrslu. Aftur á móti skal í öllum tilvikum veita þær upplýsingar sem um getur í samræmisvottorðinu (IV. viðauki).

2.6. Framleiðandinn skal fylla út viðeigandi liðanúmer í sniðmátinu sem sett er fram í lið 2.8 og leggja þessa útfylltu skrá fyrir viðurkenningaryfirvaldið sem veitir gerðarviðurkenninguna, skipt í tvö aðskilin skjöl. Viðeigandi liðir sem eru merktir með * skulu liggja hjá viðurkenningaryfirvaldinu sem veitir gerðarviðurkenninguna og allir aðrir viðeigandi liðir skulu verða hluti af upplýsingamöppunni. Dálkurinn „(Undir)flokkar“ gefur til kynna hvaða undirflokki hver einstök færsla tilheyrir (t.d. merkir „L1e - L7e“ að færslan eigi við um alla flokka og undirflokka).

2.7. Sleppa má eftirfarandi tegund gagnafærslna í upplýsingaskjalinu með því skilyrði að viðeigandi tækniteikningu, annað hvort sem pappírsskjali eða pdf-skrá, sé bætt við upplýsingamöppuna og á henni séu þessir skráðu liðir sýndir á skýran og læsilegan hátt:

2.7.1. Tegund (að undanskildum lið nr. 0.1),

2.7.2. Gerð (að undanskildum lið nr. 0.2),

2.7.3. Staðsetning/hvar,

2.7.4. Vinnsluháttur (að undanskildum lið nr. 3.2.1.2),

2.7.5. Eiginleikar,

2.7.6. Fjöldi (að undanskildum liðum nr. 1.3, 3.2.1.1 og 6.16.1),

2.7.7. Auðkenni/hlutanúmer,

2.7.8. (Stutt)/(tækni-)lýsing

2.7.9. Hönnun,

2.7.10. Uppdráttur/skýringarmynd,

2.7.11. (Smíða-)efni sem eru notuð,

2.7.12. Horn/halli og önnur mál (hæð, lengd, breidd, fjarlægð) (að undanskildum liðum nr. 2.2.1., 2.2.2, 2.2.3, 2.2.17, 7.6.1 og 7.6.2),

2.7.13. Vikmörk,

2.7.14. Viðmiðunarmerki,

2.7.15. Stærð (að undanskildum liðum nr. 6.18.1.1.1, 6.18.1.1.2 og 6.18.1.1.3),

2.7.16. Fyrirkomulag,

2.8. **GAGNAFÆRSLUR Í UPPLÝSINGASKJALINU**

Liður nr.	(Undir-)flokkar	Nákvæmar upplýsingar
0.		**ALMENNAR UPPLÝSINGAR**
A.		**Almennar upplýsingar um ökutæki**
0.1.	**L1e — L7e**	**Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):** .....
0.2.	**L1e — L7e**	**Gerð** ([17])**:** .....
0.2.1	L1e — L7e	Afbrigði, eitt eða fleiri ([17]): .....
0.2.2	L1e — L7e	Útfærsla eða útfærslur ([17]): .....
0.2.3.	L1e — L7e	Verslunarheiti (ef til er(u)): .....
0.3.	**L1e — L7e**	**Flokkur, undirflokkur og undirflokkur undirflokks ökutækis** ([2])**:** .....
0.4.	**L1e — L7e**	**Heiti fyrirtækis og heimilisfang framleiðanda:** .....
0.4.1.	L1e — L7e	Heiti og heimilisfang eða heimilisföng samsetningarverksmiðja: .....
0.4.2.	L1e — L7e	Nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðanda, ef einhver: .....
0.5.	**L1e — L7e**	**Lögboðin merkiplata eða -plötur framleiðanda:** .....
0.5.1.	L1e — L7e	Staðsetning lögboðinnar merkiplötu framleiðanda ([15]) ([18]): .....
0.5.2.	L1e — L7e	Áfestingaraðferð: .....
0.5.3.	L1e — L7e	Ljósmyndir og/eða teikningar af lögboðnu merkiplötunni (fullgert sýnishorn ásamt stærðum): .....

Liður nr.	(Undir-)flokkar	Nákvæmar upplýsingar
0.6.	**L1e — L7e**	**Staðsetning verksmiðjunúmers ökutækis**([15])**:** .....
0.6.1.	L1e — L7e	Ljósmyndir og/eða teikningar af staðsetningum verksmiðjunúmers ökutækis (fullgert sýnishorn ásamt stærðum): .....
0.6.1.1.	L1e — L7e	Raðnúmer gerðarinnar hefst á: .....
B.		**Almennar upplýsingar um kerfi, íhluti eða aðskildar tæknieiningar**
0.7.	L1e — L7e	**Tegund(-ir) (viðskiptaheiti framleiðanda):** .....
0.8.	**L1e — L7e**	**Gerð:** .....
0.8.1.	L1e — L7e	Verslunarheiti (ef til er(u)): .....
0.8.2.	L1e — L7e	Gerðarviðurkenningarnúmer (ef til er(u)): .....
0.8.3.	L1e — L7e	Gerðarviðurkenning(-ar), útgefin/útgefnar (dags, ef það liggur fyrir): .....
0.9.	L1e — L7e	**Heiti fyrirtækis og heimilisfang framleiðanda:** .....
0.9.1.	L1e — L7e	Heiti og heimilisfang eða heimilisföng samsetningarverksmiðja: .....
0.9.2.	L1e — L7e	Nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðanda, ef einhver: .....
0.10.		**Ökutæki sem kerfið/aðskilda tæknieiningin er ætluð í** ([21])**:** .....
0.10.1.	L1e — L7e	Gerð ([17]): .....
0.10.2.	L1e — L7e	Afbrigði ([17]): .....
0.10.3.	L1e — L7e	Útfærsla ([17]): .....
0.10.4.	L1e — L7e	Verslunarheiti (ef til er(u)): .....
0.10.5.	L1e — L7e	Flokkur, undirflokkur og undirflokkur undirflokks ökutækis ([2]): .....
0.11.	L1e — L7e	**Gerðarviðurkenningarmerki fyrir íhluti og aðskildar tæknieiningar** ([19])**:**
0.11.1.	L1e — L7e	Áfestingaraðferð: .....
0.11.2.	L1e — L7e	Ljósmyndir og/eða teikningar af staðsetningu gerðarviðurkenningar-merkisins (fullgert sýnishorn ásamt stærðum): .....
C.		**Almennar upplýsingar um samræmi framleiðslu og aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald**

Liður nr.	(Undir-)flokkar	Nákvæmar upplýsingar
0.12.		**Samræmi framleiðslu**
0.12.1.	L1e — L7e	Lýsing á stjórnunarkerfunum fyrir heildargæðastýringu:
0.13.		**Aðgangur að upplýsingum um viðgerðir og viðhald**
0.13.1.	L1e — L7e	Veffang fyrir aðalvefsetrið með aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja: .....
0.13.2.	L1e — L7e	Ef um er að ræða fjölþrepa gerðarviðurkenningu skal skrá veffang fyrir aðalvefsetrið sem veitir aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja frá framleiðanda eða framleiðendum á fyrra stigi/fyrri stigum:
1.		**ALMENNIR SMÍÐAEIGINLEIKAR**
1.1.	L1e — L7e	Ljósmyndir og/eða teikningar af dæmigerðu ökutæki: .....
1.2.	L1e — L7e	Kvörðuð teikning af fullbúnu ökutæki: .....
1.3.	L1e — L7e	Fjöldi ása og hjóla: .....
1.3.1.	L1e — L7e	Ásar með tvöföldum hjólum ([23]): .....
1.3.2.	L1e — L7e	Aflásar ([23]): .....
1.4.	L1e — L7e	Undirvagn (ef einhver er) (heildarteikning): .....
1.5.	L2e, L5e-B, L6e-B, L7e-A2, L7e-B2, L7e-C	Efni í yfirbyggingu:
1.6.	L1e — L7e	Staðsetning og fyrirkomulag knúnings: .....
1.7.	L4e, L5e-B, L6e-B, L7e-A2, L7e-B2, L7e-C	Stýri: vinstra megin/hægra megin/fyrir miðju ([4]): .....
1.7.1.	L1e — L7e	Ökutækið er útbúið til aksturs í hægri/vinstri handar umferð og í löndum sem nota metrakerfið/metrakerfið og breska mælieiningakerfið ([4]): .....
1.8.		**Afköst knúningseiningar**
1.8.1.	L3e, L4e, L5e, L7e-A, L7e-B2	Yfirlýstur hámarkshraði ökutækis: .... km/klst.
1.8.2.	L1e, L2e, L6e, L7e-B1, L7e-C	Hámarkshönnunarhraði ökutækisins ([22]): ..... km/klst. og gír sem hann næst í: .....
1.8.3.	L1e — L7e	Hámarksnettóafl brunahreyfils: ..... kW ..... $mín^{-1}$ við hlutfall lofts/eldsneytis: .....

Liður nr.	(Undir-)flokkar	Nákvæmar upplýsingar
1.8.4.	L1e — L7e	Hámarkssnúningsvægi (nettó) brunahreyfils: ..... Nm ..... mín^{-1} við hlutfall lofts/eldsneytis: .....
1.8.5.	L1e — L7e	Samfellt hámarksnafnafl rafhreyfils (15/30 ([4]) mínútna afl ([27])): .... kW við ..... mín^{-1}
1.8.6.	L1e — L7e	Samfellt hámarksnafnsnúningsvægi rafhreyfils: ..... Nm við .... mín^{-1}
1.8.7.	L1e — L7e	Samfellt heildarhámarksafl til knúningskerfisins/-kerfanna: .... kW við .... mín^{-1} við hlutfall lofts/eldsneytis: .....
1.8.8.	L1e — L7e	Samfellt heildarhámarkssnúningsvægi knúningskerfisins/-kerfanna: ..... Nm við ..... mín^{-1} við hlutfall lofts/eldsneytis: .....
1.8.9.	L1e — L7e	Hámarksafl til knúningskerfisins eða -kerfanna: ..... kW ..... mín^{-1} við hlutfall lofts/eldsneytis: .....
2.		**MASSAR OG MÁL** (í kg og mm) sjá teikningar þar sem við á
2.1		**Massamörk ökutækis (heildarmál)**
2.1.1.	L1e — L7e	Massi ökutækis sem er tilbúið til aksturs:.....kg
2.1.1.1.	L1e — L7e	Dreifing massa ökutækis, sem er tilbúið til aksturs, á ásana: ..... kg
2.1.2.	L1e — L7e	Raunmassi: ..... kg
2.1.2.1.	L1e — L7e	Dreifing raunmassans á ásana: ..... kg
2.1.3.	L1e — L7e	Tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu: ..... kg
2.1.3.1.	L1e — L7e	Tæknilega leyfilegur hámarksmassi á framásinn: ..... kg
2.1.3.2.	L1e — L7e	Tæknilega leyfilegur hámarksmassi á afturásinn: ..... kg
2.1.3.3.	L4e	Tæknilega leyfilegur hámarksmassi á ás hliðarvagns: ..... kg
2.1.4.	L1e — L7e	Hámarkshalli þegar tekið er af stað í brekku miðað við tæknilega leyfilegan hámarksmassa sem framleiðandi tilgreinir: .....% halli
2.1.5.	L1e — L7e	Hámarksfarmmassi, gefinn upp af framleiðanda: ..... kg
2.1.6.	L1e — L7e	Flutningsgeta hleðslupalls, gefin upp af framleiðanda: ..... kg
2.1.7.	L1e — L7e	Tæknilega leyfilegur hámarksdráttarmassi ef ([4]): Með hemlum: .... kg Án hemla:..... kg
2.1.7.1	L1e — L7e	Tæknilega leyfilegur hámarksmassi samsetts ökutækis með hleðslu: .... kg

Liður nr.	(Undir-)flokkar	Nákvæmar upplýsingar
2.1.7.2.	L1e — L7e	Tæknilega leyfilegur hámarksmassi á tengipunkti: ..... kg
2.1.8.	L1e — L7e	Massi valkvæðs búnaðar: ..... kg
2.1.9.	L1e — L7e	Massi burðarvirkis yfirbyggingar:..... kg
2.1.10.	L1e — L7e	Massi knúningsrafgeymis: ..... kg
2.1.11.	L2e, L4e, L5e, L6e, L7e	Massi hurða: ..... kg
2.1.12.	L2e-U, L5e-B, L6e-BU, L7e-CU	Massi véla eða búnaðar sem settur er upp á svæði hleðslupalls: ..... kg
2.1.13.	L1e — L7e	Massi kerfis fyrir loftkennt eldsneyti ásamt massa geymslutanks fyrir loftkennt eldsneyti: ..... kg
2.1.14.	L1e — L7e	Massi geymslutanka til geymslu á þrýstilofti: ..... kg
2.2.		**Stærðarmörk ökutækis (heildarmál)**
2.2.1.	L1e — L7e	Lengd: ..... mm
2.2.2.	L1e — L7e	Breidd: ..... mm
2.2.3.	L1e — L7e	Hæð: ..... mm
2.2.4.	L1e — L7e	Hjólhaf: ..... mm
2.2.4.1.	L4e	Hjólhaf hliðarvagns ([28]): ..... mm
2.2.5.		Sporvídd
2.2.5.1.	L1e — L7e ef búið tvöföldum hjólum L2e, L4e, L5e, L6e, L7e	Sporvídd að framan: ..... mm.
2.2.5.2.	L1e — L7e ef búið tvöföldum hjólum	Sporvídd að aftan: ..... mm.
2.2.5.3.	L2e, L4e, L5e, L6e, L7e	Sporvídd hliðarvagns: ..... mm.
2.2.6.	L7e-B	Útskögun að framan: ..... mm.
2.2.7.	L7e-B	Útskögun að aftan: ..... mm.
2.2.8.		Mál hleðslupalls

Liður nr.	(Undir-)flokkar	Nákvæmar upplýsingar
2.2.8.1.	L2e-U, L5e-B, L6e-BU, L7e-B2, L7e-CU	Lengd hleðslupalls: ..... mm
2.2.8.2.	L2e-U, L5e-B, L6e-BU, L7e-B2, L7e-CU	Breidd hleðslupalls: ..... mm
2.2.8.3.	L2e-U, L5e-B, L6e-BU, L7e-B2, L7e-CU	Breidd hleðslupalls eða -palla: ..... mm
2.2.9.		Þyngdarmiðja
2.2.9.1.	L2e-U, L5e-B, L6e-BU, L7e-B2, L7e-CU	Staðsetning þyngdarmiðju framan við afturás, Lcg: ..... mm.
2.2.9.2.	L2e-U, L5e-B, L6e-BU, L7e-B2, L7e-CU	Staðsetning þyngdarmiðju ofan við jarðflöt, Hcg: ..... mm.
2.2.9.3.	L2e-U, L5e-B, L6e-BU, L7e-B2, L7e-CU	Staðsetning þyngdarmiðju palls með hleðslu framan við afturás, LcgLP: ..... mm.
2.2.10.		Ýmis mál
2.2.10.1.	L7e-B2	Flái að framan ([11]): ..... gráður.
2.2.10.2.	L7e-B2	Flái að aftan ([11]): ..... gráður.
2.2.10.3.	L7e-B2	Fríhorn ([11]): ..... gráður.
2.2.10.4.	L7e-B2	Hæð frá jörðu undir framás ([11]): ..... mm.
2.2.10.5.	L7e-B2	Hæð frá jörðu undir afturás ([11]): ..... mm.
2.2.10.6.	L3e-AxE (x=1, 2 eða 3), L3e-AxT (x=1, 2 eða 3) L7e-B	Hæð frá jörð milli ása ([11]): ..... mm.
2.2.10.7.	L7e-B	Hlutfall hjólhafs og hæðar yfir jörð ..... [engin eining]
2.2.10.8.	L7e-B2	Stuðull stöðugleika í kyrrstöðu — Kst: [engin eining]
2.2.10.9.	L3e-AxE, L3e-AxT	Hæð sætis: ..... mm
2.2.10.10.	L3e-AxE, L3e-AxT	Hæð frá jörð: ..... mm

Liður nr.	(Undir-)flokkar	Nákvæmar upplýsingar
3.		**ALMENNIR EIGINLEIKAR AFLRÁSA**
3.1		**Framleiðandi knúningseiningarinnar**
3.1.1.		*Brunahreyfill*
3.1.1.1.	L1e — L7e	Framleiðandi: .....
3.1.1.2.	L1e — L7e	Hreyfilkóði (eins og hann er settur á hreyfilinn eða annars konar auðkenni): .....
3.1.1.3.	L1e — L7e	Auðkennismerki fyrir eldsneyti (ef það er fyrir hendi): .....
3.1.2.		*Rafhreyfill*
3.1.2.1.	L1e — L7e	Framleiðandi: .....
3.1.2.2.	L1e — L7e	Hreyfilkóði rafhreyfils (eins og hann er settur á hreyfilinn eða annars konar auðkenni): .....
3.1.3.		*Blönduð notkun*
3.1.3.1.	L1e — L7e	Framleiðandi: .....
L6e-B	Raf-kveikja/ þjöppu-kveikja/ blend-ings-	SL_{EU4}: 80	Framseld reglugerð framkvæmda-stjórnarinnar (ESB) 134/2014, VIII. við-auki/reglugerð efna-hagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 9	SL_{EU5}:	Reglugerð efnahags-nefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 9
		$TR_{TTIXEU4}$:		$TR_{TTIXEU5}$:	
L7e-A	Raf-kveikja/ þjöppu-kveikja/ blend-ings-	SL_{EU4}: 80		SL_{EU5}:	
		$TR_{TTIXEU4}$:		$TR_{TTIXEU5}$:	
L7e-B	Raf-kveikja/ þjöppu-kveikja/ blend-ings-	SL_{EU4}: 80		SL_{EU5}:	
		$TR_{TTIXEU4}$:		$TR_{TTIXEU5}$:	
L7e-C	Raf-kveikja/ þjöppu-kveikja/ blend-ings-	SL_{EU4}: 80		SL_{EU5}:	
		$TR_{TTIXEU4}$:		$TR_{TTIXEU5}$:	

2.2.1.10.12 Tegund(-ir) og gerð(-ir) hávaðamildunarbúnaðarins sem kemur í stað fyrir þann gamla ([3]):

2.2.1.10.13. Staðsetning gerðarviðurkenningarnúmersins (bætið við teikningum, ljósmyndum) ([3]):

2.2.1.11. **Niðurstöður úr prófun á knúningseiningu**

2.2.1.11.1. Gögn um afkastagetu knúningseiningarinnar sem skal leggja fram til að mæla/ákvarða hámarks hönnunarhraða öðutækis ([3])

2.2.1.11.1.1. Nákvæmar upplýsingar um vélbúnað og hugbúnað í prófunarökutæki eða -ökutækjum, ísetta íhluti og fylgihluti sem um getur í X. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 134/2014. Einhver frávik prófunarökutækis eða -tækja frá þeim gögnum sem koma fram í upplýsingaskjalinu, I. viðauki: já/nei ([3]) ([4]). Ef já, leggið fram skrá yfir frávik sem skipta máli fyrir mælingu á hámarkshönnunarhraða ökutækisins og þann gír sem hann náðist í ([3]): .....

2.2.1.11.1.2. Prófunarmassi ökutækis sem er tilbúið til aksturs ([3]): massi plús stjórnandi/ökumaður ([4]): .....

2.2.1.11.1.3. Nákvæm tilgreining á prófunareldsneyti sem var notað ([3]): .....

2.2.1.11.1.4. Nákvæm tilgreining á smurefni aflrásar ([3]): .....

2.2.1.11.1.5. Loftþrýstingur ([3]): ..... kPa

2.2.1.11.1.6. Rakastig ([3]): ..... %

2.2.1.11.1.7. Umhverfishiti ([3]): ..... K

2.2.1.11.1.8. Vindhraði og -átt á prófunarbrautinni ([3]): ..... km/klst.

2.2.1.11.1.9. Ástand prófunarbrautarinnar (hitastig, rakastig, o.s.frv.) ([3]): .....

2.2.1.11.1.10. Mældur hámarkshönnunarhraði og gír sem hann næst í ([3]): .....… km/klst. ….....
..... $mín^{-1}$ í gír nr.: .....

2.2.1.11.1.11. Hámarkshönnunarhraði ökutækis

2.2.1.11.1.12. Undanþága fyrir L3e-A3 og L4e-A3 ökutæki; hámarkshönnunarhraði gefinn upp af framleiðanda ([3]): …..... km/klst. …..... $mín^{-1}$ í gír nr.: .....

2.2.1.11.2. Gögn um afkastagetu knúningseiningarinnar sem skal leggja fram til mælingar/ákvörðunar á snúningsvægi og afli knúningskerfisins á aflmæli hreyfilsins ([3])

2.2.1.11.2.1. Nákvæmar upplýsingar um hvaða vélbúnaður og hugbúnaður í knúningsaflskerfinu var prófaður, prófunarbúnað og stillingar sem skipta máli varðandi mælingar á afköstum knúningseiningarinnar í prófun með aflmæli á hreyflinum ([3]): .....

2.2.1.11.2.1.1. Skrá yfir efnisþætti og númer hluta/merkingar sem skipta máli fyrir mælingu á afköstum knúningseiningarinnar í prófun með aflmæli á hreyflinum sem um getur í X. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 134/2014 ([3])

2.2.1.11.2.1.2. Prófunareldsneyti ([3]): .....

2.2.1.11.2.1.3. Nákvæm tilgreining á smurefni aflrásar ([3]): .....

2.2.1.11.2.1.4. Loftþrýstingur ([3]): ..... kPa

2.2.1.11.2.1.5. Rakastig ([3]): ..... %

2.2.1.11.2.1.6. Umhverfishiti ([3]): ..... K

2.2.1.11.2.1.7. Leiðréttingarstuðull fyrir viðmiðunarskilyrði í andrúmslofti $\alpha 1$ ([3]): .....

2.2.1.11.2.1.8. Leiðréttingarstuðull fyrir skilvirkni yfirfærslunnar $\alpha 2$ ([3]): .....

2.2.1.11.2.1.9. Hitastig smurolíu ([3]): ..... K

2.2.1.11.2.1.10. Hiti olíu við mælipunkt ([3]): ..... K

2.2.1.11.2.1.11. Hiti útblásturs ([3]): ..... K

2.2.1.11.2.1.12. Framleiðandinn skal tilgreina niðurstöðurnar úr prófuninni á afköstum knúningseiningarinnar hér á eftir ([3]):

2.2.1.11.2.1.13. Leyfilegur hámarkssnúningshraði brunahreyfils/rafhreyfils/knúningsaflskerfis ([3]) ([4]): ..... mín^{-1}

2.2.1.11.2.1.14. Hámarksnettóafl brunahreyfils ([3]): ..... kW ..... mín^{-1} við hlutfall lofts/eldsneytis: .....

2.2.1.11.2.1.15. Hámarkssnúningsvægi (nettó) brunahreyfils ([3]): ..... kW ..... mín^{-1} við hlutfall lofts/eldsneytis: ....

2.2.1.11.2.1.16. Samfellt hámarksnafnafl rafhreyfils ([3]): ..... kW við .....mín^{-1}

2.2.1.11.2.1.17. Samfellt hámarksnafnsnúningsvægi rafmagnshreyfils ([3]): ..... Nm við .... mín^{-1} .....

2.2.1.11.2.1.18. Hámarksstraumur rafhreyfils við samfellt hámarksnafnafl ([3]): ..... A

2.2.1.11.2.1.19. Samfellt heildarafl til knúningskerfisins/-kerfanna ([3]): .... kW við .... mín^{-1} við hlutfall lofts/eldsneytis: ...

2.2.1.11.2.1.20. Samfellt heildarhámarkssnúningsvægi til knúningskerfisins/-kerfanna ([3]): .... kW við .... mín^{-1} við hlutfall lofts/eldsneytis: .....

2.2.1.11.2.1.21. Hámarksafl til knúningskerfis eða -kerfa ([3]): .... kW við .... mín^{-1} við hlutfall lofts/eldsneytis: .....

2.2.1.11.2.1.22. Afl/massi ökutækis sem er tilbúið til aksturs ([3]): ..... kW ..... mín^{-1} við hlutfall lofts/eldsneytis: .....

2.2.1.11.2.1.23. Rauneldsneytisnotkun, g/kWh við hámarksnettóafl og hámarksafl ([3]):

2.2.1.11.2.1.24. Afkastageta knúningseiningar sett fram sem sveiflurit (e. *sweep graph*) yfir heildarafl og -snúningsvægi miðað við snúningshraða hreyfils (frá 1200 snún./mín. á knúningsgangráði og í 400 snún./mín. þrepum). Aukabreytur: kveikihorn, hlutfall lofts/eldsneytis og massi loftstreymis (mældur eða reiknaður) ([3]):

2.2.1.11.2.1.25. Hámarkshraði ökutækis og í hvaða gír honum er náð ..... km/klst.) (einungs fyrir undirflokka L1e, L2e, L6e, L7e-B1, L7e-C) ([3])

2.2.1.11.2.1.26. Yfirlýstur hámarkshraði ökutækis: … km/klst.) (einungis fyrir undirflokka án takmörkunar á hámarkshraða: L3e, L4e, L5e, L7e-A og e-B2) ([3])

2.2.2. (B) ***Prófunarskýrslur um notkunaröryggi***

2.2.2.1. **Veltigrindur að framan og aftan**

2.2.2.1.1. Lýsing og rökstuðningur fyrir viðeigandi ákvæðum sem beitt var við mat á ökutækinu ([3]): .....

2.2.2.2. **Stjórntæki sem ökumaður stjórnar, þ.m.t. auðkenning stjórntækja, gaumbúnaðar og merkjabúnaðar**

2.2.2.2.1. Nákvæm skrá yfir stjórntæki, gaumbúnað, lit gaumbúnaðar og álestrartæki ökutækisins ([3]): ….....

2.2.2.2.2. Mat á sýnileika ([3]): .....

2.2.2.3. **Uppsettur ljósa- og ljósmerkjabúnaður, þ.m.t. sjálfvirk kviknun og slokknun ljósa**

2.2.3.1. Sértæk prófunarskilyrði (t.d. biluð ljósapera í álestrartæki) ([3]): .....

2.2.2.4. **Öryggisbeltafestingar og öryggisbelti**

2.2.2.4.1. Lýsing og rökstuðningur fyrir viðeigandi ákvæðum sem beitt var við mat á ökutækinu ([3]): .....

2.2.2.5. **Áfesting hjólbarða**

2.2.2.5.1. Hámarkshjúpferill hjólbarða sem beitt var við mat á fjarlægð frá hindrunum ([3]): .....

2.2.2.6. **Vernd ökumanns og farþega, þ.m.t. innréttingar og dyr á ökutækjum**

2.2.2.6.1. Gildi radíusmælinga á útstæðum hlutum inni í ökutækinu, í nægjanlegum smáatriðum ([3]): .....

2.2.2.7. **Samfellt hámarksheildarafl og/eða hámarkstakmörkun hönnunarhraða ökutækis**

2.2.2.7.1. Hámarkshraði ökutækis og/eða samfellt hámarksafl fyrir ökutæki búin hreyfli með rafkveikju/þjöppukveikju sem takmarkast af ([3]):

a) eiginleikum, tímastillingu neistans sem kveikir í blöndu eldsneytis/lofts í strokk(um) eða hvort hann er til staðar: já/nei ([3]) ([4])

b) magni lofts sem hreyfillinn tekur inn: já/nei ([3]) ([4])

c) magni eldsneytis sem hreyfillinn tekur inn: já/nei ([3]) ([4])

d) snúningshraða úttaks aflrásar sem stýrt er vélrænt, svo sem tengslum, gírkassa eða endanlegu drifi: já/nei ([3]) ([4])

2.2.2.7.2. Takmarka skal hámarkshraða ökutækisins og/eða hámarksafl þess með tveimur eða fleiri af eftirfarandi aðferðum ef um er að ræða ökutæki sem eru knúin áfram af einum eða fleiri rafhreyflum, þar með talin rafökutæki og blendingsökutæki:

a) minnkun hámarksafkasta eins eða fleiri rafhreyfla, byggð á ökutækinu eða snúningshraða eins og rafhreyfill nemur hann innan frá: já/nei ([3]) ([4])

b) minnkun hámarksafkasta eins eða fleiri rafmagnshreyfla, byggð á raunverulegum hraða ökutækisins eins og rafhreyfill nemur hann að fullu utan frá: já/nei ([3]) ([4])

c) efnislegar takmarkanir á hraða ökutækis með innri eða ytri íhlutum svo sem hæsta snúningshraða sem rafhreyfill getur náð: já/nei ([3]) ([4])

2.2.2.7.3. Takmarka skal hámarkshraða ökutækisins og/eða hámarksafl þess með tveimur eða fleiri af eftirfarandi aðferðum ef um er að ræða ökutæki sem eru knúin áfram með annari aðferð en tilgreind er í liðum 2.2.7.1 og 2.2.7.2. ([3]): .....

2.2.3. (C) ***Prófunarskýrsla um smíði ökutækis***

2.2.3.1. **Fyrirkomulag við gerðarviðurkenningaraðferðir** ([3])

Tilvísun í framselda gerð	Viðauki nr.	Sýndarprófun og/eða sjálfsprófun	Viðfangsefni	Takmarkanir/ athugasemdir	Gilti
Framseld reglugerð framkvæmda-stjórnar-innar (ESB) nr. 134/2014	IX	Sjálfsprófun	Prófunaraðferðir fyrir hámarkshönn-unarhraða ökutækis	Aðeins fyrir undirflokka L3e-A3, L4e-A3 og L5e og felur ekki í sér neina aðra prófun á afköstum knúningeiningar.	já/nei
Framseld reglugerð framkvæmda-stjórnar-innar (ESB) nr. 3/2014	II	Sjálfsprófun	Hljóðmerkjabúnaður	Eingöngu uppsetning	já/nei

Tilvísun í framselda gerð	Viðauki nr.	Sýndar-prófun og/eða sjálfs-prófun	Viðfangsefni	Takmarkanir/ athugasemdir	Gilti
Framseld reglugerð framkvæmda-stjórnar-innar (ESB) nr. 3/2014	VIII	Sjálfsprófun	Stjórntæki sem ökumaður stjórnar, þ.m.t. auðkenning stjórntækja, gaumbúnaðar og merkjabúnaðar	Eingöngu hraðamælir	já/nei
Framseld reglugerð framkvæmda-stjórnar-innar (ESB) nr. 3/2014	IX	Sýndar-prófun	Uppsetning ljósa- og ljósmerkjabúnaðar	Eingöngu mál	já/nei
Framseld reglugerð framkvæmda-stjórnar-innar (ESB) nr. 3/2014	X	Sýndar-prófun	Útsýn aftur fyrir	Eingöngu uppsetning, eingöngu samkvæmt reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 81	já/nei
Framseld reglugerð framkvæmda-stjórnar-innar (ESB) nr. 3/2014	XIV	Sýndar-prófun	Áfesting hjólbarða	Eingöngu þegar fríhæð er meiri en 10 mm.	já/nei
Framseld reglugerð framkvæmda-stjórnar-innar (ESB) nr. 44/2014	XIV	Sjálfsprófun og sýndar-prófun	Flötur fyrir skrán-ingarmerki		já/nei
Framseld reglugerð framkvæmda-stjórnar-innar (ESB) nr. 44/2014	XVI	Sjálfsprófun	Standarar	Eingöngu kerfi til að halda standara í tiltekinni stöðu í lið 2.5.	já/nei
Þessi fram-kvæmdar-reglugerð framkvæmda-stjórnarinnar	VIII	Sjálfsprófun	Lögboðin merkiplata og ESB gerðarviður-kenningarmerki		já/nei

2.2.3.2. **Kröfur sem gilda um tengibúnað og áfesta hluta**

2.2.3.2.1. Hreyfiprófun (þolprófun) fyrir tengikúlu og/eða -haus: stenst/stenst ekki prófun ([3]) ([4])

2.2.3.2.2. Niðurstöður úr hreyfiprófun (þolprófun) ([3]): .....

2.2.3.3. **Kröfur sem gilda um útstæða hluta**

2.2.3.3.1. Gildi radíusmælinga á útstæðum hlutum utan á ökutækinu, í nægjanlegum smáatriðum ([3]): .....

2.2.3.3.2. Lýsing og rökstuðningur fyrir viðeigandi ákvæðum sem beitt var við mat á ökutækinu ([3]):

2.2.3.4. **Virknikröfur fyrir innbyggt greiningarkerfi** ([3])

2.2.3.4.1.

Íhlutur	Bilanagreiningarkóði	Vöktunaraðferð	Viðmiðanir fyrir bilanagreiningu	Viðmiðanir til að virkja bilanavísi	Annars stigs mælibættir	Formeðhöndlun	Tilraunaprófun	Staðalstilling
Hvata-aðgerð	P0420	Merki frá súr-efnis-skynjara 1 og 2	Mismunur á merkjum frá skynjara 1 og 2	3. lota	Snúnings-hraði, álag hreyfils, A/F hamur, hiti í hvarfakút	Tvö prófun-arferli með prófun I	Gerð I	Ekkert

2.2.3.5. **Standarar**

2.2.3.5.1. Nákvæm lýsing og mat á kerfinu sem er notað til að koma í veg fyrir knúning ökutækisins þegar standarinn er í notkun: .....

3. **Blað með niðurstöðum úr prófunum**

3.1. Blaðið með niðurstöðunum úr prófununum sem fylgir ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu, eins og mælt er fyrir um í 3. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013, skal hafa þá uppbyggingu og innihalda þær upplýsingar sem komið er á með lið 2.2 í þessum viðauka.

Skýringar við VIII. viðauka:

(Neðanmálsgreinar og skýringar komi ekki fram í prófunarskýrslunni eða blaðinu með niðurstöðunum úr prófununum)

([3]) Ef við á

([4]) Strikið yfir það sem ekki á við (óþarft að strika yfir þegar fleiri en ein færsla á við).

([8]) Tilgreinið efri og lægri gildi fyrir hvert afbrigði.

IX. VIÐAUKI

Sniðmát og númerakerfi fyrir vottorð til að setja á markað og taka í notkun hluti eða búnað sem skapað geta verulega hættu fyrir rétta virkni nauðsynlegra kerfa

SKRÁ YFIR VIÐBÆTA

Númer viðbætis	Heiti viðbætis	Bls.
1	Fyrirmynd að vottorði um leyfi til ESB-gerðarviðurkenningar til að setja á markað og að taka í notkun á hluta eða búnað sem skapað geta verulega hættu fyrir rétta virkni nauðsynlegra kerfa	200

1. **Almennar kröfur**

1.1. Setning á markað á hlutum eða búnaði sem skapað geta verulega hættu fyrir rétta virkni kerfa sem nauðsynleg eru öryggi ökutækis eða vistvænleika þess skulu vera með fyrirvara um leyfi í samræmi við 3. mgr. 51. gr. reglugerðar 168/2013.

1.2. Slíkt leyfi skal vera í formi vottorðs og er fyrirmynd að því að finna í 1. viðbæti og númerakerfi þess er lýst í 2. lið.

1.3. Vottorðið sem um getur í lið 1.2 skal innihalda forskriftir um smíðaöryggi og notkunaröryggi, sem og um umhverfisvernd og, sé þess þörf, um prófunarstaðla. Þær geta byggst á þeim framseldu reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar sem taldar eru upp í II. viðauka við reglugerð (ESB) 168/2013, geta verið þróaðar í samræmi við viðeigandi öryggis-, umhverfis- og prófunartækni eða, ef það er viðeigandi leið til að ná þeim öryggis- og umhverfismarkmiðum sem krafist er, geta samanstaðið af samanburði á hlutnum eða búnaðinum og vistvænleika eða öryggisframmistöðu upprunalega ökutækisins eða einhvers hluta þess, eins og við á.

1.4. Viðauki þessi gildir ekki um hluti eða búnað áður en hann þeir eru skráðir í X. viðauka. Fyrir hverja færslu eða flokk færslna í X. viðauka skal ákveða hæfilegt aðlögunartímabil til að gera framleiðanda hlutarins eða búnaðarins kleift að sækja um og fá leyfi. Á sama tíma er heimilt að ákveða dagsetningu, eftir því sem við á, til að undanskilja frá ákvæðum þessa viðauka hluti og búnað sem eru hannaðir fyrir ökutæki sem voru gerðarviðurkennd fyrir þá dagsetningu.

2. **Númerakerfi**

2.1. Númer vottorðsins til að setja á markað og taka í notkun hluti eða búnað sem geta skapað verulega hættu fyrir rétta virkni nauðsynlegra kerfa skal samanstanda af alls fimm liðum eins og skilgreint er hér á eftir. Aðskilja skal liðina með stjörnu („*“).

2.1.1. 1. liður: Lágstafurinn „e“, og þar á eftir komi auðkennisnúmer aðildarríkisins (tilgreint í lið 2.1 í VII. viðauka) sem gaf út vottorðið.

2.1.2. 2. liður: Númer reglugerðar (ESB) nr. 168/2013: Tilgreina skal „168/2013“.

2.1.3. 3. liður: Auðkenning hlutarins eða íhlutarins samkvæmt skránni í X. viðauka:

— fyrir hlut eða búnað sem hefur umtalsverð áhrif á smíðaöryggi ökutækis og/eða notkunaröryggi þess merkir þetta táknið „I“ með tákninu „/“ á eftir og tilsvarandi „Lið nr.“ úr töflu 10-1 í X. viðauka. „Liður nr.“ skal vera með þremur tölustöfum og skal röðin hefjast á „001“.

— fyrir hlut eða búnað sem hefur umtalsverð áhrif á vistvænleika ökutækisins merkir þetta táknið „II“ með tákninu „/“ á eftir og tilsvarandi „Lið nr.“ úr töflu 10-2 í X. viðauka. „Liður nr.“ skal vera með þremur tölustöfum og skal röðin hefjast á „001“.

2.1.4. 4. liður: Raðtala fyrir vottorðið.

— raðtala með núllum fremst (eftir því sem við á), til að tákna númer vottorðsins. Raðtalan skal vera þriggja tölustafa og skal röðin hefjast á „001“.

2.1.5. 5. liður: Raðtala sem er sýnir rýmkun vottorðsins.

— tveggja tölustafa raðtala fyrir hvert útgefið vottorðsnúmer, með núlli fremst eftir því sem við á, og röðin hefst á „00“.

2.2. Sniðmát númerasetningar vottorðs (með gerviraðtölum til skýringar).

Dæmi um númer á vottorði gefnu út í Búlgaríu fyrir hlut eða búnað sem er samþættur hluti af ökutæki sem er gerðarviðurkennt samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 168/2013:

— e34*168/2013*II/002*148*00

— e34 = Búlgaría (1. liður)

— 168/2013 = Reglugerð (ESB) 168/2013 (2. liður)

— II/002 = 002. liður í skránni yfir hluta eða búnað sem hefur veruleg áhrif á vistvænleika ökutækisins (liður 3)

— 148 = raðtala gerðarviðurkenningar (4. liður)

— 00 = rýmkunarnúmer (5. liður)

Dæmi um númer á vottorði gefnu út í Austurríki fyrir hlut eða búnað sem er samþættur hluti af ökutæki sem er gerðarviðurkennt samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 168/2013 og hefur verið rýmkað einu sinni:

— e12*168/2013*I/034*225*01

— e12 = Austurríki (1. liður)

— 168/2013 = Reglugerð (ESB) 168/2013 (2. liður)

— I/034 liður 034 í skránni yfir hluti eða búnað sem hafa umtalsverð áhrif á smíðaöryggi ökutækis og/eða notkunaröryggi þess (3. liður)

— 225 = raðtala gerðarviðurkenningar (4. liður)

— 01 = rýmkunarnúmer (5. liður)

1. viðbætir

Fyrirmynd að vottorði um leyfi til ESB-gerðarviðurkenningar til að setja á markað og að taka í notkun hluti eða búnað sem skapað geta verulega hættu fyrir rétta virkni nauðsynlegra kerfa

ESB-vottorð um leyfi

FYRIRMYND

Snið: A4 (210 × 297 mm)

ESB-VOTTORÐ UM LEYFI

Stimpill gerðarviðurkenningaryfirvalds

Tilkynning um:

— vottorð um leyfi (1)
— rýmkun á vottorði um leyfi (1)
— synjun um vottorð um leyfi (1)
— afturköllun vottorðs um leyfi (1)

} vegna setningar á markað og að taka í notkun hluti og búnað sem geta skapað verulega hættu fyrir rétta virkni kerfa sem nauðsynleg eru öryggi ökutækis eða vistvænleika þess

I. LIÐUR

Tegund hlutar/búnaðar. .....

Númer hlutar/búnaðar (1): .....

Númer ESB-vottorðs um leyfi: .....

Ástæða fyrir rýmkun: .....

Heiti og heimilisfang framleiðanda: .....

Heiti og heimilisfang eða heimilisföng framleiðsluverksmiðju eða -verksmiðja: .....

Nafn og heimilisfang fulltrúa framleiðandans (ef einhver): .....

II. LIÐUR

Hluturinn/búnaðurinn (1) er sérstaklega ætlaður til ísetningar í eftirfarandi ökutæki:

Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda): .....

Tegund(-ir) (2): .....

Afbrigði, eitt eða fleiri (2): .....

Útfærsla eða útfærslur (2): .....

III. LIÐUR

Forskriftir fyrir:

a) smíðaöryggi ökutækis (1): .....

b) notkunaröryggi ökutækis (1): .....

c) umhverfisvernd ökutækis ([1]): .....

d) prófunarstaðla ([1]): .....

IV. LIÐUR

Forskriftir byggðar á:

a) Viðauka eða viðaukum ([3]) … við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. …/…, (og … viðauka eða viðaukum ([3]) … (a) við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) (nr.) …/…) ([1]) eins og henni var síðast breytt með (framseldri ([1]) reglugerð framkvæmdastjórnarinnar) ([1]) ([4])

b) samanburði á hlutnum/búnaðinum ([1]) og öryggi/vistvænleika ([1]) upprunalega ökutækisins/hlutum upprunalega ökutækisins ([1]) (útskýrið) ([1]): .....

V. LIÐUR — TÆKNIÞJÓNUSTA

Tækniþjónusta sem annast prófanirnar: .....

Dagsetning prófunarskýrslu: .....

Númer prófunarskýrslu: .....

VI. LIÐUR

Hlutinn/búnaðurinn ([1]) dregur/dregur ekki ([1]) úr virkni þeirra kerfa sem nauðsynleg eru öryggi ökutækisins eða vistvænleika þess.

Vottorðið um leyfið er veitt/rýmkað/synjað/afturkallað ([1])

Staður: .....

Dagsetning: .....

Nafn og undirskrift (eða myndræn framsetning á „útfærðri rafrænni undirskrift“ samkvæmt tilskipun 1999/93/EB, þ.m.t. sannprófunargögn): .....

Fylgiskjöl:

— Prófunarskýrsla

Skýringar við 1. viðbæti

(Neðanmálsgreinar og skýringar komi ekki fram í vottorði)

([1]) Strikið yfir ef það á ekki við.

([2]) Tilgreinið gerð-afbrigði-útfærslu alstafakóða fyrir hverja gerð, hvert afbrigði og hverja útfærslu eins og fram kemur í lið 2.3 í B-hluta I. viðauka.

([3]) Rómverskur tölustafur viðeigandi viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt breytingunni sem gildir um ESB-gerðarviðurkenninguna.

([4]) Tilgreinið nýjustu breytingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt breytingunni sem gildir um ESB-gerðarviðurkenninguna.

X. VIÐAUKI

Skrá yfir hluti eða búnað sem skapað geta verulega hættu fyrir rétta virkni nauðsynlegra kerfa

I. **Hlutir eða búnaður sem hafa umtalsverð áhrif á smíðaöryggi ökutækis og/eða notkunaröryggi þess**

Tafla 10-1

Hlutir eða búnaður sem hafa veruleg áhrif á öryggi ökutækja

Liður nr.	Lýsing	Afkastakrafa	Prófunaraðferð	Kröfur um merkingar	Kröfur vegna umbúða
001	[...]				
002					
003					

II. **Hlutir eða búnaður sem hafa veruleg áhrif á vistvænleika ökutækis**

Tafla 10-2

Skrár yfir hluti eða búnað sem hafa veruleg áhrif á vistvænleika ökutækis

Liður nr.	Lýsing	Afkastakrafa	Prófunaraðferð	Kröfur um merkingar	Kröfur vegna umbúða
001	[...]				
002					
003					

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1189 2016/EES/27/80

frá 28. apríl 2015

um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun katla fyrir eldsneyti í föstu formi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur([1]), einkum 1. mgr. 15. gr.,

að höfðu samráði á samráðsvettvanginum, sem um getur í 18. gr. tilskipunar 2009/125/EB,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Þess er krafist í tilskipun 2009/125/EB að framkvæmdastjórnin setji fram kröfur varðandi visthönnun, að því er varðar orkutengdar vörur sem eru umtalsverður hluti sölu og viðskipta, hafa veruleg umhverfisáhrif og búa yfir miklum möguleikum til umbóta að því er varðar umhverfisáhrif þeirra, án þess að umbótunum fylgi óhóflegur kostnaður.

2) Í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2009/125/EB er kveðið á um að framkvæmdastjórnin ætti, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 19. gr. og viðmiðanirnar, sem settar eru fram í 2. mgr. 15. gr., og að höfðu samráði á samráðsvettvanginum, að innleiða, eftir því sem við á, framkvæmdarráðstafanir fyrir vörur sem gefa mikla möguleika á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á kostnaðarhagkvæman hátt, t.d. frá hitunarbúnaði, þ.m.t. katlar fyrir eldsneyti í föstu formi og pakkar með katli fyrir eldsneyti í föstu formi, viðbótarhiturum, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku.

3) Framkvæmdastjórnin hefur látið fara fram undirbúningsrannsókn þar sem tækni-, umhverfis- og efnahagsgreining var gerð á kötlum fyrir eldsneyti í föstu formi sem venjulega eru notaðir á heimilum og í atvinnuhúsnæði. Rannsóknin hefur verið þróuð með hagsmunaaðilum og hlutaðeigandi aðilum frá Sambandinu og þriðju löndum og hafa niðurstöðurnar verið gerðar aðgengilegar öllum.

4) Þeir umhverfisþættir katla fyrir eldsneyti í föstu formi, sem taldir eru mikilvægir hvað þessa reglugerð varðar, eru orkunotkun á notkunarstiginu og losun efnisagna (ryks), loftkenndra, lífrænna efnasambanda, kolsýrings og köfnunarefnisoxíða á notkunarstiginu. Gert er ráð fyrir að árleg orkunotkun, sem tengist kötlum fyrir eldsneyti í föstu formi, verði 530 PJ (u.þ.b. 12,7 milljónir tonna olíuígilda (Mtoe)) árið 2030 og gert er ráð fyrir að árleg losun verði 25 kílótonn (kt) af efnisögnum, 25 kt af loftkenndum, lífrænum efnasamböndum og 292 kt af kolsýringi árið 2030. Gert er ráð fyrir að losun köfnunarefnisoxíða aukist sökum mögulegrar nýrrar hönnunar á kötlum fyrir eldsneyti í föstu formi sem miðar að því að auka orkunýtni og draga úr losun lífrænna efnasambanda. Undirbúningsrannsókn sýnir að mögulegt er að draga verulega úr orkunotkun á notkunarstigi og losun frá kötlum fyrir eldsneyti í föstu formi.

5) Undirbúningsrannsóknin sýnir að frekari kröfur varðandi mæliþætti visthönnunar fyrir vörurnar, sem um getur í 1. hluta I. viðauka við tilskipun 2009/125/EB, eru ekki nauðsynlegar fyrir katla fyrir eldsneyti í föstu formi. Einkum var losun díoxíns og fúrans ekki talin marktæk.

6) Katlar sem framleiða varma eingöngu í þeim tilgangi að útvega heitt neyslu- eða grávatn, katlar til að hita og dreifa varmaberum sem notast við lofthita og katlar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku með a.m.k. 50 kW raforkuafköst hafa allir sérstaka tæknilega eiginleika og ættu því að vera undanþegnir gildissviði þessarar reglugerðar. Katlar fyrir lífmassa úr öðru en viði eru undanþegnir því á þessu stigi liggja ekki fyrir nægar upplýsingar í Evrópu til að hægt sé að

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 193, 21.7.2015, bls. 100. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/2016 frá 5. febrúar 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10.

ákvarða viðeigandi kröfur um visthönnun katlanna og þeir gætu haft önnur veruleg umhverfisáhrif, t.d. losun fúrans og díoxíns. Við endurskoðun þessarar reglugerðar verður endurmetið hvort viðeigandi sé að setja kröfur varðandi visthönnun að því er varðar katla fyrir lífmassa úr öðru en viði.

7) Mögulegt er að draga úr orkunotkun og losun frá kötlum fyrir eldsneyti í föstu formi með því að beita fyrirliggjandi tækni, sem ekki er háð einkaleyfi, án þess að hækka samanlagðan kostnað við að kaupa og nota þessar vörur.

8) Gert er ráð fyrir því að samanlögð áhrif krafnanna varðandi visthönnun, sem settar eru fram í þessari reglugerð og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1187 ([2]), leiði til þess að áætlaður árlegur orkusparnaður árið 2030 verði u.þ.b. 18 PJ (u.þ.b. 0,4 milljónir tonna olíuígilda), og tilheyrandi skerðing á losun koltvísýrings (CO_2) verði u.þ.b. 0,2 Mt sem og skerðing á losun efnisagna sem nemur 10 kt og skerðing á losun loftkenndra lífrænna efnasambanda sem nemur 14 kt ásamt 130 kt skerðingu á kolsýringslosun.

9) Kröfur varðandi visthönnun ættu að samræma kröfur um orkunotkun og losun að því er varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi í öllu Sambandinu og bæta þannig starfsemi innri markaðarins og aukinn vistvænleika þessara vara.

10) Kröfur varðandi visthönnun ættu ekki hafa áhrif á virkni eða að verð katla fyrir eldsneyti í föstu formi sé viðráðanlegt frá sjónarhóli endanlegs notanda og ættu ekki að hafa neikvæð áhrif á heilbrigði, öryggi eða umhverfið.

11) Við innleiðingu krafna varðandi visthönnun ætti að gefa framleiðendum nægan tíma til að endurhanna vörur sínar sem falla undir þessa reglugerð. Setja ætti tímamörk, með tilliti til áhrifa á kostnað fyrir framleiðendur, einkum á lítil og meðalstór fyrirtæki, en jafnframt tryggja að markmið þessarar reglugerðar náist tímanlega.

12) Mæliþætti vöru ætti að mæla og reikna út með því að nota áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir sem taka mið af viðurkenndum mæli- og reikniaðferðum sem byggjast á nýjustu og fullkomnustu tækni, þ.m.t. samhæfðum stöðlum, þar sem þeir eru fyrir hendi, sem eru samþykktir af evrópskum staðlastofnunum í kjölfar beiðni framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við málsmeðferðarreglurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun ([3]).

13) Í þessari reglugerð eru tilgreindar hvaða aðferðir gilda við samræmismat, í samræmi við 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB. Jafnvel þótt viðeigandi sé að endurskoða á sama tíma hvort vottun þriðja aðila sé viðeigandi, eins og krafist er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 813/2014([4]), er hvorki æskilegt né virðist það mögulegt að gera breytingar á samræmismati katla fyrir eldsneyti í föstu formi áður en kröfurnar um visthönnun öðlast gildi.

14) Til að auðvelda eftirlit með því að farið sé að kröfum ættu framleiðendur að veita upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í tæknigögnunum sem um getur í IV. og V. viðauka við tilskipun 2009/125/EB, að því marki sem þær tengjast kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

15) Til að takmarka enn frekar umhverfisáhrif katla fyrir eldsneyti í föstu formi ættu framleiðendur að veita upplýsingar um sundurhlutun, endurvinnslu og förgun.

16) Til viðbótar við þær lagalega bindandi kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð ætti að ákvarða leiðbeinandi viðmiðanir fyrir bestu, fáanlegu tækni til að tryggja mikið framboð og greiðan aðgang að upplýsingum um vistvænleika katla fyrir eldsneyti í föstu formi á vistferlinum.

17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1187 frá 27. apríl 2015 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar katla fyrir eldsneyti í föstu formi og pakka með kötlum fyrir eldsneyti í föstu formi, viðbótarhiturum, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku (Stjtíð. ESB, L 193, 21.7.2015, bls. 43)

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun (Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 813/2013 frá 2. ágúst 2013 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun hitara fyrir rými og sambyggðra hitara (Stjtíð. ESB L 239, 6.9.2013, bls. 136).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB([5]) eru í þessari reglugerð settar kröfur varðandi visthönnun að því er varðar að setja á markað og taka í notkun katla fyrir eldsneyti í föstu formi með nafnvarmaafköst 500 kW eða minna, þ.m.t. þegar þeir eru hluti af pökkum með katli fyrir eldsneyti í föstu formi, viðbótarhiturum, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku, eins og skilgreint er í 2. gr. við framselda reglugerð (ESB) nr. 2015/1187.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um:

a) katla sem framleiða varma eingöngu í þeim tilgangi að útvega heitt neyslu- eða grávatn,

b) katla til að hita og dreifa varmaberum sem notast við lofthita, t.d. gufu eða loft,

c) katla fyrir eldsneyti í föstu formi fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, með 50 kW hámarksraforkuafköst eða meira,

d) katla fyrir lífmassa úr öðru en viði.

2. gr.

Skilgreiningar

Til viðbótar við þær skilgreiningar sem settar eru fram í 2. gr. tilskipunar 2009/125/EB gilda eftirfarandi skilgreiningar í þessari reglugerð:

1) „ketill fyrir eldsneyti í föstu formi“: búnaður, sem er búinn einum eða fleiri varmagjöfum fyrir eldsneyti í föstu formi, sem veitir varma til vatnshitakerfis í þeim tilgangi að ná og viðhalda æskilegu hitastigi í einu eða fleiri lokuðum rýmum innanhúss þar sem varmatap til nærliggjandi umhverfis er ekki meira en 6% af nafnvarmaafköstum,

2) „vatnshitakerfi“: kerfi sem notar vatn sem varmabera til að dreifa varma, sem er framleiddur miðlægt, til allra hitaflata til að hita upp lokuð rými í byggingum eða hluta þeirra, þ.m.t. staðar- eða fjarhitunarkerfi,

3) „varmagjafi fyrir eldsneyti í föstu formi“: sá hluti ketils fyrir eldsneyti í föstu formi sem framleiðir varma með bruna eldsneytis í föstu formi,

4) „nafnvarmaafköst“ (Pr): varmaafköst sem gefin eru upp fyrir ketil fyrir eldsneyti í föstu formi við upphitun lokaðs rýmis með ákjósanlegu eldsneyti, gefin upp í kW,

5) „eldsneyti í föstu formi“: eldsneyti sem er í föstu formi við venjulegan stofuhita, þ.m.t. lífmassi í föstu formi og jarðefnaeldsneyti í föstu formi,

6) „lífmassi“: lífbrjótanlegur hluti afurða, úrgangs og efnaleifa af líffræðilegum uppruna frá landbúnaði (þ.m.t. efni úr bæði jurta- og dýraríkinu), skógrækt og tengdum atvinnugreinum, þ.m.t. sjávarútvegi og lagareldi, auk lífbrjótanlegs hluta iðnaðarúrgangs og heimilis- og rekstrarúrgangs,

7) „viðarlífmassi“: lífmassi úr trjám, runnagróðri og runnum, þ.m.t. eldiviður, viðarkurl, pressaður viður í formi pilla, pressaður viður í formi kögglaðra kola og sag,

8) „lífmassi úr öðru en viði“: lífmassi annar en viðarlífmassi, þ.m.t. hálmur, fílagras, reyr, kjarnar, korn, ólífusteinar, ólífukökur og hnetuskeljar,

9) „jarðefnaeldsneyti“: eldsneyti annað en lífmassi, þ.m.t. harðkol, brúnkol, koks, linkol, og hvað þessa reglugerð varðar á það einnig við um mór,

10) „ketill fyrir lífmassa“: ketill fyrir eldsneyti í föstu formi þar sem lífmassi er notaður sem ákjósanlegasta eldsneytið,

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun) (Stjtíð. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17).

11) „ketill fyrir lífmassa úr öðru en viði“: ketill fyrir lífmassa sem notar lífmassa úr öðru en viði sem ákjósanlegasta eldsneytið og þar sem viðarlífmassi, jarðefnaeldsneyti eða blanda af lífmassa og jarðefnaeldsneyti eru ekki tilgreind sem annað hentugt eldsneyti,

12) „ákjósanlegt eldsneyti“: eldsneyti sem er ákjósanlegast að nota fyrir ketilinn í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda,

13) „annað hentugt eldsneyti“: eldsneyti í föstu formi, annað en ákjósanlegt eldsneyti, sem, samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda, má nota fyrir ketil fyrir eldsneyti í föstu formi og nær til hvers konar eldsneytis, sem minnst er á í notendahandbókinni fyrir þá sem annast uppsetningu og endanlega notendur, á opnum vefsetrum framleiðenda, í tæknilegu kynningarefni og í auglýsingum,

14) „ketill fyrir eldsneyti í föstu formi fyrir samvinnslu raf- og varmaorku“: ketill fyrir eldsneyti í föstu formi sem getur framleitt varma og rafmagn samtímis,

15) „árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar“ (η_s): hlutfallið á milli eftirspurnar eftir hitun rýmis á tilgreindu árstíðabundnu tímabili, sem ketill fyrir eldsneyti í föstu formi gefur, og árlegrar orkunotkunar, sem nauðsynleg er til að mæta þeirri eftirspurn, gefið upp í %,

16) „efnisagnir“: efnisagnir með mismunandi lögun, uppbyggingu og þéttleika sem dreifast í loftfasa útblásturs.

Viðbótarskilgreiningar að því er varðar II.–V. viðauka eru settar fram í I. viðauka.

3. gr.

Kröfur varðandi visthönnun og tímaáætlun

1. Kröfurnar varðandi visthönnun katla fyrir eldsneyti í föstu formi eru settar fram í II. viðauka.

2. Katlar fyrir eldsneyti í föstu formi skulu uppfylla kröfurnar, sem eru settar fram í 1. og 2. lið II. viðauka, frá og með 1. janúar 2020.

3. Samræmi við kröfur varðandi visthönnun skal mælt og reiknað í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í III. viðauka.

4. gr.

Samræmismat

1. Aðferðin við samræmismat, sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB, skal vera innra hönnunareftirlitskerfið, sem sett er fram í IV. viðauka við þá tilskipun, eða stjórnunarkerfið sem sett er fram í V. viðauka við þá tilskipun.

2. Að því er varðar samræmismat, skv. 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB, skulu tæknigögnin innihalda upplýsingarnar sem settar eru fram í c-lið 2. liðar II. viðauka við þessa reglugerð.

5. gr.

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Aðildarríkin skulu beita sannprófunaraðferðinni, sem lýst er í IV. viðauka þessarar reglugerðar, við framkvæmd markaðseftirlitsins, sem um getur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB, til að tryggja að kröfurnar, sem settar eru fram í II. viðauka við þessa reglugerð, séu uppfylltar.

6. gr.

Leiðbeinandi viðmiðanir

Leiðbeinandi viðmiðanir fyrir vistvænustu katlana fyrir eldsneyti í föstu formi, sem eru á markaði við gildistöku þessarar reglugerðar, eru settar fram í V. viðauka.

7. gr.

Endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð í ljósi tækniframfara og kynna niðurstöður þeirrar endurskoðunar á samráðsvettvanginum eigi síðar en 1. janúar 2022. Við endurskoðunina skal einkum meta hvort viðeigandi sé:

a) að bæta við kötlum fyrir eldsneyti í föstu formi með nafnvarmaafköst allt að 1 000 kW,

b) að bæta við kötlum fyrir lífmassa úr öðru en viði þar sem kröfur eru gerðar um visthönnun fyrir katlana að því er varðar losun sérstakra tegunda mengandi efna frá þeim,

c) að setja strangari kröfur um visthönnun eftir 2020 varðandi orkunýtni og losun efnisagna, loftkenndra, lífrænna efnasambanda auk kolsýrings og

d) að breyta vikmörkum sannprófana.

2. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða hvort vottun þriðja aðila á kötlum fyrir eldsneyti í föstu formi sé viðeigandi og kynna niðurstöður endurskoðunarinnar á samráðsvettvanginum eigi síðar en 22. ágúst 2018.

8. gr.

Umbreytingarákvæði

Til og með 1. janúar 2020 mega aðildarríkin heimila að katlar fyrir eldsneyti í föstu formi, sem eru í samræmi við gildandi landsbundin ákvæði um árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar og losun efnisagna, loftkenndra, lífrænna efnasambanda, kolsýrings og köfnunarefnisoxíða, séu settir á markað og teknir í notkun.

9. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. apríl 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

Jean-Claude JUNCKER

I. VIÐAUKI

Skilgreiningar sem gilda um II.–V. viðauka

Í II.–V. viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „árstíðabundin losun við rýmishitun“:

   a) að því er varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi, sem eru með sjálfvirka kyndingu: vegið meðaltal losunar við nafnvarmaafköst og losun við 30% af nafnvarmaafköstum, gefið upp í mg/m^3,

   b) að því er varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi, sem eru með handvirka kyndingu og sem hægt er að starfrækja samfellt við 50% nafnvarmaafköst: vegið meðaltal losunar við nafnvarmaafköst og losunar við 50% af nafnvarmaafköstum, gefið upp í mg/m^3,

   c) að því er varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi, sem eru með handvirka kyndingu en ekki er hægt að starfrækja samfellt við 50% nafnvarmaafköst eða minna: losun við nafnvarmaafköst, gefin upp í mg/m^3,

   d) að því er varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi fyrir samvinnslu raf- og varmaorku: losun við nafnvarmaafköst, gefin upp í mg/m^3,

2) „ketill fyrir jarðefnaeldsneyti“: ketill fyrir jarðefnaeldsneyti þar sem ákjósanlegasta eldsneytið er jarðefnaeldsneyti eða blanda af lífmassa og jarðefnaeldsneyti,

3) „hlífðarhús fyrir ketil fyrir eldsneyti í föstu formi“: sá hluti ketils fyrir eldsneyti í föstu formi sem er hannaður til að koma fyrir í varmagjafa fyrir eldsneyti í föstu formi,

4) „tegundarauðkenni“: kóði, venjulega alstafa, sem greinir tiltekna tegund ketils fyrir eldsneyti í föstu formi frá öðrum tegundum með sama vörumerki eða nafni framleiðanda,

5) „þéttiketill“: ketill fyrir eldsneyti í föstu formi, þar sem vatnsgufan í myndefnunum frá bruna er þétt að hluta til, við venjulegar notkunaraðstæður og við ákveðinn ganghita vatns, til að nýta gufunarvarma þessarar vatnsgufu til hitunar,

6) „sambyggður ketill“: ketill fyrir eldsneyti í föstu formi sem er hannaður til að framleiða einnig varma til að skila heitu neyslu- eða grávatni við tiltekið hitastig, í ákveðnu magni og tilteknu streymi, innan tiltekins tíma og er tengdur ytri aðföngum neyslu- eða grávatns,

7) „annar viðarlífmassi“: viðarlífmassi annar en eldiviður með 25% rakainnihald eða minna, viðarkurl með 15% rakainnihald eða hærra, pressaður viður í formi pilla eða kögglaðra kola eða sag með 50% rakainnihald eða minna,

8) „rakainnihald“: massi vatns í eldsneytinu í tengslum við heildarmassa eldsneytisins, eins og það er notað í kötlum fyrir eldsneyti í föstu formi,

9) „annað jarðefnaeldsneyti“: jarðefnaeldsneyti annað en linkol, brúnkol (þ.m.t. köggluð kol), koks, harðkol eða köggluð kol, blönduð með jarðefnaeldsneyti,

10) „raforkunýtni“ (η_{el}): hlutfall raforkuframleiðslu og heildarorkuílags ketils fyrir eldsneyti í föstu formi með samvinnslu raf- og varmaorku, gefið upp í %, þar sem heildarorkuílagið er gefið upp sem heildarvarmagildi (GCV) eða sem endanleg orka, margfölduð með umreiknistuðlinum (CC),

11) „heildarvarmagildi“ (GCV): heildarmagn varma sem losnar fyrir eina eldsneytiseiningu með eðlilegu rakamagni, þegar því er brennt algerlega með súrefni og þegar brunamyndefnin eru kæld að umhverfishita; þetta magn felur í sér þéttivarma frá vatnsgufu sem myndast við bruna vetnis sem er í eldsneytinu,

12) „umreiknistuðull“ (CC): stuðull sem endurspeglar áætlaða 40% meðalframleiðslunýtni í ESB, sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB([6]), en gildi stuðulsins er CC = 2,5,

13) „raforkuþörf við hámarksvarmaafköst“ (el_{max}): raforkunotkun ketils fyrir eldsneyti í föstu formi við nafnvarmaafköst, gefin upp í kW, að undanskilinni raforkunotkun varahitara og innbyggðs aukabúnaðar til að draga úr losun,

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB frá 25. október 2012 um orkunýtni, breytingu á tilskipunum 2009/125/EB og 2010/30/ESB og um niðurfellingu á tilskipunum 2004/8/EB og 2006/32/EB (Stjtíð. ESB L 315, 14.11.2012, bls. 1).

14) „raforkuþörf við lágmarksvarmaafköst“ (el_{min}): raforkunotkun ketils fyrir eldsneyti í föstu formi við viðeigandi hlutaálag, gefin upp í kW, að undanskilinni raforkunotkun varahitara og innbyggðs aukabúnaðar til að draga úr losun,

15) „varahitari“: rafviðnámshitöld sem notast við Joule-verkun og framleiða eingöngu varma til að hindra að ketill fyrir eldsneyti í föstu formi eða vatnshitakerfið frjósi eða þegar röskun verður á ytri varmagjafa (þ.m.t. meðan á viðhaldstímabili stendur) eða varmagjafi bilar,

16) „viðeigandi hlutaálag“: hvað varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi, sem eru með sjálfvirka kyndingu, er þetta starfræksla við 30% nafnvarmaafköst og hvað varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi, sem eru með handvirka kyndingu og sem hægt er að starfrækja við 50% nafnvarmaafköst, er þetta starfræksla við 50% nafnvarmaafköst,

17) „orkunotkun í reiðuham“ (P_{SB}): orkunotkun ketils fyrir eldsneyti í föstu formi í reiðuham, að undanskildum innbyggðum aukabúnaði til að draga úr losun, gefin upp í kW,

18) „reiðuhamur“: ástand þar sem ketill fyrir eldsneyti í föstu formi er tengdur rafkerfinu, er háður raforku frá rafkerfinu til þess að geta starfað eins og til er ætlast og gerir eingöngu kleift að framkvæma eftirfarandi aðgerðir, sem geta varað ótímabundið: endurvirkjunaraðgerð eða endurvirkjunaraðgerð auk merkis sem eingöngu gefur til kynna að endurvirkjunaraðgerð sé virk eða birting upplýsinga eða stöðu,

19) „árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar í virkum ham“ (η_{son}):

   a) að því er varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi, sem eru með sjálfvirka kyndingu: vegið meðaltal notnýtni við nafnvarmaafköst og notnýtni við 30% af nafnvarmaafköstum, gefin upp í %,

   b) að því er varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi, sem eru með handvirka kyndingu og sem hægt er að starfrækja samfellt við 50% nafnvarmaafköst: vegið meðaltal notnýtni við nafnvarmaafköst og notnýtni við 50% af nafnvarmaafköstum, gefið upp í %,

   c) að því er varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi, sem eru með handvirka kyndingu en ekki er hægt að starfrækja samfellt við 50% nafnvarmaafköst eða minna: notnýtni við nafnvarmaafköst, gefin upp í %,

   d) að því er varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi fyrir samvinnslu raf- og varmaorku: notnýtni við nafnvarmaafköst, gefin upp í %,

20) „notnýtni“ (η): hlutfall notvarmaafkasta og heildarorkuílags ketils fyrir eldsneyti í föstu formi, gefið upp í %, þar sem heildarorkuílagið er gefið upp sem heildarvarmagildi (GCV) eða sem endanleg orka, margfölduð með umreiknistuðlinum (CC),

21) „notvarmaafköst“ (P): varmaframleiðsla ketils fyrir eldsneyti í föstu formi, sem er flutt til varmaberans, gefið upp í kW,

22) „hitastýring“: búnaður sem er viðmót notanda að því er varðar gildi og tímastillingu æskilegs hitastigs innandyra og kemur viðkomandi gögnum í skilflöt ketilsins fyrir eldsneyti í föstu formi, s.s. miðverkið, og aðstoðar þannig við að stýra hitastigi innanhúss,

23) „heildarvarmagildi, án vatnsinnihalds“ (GCV_{mf}): heildarmagn varma sem losnar fyrir eina eldsneytiseiningu, þar sem eðlislægur raki hefur verið þurrkaður burt, þegar því er brennt algjörlega með súrefni og þegar brunamyndefnin eru kæld að umhverfishita en þetta magn felur í sér þéttivarma frá vatnsgufu sem myndast við bruna vetnis sem er í eldsneytinu,

24) „sambærileg tegund“: tegund sem sett er á markað með sömu tæknilegu mæliþætti, sem settir eru fram í töflu 1 í 2. lið II. viðauka, og önnur tegund sem sami framleiðandi setur á markað.

———————

II. VIÐAUKI

Kröfur varðandi visthönnun

1. Sértækar kröfur varðandi visthönnun

Frá 1. janúar 2020 skulu katlar fyrir eldsneyti í föstu formi uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar að því er varðar katla með nafnvarmaafköst við 20 kW eða minni, skal ekki vera minni en 75%,

b) árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar að því er varðar katla með nafnvarmaafköst við meira en 20 kW, skal ekki vera minni en 77%,

c) árstíðabundin losun efnisagna við rýmishitun skal ekki vera meiri en 40 mg/m^3 fyrir katla með sjálfvirka kyndingu og ekki meiri en 60 mg/m^3 fyrir katla með handvirka kyndingu,

d) árstíðabundin losun loftkenndra lífrænna efnasambanda við rýmishitun skal ekki vera meiri en 20 mg/m^3 fyrir katla með sjálfvirka kyndingu og ekki meiri en 30 mg/m^3 fyrir katla með handvirka kyndingu,

e) árstíðabundin losun kolsýrings við rýmishitun skal ekki vera meiri en 500 mg/m^3 fyrir katla með sjálfvirka kyndingu og ekki meiri en 700 mg/m^3 fyrir katla með handvirka kyndingu,

f) árstíðabundin losun köfnunarefnisoxíða við rýmishitun, gefin upp sem köfnunarefnistvíoxíð, skal ekki vera meiri en 200 mg/m^3 fyrir katla fyrir lífmassa og ekki meiri en 350 mg/m^3 fyrir katla fyrir jarðefnaeldsneyti.

Þessar kröfur skulu uppfylltar við notkun á ákjósanlegasta eldsneytinu og öðru viðeigandi eldsneyti fyrir ketil fyrir eldsneyti í föstu formi.

2. Kröfur um vöruupplýsingar

Frá 1. janúar 2020 skal gefa upp eftirfarandi vöruupplýsingar varðandi katla fyrir eldsneyti í föstu formi:

a) Í notendahandbókum fyrir þá sem sjá um uppsetningu og endanlega notendur og á opnum vefsetrum framleiðenda, viðurkenndra fulltrúa þeirra og innflytjenda:

1) upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í töflu 1, þar sem tæknilegir mæliþættir eru mældir og reiknaðir út, í samræmi við III. viðauka, og sem sýna fjölda marktækra talna í töflunni,

2) allar sérstakar varúðarráðstafanir sem gera verður þegar ketill fyrir eldsneyti í föstu formi er settur saman, settur upp eða honum haldið við,

3) leiðbeiningar um rétta aðferð við að starfrækja ketil fyrir eldsneyti í föstu formi og um gæðakröfur varðandi ákjósanlegt eldsneyti og annað viðeigandi eldsneyti,

4) hvað varðar varmagjafa fyrir eldsneyti í föstu formi, sem eru hannaðir fyrir hlífðarhús fyrir katla fyrir eldsneyti í föstu formi sem skulu búnir slíkum varmagjöfum: eiginleika þeirra og kröfur um uppsetningu (svo að gætt sé samræmis við kröfur um visthönnun sem gilda um katla fyrir eldsneyti í föstu formi) og, eftir því sem við á, skrá yfir samsetningar sem framleiðandi mælir með.

b) Í hluta af opnu vefsetri framleiðenda, viðurkenndra fulltrúa þeirra og innflytjenda, sem ætlaður er fagmönnum: upplýsingar um sundurhlutun, endurvinnslu og förgun þegar varan er úr sér gengin.

c) Í tæknigögnunum að því er varðar samræmismat skv. 4. gr.:

1) upplýsingarnar sem tilgreindar eru í a- og b-lið,

2) skrá yfir allar sambærilegar tegundir, ef við á,

3) ef ákjósanlegasta eldsneytið eða annað hentugt eldsneyti er annar viðarlífmassi, lífmassi úr öðru en viði, annað jarðefnaeldsneyti eða önnur blanda af lífmassa og jarðefnaeldsneyti, eins og um getur í töflu 1: lýsingu á eldsneytinu, sem nægir til að bera kennsl á eldsneytið án alls vafa, og tæknistaðalinn eða tækniforskriftir fyrir eldsneytið, þ.m.t. mælt rakainnihald og mælt öskuinnihald, og, að því er varðar annað jarðefnaeldsneyti, einnig mælt innihald rokgjarnra efna í eldsneytinu.

d) Raforkuafköst, merkt með varanlegum hætti á ketilinn fyrir eldsneyti í föstu formi fyrir samvinnslu raf- og varmaorku.

Upplýsingarnar, sem um getur í c-lið, má sameina tæknigögnum sem veitt eru í samræmi við ráðstafanir samkvæmt tilskipun 2010/30/ESB.

Tafla 1

Upplýsingakröfur varðandi katla fyrir eldsneyti í föstu formi

Tegundarauðkenni:

Kyndingaraðferð: [Handvirk: starfrækja ætti ketilinn með geymslutanki fyrir heitt vatn með a.m.k. x (*) lítra rúmmál/Sjálfvirk: mælt er með því að ketillinn sé starfræktur með geymslutanki fyrir heitt vatn með a.m.k. x (**) lítra rúmmál]

Þéttiketill: [já/nei]

Ketill fyrir eldsneyti í föstu formi fyrir samvinnslu raf- og varmaorku: [já/nei] Sambyggður ketill: [já/nei]

Eldsneyti	Ákjósanlegt eldsneyti (aðeins eitt):	Annað hentugt eldsneyti:	ηs [x%]:	Árstíðabundin losun við rýmishitun (****)			
				PM	OGC	CO	NO_x
				[x] mg/m^3			
Trjábolir með rakainnihald ≤ 25%	[já/nei]	[já/nei]					
Viðarkurl með rakainnihald 15-35%	[já/nei]	[já/nei]					
Viðarkurl með rakainnihald > 35%	[já/nei]	[já/nei]					
Pressaður viður í formi pilla eða kögglaðra kola	[já/nei]	[já/nei]					
Sag með rakainnihald ≤ 50%	[já/nei]	[já/nei]					
Annar viðarlífmassi	[já/nei]	[já/nei]					
Lífmassi úr öðru en viði	[já/nei]	[já/nei]					
Linkol	[já/nei]	[já/nei]					
Brúnkol (þ.m.t. kögguð kol)	[já/nei]	[já/nei]					
Koks	[já/nei]	[já/nei]					
Harðkol	[já/nei]	[já/nei]					
Kögguð kol, blönduð með jarðefnaeldsneyti	[já/nei]	[já/nei]					
Annað jarðefnaeldsneyti	[já/nei]	[já/nei]					
Kögguð kol úr lífmassa (30-70%) blönduð með jarðefnaeldsneyti	[já/nei]	[já/nei]					
Önnur blanda af lífmassa og jarðefnaeldsneyti	[já/nei]	[já/nei]					

Eiginleikar þegar einungis ákjósanlegt eldsneyti er notað:

Liður	Tákn	Gildi	Eining		Liður	Tákn	Gildi	Eining
Notvarmaafköst					Notnýtni			
Við nafnvarmaafköst	P_n(***)	x,x	kW		Við nafnvarmaafköst	η_n	x,x	%

Við [30%/50%] nafnvarmaafköst, ef við á	P_p	[x,x/á ekki við]	kW		Við [30%/50%] nafnvarmaafköst, ef við á	η_p	[x,x/á ekki við]	%
Katlar fyrir eldsneyti í föstu formi fyrir samvinnslu raf- og varmaorku: Raforkunýtni					**Aukaraforkunotkun**			
					Við nafnvarmaafköst	el_{max}	x,xxx	kW
Við nafnvarmaafköst	$\eta_{el,n}$	x,x	%		Við [30%/50%] nafnvarmaafköst, ef við á	el_{min}	[x,xxx/á ekki við]	kW
					Frá innbyggðum aukabúnaði til að draga úr losun, ef við á		[x,xxx/á ekki við]	kW
					Í reiðuham	P_{SB}	x,xxx	kW

Samskiptaupplýsingar	Nafn og heimilisfang framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans.

(*) Rúmmál tanks =45 ×P_r × (1 – 2,7/P_r) eða 300 lítrar, eftir því hvort er hærra, þar sem P_r er gefið upp í kW
(**) Rúmmál tanks = 20 × P_r þar sem P_r er gefið upp í kW
(***) Hvað ákjósanlegasta eldsneytið varðar er P_n jafnt P_r
(****) PM= efnisagnir, OGC= loftkennd, lífræn efnasambönd, CO= kolsýringur, NO_x= köfnunarefnisoxíð

III. VIÐAUKI

Mælingar og útreikningar

1. Í þeim tilgangi að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar og til sannprófunar á því að kröfur þessarar reglugerðar séu uppfylltar skal, við mælingar og útreikninga, nota samhæfða staðla, sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, eða aðrar áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir sem taka tillit til almennt viðurkenndra aðferða sem byggjast á nýjustu og fullkomnustu tækni. Þær skulu uppfylla öll skilyrðin og tæknilegu mæliþættina sem sett eru fram í 2.–6. lið.

2. **Almenn skilyrði sem varða mælingar og útreikninga**

   a) Katlar fyrir eldsneyti í föstu formi skulu prófaðir með ákjósanlegasta eldsneytinu og öðru viðeigandi eldsneyti, sem tilgreind eru í töflu 1 í II. viðauka, með þeirri undanþágu þó að katlar, sem eru prófaðir með viðarkurli með yfir 35% rakainnihald og uppfylla viðeigandi kröfur, teljast einnig uppfylla slíkar kröfur fyrir viðarkurl með 15-35% rakainnihaldi og þarf ekki að prófa þá með viðarkurli með 15-35% rakainnihaldi.

   b) Uppgefin gildi fyrir árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar og árstíðabundna losun við rýmishitun skulu námunduð að næstu heilu tölu.

   c) Allir varmagjafar fyrir eldsneyti í föstu formi, sem eru hannaðir fyrir ketil fyrir eldsneyti í föstu formi, og öll hlífðarhús, sem eiga að vera búin slíkum varmagjafa, skal prófa með viðeigandi hlífðarhúsi fyrir ketil fyrir eldsneyti í föstu formi og varmagjafa.

3. **Almenn skilyrði að því er varðar árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar**

   a) Gildin ηn, ηp fyrir notnýtni og gildin Pn, Pp fyrir notvarmaafköst skulu mæld, þegar það á við. Að því er varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi fyrir samvinnslu raf- og varmaorku skal einnig mæla gildið ηel,n.

   b) Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar η_s skal reiknuð sem árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar í virkum ham η_{son}, leiðrétt út frá upplýsingum um hitastýringu, aukaraforkunotkun, og, að því er varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, leiðrétt með því að bæta við raforkunýtni, margfaldað með umreiknistuðlinum CC 2,5.

   c) Raforkunotkun skal margfölduð með umreiknistuðlinum CC 2,5.

4. **Sérstök skilyrði að því er varðar árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar**

   a) Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar η_s er skilgreind sem hér segir:

$$\eta_s = \eta_{son} - F(1) - F(2) + F(3)$$

   þar sem:

   1) η_{son} er árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar í virkum ham, gefin upp í prósentum og reiknuð út í samræmi við b-lið 4. liðar,

   2) *F(1)* stendur fyrir varmatap í árstíðabundinni orkunýtni rýmishitunar vegna leiðréttra framlaga frá hitastýringu; *F(1)* = 3%,

   3) *F(2)* stendur fyrir neikvæða hlutdeild í árstíðabundinni orkunýtni rýmishitunar vegna aukaraforkunotkunar, gefin upp í prósentum, og reiknuð út eins og sett er fram í c-lið 4. liðar,

   4) *F(3)* stendur fyrir jákvæða hlutdeild í árstíðabundinni orkunýtni rýmishitunar vegna raforkunýtni katla fyrir eldsneyti í föstu formi fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, gefin upp í prósentum, og reiknuð út sem hér segir:

$$F(3) = 2{,}5 \times \eta_{el,n}$$

b) árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar í virkum ham, η_{son}, er reiknuð út sem hér segir:

1) að því er varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi, sem eru með handvirka kyndingu og hægt er að starfrækja samfellt við 50% nafnvarmaafköst og að því er varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi sem eru með sjálfvirka kyndingu:

$$\eta_{son} = 0{,}85 \times \eta_p + 0{,}15 \times \eta_n$$

2) að því er varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi, sem eru með handvirka kyndingu en ekki er hægt að starfrækja samfellt við 50% nafnvarmaafköst eða minna, og að því er varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi fyrir samvinnslu raf- og varmaorku:

$$\eta_{son} = \eta_n$$

c) *F(2)* reiknast sem hér segir:

1) að því er varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi, sem eru með handvirka kyndingu og hægt er að starfrækja samfellt við 50% nafnvarmaafköst, og að því er varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi sem eru með sjálfvirka kyndingu:

$$F(2) = 2{,}5 \times (0{,}15 \times el_{max} + 0{,}85 \times el_{min} + 1{,}3 \times P_{SB}) / (0{,}15 \times P_n + 0{,}85 \times P_p)$$

2) að því er varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi, sem eru með handvirka kyndingu en ekki er hægt að starfrækja samfellt við 50% nafnvarmaafköst eða minna, og að því er varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi fyrir samvinnslu raf- og varmaorku:

$$F(2) = 2{,}5 \times (el_{max} + 1{,}3 \times P_{SB}) / P_n$$

5. Útreikningur á heildarvarmagildi

Heildarvarmagildi (GCV) skal fengið frá heildarvarmagildi, án vatnsinnihalds (GCV_{mf}), með því að beita eftirfarandi umreikningi:

$$GCV = GCV_{mf} \times (1 - M)$$

þar sem:

a) *GCV* og GCV_{mf} eru gefin upp í megajúlum á hvert kílógramm,

b) *M* er rakainnihald eldsneytisins, gefið upp sem hlutfall.

6. Árstíðabundin losun við rýmishitun

a) Losun efnisagna, loftkenndra lífrænna efnasambanda, kolsýrings og köfnunarefnisoxíða skal gefin upp með stöðluðum hætti miðað við þurran útblástur, sem inniheldur 10% súrefni, og staðalskilyrði sem eru 0 °C og 1013 millíbör.

b) Árstíðabundin losun við rýmishitun, E_s, efnisagna, loftkenndra, lífrænna efnasambanda, kolsýrings og köfnunarefnisoxíða reiknast sem hér segir:

1) að því er varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi, sem eru með handvirka kyndingu og hægt er að starfrækja samfellt við 50% nafnvarmaafköst og að því er varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi sem eru með sjálfvirka kyndingu:

$$E_s = 0{,}85 \times E_{s,p} + 0{,}15 \times E_{s,n}$$

2) að því er varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi, sem eru með handvirka kyndingu en ekki er hægt að starfrækja samfellt við 50% nafnvarmaafköst eða minna, og að því er varðar katla fyrir eldsneyti í föstu formi fyrir samvinnslu raf- og varmaorku:

$$E_s = E_{s,n}$$

þar sem:

a) $E_{s,p}$ er losun efnisagna, loftkenndra, lífrænna efnasambanda, kolsýrings og köfnunarefnisoxíða, mæld við 30% eða 50% nafnvarmaafköst, eftir því sem við á,

b) $E_{s,n}$ er losun efnisagna, loftkenndra, lífrænna efnasambanda, kolsýrings og köfnunarefnisoxíða, mæld við nafnvarmaafköst.

c) Losun efnisagna skal mæld með þyngdarmælingu, að undanskildum efnisögnum sem myndast af loftkenndum, lífrænum efnasamböndum þegar útblástur blandast andrúmsloftinu.

d) Losun köfnunarefnisoxíða skal reiknuð sem summa köfnunarefnismónoxíðs og köfnunarefnistvíoxíðs, gefin upp sem köfnunarefnistvíoxíð.

IV. VIÐAUKI

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Við markaðseftirlit það sem um getur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB skulu yfirvöld í aðildarríkjunum beita eftirfarandi sannprófunaraðferð að því er varðar kröfurnar í II. viðauka.

1. Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu prófa staka einingu af hverri tegund. Einingin skal prófuð með einni eða fleiri tegundum eldsneytis, sem hafa svipaða eiginleika og eldsneytið eða eldsneytin sem framleiðandinn notaði til að framkvæma mælingar í samræmi við III. viðauka.

2. Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur, sem settar eru fram í II. viðauka við þessa reglugerð, ef:

   a) gildin, sem gefin eru upp í tæknigögnunum, eru í samræmi við kröfurnar, sem settar eru fram í II. viðauka, og

   b) prófun á mæliþáttum tegundarinnar, sem skráðir eru í töflu 2, sýnir fram á að allir þessir mæliþættir uppfylli tilskildar kröfur.

3. Ef niðurstöðurnar, sem um getur í a-lið 2. liðar, fást ekki telst tegundin og allar aðrar sambærilegar tegundir ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar. Ef niðurstöðurnar, sem um getur í b-lið 2. liðar, fást ekki skulu yfirvöld aðildarríkis velja, af handahófi, þrjár viðbótareiningar af sömu tegund til prófunar. Að öðrum kosti mega þessar þrjár viðbótareiningar, sem eru valdar, vera af einni eða fleiri mismunandi tegundum sem hafa verið skráðar sem sambærileg vara í tæknigögnum framleiðanda.

4. Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur, sem settar eru fram í II. viðauka við þessa reglugerð, ef prófun á mæliþáttum, sem tilgreindir eru í töflu 2, viðbótareininganna þriggja sýnir fram á að kröfur eru uppfylltar hvað alla þessa mæliþætti varðar.

5. Ef niðurstöðurnar, sem um getur í 4. lið, fást ekki telst tegundin og allar aðrar sambærilegar tegundir ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar. Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu gefa yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni upp niðurstöður úr prófunum og aðrar viðeigandi upplýsingar innan eins mánaðar frá því að ákvörðun um að tegundin uppfylli ekki ákvæðin liggur fyrir.

Yfirvöld í aðildarríkjum skulu nota mæli- og reikningsaðferðirnar sem settar eru fram í III. viðauka.

Vikmörk sannprófana, sem sett eru fram í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á mældum mæliþáttum og skal framleiðandi eða innflytjandi ekki nota þá sem leyfileg vikmörk til að ákvarða gildin sem gefin eru upp í tæknigögnunum.

Tafla 2

Mæliþáttur	Vikmörk við sannprófun
Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar η_s	Ákvarðað gildi ([1]) er ekki meira en 4% lægra en gildið sem gefið er upp fyrir einingunа.
Losun efnisagna	Ákvarðað gildi ([1]) er ekki meira en 9 mg/m^3 hærra en gildið sem gefið er upp fyrir einingunа.
Losun loftkenndra, lífrænna efnasambanda	Ákvarðað gildi ([1]) er ekki meira en 7 mg/m^3 hærra en gildið sem gefið er upp fyrir einingunа.
Losun kolsýrings	Ákvarðað gildi ([1]) er ekki meira en 30 mg/m^3 hærra en gildið sem gefið er upp fyrir einingunа.
Losun köfnunarefnisoxíða	Ákvarðað gildi ([1]) er ekki meira en 30 mg/m^3 hærra en gildið sem gefið er upp fyrir einingunа.

([1]) Þegar þrjár viðbótareiningar eru prófaðar, eins og mælt er fyrir um í 3. lið, notast meðalgildi ákvarðaðra gilda.

V. VIÐAUKI

Leiðbeinandi viðmiðanir sem um getur í 6. gr.

Við gildistöku þessarar reglugerðar voru leiðbeinandi viðmiðanir fyrir bestu, fáanlegu tækni á markaðnum fyrir katla fyrir eldsneyti í föstu formi sem hér segir: Við gildistöku þessarar reglugerðar taldist enginn ketill fyrir eldsneyti í föstu formi hafa uppfyllt öll þau gildi sem tilgreind eru í 1. og 2. lið. Margir katlar fyrir eldsneyti í föstu formi uppfylltu eitt eða fleiri af eftirfarandi gildum:

1. Gildi fyrir árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar: 96% fyrir katla fyrir eldsneyti í föstu formi fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, 90% fyrir sambyggða katla og 84% fyrir aðra katla fyrir eldsneyti í föstu formi.

2. Gildi fyrir árstíðabundna losun við rýmishitun:

   a) efnisagnir: 2 mg/m^3 fyrir katla fyrir lífmassa og 10 mg/m^3 fyrir katla fyrir jarðefnaeldsneyti,

   b) loftkennd, lífræn efnasambönd: 1 mg/m^3,

   c) kolsýringur: 6 mg/m^3,

   d) köfnunarefnisoxíð: 97 mg/m^3 fyrir katla fyrir lífmassa og 170 mg/m^3 fyrir katla fyrir jarðefnaeldsneyti.

Viðmiðanirnar, sem tilgreindar eru í 1. lið og a- til d-lið 2. liðar, gefa ekki endilega til kynna að hægt sé að ná samsetningu þessara gilda í einum katli fyrir eldsneyti í föstu formi. Dæmi um góða samsetningu er tegund sem þegar er til og er með árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar sem nemur 81% og árstíðabundna losun við rýmishitun sem nemur 7 mg/m^3 af efnisögnum, 2 mg/m^3 losun loftkenndra, lífrænna efnasambanda, 6 mg/m^3 losun kolsýrings og 120 mg/m^3 losun köfnunarefnisoxíða.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2256 2016/EES/27/81

frá 4. desember 2015

um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1983/2003 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skrá yfir aðalmarkbreytur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 frá 16. júní 2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC)([1]), einkum a-lið 2. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 1177/2003 er settur sameiginlegur rammi um kerfisbundna evrópska hagskýrslugerð um tekjur og lífskjör.

2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1983/2003 ([2]) eru skráin yfir aðalmarkbreytur, kóðar fyrir þessar breytur og tæknilegt snið gagnasendinga vegna aðalvinnslu hagskýrslna ESB um tekjur og lífskjör samþykktar.

3) Á fundi ráðsins (á sviði atvinnu-, félags-, heilbrigðis- og neytendamála) 7. og 8. júní 2010, var ákveðið að endurskoðun á höfuðmarkmiði Sambandsins á miðju tímabili, sem fara skal fram 2015, ætti einnig að fela í sér endurskoðun á vísunum, með tilliti til efnahagsþróunar og betri aðferða til mælinga.

4) Með hliðsjón af þessu er í reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 112/2013 ([3]) og (ESB) nr. 67/2014([4]) bætt við nýjum breytum sem mæla skort á efnislegum gæðum á heimilum og hjá einstaklingum (fullorðnum) á skránni yfir aukamarkbreytur þar sem safna á gögnum vegna 2014 og 2015.

5) Einnig er nauðsynlegt að aðlaga skrána yfir aðalmarkbreytur að söfnun gagna í framtíðinni. Þetta felur í sér að fjarlægja úreltar breytur og bæta nýjum við viðaukann við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1983/2003. Liðir þessir hafa verið valdir fyrir trausta mælingu á skorti á efnislegum gæðum eftir tvær ítarlegar tölfræðilegar greiningar, byggðar á gögnum sem safnað var í hagskýrslum ESB um tekjur og lífskjör 2009 og 2013.

6) Því ber að breyta reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1983/2003 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1983/2003 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 321, 5.12.2015, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2016 frá 18. mars 2016 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 165, 3.7.2003, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1983/2003 frá 7. nóvember 2003 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skrá yfir aðalmarkbreytur (Stjtíð. EB. L 298, 17.11.2003, bls. 34).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 112/2013 frá 7. febrúar 2013 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skrána fyrir 2014 yfir aukamarkbreytur um skort á efnislegum gæðum (Stjtíð. ESB L 37, 8.2.2013, bls. 2).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 67/2014 frá 27. janúar 2014 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skrána fyrir 2015 yfir aukamarkbreytur varðandi félagslega þátttöku og skort á efnislegum gæðum (Stjtíð. ESB L 23, 28.1.2014, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. desember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1983/2003 er breytt sem hér segir:

1. Bálkinum „Gögn um heimili — Félagsleg útilokun — Óþeningalegir vísar um skort á heimilum, þ.m.t. erfiðleikar við að ná endum saman, umfang skulda og skortur á brýnustu nauðsynjum“ er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi breytur falli brott:

Hluti	Heiti breytu	Kóði	Markbreyta
„X,L	HS070		Ert þú með síma (þ.m.t. farsíma)
		1	Já
		2	Nei — hef ekki efni á honum
		3	Nei — aðrar ástæður
	HS070_F	– 1	Vantar
		1.	Gildi breytu tilgreint
X,L	HS080		Áttu litasjónvarp
		1	Já
		2	Nei — hef ekki efni á því
		3	Nei — aðrar ástæður
	HS080_F	– 1	Vantar
		1.	Gildi breytu tilgreint““

og

„X,L	HS100		Áttu þvottavél
		1	Já
		2	Nei — hef ekki efni á henni
		3	Nei — aðrar ástæður
	HS100_F	– 1	Vantar
		1	Gildi breytu tilgreint““

b) Á eftir breytum HS150 og HS150_F er eftirfarandi breytum bætt við:

Hluti	Heiti breytu	Kóði	Markbreyta
„X,L	HD080		Endurnýja slitin húsgögn
		1	Já
		2	Nei — heimilið hefur ekki efni á því
		3	Nei — aðrar ástæður
	HD080_F	1	Gildi breytu tilgreint
		– 1	Vantar““

2. Á milli bálksins „Persónuupplýsingar — Grunngögn — Lýðfræðileg gögn (16+)“ og bálksins „Persónuupplýsingar — Menntun — Menntun, þ.m.t. hæsta ISCED-stig sem var náð“, bætist við nýr bálkur „Persónuupplýsingar — Félagsleg útilokun — Óþeningalegir vísar um persónulegan skort“:

Hluti	Heiti breytu	Kóði	Markbreyta
Persónuupplýsingar			**Félagsleg útilokun**
„ÓPENINGALEGIR VÍSAR UM PERSÓNULEGAN SKORT			
X,L	PD020		Kaupa ný föt (ekki notuð) í stað slitins fatnaðar
		1	Já
		2	Nei — hef ekki efni á því
		3	Nei — aðrar ástæður
	PD020_F	1	Gildi breytu tilgreint
		– 1	Vantar
		– 3	Svarandi var ekki valinn
X,L	PD030		Tvö pör af skóm sem passa vel (þ.m.t. par af skóm sem gagnast í öllum veðrum)
		1	Já
		2	Nei — hef ekki efni á þeim
		3	Nei — aðrar ástæður
	PD030_F	1	Gildi breytu tilgreint
		– 1	Vantar
		– 3	Svarandi var ekki valinn
X,L	PD050		Hitta vini/fjölskyldu (skyldmenni) yfir drykk/máltíð eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði
		1	Já
		2	Nei — hef ekki efni á því
		3	Nei — aðrar ástæður
	PD050_F	1	Gildi breytu tilgreint
		– 1	Vantar
		– 3	Svarandi var ekki valinn
X,L	PD060		Taka reglulega þátt í frístundastarfsemi
		1	Já
		2	Nei — hef ekki efni á því
		3	Nei — aðrar ástæður

	PD060_F	1	Gildi breytu tilgreint
		– 1	Vantar
		– 3	Svarandi var ekki valinn
X,L	PD070		Nota litla fjárupphæð í hverri viku til að gera sér dagamun
		1	Já
		2	Nei — hef ekki efni á því
		3	Nei — aðrar ástæður
	PD070_F	1	Gildi breytu tilgreint
		– 1	Vantar
		– 3	Svarandi var ekki valinn
X,L	PD080		Nettenging til eigin nota á heimili
		1	Já
		2	Nei — hef ekki efni á henni
		3	Nei — aðrar ástæður
	PD080_F	1	Gildi breytu tilgreint
		– 1	Vantar
		– 3	Svarandi var ekki valinn““

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2338 **2016/EES/27/82**

frá 11. desember 2015

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 að því er varðar kröfur um flugrita, neðansjávarstaðsetningarbúnað og kerfi fyrir ferilskráningu loftfars (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB ([1]), einkum 5. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Starfræksla loftfara verður að uppfylla nauðsynlegar grunnkröfur sem settar eru fram í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008. Framkvæmdastjórnin ætti, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008, að samþykkja nauðsynlegar framkvæmdarreglur til að ákveða skilyrðin um örugga starfrækslu loftfara.

2) Hljóðritum er ætlað að styðja við öryggisrannsóknir yfirvalda öryggisrannsókna ef slys eða flugatvik verður. Viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir birtingu upptaka úr hljóðritum í tilvikum þegar öryggisrannsókn er hafin eru settar fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. (ESB) nr. 996/2010 ([2]). Með innleiðingu öryggisstjórnunar er viðurkennt að hægt sé að nota hljóðrita í öðru samhengi en við öryggisrannsókn ef það er gert til að viðhalda eða bæta öryggi. Því ætti að breyta reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 ([3]) til að styrkja þau skilyrði sem eiga með skilvirkum hætti að koma í veg fyrir óviðeigandi notkun og birtingu upptaka úr hljóðritum.

3) Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) hefur lagt til nokkrar öryggisumbætur á núgildandi kröfum með það fyrir augum að bæta heildarframmistöðu flugrita og greiða fyrir endurheimt loftfars og flugrita þess í kjölfar slyss yfir sjó eða vötnum. Þessar öryggisumbætur felast m.a. í að hætt verði að nota úrelta upptökutækni, eins og segulbönd eða segulvír, að lágmarksupptökutími hljóðrita verði lengdur sem og að útsendingartími staðsetningarbúnaðar flugritans neðansjávar verði lengri og að lofför sem fara í langflug yfir sjó eða vötnum beri neðansjávarstaðsetningarbúnað með mikið langdrægi. Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 965/2012 til að endurspegla þessar öryggisumbætur.

4) Nauðsynlegt er að taka tillit til hvarfs flugs MH370 8. mars 2014 og tilmæla þverfaglegs fundar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar 12. og 13. maí 2014 um ferilskráningu loftfara á heimsvísu. Staðsetning loftfara til almenningssamgangna ætti ávallt að vera þekkt, jafnvel á afskekktum svæðum, til að auðvelda staðsetningu loftfarsins ef flugið er að einhverju leyti óeðlilegt, ef um neyðartilvik eða slys er að ræða. Þegar mögulegt er ætti búnaður til ferilskráningar

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 330, 16.12.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 95/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 79, 13.3.2008, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 frá 20. október 2010 um rannsóknir og forvarnir gegn slysum og flugatvikum í almenningsflugi og um niðurfellingu á tilskipun 94/56/EB (Stjtíð. ESB L 295, 12.11.2010, bls. 35).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

loftfars að standast missi eðlilegs rafafls um borð og ekki ætti að vera hægt að aftengja hann meðan á flugi stendur. Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 965/2012 til að fella inn í hana viðbótarkröfur er varða búnað fyrir ferilskráningu loftfara á heimsvísu, þ.m.t. yfir hafi og á afskekktum svæðum.

5) Í samræmi við tillögu flugritanefndar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (FLIRECP) ætti, með tilliti til flugrita með lengdan upptökutíma í stórum flugvélum, að kveða á um innleiðingu hljóðrita með 25 klukkustunda upptökutíma um borð í loftförum sem eru framleidd eftir 1. janúar 2021 og hafa skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 27 000 kg.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, taka á 13 öryggistilmælum frá öryggisrannsóknaryfirvöldum ([4]) með það fyrir augum að auka öryggi með því að greiða fyrir endurheimt upplýsinga vegna öryggisrannsókna í almenningsflugi í Evrópu og bæta frammistöðu og meðferð flugrita ásamt staðsetningu loftfars í kjölfar slyss yfir sjó eða vötnum.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á áliti Flugöryggisstofnunar Evrópu nr. 01/2014 ([5]) í samræmi við b-lið 2. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka (skilgreiningum), IV. viðauka (CAT-hluta), VI. viðauka (NCC-hluta) og VIII. viðauka (SPO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. desember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([4]) Tilvísanir Flugöryggisstofnunar Evrópu í 13 öryggistilmæli: CAND-1999-002 (McDonnell Douglas MD11, HB-IWF, 02/09/1998); GREC-2006-045 (B737 frá Helios, 5B-DBY, 14/08/2005); NORW-2006-013 (ATR42, OY-JRJ 31/01/2005); NETH-2011-015 (Boeing 737, PH-BDP, 10/02/2010); UNKG-2012-013 (Boeing 767, G OOBK, 03/10/2010); FRAN-2012-025 (Airbus 340, F-GLZU, 22/07/2011); FINL-2012-003 (Airbus A330, OH-LTO, 11/12/2010); FRAN-2009-016, FRAN-2009-017, FRAN-2009-018, FRAN-2011-017 og FRAN-2011-018 (Airbus A330, F-GZCP, 01/06/2009); UNKG-2008-020 (ATR42, EI-SLD, 18/01/2007).

([5]) Álit Flugöryggisstofnunar Evrópu 01/2014 frá 5. maí 2014 að því er varðar kröfur um flugrita og neðansjávarstaðsetningarbúnað.

VIÐAUKI

1. Eftirfarandi liðum er bætt við í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012:

„(8a) „ferilskráning loftfars“: ferli á jörðu niðri sem viðheldur og uppfærir, með stöðluðu millibili, skrá yfir staðsetningu loftfars í flugi í fjórvídd,

(8b) „kerfi fyrir ferilskráningu loftfars“: kerfi sem nýtir ferilskráningu loftfars til að greina ef flugið er að einhverju leyti óeðlilegt og varar við því,“.

2. Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er breytt sem hér segir:

a) Í stað 10. liðar a-liðar í CAT.GEN.MPA.105 komi eftirfarandi:

„10) tryggja að:

i. flugritar séu ekki gerðir óvirkir eða að slökkt sé á þeim meðan á flugi stendur,

ii. upptökum úr flugritum sé ekki vísvitandi eytt ef upp kemur atvik, annað en slys eða alvarlegt flugatvik, sem skylt er að tilkynna um samkvæmt a-lið ORO.GEN.160 og

iii. ef slys eða alvarlegt flugatvik verður eða ef rannsóknaryfirvald kveður á um að upptökur úr flugritum skuli varðveittar:

A) að upptökum úr flugritum sé ekki vísvitandi eytt,

B) að flugritar séu gerðir óvirkir um leið og flugi lýkur og

C) að varúðarráðstafanir séu gerðar til að varðveita upptökur úr flugritum áður en þeir eru fjarlægðir úr stjórnklefanum.“

b) Ákvæðum CAT.GEN.MPA.195 er breytt sem hér segir:

i. Í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„CAT.GEN.MPA.195 Meðferð upptaka úr flugrita: varðveisla, framvísun, vernd og notkun“.

ii. Í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) Í kjölfar slyss, alvarlegs flugatviks eða atviks, sem rannsóknaryfirvaldið ber kennsl á, skal flugrekandi loftfars varðveita frumrit skráðra gagna í 60 daga eða þar til rannsóknaryfirvaldið gefur fyrirmæli um annað.“

iii. Í stað f-liðar komi eftirfarandi:

„f) Með fyrirvara um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 (*):

1) Fyrir utan að tryggja starfhæfi hljóðrita skal ekki birta eða nota upptökur úr hljóðritum, nema:

i. fyrir liggi verklagsregla um meðferð upptaka úr hljóðritum og eftirrita þeirra,

ii. allir hlutaðeigandi flugverjar og viðhaldsstarfsfólk hafi áður veitt samþykki sitt og

iii. þær séu eingöngu notaðar til að viðhalda eða bæta öryggi.

1a) Þegar upptaka úr hljóðrita er skoðuð til að tryggja starfhæfi hljóðritans skal flugrekandinn tryggja leynd upptökunnar úr hljóðritanum og ekki skal birta upptökuna eða nota hana í öðrum tilgangi en til að tryggja starfhæfi hljóðritans.

2) Upptökur úr ferðrita eða úr gagnatenglum skal einungis nota í þeim tilgangi að rannsaka slys eða flugatvik sem skylt er að tilkynna um, nema slíkar upptökur:

i. séu eingöngu notaðar af flugrekandanum vegna atriða er varða lofthæfi eða viðhald eða

ii. séu brenglaðar svo ekki verði borin kennsl á neinn eða

iii. séu birtar í samræmi við leyndarreglur.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 frá 20. október 2010 um rannsóknir og forvarnir gegn slysum og flugatvikum í almenningsflugi og um niðurfellingu á tilskipun 94/56/EB (Stjtíð. ESB L 295, 12.11.2010, bls. 35).“

c) Eftirfarandi liður CAT.GEN.MPA.205 bætist við:

„CAT.GEN.MPA.205 Kerfi fyrir ferilskráningu loftfars — Flugvélar

a) Eigi síðar en 16. desember 2018 skal flugrekandinn, sem hluta af kerfinu til að annast flugrekstrarstjórn, koma á fót og viðhalda kerfi fyrir ferilskráningu loftfara fyrir flug sem fellur undir b-lið þegar eftirfarandi flugvélar eru notaðar:

1) flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 27 000 kg, með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en 19, og með sérstakt lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn fyrir 16. desember 2018, með búnaði sem getur miðlað staðsetningu til viðbótar við þá sem merkissvarinn fyrir kögunarsvarratsjána miðlar,

2) allar flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 27 000 kg, hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en 19 og með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn 16. desember 2018 eða síðar og

3) allar flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 45 500 kg og með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn 16. desember 2018 eða síðar.

b) Flugrekandi skal skrá feril flugferða frá flugtaki til lendingar, nema þegar fyrirhuguð flugleið og áætlaðar, breyttar flugleiðir eru að öllu leyti innan loftrýmisumdæma þar sem:

1) vanalega er veitt flugumferðarþjónusta, sem er studd af kögunarkerfum flugumferðarstjórnar sem staðsetja loftför með hæfilegu millibili, og

2) flugrekandinn hefur veitt lögbærum veitendum flugleiðsöguþjónustu nauðsynlegar samskiptaupplýsingar.“

d) Eftirfarandi liður CAT.GEN.MPA.210 bætist við:

„CAT.GEN.MPA.210 Staðsetning loftfars í nauð — Flugvélar

Eftirfarandi flugvélar skulu búnar sterkbyggðum og sjálfvirkum búnaði til að ákvarða nákvæmlega staðsetninguna þar sem flugi lýkur þegar flugvélin á hlut að slysi þar sem hún verður fyrir alvarlegum skemmdum:

1) allar flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 27 000 kg, hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en 19 og með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn 1. janúar 2021 eða síðar og

2) allar flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 45 500 kg og með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn 1. janúar 2021 eða síðar.“

e) Eftirfarandi komi í stað b- til h-liðar CAT.IDE.A.185:

„b) Fram til 31. desember 2018 skal hljóðriti a.m.k. geta geymt gögnin sem hann skráði:

1) síðustu tvær klukkustundirnar, ef um er að ræða flugvélarnar, sem um getur í 1. lið a-liðar, með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út 1. apríl 1998 eða síðar,

2) síðustu 30 mínúturnar, ef um er að ræða flugvélarnar, sem um getur í 1. lið a-liðar, með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út fyrir 1. apríl 1998 eða

3) síðustu 30 mínúturnar ef um er að ræða flugvélarnar sem um getur í 2. lið a-liðar.

c) Eigi síðar en 1. janúar 2019 skal hljóðriti a.m.k. geta geymt gögnin sem hann skráði:

1) síðustu 25 klukkustundirnar fyrir flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 27 000 kg og með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn 1. janúar 2021 eða síðar eða

2) síðustu tvær klukkustundirnar í öllum öðrum tilvikum.

d) Eigi síðar en 1. janúar 2019 skal nota annað en segulband eða segulvír fyrir upptökur með hljóðrita.

e) Hljóðritinn skal skrá og tímasetja:

1) send og móttekin talfjarskipti um talstöð í stjórnklefa,

2) talfjarskipti flugliða um talkerfið og almenna hátalarakerfið, ef slíkt kerfi hefur verið sett upp,

3) öll hljóð í stjórnklefa, auk eftirfarandi, án truflunar:

i. órofin hljóðmerki frá öllum hljóðnemum á heyrnartólum og í grímum sem eru í notkun, fyrir flugvélar með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn 1. apríl 1998 eða síðar,

ii. órofin hljóðmerki frá öllum hljóðnemum á heyrnartólum og í grímum, þar sem það er hægt, fyrir flugvélarnar, sem um getur í 2. lið a-liðar, með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn fyrir 1. apríl 1998,

4) radd- eða hljóðmerki, sem auðkenna leiðsöguvirki eða aðflugstæki sem heyrast í heyrnartólum eða hátalara.

f) Hljóðritinn skal fara sjálfkrafa í gang áður en flugvélin hreyfist fyrir eigin afli og halda áfram að skrá þar til flugi lýkur og flugvélin hreyfist ekki lengur fyrir eigin afli. Ef um er að ræða flugvélar með sérstakt lofthæfivottorð, sem gefið var út í 1. apríl 1998 eða síðar, skal hljóðritinn auk þess fara sjálfkrafa í gang áður en flugvélin hreyfist fyrir eigin afli og halda áfram að skrá þar til flugi lýkur og flugvélin hreyfist ekki lengur fyrir eigin afli.

g) Til viðbótar við f-lið skal hljóðritinn byrja skráningu, eins fljótt og unnt er, ef rafafl er tiltækt, á meðan gátun fer fram í stjórnklefa, áður en hreyflar eru ræstir í upphafi flugs, fram að gátun í stjórnklefa um leið og hreyflar hafa verið stöðvaðir í lok flugs, ef um er að ræða:

1) flugvélarnar, sem um getur í 1. lið a-liðar, með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út 1. apríl 1998 eða síðar eða

2) flugvélarnar sem um getur í 2. lið a-liðar.

h) Ef hljóðritinn er ekki losanlegur skal vera í honum búnaður sem auðveldar leit að honum neðansjávar. Sá búnaður skal, eigi síðar en 16. júní 2018, hafa 90 daga lágmarkssendingartíma neðansjávar. Ef hljóðritinn er losanlegur skal vera í honum sjálfvirkur neyðarsendir.“

f) Í stað e-liðar í CAT.IDE.A.190 komi eftirfarandi:

„e) Ef ferðritinn er ekki losanlegur skal vera í honum búnaður sem auðveldar leit að honum neðansjávar. Sá búnaður skal, eigi síðar en 16. júní 2018, hafa 90 daga lágmarkssendingartíma neðansjávar. Ef ferðritinn er losanlegur skal vera í honum sjálfvirkur neyðarsendir.“

g) Í stað d-liðar CAT.IDE.A.195 komi eftirfarandi:

„d) Ef flugritinn er ekki losanlegur skal vera í honum búnaður sem auðveldar leit að honum neðansjávar. Sá búnaður skal, eigi síðar en 16. júní 2018, hafa 90 daga lágmarkssendingartíma neðansjávar. Ef flugritinn er losanlegur skal vera í honum sjálfvirkur neyðarsendir.“

h) CAT.IDE.A.280 er breytt sem hér segir:

i. Í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) Flugvél með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en 19 skal a.m.k. búin:

1) tveimur neyðarsendum (ELTs) og þar af skal annar þeirra vera sjálfvirkur, eða einum neyðarsendi og búnaði til að staðsetja loftför, sem uppfyllir kröfur CAT.GEN.MPA.210, ef um er að ræða flugvélar með sérstakt lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn eftir 1. júlí 2008, eða

2) einum sjálfvirkum neyðarsendi eða tveimur neyðarsendum af hvaða gerð sem er, eða búnaði til að staðsetja loftför, sem uppfyllir kröfur CAT.GEN.MPA.210, ef um er að ræða flugvélar með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn 1. júlí 2008, eða fyrr.“

ii. Í stað b-liðar komi eftirfarandi:

„b) Flugvél með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir 19 eða færri skal a.m.k. búin:

1) einum sjálfvirkum neyðarsendi eða búnaði til að staðsetja loftför, sem uppfyllir kröfur CAT.GEN.MPA.210, ef um er að ræða flugvélar með sérstakt lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn eftir 1. júlí 2008, eða

2) einum neyðarsendi af hvaða gerð sem er eða búnaði til að staðsetja loftför, sem uppfyllir kröfur CAT.GEN.MPA.210, ef um er að ræða flugvélar með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn 1. júlí 2008 eða fyrr.“

i) Eftirfarandi liður bætist við í CAT.IDE.A.285:

„f) Eigi síðar en 1. janúar 2019 skulu flugvélar, sem eru með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 27 000 kg og hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en 19, og allar flugvélar, sem eru með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 45 500 kg, búnar neðansjávarstaðfestingarbúnaði sem er tryggilega festur og virkar á tíðninni 8,8 kHz ± 1 kHz, nema:

1) flugvélinni sé flogið á flugleiðum þar sem hún er hvergi fjær ströndinni en 180 sjómílur eða

2) flugvélin sé búin sterkbyggðum og sjálfvirkum búnaði til að ákvarða nákvæmlega staðsetninguna þar sem flugi lýkur þegar flugvélin á hlut að slysi þar sem hún verður fyrir alvarlegum skemmdum.“

j) Í stað c- til f-liðar CAT.IDE.H.185 komi eftirfarandi:

„c) Eigi síðar en 1. janúar 2019 skal nota annað en segulband eða segulvír fyrir upptökur með hljóðrita.

d) Hljóðritinn skal skrá og tímasetja:

1) send og móttekin talfjarskipti um talstöð í stjórnklefa,

2) talfjarskipti flugliða um talkerfið og almenna hátalarakerfið, ef slíkt kerfi hefur verið sett upp,

3) öll hljóð í stjórnklefa, auk eftirfarandi, án truflunar:

i. hljóðmerki frá hljóðnemum allra flugverja, fyrir þyrlur með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn 1. ágúst 1999 eða síðar,

ii. hljóðmerki frá hljóðnemum allra flugverja, þar sem það er mögulegt, fyrir þyrlur með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn fyrir 1. ágúst 1999,

4) radd- eða hljóðmerki sem auðkenna leiðsöguvirki eða aðflugstæki og heyrast í heyrnartólum eða hátalara.

e) Hljóðritinn skal fara sjálfkrafa í gang áður en þyrlan hreyfist fyrir eigin afli og halda áfram að skrá þar til flugi lýkur og þyrlan hreyfist ekki lengur fyrir eigin afli.

f) Til viðbótar við e-lið, ef um er að ræða þyrlur sem um getur í 2. lið a-liðar, með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn 1. ágúst 1999 eða síðar:

1) skal hljóðritinn fara sjálfkrafa í gang áður en þyrlan hreyfist fyrir eigin afli og halda áfram að skrá þar til flugi lýkur og þyrlan hreyfist ekki lengur fyrir eigin afli og

2) skal hljóðritinn byrja skráningu eins fljótt og unnt er ef rafafl er tiltækt, á meðan gátun fer fram í stjórnklefa, áður en hreyflar eru ræstir í upphafi flugs, fram að gátun í stjórnklefa um leið og hreyflar hafa verið stöðvaðir í lok flugs.

g) Ef hljóðritinn er ekki losanlegur skal vera í honum búnaður sem auðveldar leit að honum neðansjávar. Sá búnaður skal, eigi síðar en 1. janúar 2020, hafa 90 daga lágmarkssendingartíma neðansjávar. Ef hljóðritinn er losanlegur skal vera í honum sjálfvirkur neyðarsendir.“

k) Í stað e-liðar í CAT.IDE.H.190 komi eftirfarandi:

„e) Ef ferðritinn er ekki losanlegur skal vera í honum búnaður sem auðveldar leit að honum neðansjávar. Sá búnaður skal, eigi síðar en 1. janúar 2020, hafa 90 daga lágmarkssendingartíma neðansjávar. Ef ferðritinn er losanlegur skal vera í honum sjálfvirkur neyðarsendir.“

l) Í stað d-liðar CAT.IDE.H.195 komi eftirfarandi:

„d) Ef upptökutækið er ekki losanlegt skal vera í því búnaður sem auðveldar leit að því neðansjávar. Sá búnaður skal, eigi síðar en 1. janúar 2020, hafa 90 daga lágmarkssendingartíma neðansjávar. Ef upptökutækið er losanlegt skal vera í því sjálfvirkur neyðarsendir.“

3. Ákvæðum VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er breytt sem hér segir:

a) Í stað 9. liðar a-liðar í NCC.GEN.106 komi eftirfarandi:

„9) að tryggja:

i) að flugritar séu ekki gerðir óvirkir eða að slökkt sé á þeim meðan á flugi stendur,

ii. að upptökum úr flugritum sé ekki vísvitandi eytt ef upp kemur atvik, annað en slys eða alvarlegt flugatvik, sem skylt er að tilkynna um samkvæmt a-lið ORO.GEN.160 og

iii. ef slys eða alvarlegt flugatvik verður eða ef rannsóknaryfirvald kveður á um að upptökur úr flugritum skuli varðveittar:

A) að upptökum úr flugritum sé ekki vísvitandi eytt,

B) að flugritar séu gerðir óvirkir um leið og flugi lýkur og

C) að varúðarráðstafanir séu gerðar til að varðveita upptökur úr flugritum áður en þeir eru fjarlægðir úr stjórnklefanum.“

b) Ákvæðum NCC.GEN.145 er breytt sem hér segir:

i. Í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„NCC.GEN.145 Meðferð upptaka úr flugrita: varðveisla, framvísun, vernd og notkun“.

ii. Í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) Í kjölfar slyss, alvarlegs flugatviks eða atviks, sem rannsóknaryfirvaldið ber kennsl á, skal flugrekandi loftfars varðveita frumrit skráðra gagna í 60 daga eða þar til rannsóknaryfirvaldið gefur fyrirmæli um annað.“

iii. Í stað f-liðar komi eftirfarandi:

„f) Með fyrirvara um reglugerð (ESB) nr. 996/2010:

1) Fyrir utan að tryggja starfhæfi hljóðrita skal ekki birta eða nota upptökur úr hljóðritum, nema:

i. fyrir liggi verklagsregla um meðferð upptaka úr hljóðritum og eftirrita þeirra,

ii. allir hlutaðeigandi flugverjar og viðhaldsstarfsfólk hafi áður veitt samþykki sitt og

iii. þær séu eingöngu notaðar til að viðhalda eða bæta öryggi.

1a) Þegar upptaka úr hljóðrita er skoðuð til að tryggja starfhæfi hljóðritans skal flugrekandinn tryggja leynd upptökunnar úr hljóðritanum og ekki skal birta upptökuna eða nota hana í öðrum tilgangi en til að tryggja starfhæfi hljóðritans.

2) Upptökur úr ferðrita eða úr gagnatenglum skal einungis nota í þeim tilgangi að rannsaka slys eða flugatvik sem skylt er að tilkynna um, nema slíkar upptökur:

i. séu eingöngu notaðar af flugrekandanum vegna atriða er varða lofthæfi eða viðhald eða

ii. séu brenglaðar svo ekki verði borin kennsl á neinn eða

iii. séu birtar í samræmi við leyndarreglur.“

c) NCC.IDE.A.160 er breytt sem hér segir:

i. Í stað b-liðar komi eftirfarandi:

„b) Hljóðriti skal a.m.k. geta geymt gögnin sem hann skráði:

1) síðustu 25 klukkustundirnar fyrir flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 27 000 kg og með sérstakt lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn 1. janúar 2021 eða síðar, eða

2) síðustu tvær klukkustundirnar í öllum öðrum tilvikum.“

ii. Í stað f-liðar komi eftirfarandi:

„f) Ef hljóðritinn er ekki losanlegur skal vera í honum búnaður sem auðveldar leit að honum neðansjávar. Sá búnaður skal, eigi síðar en 1. janúar 2020, hafa 90 daga lágmarkssendingartíma neðansjávar. Ef hljóðritinn er losanlegur skal vera í honum sjálfvirkur neyðarsendir.“

d) Í stað e-liðar í NCC.IDE.A.165 komi eftirfarandi:

„e) Ef ferðritinn er ekki losanlegur skal vera í honum búnaður sem auðveldar leit að honum neðansjávar. Sá búnaður skal, eigi síðar en 1. janúar 2020, hafa 90 daga lágmarkssendingartíma neðansjávar. Ef ferðritinn er losanlegur skal vera í honum sjálfvirkur neyðarsendir.“

e) Í stað a-liðar í NCC.IDE.A.215 komi eftirfarandi:

„a) Flugvélar skulu búnar eftirfarandi:

1) neyðarsendi af hvaða gerð sem er eða búnaði til að staðsetja loftför, sem uppfyllir kröfur CAT.GEN.MPA.210 í IV. viðauka (CAT-hluta) reglugerðar (ESB) nr. 965/2012, ef um er að ræða flugvélar með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn 1. júlí 2008 eða fyrr,

2) sjálfvirkum neyðarsendi eða búnaði til að staðsetja loftför, sem uppfyllir kröfur CAT.GEN.MPA.210 í IV. viðauka (CAT-hluta) reglugerðar (ESB) nr. 965/2012, ef um er að ræða flugvélar með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn eftir 1. júlí 2008.“

f) Í stað d-liðar NCC.IDE.A.170 komi eftirfarandi:

„d) Ef upptökutækið er ekki losanlegt skal vera í því búnaður sem auðveldar leit að því neðansjávar. Sá búnaður skal, eigi síðar en 1. janúar 2020, hafa 90 daga lágmarkssendingartíma neðansjávar. Ef upptökutækið er losanlegt skal vera í því sjálfvirkur neyðarsendir.“

g) Í stað f-liðar í NCC.IDE.H.160 komi eftirfarandi:

„f) Ef hljóðritinn er ekki losanlegur skal vera í honum búnaður sem auðveldar leit að honum neðansjávar. Sá búnaður skal, eigi síðar en 1. janúar 2020, hafa 90 daga lágmarkssendingartíma neðansjávar. Ef hljóðritinn er losanlegur skal vera í honum sjálfvirkur neyðarsendir.“

h) Í stað e-liðar í NCC.IDE.H.165 komi eftirfarandi:

„e) Ef ferðritinn er ekki losanlegur skal vera í honum búnaður sem auðveldar leit að honum neðansjávar. Sá búnaður skal, eigi síðar en 1. janúar 2020, hafa 90 daga lágmarkssendingartíma neðansjávar. Ef ferðritinn er losanlegur skal vera í honum sjálfvirkur neyðarsendir.“

i) Í stað d-liðar NCC.IDE.H.170 komi eftirfarandi:

„d) Ef upptökutækið er ekki losanlegt skal vera í því búnaður sem auðveldar leit að því neðansjávar. Sá búnaður skal, eigi síðar en 1. janúar 2020, hafa 90 daga lágmarkssendingartíma neðansjávar. Ef upptökutækið er losanlegt skal vera í því sjálfvirkur neyðarsendir.“

4. Ákvæðum VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er breytt sem hér segir:

a) Í stað 9. liðar a-liðar í SPO.GEN.107 komi eftirfarandi:

„9) að tryggja:

i. að flugritar séu ekki gerðir óvirkir eða að slökkt sé á þeim meðan á flugi stendur,

ii. að upptökum úr flugritum sé ekki vísvitandi eytt ef upp kemur atvik, annað en slys eða alvarlegt flugatvik, sem skylt er að tilkynna um samkvæmt a-lið ORO.GEN.160 og

iii. ef slys eða alvarlegt flugatvik verður eða ef rannsóknaryfirvald kveður á um að upptökur úr flugritum skuli varðveittar:

A) að upptökum úr flugritum sé ekki vísvitandi eytt,

B) að flugritar séu gerðir óvirkir um leið og flugi lýkur og

C) að varúðarráðstafanir séu gerðar til að varðveita upptökur úr flugritum áður en þeir eru fjarlægðir úr stjórnklefanum.“

b) Ákvæðum SPO.GEN.145 er breytt sem hér segir:

i. Í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„SPO.GEN.145 Meðferð upptaka úr flugrita — Varðveisla, framvísun, vernd og notkun — starfræksla flókinna, vélknúinna loftfara“

ii. Í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) Í kjölfar slyss, alvarlegs flugatviks eða atviks, sem rannsóknaryfirvaldið ber kennsl á, skal flugrekandi loftfars varðveita frumrit skráðra gagna í 60 daga eða þar til rannsóknaryfirvaldið gefur fyrirmæli um annað.“

iii. Í stað f-liðar komi eftirfarandi:

„f) Með fyrirvara um reglugerð (ESB) nr. 996/2010 og fyrir utan að tryggja starfhæfi hljóðrita skal ekki birta eða nota upptökur úr hljóðritum, nema:

i. fyrir liggi verklagsregla um meðferð upptaka úr hljóðritum og eftirrita þeirra,

ii. allir hlutaðeigandi flugverjar og viðhaldsstarfsfólk hafi áður veitt samþykki sitt og

iii. þær séu eingöngu notaðar til að viðhalda eða bæta öryggi.

Þegar upptaka úr hljóðrita er skoðuð til að tryggja starfhæfi hljóðritans skal flugrekandinn tryggja leynd upptökunnar úr hljóðritanum og ekki skal birta upptökuna eða nota hana í öðrum tilgangi en til að tryggja starfhæfi hljóðritans.“

c) SPO.IDE.A.140 er breytt sem hér segir:

i. Í stað b-liðar komi eftirfarandi:

„b) Hljóðriti skal a.m.k. geta geymt gögnin sem hann skráði:

1) síðustu 25 klukkustundirnar fyrir flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 27 000 kg og með sérstakt lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn 1. janúar 2021 eða síðar, eða

2) síðustu tvær klukkustundirnar í öllum öðrum tilvikum.“

ii. Í stað f-liðar komi eftirfarandi:

